Lagafrumvörp felld.

1. Hægri handar umferð.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 frá 13. maí 1966, um hægri handar umferð. [86. mál] (þmfrv., A. 192).

Á 51. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 22. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja ásamt hv. alþm. Þórarni Þórarinssyni, Jónasi Árnasyni, Ágúst Þorvaldssyni og Stefáni Valgeirssyni frv. til l. á þskj. 192 um breyt. á l. nr. 65 frá 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

„1. gr. 2. mgr. 17. gr. l. orðist þannig: Ákvæði 1. gr. koma þó eigi til framkvæmda fyrr en á þeim degi apríl-, maí- eða júnímánaðar 1969, sem dómsmrh. ákveður að fenginni till. framkvæmdanefndar, enda hafi þá áður verið samþ. við þjóðaratkvgr. að taka upp hægri handar umferð.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Mikið hefur verið rætt og ritað um hægri handar umferð og málið oft verið til umr. hér á hv. Alþingi. Árið 1940 var ákveðið í nýjum bifreiðalögum og fyrstu umferðarl. að taka upp hægri handar umferð hér á landi. Þau lög komu þó ekki til framkvæmda vegna hernáms Breta. Samkv. till. til þál., sem samþ. var 13. maí 1964, var hafinn undirbúningur að því, að upp yrði tekin hægri handar umferð, og með l. frá 13. maí 1966 var ákveðið, að tekin skyldi upp hægri handar umferð. Og nú síðast hefur verið ákveðið, að umferðarbreytingin taki gildi 26. maí á þessu ári.

Eins og kunnugt er, hefur undirbúningur, meðferð og ákvarðanir í sambandi við þetta mál sætt mikilli og margvíslegri gagnrýni fjölda manna, og hefur komið æ betur í ljós, eftir því sem það hefur lengur verið á döfinni, að stór hluti kjósenda er þessari lagasetningu andvígur. Um þetta vitna þúsundir undirritaðra mótmæla, sem fram komu, meðan málið var til meðferðar á Alþingi og einnig síðar, bæði frá einstaklingum og félagssamtökum. Er vafamál, að nokkurt ópólitískt mál hafi um áratugaskeið valdið svo almennri og harðri andstöðu.

Nú er viðhorf til málsins breytt, því að vegna erfiðleika þjóðarinnar í efnahagsmálum er fyrirsjáanlegur samdráttur á flestum sviðum þjóðlífsins. Það hefur komið betur í ljós, að áföllin í íslenzkum þjóðarbúskap eru því miður meiri en álitið var í upphafi, og nú er hér að skapast ástand, sem hefur ekki þekkzt í nærri tvo áratugi, en það er atvinnuleysi. Allt bendir til þess, að nú verði að skera niður margar aðkallandi framkvæmdir. Breyting á hægri handar umferð á Íslandi er ekki aðkallandi og þess vegna sjálfsagt að fresta henni, því að samfara umferðarbreytingunni yrði mikill og ófyrirsjáanlegur kostnaður, bæði hjá ríkissjóði og einstaklingum.

Með þessu frv. er lagt til að fresta framkvæmd hægri handar umferðar í eitt ár, enda hafi þá áður farið fram þjóðaratkvgr. um málið. Það er athyglisvert, að þetta stórmál, sem varðar alla landsmenn, hefur frá upphafi verið ópólitískt og enginn stjórnmálaflokkur gerði hægri umferð að stefnumáli sínu í síðustu alþingiskosningum. Það er vitað, að allólíkar skoðanir eru uppi innan allra stjórnmálaflokka um málið.

Þegar taka skal afstöðu til þess, hvort hafa skuli vinstri eða hægri handar umferð, vaknar fyrst sú spurning, hverjir séu kostir og gallar hvorrar reglunnar um sig. Talið er, að í sjálfu sér hafi hvorug reglan kosti umfram hina. Þetta var sú höfuðregla, sem kom frá umferðarlaganefnd, þ. e. a. s. að báðar reglurnar séu í sjálfu sér alveg jafngóðar. Hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu 29. nóv. 1965, með leyfi forseta:

„Það er ekki unnt að segja, að önnur reglan sé hinni betri, að aka vinstra megin á vegi eða hægra megin á vegi. Það er öllum ljóst. Það er töluvert tilviljunum háð, hvernig þetta er eða hefur verið meðal þjóða í Evrópu, sem við höfum nánust skipti við."

Það er ekki nema eðlilegt, að lönd, sem hafa sameiginleg landamæri, samræmi sínar ökureglur, og það hafa þau gert á undanförnum árum á meginlandi Evrópu og nú síðast Svíþjóð, og þar með voru öll lönd á meginlandinu búin að taka upp hægri handar akstur. Hins vegar gegnir allt öðru máli með eylönd, sem hafa öll vinstri handar umferð, svo sem Ísland, Bretland, Írland, Japan og Ástralía, og í þessum eylöndum búa hundruð milljónir manna. Með þessari væntanlegu breytingu hér á Íslandi yrðum við sennilega

fyrsta eyland í Evrópu til að breyta í hægri handar umferð.

Því hefur verið haldið fram sem aðalrökum, að öll umferð í lofti og á sjó sé hægra megin og þess vegna sé ástæða til að taka upp hægri umferð á landi, því að þetta ósamræmi geti villt fyrir t. d. flugmönnum og sjómönnum okkar. En ef þetta ætti að villa fyrir þeim, hvað mætti þá segja um Breta, Japani og Ástralíumenn? Þeir eiga stóra skipa- og flugvélaflota, og þess vegna ætti þetta að vera þeirra stóra vandamál, en engar fréttir hafa borizt um slíkt.

Því var haldið fram, að Íslendingar ferðuðust meira og meira til útlanda og færu með sínar bifreiðar og hættulegt væri fyrir þá að aka þar í hægri umferð, þar sem þeir væru vanir vinstri umferð hér. Þessu er til að svara, að þeir Íslendingar, sem aka erlendis, eru aðeins örlítið brot af þjóðinni, og vandi þeirra er ekki að aka hægra megin, heldur að þekkja öll þau ógrynni af umferðarmerkjum, sem á vegi þeirra verða. Með sama rétti mætti segja, að það væri auðvelt fyrir Íslendinga að aka í Bretlandi eða Írlandi í vinstri umferð. En ég hygg, að svo sé ekki, vegna þess að það er sérstök umferðarmenning í sérhverju landi, og umferðarmenningin batnar ekki, þó að skipt sé frá vinstri til hægri. Til þess að skapa örugga umferð er nauðsynlegt að hafa sífellda fræðslu- og upplýsingaþjónustu um umferðina, enda er talið, að óaðgæzla eða vanþekking sé meginorsök umferðarslysanna. Hvergi hefur komið fram í skýrslum, að meiri slysahætta sé af vinstri en hægri umferð, heldur hið gagnstæða. Í norska blaðinu Motor, sem bílstjórasamtök Noregs gefa út og eru í samstarfi við norskar bifreiðatryggingar, birtist grein í febrúarhefti 1967. Þar segir m. a. á þessa leið:

„Í Sviss eru starfandi samtök, sem rannsaka vísindalega allt, sem snertir umferð á vegum. Svissneska nefndin lýsir því yfir samkv. rannsókn sinni, að Svíþjóð, sem er bílflesta landið í Evrópu með vinstri handar umferð, hefur að tiltölu á bifreið aðeins ⅓ hluta látinna og slasaðra í umferðarslysum á við meðaltal slysa í öðrum löndum Evrópu. Með samanburði við Sviss eru slysin í umferð Svíþjóðar aðeins einn á móti þremur slasaðra og látinna."

Í Sviss er hægri handar umferð, og eins og við vitum breyttu Svíar í hægri handar umferð 3. sept. s. l.

En það er annað, sem er athyglisvert í þessu sama norska blaði, Motor. Þessi starfandi samtök vinna ákaft að því, að stýri bílsins sé haft hægra megin í bifreiðinni í hægri handar umferð. Rök fyrir þessu eru þau, að þá fær bifreiðarstjórinn miklu betri aðstöðu gagnvart vegjaðri. Enn fremur segir þessi rannsóknarnefnd: „Sé bifreiðarstjórinn nær vegmiðju í bifreið sinni, eins og nú tíðkast í hægri handar umferð, heldur hann sig ósjálfrátt of nærri vegmiðju til að forðast útafakstur eða honum hættir við að ofmeta fjarlægðina milli ytri hjóla og vegjaðars og ekur þá út af."

Sama nefnd vitnar í ummæli ítalsks kappakstursmanns, en hann segir: „Ef við færum stýri bifreiða til hægri, þ. e. nær vegjaðri, í öllum bílum í umferðinni, gildir það sama og að vegurinn sé breikkaður um heilan metra öllum að kostnaðarlausu, ½ metra til hægri og ½ til vinstri."

Samkv. áliti þessarar n. erum við Íslendingar með rétt stýri miðað við vinstri handar umferð. Og n. segir enn fremur. „Ef bifreiðarstjórinn situr nær vegmiðju, er hættan á blindun af ljósum miklu meiri." Einnig þess vegna er betra að færa stýri bílsins nær vegjaðri samkv. vísindalegum athugunum þessarar n. En hún segir: „Við þorum að fullyrða, að með almennri breytingu á bílstýri nær vegjaðri mundi bílslysum fækka allt að helmingi."

Þegar við ræðum um hægri umferð, er fróðlegt fyrir okkur að rifja nokkuð upp sögu Svía, hvernig málið þróaðist hjá þeim.

Svíþjóð var eina meginlandið í Evrópu, sem hafði vinstri handar umferð. Sagan segir, að till. um hægri handar umferð hafi verið bornar fram í sænska þinginu á árunum 1934, 1939, 1941, 1943, 1945 og 1953, og árið 1954 mælti n. með því, að breytt yrði í hægri handar umferð í vega- og gatnaumferð, en ekki í járnbrautakerfinu. Og í októbermánuði 1955 fór fram þjóðaratkvgr. um málið. Sú þjóðaratkvgr. fór þannig, að meiri hl. þeirra, sem atkv. greiddu, óskaði að halda vinstri handar umferð áfram, og sænska þingið tók ákvörðun í samræmi við ósk meiri hl. En umferðin yfir landamærin, sem jókst hröðum skrefum, gerði það að verkum, að enn á ný varð að taka afstöðu til málsins, og árið 1960 var enn þá rannsakað, hve mikill kostnaður yrði af breytingunni í hægri handar umferð, og á tímabilinu 1961—1963 var spurningin um hægri handar umferð rædd ýtarlega innan stjórnmálaflokkanna og ríkisstj. í Svíþjóð. Í frv. á þingi 1963 var tekin grundvallarákvörðun um að breyta yfir í hægri handar umferð, og þann 10. maí 1963 tók sænska þingið ákvörðun um að taka upp hægri handar umferð á árinu 1967.

Af þessari sögu Svía sjáum við, að þeir hafa haft þjóðaratkvgr. um málið árið 1955 og þjóðin vildi áfram vinstri handar umferð. En vegna þess að umferðin yfir landamærin óx svo hröðum skrefum, urðu þeir að samræma umferðarreglur sínar og þá aðallega vegna sameiginlegra landamæra. Í þessari sögu Svíþjóðar um hægri handar umferð er einnig athyglisvert, að tíminn milli ákvörðunar sænska þingsins og framkvæmda á umferðarbreytingunni var ákveðinn rúmlega 4 ár. En þeir töldu þennan tíma nauðsynlegan til að gera tæknilegar breytingarráðstafanir og skipuleggja upplýsinga- og áróðursstarfsemi, þannig að árangurinn yrði sem mestur fyrir umferðaröryggið. En hér á Íslandi höfum við aðeins haft tveggja ára aðlögunartíma.

Fjármagn vegna breytingarinnar í Svíþjóð var aflað með aukaskatti af skráðum vélknúnum ökutækjum á árunum 1964, 1965, 1966 og 1967, eða þegar breytingin átti sér stað í Svíþjóð voru þeir búnir að innheimta allan þennan aukaskatt. En hér á Íslandi á að innheimta þennan aukaskatt á árunum 1967, 1968, 1969 og 1970, eða búið er að innheimta þennan aukaskatt í eitt ár, þegar breytingin kemur til framkvæmda. En þá eiga bifreiðaeigendur eftir að greiða aukaskattinn vegna hægri umferðar í 3 ár enn þá. Það má því segja, að ólíkt höfumst við að frændurnir. Og þá vakn-

ar sú spurning, ef framkvæmdin á að kosta samkv. l. 50 millj., hver á þá að borga það fjármagn, sem á vantar. Erum við ekki að hraða okkur um of í þessu máli?

Umferðarmál verða alltaf ofarlega á baugi hjá okkur, og þegar ökutækjum fjölgar eins ört og á undanförnum árum, er brýn nauðsyn að auka þá jafnframt fræðslu á umferðarreglum og umferðaröryggi. Til að undirstrika þetta mikilvæga sjónarmið vil ég leyfa mér að benda á, að í þingmannablaðinu „Nordisk kontakt", desemberhefti, á bls. 956, er sagt frá umferðaröryggi í Noregi. Þar segir:

„Í Noregi eins og flestum öðrum löndum Vestur-Evrópu aukast umferðarslysin mjög ört. Þess vegna er eðlilegt, að spurningin um meira umferðaröryggi hafi komið fram bæði í nál. og í umr. í norska þinginu og lögð sérstök áherzla á að gera meira til að auka umferðaröryggið. Fjárveiting í þessu skyni var hækkuð um 200 þús. n. kr. eða í samtals 1.5 millj. kr., svo að unnt væri að framkvæma ákveðna fjögurra ára áætlun."

Við sjáum af þessu, að þrátt fyrir hægri handar umferð í þessum löndum í Vestur-Evrópu aukast umferðarslysin mjög ört, og þeir telja, að fræðsla um umferðarmál og umferðaröryggi sé það atriði, sem mikilvægast er. Þetta gildir vissulega einnig hjá okkur, en ekki hvort við höfum vinstri eða hægri handar umferð.

Þegar lög um hægri handar umferð voru samþ. árið 1966, fylgdi þeim kostnaðaráætlun upp á rúml. 50 millj. kr., sem bifreiðaeigendur eiga að greiða sem sérstakan skatt. Meginhluta þessa fjár skal varið til breytinga á almenningsvögnum, eða eftir áætlun framkvæmdanefndar mun eiga að verja allt að 32 millj. kr. í breytingar á almenningsbifreiðum, 10.5 millj. í umferðarmannvirki og 8.4 millj. í starfsemi hægri nefndar. Þrátt fyrir þessa kostnaðaráætlun er fyrirsjáanlegt, að framkvæmdin verður margfalt dýrari. Nægir í því sambandi að vitna til Svíþjóðar, en þeir áætluðu, að breytingin hjá þeim mundi kosta rúml. 500 millj. sænskar, en vitað er, að þegar búið var að framkvæma breytinguna, var hún komin yfir 800 millj. sænskar og ekki öll kurl komin til grafar í því sambandi. Í l. um hægri handar umferð segir í 8. gr., með leyfi forseta:

„Hver sá, sem telur sig eiga rétt til bóta samkv. 6. gr., skal, áður en framkvæmdir hefjast, senda framkvæmdanefnd nákvæma grg. um þær breytingar, er framkvæma skal, ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun. Eigi skal bæta kostnað, nema framkvæmdanefnd hafi fallizt á nauðsyn breytingar og kostnaðaráætlun, áður en ráðizt er í framkvæmdir."

Og samkv. upphafi 10. gr. laganna: „Grg. og áætlanir samkv. 8. gr. skulu hafa borizt framkvæmdanefnd eigi síðar en 1. jan. 1968."

Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta atriði, hvort gerðar hafa verið kröfur um bætur aðrar en gert var ráð fyrir í upphafi, því að hér gæti verið um allháar upphæðir að ræða. Í grg. með frv. segir:

„Þótt gert sé ráð fyrir því, að kostnaður við breytinguna verði að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, þykir nauðsynlegt að setja nokkrar skorður við greiðslu bóta vegna ýmissa smábreytinga. Eru þá fyrst og fremst hafðar í huga breytingar, sem nauðsynlegar eru á flestöllum vélknúnum ökutækjum, svo sem breytingar á ljósaútbúnaði og aðrar smávægilegar breytingar."

Þó að hér sé rætt um smávægilegar breytingar, geta þær kostað mikið fé. Það liggur ljóst fyrir, að strax eftir umferðarbreytinguna verður hver bifreiðaeigandi að láta breyta ljósastillingu á bifreið sinni. Þegar málið var hér til umr. á hv. Alþingi 1966, var þessi kostnaður áætlaður 350 kr. á bifreið, en það kom samt fram í umr., að kostnaðurinn mundi vera í kringum 548 kr. þá. Í dag er kostnaður við ljósastillingu og annað talinn vera frá 350 kr. upp í 1000 kr. eða þar yfir. En ef við færum einhvern meðalveg til þess að áætla þennan kostnað, ef við segðum t. d., að kostnaðurinn yrði um 700 kr. á bifreið, þó að við færum ekki hærra, yrði það milli 29—30 millj., sem bifreiðaeigendur verða að greiða.

Í kostnaðaráætlun með frv. er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna löggæzlu. Þó er það sennilega sá liður, sem mest veltur á, þegar umferðarbreytingin er framkvæmd, og enginn veit í dag, hvað sá kostnaður verður mikill.

Þrátt fyrir allar áætlanir má fullvíst telja, að þessi væntanlega umferðarbreyting kostar mikið fé og miklu meira en okkur hefur verið gefið upp. Stór hluti kjósenda telur, að breytingin sé alls ekki knýjandi eða aðkallandi, aðrir, að hún sé með öllu þarflaus. En öllum kemur saman um, að hún sé hættuleg, eins og okkar vegakerfi er í dag, mjóir og slæmir vegir utan þéttbýliskjarnanna, og síðast, en ekki síst, að það sé óverjandi að framkvæma þessa breytingu, þegar jafnmiklir fjárhagsörðugleikar steðja að þjóðinni eins og nú á sér stað.

Hv. Alþingi getur breytt lögum eða fellt lög úr gildi, hvenær sem er. Hér er þó ekki um slíkt að ræða. Við óskum eftir frestun á l. um eitt ár og að þjóðaratkvgr. fari fram um málið. Til þess að framkvæma hægri handar akstur á Íslandi með góðu móti þarf að vera full vissa fyrir því, að meiri hl. þjóðarinnar sé breytingunni samþykkur. Svíar sögðu, að það yrði að gera allt til að skapa jákvæða afstöðu fólksins, það væri grundvallaratriði, til þess að breytingin mætti heppnast sem bezt, því að það er hinn mannlegi þáttur fyrst og fremst, sem ákveður umferðaröryggið, og jákvætt viðhorf fólksins auðveldar þá venjubreytingu, sem verður nauðsynleg öllum í umferðinni. En hér í dag er alger óvissa um afstöðu fólksins, og margir eru þeir, sem telja, að meiri hl. þjóðarinnar sé á móti hægri handar umferð. En úr þessu vafaatriði fæst ekki skorið nema með þjóðaratkvgr. Síðan lög um hægri handar akstur voru samþ., hafa komið fram óskir þúsunda kjósenda um, að framkvæmd verði frestað, og ósk um þjóðaratkvgr. Undirskriftalistarnir hafa verið þannig orðaðir:

„Vér undirritaðir bifreiðastjórar viljum hér með mótmæla framkominni lagasetningu um hægri akstur, sem ráðgert er að taki gildi á árinu 1968. Mótmæli vor byggjum vér á þarfleysu þessarar lagasetningar vegna staðsetningar landsins sem eylands, þeim mikla kostnaði, sem breytingin hefur í för með sér, og þeim augljósu hættum, sem breytingin skapar. Vér getum ekki fall-

izt á, að rök þau, sem fram voru borin fyrir hægri akstri, gefi þörfinni gildi. Óskum vér eindregið eftir þjóðaratkvgr. um nefnd lög.“

Vitað er, að meiri hl. atvinnubifreiðastjóra er á móti hægri handar umferð. Ef þjóðaratkvgr. yrði látin fara fram um þetta mál og það kæmi í ljós, að meirihl. þjóðarinnar vildi hægri handar umferð, þótt sá meirihl. væri lítill, er fullvíst, að á stuttum tíma mætti skapa jákvæða afstöðu fólksins og framkvæma breytinguna í maí 1969. En fari svo, að meirihl. þjóðarinnar væri á móti hægri handar umferð, hefði vilji þjóðarinnar komið fram. Það er rétt, að nú þegar er búið að setja eitthvert fjármagn í hægri handar umferð. En því fjármagni er engan veginn á glæ kastað, því að flestar þær umbætur má eins vel nota við vinstri handar umferð og kæmu því að fullum notum. En því hefur verið haldið fram sem rökum gegn frv. þessu, að nú þegar sé búið að framkvæma svo mikið vegna hægri handar umferðar, að ekki verði snúið aftur, og ef breytingunni verði frestað í eitt ár, verði hún mun dýrari. Þetta á að vera afsökun fyrir öllu hægri handar kerfinu. En að því er ekki spurt, hvort meiri hl. þjóðarinnar sé samþykkur umferðarbreytingunni. Ef hægri umferð yrði samþ. og við verðum að bíða í eitt ár, mundum við hagnast á því, því að Svíar höfðu fjögurra ára aðlögunartíma, en við mundum þá hafa þriggja ára aðlögunartíma, og við gætum notfært okkur þá reynslu, sem Svíar hafa öðlazt í þessu máli, en þeir segja, að fræðsla og upplýsingastarfsemi sé veigamesti þátturinn í að tryggja umferðarbreytinguna. Þetta væri því aðeins kostur, að fá frestun í eitt ár.

Á hv. Alþingi eru nú 14 nýir þm., sem geta látið málin til sín taka, enn fremur má telja eðlilegt, að þeir hv. þm., sem samþ. frv. um hægri umferð 1966, telji nú ástæðu til að endurskoða afstöðu sína, því að ný viðhorf hafa skapazt, eins og t. d., að þessi framkvæmd verður margfalt dýrari en upphaflega var áætlað, að þjóðin á í dag við mikla efnahagserfiðleika að stríða, að á sama tíma og mjög aðkallandi framkvæmdir eru skornar niður á flestum sviðum eigi að eyða milljónatugum í umferðarbreytingu, sem hvorki er aðkallandi né knýjandi, og síðast, en ekki síst, að stór hluti kjósenda er þessum l. andvígur, og sú andúð virðist fara vaxandi. Þá er ekki nema eðlilegt, að breyttir tímar skapi breytt viðhorf hv. alþm. í þessu máli. Og hvað er meira réttlæti en að þjóðin sjálf taki ákvörðun í þessu umdeilda máli þjóðarinnar, en það verður aðeins gert með þjóðaratkvgr. Þess vegna væntum við þess, að hv. alþm. endurskoði afstöðu sína og stuðli að því, að meiri hluti þjóðarinnar ráði í þessu máli.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég ætla ekki nema að sáralitlu leyti að blanda mér inn í nýjar deilur um það, hvort hér skuli verða tekinn upp hægri akstur eða ekki, og það er vegna þess, að það mál á sína sögu, og skal ég víkja nokkuð að því, hvað liggur fyrir hjá okkur um þá ákvörðun. Þó að ég muni ekki, eins og ég segi, nema að litlu leyti blanda mér inn í það, sem var þó mikill þáttur í ræðu hv. síðasta ræðumanns, vil ég taka það fram, að í hans ræðu var feikilega mikið af stóryrðum og staðhæfingum, sem engan veginn fá staðizt, og mjög mikið af rökvillum, þótt ég hirði ekki um að eltast við það, en ég mun koma að einhverju af því hér á eftir.

Fyrst er á það að líta, sem hv. 1. flm. þessa frv. vék að, að það er nú meira en aldarfjórðungur, frá því að við Íslendingar ákváðum að taka upp hægri umferð, en það var, eins og fram kom í grg. fyrir frv. um hægri handar umferð hér á Alþingi á sínum tíma, þegar Íslendingar settu sér í fyrsta sinn sérstök umferðarlög 30. maí 1940, og þá voru einnig sett ný bifreiðalög, og í hvorum tveggja þessum lögum var ákveðið, að hér skyldi vera hægri handar akstur. Fyrir rúmum aldarfjórðungi töldu þm., sem þá voru, — hvort þeir hafa þá verið eitthvað óskynsamari en aðrir, skulum við ekki fara út í að þrátta um, — en þeir töldu samt sem áður þá, að það væri ástæða til þess að taka upp hægri handar umferð, enda þótt ekki hafi orðið af því, að sú breyting kæmi í framkvæmd, af alveg sérstökum ástæðum, sem við Íslendingar fengum að vissu leyti ekki við ráðið, svo að ég segi ekki meira um það. En það hefði að mínum dómi verið mikið lán, hefði verið haldið þessu striki þá, og sparað nátt-úrlega mikinn kostnað og fyrirhöfn. En út í það skal ég ekki fara. En á það er rétt að benda í þessu sambandi, að undir meðferð beggja málanna, umferðarlagafrv. og bifreiðalagafrv. 1940, komu fram till. í báðum d., brtt., sem miðuðust við það að breyta ekki í hægri akstur, en halda vinstri umferðinni. Í Ed. var slík till. felld með 9:7 atkv., og það var brtt. við umferðarlagafrv., en sams konar brtt. við frv. til bifreiðalaga var felld í Nd. með 14:8 atkv. Þetta var afstaða þingsins þá.

Strax á þessu stigi málsins kom fram í grg. frv., að enda þótt menn gætu ekki áætlað um aukin slys eða meiri slysahættu fyrir fram, hefði reynslan þegar sýnt í nágrannalöndum okkar tveimur, hér í Mið-Evrópu, í Austurríki og Tékkóslóvakíu, þar sem skyndilega og fyrirvaralaust var breytt frá vinstri akstri og yfir í hægri akstur, — þar segir í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta: „En þar, í þessum tveimur löndum, hefur reynslan nú skorið úr, og kom í ljós, að umferðarslys fóru alls ekki í vöxt næstu mánuðina á eftir, eins og svo mjög hafði verið óttazt af ýmsum.“ Þetta bendi ég aðeins á til leiðbeiningar, en það var hvorki þriggja ára né fjögurra ára aðlögunartími í þessum löndum heldur fyrirvaralaust breytt frá vinstri og yfir í hægri umferð.

Síðan er það, að 1955 er skipuð hér n. til að gera till. um endurskoðun löggjafar um umferðarmál og bifreiðamál. Enda þótt n. legði ekki til að hverfa frá vinstri til hægri umferðar, var gerð grein fyrir þeim möguleika og niðurstaða n. þá, umferðarlaganefndarinnar, er sú, eins og þar segir: „Nm. voru allir sammála um, að frá umferðarlegu sjónarmiði væri æskilegt að koma hér á sömu umferðarreglum og gilda í flestum nágrannalöndum vorum.“ Einnig sagði þá, 1955,

að allir nm. væru sammála um, að kostnaður við breytingu úr vinstri í hægri handar umferð mundi aukast stórlega með hverju ári sem liði og væri því sjálfsagt að breyta til þá þegar, með nokkrum biðtíma þó. En n. gerði hins vegar ekki till. um þetta, lét það á vald Alþingis að meta kosti breytinganna, hvort þeir yrðu taldir þyngri á metunum en kostnaðurinn eða áhættuóþægindin, sem líklegt mætti telja að yrðu breytingunni samfara. Þetta gerðist undir meðferð málsins 1955. N. skilaði áliti á árinu 1956, og frv. kom svo til meðferðar, eins og hv. þm. er kunnugt, á þingi 1956 og aftur 1957 og varð að lögum 1958, sem eru að grundvelli þau umferðarlög, sem við nú búum við.

Síðan, ef við rekjum sögu málsins, kemur till. fram á Alþingi 1962—'63, þáltill. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé tímabært að taka upp hægri handar akstur hér á landi.“ Þessi till. varð ekki útrædd. En hún er aftur flutt eða sams kyns till. á þinginu 1963—'64, en þá er hún öðruvísi orðuð. Þá er hún þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi.“ Og þegar búið er að herða þannig á málinu frá árinu 1963—'64, samþ. Alþingi þessa till., eins og kunnugt er, 13. maí 1964. Og það er á grundvelli þessarar áskorunar og fyrirmæla Alþingis, sem dómsmrn. lét undirbúa frv. til l. um hægri handar akstur, sem lagt var fyrir Alþingi og síðan samþ., eins og kunnugt er. Skv. fyrirmælum og samþykktum Alþingis var það frv. undirbúið og lagt fyrir þingið, og síðan var það endanlega afgr. með verulegum meiri hl. í þinginu. Nú eru eftir 5 mánuðir til framkvæmda á þessum vilja Alþingis. Það hafa farið fram kosningar í millitíðinni. Mér er ekki kunnugt um, að þetta mál hafi nokkurs staðar blandazt inn í kosningabaráttuna á s. l. vori eða að kjósendur legðu áherzlu á það, að þeir væru hlynntir annaðhvort vinstri eða hægri handar akstri. Það getur verið, að aðrir hv. þm. viti um það, en hvergi varð ég var við það og fór nokkuð víða um landið, hvergi nokkurs staðar. Og svo þegar eftir eru fimm mánuðir, — það var nú ekki svo vel, að þessir hv. þm. gætu komið með sína till. um að fresta framkvæmdinni, þegar þing kom saman 10. okt., nei, heldur datt þetta frv. í jólapottinn, rétt áður en menn fóru í jólaleyfið, um það, að nú skyldi fresta framkvæmdinni. Kjarkurinn var nú ekki meiri en svo, það átti ekki að hætta því, heldur fresta framkvæmdinni og þá væntanlega til að láta þjóðina skera úr, og það er nú fallegt orð. þjóðaratkvgr., láta þjóðina ráða. Og það er mikið vitnað til þess, að Svíar hafi haft þjóðaratkvgr. og við ættum að fara að dæmi þeirra. Þeir höfðu þjóðaratkvgr., sem var á móti hægri handar akstri, svo samþ. þeir nokkrum árum síðar í þinginu hægri handar akstur, án þess að hafa þjóðaratkvgr., og eru þó búnir að hafa þjóðaratkvgr., sem hafði lýst sig andvíga því að meiri hl. Af hverju vék ekki hv. 1. flm. að því, fyrst Svíar voru svo elskulegir að hafa þjóðaratkvgr. um málið, vegna hvers þeir gerðu það ekki þá, þegar málið kom til framkvæmda hjá þeim? Það er enn óupplýst í þessu máli, hvaða ástæður lágu til þess.

Eins og ég sagði í öndverðu, ætla ég ekki að fara að hefja hér nýjar deilur um það, hvort við eigum að hafa hægri handar akstur eða vinstri handar. En spurningin er í dag um það, hvort við eigum að fresta þessu, eins og lagt er til, og láta fara fram þjóðaratkvgr. um málið og þá að sjálfsögðu fara eftir því, sem meiri hl. þjóðarinnar segir til um, en þá tel ég, að viðhorf málsins sé þannig, að þessi till., þessi ráðagerð sé allt of seint fram komin, enda er málið búið að vera svo lengi til meðferðar og afgreitt hér í þinginu fyrir það löngu, að ef það hefði verið raunverulegur vilji meiri hl. þjóðarinnar, hefði það hlotið að koma fram í kosningunum, því að hvað skyldi eiga að koma fram í kosningum fremur en slíkt mál, þegar verið er að kjósa menn til Alþingis, ef menn vilja, að Alþingi breyti um skoðun og hverfi frá því, sem áður hafði verið ákveðið?

Ég held, að með því núna að hrófla við þessu máli yrði miklu spillt. Þjóðaratkvgr. gæti alveg eins farið svo, að meiri hl. yrði með því að halda hægri akstrinum, og þá hefðum við bara spillt verðmætum og tíma með því að vera að draga þetta. Og ég skal koma nánar að því síðar, að það er vefengt, að við höfum ætlað okkur nógu langan tíma og ekki jafnlangan tíma og Svíar. Til að gera hv. þd. nokkra grein fyrir því vegna hvers m. a. er hæpið að hverfa frá þessu nú, vil ég lesa hér upp grg. frá framkvæmdanefnd hægri umferðar um það, hvernig þessi mál standa í dag varðandi undirbúning og kostnað, en hún hefur 19. jan. látið mér í té eftirfarandi hér að lútandi, með leyfi hæstv. forseta.

„Framkvæmdanefnd hægri umferðar hefur þegar haldið 126 fundi. Hún hefur ráðið starfsfólk og komið upp starfsaðstöðu miðað við þau verkefni, sem henni ber að vinna. Samvinna er komin á á milli hinna ýmsu aðila, sem breytingin varðar, umferðaröryggisnefndir verið stofnaðar um byggðir landsins til aðstoðar við breytinguna, og verðmæt reynsla verið fengin frá Svíþjóð og verið hagnýtt hér, eftir því, sem aðstæður henta til. Dagurinn til breytingarinnar hefur verið valinn og kynntur, stóraukin umferðarfræðsla tekin upp og undirbúin í skólum, félögum, á vinnustöðum, í blöðum, sjónvarpi og útvarpi. Tíminn styttist óðum til 26. maí, og sérhvert hik á undirbúningi nú getur dregið úr árangri þeirrar upplýsinga- og fræðslustarfsemi, sem unnið er að, og spillt fyrir árangri hennar.“

Svo segir um umferðarfræðslu og áróður fyrir bættri umferðarmenningu:

„Í aðalatriðum byggist starfið á áætlunum, sem 4 sænskir sérfræðingar hafa samið, en sérfræðingar þessir undirbjuggu fræðslustarfið fyrir sænsku H-nefndina og búa yfir gagnlegri reynslu á þessu sviði. Er hér fyrst um að ræða eina heildaráætlun, sem skiptist í 5 aðalþætti eftir tímabilum, og gera þeir síðan séráætlun fyrir hvern aðalþátt. Þáttur 1 náði yfir tímabilið 15. 11. til 10. 12. 1967, þáttur 2 yfir tímabilið 10. 1. til 15. 3. 1968, þáttur 3 nær yfir tímabilið 15. 3 til 15. 4. 1968, þáttur 4 nær yfir tímabilið 10. 5. til 20. 6.,

og þáttur 5 nær yfir tímabilið 21. 6. og út sumarið. Til þess að koma fræðslunni á framfæri hafa m. a. verið gerðar eftirfarandi ráðstafanir:

1. Samstarfsnefnd hefur verið skipuð til að annast alla umferðarfræðslu í skólum. Er hún skipuð fulltrúum fræðslumálastjórnar, lögreglu og H-nefndar. N. hefur komið á nýbreytni, sem er upphaf skólaútvarps á Íslandi. Hún hefur skipulagt fræðslufundi með skólastjórum um land allt, undirbúið kerfi sambandskennara í hinum ýmsu skólum. Hlutverk þeirra á að vera að fræða aðra kennara um umferðarmál og kenna þeim umferðarfræðslu, en hún verður mjög bætt og aukin fram á H-dag.

2. Með samvinnu við Slysavarnafélag Íslands hafa umferðaröryggisnefndir verið stofnaðar víða í dreifbýlinu og verða stofnaðar um land allt. Verkefni þessara n. er að bæta umferðarkunnáttu og hegðun manna, hver á sínum stað, miðla upplýsingum um umferðarbreytinguna til almennings og aðstoða opinbera aðila, svo sem lögregluyfirvöld, í sambandi við umferðarmál, m. a. um og eftir H-dag.

3. Samið hefur verið við umferðaryfirvöld Reykjavíkurborgar um, að þau auki umferðarfræðslustarfsemi sína verulega með tilliti til breytingarinnar og taki að sér ákveðna þætti fræðslustarfseminnar, svo sem fræðslu í félögum og hvers konar samtökum. Hefur umferðarnefnd Reykjavíkur í þessu skyni stofnsett sérstaka fræðslu- og upplýsingadeild, sem vinnur í samvinnu við lögregluna og upplýsingamiðstöð H-nefndarinnar.

4. Skipulagt hefur verið kerfi, sem gerir ráð fyrir, að sjálfboðaliðar aðstoði við umferðarvörzlu fyrstu vikuna eftir H-dag. Er hér stuðzt við sænska fyrirmynd og gert ráð fyrir, að í Reykjavík einni starfi 1200—1300 sjálfboðaliðar að þessu verkefni og sjálfboðaliðar starfi einnig í nokkrum stærri kaupstöðum og kauptúnum.

5. Landssamband ísl. hestamanna og fjölmennustu félög hestamanna í landinu hafa stofnað sérstaka samstarfsnefnd, sem vinna á með H-nefndinni að auknu umferðaröryggi að því er lýtur að ríðandi mönnum í umferðinni og umferð hesta.

6. Samstarf er á döfinni við þau vátryggingarfélög, sem reka bifreiðatryggingar, um sameiginlegar aðgerðir til aukins umferðaröryggis. Er í athugun á hvaða sviði sú samvinna mundi vera hagkvæmust, og þá hafðar í huga hliðstæðar aðgerðir í Svíþjóð, þar sem stofnað var til slíkrar samvinnu.

7. H-nefndin hefur falið Varúð á vegum að annast sérstaklega umferðarfræðslu á vinnustöðum. Er það verk þegar hafið og verður í vaxandi mæli fram á n. k. sumar.

8. Á vegum upplýsingamiðstöðvar H-nefndar, er sérstök samstarfsnefnd starfandi skipuð fulltrúum ökukennara og F. Í. B. Nefnd þessi undirbýr m. a. aðgerðir þessara aðila og þátttöku í framkvæmd hægri umferðar.

9. Á skrifstofu upplýsingamiðstöðvar H-nefndar er starfandi sérstakur blaðafulltrúi, sem annast samband við dagblöð o. fl., útgáfu fréttablaða, auglýsingastarfsemi o. fl., og annar, sem annast samband við hljóðvarp og sjónvarp, og skipuleggja þeir samstarf þessara aðila allra vegna breytingarinnar á grundvelli áætlana sænsku sérfræðinganna. Af hálfu útvarpsins hefur sérstakur maður verið tilnefndur til samstarfs við n., og undirbúa þessir menn saman allt efni til fjölmiðlunartækja og skipuleggja, hvernig og hvenær það skuli birt.

10. Af hálfu dómsmrn. hefur sérstökum manni verið falið samstarf við H-nefndina, m. a. við útgáfu þeirra reglugerða, sem þörf er á vegna breytingarinnar, svo sem um gerð og búnað ökutækja, að því er lýtur að hurðum, ljósum o. fl., staðsetningu umferðarmerkja, breytingu á hámarkshraða, takmörkun umferðar o. fl. Auk þess annast hann af hálfu rn. yfirstjórn löggæzlumála vegna breytingarinnar og samband við lögreglustjóra landsins um framkvæmd breytingarinnar. Hefur það atriði m. a. verið rætt á aðalfundi Dómarafélagsins.

11. Samvinna er milli H-nefndar og vegamálastjóraembættisins, m. a. um uppsetningu sérstakra H-merkja meðfram þjóðvegum til að minna á hægri umferð, auk þess, sem ráðgert er vegna breytingarinnar að hraða skiptingu akbrauta á hættulegum hæðum og blindbeygjum.

12. Meðal annarra öryggismála, sem H-nefndin beitir sér fyrir, er lækkun tolls á endurskinsmerkjum til aðvörunar á fjölförnum vegum, ef bifreið hefur bilað. Hefur sá tollur verið lækkaður úr 120% í 20%. N. beitir sér fyrir því, að sérstakt gjald af viðtækjum í bifreiðum verði afnumið. Er talið mikilsvert, að sem flestir bílar hafi útvarp, svo að unnt sé að koma umferðarfræðslu til ökumanna, sérstaklega í akstri í dreifbýlinu."

Þessir 12 liðir lýsa í ýmsu þeim undirbúningi, sem n. hefur þegar hafizt handa um í sambandi við umferðarfræðslu og áróður fyrir bættri umferðarmenningu.

Þá eru hér nokkur atriði um frestun frá sjónarmiði kostnaðar. En þar segir svo:

„Allmiklu fé hefur þegar verið varið vegna hægri breytingarinnar. Í stórum dráttum er það sem hér segir:

Almenningsbifreiðar: Samið er um breytingarkostnað og bætur vegna 85 bifreiða. Heildarupphæð samninga þessara eru 23.125.550 kr. Búið er að greiða af upphæð þessari 12.220.300 kr. Keyptir 6 staðgönguvagnar frá Svíþjóð til að lána aðilum, meðan bifreiðum er breytt. Heildarkostnaður 6 vagna 1 millj. 245 þús. kr. Alls greitt pr. 15. jan. 1968 vegna almenningsbifreiða 13.465.300 kr. Að auki eru skuldbindingar, sem n. hefur tekið á sig 9.660.250 kr.

Vega- og gatnakerfi. Lokið er flutningi umferðarmerkja með þjóðvegum utan þéttbýlis. Vegagerð ríkisins hefur verið greiddur þessi kostnaður að upphæð 1.005.550 kr. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík hefur sett niður 640 undirstöður fyrir umferðarmerki í Reykjavík og breytt götuvitum fyrir 7 gatnamót. Þessi kostnaður er greiddur og er að upphæð 2.441.950 kr. Í Ísafjarðarkaupstað hafa verið settar niður undirstöður fyrir umferðarmerki. Þessi kostnaður er ógreiddur, en er að upphæð 28.850 kr. Á Akureyri hafa verið settar niður undirstöður fyrir umferðarmerki. Þessi kostnaður er ógreiddur, en

er að upphæð 182.500 kr. Alls kostnaður pr. 15. 1. 1968 vegna vega- og gatnakerfis 3.655.850 kr.

Þá er í þriðja lagi öryggismál og stjórnun. Settar niður stikur fyrir sérstök áminningarskilti með þjóðvegum, kostnaður 15. jan. 1968 535.100 kr. Kostnaður vegna upplýsinga- og fræðslustarfsemi, útgáfu, vinnukostnaðar o. fl. 1. jan. 1968 2 millj. 50 þús. kr. Stjórnunarkostnaður miðað við 15. jan. 1968 2.569.050 kr., eða samtals öryggismál og stjórnun 5.154.150 kr.

Þá er tekinn saman alls kostnaðurinn pr. 15. jan. 1958: almenningsbifreiðir 13.465.300 kr., vega- og gatnakerfi 3.655.850 kr., Öryggismál og stjórnun 5.154.150 kr., eða samanlagt 22.275.300 kr.“

Samkv. framansögðu hefur nefndin alls greitt eða er gjaldfallið hinn 15. janúar 1968 þessi upphæð: 22.275.300 kr., en auk þess gert margvíslegar ráðstafanir, sem hafa fjárhagsskuldbindingar í för með sér, svo sem ráðning nauðsynlegs starfsliðs, leiguhúsnæði, prentun o. fl., auk þess sem n. er skuldbundin vegna breytinga á bifreiðum, sem byrjað er á, eins og áður var að vikið, um 9.660.250 kr. Af tveim ástæðum sérstaklega mátti ekki frá sjónarmiði kostnaðar draga breytinguna. Í fyrsta lagi var, að verulegri endurnýjun, — og þessu bið ég menn um að taka vel eftir, — í fyrsta lagi var að verulegri endurnýjun komið, þ. e. a. s. það þurfti að fara að endurnýja, það var komið að verulegri endurnýjun í bifreiðakosti ýmissa aðila, er reka strætisvagna og áætlunarbifreiðar. Þannig hafði t. d. eðlilegri endurnýjun bifreiða Strætisvagna Reykjavíkur verið frestað, sem m. a. kemur fram í því, að einungis 12 af 50 vögnum fyrirtækisins voru taldir svo verðmætir, að breyting þeirra borgaði sig, enda hafði fyrirtækið enga nýja vagna keypt síðan árið 1963, þegar Alþingi byrjaði sínar hugmyndir og tillögugerð hér um breytingu frá vinstri handar og yfir í hægri handar akstur. Óhjákvæmilegt hefði verið fyrir þessa aðila að endurnýja vagnakostinn verulega á þessu og næsta ári og þá að sjálfsögðu með bifreiðum fyrir vinstri umferð, ef umferðarbreytingin væri ekki ákveðin. Frestun framkvæmda hægri umferðar mundi þannig leiða til verulega aukins kostnaðar við breytingu nýrra bíla umfram það, sem nú verður. Í öðru lagi er nú unnið að áætlunum um framtíðarveg um Kópavog til Suðurnesja. Til þess að hagnýta það mannvirki sem bezt þarf að miða það annaðhvort við vinstri eða hægri akstur, og er ljóst, að ef það verður byggt fyrir núverandi umferð, verður mjög kostnaðarsamt að breyta því síðar. Á raunar sama við um fleiri umferðarmannvirki, sem ráðgerð eru hér á landi á næstu árum, t. d. tenging Skúlagötu og vesturbæjar á brú yfir hafnarsvæðinu o. fl.

Frv. þetta kemur nú fyrst til umr. í d., þegar rúmir 4 mánuðir eru til þess dags, er breytingin í hægri umferð tekur gildi. Hvort sem menn eru hlynntir eða andsnúnir hægri umferð, hljóta flestir að sjá, að svo veigamikið mál sem frv. fjallar um er allt of seint fram borið.

Hugsanleg ástæða gæti verið fyrir þingið að breyta ákvörðun sinni, sem fram kom í lögum um hægri umferð, ef reynslan, sem fékkst í breytingunni í hægri umferð í Svíþjóð á s. l. hausti, hefði t. d. orðið óhagstæð eða veruleg breyting orðið á skipun Alþingis við kosningarnar á s. l. sumri. Hvorugt hefur orðið. Fregnir herma, að reynslan í Svíþjóð hafi orðið betri en við var búizt og hlutfall þeirra landsmanna, sem séu breytingunni hlynntir, fari stöðugt vaxandi þar.

Það, sem ég nú hef stuðzt við, er grg. H-nefndarinnar, framkvæmdanefndar hægri aksturs. Þar sem hún víkur að reynslunni, sem fengizt hafi í Svíþjóð, vil ég til viðbótar við það, sem segir í bréfi hennar, geta eftirfarandi:

Í Svíþjóð er gert tölfræðilegt yfirlit yfir tölu umferðarslysa, sem lögreglunni þar er kunnugt um. Slík yfirlit berast hingað jafnóðum og þau eru gefin út. Þau ná yfir 4 vikur í senn og fjalla um tölur slysa, þar sem menn hafa dáið eða meiðzt. Með svonefndri test-aðferð er gerður samanburður á samsvarandi vikum næstu ára, áður en hægri breytingin átti sér stað þar í landi. Þessi aðferð leiðir í ljós, hvernig ástandið hefur breytzt. Niðurstaðan er þessi: Fyrst eru talin tímabil og síðan er dálkur, hvað hefur skeð í þéttbýlinu, og annar um það, hvað hefur skeð í dreifbýlinu, annars vegar varðandi dauðaslys og hins vegar varðandi meiðsli. Á tímabilinu 4. 9., eftir að breytingin gekk í gildi í Svíþjóð, og til 1. 10. 1967 er í dauðaslysadálkinum minna í þéttbýlinu, meiðsli sama, í dreifbýlinu minna um dauðaslys, minna um meiðsli. Á tímabilinu 2. 10.—29. 10.: í þéttbýli minna um dauðaslys, sama um meiðsli, í dreifbýlinu minna um dauðaslys og sama um meiðsli. 30. 10.—26. 11.: í þéttbýli minna um dauðaslys og minna um meiðsli, í dreifbýlinu sama um dauðaslys, minna um meiðsli. Og á tímabilinu 27. 11.—24. 12. er í þéttbýli sama um dauðaslys, minna um meiðsli, í dreifbýli sama um dauðaslys, minna um meiðsli. Og á tímabilinu 27. 11.—24. 12. er í þéttbýli sama um dauðaslys, minna um meiðsli, í dreifbýli sama um dauðaslys, minna um meiðsli.

Það er staðhæft í grg. fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., að það verði töluvert miklu meiri kostnaður en áætlað var, rúmar 50 millj. kr., ég held, að síðasta talan hafi verið um 55 millj. kr., þegar frv. var afgreitt sem lög frá Alþ. Þó segja flm. í grg. ekki meira en það, með leyfi hæstv. forseta: „Þess vegna má reikna með, að breyting hjá okkur kosti ekki undir 100 millj. kr. og hugsanlega mun meira.“ En hv. 1. flm. staðhæfði ekki einu sinni, heldur tvisvar og kannske oftar, ef það hefur farið fram hjá mér, að kostnaðurinn mundi verða margfalt meiri en áætlað hefði verið, og hann miðaði það við reynslu Svía. Nú áætluðu Svíar 500 millj. kr. kostnað, og hann varð 800 millj. Ég get ekki fundið út, að þetta sé margfalt meiri kostnaður en áætlað var, þó að hann sé verulega hækkaður. En út frá þessari reynslu getum við ekki dæmt um það, að okkar kostnaður verði margfalt meiri, hann mundi samkvæmt þessu, ef við eigum að miða við Svía, eins og hv. flm. vildi vera láta, geta farið úr 50 millj. kr. upp í 80 millj. kr.

Ég hef beðið framkvæmdanefnd hægri umferðar um að gefa mér yfirlit til þess að láta þinginu í té um skoðun hennar á hugsanlegum kostn-

aði nú, og það fer hér á eftir í bréfi n., dags. í dag, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirlit er nú þegar fengið yfir verulegan hluta kostnaðar við breytinguna. Telur framkvæmdanefndin að kostnaðaráætlunin muni standast í aðalatriðum, jafnvel þótt ýmsar hækkanir hafi orðið, síðan hún var gerð. Að vísu telur n., að kostnaður við breytingar á bifreiðum og vegakerfi muni hækka vegna gengisbreytingarinnar um nálægt 2 millj. kr., og enn fremur hefur n. ákveðið með heimild viðkomandi yfirvalda að verja nálega 8 millj. kr. til almennrar umferðarfræðslu og áróðurs fyrir aukinni umferðarmenningu, sem ekki var gert ráð fyrir í kostnaðaráætlun. Er talið, að það, hve vel tókst í Svíþjóð, sé verulega því að þakka, hve umferðarfræðsla, ekki sízt í skólum, var mikil og áróður fyrir betri umferðarháttum markviss. Er talið, að breytingin sjálf í hægri umferð valdi því, að almenningur sé sérstaklega móttækilegur fyrir slíka fræðslu og áróður, og því sé rétt að notfæra sér það tækifæri, enda þótt það kosti töluvert fé, en ekki var gert ráð fyrir því í kostnaðaráætlun umferðarnefndar á sínum tíma."

Þetta segir n. um hækkun á kostnaðaráætlun. Þarna eru 10 millj. kr., 2 millj. vegna gengisbreytingar og 8 millj. í umferðarfræðslu, sem ekki var gert ráð fyrir. Nú má auðvitað segja: Þjóðin þarf á umferðarfræðslu að halda, hvort heldur við höfum hægri eða vinstri handar akstur. En það er lagt meira í umferðarfræðsluna, og það er hið sálræna rétta augnablik að nota tækifærið þegar breytt er til í umferðinni, til þess að koma miklu meiri umferðarfræðslu áleiðis til almennings heldur en ella mundi sennilega vera hægt, og þess vegna þarf í sjálfu sér ekki að skrifa þetta á reikning hægri umferðarinnar, heldur reikning öryggis í umferðinni og bættrar umferðarmenningar, sem við eigum eftir að búa að og mundum kannske ekki með öðrum hætti geta öðlazt.

Hv. 1. flm. þessa frv. sagði: „Umferðarmenning skapast ekki, þótt skipt sé frá vinstri til hægri." Þetta er út af fyrir sig rétt. En ég held það sé aldrei betra tækifæri til þess að auka umferðarmenninguna en einmitt á svona augnabliki, og það sýnir okkur reynslan frá Svíþjóð. Það ber öllum saman um það, sem voru við skiptin í Svíþjóð. Sjálfur átti ég kost á því að vera í Stokkhólmi, sem var eins og allt önnur borg frá því, sem ég hafði áður þekkt hana, seinustu dagana í októbermánuði, eftir að breytingin átti sér stað. Einmitt þessi skipting er líkleg til þess að geta skapað umferðarmenningu, sem við ella eigum ekki kost á, og mér er t. d. kunnugt um það, að fulltrúar umferðarmála, sem frá öðrum löndum komu til Svíþjóðar til þess að fylgjast með breytingunni, — þar hef ég sérstaklega í huga einn Dana, — þeir bjuggust náttúrlega við ýmsu ævintýralegu margir hverjir, sem ekki varð, og þessi fulltrúi Dana í umferðarmálum lét svo um mælt, þegar hann var samferða nokkrum Íslendingum heim til sín aftur á leiðinni milli Svíþjóðar og Danmerkur: „Ég sé ekki betur en við Danir verðum að skipta úr hægri yfir í vinstri umferð bara til þess að geta kennt fólkinu umferðarmenningu." En þetta er sagt til þess að leggja áherzlu á það, hverju er á líku tímabili hægt að koma áleiðis, sem ella verður ekki gert.

Ég vil hins vegar leggja áherzlu á, að það hefur verið lögð mikil áherzla á meiri umferðarmenningu og fræðslu í umferðinni hér, eins og ég veit að hv. þm. hafa gert sér grein fyrir, núna alveg á síðustu árum. Og það hefur borið árangur, töluverðan árangur. Og það er mjög fyrir að þakka, hvað umferðaryfirvöld hafa lagt sig í líma um að auka umferðarfræðsluna, og það er auðvitað, eins og liggur í hlutarins eðli, alveg eins hægt, hvort sem við skiptum eða skiptum ekki. En við fáum bara ekki þetta sama tækifæri til þess að hafa jafnvíðtæk áhrif, að ég hygg, eins og við slíka breytingu, sem hér er um að ræða.

Þá fer kostnaðurinn, eins og ég segi, þarna nokkuð fram úr áætlun, og segjum að hann hækkaði eitthvað af öðrum ástæðum. Þá er mér aðallega í huga löggæzlan. Mönnum hefur kannske missýnzt um það og það hafi ekki verið gert ráð fyrir öðru en ríkið borgaði aukna löggæzlu, sem um tíma a. m. k. þyrfti í þessu sambandi. Sú aukna löggæzla og aðstoð, sem þá verður veitt á vegunum, kemur náttúrlega að gagni í framtíðinni.

Það er ekki nokkur vafi á því, að það er kannske margt fólk, sem er hikandi við að fara út í hægri umferð. En margt af því sama fólki ætti ekki að aka í vinstri umferð, þó að það hafi réttindi til þess og geri það, vegna þess að það hefur alls ekki fylgzt með tímanum, með þeim öru breytingum, sem hafa orðið á umferðarreglum hér í þéttbýlinu á undanförnum árum, því miður, g sjálfsagt er þetta ein af mörgum orsökum umferðarslysa, sem okkur hrýs öllum hugur við.

Hver á þá að borga þennan kostnað? Á hann að koma á ríkissjóðinn beint eða í sambandi við hægri kostnaðinn, sem ekki verður gert nema með því að framlengja gjaldið eða hækka gjaldið, sem legðist þá bara á bifreiðaeigendur, og mönnum kannske sýnist það ekki sanngjarnt. Það er alveg rétt, að vissu leyti er það ekki sanngjarnt. En þó er gjaldið svo lágt, að það er fjöldi bifreiðaeigenda, sem ég persónulega þekki, og ég hef gert það að gamni mínu að spyrja þá að því, hvort þeir væru búnir að borga gjaldið. Nei, þeir voru ekki búnir að borga gjaldið. — Nú, ertu ekki búinn að fara í skoðun? sagði ég. — Jú, þeir voru búnir að fara í skoðun. — Nú, þá hefur þú ekki komizt hjá því að borga gjaldið. — Þeir tóku bara ekkert eftir því, þessum 240 krónum, að þeir voru búnir að borga það. Og þetta er ekki tilfinnanlegra en það, að þetta er ekki eins og ein áfylling á benzíntank á venjulegum bíl á s. l. ári, 240 kr. Það er svo gert ráð fyrir, að það verði 360 kr. á næsta ári, á árinu 1969, en ekki nema 180 kr. 1970. Annaðhvort þyrfti að endurskoða þetta, ef áætlun truflast mjög verulega, eða leggja aukinn kostnað á ríkissjóð, og ég viðurkenni fúslega, að hér er um að ræða kostnað, sem er ekki bara fyrir bifreiðaeigendur, en allir bifreiðaeigendur mega hins vegar mjög fagna því, að lagt sé eitthvað að mörkum og

unnið að því, og greiða til þess nokkurn kostnað, að betri umferðarmenning skapist, og það er ég er alveg viss um, að þeir gera og meta.

Til þess að gera okkur grein fyrir þessum kostnaði t. d., þá vil ég geta eftirfarandi, að það er talið ekki óvenjulegt, að einkabílum sé ekið nálægt 20 þús. km á ári, og venjulegur 5—6 manna fólksbíll mundi eyða til þeirrar keyrslu nálægt 2400 lítrum af benzíni, en þá er miðað við 12 lítra eyðslu á 100 kr. Benzínlítri kostar nú 8.20 kr., þannig að benzíneyðslan ein mundi kosta eiganda slíkrar bifreiðar nærri 20 þús. kr., eða 19.680 kr. á ári, og þá hefur þessi bíleigandi á s. l. ári þurft að borga 240 og núna í ár 360 kr. í þetta gjald, sem á að bera kostnað af hægri umferðinni.

Það er að vísu svo, að í grg. fyrir þessu frv. er vitnað í áætlanir Félags íslenzkra vegfarenda um það, hversu gífurlegur kostnaður muni verða af þessari breytingu. Að vísu gera flm. þessa frv. þá áætlun ekki að sinni, því að eins og ég sagði áðan, þá gera þeir ráð fyrir, að hún muni ekki verða undir 100 millj., án þess að rökstyðja það nánar. En þeir vitna til þess að Félag íslenzkra vegfarenda hefur látið gera áætlun um aukið löggæzlulið, sem nauðsynlegt væri að hafa, meðan á breytingunni stendur og eftir, og það telur, að kostnaður við þann lið, við aukna löggæzlu, verði ekki undir 250 millj. kr. í eitt ár. Ég hélt fyrst, að þetta væri prentvilla og þetta mundi verða leiðrétt og kannske að þeir væru með í huga 25 millj. kr. eða eitthvað slíkt. Við getum haft það í huga, að öll löggæzlan á landinu, við sveitastjórnir og ríkislögregla og öll löggæzlan í heild, er í fjárl. ársins 1968 áætluð um 150 millj. kr., og auðvitað er ekki öll löggæzlan miðuð við umferðina, hún er við alla almenna löggæzlu og eftirlit í landinu, fast lið, og öll rannsóknarlögreglan er utan við þetta. Þess vegna finnst mér nokkuð vel í lagt, án þess að ég vilji nokkuð frekar um það segja, að vitna til áætlunargerðar einhvers félags og án þess að birta þessa áætlunargerð, svo að maður geti haft hugmynd um hana, um það, að aukningin verði 250 millj. kr. á ári við löggæzlu vegna breytingarinnar. Ég tel alveg sjálfsagt, að þessir hv. flm. geri þn., sem hefur þetta mál til meðferðar, nánari grein fyrir þessari áætlun, sem hefði reyndar átt að vera strax í þskj., þegar slíku er slegið fram. Þær eru mér mjög framandi, þessar tölur, enda mun ég hlutast til um það, að þeir, sem nánast hafa með yfirstjórn löggæzlunnar í landinu að gera, og fyrst og fremst þar sem þéttbýlið er, að þeir athugi þetta nánar og geri þn. grein fyrir því, hver þeirra skoðun í þessu máli er.

Ég legg hins vegar ákaflega mikið upp úr því, og það er rétt hjá hv. 1. flm., að til þess að þessi framkvæmd á breytingu, hvenær sem hún yrði, færi vel úr hendi, þá er grundvallaratriði að skapa jákvætt viðhorf hjá fólkinu, hjá almenningi, að það skapist vilji til að koma á meiri umferðarmenningu í landinu en verið hefur. Og ég segi þetta alveg af sérstöku tilefni, vegna þess að hér segir í grg. frá því, að stofnað hafi verið Félag íslenzkra vegfarenda, og um það segir: „Tilgangur þess er að vinna að bættri umferðarmenningu, enn fremur að því, að þjóðvegakerfið verði endurbætt og því komið í viðunandi og varanlegt horf.“ Tilgangur þess er að vinna að bættri umferðarmenningu, og ein leiðin til þess að stuðla að meiri og betri umferðarmenningu er að skapa jákvætt viðhorf fólksins til þess, sem gera skal í umferðinni. Ég legg þess vegna mikla áherzlu á, að það komi mjög skjótt fram hér í þinginu, hver afstaða þingsins er til þessa frv., og fari það svo, sem er mín ætlun, að þetta frv. verði felllt, þá mundi ég mjög vilja eiga að þetta Félag íslenzkra vegfarenda, sem þá mundi að sjálfsögðu samkvæmt sínum tilgangi berjast fyrir því að koma á með góðu móti hægri umferð í landinu, þar sem tilgangur þess er að vinna að bættri umferðarmenningu. Og þá hefði bætzt enn einn liðsmaður í hóp þess að gera þessa framkvæmd sem skaplegasta, þegar að henni kemur.

Auðvitað er það ljóst, þó að ég vilji ekki fara út í að deila um einstök atriði, hvort eigi að vera hægri umferð eða vinstri umferð, sem ég tel vera utan dagskrár í dag, að um þetta sýnist mönnum sitt hvað, og það er margt fundið til. T. d. sá ég einhverja útsetningu um það um daginn, hvað bílar mundu verða miklu lengur á leiðinni, vegna þess að það ætti að takmarka hámarkshraðann. Ætli það geri svo voðalega mikið til, þó að við takmörkum hámarkshraðann einhvern tíma hjá okkur, meðan við erum að aðhæfa okkur þessari miklu breytingu? En burt séð frá því er sannleikurinn sá, að það var langmest gert úr því, hvað almenningsbifreiðarnar mundu verða miklu lengur á þessari og þessari leið. En hraði almenningsbifreiða, verður sá sami fyrir og eftir breytinguna, nema í þrjá daga. En í heild, og það er rétt að ég geri hv. þm. grein fyrir því, þá er um þetta að segja svo, að í dag er hámarkshraði í þéttbýli 45 km á klst., og í lögreglusamþykktum er hámarkshraði nú víða ákveðinn lægri og yfirleitt 35 km. Í Reykjavík er hraðinn almennt 35 km, en á helztu umferðaræðum 45 km. Á Miklubraut er á kafla leyfður 60 km hraði, á svæði, sem er nánast utan þéttbýlis. Utan þéttbýlis er 70 km hraði á klst. það, sem nú gildir. Undantekningar eru þó almenningsvagnar fyrir 10 farþega og fleiri og vörubifreiðar 3,5 smálestir eða meira að heildarþyngd, þ. e. með hlassi, sem ekki mega aka hraðar en 60 km á klst. Almenningsbifreiðarnar mega ekki aka hraðar. Og bifreiðar með tengi- eða festivagna, mega ekki aka hraðar en 45 km á klst. Sérregla gildir þó á Reykjanesbraut að sumri til, þ. e. 80 km á klst. fyrir aðra en bifreiðar með tengi- og festivagna, sem mega þar aka 60 km, en Reykjanesbraut er auðvitað alveg sérstök og eina steypta brautin, sem við höfum af þessu tagi. Reglur þær, sem taka eiga gildi við breytinguna í hægri umferð, eru þessar, að í þéttbýlinu verði fyrst í stað og ótiltekið hámarkshraðinn úr 45 km lækkaður í 35 km, en utan þéttbýlis verður hann lækkaður úr 60 km í 50 km á klst. í 3 daga, en síðan 60 km á klst., og er þá hraði almenningsbifreiða og vörubifreiða óbreyttur frá því, sem nú gildir. Á vegum, sem nú hafa 60 km á klst., verður hraðinn þó áfram 50 km á klst., eins og t. d. þessi partur, sem ég talaði um áðan, af Miklubrautinni hér í Reykjavík á litlu svæði. Og á Reykjanesbraut verður hámarkshraði fyrst í stað, þar til

annað verður ákveðið, 60 km á klst. í stað þeirra 80, sem leyfðir hafa verið á sumrin.

Það er gott að vitna í vísindin, en stundum er vísindalegra að hafa einhverja vísindalega tilvitnun og vita, hvaðan þessi vísindi koma, sem vitnað er til. Hv. 1. flm. talaði um, að það ætti að vera hægra stýri, þar sem væri hægri akstur, eða það væru margir, sem teldu, að það væri meira öryggi í því, og vitnaði í grein í einu norsku blaði. Vísindalegar tilvitnanir voru nú engar, en það var sagt, að þetta væru vísindalegar niðurstöður, og sú vísindalega niðurstaða, sem hv. flm. vitnar til, er, að það mundi fækka um helming slysum, þar sem hægri akstur er, ef stýrið væri flutt frá vinstri til hægri. Nú þætti mér afskaplega fróðlegt að fá þessa vísindalegu niðurstöðu og hvaða vísindamenn hafa að henni staðið. Ég veit um dálitið annað viðhorf, og við höfum gert ráð fyrir hér, að það væri eðlilegra að hafa stýrið vinstra megin í slíkri umferð og öfugt, þar sem er vinstri umferð, að í Bretlandi, þar sem er vinstri umferð, eru allir bílar að jafnaði með stýri hægra megin. En ef maður á bíl þar, sem honum er ekki bannað, með vinstri handar stýri, verður hann að greiða hærra iðgjald til vátryggingarfélaganna. Þar hefur niðurstaðan verið sú, að þessi maður sé í meiri slysahættu, meiri líkur til þess, að hann valdi slysum á öðrum og bíll hans valdi skemmdum, heldur en ef stýrið sé hægra megin, eins og þar er tíðkanlegt. Svona eru nú skoðanir manna mismunandi á þessu sviði, og ég held, að það þyrfti að fræða Breta um þennan vísdóm, að það mundi fækka hjá þeim um helming slysunum, ef þeir flyttu stýrið hjá sér frá hægri og yfir til vinstri. Ég sagði, að það væri mikið af staðhæfingum í ræðu hv. 1. flm. Þetta er ein. Hin var sú, að dæmi Svía sannaði okkur, að kostnaðurinn yrði margfalt meiri. Það var önnur staðhæfingin, og slíkar voru einnig fleiri.

Hann spurði beinlínis um kröfur, hvort það lægju fyrir kröfur um bætur, og gerði ráð fyrir, að þær mundu verða meiri en gert var ráð fyrir á hendur hægri nefndarinnar. Mér er kunnugt um eitt deilumál, sem þar er uppi, hvort n. eigi að bæta flutning á langferðabifreiðum á hurð frá vinstri yfir til hægri. N. hefur litið svo á, að hún mundi ekki bæta þetta og billinn ætti að aka áfram með hurðina óbreytta. Hann stanzaði á endastöðvum, þar sem ekki skipti máli, hvorum megin hurðin væri. Það væri hins vegar spurning, hvernig fara skyldi að, þegar hann ætti að stanza einhvers staðar á leiðinni. Það að fara yfir á öfugan kant til að hleypa fólki út, gæti skapað hættu og slíkur bíll þyrfti þá, þegar hann stanzar á slíkum stöðum, að stöðvast á miðri braut, meðan á þessu stendur. En þetta deilumál hefur verið á milli sérleyfishafa og framkvæmdanefndarinnar og hefur, eins og lögin gerðu ráð fyrir, farið til þess gerðardóms, sem settur hefur verið upp til þess að meta deilur, sem upp rísa, eins og þessar og hvort hægri nefndin hefur rétt fyrir sér eða ekki. Fari svo, að niðurstöður dómsins verði þær, að hægri n. eigi að bæta þetta, mun bætast við nokkur kostnaður frá því, sem ég gerði grein fyrir áðan í sambandi við áætlaðan kostnað og að hve miklu leyti hann muni standast.

Mönnum getur auðvitað sýnzt sitt hvað í umferðarmálum. Ég ætlaði aðeins til fróðleiks að minna á eitt dæmi, sem við höfum haft fyrir okkur. Þegar umferðarlögin voru sett 1958, þegar þau voru lögð fyrir þingið 1956 og 1957, var, eins og ég sagði áðan, gert ráð fyrir vinstri umferð og að ríðandi menn ættu að halda sig á vinstri vegarkanti. Þegar málið var svo komið til Ed., sýndist þeim vísu mönnum, að þetta væri ekki rétt og það væri rétt, að ríðandi menn héldu sig hægra megin og það væri meira öryggi í því, að þeir kæmu á móti bifreiðinni, heldur en bifreiðin kæmi á eftir hinum ríðandi mönnum, og þetta var samþ. Síðan áttu ríðandi menn að ríða hægra megin og gerðu það nú, þegar lögin voru komin í gildi. En þá kom í ljós, að aumingja hestarnir blinduðust alveg, þegar þeir mættu bifreiðunum. Og svo tveimur árum seinna, 1960, var þessu aftur breytt hér á hv. Alþ. og ákveðið, að á vegum skuli ríðandi menn halda sig á vinstri hluta vegarins. Við sjáum aðeins af þessu, að það er ýmislegt, sem getur verið álitamál í þessum efnum. Ég sá einhvers staðar grein í blaði um daginn, að það væri nú kannske langerfiðasta viðfangsefnið að leysa vandræðin með hestana og kenna þeim að vera hægra megin, fara yfir á hægri kantinn. Það urðu mér vitanlega engin slys eða vandræði af þessu, þó að þannig væri hringlað með blessaðar skepnurnar, á tveggja ára fresti áttu þær að vera á sinn hvorum kantinum, svo að ég held ekki heldur að það atriði, sem hefur verið haft nokkuð á oddi, komi til með að skipta hér miklu máli.

Nú skal ég ekki hafa um þetta frv. fleiri orð. Ég taldi skyldu mína að reyna að gera hv. þd. grein fyrir því, hvernig stæði um framkvæmd undirbúningsins að breytingu, sem nú er ákveðin 26. maí, og einnig, hvað ætla mætti um kostnaðarhliðina á þessu. Ég hef aðeins smávægilega vikið að efnisatriðum í sambandi við ræðu hv. 1. flm. um það, hvort þetta sé æskilegt eða ekki æskilegt. En þetta frv., sem aðeins er frestun á framkvæmdinni, snertir í sjálfu sér ekki það mál. Ég tel, að við það, sem fram hefur komið, þær upplýsingar, sem ég hef getað gefið, og ég hygg, að svo muni einnig reynast hjá þeirri þn., sem fær málið til athugunar, en á það mun nú reyna, verði það niðurstaða manna, að hér sé ekkert álitamál að fella þetta frv., sem hér liggur fyrir. Og ég beini þeim eindregnu tilmælum til hv. þn., að hún taki málið til skjótrar afgreiðslu, því að ég tel miklu varða, að allur almenningur fái að vita fyrr en síðar um það, hver afstaða þingsins í dag er til þessa máls.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en ég vík sérstaklega að því, sem ég ætla að segja hér, vil ég minnast á nokkur atriði af því, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. Ég get vel skilið þá gagnrýni hæstv. ráðh., að honum finnist þetta frv. vera helzt til seint fram komið, og sérstaklega er sú gagnrýni hans skiljanleg í sambandi við þá flm. frv., sem hafa setið hér á þingi

áður, en ég er einn af þeim. En mér finnst rétt að gefa á þessu nokkra skýringu.

Ég skal játa það fúslega, að persónulega er ég lítið fróður um þessi mál, og þess vegna lét ég þetta mál afskiptalaust hér í þingi, bæði þegar sú þáltill. var til umr., þar sem fyrir var mælt um undirbúning frv. um hægri handar akstur, og eins þegar frv. sjálft var til meðferðar, enda þótt ég greiddi atkv. á móti því. Sannleikurinn var sá, að á þessum tíma, bæði hér á þingi og eins utan þingsins, var ákaflega lítið eða a. m. k. allt of lítið rætt um þetta mál. Það var eiginlega fyrst eftir að búið var að samþykkja lög um hægri handar akstur, sem menn eins og rönkuðu við sér og fóru að tala um þetta. Og það, sem hefur haft langmest áhrif á mína afstöðu í þessum efnum, er það, að mér finnst, að mikill meiri hl. þeirra manna, sem hafa mesta þekkingu í þessum efnum, þ. e. bílstjórarnir og þeir, sem hafa mest kynni af okkar þjóðvegum, séu andvígir þessari breytingu. Ég legg mikið upp úr því, sem sérfræðingar hafa að segja um þetta mál og annað, en mér finnst jafnan mestu máli skipta það, sem þeir segja, sem hafa mesta reynsluna. Og niðurstaða mín eða könnun í þessu máli er sú, að þeir menn, sem hafa mesta reynslu í þessum efnum, sem bezt þekkja okkar þjóðvegi, séu að miklum meiri hluta andvígir þessari breytingu, og það er af þessari ástæðu, sem ég tek þátt í flutningi þessa frv., og þá að sjálfsögðu út frá því sjónarmiði, að þó að það hefði verið betra, að slík till. um þjóðaratkvgr. kæmi fram fyrr, sé þó betra seint en aldrei.

Ráðh. vék að því, að það hefði verið að ýmsu leyti eðlilegt, að slík till. hefði verið flutt á seinasta þingi og þá hefði þjóðaratkvgr. um málið getað farið fram í sambandi við þingkosningar. Mér þykir rétt í þessu sambandi að skýra frá því, að ég hafði það mjög til athugunar á síðasta þingi að flytja þá till. um frestun og þjóðaratkvgr., en vegna óska ýmissa flokksbræðra minna o. fl. gerði ég það ekki. Ástæðan var sú, að menn töldu, að það væri að ýmsu leyti ekki hægt að láta fara fram þjóðaratkvgr. um þetta mál í sambandi við þingkosningar. Það gæti orðið til þess, að menn færu kannske, þeir sem eru heitastir í þessum málum með eða móti, að kjósa þm. eftir því, hvort þeir væru með hægri handar eða vinstri handar akstri. Og ég féllst á það, að þessi skoðun væri rétt, vegna þess að þetta mál hefur frá upphafi verið ópólitískt og menn hafa ekki skipzt um það eftir pólitískum skoðunum, væri rétt að halda þjóðaratkvgr. um það utan við pólitískar þingkosningar. Hins vegar eru allar horfur á því, að á þessu sumri fari fram aðrar kosningar, sem að líkindum verða ekki flokkspólitískar, forsetakosningar, og þá er alveg tilvalið að láta slíka atkvgr. fara fram, og hún getur þá farið fram, án þess að því fylgi nokkur sérstakur eða verulegur aukakostnaður.

Ráðh. vefengir mjög, að það hafi verið rétt, sem sagði í okkar grg., að kostnaðurinn við breytinguna mundi alltaf verða um 100 millj. kr. Í þeim áætlunum, sem hann lagði hér sjálfur fram eða H-nefndin svonefnda hafði undirbúið í hendurnar á honum, er gert ráð fyrir, að þessi kostnaður verði alltaf 65 millj. Mér skilst, að í þeim kostnaði sé ekki tekið tillit til þeirra ljósabreytinga, sem þurfa að verða á bifreiðum, en hv. 1. flm. færði rök að því hér áðan, að sá kostnaður mundi alltaf verða milli 20 og 30 millj. kr. Það vantar líka alveg inn í áætlun H-nefndarinnar, hver löggæzlukostnaðurinn muni verða, en mér þykir líklegt, að hæstv. dómsmrh. og þeir, sem að þessum málum vinna, telji nauðsynlegt að tryggja sem mest öryggi í sambandi við breytinguna, og það verður ekki gert án þess að fjölga verulega lögregluliði, svo að ég trúi ekki öðru, í samræmi við annað, sem hefur átt sér stað hjá okkur, en sá kostnaður skipti kannske ekki neinum hundruðum millj. kr., eins og einhvers staðar hefur komið fram, en mér þætti ótrúlegt annað en hann mundi skipta tugum millj. kr.

Að lokum er svo eftir að telja fram þann kostnað, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða í sambandi við breytinguna, en það er fyrir tafir, sem verða á alls konar flutningum. Það er alveg óhjákvæmilegt að draga úr ökuhraða, meðan breytingin fer fram, og ég hygg, að það sé skynsamlegt að gera það lengur en skemur til að tryggja sem mest öryggi í þessum efnum, og það hlýtur óhjákvæmilega að hafa það í för með sér, að miklar tafir verða í sambandi við alla flutninga, í sambandi við vöruflutninga, og ég tel t. d. alveg víst, að í sambandi við mjólkurflutninga muni verða mjög miklar tafir vegna þessarar breytingar, sem fyrirhuguð er í hægri handar umferð. Og það má reikna með því, að yfirleitt allar þær tafir, sem eiga sér stað í þessu sambandi, hafi þau áhrif, að eftirvinna hjá fyrirtækjunum lengist, t. d. í sambandi við mjólkurflutningana. Mér finnst það mjög einkennilegt og tel það ekki hyggilegt, ef ekki á að draga neitt úr hraða stórra bifreiða fyrst eftir breytinguna nema í eina 3 daga. Það finnst mér vera mjög hæpin ákvörðun, ef menn vilja reyna að tryggja fullt öryggi í þessum efnum, því að ég er hræddur um það, að aðrir bílar taki sér þá sama rétt og stóru bílarnir, ef á að fara að skipta þarna einhverju af réttindum á milli. En það er alveg sama. Jafnvel þó að hámarkshraðinn væri látinn óbreyttur lögum samkv., er ég sannfærður um það, að af öryggisástæðum munu menn aka hægar fyrst eftir breytinguna heldur en ella, jafnvel þó að sami hraði væri löglegur, svo að af þessu hljóta óhjákvæmilega að verða einhverjar tafir, sem hafa mjög verulegan kostnað í för með sér, sérstaklega fyrir dreifbýlið, sem á mikið undir vöruflutningum. Og mér þætti alls ekki ólíklegt, þó að slíkur kostnaður samanlagt hjá atvinnufyrirtækjum og einstaklingum ætti eftir að skipta tugum millj. kr.

Ég held þess vegna, að það sé ekki neitt óvarlega áætlað hjá okkur, að kostnaðurinn verði 100 millj. kr. Ég tel miklu frekar ástæðu til að ætla, að hann verði talsvert miklu meiri. Nú er það að sjálfsögðu rétt, að eitthvað af þessum kostnaði er þegar áfallinn vegna þeirra framkvæmda, sem búið er að ákveða í sambandi við breytingu í hægri handar umferð. En ég tel þó, að enn þá sé miklu meira af kostnaðinum óáfallið og þess vegna verði augljós sparnaður af því að fresta breytingunni og falla frá henni.

Ráðh. talar um það, að vel gæti farið svo í þjóðaratkvgr., að hægri handar umferðin verði

samþ., og það má vel vera, að það fari svo, ég skal ekkert um það fullyrða, og hann taldi, að þá væri eiginlega þetta allt mál eða þjóðaratkvgr. alveg unnin fyrir gýg og þarflaus. Ég held, að þetta sé rangt hjá honum. Ég held, að ef hægri handar umferð yrði samþ. í þjóðaratkvgr., mundi vera miklu meiri eining um framkvæmd málsins á eftir og yrði enn þá auðveldara að framkvæma hana, því að það held ég, að sé rétt, sem bæði kom fram hjá ráðh. og 1. flm., að það, sem skiptir langsamlega mestu máli í þessum efnum, er að fá fólkið með. Og eftir að fólkið sjálft hefur fengið að segja sitt álit um þetta mál, mun það áreiðanlega sætta sig betur við þann úrskurð heldur en úrskurð Alþingis, sem mjög vafasamt er, hvort meiri hl. þjóðarinnar stendur á bak við eða ekki.

Ráðh. minntist nokkuð á fordæmi Svía og taldi, að fordæmi þeirra hefði verið á þann veg, að við ættum ekki að vera neitt smeykir við breytinguna í hægri handar akstur. Ég vil í sambandi við það segja, að á flestan eða allan hátt er aðstaða okkar og Svía ósambærileg. Ég vil í fyrsta lagi nefna það, að í Svíþjóð hefur skapazt meiri umferðarmenning en e. t. v. í nokkru landi öðru. Ég hef undir höndum grein, sem birtist í danska blaðinu Politiken á s. l. hausti, þar sem gerður var samanburður á umferðarslysum í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn síðustu 8 árin, og sá samanburður sýndi, að umferðarslys voru hlutfallslega allt að því helmingi færri í Stokkhólmi en Kaupmannahöfn. Svona langt voru Svíar komnir fram úr Dönum hvað umferðarmenningu snertir í þeirra höfuðborg. Og það gefur auga leið, að það er miklu auðveldara að framkvæma slíka breytingu, þar sem sterk umferðarmenning er fyrir, eins og í Svíþjóð, heldur en t. d. hér á landi, þar sem er ekki of mikið sagt, að hún sé fremur lítil. Þetta er einn aðstöðumunurinn hjá okkur og Svíum. Annar aðstöðumunurinn er sá, að Svíar hafa um langt skeið haft mjög sterka umferðarlögreglu, og til viðbótar því, að þeir beittu henni við hægri handar umferðina, gripu þeir einnig til hermanna og létu þá aðstoða við breytinguna, vera lögreglunni til aðstoðar, meðan verið var að koma breytingunni á. Hér er um enga slíka aðstoð að ræða, því að ég býst við, að til viðbótar þeirri fastalögreglu, sem við notum í sambandi við umferðarbreytinguna, í sambandi við löggæzluna, verðum við að taka menn, sem eru ekki nema tiltölulega lítið þjálfaðir til þessara starfa, sem algerlega er ósambærilegt við það, sem var hjá Svíum.

Í öðru lagi er svo að nefna það, sem er kannske veigamest, að vegakerfið í Svíþjóð er miklu betra en hér. Það er alveg ósambærilegt við það, sem hér er. Langflestir vegir í Svíþjóð eru tvær akbrautir. Hér er mikið af vegunum ekki nema ein akbraut. Og það gefur auga leið, að það er allt annað að framkvæma slíka breytingu, þar sem vegirnir eru breiðir eins og í Svíþjóð eða mjóir eins og hér, svo að við skulum ekki leggja of mikið upp úr reynslu Svía í þessum efnum, að okkur muni takast vel, af því að þeim hefur tekizt vel, sökum þess að aðstaðan hér er svo allt önnur í þessum efnum en var í Svíþjóð.

Ég ætla svo ekki að minnast á fleiri atriði af þeim, sem komu fram hjá hæstv. ráðh., a. m. k. ekki að sinni.

Ég ætla þá að víkja nokkru nánar að frv., sem hér liggur fyrir, og þeim ástæðum, sem valda því, að það er fram komið. Ég vildi segja, að þetta frv. væri flutt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er það að sjálfsögðu flutt til þess að reyna að fá breytingu á þeim lögum, sem nú stendur til að verði framkvæmd. Það teljum við flm. að sjálfsögðu langsamlega æskilegast. En ef það fæst ekki, liggi það þó fyrir í glöggri þjóðaratkvgr., að meiri hl. þjóðarinnar vilji breytinguna, og þess vegna ætti að vera miklu auðveldara að framkvæma hana en ella. Í öðru lagi er það svo tilgangur okkar, ef þetta frv. næði ekki fram að ganga gegn von okkar, verði flutningurinn til þess, að um þetta mál verði rætt hér í þinginu, um undirbúning að breytingunni verði rætt hér í þinginu og þm. geri sér fullkomlega grein fyrir því, hvort hann er í því lagi, sem vera skyldi, og þess vegna sé ráðlegt að hefjast jafnfljótt handa um breytinguna og nú er fyrirhugað. Það tel ég vera alveg sérstaklega skyldu þeirra, sem kunna að vera okkur andstæðir í þessu máli. Ef þeir vilja ekki fallast á frv. sjálft, eiga þeir þó a. m. k. að verja nokkrum tíma þingsins til að athuga það og ræða um það, hvort þessi undirbúningur er í því lagi, sem vera skyldi, og þess vegna sé ráðlegt að hefjast handa eins fljótt um breytinguna og fyrirhugað er.

Mér finnst ekki fjarri lagi, að við gerum okkur nokkra grein fyrir því, hvað það er, sem hefur rekið okkur út í þessa breytingu, hvaða rök það eru, sem fyrst og fremst eru færð fyrir þessari breytingu, hver meginástæðan er. Frá minu sjónarmiði er hún fyrst og fremst ein. Við Íslendingar eigum núna í ýmsum efnahagsörðugleikum, þó að aðstæður hafi verið þannig á undanförnum árum vissulega, að við ættum ekki að eiga í teljandi efnahagslegum vandræðum. Það er að sjálfsögðu margt, sem veldur þessu, og ég ætla ekki að fara að rifja það upp hér, enda yrði maður þá kominn nokkuð inn í stjórnmálin, sem okkur þykir sjálfsagt öllum að halda utan við þetta mál. En ég vil samt segja það, og það held ég að særi engan flokk, því að allir flokkar eru jafnsekir í þeim efnum, að það, sem á verulegan þátt í okkar efnahagslegu vandræðum, er það, hvað við erum miklar eftirhermur. Við erum eins og margar nýfrjálsar þjóðir, að við viljum reyna að herma sem mest eftir þeim stóru, hafa sem flest hjá okkur líkast því, sem annars staðar er, án tillits til þess, hvort við höfum nokkra sérstaka þörf fyrir það, og án tillits til þess, hvort við höfum efni á því eða ekki. Við skulum alveg hreinlega játa, að það er þessi hermikrákuháttur okkar, sem á verulegan þátt í þeim vandræðum, sem við erum nú komnir í. Hjá nýfrjálsu þjóðunum mörgum í Afríku hefur það t. d. gerzt, að fyrsta verkið, sem þær hófust handa um, ríkisstj. þar, eftir að löndin voru sjálfstæð, var að byggja mjög dýrar forsetahallir. Skólar og spítalar og vegir og annað þess háttar voru látnir mæta afgangi. En þeir eru að byrja á því að eignast stóra forsetahöll, alveg eins og ríkin áttu, sem höfðu drottnað yfir þeim áður. Og mér finnst þetta mál að ýmsu leyti minna á það.

Vegna þess að aðrar stórar þjóðir hafa hægri handar umferð, þurfum við endilega að gera það líka. Og við verðum að láta þann kostnað, sem því fylgir, ganga fyrir því að bæta vegina og annað, sem áreiðanlega er ekki síður aðkallandi.

Rökin, sem eru færð fyrir þessari breytingu, eru ekki þau, að öryggi í umferðinni verði neitt meira eftir en áður, því að eins og skýrt kom fram einmitt í þeirri ræðu, sem hæstv. dómsmrh. hélt, þegar hann mælti fyrir frv., sagði hann, að það væri deiluatriði, sem ekki væri hægt að skera úr, hvor umferðin gæfi meira öryggi, vinstri umferðin eða hægri umferðin. Nei, það, sem er höfuðröksemd þeirra í þessu máli, bæði kom fram í grg. og kemur t. d. fram í fréttabréfi, sem Hnefndin hefur gefið út, það er, að hægri handar umferðin sé meginregla í flestum löndum. Þetta er alveg rétt. En menn aðgæta bara ekki eitt í þessu sambandi. Hægri handar umferðin er meginregla í þeim löndum, sem tilheyra meginlandi, en vinstri umferðin gildir hins vegar enn þá í langsamlega flestum löndum, sem eru eylönd. Í Evrópu eru fimm eyríki. Það er Bretland, það er Írland, það er Kýpur, það er Malta og það er Ísland. Öll þessi ríki hafa vinstri handar umferð og engin, að því er ég bezt veit, eru í neinum undirbúningi að breyta því nema Ísland.

Rökin fyrir því, að Svíar fóru í hægri handar umferðina, voru fyrst og fremst ein. Það voru sameiginleg landamæri við önnur ríki. 1963 var svo komið í Svíþjóð, að það fóru um 5 millj. bílar yfir landamærin árlega, og það var búizt við því, að innan 10 ára yrðu það 10 millj. bíla, sem færu yfir landamærin árlega, og þegar svo var komið, að umferðin var orðin svona mikil, sköpuðust í sambandi við þetta ýmsir erfiðleikar, þegar menn þurftu svo snöggt að breyta um umferðarreglur, og þetta var meginástæðan til þess, að Svíar breyttu úr vinstri handar umferð og fóru í hægri handar umferðina, en ekki annað. Um ekkert slíkt er hér að ræða. Þótt menn búist við, að tækni verði mikil í framtíðinni, og vonandi verður hún mikil, hygg ég varla, að menn búist við því, að það verði byggð héðan brú til annarra landa, og þess vegna megum við búast við því, að bílar renni hérna viðstöðulaust inn í landið, og það mundi þá líka taka sinn tíma að aka hana. Menn segja, að það sé betra fyrir erlenda ferðamenn, sem koma frá öðrum löndum og aka hér bíl, að hér sé hægri handar akstur. Það kann að vera. En þó dreg ég í efa, að þetta sé rétt, því að ég held, að það sé svo með langsamlega flesta ferðamenn, að þegar þeir koma til annars lands og þurfa að semja sig að öðrum ökuvenjum þar en heima hjá sér, aki þeir mjög gætilega. Ég nefni það sem dæmi, að við erum búnir að hafa hér árum saman, áratugum saman erlendan her í landinu eða hermenn, sem eru vanir öðrum umferðarreglum en hér gilda, þeir eru vanir hægri handar umferð. Þrátt fyrir það held ég, að það hafi borið ákaflega lítið á því, sérstaklega núna a. m. k. síðari árin, að þessir menn hafi lent í nokkuð meiri umferðarslysum en landsmenn sjálfir. Nei, ferðamenn þeir, sem um stutta stund þurfa að breyta um ökureglur í einhverju öðru landi, þeir sýna miklu meiri aðgætni en ella, og þess vegna þarf ekki að óttast svo mikið í þeim efnum. Alveg sama gildir um þá íslenzka menn, sem fara að aka bifreið erlendis, þar sem gildir hægri handar umferð. Ég veit ekki til þess, að þeir hafi lent svo mjög í slysum, og það er vegna þess, að þegar menn skipta þannig um og hafa nægan tíma til undirbúnings, þurfa ekki beint að fara yfir nein landamæri, gæta þeir sín miklu betur en ella. Þess vegna eru það ekkert annað en málamyndaástæður, að við þurfum að breyta þessum reglum hjá okkur, vegna ferðamanna, sem hingað koma, eða vegna íslenzkra ferðamanna, sem aka bifreiðum erlendis.

En hver er þá ástæðan, að menn eru á móti breytingunni? Ég hygg, að það sjáist nokkuð á því, sem ég hef nú minnzt á. Það er fyrst og fremst vegna þess, að menn telja hana alveg óþarfa. Það eru engin eðlileg rök, sem mæla með henni, vegna þess að það er ekki hægt að sýna fram á, að hún auki umferðaröryggi neitt frá því, sem nú er eða þótt sú regla sé viðhöfð, sem við búum við núna. Þess vegna er hér verið að stofna til breytingar, sem a. m. k. meðan hún stendur yfir hefur alls konar erfiðleika og aukna slysahættu í för með sér og er að margra dómi ekki heppileg til frambúðar. Ég held, að það sé yfirleitt álit manna, að það skipti ekki svo miklu máli, hvort heldur er höfð hægri handar umferð eða vinstri handar umferð, þar sem vegir eru breiðir. Þar sem akbrautir eru tvær eða fleiri, geta menn nokkurn veginn undir flestum kringumstæðum fylgt annarri akbrautinni, og þá skiptir það ekki svo miklu máli, hvort heldur það er hægri eða vinstri handar akstur. Hins vegar eru menn ósammála um það, hvort þetta skipti ekki verulegu máli, þegar um þrönga vegi er að ræða og vegi með mjög lélegar vegbrúnir, eins og flestir vegir eru hér á landi. Þá þurfa menn að vera að mætast á vegunum, og það óttast margir, a. m. k. fyrstu mánuðina eða fyrstu árin eftir breytinguna, þegar menn eru lengi búnir að keyra kannske á miðjum veginum og þurfa svo allt í einu að víkja fyrir bíl, sem komi á móti þeim, verði vinstri handar vani þeim nokkuð tamur og þess vegna skapist árekstrarhætta í sambandi við það. Annað er svo hitt, að vegna þess að flestir bílar hér eru með vinstri handar stýri, telja menn öruggara vegna þess, hve vegirnir eru lélegir, hvað vegbrúnirnar eru slæmar á okkar vegum, að hafa stýrið þeim megin, sem brúnin er. Þetta virðist vera nokkurn veginn sameiginlegt álit flestra þeirra bílstjóra, sem hafa mesta þekkingu á okkar vegum. Af þessu gæti maður dregið þá ályktun, að það væri kannske ekki svo sérstaklega erfitt að framkvæma breytinguna í Reykjavík. En það er miklu meiri erfiðleikum bundið í sambandi við umferðina utan Reykjavíkur. Þess vegna hefur m. a. verið sagt við mig, að ég ætti ekki að vera flm. að þessu frv., vegna þess að þetta mundi e. t. v. ekki valda Reykvíkingum eða mínum kjósendum svo miklum erfiðleikum. Það má vel vera, að erfiðleikar þeirra verði minni í þessum efnum en þeirra, sem úti á landinu búa. En ég reikna hins vegar með því, að allmikið af Reykvíkingum ferðist út um land og geri það í vaxandi mæli og þess vegna valdi

þjóðvegirnir úti á landi þeim ekki síður erfiðleikum í þessu sambandi heldur en þeim, sem þar búa.

Það mætti nefna mörg fleiri atriði en þetta og rekja þetta ýtarlegar. En ég held, að niðurstaðan verði alltaf sú sama í meginatriðum, að umferðaröryggi eykst ekki neitt við þessa breytingu, að það fylgja henni margar hættur, a. m. k. til að byrja með, og það fylgir henni margvíslegur kostnaður, sem við hefðum auðveldlega geta komizt hjá. Og af þeim ástæðum tel ég persónulega þessa breytingu ranga og vil a. m. k. vinna að því, að þjóðin sjálf fái tækifæri til að segja álit sitt um hana, áður en út í hana er farið. Verði það hins vegar niðurstaðan, að þetta frv. okkar fái ekki undirtektir hér á Alþingi, þótt það fái hins vegar góðar undirtektir hjá almenningi, álít ég, að það sé mikilsvert, að þm. einmitt á þessu stigi, einmitt áður en breytingin verði gerð, geri sér grein fyrir því, hve þeim undirbúningi er vel á veg komið, sem hefur verið gerður til þess að tryggja framkvæmd þessarar breytingar.

Ég skal ekki gera neitt lítið úr vinnu þeirra manna, sem eiga sæti í H-nefndinni. Það lítið sem ég hef kynnzt því, held ég, að þeir vinni sitt starf mjög samvizkusamlega og geri sitt bezta til þess að undirbúa bæði áróður og annað í þessu sambandi. En ég tel eigi að síður nauðsynlegt, að þm. geri sér grein fyrir því, hvaða atriði þurfa að vera í lagi í undirbúningnum, áður en breytingin sjálf er gerð, og ég vil frá mínu sjónarmiði nefna hér nokkur. Ég tel í fyrsta lagi, að það ætti að endurskoða að nýju allt vegakerfið um land allt og þá í samráði við þá menn, sem hafa mesta þekkingu á umferð á þessum vegum, en það eru bílstjórarnir og bílstjórafélögin í viðkomandi bæjum og byggðarlögum. Og þessi endurskoðun á m. a. að beinast að því, að það sé fullkomlega séð um, að það séu tvöfaldar akbrautir á öllum blindbeygjum og blindhæðum. Mér er sagt, að mikið hafi verið unnið í þá átt á undanförnum árum að hafa tvöfaldar akbrautir á slíkum stöðum, en þó er mér ekki grunlaust um, að á það skorti nokkuð víða. Auk þess ætti að fjölga mjög þeim stöðum, þar sem bifreiðar geta mætzt. Ég tel, að þessi endurskoðun á vegakerfinu sé grundvallaratriði þess, að hægt sé að framkvæma þessa breytingu með sómasamlegum hætti. Annað atriði, sem ég tel einnig mikilsvert, er það, að mönnum sé gefin aðstaða til þess að æfa sig í hægri handar akstri, áður en hann er tekinn upp. Ég hygg, að í Svíþjóð hafi víða verið komið fyrir skilyrðum til þess, að menn gætu æft sig á þann hátt, áður en breytingin náði fram að ganga. Ég hef ekki heyrt um það eða séð neitt um það, að neitt slíkt sé hér í undirbúningi. Það má vel vera, að svo sé, en ég tel, að tíminn, sem menn fá, sé þá orðinn allt of skammur, vegna þess að menn geta náttúrlega ekki stundað þetta eins og atvinnu, heldur verða að gera þetta í sínum tómstundum. En þetta virðist mér skorta alveg á undirbúninginn hér í samanburði við það, sem átti sér stað í Svíþjóð.

Ég mundi einnig telja, að það væri nauðsynleg forsenda breytingarinnar, að nokkra mánuði eða misseri, áður en hún færi fram, væri búið að taka upp alveg sérstakt aðhald í sambandi við umferðina, þá sé búið að kenna mönnum miklu betur að fylgja umferðarreglum en nú á sér stað, því að áreiðanlega átti það mikinn þátt í því, hve auðveldlega þetta gekk í Svíþjóð, hvað Svíar voru langt komnir í umferðarmenningu áður, hvað umferðarlöggæzlan var þar ströng og menn voru búnir að venja sig á að hlýða henni. Slíkt vantar — ég vil segja: svo að segja alveg hjá okkur. Þess vegna mundi ég telja, að hin stranga umferðargæzla ætti ekki að koma með H-deginum. Hún á að vera búin að eiga sér stað nokkra mánuði eða jafnvel nokkur misseri áður. Ef þannig væri að þessu máli unnið, er ég sannfærður um, að breytingin mundi valda miklu minni erfiðleikum en ella.

Ég vil svo nefna eitt atriði enn, sem ég tel líka mikilsvert, að verði einmitt gert í sambandi við þessa breytingu, og það er að herða viðurlög við ölvun við akstur, að það séu auknar þær refsingar, sem menn eigi yfir höfði sér, ef þeir séu ölvaðir við akstur, því að ég álít, að einmitt meðan menn eru óvanir breytingunni og eru að venjast henni, verði ölvunin miklu hættulegri en hún hefur þó verið undir þeim kringumstæðum, sem nú eru. Þess vegna tel ég, að Alþingi eigi nú, áður en breytingin verður, að taka þetta mál alveg sérstaklega til meðferðar og ákveða strangari refsingar fyrir það, að menn séu ölvaðir við akstur, því að svo mikil hætta sem er af ölvuðum mönnum við akstur undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, verður hún að sjálfsögðu miklu meiri, þegar verið er að ráðast í jafnvandasama breytingu og að taka upp hægri handar akstur í staðinn fyrir vinstri handar.

Ég skal svo ekki hafa þetta mál mitt öllu lengra, vegna þess að fundartíminn er líka að verða þrotinn að þessu sinni. En ég vil endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að ég vænti, að sú þn., sem fær þetta mál til meðferðar, taki frv. vel og helzt að hún fallist á það. En fari svo ekki eða einhverjir kunni að verða því mótfallnir þar, láti þn. ekki hjá líða að kynna sér sem bezt, hvernig undirbúningi að þessari breytingu er háttað, hvort það sé búið að gera þá endurskoðun á vegakerfinu, sem nauðsynlegt er, hvort eigi að herða umferðarstjórnina, áður en H-dagurinn kemur, þannig að menn séu búnir að fá einhverja æfingu í því að hlýða löggæzlunni og venja sig á umferðarreglur. Við vitum það t. d. þeir sem aka hér um bæinn eða eru með bílstjóra, sem aka hér um bæinn með bílum, að brotin á umferðarlögunum eða reglunum í dag hafa verið stórkostleg og eiga sér stað svo að segja á hverri mínútu í umferðinni á sömu götunni. Og svo er hitt, að það verði séð fyrir möguleikum til þess, að menn fái að þjálfa sig, áður en þessi breyting verður.

Að lokum við ég svo endurtaka það, að ég er sannfærður um, að beztur árangur mundi nást í þessum málum, mest samstaða um það, sem gert verður, mundi fást með þeim hætti, að þjóðin sjálf fengi að segja, hvað hún vildi að væri gert í þessum efnum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki tala hér langt mál, vegna þess að hv. 4. þm. Reykv. er búinn að taka þetta mál það vel í gegn og koma inn á flest þau atriði, sem ég hefði vilj-

að ræða, en mér finnst ekki ástæða til þess að taka þau atriði upp aftur nema þá að litlu leyti.

Eitt af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði í sinni ræðu áðan, var það, að þetta frv. hefði verið seinbúið og hefði verið eðlilegra, að það hefði komið í þingbyrjun. Það kann að vera, að það hafi verið eðlilegra. En ég fyrir mitt leyti vil benda hæstv. dómsmrh. á það, að minn hlutur í þessu máli var ekki óeðlilegur. Ég er hér nýr þm. og var að kynna mér þetta, hvaða skoðanir menn höfðu hér á þessu máli innan þingsins, og eftir það að þrýstingur, mjög mikill þrýstingur, utan af landsbyggðinni eða úr mínu kjördæmi kom um, að þetta mál væri tekið upp, var mér skylt að athuga hug manna í þessu máli. Ég leit líka þannig á, að undirbúningur að H-deginum væri alls ekki svo vel á veg kominn, að það mundi verða tilbúið, sem nauðsynlegt er að gera fyrir þennan H-dag fyrirhugaða. Ég vil benda sérstaklega á blindbeygjurnar, sem eru víða á landinu. Þeir, sem hafa ekið bíl í mörg ár, vita mjög vel, hvernig viðbrögð manna eru, þegar eitthvað óvænt kemur fyrir. Og þessi atvik hljóta alltaf að koma fyrir á blindbeygjunum. Ég held, að það sé alls ekki tímabært að breyta um, fyrr en það er búið að setja, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, tvöfaldan veg alls staðar á blindbeygjum úti á vegum.

Hæstv. dómsmrh. gat um það í ræðu sinni, að það væri miklu betra að hafa stýrið inni í umferðinni, það væri reynsla annars staðar, að það væri verra að sitja kantmegin. En það er auðheyrt, að dómsmrh. miðar við þær aðstæður, sem eru hér í Reykjavík og t. d. í öðrum löndum, en ekki við þær aðstæður, sem eru úti á íslenzkum þjóðvegum. Það er allt annað mál. Ég var það heppinn í fyrravetur, að ég var með manni héðan úr Reykjavík og lenti í mjög vondu hríðarveðri fyrir norðan, en hann var mikið með breytingunni. Hann sá, hvernig bílstjórinn þurfti að aka. Hann þurfti annað slagið að vera með höfuðið út úr bílnum eða miða aðeins við puntstráin á kantinum. Eftir að við komumst alla leið, sagði þessi góði Reykvíkingur: „Ég hef aldrei skilið þessa umferð hér úti á vegunum fyrr en nú.“

Það hefur komið fram hér í umr., að á þessum þröngu vegum blindast menn miklu frekar, ef menn eru inni á veginum heldur en úti á kantinum, ljósgeislinn á móti blindar mann miklu frekar. Það er alveg það sama, þegar maður mætir bíl. Aurinn skvettist á þá hliðina auðvitað og af því truflast útsýnið.

Það er ekki hægt að miða umferðina úti í íslenzku dreifbýli við það, sem er í öðrum löndum, hvorki í Svíþjóð né annars staðar. Og það þýðir ekkert fyrir okkur að miða þessa framkvæmd eða aðra við önnur lönd, nema aðstæðurnar séu sambærilegar, en það eru þær ekki.

Við förum ekki fram á það í þessu frv., að hætt sé við þessa breytingu. Við förum fram á það, að henni sé frestað, og ég vil skora á þn., sem fær þetta til umræðu, og taka undir það með 4. þm. Reykv., að þn. athugi það, velti því fyrir sér, hvort þetta sé í raun og veru framkvæmanlegt þannig, að ekki hljótist af því stórslys. Það er auðvitað margt hægt að segja um þetta, og ég vona, að það gefist tóm til þess síðar að ræða þessi atriði, og í trausti þess, þar sem fundartími er nú eiginlega liðinn, ætla ég að ljúka máli mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Nd., 23. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 192, n. 249 og 251).

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. og flutt er af 5 hv. alþm., fjallar um það, að ákv. 1. gr. laga um hægri handar umferð komi ekki til framkvæmda fyrr en á þeim degi apríl-, maí- eða júnímánaðar 1969, sem dómsmrh. ákveður að fenginni till. framkvæmdanefndar, enda hafi þá áður verið samþykkt við þjóðaratkvgr. að taka upp hægri handar umferð.

Í nál. meiri hl. allshn. er rakin saga þessa máls hér á Alþingi, og í því nál. kemur fram, að þetta mál hefur þrisvar sinnum hlotið samþykki á Alþingi. 1940 voru samþykkt ný umferðarlög, þar sem ákveðið var að taka upp hægri handar umferð. Síðan ákvað ríkisstj. að fresta þeirri framkvæmd, vegna þess að um það bil, sem hún átti að koma til framkvæmda, var landið hernumið af Bretum og þá ekki talið skynsamlegt undir þeim kringumstæðum að taka upp hægri handar umferð, þegar Íslendingar fengu ekki að öllu leyti að stjórna sínu eigin landi. Síðan er þessu máli hreyft tvisvar sinnum hér á Alþingi með flutningi þáltill. 1962—'63 var flutt þáltill. um að skora á ríkisstj. að láta athugun fara fram á því, hvort ekki væri rétt að taka upp hægri handar umferð hér á landi. Þessari till. var vísað til allshn., sem einróma mælti með till., en hún var flutt seint á því þingi og varð því ekki útrædd. Á næsta þingi á eftir, 1963—'64, var aftur borin fram þessi þáltill. um að skora á ríkisstj. að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi. Þessi till. var samþ. með 31 atkv. gegni 1 á Alþ., og þar með hafði Alþ. tvisvar sinnum lýst yfir stuðningi sínum við þessa breytingu. Í framhaldi af þessu sendir dómsmrn. þessa ályktun Alþ. til umferðarlaganefndar 13. ágúst 1964 og óskar, að hún láti í té grg. um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar væru, til þess að komið yrði á hægri handar umferð hér á landi, svo og yfirlit um áætlaðan kostnað, sem væri því samfara. Umferðarlaganefnd skilaði áliti sínu 4. febr. 1965. Að þessu fengnu ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir því, að upp yrði tekin hægri handar umferð hér á landi og að því stefnt, að breytingin kæmi til framkvæmda vorið 1968. Dómsmrn. fól umferðarlaganefndinni með bréfi 14. apríl 1965 að semja frv. til l. um hægri handar umferð og ákvað, að jafnframt n. skyldu starfa að samningu frv. formaður Félags ísl. bifreiðaeigenda og formaður skipulagsnefndar fólksflutninga. N. lauk samningu frv. 8. nóv. 1965, og lagði dómsmrh. frv. fyrir Alþ. litlu síð-

ar. Þetta frv. náði samþykki hér í þessari hv. deild með 24:9 atkv., og í efri deild hlaut það einnig samþykki með 12:8 atkv. Eftir að frv. var orðið að lögum, skipaði dómsmrh. n. til þess að annast um framkvæmd að undirbúningi hægri umferðar, og þessi n. hefur starfað síðan og stefnt að því skv. ákvörðun dómsrh., að hægri handar umferð verði tekin upp nú í maí n. k.

Það kom því mörgum á óvart, sem hafa kynnt sér þessi mál, að 5 hv. alþm. skuli rétt áður en Alþingi fer í jólafrí kasta inn þessu frv., þegar undirbúningur að framkvæmd hægri umferðar er jafnlangt á veg kominn. Nú má segja, að 3 af þessum hv. þm. hafi ekki haft tækifæri til þess að láta málið til sín taka fyrr, en þó hefðu þeir getað haft frv. til, þegar Alþ. kom saman í okt. í haust, en 2 þm. höfðu setið á Alþ., þegar frv. að lögunum var lagt fram og þál. á undan var samþykkt en annar þeirra var þó ekki viðlátinn hér á Alþ., þegar frv. var til meðferðar hér í hv. deild. Er þá einn af flm. eftir, en sá flm. barðist þó ekki hatrammar en svo gegn breytingunni að taka upp hægri handar umferð, að hann steinþagði við allar þær umr., sem áttu sér stað í d. um þetta mál. Hann hefur kannske ekki áttað sig fyrr en komið var að því að taka upp hægri handar umferð.

Í grg., sem fylgir þessu frv. um að fresta um eitt ár að taka upp hægri handar umferð, er það mjög lofsvert hjá hv. flm. að taka fram, að þeir telji, að það eigi nú ekki, eins og málum sé komið í okkar landi og erfiðleikar séu að eyða jafnmiklu fé í þessa breytingu og gert er, og álasa í raun og veru fyrir að hafa tekið þessa ákvörðun. Ég vil minna hv. flm. frv. á það, að þegar frv. er samþykkt í byrjun maímánaðar 1966, var mikið góðæri á Íslandi og afurðir okkar voru í einhverju hæsta verði, sem þær hafa verið, svo að enginn sá þá fyrir það, sem seinna kom á daginn. En þegar við tölum um peningahliðina og sleppum öllu öðru, þá hygg ég, að það sé það óviturlegasta, sem við getum gert, þegar við erum búnir að skuldbinda okkur til nú um miðjan janúarmánuð að verja 32 millj. kr. þegar í þessa breytingu, að hætta þá allt í einu við það. Nú má segja það, eins og flm. benda á, sem allir eru miklir sparnaðarmenn, eins og fram kemur í grg. þeirra, að það sé alltaf rétt að fara gætilega með peninga. En ég held, að það sé það óviturlegasta, sem við gætum gert, að ætla að kasta þessu öllu á glæ. Þjóðaratkvgr. kostar líka peninga, og ef menn reyna að athuga, hvað t. d. alþingiskosningar kosta og sömuleiðis hvað þær kosta sveitarfélögin í landinu, þá er ekki mikill sparnaður að þjóðaratkvgr., að ég ekki vitni í Svía, sem mjög er vitnað til nú í sambandi við þessa breytingu í hægri handar umferð, að Svíar lögðu breytinguna undir þjóðaratkv. árið 1955 og þjóðin felldi að taka upp hægri handar umferð, en þrátt fyrir það eru Svíar knúnir til að taka upp hægri handar umferð, þrátt fyrir það að sænska þjóðin felldi þessa breytingu, en það kostaði þá margfalt meira að hafa lagt breytinguna undir atkvæði þjóðarinnar. Ég hygg, að flestar þjóðaratkvgr., hvort sem væri íslenzka þjóðin eða aðrar, sem væru um að leggja skatta á viðkomandi þjóð, færu á þann veg, að málin væru felld við þjóðaratkvgr. Varðandi álögur, hækkun tekjuskatts eða atkvgr. í sveitarfélögum um það, ef ætti að spyrja borgarana að því, hvort sveitastjórnirnar ættu að hækka útsvörin eitthvað á næsta ári, er ég alveg sannfærður um það fyrir fram, að við slíkar atkvgr. yrði alltaf fellt að hækka útsvörin. Það er því vafasamt atriði að benda á þjóðaratkvgr. í þessu sambandi. Svo kemur það einnig til, að við þjóðaratkvgr. ganga sumir menn að kjörborðinu trúaðir fyrir fram á, að þetta sé allt eintóm vitleysa, vilja ekki kynna sér málið til hlítar, og þar af leiðandi hafa þeir jafnvel meira að segja en þeir tiltölulega fáu, sem kynna sér hlutina.

Það er mjög eftirtektarvert, að tveir af þeim embættismönnum á Íslandi, sem mest varða umferðamál hafa frá fyrstu tíð verið fastir á þeirri skoðun, að hér ætti að taka upp hægri handar umferð, en þar á ég við vegamálastjóra og lögreglustjórann í Reykjavík. Allir þeir aðilar, sem hafa mætt á fundum allshn., bæði nú og áður, í sambandi við þetta mál og eru forsvarsmenn félaga á sviði umferðarmála, hafa einróma mælt með því, að hér væri tekin upp hægri handar umferð, að undanskildum fulltrúa frá nýstofnuðu félagi, sem heitir Félag ísl. vegfarenda, sem mælti eindregið gegn því, að hægri handar umferð væri tekin upp á Íslandi.

Í slíkum málum sem þessum má alltaf benda á það og slá á viðkvæma strengi, að slysahætta muni aukast mjög verulega. En þá skulum við benda aftur á það, að í mörgum löndum hafa á liðnum áratugum og allt fram á síðasta haust allmargar þjóðir breytt umferð sinni úr vinstri handar í hægri handar umferð, og skv. skýrslum allra þessara þjóða hefur það komið í ljós, að slysum hefur fækkað verulega um það bil sem umferðarbreytingin átti sér stað og fyrstu vikur og mánuði á eftir. Það er ekki af því, að mínum dómi, að það sé neitt auðveldara að aka á hægri kanti en vinstri, heldur liggur þetta í því eingöngu, að áróðurinn er svo mikill, þegar breytingin á sér stað, að menn fari varlega, og það hefur gert það að verkum, að mörgum mannslífum hefur verið bjargað með hinum mikla áróðri, sem hefur átt sér stað hjá öllum þessum þjóðum. Sama hefur sýnt sig í Svíþjóð við umferðarbreytinguna þar. Hins vegar þegar lengra hefur liðið frá breytingunni, þá virðast umferðarslysin aftur fara í það sama og áður.

Við skulum líta á það, að það er áhugi á því hjá flestum þjóðum að samræma sem mest sína löggjöf, samræma samgöngur sínar, eins og hægt er, og það er mikið atriði, að það er hægri umferð í lofti, það er hægri umferð á sjó, og það er einnig mikið atriði að samræma hægri umferð, þó að Ísland sé eyland. Það er ekki ný staðreynd, þó að flm. veki sérstaklega athygli á því í grg. sinni, að Ísland sé eyland. Ég hygg, að allir hafi vitað það 1940, þegar umferðarl. voru þá samþykkt, og þó fyrr hefði verið. En hitt vitum við, að umferðin er alltaf að aukast, samskipti þjóðanna eru alltaf að verða meiri og meiri, og það er undarlegur veikleiki, sem á sér stað hjá sumum Íslendingum, að þeir telja, að ef einhver slík breyting sé gerð, þá sé það eftiröpun eftir útlendum þjóðum. En við skulum hafa það líka í

huga, að það eru hundruð Íslendinga, sem eru við nám eða atvinnu í öðrum löndum, þar sem hægri handar umferð er, sem koma hingað heim og aka bílum á Íslandi í fríum sínum, fyrir utan alla útlendingana, sem koma. Það er mikið atriði, að það sé samræmi. Við skulum nefna flugstjóra og flugáhafnir, sem fara upp í bifreiðar í öðrum löndum, þar sem hægri umferð er, svo koma þeir hingað heim, þeir eru með hægri umferð í loftinu, þá eiga þeir allt í einu að muna eftir, að það er vinstri umferð. Allt verður þetta auðveldara í framtíðinni, ef haft er samræmi í þessum hlutum.

Ég skal fúslega játa, að það hefur kannske ekki verið nein brýn þörf á þessari breytingu endilega á þessu ári, hún hefði getað beðið kannske 5—6 ár þess vegna. En þá skulum við hafa það í huga, hvað kostnaðurinn við breytinguna margfaldast á sama tíma, og þá höfum við fyrst og fremst nærtækt dæmi Svía, að kostnaðarbreytingin sté stórkostlega, frá því að sænska þjóðin felldi þessa breytingu árið 1955. Ég hygg, að hvað sem líður skoðunum manna á þessu máli og að jafnvel þeir, sem greiddu atkvæði gegn frv., þegar það var hér til afgreiðslu í byrjun maí 1966, voru þá á móti, að hér væri tekin upp hægri handar umferð, þegar þeir líta nú á það, hvað undirbúningur þessa máls er kominn langt á veg og hvað búið er að láta mikið fé í þessa breytingu og búið að skuldbinda sig til þess að láta til viðbótar, hvað margir hafa tekið á sig, bæði einstaklingar og félög, skuldbindingar í þessu sambandi, bæði með bifreiðastæði og annað, þegar við lítum einnig á það, hvað búið er að gera af innkaupum á bifreiðum fyrir hægri handar umferð, eins og t. d. Strætisvagnar Reykjavíkur og langferðabifreiðar hér á þéttbýlisleiðinni, að ef frá þessu yrði horfið og málið lagt undir þjóðaratkvæði og þjóðin felldi að taka upp hægri handar umferð, þá er ekkert vafamál, að ríkið yrði skaðabótaskylt gagnvart þessum aðilum, ekki um nokkrar milljónir, heldur jafnvel tugi milljóna króna. Þess vegna er það auðvitað alger fjarstæða hjá flm., sem tala um sparnað í þessu sambandi, að það verði sparnaður að því að hætta við umferðarbreytinguna.

Það hefur líka verið mikið talað um það af andstæðingum hægri handar laganna, að það þurfi að stórefla löggæzluna um langan tíma, bæði um það bil, sem breytingin fer fram, og langan tíma á eftir. Auðvitað verður að efla löggæzluna, á meðan breytingin fer fram, og fara auðvitað eftir reynslu annarra þjóða, og þá er auðvitað reynsla Svía nærtækust. Lögreglustjórinn í Reykjavík, formaður umferðarlaganefndar, Sigurjón Sigurðsson, gaf eftirfarandi upplýsingar á fundi allshn., áður en allshn. tók afstöðu til frv., um löggæzluna í Svíþjóð, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, skýra lauslega frá þessum upplýsingum.

Lögreglustjóri segist hafa fengið þessar upplýsingar hjá ríkislögreglustjórninni sænsku, og eru þær í samræmi við opinbera grg., sem hann hefur undir höndum um skipulagningu löggæzlu í Svíþjóð í sambandi við breytingu í hægri umferð þar í landi. Í Svíþjóð eru um 12 þús. lögreglumenn, þar af voru settir til starfa í sambandi við breytinguna, samtals 7.500 löggæzlumenn, en hinn hluti lögregluliðsins gegndi öðrum tilfallandi löggæzluverkefnum. Af framangreindum 7.500 lögreglumönnum gegndu um 6.000 beinni umferðarstjórn á vettvangi í borgum, bæjum og þéttbýli. Auk þessa liðs lét sænski herinn í té samtals 2.200 hermenn til löggæzlustarfa. Ekki voru ráðnir sérstakir lögreglumenn vegna breytingarinnar, en vinnuálag á hið fasta lögreglulið var stóraukið fyrstu vikurnar. Gert var ráð fyrir, að 12. sept. mundu allir hermenn verða látnir hætta störfum við umferðarstjórn utan 400 hermanna, sem áttu að vera til taks sem varamenn. Á tímabilinu milli 20. og 30. sept. áttu 50% af lögreglumönnum, sem beinan þátt taka í umferðarstjórn vegna breytingarinnar, að fara í venjuleg störf. Ekki var talið unnt að segja fyrir fram með vissu, hvenær hætta mætti algerlega sérstakri löggæzlu vegna breytingarinnar. Skipulagt var og lítillega þjálfað fjölmennt lið sjálfboðaliða, sem vann kauplaust að því eingöngu að leiðbeina gangandi vegfarendum yfir veg. Liðið var fjölmennast fyrstu dagana, en fjaraði síðan út og starfi þess var lokið eftir rúma viku. Skv. upplýsingum, sem lögreglustjóri og Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn fengu í Svíþjóð, er þeir voru staddir þar í byrjun nóv., þá var lokið allri sérstakri löggæzlu vegna breytingarinnar í hægri umferð, utan þess að haldið var uppi aukinni vegalöggæzlu í dreifbýlinu.

Þannig fóru Svíar að í sambandi við löggæzluna. Það getur því hver og einn séð, sem skoðar þessar upplýsingar, að upplýsingar frá Félagi ísl. vegfarenda um aukningu löggæzlukostnaðar eru fjarstæða ein, enda talið af embættismönnum hér að vera það og engan veginn rökstuddar sem skyldi.

Mér þykir einnig rétt, af því að ég vitnaði hér í annan embættismann, vegamálastjóra, að láta koma fram hans umsögn og viðhorf til þessa frv., sem hann lagði fram á fundi allshn., þegar um málið var fjallað. Hann segir m. a.:

Þau rök, sem flm. frv. færa fram fyrir því að fresta framkvæmd laganna um hægri umferð og láta fara fram þjóðaratkvgr. um málið áður, voru flest vel kunn, þegar lögin voru til meðferðar á Alþ. árið 1966, og því ástæðulaust að endurtaka röksemdir gegn þeim. Önnur rök, sem tínd eru til í grg., svo sem áætlun Félags ísl. vegfarenda um löggæzlukostnað í sambandi við breytinguna, eru með þeim ævintýrablæ, að þau verða tæpast tekin alvarlega. Þegar unnið var að undirbúningi l. um hægri akstur á árunum 1965 og 1966 og við meðferð málsins á Alþ. kom fram, að það atriði málsins, sem erfiðast var að gera sér fulla grein fyrir, væri sú slysahætta, sem væri breytingunni samfara. Menn voru þó yfirleitt þeirrar skoðunar, að með hliðsjón af þeirri reynslu, er fengizt hafði af sams konar umferðarbreytingu í öðrum löndum, þá væri ekki ástæða til þess að vænta verulega aukinna umferðarslysa af völdum breytingarinnar. Síðan hafa Svíar breytt úr vinstri akstri í hægri akstur á s. l. hausti með mjög góðum árangri, eins og kunnugt er. Hefur umferðarslysum þar í landi fækkað eftir breytinguna, og var það gagnstætt því, sem menn áttu þó von á. Flm. fullyrða, að gífur-

leg slysahætta skapizt við breytinguna vegna hinna mjóu og ófullkomnu vega um hinar dreifðu byggðir landsins. Í því sambandi þykir mér rétt að geta þess, að mikill hluti af vegakerfi Svíþjóðar er ófullkomnir malarvegir í dreifðum byggðum líkt og hér. Ekki er kunnugt um, að slysahætta á þessum hluta vegakerfisins hafi orðið hlutfallslega meiri við umferðarbreytinguna í Svíþjóð en þar sem umferð er mikil. Verður því ekki séð, að slysahættan á þessum hluta vegakerfisins ætti að verða meiri hér en í Svíþjóð við svipaðar aðstæður.

Að lokum segir vegamálastjóri: „Það skal tekið fram, að telja verður það mjög miður farið, að frv. þetta skuli koma fram nú, þegar öllum undirbúningi hægri umferðar er svo langt komið, að öllum má ljóst vera, að engin leið er að fresta þeirri framkvæmd með skynsamlegu móti. Frv. er hins vegar líklegt til þess að rugla menn í ríminu og hindra, að um framkvæmd umferðarbreytingarinnar skapist sú eining og festa, sem er nauðsynleg, til þess að framkvæmdin geti farið vel úr garði."

Eitt af því, sem flm. þessa frv. segja í grg, er, að það hafi engin vissa fengizt fyrir því, að tryggingarfélögin muni ekki hækka iðgjöld sín vegna breytingarinnar. Ég spyr hv. flm. frv.: Ef við hefðum aldrei talað um neina umferðarbreytingu, hvar er trygging fyrir því og hefur verið á undanförnum árum, að tryggingarfélögin gefi út ákveðnar yfirlýsingar um það, að þau ætli ekki að hækka tryggingariðgjaldið. Tryggingariðgjöld fara auðvitað eftir tjónareynslunni á hverjum tíma, og eftir því sem hún er lakari, hækka iðgjöldin næst þegar iðgjaldaákvörðunin fellur úr gildi. Það er því ekki hægt að koma með neina sérstaka tryggingu fyrir slíku nú, þó að eigi að færa úr vinstri umferð í hægri umferð. En það er mjög eftirtektarvert, sem fram hefur komið í Svíþjóð, að eitt stærsta bifreiðatryggingafélag í Svíþjóð er nýlega búið að boða 10% lækkun á bifreiðatryggingaiðgjöldum, og önnur slík tryggingafélög munu að sjálfsögðu á eftir fara. Þannig hefur þetta verkað í okkar nágrannalandi að því er snertir tryggingar bifreiða enn sem komið er. En það er auðvitað engin trygging fyrir því, að þessi tryggingariðgjöld fari áfram lækkandi í Svíþjóð. Það verður auðvitað komið undir því, hvort umferðarslysum og tjónum á bifreiðum fjölgar eða ekki. Þess vegna er út í hött að koma með þetta fram í grg., eins og margt fleira í grg. með þessu frv.

Það hefur líka verið mikið um það talað, að breytingin muni skapa auknar hættur úti í dreifbýlinu, þar sem vegirnir eru mjórri og ekki eins fullkomnir. Það er mjög ánægjuleg staðreynd hjá okkar nágrannaþjóð, Svíum, að það hefur ekki aukið umferðarslysin þar, heldur hefur þeim fækkað, alveg eins og í þéttbýlinu. Umferðin í hinum dreifðu byggðum okkar er tiltölulega lítil. Sem dæmi má nefna, að um 3% af þjóðvegakerfinu fara um 24% af allri umferð á landinu.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín miklu fleiri, en við, sem stöndum að nál. meiri hl. allshn., eins og fram kemur, leggjum til, að frv. verði fellt. Ég vona, að hv. þdm. felli þetta frv. með miklum atkvæðamun, og burt séð frá því, hver skoðun manna var áður, þegar frv. um hægri handar akstur var hér til umr., er málum svo komið, að það er búið að fórna miklu fé og tíma og fyrirhöfn og búið að gera miklar fjárskuldbindingar, sem væru unnar fyrir gýg, ef við ættum nú á lokastigi að hverfa frá fyrri ásetningi. Ég tel, að Alþ. hafi fullan rétt á því að marka þessa löggjöf sem aðra, og það er þrívegis yfirlýst stefna Alþ. að taka upp hægri handar umferð, og maður verður að treysta því, að það sé enginn sá maður til í þessu landi, sem ekki vill taka þátt í þeirri samvinnu, sem er nauðsynlegt að viðhafa þá mánuði, sem eftir eru, þangað til framkvæmdin á sér stað, og þjóðin hjálpist að því að láta þessa umferðarbreytingu fara sem bezt úr hendi og taka aðrar þjóðir, sem breytt hafa úr vinstri handar umferð í hægri handar umferð, til fyrirmyndar í þeim efnum, og þá er ég sannfærður um, að Íslendingar eru ekkert verr gefnir eða lakari í þessum efnum en aðrar þjóðir. Ef þeir taka sig saman um það, hvað sem líður fyrri afstöðu þeirra til þessa máls, mun þessi breyting geta farið fram með svipuðum hætti og ekki lakari en hjá þeim mörgu þjóðum öðrum, sem hafa breytt yfir í hægri umferð á undanförnum tveimur áratugum.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Eins og kemur fram í minnihlutanál. allshn. á þskj. 251, voru haldnir tveir fundir í allshn. um málið. Á síðari fundinum, 26. jan., komu til viðtals flestir þeir, er samið höfðu frv. til l. um hægri handar umferð. Þarna voru því mættir forsvarsmenn hægri handar umferðar á Íslandi, og ekki var búizt við, að hjá þeim hefði orðið hugarfarsbreyting, enda reyndist það rétt. Allir eru þessir menn mætir og hæfir, hver á sínu sviði, og hafa vissulega mikla þekkingu til að bera í þessum málum. En það er ekki þar með sagt, þó að þeir séu sérfræðingar, að aðrir geti ekki bent á margt, sem betur mætti fara, og þá sérstaklega þeir menn, sem hafa gert það að lífsstarfi sínu að aka bifreiðum. Þeirra reynsla og þeirra álit má ekki vanmeta. En það er vitað, að meiri hluti atvinnubifreiðastjóra í landinu mælir eindregið gegn umferðarbreytingunni.

Á þessum umræddu fundi komu engin ný rök fram með hægri handar umferð, en þeir vitnuðu allmikið til Svíþjóðar, að umferðarbreytingin hjá þeim hefði heppnazt vel. Þeir bentu á, að þrátt fyrir að Svíar hefðu haft þjóðaratkvgr. um málið árið 1955, hefðu þeir samt samþykkt hægri handar umferð árið 1963 án þess að leggja málið þá undir þjóðaratkvgr. Þetta er rétt. En við vitum, að þegar Svíar höfðu þjóðaratkvgr. um málið árið 1955, voru 83% af þeim, sem greiddu atkvæði, á móti hægri handar umferð, en vegna sívaxandi umferðar yfir sameiginleg landamæri jókst slysatíðni gífurlega, og þess vegna voru þeir knúðir til að gera sínar ráðstafanir. Þeir samþykktu lög um hægri handar umferð árið 1963, en þeir samþykktu samtímis, að umferðarbreytingin tæki ekki gildi fyrr en árið 1967, eða þeir unnu að því í 4 ár að skapa jákvæða afstöðu fólksins. Þetta var ástæða Svíanna, að samræma ökureglur vegna sameiginlegra landamæra. Það dregur enginn í efa, að umferðarbreytingin í Sví-

þjóð hafi heppnazt vel, enda var miklu fé til þess kostað. Því er haldið fram sem rökum hér, að slysatíðnin í Svíþjóð hafi lækkað, eftir að breytt var í hægri handar umferð. En þá verður að hafa nokkur sjónarmið í huga. Þeir lækkuðu aksturshraða ökutækja, og þeir hafa haldið honum niðri lengi. Þeir höfðu öfluga löggæzlu, lögreglu, sjálfboðaliða og hermenn, en það, sem þó er talið að hafi borið mestan árangur, er hin sífellda fræðsla og upplýsingar um umferðarmál. Þá má geta þess, að þegar þeir breyttu yfir í hægri umferð, minnkaði akstur til stórra muna, eða talið var, að benzínnotkun þeirra hafi minnkað um 25% fyrst í stað. Og við megum ekki heldur gleyma því, að áður en Svíar tóku upp hægri handar umferð, var slysatíðni í Svíþjóð þrisvar sinnum minni en hún var í öðrum meginlöndum í Evrópu. Það má því draga þá ályktun, að hin gífurlega umferðarfræðsla allt frá árinu 1963 hafi átt sinn stóra þátt í þessu. En það er það, sem okkur hefur vantað hér, það er umferðarfræðslan.

Hæstv. dómsmrh. upplýsti hér við 1. umr. málsins, að upphafleg kostnaðaráætlun hefði hækkað um 10 millj. kr., eða úr rúmlega 50 millj. í 60 millj. kr. Það var breyting á almenningsvögnum, sem hafði hækkað um 2 millj. vegna gengislækkunar eða gengisbreytingar, og 8 millj. kr. yrði varið til umferðarfræðslu. Þetta er því nýr liður, en vissulega gagnlegur og sjálfsagður. En þessi liður hefði auðvitað átt að vera inni í upphaflegu kostnaðaráætluninni árið 1966, en kemur nú fyrst fram, rúmlega fjórum mánuðum fyrir væntanlega umferðarbreytingu.

Enn vil ég undirstrika það, að Svíar segja sjálfir, að veigamesti þátturinn í umferðarbreytingunni hafi verið fræðslan um umferðarmálin og upplýsingar um umferðina, og þeir notuðu sér 4 ár til þess, en við höfum aðeins 4 mánuði. Til þess að bæta umferðarmenningu á Íslandi verðum við framvegis að verja árlega ríflegri upphæð til þessara mála, hvort sem við ökum til hægri eða vinstri. Margir höfðu álitið, að þegar skipt yrði yfir í hægri umferð, mundu vera gerðar nauðsynlegar breytingar á þjóðvegakerfinu, eins og að skipta um hin mörgu og hættulegu vegræsi, sem eru mjórri en vegurinn, enn fremur að tvístefnuakstur yrði á blindhæðum og blindhornum. Á þessum umræddu fundi allshn. upplýsti vegamálastjóri, að engar slíkar framkvæmdir væru fyrirhugaðar fyrir H-dag, því að ræsin skiptu þúsundum og akreinaskipti á blindhæðum væru mikið fyrirtæki og allt mundi þetta kosta stórfé.

Í athugasemdum, sem fylgdu lagafrv. árið 1966, segir í 1. kafla, með leyfi hæstv. forseta: „Álit manna á því, hvor gerðin henti betur hvorri umferðarreglunni, hægri handar eða vinstri, er nokkuð mismunandi. Þykir sumum betra að hafa vinstri handar stýri, þar sem hægri handar umferð er. Gildir þetta sérstaklega þar, sem vegir eru góðir og umferð mikil. Á hinn bóginn telja margir, að betra sé að hafa stýri þeim megin, sem ökuregla býður að ekið sé, þar sem þá sé betra að gæta vegbrúnar, t. d. þegar farartæki mætast. Gildir þetta sérstaklega þar, sem umferð er lítil, vegir mjóir og vegbrúnir varhugaverðar.“

Við höfum haldið fram þeirri skoðun, að íslenzkir þjóðvegir væru bæði mjóir og varhugaverðir, og eftir þessar upplýsingar vegamálastj., að ekki verði hægt að skipta um þessi hættulegu og mjóu vegræsi eða skipta blindhæðum, verða allir að viðurkenna, að ef við breytum frá vinstri í hægri handar umferð, mun slysahættan aukast, því að bifreiðarstýrið verður þá nær vegmiðju og bifreiðastjórinn mun hafa minna yfirsýn yfir vegjaðarinn, og sérstaklega er þessi hætta mikil, þegar bifreiðar mætast nálægt vegræsum. Þess vegna stendur sú skoðun okkar óhögguð, að með umferðarbreytingunni, sem kostar tugi millj. kr., er verið að gera umferðina fyrir utan þéttbýlið ótryggari og hættulegri.

Á þessum fundi allshn. var lögreglustjórinn í Reykjavík. Hann upplýsti, að í höfuðborginni yrði löggæzlan tvöfölduð í 1—2 vikur, á meðan skipt yrði yfir í hægri handar umferð. Ekki gat lögreglustjóri lagt fram kostnaðaráætlun á þessu stigi málsins. Hann gagnrýndi þá kostnaðaráætlun, sem Félag ísl. vegfarenda hefur látið frá sér fara, taldi hana óraunhæfa. En þar sem þetta er eina kostnaðaráætlunin, sem gerð hefur verið um löggæzlu, höfum við leyft okkur að láta hana fylgja með nál. okkar sem fylgiskjal II. Um þessa kostnaðaráætlun skulum við ekki deila, en vissulega hefði verið ástæða til, að kostnaðaráætlun yfir löggæzluna hefði fylgt með lagafrv. strax í upphafi, en þar var ekki minnzt á þennan stóra kostnaðarlið. Og nú, fjórum mánuðum fyrir væntanlega umferðarbreytingu, er ekki enn til áætlun um það, hvað löggæzlan verður mikil.

En það eru mörg atriði, sem við þurfum að ræða um, og það eru skiptar skoðanir um það, hve lengi þarf að hafa aukið löggæzlulið, hve lengi þarf að hafa takmarkaðan ökuhraða, en allir sjá, að löngu eftir umferðarbreytinguna verður að hafa örugga löggæzlu og eftirlit um allt land, og það eftirlit má alls ekki spara, ef vel á til að takast. Þess vegna verður aldrei komizt hjá því, að til löggæzlunnar verður að verja miklu fé.

Öll rök, sem fram hafa komið og eiga að sanna, að hægri handar umferð sé betri en vinstri handar umferð, eru haldlítil. Og þau rök, að hægri handar umferð í Svíþjóð hafi heppnazt vel, eiga ekki við hjá okkur. Þeir hafa haft gífurlega umferðarfræðslu í 4 ár, og þeir hafa betra þjóðvegakerfi en við, og þannig mætti lengi telja.

Í áliti meiri hl. allshn. eru engin rök færð fram með hægri handar umferð, önnur en þau, að nú sé svo langt komið, að ekki verði snúið við. Þetta eru því þeirra aðalrök í dag, að nú þegar sé búið að verja í þetta 22 millj. kr. Og þessu fé sé á glæ kastað, ef frá henni verði horfið. Svo er þó ekki. Hluti kostnaðar er vegna umferðarfræðslu, umferðarljósa og kaupa á vagngrindum. Það er misskilningur að álíta, að allt þetta fé sé glatað, mestallt kæmi að notum. Á meðan lögin eru ekki komin til framkvæmda, er ekki of seint að breyta þeim, og við verðum að hafa í huga, að sá kostnaður, sem nú þegar er kominn í umferðarbreytinguna, er aðeins hluti af þeim ófyrirsjáanlega kostnaði, sem í umferðarbreytinguna mun fara. Og það má geta þess, að það eru bifreiðaeigendur, sem hafa þegar greitt á s. l. ári 10—12 millj. kr. í þennan kostnað. Það kemur fram hjá Félagi ísl.

vegfarenda, að þeir álíta, að þjóðin muni ekki telja eftir sér að taka á sig þann kostnað, sem þegar er búið að greiða, verði við breytinguna hætt. Að vísu veit enginn enn þá hinn endanlega kostnað, eins og hann kann að reynast, t. d. við löggæzluna, við breytingu á ljósaútbúnaði bifreiða, en fullvíst má telja, enda færð að því rök, að kostnaður við breytingu yfir í hægri handar umferð muni verða miklu meiri en áætlað var í upphafi, bæði fyrir hið opinbera og eigendur bifreiða.

Við verðum því að vega og meta þetta mál í ljósi þeirra staðreynda, sem við blasa. Í fyrsta lagi, að enn hafa engin haldgóð rök komið fram, sem réttlæta milljóna króna eyðslu í þessa umferðarbreytingu. Í öðru lagi, að allt bendir til, að umferðarbreytingin skapi aukna slysahættu á þjóðvegum landsins. Í þriðja lagi, að þúsundir kjósenda hafa mótmælt umferðarbreytingunni með undirskriftum og fundasamþykktum og daglega berast hv. Alþ. mótmæli víðs vegar að af landinu og mikill meiri hluti atvinnubifreiðastjóra er andvígur hægri handar umferð. Í fjórða lagi, að kjósendur eiga erfitt með að skilja, að það eigi að framkvæma jafnvafasama og umdeilda umferðarbreytingu, þegar í landinu hefur skapazt efnahagslegt neyðarástand og almenn kjaraskerðing. Út frá þessum höfuðatriðum verðum við að móta afstöðu okkar til málsins. Það er því sameiginlegt álit okkar í minni hl. allshn., að öllu þessu athuguðu, að það sé bæði eðlilegt og rétt að samþykkja frv. um frestun á hægri handar umferð og þjóðaratkvgr. um málið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er ekki einn af þeim, sem gerðust flm. að þessu frv. En síðan það kom fram, hef ég gert mér nokkurt far um að athuga þetta mál að nýju, sem hér er um að ræða, með því að kynna mér skjöl og umræður frá því þingi, sem samþykkti gildandi umferðarlagaákvæði um hægri handar akstur, og það, sem komið hefur fram, síðan þau lög voru sett.

Þegar mál þetta kom til umr. og afgreiðslu í hv. allshn., komst ég að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að mæla með því frv., sem hér liggur fyrir, og ég hef undirritað nál. frá minni hl. allshn., sem hér liggur fyrir á þskj. 251. Mér þykir því hlýða að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Áður en ég kem að því meginefni þessa máls, hvort nauðsynlegt sé eða æskilegt að taka upp hægri handar umferð hér á landi, vil ég leyfa mér að segja nokkur orð um sérstaka tegund málflutnings, sem ég hef heyrt, bæði innan þings og utan og nú síðast hjá hv. frsm. meiri hl. og varðar framkomu þess frv., sem hér liggur fyrir.

Ég hef í fyrsta lagi heyrt flm. þessa frv. ámælt fyrir það að bera þetta mál fram nú á Alþingi og þeim jafnvel brugðið um óafsakanlegt frumhlaup í því efni. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að flutningur frv. hefði komið á óvænt. En ég tel, að þeir menn, sem svona tala, séu sjálfir ámælisverðir fyrir að láta sér slíkt um munn fara. Mér finnst viðbrögð af þessu tagi bera keim af ofstæki, sem tæplega á heima í lýðræðislandi. Það er réttur manna og eftir atvikum skylda að gera tilraun til að fá á löglegan hátt þeim lögum breytt, sem þeir telja óheppileg fyrir þjóðina. Þessi réttur manna til að stuðla að breytingu laga, sem þeir eru andvígir, er einn af hornsteinum hins friðsama þjóðfélags. Og ég get ekki betur séð en viðbrögð almennings gagnvart hinni fyrirhuguðu hægri handar umferð, svo og tilkoma margra nýrra þm. í síðustu kosningum, hafi veitt flm. þessa frv. sérstakt tilefni til þess að hreyfa þessu máli nú.

Ég hef enn fremur heyrt því haldið fram, að þetta frv. sé of seint fram komið, undirbúningi hægri handar aksturs sé svo langt komið og búið að leggja í svo mikinn kostnað við hann, að ekki verði aftur snúið. Mönnum finnst það hart að hafa lagt á sig mikla vinnu og lagt fram fé eða stuðlað að því, að þjóðfélagið legði fram mikið fé til að koma því í kring, sem ekki verður, alveg eins og áhugasömum skipstjóra hlýtur að finnast það hart að hafa siglt skipi sínu langa leið eftir skökkum kompás. Samt má hann ekki halda áfram sömu leið og mundi ekki gera. Ég leyfi mér að treysta því, hvað sem öðru líður, að hv. þm. láti ekki rökvillu af þessu tagi, sem notuð er sem áróður hjá fylgismönnum hægri handar aksturs, hafa áhrif á afstöðu sína. Það er satt, að það er búið að leggja í allmikinn kostnað, e. t. v. rúmlega 30 millj. kr., til að undirbúa hægri umferð. Okkur var gefin skýrsla um það, að það væri búið að leggja fram 22 millj. og taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar um að greiða kostnað við framkvæmdir, sem næmu 9 millj. kr., ef úr þeim verður. Þannig eru þessar rúmar 30 millj. fengnar. En það er eftir að leggja fram miklu meira fé, miklu meira en 30 millj., til þess að hún geti komizt í framkvæmd. Það kostar meira fé fyrir þjóðfélag og einstaklinga að halda áfram við hægri umferðina heldur en hætta við hana og greiða áfallinn kostnað. Sumir segja miklu meira fé, jafnvel mörgum sinnum meira fé, og þá er það aukin ástæða til þess að stinga við fótum, ef það kostar miklu meira að halda áfram með hægri umferðina heldur en taka á sig áfallinn kostnað. Þegar ég tala um þetta, held ég mig við tölur umferðarnefndar og hef hliðsjón af því, sem hún hefur ekki áætlað, en að það er sitt af hverju, sem hún hefur ekki áætlað og ekki var áætlað, þegar frv. til l. um hægri handar umferð var lagt fyrir þingið. En jafnvel þó að það sé gert, haldið sig við þessar tölur, er auðsætt, að það kostar meira að halda áfram með breytinguna en að hætta við hana. Ég legg því til, að við tökum rökvilluna af dagskrá, þessa rökvillu, sem ég hef lýst, og snúum okkur fyrst og fremst að því, sem máli skiptir, hvort nauðsynlegt sé eða æskilegt að taka upp hægri handar umferð hér á landi og hvort við viljum heyra álit þjóðarinnar um það efni.

Svo að ég víki að þessu aftur, held ég, að flestum hljóti að finnast það við nánari athugun auðskilið, að skárra sé að leggja 30 en t. d. 50 eða 100 millj. í ónauðsynlegt mannvirki. Og er það þá ekki nær, hvort sem það eru 30 millj. eða hærri upphæð, sem eftir er að leggja í hægri umferðina, að leggja þá peninga heldur t. d. í nýja vegi hér á landi. Það held ég, að mörgum finnist.

Ég hef hugsað mér og álít það gagnlegt að rifja upp ýmislegt, sem sagt var og gert hér á Alþ. veturinn 1965—66 varðandi þetta mál, en undir lok þess þings, er þá sat, varð hægri umferðar reglan að lögum. Samkv. ályktun Alþingis árið áður hafði hæstv. dómsmrh. falið 5 manna umferðarnefnd í samráði við tvo menn í viðbót, en allir þessir 9 menn töldust á einhvern hátt sérfróðir og eru allir embættismenn eða framkvæmdastjórar í Reykjavík, að undirbúa lög um hægri handar akstur. Allt eru þetta mætir menn á sinn hátt, og að þeirra ráði hafði Alþingi gert þá ályktun árið áður, sem ég áðan nefndi, svo sem þingskjöl votta, þótt margir hafi eflaust ætlað sér að kanna nánar rök þessa máls og álit annarra reyndra manna, áður en lög væru sett eða afstaða tekin til þess, hvort svo skyldi gera. Var og að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að til þess að gera sér grein fyrir lagasetningu mundi umferðarnefnd safna saman og leggja fram ýmsar upplýsingar, er máli skiptu, sem og reyndist, þó að raunar skorti þar nokkuð á, eins og verða vill, er til kom, að þær upplýsingar lægju fyrir.

Hæstv. dómsmrh. mælti fyrir frv. hér í hv. Nd. á öndverðu þingi, 29. okt. 1965. Hann mælti með frv., en virtist þó vera í nokkrum vafa, og yfirleitt talaði hann á því þingi og einnig síðar, er þetta mál hefur borizt í tal, mjög hóflega um þetta mál og með rökum. Um meginatriðið sagði hæstv. dómsmrh.: „Það er ekki hægt að segja, að það sé nein önnur reglan hinni betri, að aka vinstra megin á vegi eða hægra megin á vegi.“ Þetta sagði hæstv. dómsmrh. í framsöguræðunni fyrir frv. Hv. núv. 5. þm. Vestf., Birgir Finnsson, sem verið hafði flm. till., sem Alþ. samþ. árið áður, tók til máls og þakkaði fyrir frv. Síðan fór málið í nefnd og lá þar í nálega 4 mánuði. Það hafði á sér einkenni þeirra mála, sem stjórn eða þing eða hvort tveggja hafa ekki áhuga á eða telja ekki aðkallandi. Varð og þá ekki vart við almennan áhuga manna á meðal í þessu máli. En svo allt í einu, þegar langt var liðið á þingtímann, komið fram undir vor 1966, komst skriður á þetta mál. Frv. var afgr. úr nefnd, og þá kom í ljós, að n. var klofin. Þetta reyndist ágreiningsmál í báðum deildum. Í neðri deild var það að lokum samþ. með 24:9 atkv., en 7 atkv. komu ekki fram. Í hv. Ed. jókst andstaðan. Mótmæli tóku að berast til Alþingis, en afgreiðsla var knúin fram gegn andmælum einstakra þm. og frv. samþ. í Ed. með 12:8 atkv. Við síðustu umr. í hv. Nd. leyfði ég mér að bera fram till. til rökst. dagskrár, þess efnis, að afgreiðslu málsins yrði frestað, til þess að þjóðin fengi aðstöðu til að kynna sér það og ræða það milli þinga. Sú till. var felld. Eftir það greiddi ég atkv. gegn frv. Ég taldi mig skorta reynslu á þessu sviði og ekki vera þess umkominn að greiða atkv. með slíkri lagasetningu, sem bersýnilega var mikið ágreiningsmál, fyrr en nánar væri vitað um undirtektir þess almennings, sem á að búa við slíka löggjöf og raunar framkvæma hana í reynd. Þau rök, sem þá voru fram komin, sannfærðu mig ekki um, að breytingin væri nauðsynleg. Reynslan síðan sýnir, að hinum sérfræðilegu ráðunautum stjórnar og þings hefur ekki heldur tekizt að sannfæra almenning allan um réttmæti hennar, og verður þó ekki sagt, að blöð eða stjórnmálaflokkar hafi gert þeim erfitt fyrir í málinu, og haft hafa þeir til þess fjárhagslegan stuðning stjórnarvalda um eins til tveggja ára skeið.

Ég minnist þess, að sá, sem fyrstur talaði gegn hægri handar ákvæðinu í þessari hv. d. vorið 1966 og raunar í þinginu, var fyrrv. hv. 2. þm. Austf., Halldór Ásgrímsson. Mér þykir rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp kafla úr hinni fyrstu ræðu, sem hann þá flutti um málið, en hann sagði þá m. a.:

„Það er sagt í grg. frv., að hægri handar akstur tíðkist víða um álfur og mjög um meginland Evrópu, og í því sambandi vakin athygli á þeirri slysahættu, sem Íslendingum kann að vera búin á ferðalögum í eigin bílum og undir áhrifum af vinstri handar akstri hér heima, og þess vegna geti þeir e. t. v. verið hættulegir bæði sér og öðrum í umferðinni í öðrum löndum. Á það finnst mér nú samt eiga að líta, fyrst um sinn a. m. k. og raunar til langframa, hver umferðarvelferð þjóðarinnar er í þessu máli heima í hennar eigin landi, því að þrátt fyrir vaxandi ferðamennsku er öllum vitanlegt, að mestur hluti þjóðarinnar fer sjaldan eða aldrei til annarra landa og ferðamenn héðan njóta oftar en hitt leiðsögu og akturshæfni bílstjóra hlutaðeigandi þjóða, þegar um langferðalög er að ræða.“

Þetta sagði þessi hv. þm., og hann sagði enn fremur:

„Nefndin (það mun vera átt við umferðarnefndina) bendir réttilega á aukin umferðarvandamál í heiminum sökum vaxandi bílaumferðar og að ýmist sé ráðandi hægri eða vinstri handar akstur. Í því sambandi verður mér að leiða hugann að þeirri staðreynd, að hundruð milljóna á jörðinni stjórna bílum sínum til sömu handar og við Íslendingar og að við getum lítil áhrif haft í þessu efni, þótt breytt væri um aksturstefnu hér.“

Hann sagði enn fremur:

„Þetta mál virðist ekki heldur vera neitt sérstaklega aðkallandi eða alvarlegt, þar sem viðurkennt er af fróðum mönnum, að báðar aksturshaðferðirnar séu jafngóðar, þ. e. a. s. vinstri og hægri. Einnig er á það að líta, að við höfum ekki við sams konar erfiðleika að stríða og þær Evrópuþjóðir, sem eiga saman landamæri. Þar liggur það eðlilega beinast við, að menn, sem aka á milli landa, geri það í sínum eigin bílum. Í slíkum tilfellum getur það valdið nokkrum erfiðleikum og áhættu, ef hlutaðeigandi bílstjóri þarf að breyta akstursvenju, sökum þess að hann er allt í einu kominn yfir strikið á veginum, kominn inn í annað ríki. Við Íslendingar höfum ekki við slíkar aðstæður að búa. Það er, eins og allir vita, hafið, sem afmarkar Ísland, en ekki tilbúið strik á einhverjum vegi. Breytta aksturshaðferð ber því ekki eins skyndilega að hér og í mörgum öðrum löndum. Hér ekur enginn bíl sínum beint að eða frá íslenzkri grund, og slíkt er vitanlega vinningur í þessu efni.“

Síðar í sömu ræðu sagði hv. þm.:

„Það virðist viðurkennt, að breytingin frá vinstri handar yfir til hægri handar aksturs hljóti að hafa í för með sér augljósa slysahættu og að sú hætta muni meira eða minna loða við, a. m. k.

meðan hinir eldri ökuþórar taka þátt í bílaumferðinni. Það mun einnig vera viðurkennt, að hin nauðsynlega breyting, sem gera verður á ökutækjum, ef hverfa ætti til hægri handar aksturs, *mun kosta stórfé.* Ýmsir nefna til 50—60 millj. Aðrir segja, að það sé langtum of lítið og endanlega muni koma á daginn, að þurfi að eyða fram undir 100 millj. til þess að gera á þessu skipulagsbreytingu og breytingu á ökutækjum. En hvað um það Hér er um að ræða þann kostnað, sem hægt er að mæla í peningum. Hitt er svo eftir ómælt, ef afleiðing þessarar breytingar verður einnig sú, að fleiri mannslíf en áður fara forgörðum og fleiri limlestast af völdum þessarar breytingar."

Þessi hv. þm. ræddi fleiri atriði. Hann sagði þá m. a.:

„Hv. meiri hl. nefndarinnar (þ. e. a. s. þáv. hv. meiri hl. allshn. Nd.) telur upp allmörg lönd á meginlandi álfunnar, sem tekið hafi upp hægri handar akstur á liðnum árum. Þessar upplýsingar virðast eiga að vera okkur hvatning og til fyrirmyndar að skerast ekki úr leik og gera slíkt hið sama. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni (segir hann), að ég get vel fallizt á, að æskilegt sé, að meginlandsþjóðirnar, þar sem óslitnar bílasamgöngur eru á milli og ekkert skilur ríki nema girðing eða strik á vegi, slíkar þjóðir kjósi að hafa sömu akstursreglu. En slík viðhorf eða aðstæður eru ekki hér á landi. Hér er það hafið, sem skilur okkur frá öðrum ríkjum, eins og öllum er kunnugt. Hv. nefndarhluti telur svo einnig upp þau ríki í Evrópu, þar sem enn ræður vinstri handar stefna eins og hér. Það eru allt eylönd eins og Ísland, þ. á. m. ekki smærri ríki en t. d. Bretland og Írland. Hvað veldur því (spurði hv. þm.), að mikið og fjölmennt ríki eins og Bretland, verandi í miklu meiri umferðarhringiðu en við, breytir ekki akstursstefnu eins og nágrannaþjóðirnar á meginlandinu? Getur ekki hugsazt, að hér ráði einhverju um, að þeir eru eyþjóð og eiga því ekki sams konar landamæri að öðrum ríkjum og þjóðirnar á meginlandinu?"

Síðan segir hann.

„Hv. meiri hl. allshn. bendir á, að í vöxt fari, að Íslendingar taki með sér bíla sína til ferðalaga út um lönd og álfur. Þetta er sjálfsagt rétt," segir hann, en telur, að það sé nokkuð misjafnt, hvað menn geri mikið að slíku, yfirleitt hvað menn ferðist mikið, hvað menn geri mikið að því að fara með bíla með sér, og segir svo: „Þetta er sjálfsagt rétt, rétt í bili, a. m. k. meðan síldin gefur okkur fullar hendur fjár. Við getum í krafti hennar ferðazt og flutt með okkur bíla okkar til annarra landa. En hvernig fer fyrir þessum ágætu löndum okkar, þegar við erum orðnir hægri handar þjóð? Þá er ekki sjáanlegt, að við getum komið við í Bretlandi og munum verða að sigla með bíla okkar beint til meginlandsins, þar sem bílarnir koma okkur að öruggu gagni, verða okkur örugg aðstoð í ferð okkar."

Hann segir enn fremur:

„Hv. nefndarhluti vekur athygli á því til framdráttar hægri handar akstri, að alþjóðlegar umferðarreglur í lofti og sjó miðist við hægri handar umferð. Ég hef satt að segja ekki heyrt fyrr, að reglur um umferð í lofti og sjó eigi eða þurfi að ráða vinstri eða hægri handar akstri á bílum, og það mætti þá spyrja, ef svo væri: Hvernig stendur á því, að ein mesta siglingaþjóð veraldar, Bretarnir, virðist ekki vera á sama máli og hv. meiri hl. n.?"

Undir lok þessarar ræðu sagði hv. þm., sem ég hef hér vitnað til:

„Hægri handar menn benda á, að erfiðara sé fyrir eldri bílstjóra en þá yngri að aðlaga sig breyttum umferðarreglum, og segja enn fremur, að nú sé sú skipting ökumanna hagstæð til breytinganna. Ég kann ekki að vefengja þá talnafræði," *segir hann, „en bílstjórarnir,* þótt mikilvægir séu, eru þó ekki nema annar þátttakandinn í að skapa umferðaröryggið. Hinn aðilinn er hinn gangandi vegfarandi, og ég spyr: Hvað um aldursflokk þeirra? Er þá ekki hinn aldni umferðarflokkur vaxandi, sem á erfitt með að aðlaga sig breyttum umferðarreglum?"

Þáv. hv. 2. þm. Norðurl. v., Óskar Levy, var frsm. minni hl. allshn. í þessari hv. d. Hann ræddi m. a. um hægri og vinstri handar stýri og taldi, að á þjóðvegum þessa lands væri yfirleitt betra að hafa vinstri handar stýri í vinstri umferð. Sá hv. þm. sagði um það efni m. a. þetta, sem ég nú skal leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, það eru ummæli Óskars Levy:

„Er þar einkum um að ræða, þegar blinda er á, þ. e. a. s. þegar sett hefur niður svo mikinn lognsnjó, að illa sést fyrir vegi eða öðrum vegsummerkjum, einnig þegar svellalög hafa myndazt á hættulegum vegaköflum, svo og í mjög dimmum þokum og hríðarveðrum. Undir svona kringumstæðum er eini möguleiki ekils til aksturs sá að hafa opna rúðu eða hurð til þess að geta á þann hátt fylgzt sem bezt með vegarkanti, og það hefur oft gert mönnum kleift að komast leiðar sinnar um langa vegu í áríðandi og lífsnauðsynlegum erindum, já, bókstaflega bjargað mannslífum. Hér hafa vinstri handar stýris bifreiðar hentað vel, miðað við vinstri handar akstur," segir Óskar Levy, „en af þeim er langmest hér á landi, eins og kunnugt er. En er ekki þessi möguleiki eins fyrir hendi, þótt lögleiddur verði hægri handar akstur? munu e. t. v. einhverjir spyrja. Jú, en því aðeins, að um sé að ræða hægri handar stýris bifreiðar. En nú er okkur sagt af þeim visu mönnum, sem þetta frv. sömdu, að í framtíðinni verði þær illfáanlegar. Hér er komið atriði, sem ég held að verði að teljast allveigamikið." Þetta sagði þáverandi hv. 2. þm. Norðurl. v., Óskar Levi.

Fleiri tóku til máls í þessum umræðum í hv. Nd. Þáv. hv. þm. Daníel Ágústínusson vildi staðhæfa í sinni ræðu, að hægri umferð hefði enga yfirburði fram yfir vinstri umferð, breytingin væri því a. m. k. ónauðsynleg. Í hv. Ed. var hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, frsm. minni hl. allshn. Hann mælti af rökvísi gegn frv. og sagði þá m. a.:

„Ég vildi aðeins biðja menn," sagði hv. þm., „að taka eftir þessu, að það er álit umferðarlaganefndar, að út af fyrir sig geti hægri handar reglan verið hentugri, þar sem góðir vegir eru. en þar, sem eru mjóir vegir og vegbrúnir varasamar, sé vinstri reglan heppilegri. Og nú bíð ég hv. þm. að athuga það, hvort vegirnir séu

yfirleitt góðir eða hvort vegirnir séu ekki yfirleitt eða nokkuð víða mjóir og vegbrúnir varhugaverðar.“

Þetta sagði hv. þm., og er hér auðvitað átt við vinstri umferð með þeirri staðsetningu stýris, sem hér tíðkast og gert er ráð fyrir að hafa óbreytta í hægri umferð.

Hv. þáv. þm. Alfreð Gíslason læknir talaði einnig gegn frv. í hv. Ed. Hann sagði, að þörfin fyrir breytinguna væri hvorki augljós né knýjandi og að skaðlaust væri að bíða. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson [frh.]: Herra forseti. Þegar þetta mál var til meðferðar á fundinum í gær, hafði ég talað um stund, en ekki lokið máli mínu, og varð því hlé á ræðunni, þegar fundi var slitið.

Ég hafði þá þegar tekið til meðferðar í öndverðu m. a., hvers vegna það er ekki of seint að snúa við í þessu máli og hverfa inn á rétta leið, að mínum dómi. Ég hafði einnig rifjað upp að nokkru meðferð þessa máls, þ. e. a. s. frv., sem varð að lögum 1966 um hægri handar umferð, og lesið nokkra kafla úr þeim ræðum, sem þá voru fluttar. Ég gat þess þá, að þetta mál hefði verið lagt fram á öndverðu þingi 1965—66, hefði síðan legið fjóra mánuði í n. og yfirleitt mundi það hafa verið skoðun manna, þegar svo var komið, að ekki væri ætlunin að afgreiða málið á því þingi. En þá hefði, þegar komið var undir vor, komizt skriður á málið ýmsum að óvörum og það verið afgr. í n. í hv. Nd., þar sem það fór af stað, og síðan rakti ég nokkuð atvik í því sambandi. Ég gat þess þá um leið, að um það leyti eða litlu áður en dró til úrslita, þannig að málið yrði afgreitt í hv. Ed., en frv. var samþ. þar með 12:8 atkv., áður en það gerðist eða um það leyti hefði mótstaða gegn frv. verið vaxandi í þinginu og þá hefði Alþingi verið farið að berast mótmæli gegn því frá ýmsum, sem sömdu erindi til þingsins, eða undirskriftaskjöl um það mál. Ég vil aðeins því máli mínu til stuðnings leyfa mér að minna á nokkur erindi eða undirskriftaskjöl, sem Alþingi bárust um vorið 1966, áður en frv. var samþ., en ég hef látið athuga það í skjölum Alþingis. Þær mótmælaundirskriftir, sem Alþingi bárust um þetta leyti, þ. e. a. s. nokkrum dögum áður en frv. er samþ. eða rétt um það leyti, voru m. a. þessar, með leyfi hæstv. forseta, eins og það er tekið upp eftir erindaskrá Alþingis:

1) Kristinn Finnsson framkvæmdastjóri Vörubílastöðvar Akraness sendir undirskriftalista með nöfnum 153 bifreiðastjóra, þar sem mótmælt er frv. til l. um hægri handar umferð. 2) Stjórn vörubifreiðastjórafélagsins Vals á Akureyri sendir undirskriftalista með nöfnum 36 félagsmanna, þar sem mótmælt er sama frv. 3) Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., sendir undirskriftalista frá 98 Borgfirðingum, þar sem mótmælt er sama frv. 4) 96 bifreiðastjórar í Hafnarfirði skora á Alþingi að fella sama frv. 5) 135 bifreiðastjórar á bifreiðastöðinni Hreyfli í Reykjavík mótmæla sama frv. 6) 92 bifreiðastjórar á Seyðisfirði mótmæla sama frv. 7) Adolf Berndsen sendir undirskriftalista með nöfnum 37 bifreiðastjóra á Skagaströnd, þar sem mótmælt er sama frv. Og að lokum: 97 bifreiðastjórar í vörubílstjórafélaginu Þrótti mótmæla sama frv.

Þetta eru erindi eða mótmælaundirskriftaskjöl, sem fyrir liggja í skjölum Alþingis frá vorinu 1966, um það leyti sem verið var að samþykkja þessi lög. Eins og hv. þm. heyra á þessum upplestri, er það einkennandi fyrir þessi undirskriftaskjöl, að þau eru flest frá bifreiðastjórafélögum og að mér virðist yfirleitt frá atvinnubifreiðastjórum, en þetta eru nú þeir mennirnir auðvitað, bifreiðastjórarnir, sem í raun og veru eiga að framkvæma umferðarregluna, hvort sem hún er vinstri handar regla eða hægri handar regla. Ég vildi aðeins leyfa mér að skýra frá þessu nú því til sönnunar, að ég fór með rétt mál í gær, þegar ég sagði, að undirskriftir til mótmæla hefðu þá þegar verið farnar að berast Alþingi í allverulegum mæli, áður en frv. var samþykkt. Hitt er svo rétt, að mótmæli gegn þessum ráðstöfunum hafa orðið miklu meiri síðar.

Ég hef gert grein fyrir þessum sögulegu atriðum, lesið sýnishorn af umræðunum á Alþingi 1966, sagt frá þessum erindum, sem Alþingi bárust, og getið um fleira í sambandi við sögu þessa máls, til þess að gefa hugmynd um það, sem þá fór fram. Því fer fjarri, að það sé eins og sumir utan þings virðast gera sér í hugarlund, að Alþingi hafi þá verið einhuga um þessa lagasetningu, en ég hef orðið þess var m. a. í blaðagreinum, að það litur út fyrir, að sumir menn, sem hafa ekki fylgzt með meðferð málsins á Alþingi á undanförnum árum, álíti, að þingið hafi verið einhuga um setningu laganna. En það var síður en svo, að svo væri. Ræðumenn voru að vísu ekki mjög margir, sem þátt tóku í umr., en meiri hl. af þeim, sem til máls tóku, var andvígur frv. Andstaðan var að breiðast út innan þings og utan, og kom það glögglega fram í hv. Ed., þar sem atkvæðafjöldi á móti frv., þegar það var afgr. þar, var hlutfallslega mun meiri en í Nd. En þá var það, sem áhrifamenn í þinginu, undir áhrifum sérfræðinga, sem í slíku máli höfðu á þessu stigi sterka aðstöðu, hespuðu málið af í skyndi undir þinglok. Ég vil aðeins sem sýnishorn af því, sem Alþingi var sagt af sérfróðum mönnum um þetta leyti og sjálfsagt í góðri trú, leyfa mér að minna á það, sem stendur í einu slíku bréfi, sem ég hef hér undir höndum. Þar segir hlutaðeigandi embættismaður í bréfi til allshn. Sþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er þess fullviss, að flestir, ef ekki allir, sem við umferðarmál fást hér á landi, séu hlynntir því, að tekinn verði upp hægri handar akstur.“

Ég les ekki upp meira úr þessu bréfi. Það mætti kannske ímynda sér, að alþm. ýmsir, sem ekki hafa mjög ákveðna afstöðu til slíkra mála sem þessara og ekki eru sérlega fróðir í þeim, kynnu að láta það hafa áhrif á sig, og það væri ekki óeðlilegt, að það hefði áhrif í slíku máli sem þessu, þegar þinginu er skýrt frá slíku, að flestir, ef ekki allir, sem við umferðarmál fást hér á landi, séu hlynntir því, að tekinn sé upp hægri handar akstur. Síðar hefur það svo komið í ljós, að því fer fjarri, að svo sé, þó að hlutað-

eigandi embættismaður hafi sjálfsagt í góðri trú sagt þetta á sínum tíma. Þeir eru margir, sem við umferðarmál fást og framkvæmd umferðar. Ég hef þegar lesið, hvað nokkuð margir af þeim, sem ég minntist á og við þetta fást í framkvæmd, sögðu um þetta um sama leyti.

Ég dreg það ekki í efa, að þeir menn, sem þarna voru sérfræðingar stjórnar og þings, hafi viljað vel í þessu máli, mér dettur ekki í hug að draga það í efa, en ég hygg, að þeir hafi, eins og t. d. þetta dæmi sýnir, ekki gert sér fyllilega grein fyrir því, hvernig viðhorfin voru, og hið sama hygg ég, að hafi átt sér stað um suma þá, sem töluðu í nafni fjölmennra félaga um þetta leyti, og kem ég að því síðar. Og í sambandi við þessa sérfræðinga, sem við tölum oft um, vil ég raunar draga það nokkuð í efa, að hér séu til nokkrir raunverulegir sérfræðingar í íslenzkri umferð, miðað við íslenzkar aðstæður, þ. e. a. s. það, sem maður getur kallað vísindamenn, að til séu nokkrir slíkir sérfræðingar, nokkrir vísindalegir sérfræðingar, aðrir en þá helzt sjálfir bifreiðastjórarnir, þeir sem hafa í því langa reynslu að stríða við vanþróað vegakerfi. Í löndum stórborganna og hinna malbikuðu og steinsteyptu breiðvega eru til vísindamenn á þessu sviði, en þeirra vísindi eru miðuð við þeirra lönd, en ekki við Ísland, og ég er ekki heldur viss um það, að slíkir menn vildu ráðleggja okkur, ef þeir væru spurðir, að flytja hér þessar 43 þús. bifreiðar, sem aka nú á vinstri vegarbrún, yfir á þá hægri, eins og ástatt er um íslenzka vegi, með sitt vinstri handar stýri, sem er hið algenga hér. Ég grennslaðist eftir því hjá framkvstj H-nefndarinnar á fundi allshn. um þetta mál, hvort sænsku sérfræðingarnir, sem hingað komu, hefðu verið spurðir um þetta grundvallaratriði. Hann sagði, að þeir hefðu ekki verið spurðir. En svo mikið er víst, að Svíar hafa þangað til á s. l. hausti verið með vinstri handar umferð og vinstri handar stýri samtímis. Það hafa Svíar verið, og fram til þess tíma var umferðin í Svíþjóð talin slysafá samanborið við önnur lönd. Hvað nú verður í Svíþjóð eftir breytinguna, vita menn auðvitað ekki, fyrr en sami hraði og áður var hefur verið leyfður á sænskum vegum. Fullyrðingar til og frá um það, hvort öryggi hafi aukizt eða minnkað við breytinguna í Svíþjóð, eru þess vegna ótímabærar. Þetta kemur ekki í ljós, fyrr en hraðinn á vegunum er kominn í sama horf og fyrr og fjöldi bifreiða, sem um vegina fer, er orðinn svipaður og var fyrir breytinguna. En það hef ég fyrir satt, að mun færri bílar fari nú um sænska þjóðvegi en var fyrir breytinguna, og það stafar auðvitað af því, að ýmsir, sem treysta sér illa í umferðinni, veigra sér við að fara út á vegina eða a. m. k. vilja draga það, þangað til umferðin er orðin öruggari.

Ég vil drepa á það í þessu sambandi, að ég hjó eftir því, að hv. frsm. meiri hl. sagði, ég held, að ég hafi það rétt eftir honum, að mikill hluti af vegum í Svíþjóð væri mjóir malarvegir, — að mikill hluti af vegum í Svíþjóð væri mjóir malarvegir. Ég hef nú ekki farið víða um sænska vegi, ofurlítið samt, og ég hef þar hvergi séð mjóan malarveg, reyndar hvergi malarveg, og ég held, að þetta hljóti að vera á nokkrum misskilningi byggt, að það sé réttlætanlegt að komast þannig að orði. En þó skortir mig kunnugleika til þess og hef ekki getað aflað mér upplýsinga um það, enda þær kannske ekki fyrir hendi, hve mikill hluti af sænsku vegunum kann að vera malarvegir. Ég geri ráð fyrir, að það séu kannske heimreiðir að sveitabæjum, sem eru í strjálbýli í Svíþjóð, og ef til vill einhverjir fjallavegir norður í Lapplandi, — það kann að vera, en ég hef álitið að það væri mikill minni hluti af vegum í Svíþjóð, sem væru malarvegir, — mjóir malarvegir. Ég er nokkuð kunnugur í Danmörku, og þar sjást nú yfirleitt ekki slíkir akvegir. Jafnvel vegir, sem eru svo mjóir, að varla er hægt að mætast á þeim, vegir milli sveitabæja, eru malbikaðir. Ég held, að þetta sé ofmælt, að mikill hluti af vegum í Svíþjóð sé mjóir malarvegir, og ég held, að það þurfi að leiðréttast og ætti að leiðréttast af þeim, sem hafa sagt það.

Ég veit ekki heldur, hvað segja skal um þær upplýsingar, sem komu fram í gær og hafðar voru eftir lögreglustjóranum í Reykjavík og hann talinn hafa eftir lögreglustjóra í Svíþjóð, að við löggæzluna, eftir að umferðinni var breytt, hefðu verið á milli 9 og 10 þús. manns, þ. e. a. s. um 7000 lögreglumenn og 2000 hermenn. Ég hef heyrt nefndar allt aðrar tölur um þetta mál, og ég held satt að segja, að um þetta séu ekki fyrir hendi áreiðanlegar upplýsingar, en grunur minn er sá, að þessi tala, sem þarna er nefnd, sé of lág og ekki tekið allt með í reikninginn. Ég vil aðeins geta þess, af því að það kom fram og var ætlað sem rökstuðningur fyrir því, að sú áætlun um kostnað við löggæzlu, sem gerð hefur verið á vegum Félags ísl. vegfarenda, væri fjarri lagi. Mér er það ekki fyllilega ljóst í einstökum atriðum, hvernig sú áætlun, sem Félag íslenzkra vegfarenda hefur gert, er uppbyggð. En það stendur þar, og þessi grg. félagsins er prentuð hér með nál. minni hl. sem fskj., — það stendur þar, að þegar þeir áætla vissa tölu hér, sem þeir telja nauðsynlega, um leið og breytingin gengur í gildi, ef úr því verður fyrst um sinn, sé sú tala, sem þar er nefnd, í samræmi við fjölda löggæzluliðsins í Svíþjóð. Ef það væri rétt, sem fram kom hjá hv. frsm. meiri hl., að tala löggæzlumanna í Svíþjóð hefði verið 9—10 þús., er þetta náttúrlega ofmælt hjá Félagi ísl. vegfarenda. Þá þarf ekki svo marga menn hér, sem þar er talið. Ég held, að þessi tala, 9—10 þús. sé ekki á öruggum heimildum byggð. En jafnvel þó hún væri rétt, virðist mér, borið saman við grg Félags ísl. vegfarenda, að gera mætti ráð fyrir, að löggæzlan hér kostaði 60—70 millj. kr., sem ekki er í þeirri áætlun, sem gerð var á sínum tíma um kostnað við að taka upp hægri umferð.

Ég gat þess í gær, að hæstv. dómsmrh. hefði sagt á sínum tíma, þegar hann lagði fram frv. um hægri handar akstur: „Það er ekki hægt að segja, að það sé nein önnur reglan hinni betri, að aka vinstra megin á vegi eða hægra megin á vegi.“ Þetta voru orð hæstv. dómsmrh., þegar hann lagði frv. fram: „Það er ekki hægt að segja, að það sé nein önnur reglan hinni betri, að aka vinstra megin á vegi eða hægra megin á vegi.“ Og hæstv. ráðh. hafði vissulega ástæðu til þess

að segja þetta, því að umferðarnefndin sjálf, sem er höfundur þessarar lagasetningar, hafði þegar gefið svipaða yfirlýsingu í áliti sínu, sem fylgdi frv. Það álit er dagsett 8. nóv. 1965, og þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar taka skal afstöðu til þess, hvort hafa skuli vinstri eða hægri handar umferð, vaknar sú spurning, hverjir séu kostir og gallar hvorrar reglunnar fyrir sig. Talið er, að í sjálfu sér hafi hvorug reglan sérstaka kosti umfram hina. Vandamál skapast hins vegar af því, að umferðarreglur á landi eru mismunandi meðal þjóða, þó að hægri handar umferð sé langalgengust."

Þetta sagði umferðarnefndin, og þetta var hæstv. dómsmrh. í rauninni að endurtaka, eins og eðlilegt var, þegar hann hafði framsögu fyrir frv. Ekki talar n. um það þá, að hér stafi sérstakur vandi af hægri umferð í lofti og á sjó, þótt síðar hafi verið að því vikið, enda eru víst engin dæmi þess, að skip og bifreið eða flugvél og bifreið rekist á. Ég þekki a. m. k. engin slík dæmi. Ég bæti því við til skýringar á þessu máli.

En þegar við rifjum upp ummæli umferðarnefndar um hægri handar eða vinstri handar regluna árið 1965, erum við í rauninni stödd við upphaf þessa máls. Afstaða umferðarn. er að verða til. Hér er sú hugsun að fæðast, sem skóp þessa lagasetningu. Framsetningin er skýr. Hvorug reglan, hægri eða vinstri, hefur sérstaka kosti umfram hina. Ef Ísland væri eina landið í heiminum og framleiddi sjálft sínar bifreiðar, mættum við halda áfram á vinstri vegarbrún um alla eilífð. Vandamálið skapast af því, það er hugsanagangur umferðarn., — vandamálið skapast af því, að umferðarreglur á landi eru mismunandi meðal þjóða; það segir umferðarnefnd.

En af hverju er okkur þá ekki óhætt að bíða eftir því, að hin eyríkin í veröldinni leysi sinn vanda, að hundrað millj. Japana og 60 millj. Breta og Íra leysi sinn vanda? Og það eru víst fleiri en eyríkin, sem hafa vinstri handar umferð. Ég spurði um það á Alþingi 1966, og ég spurði sérfræðingana um það í allshn. um daginn, hvort hér væri til skýrsla um umferðarreglur, þ. e. a. s. hægri og vinstri, umferðarreglur þeirra 110—120 sjálfstæðu ríkja, sem nú eru í heiminum. Þær skýrslur voru ekki til 1966, og þær virðast ekki heldur vera til árið 1968 hjá sérfræðingum okkar í þessum málum. Samt eru flest þessi ríki í Sameinuðu þjóðunum og senda þeim árlega skýrslur um ótal efni. Við Íslendingar erum líka í þessum félagsskap og sendum á þing Sameinuðu þjóðanna ár hvert marga fulltrúa. Það hefði átt að vera hægurinn hjá að afla þessara skýrslna. En það hefur ekki verið gert. Það er bara sagt, að vinstri handar ríkin séu hverfandi fá. En mér finnst það nú satt að segja bera vott um lausatök að hafa ekki svona skýrslu handbæra, þegar alltaf er verið að tala um þetta, alltaf verið að tala um það, hvaða ríki hafi hægri handar umferð og hvaða ríki vinstri handar umferð, að gera sér þá ekki það ómak að hafa þá skýrslu handbæra, sem alveg sker úr um þetta, þannig að það þurfi ekki að vera með neinar getgátur eða bollaleggingar um það, hve mörg ríki hafi vinstri umferð og hve mörg hægri handar. Þetta sýnir lausatök frá öndverðu, a. m. k. á þessari hlið þessa máls. Og þessi lausatök eru eitt af því, sem var þess valdandi, að ég fyrir mitt leyti fór að efast um það mjög alvarlega, að það væri fullkomlega rétt að fara eftir þeim till., sem fyrir okkur alþm. höfðu verið lagðar.

En hvað sem því líður, hvort sem þessar þjóðir eru margar eða fáar, er eitt þó víst, að eyríkin miklu, Bretland og Japan, tvær af mestu tækniþjóðum heims, hafa vinstri handar umferð á vegum.

Ég skal játa það eins og það er, að ég, sem aldrei hef lært að stýra bifreið og er ekki vel að mér í umferðarreglum, hef lengi veigrað mér við að taka þátt í umr. um þessi mál, m. a. af þeim ástæðum. En í fáeinum orðum vil ég nú rifja upp nokkur atriði, sem ráða afstöðu minni til þessa máls.

Sérfróðir menn virðast hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að á breiðvegum stórþjóða séu hægri og vinstri reglan jafngóðar, en margir líta þó svo á, að á slíkum vegum, þ. e. a. s. breiðvegum stóru landanna, kunni að vera betra, að bifreiðastjóri sitji við vegarmiðju en vegarkant. Í meginlandsríkjum með sameiginleg landamæri er það að sjálfsögðu einhver kostur, að sama umferðarregla gildi, og þess vegna hafa Svíar horfið frá vinstri umferð, m. a. að áeggjan annarra þjóða. Ég ætla það sé rétt, að á fundi í Norðurlandaráði á sínum tíma hafi verið sérstaklega skorað á Svíþjóð að taka upp hægri handar umferð. Það var ekki skorað á Íslendinga að gera það. Og um eylönd, þ. á m. Ísland, gegnir vissulega öðru máli. Hér á landi er nú mestur hluti bifreiða með vinstri handar stýri, og slíkar bifreiðar eru og verða auðfengnar. Á okkar vanþróaða vegakerfi víðast hvar hentar það bezt, að bifreiðastjóri sitji við vegarbrún, og vinstri handar stýrinu hentar þá, skilst mér, bezt vinstri handar umferð. Á hinum breiðustu og beztu þjóðvegum hér, en lengd þeirra er hverfandi, kann að vera fullt svo hentugt, að stýrið sé við vegarmiðju. Það eru þessir vegir, þessi örlitli hluti íslenzku þjóðveganna, sem helzt svipar til erlendra vega, og þar erum við þá líkt settir og Svíar hafa lengst af verið með stýrið við vegarbrún og höfðu þó lága slysatölu. Á þessum stuttu, breiðu og greiðfæru vegarköflum í nágrenni höfuðborgarinnar eru 30% umferðarinnar, heyrði ég sérfræðingana segja á fundi hv. allshn. Þeir sögðu það. Á þessum tiltölulega stuttu vegum hér í nágrenni borgarinnar er 30% af heildarumferð landsins. Ég þóttist skilja, hvað þetta þýddi, og mér rann satt að segja kalt vatn milli skinns og hörunds við að heyra þessi orð sögð. Það þýddi, held ég, þetta: Það má ekki vegna framtíðarinnar taka tillit til umferðarinnar, við skulum segja á 7—8 þús. kílómetrum víðs vegar um landið. Löggjöfina verður að miða við þann hluta veganna eingöngu, þar sem umferðin er allra mest eða lítur út fyrir að verða, hvað sem öllu öðru líður. Ég bið afsökunar, ef ég hef skilið eitthvað skakkt um þetta efni. En þannig skildi ég þessar hugleiðingar. Það veit ég raunar, að mörgum, sem aka bifreið hér í Reykjavík, finnst sér enginn greiði gerður. Um það vitna

undirskriftirnar mörgu, sem nú eru komnar hingað, einnig úr Reykjavík og ekki síður. Og á sumrin a. m. k. er fólk héðan úr borginni á ferðinni um land allt, eins og menn vita. En mér verður nú einkum og sér í lagi hugsað til þeirra, sem eru að brjótast áfram um hina lélegu vegi um land allt, ekki sízt um vetrartímann, kannske ekki svo afskaplega margir, en af mikilli nauðsyn, í misjafnri færð, í misjöfnum veðrum, í myrkri, stundum í hálku, stundum í leysingum eða holklaka, og þurfa endilega að fylgjast sem bezt með vegarbrúninni. Ég hef rætt við suma þessa menn, síðast nú fyrir nokkrum dögum, og ég vil, að eftir þeim sé munað hér á hinu háa Alþ. Það skiptir máli þeirra umferð, ekki bara umferð hinna breiðu vega.

Ég veit, að menn vilja vel, bæði hv. þm. og sérfræðingar. Ég veit, að ég hef ekki rætt um allt, sem borið hefur á góma í þessum málum. En á þetta, sem ég nefndi, vil ég minna alveg sérstaklega, og ég held, að það sé ekki að ástæðulausu. Um hina auknu slysahættu almennt, sem kann að verða samfara breytingunni, ef til kæmi fyrst í stað, ætla ég ekki að ræða sérstaklega. Ég held, að það beri öllum saman um það, að hún sé einhver. En um hana ætla ég ekki að ræða sérstaklega, og ef hægri umferð hefst í vor, sem ég vona að verði ekki, verður þjóðin öll auðvitað að standa saman um að stuðla að því að draga úr þeirri hættu. En ég get ekki látið það fram hjá mér fara, hve mörgum í þessu landi er það sýnilega þvert um geð, að umferðarreglunum verði breytt. Það er rétt, að það var eins og almenningur áttaði sig nokkuð seint á því, sem hér var á ferð, þó með talsverðum undantekningum, eins og ég hef áður greint frá. En eigum við alþm. ekki líka nokkuð örðugt með það stundum að átta okkur á málum af þessu tagi? Þarf okkur þá þess vegna að koma það svo ákaflega á óvart, þó að ýmsir hér og þar um landið væru dálitið lengi að átta sig á því, sem um var að vera, og sérstaklega á því þingi, þegar lögin voru samþ., þar sem þá leit ekki út fyrir annað, en að málinu yrði frestað, eins og ég hef áður gert grein fyrir.

Að litt athuguðu máli hættir okkur Íslendingum oft við að vilja taka það upp eftir öðrum þjóðum, sem ekki er víst að eigi við hér. Mér er ekki grunlaust um það, að þessi eftirlíkingarhneigð eigi hér nokkurn þátt í þróun þessa máls hjá þeim, sem ráðið hafa.

Það var eins og sumum fyndist í fyrstu, að þetta væri lítið annað en sjálfsagður greiði við ferðamenn, innlenda og útlenda, og að þetta yrði að gera þeirra vegna, sem ég held að nú orðið sé ekki haft mjög á orði, að fengnum nánari upplýsingum. En á fyrsta stigi málsins var það talsvert rætt. Eins og ég sagði, byrjuðu strax á árinu 1966 mótmæli ýmissa og einkum bifreiðastjóra að berast hingað til Alþ. Á síðasta þingi barst hingað straumur skriflegra mótmæla af Suðurlandi, og nú í vetur hafa þinginu borizt þúsundir undirskrifta til mótmæla víðs vegar að, og þau eru víst fleiri á ferðinni. Ég minnist þess, að á einhverju síðasta skjalinu, sem ég sá, voru undirskriftir 68 bifreiðastjóra úr Árnessýslu, atvinnubifreiðastjóra úr Árnessýslu, og þar á meðal sá ég að voru nöfn nokkurra sérleyfishafa hér á Suðurlandsleiðum. Á fundi allshn. var upplýst, og það hefur ekki verið borið til baka, að 20 af 22 rannsóknarlögreglumönnum í Reykjavík hafi skrifað undir mótmæli gegn hægri umferð. Þetta eru mennirnir, sem koma á flesta umferðarslysastaði hér nærlendis og rannsaka hin alvarlegri slys. Þeir hafa áreiðanlega þá reynslu í þessum málum, sem ekki ber að vanmeta með öllu. Á fundi allshn. mætti m. a. formaður F. Í. B. Hann sagði að stjórn þess félags hefði lengi haft áhuga á hægri umferð og að hægri umferð hefði verið samþ. á félagsfundum af þeim, sem þar mættu. En hann gaf jafnframt þær upplýsingar óaðspurður, að hann áliti, að mikill hluti hinna 13 þús. félagsmanna í þessu félagi væri mótfallinn breytingunni, og sagði, að áhugi félagsstjórnarinnar hefði vakið mótmælaöldu meðal félagsmanna. Mér sýnist nokkrar líkur fyrir því, að þau meðmæli með hægri umferðinni, sem á sínum tíma bárust frá stjórn Landssambands vörubifreiðastjóra, séu í álíka ósamræmi við þær skoðanir, sem komið hafa fram hjá félagsmönnum í þessum samtökum, þó að ég hafi ekki orð formanns samtakanna sjálfs fyrir því, eins og í þessu tilfelli. En af hverju er ég að nefna þetta? Það er vegna þess, að á fyrsta stigi þessa máls hér á Alþ. hafði það alveg óumdeilanlega og eðlilega töluverð áhrif á viðhorf manna, að það var álitið, að stjórnir þessara fjölmennu landssamtaka töluðu í nafni meiri hluta félagsmanna. Ég gæti nefnt dæmi um það, að það hafði alveg eðlilega áhrif á viðhorf einstakra þm. Nú er það komið í ljós, að sú skoðun og sú umsögn, sem þarna var látin í ljós, var skoðun þeirra fáu manna, sem sitja í stjórn þessara félaga og að vísu ber ekki að vanmeta, þetta eru mætir menn, en hún var ekki skoðun meiri hlutans í þeim félögum, sem þeir hafa umboð fyrir og álitið var að þeir töluðu fyrir. Ég segi ekki, að þetta eigi að hafa áhrif á það, hvort menn telja réttara að hafa hægri handar eða vinstri handar umferð hér á landi, en þetta er bara til skýringar á því, hvernig þróunin hefur orðið í þessu máli, skýring á ýmsu, sem hér hefur gerzt á Alþ., sem mönnum út í frá að óðrum kosti gengur illa að finna skýringu á.

Sumir bera það sér nú í munn í tilefni af þessu frv., sem hér liggur fyrir, að ekkert sé að marka þjóðaratkvgr. í þessu máli, því beri ekki að láta hana fara fram. En er það ekki þjóðin, sem kýs okkur á þing? Er það ekki þjóðin, sem kýs forseta lýðveldisins? Er það ekki þjóðin, sem er grundvöllur ríkisvaldsins? Og er það ekki einmitt svo, að mikill hluti þjóðarinnar sé orðinn að hálfgerðum, a. m. k. minni háttar sérfræðingum í umferðinni, og að þessum sérfræðingum fari stöðugt fjölgandi, að vísu misjafnlega vel færum í sinni grein, eins og gengur, en þessi stóri, nokkuð misjafni og ef til vill lítt lærði hópur sérfræðinga hefur a. m. k. sumt sem reynslu varðar fram yfir hina staðbundnu sérfræðinga, þó að ég meti þá mikils og vilji ekki gera lítið úr þeim á neinn hátt.

Ég held, að það sé skynsamlegt, eins og á stendur, að láta þjóðaratkvæði fara fram. Ég hef raunar heyrt einstaka fylgismenn hægri um-

ferðar segja, að þetta sé óráð, breytingin verði áreiðanlega felld við þjóðaratkvgr. og samþ. að halda áfram vinstri umferð og þetta sé því ekkert að marka. Þetta um væntanleg úrslit þjóðaratkvgr. er meira en ég veit. Ég vil um það engu spá, hvernig hún kynni að fara. En ég vil minna á það í því sambandi, að talsvert er nú um það talað að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslu um sum mál, og ég get ekki séð, að þetta mál sé illa til slíks fallið, eins og nú standa sakir.

Þegar einum helzta hvatamanni hægri umferðar var bent á það hér á Alþ. fyrir tveimur árum, að örðugt gæti reynzt að framkvæma hinn nýja sið vegna hins vanþróaða vegakerfis, svaraði hann eitthvað á þessa leið: Það getur vel verið, en þá er að bæta vegina. — Hann sagði það ekki með þessum orðum, en þetta var það, sem hann átti við. Þessi orðaskipti komu mér í hug, þegar vegamálastjóri var að segja okkur í allshn. frá því, að því færi fjarri, að búið yrði að lagfæra blindhæðirnar og blindbeygjurnar fyrir H-dag. Það er ekki honum að kenna, að svo verður ekki. Það kostar peninga. En ef meiri hluti Alþ. heldur fast við hægri umferðina, verða menn jafnframt að gera sér ljóst, að uppbygging þjóðvegakerfisins um land allt verður enn meira aðkallandi en hún er núna, að því verður ekki lengur slegið á frest að gera sér grein fyrir, hvað slíkt heildarátak kostar, á hve löngum tíma það verði framkvæmt og hvort afla skuli fjár til þess með því að stórauka tekjur vegasjóðsins eða taka lán, sem ríkið, en ekki vegasjóður, stendur straum af, eða hvort fara eigi báðar þessar fjáröflunarleiðir saman. Ef hér á landi á endilega að taka upp nýja umferðarreglu, þá verða hér líka að koma nýir vegir, ekki bara í nágrenni höfuðborgarinnar, þar sem umferðin er allra mest, heldur á alfaraleiðum í öllum landshlutum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er á margan hátt vandasamt að taka til máls eftir þá rökföstu og alvöruþungu ræðu, sem var flutt hér af þeim manni, sem talaði síðastur á undan mér. Ég harma það mjög, að þeir menn hér í hv. d., sem hafa fylgt hægri handar umferðinni og gera það ef til vill enn, skyldu ekki vera hér viðstaddir til þess að hlýða á þetta mál jafngreinilega rakið og gert var af hv. síðasta ræðumanni, því að það hygg ég, að verði yfirleitt niðurstaðan, eins og orðið hefur í þessu máli, að því fleiri verða þeir, sem snúast gegn þessari fyrirhuguðu breytingu, sem — eins og var svo rækilega rakið af hv. síðasta ræðumanni — var ráðizt í af fljótræði og ég vil segja af hugsunarleysi, og þá sérstaklega að við hér á Alþingi gerðum okkur ekki nægilega grein fyrir því, hvað það var, sem raunverulega var að gerast og verið var að ákveða, þegar lög um hægri handar umferðina voru sett.

Ég hef ætlað mér í þessari ræðu að víkja að nokkrum atriðum, sem komu fram hjá hv. frsm. meiri hl. Raunar er nú sumt af því orðið óþarfi, vegna þess að það hefur verið svo rækilega á það minnzt, bæði af hv. frsm. minni hl. og líka af hv. síðasta ræðumanni, en þó finnst mér rétt að víkja hér að nokkrum þeim röksemdum, sem hann færði fram fyrir hægri handar umferðinni og raunar eru ekki nýjar, vegna þess að ekkert nýtt kom fram hjá honum, heldur var það eiginlega upptalning á því, sem áður hefur verið haldið fram af þeim hægri handar aksturs mönnum í þessu máli. En eigi að síður finnst mér rétt, áður en þessari umr. lýkur hér, að vikið sé að þessum röksemdum með nokkrum orðum einu sinni enn.

Það kom að sjálfsögðu fram hjá hv. frsm. meiri hl., að aðalrökin fyrir þessu máli eða fyrir breytingunni væru þau, að þetta væri algengast hjá öðrum þjóðum og það hefðu ýmsar þjóðir tekið upp þessa breytingu á undanförnum árum. En eins og oft hefur komið fram í þessum umræðum, er þetta ekki nema hálfsögð sagan. Hægri handar umferðin er þannig til komin, að það eru í upphafi nokkrar stórar meginlandsþjóðir, sem taka hana upp, vegna þess að þar, sem lönd liggja saman, þykir eðlilegt að hafa samræmda umferð, og þess vegna hefur það farið svo, að ýmsar hinar minni meginlandsþjóðir hafa tekið upp sömu umferðarreglur og stærri meginlandsþjóðirnar höfðu í upphafi. Þannig hefur þróunin orðið, t. d. á meginlandi Evrópu. En þess verður svo jafnframt að gæta, að þær þjóðir, sem ekki hafa sameiginleg landamæri við önnur ríki eða önnur lönd, hafa undantekningarlaust ekki tekið þessa breytingu upp, ef þær hafa verið með vinstri handar umferð áður. Þetta gildir t. d. um Englendinga, um Íra, um Kýpurmenn, um Möltumenn og Japani. Hvers vegna skyldu þessar þjóðir ekki hafa tekið upp hægri handar umferðina, ef hún er jafnnauðsynleg og réttlætanleg og haldið er fram af ýmsum meðhaldsmönnum hennar? Væri ólíklegt t. d., ef hér væri um mjög nauðsynlega nýjung að ræða og gagnlega, að þjóð eins og Japanir væri ekki búin að taka hana upp? Ég held, að það sé ekki neitt last um aðrar þjóðir, þó að það sé sagt um Japani, að á síðari árum eða áratugum hefur engin þjóð verið eins fljót að tileinka sér nýjungar í tækni, sem fram hafa komið í heiminum, enda hefur niðurstaðan orðið sú, að japanskur iðnaður hefur farið sigri hrósandi svo að segja um allan heim. En hvers vegna taka þá Japanir ekki þessa breytingu upp, hægri handar umferð, eins og við, Skýringin á því er ákaflega einföld. Hún er sú, að þeir gera sér ljóst, að þeir hafa enga þörf fyrir þessa breytingu, að hér er aðeins um eftiröpun að ræða á venju, sem meginlandsþjóðirnar hafa, og Japanir eru þekktir fyrir það að vera ráðdeildarmenn, þeir eyða fjármunum yfirleitt ekki að óþörfu, og þess vegna kasta þeir ekki tugum og hundruðum millj. í breytingu, sem er ekkert annað en eftiröpun, sem þeir geta vel verið án. Sama gildir um aðrar eyþjóðir, eins og Breta, Íra, Möltumenn og Kýpurmenn. Þeir hafa ekki sameiginleg landamæri við önnur ríki og geta þess vegna fylgt sínum gömlu umferðarreglum áfram, án þess að nokkur háski hljótist af því í sambandi við umferð yfir landamærin.

Það er alveg rétt, sem kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það vantar alveg upplýsingar um það frá umferðarnefndinni, sem ætti þó að hafa þær, hvaða þjóðir það eru í dag, sem hafa hægri umferð, og hvaða þjóðir vinstri um-

ferð. En ég held samt skv. þeim upplýsingum, sem ég hef, að það sé ekki hægt að benda á, að nokkur eyþjóð hafi gert breytingar í þessum efnum, sem við erum að gera nú. Við erum undantekning í þessu eins og ýmsu fleiru. Það er galli á okkur Íslendingum, sem við verðum hreinlega að játa og á mikinn þátt í því, að komið er í efnahagsmálum okkar eins og raun ber vitni eftir það mikla góðæri, sem við höfum búið við á undanförnum árum, að við erum allt of nýjungagjarnir, allt of fljótir til þess að apa eftir öðrum án þess að hugsa nokkuð út í það, hvort við höfum þörf fyrir það og hvort við höfum efni á því, og það er þessi eiginleiki okkar, sem ekki er góður, sem veldur því fyrst og fremst, að við erum að ráðast í þá breytingu, sem við erum nú að ræða um. Það er þessi heimskulega og dýra nýjungagirni okkar, sem veldur því fyrst og fremst — og ég vil segja eingöngu, að verið er að reyna að knýja þessa breytingu fram nú hér á landi.

Ég skal þá víkja nokkru nánar að öðrum röksemdum hv. frsm. meiri hl. Hann hélt því m. a. fram, að það væri nauðsynlegt að gera þetta vegna sjómanna, á sjónum væri vikið til hægri og það gæti komið fyrir menn, sem stjórnuðu þar, að þegar þeir ættu að fara að stýra bíl á landi, þá vildu þeir fylgja sömu reglu og væri á sjónum. Ég skal játa það, að ég er hvergi nærri nógu kunnugur málum sjómanna eða þeim óskum, sem þeir hafa borið fram, en ég held, að ég hafi þó fylgzt það vel með, að ég minnist ekki þess, að frá samtökum eða fundum sjómanna hafi nokkurn tíma komið ósk um þessa breytingu og þeir teldu það vera sér sérstaklega hættulegt að vera í vinstri umferð á landi, þó að það væri hægri umferð á sjó. Ég minnist þess ekki heldur, að því hafi verið haldið fram eða bent á það með nokkrum rökum eða tölum, að það verði meiri umferðarslys af völdum sjómanna en annarra, nema síður sé. Ég held þess vegna, að ekki sé hægt að fara á bak við sjómenn í þessu máli og segja, að þetta sé m. a. gert vegna þeirra. Ég held, að það sé allt annað, sem sjómenn hafa áhuga á og við ættum að reyna að vinna að, að leyst yrði af þeirra málum, heldur en þessi umferðarbreyting. Ég held, að það sé ekki ofsögum sagt, að þessi röksemd þeirra, sem mæla með hægri handar umferðinni, sé meira en haldlaus.

Þá er sagt, að þessi breyting sé nauðsynleg vegna íslenzkra námsmanna erlendis og vegna íslenzkra ferðamanna erlendis. Ég hef orðið var við það hér á hv. Alþ., að það hafa komið ýmis tilmæli frá íslenzkum námsmönnum erlendis, sem því miður hafa fengið heldur lakar undirtektir. En ég man aldrei eftir því, að íslenzkir námsmenn erlendis hafi óskað eftir þessari breytingu eða látið í það skína, að það væri nokkurt áhugamál þeirra, og ég minnist þess ekki heldur, að það hafi komið fram af hálfu Íslendinga, sem hafa ekið bíl erlendis, að þeir hafi óskað eftir þessari breytingu. Ég hef þvert á móti heyrt það á sumum þeirra, að þeir teldu þessa breytingu alls ekki æskilega frá því sjónarmiði, sem hér hefur verið rætt um. Þeir hafa sagt það, a. m. k. sumir hverjir, að vegna þess að það gilti að ýmsu leyti önnur umferðarregla erlendis í þessum efnum en hér heima, þá sýndu þeir meiri varúð en ella, þegar út væri komið. Hitt væri það, að ef umferðin hér væri færð í sama horf og t. d. á meginlandinu, þá gæti það orðið til þess, að varúð þeirra yrði minni en ella. Þannig má færa rök bæði með þessu og móti. Ég held, að það sé ákaflega erfitt, ef menn vilja líta sanngjarnt og hlutlaust á þessi mál, að færa rök fyrir því, að það sé rétt að ráðast í þessa dýru breytingu og óþægilegu fyrir fjölda manna vegna Íslendinga, sem nota bifreiðar erlendis.

Þá er það ein röksemdin, að það sé nauðsynlegt að gera þetta vegna erlendra ferðamanna, sem hingað koma og aka bíl hér. Ég hef ekki séð neinar tölur um það eða upplýsingar um það, að það hafi hlotizt nein sérstök slys af völdum erlendra ferðamanna hér á landi af þessum ástæðum eða það hafi komið fram neinar sérstakar óskir frá þeim í þessum efnum. Hins vegar höfum við þá reynslu fyrir augunum, að hér hafa verið bandarískir hermenn um tugi ára, en í landi þeirra er hægri umferð, þeir hafa ekið mikið eftir íslenzkum þjóðvegum, og ég minnist þess ekki, að því sé haldið fram, að það sé nein sérstök meiri slysahætta af þeim en öðrum vegfarendum hér á landi, nema síður sé, því að það vill oft vera þannig, að þegar menn koma til annars lands og þurfa að semja sig að öðrum háttum eða öðrum umferðarreglum þar heldur en í sínu eigin landi, þá sýna þeir meiri varúð en ella. Ég held þess vegna, að þegar menn kryfja þessa röksemd til mergjar, komist þeir að þeirri niðurstöðu, að hún sé líka meira en haldlaus

Þá held ég, að ég sé búinn að minnast nokkurn veginn á aðalröksemdirnar, sem komu fram hjá hv. frsm. meiri hl. fyrir breytingunni. Ég held, að það sé sannast sagna um þetta mál, sem fram kom í ræðu hæstv. dómsmrh., þegar hann lagði þetta mál fyrir Alþ., að þar sem vegir eru sæmilega góðir, skipti ekki meginmáli, hvort menn hafi vinstri eða hægri handar umferð, það megi leggja það nokkurn veginn að jöfnu, þegar menn eru orðnir vanir annarri hvorri umferðarreglunni, en hins vegar þar sem vegir eru þröngir eins og hér og þar sem vegbrúnir eru lélegar eins og hér, að þá sé sú umferðarreglan heppilegri, sem tryggir það, að stýrið sé þeim megin, sem vegkanturinn er, og það réttlætir fullkomlega það, sem hér hefur verið haldið fram, að við höldum áfram vinstri handar umferðinni.

Það mætti að sjálfsögðu hafa um það mörg fleiri orð og rekja það ýtarlegar, að þau rök, sem eru færð fyrir breytingunni í hægri handar akstur, eru haldlaus og hér er því eingöngu verið að ráðast í eftiröpun, sem er óþörf og dýr og veldur fjölda manna miklum erfiðleikum. Um slysahættu í þessu sambandi vil ég ekki fjölyrða svo mikið, ég vil ekki hafa neina spádóma uppi í þeim efnum, en mér finnst hins vegar það koma glöggt fram hjá almenningi, að það sé mikill uggur í sambandi við breytinguna. Og það er alveg tilgangslaust að vera að bera okkur saman við Svía í þessum efnum, því að allar aðstæður eru svo ólíkar í Svíþjóð og hér. Eins og hefur verið bent á í þessum umræðum, er umferðar-

menning á hærra stigi í Svíþjóð en í nokkru öðru landi. Ég hygg, að það megi fullyrða það. Hér er umferðarmenning ákaflega lítil, það verðum við að viðurkenna. Þó að það finnist kannske eitthvað af þröngum malarvegum í Svíþjóð, þá vitum við það, að meginhluti veganna þar er miklu betri og breiðari en hér, þar að auki hafa Svíar sterkt lögregluvald og beittu því alveg hiklaust í sambandi við breytinguna. Aðstaðan hjá okkur og Svíum er þess vegna alveg gerólík, og það þýðir ekkert að vera með neinn samanburð í þeim efnum.

Þá held ég að ég víki að þeirri röksemd hv. frsm. meiri hl., sem eiginlega snertir ekki það, hvort það væri neitt til bóta að breyta í hægri handar umferð eða ekki, en hann virtist þó leggja ákaflega mikið upp úr og er, held ég, mest lagt upp úr í nál. meiri hl., ef ég man það rétt, og þessi röksemd er sú: Alþ. er búið tvisvar eða þrisvar sinnum að samþ. þessa breytingu, og því, sem Alþ. er búið að gera tvisvar eða þrisvar sinnum, má alls ekki breyta. Það er eiginlega niðurlæging við Alþ., verið að misbjóða Alþ. að fara fram á, að því, sem það er búið að samþ. tvisvar eða þrisvar sinnum, skuli verða breytt, og í þessu sambandi fór frsm. allþungum orðum um okkur flm. fyrir að dirfast að fara fram á að fá því breytt, sem Alþ. er búið að samþ. tvisvar eða þrisvar sinnum. Ég held, að það væri gott í þessu sambandi, áður en maður fer lengra, að rifja upp fyrir hv. flm. ræðukafla, sem að Björnstjerne Björnson hélt einu sinni. Hann var mikill málafylgjumaður og flutti sitt mál jafnan af miklum þrótti og tilfinningu, en það kom ekki ósjaldan fyrir, að hann lauk sínum ræðum á þá leið, að hann mælti mjög eindregið með þessu máli, en hins vegar áskildi hann sér rétt til þess, ef annað réttara og sannara kæmi fram, að skipta um skoðun. Ég held, að þetta sé sú regla, sem við alþm. eigum yfirleitt að hafa. Við erum vafalaust margir hverjir oft og tíðum iðulega mjög sannfærðir um ýmsa hluti og álítum okkur vera að gera rétt, en ég álít okkur ekkert minni menn fyrir það, þó að við betri yfirsýn yfir málin eða vegna nýrra upplýsinga, sem koma fram, ellegar vegna þess, að menn hugsa málin nánar, skipti þeir um skoðun og fylgi því, sem þeir við nánari athugun álíta réttara og sannara. Það má líka benda á það Alþ. til lofs, að það hefur breytt fjölmörgum samþykktum sínum. Við erum eiginlega á hverju þingi að gera meira eða minna að því að breyta eldri lögum, vegna þess að það hafa orðið breytingar, sem gera þessar lagabreytingar nauðsynlegar, og eins vegna þess, að okkur finnst, að annað réttara og sannara hafi komið í ljós og þess vegna sé rétt að breyta til. Og ef menn hugsa eins og Björnson, þá held ég, að sé ekki erfitt fyrir þá þingmenn, sem greiddu á sínum tíma atkv. með hægri handar umferðinni, að breyta nú til og falla frá þessari löggjöf, eftir að þeir hafa kynnt sér málið betur og annað sannara og réttara komið í ljós, sem réttlætir það, að þeir skipti þannig um skoðun.

Ég verð líka að segja, að það eru um þessar mundir að gerast atburðir á Alþ., sem valda því, að sérstaklega hv. frsm. ætti ekki að hampa svo mjög þessari skoðun, að það, sem væri búið að tví- eða þrísamþykkja á Alþ., ætti að vera óumbreytanlegt. Einn amerískur stjórnmálamaður komst þannig að orði á s. l. hausti, og það þótti nokkuð djarft til orða tekið, að hann hefði verið heilaþveginn af vissum sérfræðingum, en við nánari athugun hefði hann komizt að raun um, að þessir sérfræðingar hefðu ekki haft rétt fyrir sér og þess vegna væri hann alveg óragur við að halda því fram, að hann hefði skipt um skoðun. Það kemur fyrir hv. alþm., alveg eins og þennan ágæta ameríska stjórnmálamann, að þeir eru stundum heilaþvegnir af sérfræðingum, og með þessu vil ég ekki segja neitt illt um sérfræðingana, því að ég álít rétt, að við leitum álits þeirra og tökum tillit til þess, sem þeir segja, en þó með allri gát. Og það hefur nú komið fyrir þennan hv. frsm. meiri hl., að hann hefur verið heilaþveginn af sérfræðingunum á þessu þingi. Hann á sæti í fjvn., og ég man ekki betur en að núna, áður en við fórum heim í jólafríið, héldi hann því fram, sem fjvn.-maður, að með gengislækkuninni væri búið að tryggja alveg fullkomlega hlut sjávarútvegsins, og þess vegna lagði hann til í nál. meiri hl. fjvn., að felldar yrðu niður allar uppbætur til sjávarútvegsins. Hann stóð að löggjöf um það, að hluti af gengishagnaði útgerðarmanna og sjómanna yrði gerður upptækur, vegna þess að þessir aðilar þyrftu ekkert á honum að halda. Og hann tók enn fremur undir það, að það væri til loforð um, að tollarnir skyldu lækkaðir um nálægt 300 millj. kr. Allt var þetta byggt á þeim útreikningum, sem stjórnin og hennar sérfræðingar höfðu gert, og ég lái hv. þm. það ekki neitt, þótt hann tryði þessu og léti heilaþvo sig í þeim efnum, ef mætti nota það orð um þetta. Nú blasir allt annað við. Nú verður hv. þm. innan tíðar hér á Alþ. að greiða atkv. með því, að það verði teknar upp verulegar uppbætur til sjávarútvegsins, þó að hann væri með því fyrir jólin, að þessar upphætur væru felldar niður. Hann verður einnig að greiða atkv. með því, að tollalækkunin verði miklu minni en lofað var og haldið var fram af fjvn. Ég er ekkert að lá hv. þm. það, þó að hann skipti hér um skoðun og fylgi því að lokum, sem hann telur vera sannara og réttara og óhjákvæmilegt, þó að hitt sé svo annað mál, og það kemur ekkert við skoðanaskiptunum, að ég álít t. d. í sambandi við tollalækkunina, að þá eigi menn að leggja kapp á það að standa við loforð sín, því að loforð verða menn að efna, hvað sem öðru líður. En hitt, þó að menn breyti afstöðu til mála, eftir að annað nýtt hefur komið í ljós, sem þeir álíta sannara og réttara, það álít ég, að sé ekki neinum til niðurlægingar. Þess vegna vildi ég vænta þess, að þegar þessi hv. þm. íhugar nú betur afstöðu sína til hægri umferðarinnar og allar þær röksemdir, sem hafa komið fram í því máli, sjái hann, að hér er nokkuð líkt á ferðinni og í sambandi við efnahagsmálin, sem ég minntist á áðan. Hann hefur fest of mikinn trúnað á það, sem sérfræðingarnir sögðu, en við nánari athugun og frekari upplýsingar ber honum að skipta um skoðun frá því, sem hann áður hélt fram.

Hv. frsm. meiri hl. vék nokkuð að afstöðu

minni til þessa máls og þótti hún að sumu leyti einkennileg. Ég skal játa það og gerði það raunar, þegar málið var til 1. umr., að þegar það kom fyrst hér til umr. á Alþingi að undirbúa þessa breytingu, tók ég ekki þátt í þeim umr., og einnig eftir að búið var að semja frv. um hægri handar akstur og leggja það fram hér á Alþingi, tók ég ekki heldur þátt í þeim umr. Ég hef gert grein fyrir því og get gert það aftur, af hverju það stafaði. Það stafaði í fyrsta lagi af því, að þetta mál var mjög hart sótt af ýmsum sérfræðingum, sem héldu því fram, að þessi breyting væri nauðsynleg, og þó að ég félist ekki á þeirra röksemdir, þá treysti ég mér ekki til þess að mæla gegn þeim á því stigi, þó að ég svo að lokum þó, af því að ég sannfærðist ekki um þessar röksemdir, greiddi atkv. á móti málinu við lokaafgreiðslu á Alþingi. En annað hafði miklu meiri áhrif á afstöðu mína að þessu sinni og var þess valdandi, að ég tók ekki þátt í umr. um málið á sínum tíma. Þegar þetta mál var hér til meðferðar á Alþ., þegar lög um hægri handar umferð voru afgreidd, virtist það liggja fyrir, að svo að segja öll sú stétt, sem mesta þekkingu hefur á íslenzkum þjóðvegum, bílstjórastéttin, væri breytingunni meðmælt. Frá flestum þeim félögum, sem bílstjórar eru í, eða stjórnum þeirra félaga lágu fyrir umsagnir um það, að breytingin væri heppileg. En við nánari athugun hefur komið í ljós, að þetta er algerlega rangt. Eftir að málið var samþ. og maður fór að hlera bifreiðastjórana, kom það í ljós, að fámennar stjórnir í þeirra samtökum höfðu tekið upp hjá sér að mæla með þessari breytingu án þess að bera það nokkuð undir fundi í bílstjórafélögunum. Og það, sem breytti afstöðu minni fyrst og fremst til málsins og gerði það, að ég ákvað að reyna það, sem ég gæti, til að sporna gegn breytingunni, var einmitt það, að þeir menn, sem hafa langsamlega mesta reynsluna í þessum málum, og bezt þekkja þjóðvegina, bílstjórarnir, meginþorri þeirra er andvígur breytingunni. Þetta lá hins vegar ekki fyrir, heldur hið gagnstæða, þegar lögin voru hér til meðferðar í þinginu, og þess vegna voru þau samþ. á algerlega röngum forsendum. Þm. stóðu í þeirri trú, að mennirnir, sem mesta þekkingu hafi í þessum málum, bifreiðastjórarnir, væru breytingunni meðmæltir, en hið gagnstæða er nú komið í ljós. Þetta mál bar þannig að með einhverjum hætti, sem ég ætla ekki að rekja hér, að það var farið á bak við bifreiðastjórastéttina í málinu og aðeins fáeinir menn í hópi þeirra komu á þeirri skoðun í fyrstu, að eiginlega öll stéttin væri þessu meðmælt. Eftir að það var þannig komið í ljós, að þeir menn, sem hafa mesta reynslu og þekkingu í þessum málum, voru andvígir breytingunni, þá taldi ég mér rétt og skylt að styðja þá í þeirri baráttu. Mér finnst það vera skylda okkar alþm. í hverju máli að leggja mest upp úr áliti þeirra manna, sem bezt þekkja til viðkomandi máls, og það er það, sem hefur ráðið afstöðu minni í þessu máli.

Eins og ég lýsti hér við fyrri umr. málsins, hafði ég mikinn áhuga á því á síðasta þingi að bera fram þáltill. um það, að þjóðaratkvgr. færi fram um málið í sambandi við alþingiskosningarnar. En vegna tilmæla ýmissa flokksbræðra minna og ekki síst fyrir tilmæli formanns flokks míns féllst ég á að flytja þessa till. ekki. Og rökin fyrir því voru þau, að það gæti að ýmsu leyti orðið til þess að rugla kosningarnar, ef svo mætti segja, og leiða til þess, að menn færu að kjósa menn á þing eftir því, hvort þeir væru með eða móti hægri handar akstri, ef þessi þjóðaratkvgr. færi fram samtímis þingkosningum. Slíkt væri óheppilegt, því að í þingkosningunum sjálfum ættu menn að velja fulltrúa eftir öðrum sjónarmiðum heldur en því einu, hvort menn væru með eða móti hægri handar akstri. En strax eftir að ég tók sæti á þessu þingi, fór ég að vinna að því ásamt öðrum mönnum, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði flutt. En ég var hins vegar ekki hér á fyrri hluta þingsins, og þess vegna hefur það kannske átt einhvern þátt í því, að frv. er ekki fyrr fram komið en raun ber vitni um.

Hv. þm. var að tala um, að það fylgdi því mikill kostnaður að hafa þjóðaratkvgr. Ég vil aðeins benda honum á það, að á næsta sumri eiga að fara fram forsetakosningar og ætti að vera auðvelt að láta þjóðaratkvgr. um hægri handar akstur fara fram samhliða þeim, og þess vegna verður kostnaðarauki af þjóðaratkvgr. miklu minni en ella.

Hv. frsm. meiri hl. virtist hafa litlar mætur á þjóðaratkvgr. um þetta mál og telja hana óheppilega, og rök hans voru einkum þau, að menn væru alltaf ófúsir til þess að samþykkja á sig skatta, og það kynni að eiga sinn þátt í því, að menn snerust á móti breytingunni frekar en ella. Ég held, að þetta sé ekki rétt mat á kjósendum. Ég held, að kjósendur geri sér fullkomlega grein fyrir því, að eiginlega allar þær umbætur, sem þeir vilja koma fram, hverjar sem þær eru, geta því aðeins orðið, að menn leggi eitthvað á sig á móti, og ég er alveg viss um það, að ef menn teldu þessa breytingu nauðsynlega og hún yrði til þess að auka öryggi í umferðinni og þannig síðar meir að draga úr ýmsum kostnaði, sem af umferðarslysum hlýzt, og öðru slíku, mundu menn fúslega samþykkja þetta, þó að einhver kostnaður hlytist af því. Ég minnist t. d. þess í þessu sambandi, sem er ekki ófróðlegt að rifja upp, að ég dvaldist í Bandaríkjunum í nóvembermánuði s. l., þegar kosningar fóru þar fram, og á þeim stað, þar sem ég dvaldist, í New York, fór fram sérstök atkvgr. um það, hvort ríkinu, þ. e. New York-ríki, væri heimilað að taka lán, sem skipti mörgum millj. dollara, til þess að bæta vegakerfið. Menn vissu, að ef þeir samþykktu þessa lántöku, yrðu þeir að borga hana aftur í sköttum, bæði vegatollum og öðru slíku. Þrátt fyrir það, þó að menn vissu, að þessi kostnaðarauki og þessar álögur fylgdu breytingunni, var hún samþ. með ⅔ hlutum atkv. Svo mikilsvert töldu menn það að fá betri vegi, bæði greiðari samgöngur og meira öryggi, sem mundi af því hljótast, og ég er alveg viss um það, að íslenzkir kjósendur mundu hugsa á sömu leið. Ef þeir kæmust að þeirri niðurstöðu, eins og hv. frsm. meiri hl. virðist halda fram, að þessi breyting yrði til að auka umferðaröryggið, mundu þeir samþykkja hana, jafnvel þó að einhver kostnaður fylgdi. En væri það hins vegar mat manna, eins og mitt og annarra, að ekkert öryggi feng-

ist með þessari breytingu, heldur fylgdi henni kostnaðurinn einn, mundu þeir að sjálfsögðu verða á móti.

Mér virðist það koma mjög greinilega fram, að þrátt fyrir það, þó að meðhaldsmenn hægri umferðarinnar tali þannig, að þeir hafi mikla trú á þessari breytingu, sé trúin ekki svo ýkjamikil, þegar til kemur, og það sé meginástæðan til þess, að þeir þora ekki að láta þetta mál sitt ganga undir þjóðaratkvgr. Og ég heyri það líka á fjöldamörgum þessara manna nú, að þeir segja sem svo: Það var kannske ekki rétt að ráðast í breytinguna og hún gerir kannske lítið gagn, en við erum bara komnir svo langt með undirbúninginn í þessu máli, að þess vegna getum við ekki snúið aftur. Það er búið að stofna til svo mikils kostnaðar í sambandi við þessa breytingu, að við getum ekki snúið aftur eftir þetta, þrátt fyrir það að þetta sé kannske, þegar allt kemur til alls, hálfgerð vitleysa. — En þetta er alls ekki rétt röksemd, og þess vegna skal ég nú víkja að því, sem er ein aðalmótbáran á móti þessu frv. núna, að það sé búið að stofna til svo mikils kostnaðar, að það sé ekki rétt að snúa til baka úr því sem komið er.

Það er sagt, að það sé búið að stofna nú til kostnaðar vegna breytingarinnar eitthvað milli 20 og 30 millj. kr., búið ýmist að greiða þetta beint ellegar það sé búið að stofna til skuldbindinga, sem nemi þessari upphæð. Þetta er vafalaust rétt. En þess er að gæta í þessu sambandi, að fjölmargt af þessum kostnaði er þannig lagað, að hann þarf ekki að verða að eyðslueyri, jafnvel þó að breytingin verði ekki gerð, svo að þessi upphæð öll yrði ekki tap, þó að horfið yrði frá breytingunni, ég skal ekki segja, hve mikið, en áreiðanlega mjög verulegt. Og ég vil líka láta það koma alveg skýrt fram, að jafnvel þó að ekki væri horfið að þessari breytingu, álít ég óhjákvæmilegt, að það yrðu gerðar ráðstafanir til þess að auka umferðarmenningu hér, bæði með strangara lögregluefirliti og með upplýsingastarfsemi, svo að ég álít, að sá undirbúningur væri ekki unninn fyrir gýg, jafnvel þó að ekki yrði horfið að breytingunni. En segjum nú svo, látum það gott heita, að það sé búið að eyða 20—30 millj. í breytinguna og þetta fé muni allt tapast. Ég segi, að þrátt fyrir það er stórhagnaður að því að hverfa frá breytingunni, og ég skal með stuttu máli gera nokkra grein fyrir þessari skoðun minni.

Samkv. þeirri kostnaðaráætlun, sem upphaflega var gerð um breytinguna, var reiknað með, að hún kostaði milli 50 og 55 millj. kr., eftir því sem hæstv. dómsmrh. sagði hér í umr. á dögunum. Síðan hefur þessi áætlun verið hækkuð um 10 millj., eins og ráðh. gerði grein fyrir, svo að áætlunin sjálf er núna komin upp í 60—65 millj., en það er tvöföld sú upphæð, sem búið er að eyða. En þess verður svo að gæta, að inn í þessa áætlun vantar fjöldamarga kostnaðarliði. Í þessari áætlun er ekki sá kostnaður, sem mun hljótast af aukinni löggæzlu í sambandi við breytinguna, en sá kostnaður hlýtur að vera mjög verulegur, og ég vil segja, að ef haldið er uppi þeirri löggæzlu, sem þörf er fyrir, geti þessi kostnaður farið upp í 10 millj. kr. Ég vil í þessu sambandi láta í ljós fullkomna undrun yfir þeirri áætlun, sem lögreglustjórinn hefur gert í þessu sambandi, því að ég tel, að sú aukning löggæzluliðs, sem hann hefur gert ráð fyrir í sambandi við breytinguna, sé allt of lítil og það sé fullkomlega óábyrgt að gera ekki ráð fyrir sterkari og meiri löggæzlu en gert er ráð fyrir í till. lögreglustjóra. Inn í þessa áætlun vantar einnig allan þann kostnað, sem leiðir af breytingum á ljósaútbúnaði bifreiða. Því hefur verið haldið fram í þessum umr., og því hefur ekki verið mótmælt, að heildarkostnaður í sambandi við þetta sé í kringum 20—30 millj. kr. Þar að auki eru engar áætlanir til og er erfitt að gera nokkrar áætlanir um það tjón eða þann kostnaðarauka, sem bæði einstaklingar og atvinnufyrirtæki verða fyrir vegna þeirra tafa á umferðinni, sem mun fylgja þessari breytingu. En það er ekki óeðlilegt, þó að áætlað sé, að sá kostnaður geti einnig skipt tugum millj. kr. Það er þannig víst, að þessi breyting, ef í hana verður ráðizt, á eftir að kosta — ég vil segja hundrað millj. kr. eða jafnvel enn þá stærri upphæð til viðbótar því, sem búið er að eyða. Og ég satt að segja skil ekki þá hagfræði hjá hv. frsm. meiri hl., þegar hann virðist telja það meiri ráðdeild að eyða kannske 120—130 millj. kr. heldur en eyða 20—30 millj. kr. En af því, sem ég nú hef rakið, er alveg augljóst, að enn þá mundi hljótast allt að 100 millj. kr. sparnaður beint eða óbeint af því, ef ekki verður ráðizt í breytinguna. Og hvað væri hægt að gera við þessa peninga? Væri úr vegi, að menn athuguðu það, hvað væri hægt að gera fyrir þessar 100 millj., sem enn þá er eftir að sóa í þessa breytingu? Jú, það mætti t. d. koma upp akreinaskiptum á öllum blindbeygjum og öllum blindhæðum og auka þannig öryggi í umferðinni. Það mætti breikka ræsi, þar sem þau eru mjórri en vegurinn. Og þrátt fyrir það að þetta allt væri gert, væri samt veruleg fjárfúlga afgangs til þess að endurbæta og fullkomna vegakerfið. Ég segi: það er miklu hyggilegra að nota þetta fé, þessar 100 millj. eða hvað það er, sem eftir er að eyða vegna umferðarbreytingarinnar, til þess að bæta vegina heldur en að fleygja því í þessa breytingu, sem engum kemur að gagni, en mun valda miklum óþægindum, a. m. k. meðan verið er að framkvæma hana. Og ég verð satt að segja hissa á hv. alþm., ef þeir gera sér grein fyrir því, hvernig nú er ástatt í okkar þjóðfélagi, að nú er verið að fella gengið, nú er verið að leggja á nýja og nýja skatta, nú er verið að boða, að það eigi að draga úr alls konar nauðsynlegum útgjöldum hjá ríkinu, en þá skuli þeir telja efni á því að stofna hér til útgjalda upp á tugi eða jafnvel hundruð millj. kr., sem ekkert fæst fyrir í aðra hönd. Ég held, að a. m. k. þeir þm., sem geta staðið að slíkum fjárútgjöldum, ættu að spara sér allt tal um það, hvað ástandið sé alvarlegt í efnahagsmálum landsins og nú þurfi menn að herða sultarólina og nú megi menn ekki fara fram á verðtryggingu launa eða neitt annað þess háttar, nú verði menn bara að spara Og svo stofna þeir til útgjalda upp á tugi eða hundruð millj. kr. algerlega að þarflausu. Er nokkur heil brú í málflutningi þessara manna? Ég get ekki séð hana. Og

ég verð að segja það, að mig undrar, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki grípa þetta frv., sem hér liggur fyrir, fegins hendi. Hún segir, að það þurfi að spara og það verði að leggja á álögur og það verði að draga úr nauðsynlegum framlögum til verklegra framkvæmda og annað þess háttar. Hvers vegna tekur hún þá ekki fegins hendi, þegar kemur fram till. frá þm., studd af ég verð að segja mjög stórum hluta, jafnvel meiri hl. almennings í landinu, — hvers vegna tekur hún þá ekki slíka till. sem þessa fegins hendi og framkvæmir þann sparnað, sem hér er um að ræða? Nei, það er ákaflega erfitt að finna nokkra heila brú í málflutningi þessara manna, sem annað veifið eru að tala um það, hve ástandið sé alvarlegt, hvað þjóðin hafi orðið fyrir miklum skakkaföllum og nú verði menn að spara, og samt beita þeir sér fyrir annarri eins ráðleysu og þessari.

Gallinn við þetta mál er sá, þó að það sé ljótt að þurfa að segja það, að þetta mál virðist vera orðið eins konar metnaðarmál vissra manna í þjóðfélaginu og vissra áhrifamanna. Menn virðast af einhverjum ástæðum, sem ég ætla ekki að skýra hér, vera búnir að leggja metnað sinn í það að knýja þessa breytingu fram, hvað sem það kostar, og vilja ekki hlusta á nein rök í því sambandi. Þeir segjast vera búnir að samþykkja þetta og það sé búið að stofna til það mikilla útgjalda, að nú verði ekki aftur snúið, þrátt fyrir það að sýnt sé fram á það með glöggum rökum, að það, sem búið er að kosta til vegna þessarar breytingar, er ekki nema lítill hluti af því, sem eftir er, og þess vegna er sparnaðurinn mikill og ótvíræður.

Ég vil nú skjóta því til hv. frsm. meiri hl. og annarra, sem eru á sama máli og hann, að þeir íhugi nú vel þau ummæli, sem ég hafði hér eftir Björnson áðan og einnig ummæli hins ameríska stjórnmálamanns, sem viðurkenndi það, að hann hefði verið heilaþveginn, en taldi sig þó ekkert minni mann eftir en áður, þó að hann breytti um skoðun, eftir að annað og réttara var komið í ljós. En það var sagt, að sá maður hefði heldur tapað á því að taka svona stórt upp í sig, a. m. k. fyrst eftir að hann lét þessi ummæli frá sér fara. En mér sýnist á ýmsu nú, að álit hans fari vaxandi að nýju, og það er vegna þess, að hann hefur verið fullkomlega ærlegur. Hann hefur játað sín mistök og séð í hverju þau væru fólgin og er ekkert að lemja höfðinu við steininn, er ekki að halda við einhverja ákveðna skoðun af metnaðarástæðum, heldur skiptir um skoðun vegna þess, að hann álítur, að það sé rétt, eins og er líka vafalaust í umræddu tilfelli.

Ég skal svo að síðustu minnast á það, sem hefur komið bæði fram hjá hæstv. ráðh. og eins hjá hv. frsm. meiri hl. n. varðandi það, hvað við, sem erum andvígir hægri handar umferð, munum gera, ef svo ólíklega færi, að þetta frv. yrði fellt. Það hefur verið margframtekið af okkar hálfu, að ef svo færi, teldum við sjálfsagt, að sem allra flestir tækju saman höndum um það að forða frá slysum af þeirri breytingu, sem hér er um að ræða. En við gerum þá jafnframt kröfu til þess, að eitthvert tillit sé til þess tekið, sem við höfum fram að færa. Það hefur komið mjög greinilega fram í því bréfi frá Félagi ísl. vegfarenda, sem alþm. hafa fengið sent, hvað það er, sem það félag leggur áherzlu á að gert verði, áður en ráðizt verði í hægri handar umferð, og ég tek fullkomlega undir það. Fari svo, að þetta frv. verði fellt, finnst mér ekki ólíklegt, að það komi fram till. hér á Alþ. um, að þær umbætur verði sem allra fyrst gerðar á þjóðvegunum, að tekin verði upp akreinaskipting á blindbeygjum og blindhæðum og einnig verði vegræsi breikkuð, þar sem þau eru nú mjórri en vegurinn. Þetta teljum við, sem viljum leggja áherzlu á sem mesta varúð í þessum efnum, eitt meginskilyrði þess, að þessi breyting geti farið slysalaust fram. Og þó að hv. þm. vilji kannske ekki sumir hverjir styðja þetta frv., ber að vænta þess, að þeir vilji þó styðja það, að gerðar verði þessar umbætur á þjóðvegunum, sem þeir menn, sem bezt þekkja til, telja nauðsynlegar, ef þessi breyting á að ganga fyrir sig slysalaust. Annað, sem hlýtur einnig að koma hér til umr. á Alþingi, ef svo kynni að fara, að þetta frv. yrði fellt, væri till. um það, að skorað yrði á hæstv. ríkisstj. að sjá um, að löggæzla væri nægileg í sambandi við breytinguna og eins lengi og þörf er á. Það hlýtur einnig að koma til athugunar mjög gaumgæfilega og meira en hefur átt sér stað til þessa, að almenningsvagnar, hvort sem þeir eru í þéttbýli eða strjálbýli, verði þannig útbúnir, að fólki verði ekki sleppt út í umferðina. Við, sem erum andvígir hægri umferð, ef svo fer, að við bíðum ósigur í sambandi við þetta mál, erum reiðubúnir til samstarfs um allar þessar breytingar og annað það, sem gæti orðið til þess að auka öryggi og koma í veg fyrir slysahættu, sem af breytingunni kynni að leiða.

Ég get ekki komizt hjá því í sambandi við þessi atriði að láta þá skoðun mína í ljós, að mér finnst, að þeir tveir sérfræðingar, sem einna mest hefur borið á þessu máli, vegamálastjórinn og lögreglustjórinn í Reykjavík, hafi sótt þetta mál meira af kappi en forsjá. Mér finnst t. d. mjög einkennilegar og undarlegar undirtektir hjá vegamálastjóra undir þær óskir, að áður en breytingin fari fram, verði gerðar þær umbætur á þjóðvegunum, að komið verði á akreinaskiptingu á blindbeygjum og blindhæðum og eins að vegræsi verði breikkuð. Mér skilst svo á vegamálastjóranum, að hann telji ekki svo ýkjamikla þörf á þessum breytingum. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir þessu. Og ég hygg, að þetta stafi af því, að þrátt fyrir alla þá ágætu þekkingu og sérfræðimenntun, sem hann hefur í þessum efnum, hafi hann ekki sömu þekkingu og reynslu af þjóðvegunum og þeir menn hafa, sem mest nota þá. Vegna þessara ummæla vegamálastjórans tek ég a. m. k. því með fullkominni gát, sem frá honum kemur um þessi efni. Og ég kemst því miður ekki hjá að láta svipuð ummæli falla um lögreglustjórann, að mér finnst hann ekki sýna nægilega gætni, þegar hann telur ekki þörf fyrir meiri aukningu á löggæzlu í sambandi við þessa breytingu en kemur fram í þeim till., sem hér hefur verið greint frá.

En það held ég, að við hljótum allir að vera sammála um, að ef svo fer, að þetta frv. verði fellt og breytingin verði knúin fram af ofurkappi, má ekkert láta ógert til að tryggja það,

að hún fari sem slysaminnst fram og gangi sem bezt. Þó að ég sé að prédika sparnað í þessu sambandi, þegar ég legg til, að horfið sé frá breytingunni, treysti ég mér ekki til annars en að mæla með mjög verulegum útgjöldum, ef að breytingunni verður horfið, bæði til að bæta vegina og eins til að bæta lögregluefirlitið. Ég tel allt annað vera ábyrgðarleysi, og ég vara þá menn við því, sem fyrir þessari breytingu standa og ætla að knýja hana fram af ofurkappi, ef þeir gæta þess ekki jafnframt í sambandi við framkvæmdina, að gerðar verði nauðsynlegar endurbætur á vegunum og lögregluefirlitið verði haft miklu meira en nú er ráð fyrir gert. Það þýðir ekkert í þessu sambandi að vera að vitna til reynslu Svía og segja það, að þeir hafi ekki þurft að auka löggæzlu í sambandi við umferðarbreytinguna nema svo og svo mikið, því að við vitum það ósköp vel, að löngu áður en breytingin kom þar til framkvæmda, mörg undanfarin ár eða áratugi, hafa Svíar haft mjög sterkt lögreglukerfi til þess að tryggja, að umferðarreglum væri hlýtt, eins og sést líka á því, sem ég minntist hér áðan á, að Svíar hafa sennilega verið komnir allra þjóða lengst í umferðarmenningu, þannig að umferðarslys voru þar miklu færri en — ég held, að það sé óhætt að segja heldur en í nokkru öðru landi, og t. d. hef ég heimildir fyrir því, að í Stokkhólmi á undanförnum árum hafi verið hlutfallslega helmingi færri umferðarslys en í Kaupmannahöfn, og er þó tvímælalaust umferðarmenning á hærra stigi í Danmörku en hjá okkur.

Ég vil í þessu sambandi líka segja það, að mig undrar á þessari áætlun lögreglustjórans í Reykjavík, vegna þess að honum er áreiðanlega mjög vel kunnugt um það, að umferðarmenning hér í höfuðborginni er hvergi nærri eins góð og hún ætti að vera. Vegna þess að hann er hér fjarstaddur, vil ég ekki fara um það þeim orðum, sem ég ella kysi, en vegna þess, hve grunnurinn er lélegur, sem hér er byggt á, þ. e. það lögregluefirlit í sambandi við umferðina, sem nú á sér stað, er að sjálfsögðu nauðsynlegt að herða enn þá lögregluefirlitið í sambandi við umferðarbreytinguna miklu meira en ella mundi vera þörf á.

Ég verð líka að segja það, — dómsmrh. er nú víst ekki viðstaddur, en ég tel samt rétt að láta það koma fram, að mér finnst, að hann hafi sýnt mikið gáleysi í því að ætla að hafa hér fjölmarga almenningsvagna þannig útbúna, að farþegum sé sleppt út í umferðina, því að þótt það sé nú ætlazt til þess, að þessir vagnar stanzi aðeins á ákveðnum stöðum, veit maður, að það gerist alltaf meira og minna, að stoppstaðirnir eru fleiri, ef svo mætti segja, heldur en ætlazt er til, og það mun halda áfram eins og verið hefur þrátt fyrir breytinguna, og þess vegna fylgir því augljós hætta, ef ekki verður gerð breyting á þessum vögnum þannig, að farþegum sé ekki sleppt út í umferðina. Og ég skil satt að segja ekki, vegna hvers þarf að vera að gera einhvern sérstakan mun á dreifbýli og þéttbýli í þessum efnum. Ég á ákaflega erfitt með að skilja það. En það, sem mér finnst mestu máli skipta í þessum efnum, er, að öryggis sé gætt eins vel og frekast er kostur, og það verður ekki í þessu sambandi gert á annan veg en þannig, að allir langferðabílar eða almenningsvagnar verði þannig útbúnir, að farþegum verði ekki sleppt út í umferðina.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, þó að ærin ástæða væri til þess að greina margt fleira en það, sem ég hef nú gert. En ég held, að mönnum verði það ljóst, því meira og betur sem þetta mál er rætt, að það er engin þörf af öryggisástæðum á þessari breytingu. Við höfum enga þörf fyrir þessa breytingu, eins og mörg önnur lönd, t. d. Svíþjóð, sem hafa sameiginleg landamæri við önnur ríki, þar sem hægri umferð hefur verið upp tekin. Það er óþarft að gera þessa breytingu vegna sjómanna, óþarft að gera hana vegna íslenzkra ferðamanna erlendis eða námsmanna þar, eins og hér hefur verið haldið fram, óþarft að gera hana vegna erlendra ferðamanna, sem hingað koma. Það er í stuttu máli sagt ekki hægt að færa nein haldbær rök fyrir þessari breytingu. Hins vegar er það dómur hinna fróðustu og reyndustu manna í þessum efnum, bílstjóranna, eða a. m. k. yfirgnæfandi meginhluta þeirra, að vegir okkar séu þannig, að þessi breyting henti þeim ekki, til þess séu þeir of þröngir og til þess séu vegbrúnirnar of lélegar, og þess vegna tryggi það okkur bezta umferð, mest öryggi að fylgja þeim umferðarreglum, sem eru í gildi í dag. Það liggur jafnframt í augum uppi, að þessari breytingu mun fylgja mjög mikill kostnaður, og þó að það sé búið að eyða nokkru fé í breytinguna núna, er það ekki nema örlítill hluti heildarkostnaðarins, sem af henni hlýzt. Það ætti einnig að vera öllum ljóst, að hér á landi eru nú erfiðir tímar. og þess vegna er full ástæða til þess, að við reynum að spara það, sem hægt er að spara með góðu móti, nýta okkar fjármuni eins vel og kostur er, og það að falla frá þessari breytingu væri verulegur þáttur í slíkri starfsemi, slíkum sparnaði. Við vitum einnig, þarf ekki að lýsa því með neinum orðum, að okkar vegakerfi er ákaflega ábótavant, og ef menn vildu leggja eitthvað af mörkum vegna umferðarinnar, verður þeim fjármunum miklu betur varið til þess að bæta vegina heldur en til þess að fleygja þeim í þessa umferðarbreytingu.

Ég vil svo að lokum vænta þess, að þeir þm., sem áður hafa greitt atkv. með hægri handar breytingunni, íhugi vel þau ummæli Björnsons, sem ég minntist á hér áðan. Það er ekkert við því að segja, þó að menn sæki mál sitt af kappi og haldi skoðunum sínum fast fram, eins og þeir hægri handar menn hafa oft gert. En enn þá meiri manndómur er þó fólginn í því, þegar menn sjá við nánari og betri athugun, að annað er sannara og réttara, að þá skipti þeir um skoðun í samræmi við það.

Ég segi svo að lokum, að ég treysti því, að hv. þm. láti engan misskilinn metnað, ekkert ofurkapp ráða í þessu máli, heldur kalda skynsemi, og þá efast ég ekki um, hver úrslitin verða hér á Alþ. í þessu máli.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að vera hér í gær á fundi og er þess vegna ókunnugur þeim umr., sem fram fóru um

málið hér í gær, en þar sem ég er einn af flm. þessa frv., þykir mér rétt að segja hér fáein orð um þetta mál við þessa umr., þó að ég geti ekki miðað mál mitt við það, sem hér var sagt í gær.

Ég hef áður, þegar þetta mál var til meðferðar hér á hinu háa Alþ., greitt atkvæði á móti því, að tekin yrði upp hægri umferð. Sú afstaða mín er byggð á mjög einfaldri forsendu. Ég er á móti breytingunni frá vinstri til hægri af þeirri ástæðu einni, að ég álít hana algerlega óþarfa. Land okkar er umlukt breiðu og djúpu hafi, sem aldrei verður brúað. Þess vegna höfum við og munum aldrei hafa nema svo lítið saman við aðra að sælda í umferð á landi, að breytingin er alþörf að mínu áliti. Með breytingunni tökum við á þjóðina stóraukna slysahættu, a. m. k. um alllangt skeið, og ég vil segja gífurlegan kostnað algerlega að óþörfu, og því fé væri þess vegna miklu betur varið t. d. til vegabóta og slysavarna, sem hvort tveggja er full þörf á að auka og bæta, bæta vegina og auka slysavarnirnar. Það þarf enga breytingu frá vinstri til hægri til að koma á í landinu auknum slysavörnum og til að efla umferðaröryggi og umferðarmenningu. Það er hægt að gera hvort tveggja, ráðast í hvort tveggja og er full nauðsyn að ráðast í hvort tveggja þetta án þess fyrst að breyta umferðarreglum í landinu frá vinstri til hægri. Með því að stofna til breytingar á umferðarreglum eru menn að búa hér til mikið vandamál, og þetta vandamál er fyrst og fremst stórt vegna þess, að við eigum varla annað til en mjóa og lélega vegi, og þó að við legðum okkur alla fram um að bæta vegina, er þar um svo stórt verkefni að ræða, að það verður ekki leyst á skömmum tíma, slíkt er óframkvæmanlegt, til þess þarf mörg ár að leysa það spursmál að leggja góða, varanlega, breiða vegi um landið.

Mér finnst vítavert, að þeir, sem hér ráða gangi þessa máls og fara með framkvæmd H-umferðar, skuli flýta sér svo mikið sem raun ber vitni, þar sem búið er að ákveða, að H-umferðin taki gildi 26. maí á vori komanda. Það er vitað, að þá verður svo að segja allt ógert á þjóðvegum landsins, sem nauðsynlegt er til þess að undirbúa breytinguna. Ég tel gott, að Íslendingar hafi opin augu og eyru fyrir öllu því, sem hjá öðrum þjóðum er gert og tekið upp nýtt og okkur getur verið gagnlegt að læra og taka upp hér. Hitt eigum við að láta vera, sem við höfum ekkert við að gera og getum án verið, eins og er með þessa breytingu, sem hér er ráðgerð. Við höfum í nógu mörg horn að líta í okkar stóra og fámenna landi, þó að við séum ekki að gera okkur óþarfakostnað og áhættu. Okkur vantar brýr, og okkur vantar vegi, betri vegi og fleiri vegi, og okkur vantar að endurbæta það, sem við höfum verið að bjástra við að byggja upp á undanförnum áratugum. Okkur vantar skóla, okkur vantar sjúkrahús, hafnir og flugvelli og margt fleira. Og eitt stærsta vandamálið, sem við höfum við að glíma hér og eigum í erfiðleikum með að fullnægja, er að koma upp íbúðum fyrir fólksaukninguna í landinu. Og þó er verið að rjúka í það, á sama tíma sem við stöndum í vandræðum með allt þetta og getum ekki leyst nema nokkurn hluta af því, sem ríður á að koma fram sem fyrst, þá er verið að rjúka í það að breyta umferðarreglum, sem enginn hefur beðið um, nema þá ef til vill fáeinir hátt settir menn, sem hafa gert það að metnaðarmáli, að manni virðist, að H-umferð skuli koma hér á þeirra ævi eða á þeirra tíma. Það lítur helzt út fyrir, að þeir hafi einhvern tíma á góðri og glaðri stund stigið á stokk, eins og siður var að fornu, og strengt þess heit, að víkja til hægri hér eftir, en ekki til vinstri.

Það benda miklar líkur til þess, að breytingin úr vinstri til hægri umferðar njóti ekki stuðnings nema mjög lítils hluta þeirra, sem hafa ökuréttindi. Þetta byggi ég á þeim mikla fjölda mótmælaorðsendinga, sem Alþ. voru sendar um það leyti sem Alþ. var að ljúka við setningu laga um H-umferð, aftur í fyrra, áður en þinginu lauk, þar sem óskað var þjóðaratkvgr. um málið í sambandi við alþingiskosningarnar á s. l. sumri, og svo nú síðustu vikurnar, þar sem óskað er frestunar á H-umferð og svo þjóðaratkvgr. um málið í sambandi við væntanlegar forsetakosningar í sumar. Meginhluti allra þeirra, sem undirritað hafa allar þessar óskir og sent þær hinu háa Alþ., er fólk, sem hefur fengið réttindi til þess að aka bifreið.

Ég hef heyrt og jafnvel séð því haldið fram í blaðagreinum, að alþýða manna hér á landi hafi ekkert vit á þessu máli. Mér finnst að slík ummæli séu grálega mælt. Í landinu ríkir skoðanafrelsi, og fáir held ég þeir séu, sem þora að halda því fram að afnema almennan kosningarrétt, þó að honum fylgi vitanlega bæði sú ábyrgð og skylda fyrir kjósandann, að hann geti gert greinarmun á því, sem um er að velja hverju sinni. Ég get vel fallizt á, að tíðar þjóðaratkvæðagreiðslur séu ekki heppilegar, og þær eru vissulega talsverð fyrirhöfn, ef þær eru oft um hönd hafðar. En ég hygg þó, að fá mál væru betur til þess fallin að láta skera úr um með þjóðaratkvæði en það, hvort hér eigi að taka upp hægri handar akstur. Allir íbúar landsins þekkja af eigin raun, hvernig vegirnir eru. Um það atriði þarf ekki að fara eftir sögusögnum annarra, og áróður í því efni getur, held ég, varla haft nein áhrif, því að það þekkja þetta allir af eigin raun, allir ferðast um vegina. Landið okkar er fjöllótt og það er giljótt. Byljir og rigningar, þokur og umhleypingar eru mjög algeng veðrátta. Nætur eru hér langar og dagar eru stuttir meiri hluta ársins. Þessi skilyrði gera breytingu á akstursreglunum miklu viðsjárverðari hér en víðast í öðrum löndum. Allt þetta þekkir þjóðin sjálf af daglegri reynslu, og þess vegna ætti hún að vera fullfær um það að velja eða hafna, miðað við þá reynslu, sem hún hefur af landi sínu og daglegri umferð um vegi landsins.

Af þessum ástæðum, sem ég hef aðeins drepið á og aðrir hafa miklu meira dregið fram en ég hef þó gert í þessum orðum mínum, mun það vera, að þúsundir bifreiðastjóra hvaðanæva að á landinu hafa sent hingað til Alþ. óskir um frestun á framkvæmd H-umferðarinnar og lagt til, að þjóðaratkvgr. yrði látin fara fram um

málið á næsta sumri. Þeir hafa skilning meiri en aðrir menn á þessu máli, að ég hygg, þeir hafa reynsluna, og reynslan er það, sem ólygnast er.

Ég vil drepa á það, að til Alþ. hefur komið nú síðustu vikur eða daga mjög mikið af undirskriftum. Ég leit á það fyrir helgina síðustu, sem þá var komið af því. Vera má, að hafi bætzt við síðan, en ég sá hér á lestrarsalnum, að þá höfðu verið lagðar fram, 22. jan. s. l., undirskriftir 2580 bifreiðastjóra víðs vegar að af landinu, þar sem þeir krefjast þjóðaratkvæðagr. um breytingu úr vinstri í hægri handar akstur og frestunar á framkvæmd laga um hægri handar umferð, þar til sú þjóðaratkvgr. hefur farið fram. Í Suðurlandskjördæmi, þar sem ég á heima, er mjög mikil andstaða gegn því, að upp verði tekin hægri handar umferð. Ekki er það vegna áróðurs frá mér, því að ég hef ekki rætt málið opinberlega í mínu kjördæmi og gerði það ekki að umtalsefni við síðustu alþingiskosningar. Þessi andstaða gegn málinu á Suðurlandi er áreiðanlega sprottin af því, að mönnum finnst þar, að hér séu ekki skilyrði til þess að gera þessa breytingu eins og sakir standa.

Nýafstaðinn fundur vörubílstjórafélagsins Mjölnis í Árnessýslu samþykkti að æskja þess, að frestað yrði framkvæmd laga um hægri umferð og að þjóðaratkvgr. yrði látin fara fram um málið. Þetta var samþ. með öllum atkv. félagsmanna á fundi þar. Sams konar samþykkt gerði aðalfundur verkamannafélagsins Bjarma á Stokkseyri. Í apríl s. l. samþykkti aðalfundur Mjólkurbús Flóamanna mótmæli gegn hægri umferð. Á þeim fundi voru a. m. k. 400 menn og voru allir á móti hægri umferð að tveimur eða þremur undanskildum. Nýafstaðinn fundur bílstjórafélags í Rangárvallasýslu vildi frestun hægri umferðar og þjóðaratkvgr. Sams konar ályktanir hafa gert og sent til Alþingis hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps, hreppsnefnd Helgustaðahrepps, hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps, hreppsnefnd Hörgslandshrepps, öll verkalýðsfélög á Akureyri, vörubílstjórafélagið Valur á Akureyri og Bílstjórafélag Akureyrar, 29 meðlimir bifreiðastjórafélagsins Neista í Hafnarfirði, almennur fundur Félags ísl. vegfarenda, starfsmannafélag bifreiðastöðvarinnar Bæjarleiða hér í Reykjavík.

Ég hef hér drepið á þetta til þess að sýna fram á, að áhugi manna í þessu máli er vakandi, og það hafa ekki aðrir um þetta fjallað en þeir einir, sem maður getur talið, að hafi í raun og veru sérþekkingu á þessu máli. Það eru starfandi bílstjórar.

Það hefur verið drepið á það hér í þessum umr. og enda vitað og upplýst af ýmsum, sem bezt mega um það vita, að 26. maí í vor, þegar H-umferðin á að hefjast, mun vanta mikið á það, að nægur undirbúningur verði fyrir hendi. Þá mun ekki verða búið að gera akreinaskiptingu á blindhæðum og blindbeygjum víðs vegar á þjóðvegunum né heldur að breikka vegræsi, sem eru mjórri en akvegurinn og því stórhættuleg, en allir vegfarendur kannast við þessi mjóu, hættulegu ræsi víðs vegar á þjóðvegunum. Ekki verður heldur þá búið að breyta útgöngudyrum langferðabifreiða, sem hlýtur að vera nauðsynlegt, því að annars hlýtur slysahætta mjög að aukast fyrir það fólk, sem gengur út um dyrnar á þessum bifreiðum beint út í umferðina á vegunum, hvort sem það er nú heldur hér innan bæjanna eða úti á þjóðvegunum. Þá hefur engin trygging enn verið gefin fyrir því, að eftirlits- og gæzlulið með umferðinni verði nægilega mannmargt eða þjálfað, og því síður er nokkur trygging fyrir því, að næg gæzla verði höfð með umferðinni nógu lengi, eftir að breytingin tekur gildi. En ég tel, að það megi ekki slaka á slíkri gæzlu of fljótt, eftir að breytingin er komin í gang. Um allt þetta liggur ekkert fyrir, svo að öruggt sé og treysta megi, að viðkomandi yfirvöld hafi vald á þessum málum, þannig að nokkurt öryggi sé í fyrir umferðina í landinu.

Ég hef drepið hér á undirskriftir og áskoranir, sem þinginu hafa borizt frá ýmsum aðilum, og ég hygg, að það séu þó margir aðrir, sem hafa sent slíkar áskoranir, þó að ég hafi ekki fylgzt með því. En hvar eru svo hinir, þeir íbúar Íslands, sem eru breytingunni fylgjandi? Ef hér er mikill áhugi í landinu á þessari breytingu hjá fleiri en nokkrum mönnum, hlyti sá áhugi að hafa komið fram m. a. í því, að þeir þegnar landsins, sem áhuga hefðu mikinn í þessu máli, hlytu líka að hafa sent Alþ. áskoranir um að koma þessari breytingu í gegn og koma henni á sem fyrst. En ég hef ekki orðið var við, að Alþ. né ríkisstj. hafi fengið áskoranir eða hvatningu til að koma þessari breytingu á frá neinum. Ég hef hvergi orðið þess var. Ég veit ekki til þess, að það hafi borizt undirskriftir um slíkt. En ef málið hefði fylgi með þjóðinni, er ekki að efast um, að það hlyti að hafa komið í ljós.

Þess er getið í nál. meiri hl. allshn., að við meðferð málsins á Alþingi hafi verið leitað umsagnar vegamálastjóra, Félags ísl. bifreiðaeigenda, Landssambands vörubifreiðastjóra og Umferðarnefndar Reykjavíkur og allir þessir aðilar hafi lýst stuðningi við hægri handar umferð. Auðvitað eru þetta allt merkir aðilar. En þeir eru ekki þjóðin öll. Það er þjóðarviljinn, sem á að spyrja um í svona málum. Það er fyrst og fremst þjóðarviljinn. Ef meiri hl. þjóðarinnar vill fá H-umferð, ber auðvitað að hlíta slíku, en jafnskylt væri að hlíta úrskurði þjóðarinnar, ef hann væri á móti H-umferð.

Í nál. meiri hl. allshn. er látið að því liggja og raunar beinlínis sagt, að rök flm. frv. fyrir flutningi þess fái ekki staðizt. Það er ekki ný bóla að heyra slíkar fullyrðingar, bæði hér á hinu háa Alþingi og annars staðar, þegar menn vilja ekki hlusta á rök, hvort sem þau eru sterk eða ekki. Ég verð að segja það, að það verður varla talin hin sterka hlið á Alþingi Íslendinga, að þar sé rökfræðin í hávegum höfð eða afstaða yfirleitt tekin eftir því, hvort rökin fyrir málflutningi eru sterk eða veik. Hér er heldur um hitt að ræða, að þeir, sem af einhverjum ástæðum geta náð undirtökum, neyta venjulega aflsmunar án tillits til málstaðarins. Það er reynslan hér á hinu háa Alþ. Ég hygg, að meiri hl. allshn. telji sig hafa að baki sér meira afl en þeir, sem að áliti minni hl. standa, og þess vegna hafa þeir talið sig hafa efni á því, að fara að tala um

það, að rök flm. frv. fái ekki staðizt. Það er venjulega reynslan ein, sem getur skorið úr því, hvaða rök hafi verið sterkust. Ef svo skyldi fara, að frv. þetta yrði fellt, mun það ekki verða fellt vegna þess, að rökin fyrir flutningi þess hafi verið svo veik, heldur af hinu, að þeir, sem það kunna að fella, vildu ekki hlusta á eða taka tillit til þeirra raka, sem frv. er reist á. Þeir hafa auðvitað sinn rétt til þess. Ég þykist vita, að ef frv. verður fellt, vill sá meiri hl., sem það gerir, láta minni hl., sem að miklum líkindum á meiri hl. þjóðarinnar að baki sér í þessu máli, taka með þeim fulla ábyrgð á málinu sem ákvörðun af hálfu Alþingis. Auðvitað tel ég sjálfsagt, að öll þjóðin og hver einstakur þegn hennar eigi að gera allt, sem hægt er, til þess að H-umferðin takist sem bezt, ef það verður ofan á, að hún komi til framkvæmda. En þeir, sem flytja þetta frv., og þeir, sem það styðja, telja hægri handar umferðina og allt það umstang, kostnað og áhættu, sem henni fylgir, óþarft og hættulegt vandamál, sem eigi að leggja til hliðar, nema því aðeins að meiri hl. þjóðarinnar samþykki við þjóðaratkvgr. um málið, að hægri handar umferð verði upp tekin. Þetta er tilgangurinn með frv. Þeir, sem vilja fella frv, eru að neita því, að þjóðin sé fær um að taka afstöðu í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 8. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. mælti fyrir nál. minni hl. allshn., eftir að ég hafði mælt fyrir nál. meiri hl. allshn. Hann talaði málefnalega fyrir sínu máli og skýrði sín sjónarmið og sinna skoðanabræðra í málinu. Að vísu var ég búinn að koma inn á þau atriði í minni framsöguræðu, svo að ég get sleppt því að svara því, sem hann kom með í sinni ræðu.

Öðrum aðila, sem stendur að áliti minni hl. allshn., hefur virzt ekki vera nógu skýrt sjónarmið minni hl. allshn. og hélt langa ræðu í málinu, sem entist honum stóran hluta af tveimur þingfundum tvo daga í senn. Þetta var hv. 1. þm. Norðurl. e. Mikill tími af ræðu hans fór í að lesa upp ræður, sem fluttar voru í hv. d. undir umr. málsins hér á árinu 1966, og sérstaklega tók langan tíma upplestur á ræðu fyrrv. þm. Halldórs Ásgrímssonar og sömuleiðis töluverðan tíma upplestur á ræðu Óskars Levy. Allt var þetta gert, að mér skildist, af föðurlegri umhyggju fyrir þdm., að þetta muni e. t. v. hafa farið fram hjá þeim mörgum, og þó alveg sérstaklega þá beint til þeirra. sem eru nýkomnir síðan, og því var að dómi þessa hv. þm. nauðsynlegt, að ekkert af þessu færi fram hjá þdm., þó að það tæki nokkurn tíma. En ég verð nú að segja fyrir mitt leyti, og ég hygg, að óhætt sé að segja það fyrir alla þá, sem sátu á þingi, þegar mál þetta var til umr., þá voru ýtarlegar umr. um málið, og ég vil ætla, að þm. almennt fylgist það vel með umr., að það þurfi ekki að lesa upp ræður tveimur árum síðar til þess að áminna þm. og láta eiginlega að því liggja, að þeir hafi látið málið fara fram hjá sér án þess að hugsa nokkurn hlut um það.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. dró í efa, að það væru nokkrir sérfræðingar til á Íslandi í umferðarmálum. Að vísu er það rétt, að enginn hefur þennan eina stimpil á sér, en hinu kom ég að í minni ræðu, þegar ég mælti fyrir áliti meiri hl. allshn., að það væru þó tveir embættismenn í landinu, sem hafa látið sig þessi mál mestu varða, og maður verður að ætla það, að tveir menntaðir embættismenn, sem eiga að sjá um jafnþýðingarmikla hluti og hafa yfirstjórn vega á hendi og lögreglumálin hér í Reykjavík og jafnframt vera formaður umferðarlaganefndar, hafi kynnt sér betur en flestir, ef ekki allir aðrir, þessi mál hjá öðrum þjóðum. Þess vegna verður auðvitað að verulegu leyti að byggja mikið á þeim upplýsingum, sem þessir menn gefa. Hitt er svo annað mál, að alþm. þurfa ekki endilega að fara eftir því, sem sérfræðingar leggja til. Þeir eiga fyrst og fremst að hlusta á rök þeirra, en mynda sér svo skoðanir um málin, sem ég mun koma síðar að í sambandi við svör við ræðu annars þm., sem talaði á eftir 1. þm. Norðurl. e.

Hv. 1. þm. Norðurl e sagðist ætla að láta rök ráða í sínum málflutningi, og heldur var hann að snupra mig fyrir það, að ég í minni framsöguræðu hafi ekki verið rökfastur En sem dæmi upp á rökfestu hv. þm. kom hann með þá athyglisverðu staðreynd, sem sjálfsagt hann hefur haldið, að enginn þm. vissi, að það hefðu engir árekstrar orðið á milli flugvéla og bíla og engir árekstrar á milli bíla og skipa eða flugvéla og bíla. Ég læt hann um að dæma, hvað rökfesta er mikil í slíkum málflutningi sem þessum. En ég hygg, að það sé enginn þm. svo illa að sér, að hann viti það ekki, að bílar hafa götur og vegi til að aka eftir, en skipin sigla á sjónum og flugvélarnar fljúga í loftinu, en þær koma líka til jarðar, en þá er yfirleitt bönnuð bílaumferð, þar sem flugvélar setjast, svo að þetta dæmir nokkuð röksemdafærslu þessa greinda og ágæta þm., þegar hann heldur uppi slíkum málflutningi.

Þá sagði sami hv. þm., að frv. um hægri handar akstur hafi verið hespað af í skyndi. Ég veit ekki, hvaða hraða á að hafa á setningu löggjafar á Alþingi Íslendinga, ef það er talið, að þessu frv. hafi verið hespað af í skyndi. Það er lagt fyrir Alþingi í nóv. 1965, og það er afgreitt frá Ed. Alþingis 3. maí 1966. Þetta mál var ekki nýtt mál. Það hafði verið rætt á tveimur þingum á undan, 1962—63, 1963—64, þá allýtarlega, og svo má einnig minna hv. þm. á það, að með setningu umferðarlaganna 1940 var ákveðið að taka upp hægri handar akstur í þessu landi, svo að það má segja, að þetta mál hafi verið búið að vera meira eða minna til umr. og meðferðar í Alþ. í 26 ár. Og ég hélt, að það þyrfti nú sízt af öllu að kvarta undan of miklum hraða í gangi þingmála. Kannske telur þessi hv. þm., að það eigi að vera normalt við setningu laga hér frá Alþingi Íslendinga að hafa lengri tíma, og sennilega er hann á því að hafa það kannske hálfa öld. En hann um það.

Þá hafði hv. þm. mjög miklar áhyggjur af því

að fá ekki nákvæma skýrslu um, hvaða þjóðir hefðu vinstri handar umferð og hvaða þjóðir hefðu hægri handar umferð. Það liggja hins vegar fyrir skýrslur um umferð í öllum Evrópulöndum og í öllum löndum Norður-Ameríku, og þetta eru einmitt þær þjóðir, sem við höfum öll okkar samskipti við, en hins vegar er það rétt, að skýrslur lágu ekki fyrir um umferð í fjölmörgum löndum í öðrum heimsálfum. Þó liggja fyrir upplýsingar um það, að Kína, eitt fjölmennasta ríki ver aldar, hefur tekið upp hægri umferð, og er þó talið, að ráðamenn þar í landi séu litlir hægri menn í þess orðs merkingu, sem við höfum aðallega yfir það. Þá þykir mér rétt að geta þess, að ríki eins og Eþíópía og Kamerún hafa tekið upp hægri umferð, ef það skyldi verða eitthvað til þess að gera hv. þm. mildari eða hans hugarfar í sambandi við breytinguna úr vinstri til hægri umferðar. Þá hafði hv. þm. enn fremur allþungar áhyggjur af því, að hægri handar frv. hefði verið samþ. shlj. á Alþingi og taldi það eiginlega ekki hafa komið nægilega skýrt fram. Auðvitað hafa atkvgr. komið fram í öllum blöðum. Þessar atkvgr. koma fram í nál. bæði meiri og minni hl. allshn., og ég hygg, að þjóðin hafi ýmsar aðrar hugmyndir um Alþingi en þær, að þar gerist allt hljóðalaust og allir séu sammála, svo að ég hygg, að þessar áhyggjur hv. þm. hafi ekki mjög mikið við rök að styðjast.

Þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. hafði lokið máli sínu, kom hér í ræðustólinn hv. 4. þm. Reykv. og hann talaði hér langt mál. Ég hef tekið eftir því, að þessi hv. þm. er alltaf mjög ræðuglaður, ef áheyrendur á þingpöllum eru 5 eða fleiri. Og í þetta skipti vildi svo heppilega til, að áheyrendur voru mun fleiri, og það gerði það auðvitað að verkum, að hv. þm. þurfti að eyða enn lengri tíma til að ræða þetta mál.

Hann hóf mál sitt á því að afsaka sig með því að hafa ekkert látið frá sér heyra við umr. hér í þd. á þinginu 1965—1966, og hann lýsti því hreinlega yfir, að hann hefði verið skoðanalaus í þessu máli, en tók þó þann kostinn við afgreiðslu málsins auðvitað að greiða atkv. á móti því, þó að hann hefði enga skoðun á því haft.

En hvað var það svo, sem breytti afstöðu þessa hv. þm? Jú, það kom líka fram í ræðu hans. Það var ekki strax eftir að búið var að samþykkja frv. og það orðið að lögum. Hann var ekki farinn að hugsa neitt alvarlega um það. Og þegar hann svaraði ásökun minni, hvers vegna hann hefði ekki flutt þetta frv., sem nú liggur hér fyrir, áður en hafði verið komið jafnlangt út í undirbúning að hægri handar umferð, reyndi hann að skjóta sér á bak við formann flokksins og sagði, að formaður flokksins hefði ekki talið hyggilegt að flytja slíka till. hér á Alþingi, því að þá hefði þjóðaratkvgr. verið látin fara fram, um leið og alþingiskosningar hefðu verið látnar fara fram, og þess vegna hefði hann ekki flutt málið fyrr. Mér finnst, að þetta sé ákaflega lítilmannlegt, að láta slíkt sem þetta frá sér fara, en bíða eftir því, að millj. kr. sé sóað, eins og hann komst að orði, í allan undirbúninginn, og kasta þá ásamt félögum sínum þessu frv. inn 1—2 dögum áður en Alþ. fer í jólaleyfi.

En það, sem skeði hjá hv. þm., var, að hann sá það, að nokkrir menn í landinu, sem hafa verið andstæðingar hægri umferðar, hafa stofnað samtök og þeir hafa haft uppi allmikinn áróður fyrir því að vinna sinni skoðun brautargengi hjá mörgum, og þá taldi þessi hv. þm. það vera sjálfsagt, fyrst það væri komin mikil óánægja hjá allmörgum mönnum, að nú væri rétt að flytja málið, því að það væru svo margir óánægðir. En hann var bara ekki sá fyrsti að sjá og vita, að menn væru óánægðir. Það var á s. l. ári stofnaður heill stjórnmálaflokkur, sem hafði eitt af sínum aðalstefnuskrármálum að berjast gegn hægri umferð. Þar voru menn á undan hv. 4. þm. Reykv. En hver var árangurinn af þeirra erfiði öllu? Þeir buðu fram í tveimur kjördæmum. Þar voru greidd gild atkv. 55740, en þeir fengu aðeins 1043 atkv., þessi sérstaki stjórnmálaflokkur, sem barðist gegn hægri handar umferð.

Ég held, að hv. þm. flaski mikið, þegar hann heldur, að stjórnmálaskoðanir manna fari eftir viðhorfum ákveðinna manna í ákveðnum flokkum til einhverra ákveðinna tímabundinna mála. Þar er auðvitað svo margt fleira, en gripur inn í, og ég tel það ekki vera neina lítilsvirðingu gagnvart neinum, þó að menn innan sama flokks séu ekki sammála í öllum atriðum í málum eins og þessum. Ég er sannfærður um, að það er til góðs að breyta umferðinni frá vinstri til hægri, og það hefur því engin áhrif á mig, þó að nánir samstarfsmenn mínir og flokksbræður séu á móti í þessum efnum. Við eigum saman skoðanir í fjölmörgum öðrum málum, sem munu endast lengur en þetta mál. Við vitum, að það er alltaf hægt að skapa andróður og mótblástur gegn málum, og fæst eru þau lagafrv., sem eru afgreidd hér frá Alþingi, sem einhverjir menn í þjóðfélaginu eru ekki eitthvað á móti. En sumir menn eru með þeirri áráttu að þurfa yfirleitt alltaf að nota sér að vera á móti málum, ef það skyldi verða til þess að auka á óánægjuna. Ég efast ekki um, hvar þessi hv. þm. hefði verið í símamálinu, ef hann hefði verið uppi á Alþ. í þá daga. En hver berst núna á móti símanum?

Ég hef hitt menn, sem eru með vinstri handar umferð og vilja ekki breyta yfir til hægri. Þeir hafa sagt við mig fleiri en einn og fleiri en tveir: Ja, hvers vegna var ekki breytingin gerð, eftir að Bretar fóru héðan? Það var eðlilegt, að henni var frestað 1940, þegar amerískur her kemur inn í landið og þar er hægri handar umferð, — hvers vegna var þetta ekki gert þá? Þá var meiri skynsemi að gera þetta. — Þetta er alveg rétt hjá þessum mönnum. En hvað verður sagt eftir 20 ár, ef við samþykkjum frv. 4. þm. Reykv. o. fl. og hverfum frá því, eftir að við erum búnir að eyða jafnmiklu í þessa breytingu og raun ber vitni? Þá verður sagt: Hvers vegna fóru menn virkilega að hætta við þessa breytingu, þegar hún var komin svo langt? Þróunin í heiminum er sú, að það er verið að gera samræmingu í umferð á sjó, landi og í lofti. Hv. 4. þm. Reykv. segir í sinni ræðu, að hann hafi ekki heyrt eða séð neinar áskoranir frá íslenzkum námsmönnum, sem komi hingað og aki hér á íslenzkum vegum, námsmönnum, sem eru við nám í löndum, sem hafa hægri handar umferð, hann hafi ekki heyrt neina sjómenn nefna þetta

eða aðra slíka. Ég verð nú að segja það, að ég held, að hv. þm. tali þá yfirleitt lítið við sjómenn, því að ég er búinn að heyra marga tugi sjómanna tala um það og þó alveg sérstaklega skipstjóra og stýrimenn, að þegar þeir eru búnir að vera lengi úti á sjó, eins og t. d. á síldveiðum mánuðum saman, segjast þeir sannarlega mega passa sig, þegar þeir eru komnir hér í umferðina, að þeir eru svo rígbundnir þá við hægri umferðina, og það er margur skipstjóri, sem hefur fengið allt upp í 3—4 áminningar á dag hjá lögreglunni, fyrst eftir að hann hefur komið í land. Þetta veit ég með vissu af samtölum við sjómenn. En hins vegar hafa þessir menn sem stéttir ekki lagt fram neinar áskoranir í þessum efnum.

Hv. þm. taldi eðlilegt, að Svíar breyttu um í umferðinni. Sú var nú tíðin, að það var ekki talið eðlilegt, og eins og ég kom inn á í minni ræðu, þá fór fram þjóðaratkvgr. í Svíþjóð 1955 og þjóðin felldi þessa breytingu þá. En Svíar voru knúðir til þess að taka hana upp núna, og varð margfalt meiri kostnaður fyrir bragðið. Þannig er það yfirleitt með allar slíkar atkvgr., sem eru lagðar fyrir þjóðir, þegar það kostar skatta, að það eru ekki allir, sem kynna sér málið til hlítar, en líta fyrst og fremst á skattana í því sambandi, og það er ósköp mannlegt og eðlilegt hjá hverjum og einum að vilja greiða sem minnst.

Þá talaði hv. þm. um, að þetta væri allt annað í eyríkjunum, og spurði: Hvers vegna hafa Bretar ekki skipt um? Ég auðvitað get ekki svarað fyrir Breta. En hins vegar dettur mér í hug: Hafa ekki Bretar verið yfirleitt seinir til allra breytinga? Og ég segi: Hvers vegna eru þá Bretar núna, þó að þeir séu eyríki, að fara að breyta um mynt, mál og vog? Það hefur verið óþægilegt fyrir viðskiptaþjóðir Breta, þetta fyrirkomulag. Þær hafa margar viljað, að Bretar tækju þetta upp. Bretar hafa verið seinir til, en nú ætla þeir að fara að breyta. Samt eru þeir í eyríki. Það eru samskipti á milli þjóða, eyríkja og meginlands, á fleiri sviðum en viðskiptasviðinu, á peningasviðinu. Það eru alltaf síaukin samskipti við eyríkin. Hins vegar hlýtur það að verða ólíkt erfiðara fyrir land eins og Bretland að fara út í tvær jafnróttækar breytingar og þessar á nokkurn veginn sama tíma.

Þá kom hv. þm. inn á eitt atriði, sem ég er afskaplega fáfróður um og verð nú að biðja hann afsökunar á, því að ég er nú eiginlega varla fær um að svara því atriði, af því að ég þekki ekkert inn á þetta. Hann talaði um, að ég hefði verið heilaþveginn. Ég veit eiginlega ekki, hvað þetta er. En hann talaði um heilaþvott hjá fleirum en mér, hjá Bandaríkjamanni einum, og talaði um þetta mál af miklum kunnugleika, svo að mér datt í hug undir þessum orðum hans: Ætli þessi hv. þm. hafi unnið í langan tíma á slíkri heilaþvottastöð, svo að hann hefur getað mælt þarna af mikilli þekkingu En ég er engan veginn fær um að svara með heilaþvottinn. Ég kannast ekkert við hann, og það hefur aldrei verið gerð nein tilraun til þess að heilaþvo mig, og ég hef aldrei gert tilraun til þess að heilaþvo aðra og kann ekkert í þessari aðferð. Læt ég svo staðar numið í þeim efnum.

Þá vildi hv. þm. fá mig til þess að fara hér út í umr. um sjávarútvegsmál og umr. í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir jólin. Ég ætla að segja hv. þm. það, að ég álít, að það sé hér til umr. frv. um breyt. á l. um hægri handar akstur, en ekki sjávarútvegsmál. En ég vona, að guð gefi okkur báðum líf og heilsu til þess að mega ræða síðar um sjávarútvegsmál, og þó að ég sé ekki mikill fyrir mér, held ég, að ég leggi í umr. við hv. þm. síðar um þau efni.

Hv. 2. þm. Sunnl. lagði mikið upp úr þeim mótmælum, sem komið hafa fram, og las upp mótmæli hreppsnefnda og félaga og bifreiðarstjóra og ýmissa annarra. Alltaf er létt verk að fá menn til að mótmæla. En áhuginn gegn hægri handar umferðinni væri ekki svona mikill, ef það væru ekki menn, sem ynnu að því að fá þessi mótmæli framkölluð. Hins vegar kom ég hér fram á lestrarsalinn eftir umr. um daginn og fór að blaða í mótmælunum, og ég verð nú að segja eins og er, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum, þegar ég leit yfir þessa lista. Ég var ekki búinn að líta nema yfir nokkur blöð, þá tek ég eftir sama nafni á tveimur listum og meira að segja bílnúmerið aftan við nafnið. Og ég fletti enn, og aftur sé ég annað nafn, og þá hugsa ég: Þetta nafn sá ég áður og þetta númer, svo að ég fletti aftur. Jú, það passaði. Þar sá ég tvo menn, sem höfðu skrifað á tvo lista og meira að segja bílnúmerið við. Annaðhvort hafa menn þessir gleymt, að þeir höfðu skrifað á listann, eða þá hitt, að þeir hafa verið að framkvæma og framkalla fleiri mótmæli með því að skrifa nógu oft á. Þetta er auðvitað engu máli til framdráttar, heldur öfugt.

Hins vegar má segja það, að þeir menn, sem styðja breytinguna til hægri handar, hafi ekki farið í neinar undirskriftasafnanir og þeir hafi talið, að eftir að Alþ. gekk frá og samþykkti frv. um hægri handar akstur sem lög, þyrfti ekki á neinu slíku að halda. Það er t. d. mikið lagt upp úr því, að allmargir leigubílstjórar séu andvígir breytingunni. Víst er það rétt. Maður hefur orðið var við það, og það er þeirra skoðun. En við skulum hafa það með í huga, að atvinnubílstjórar eru aðeins lítill hluti allra þeirra, sem aka bifreiðum hér á landi, og umferðarbreytingin snertir ekki einungis bifreiðarstjóra, ekki atvinnubifreiðarstjóra eða einkabifreiðarstjóra, heldur snertir hún alla vegfarendur, akandi sem gangandi, og þar með landsmenn alla. Það er vel kunnugt, að ýmsir menn voru mótfallnir og eru enn þá mótfallnir breytingunni úr vinstri í hægri akstur. En það er eins og ég sagði áðan, það er sama sem gildir og um fjölmörg önnur lög, sem við setjum.

Hv. 2. þm. Sunnl. talaði mikið um þá miklu auknu slysahættu, sem breytingin hefði í för með sér, og það er mjög eftirtektarvert, að slys á fólki í Svíþjóð mánuðina september-desember 1966, tilkynnt slys, eru 5623, en sömu mánuði árið 1967 eftir umferðarbreytinguna þar fækkar þessum slysum niður í 5265. Dauðaslysin í Svíþjóð mánuðina september-desember 1966 voru 393, en þeim fækkar sömu mánuði 1967 niður í 280, eða það er um 113 dauðaslysum færra þessa 4 mánuði ársins 1967 í Svíþjóð eftir umferðarbreytinguna.

Góður kunningi minn sendi mér bréf rétt áðan, sem Georg Edelgard svæðisstjóri hjá Motormandens Riskforbund í Gautaborg skrifaði honum nú 28. jan. Og hann segir þetta í bréfinu:

„Umferðin hefur eftir breytinguna gengið furðanlega vel, vissulega betur en margir höfðu gert sér vonir um. Banaslysum hefur vissulega fækkað, þó að það hafi vissulega hent, að sumir vegfarendur hafi gleymt sér og vikið til vinstri. Eftir þessari reynslu, sem ég hef skýrt ykkur frá, held ég, að þið þurfið ekki að óttast 26. maí. Vandamálin eru ekki alvarleg, ef menn fara rólega. Við höfum enn þá hraðatakmarkanir, 40 km í þéttbýli og 80 km á vegum úti. Hámarkshraðinn verður aukinn þann 1. marz í 50 km í þéttbýli, en verður óbreyttur 80 km á vegum úti.“

Það er rétt í þessu sambandi, því að hraðinn hefur verið gerður nokkuð að umræðuefni, að minna á það, að almennar reglur um hámarkshraða hjá okkur í dag eru þær, að í þéttbýli er hann 45 km á klst., en með lögreglusamþykktum er hámarkshraði þó víða ákveðinn lægri og yfirleitt 35 km. Í Rvík er hraðinn almennt 35 km, en á helztu umferðarleiðum 45 km. Á Miklubraut er á kafla leyfður 60 km hraði, á sveði, sem er nánast utan þéttbýlis. Utan þéttbýlis er hámarkshraðinn 70 km á klst., en undanteknir eru þó almenningsvagnar fyrir 10 farþega o. fl. og vörubifreiðar 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, þær mega ekki aka hraðar en 60 km á klst., og bifreiðar með tengi- eða festivagna, sem mega ekki aka hraðar en 45 km á klst. Sérregla gildir þó á Reykjanesbraut að sumri til, að þar er leyfður 80 km hámarkshraði á klst., en bifreiðar með tengi- og festivagna mega aka þar með 60 km hraða. Reglur þær, sem eiga að taka gildi við breytingu í hægri umferð, eru þær, að í þéttbýli fara þær niður í 35 km á klst., en utan þéttbýlis 50 km á klst. í 3 daga, en síðan 60 km á klst., og er þá hraði almenningsbifreiða og vörubifreiða óbreyttur frá því, sem nú gildir. Á vegum, sem nú hafa 60 km hámarkshraða á klst., verður þó hraðinn áfram 50 km, og á Reykjanesbraut verður hann leyfður 60 km.

Við sjáum á þessari tilvitnun í bréf frá sænska svæðisstjóranum í Gautaborg, að Svíar eru aftur farnir að auka hraðann, og þeir telja, að af þeirri reynslu, sem þeir hafa fengið, sé það óhætt, og þegar við lítum yfir farinn veg þessara mánaða, þá verður að segja eins og er, að umferðarbreytingin þar í landi hefur tekizt eftir atvikum mjög vel.

Ég tel, að það skipti höfuðmáli, eins og ég endaði ræðu mína á hér á dögunum, þegar ég mælti fyrir nál., að það væri Alþingi, sem hefði úrslitavaldið í þessu máli. Alþingi hefur sett lög, Alþingi og ríkisstjórn hafa framfylgt þeim lögum með skipun umferðarnefndarinnar, og þessum undirbúningi er langt á veg komið. Við getum haft fleiri en eina skoðun á því, hvort hefði átt að setja þessi lög eða ekki. Við verðum auðvitað að virða skoðanir hver annars í þeim efnum. En þetta er búið, þetta er orðinn hlutur. Lokastigið er að nálgast, og ég tel fráleitt að hverfa frá því, þegar jafnlangt er á veg komið, þar sem bæði við höfum tekið þessa ákvörðun og sömuleiðis hitt, sem skiptir líka miklu máli, að það er búið að fórna miklu fé í þetta og þó enn meira af skuldbindingum, sem eftir er að greiða, svo að það er engan veginn tæmandi tala, sem ég nefndi hér í síðustu ræðu, eða um 32 millj. Ef horfið verður frá því, kemur þjóðfélagið til með að verða fyrir skaðabótakröfum víða að, sérstaklega frá Strætisvögnum Reykjavíkur og langferðabifreiðum hér í þéttbýlinu, sem mundu nema mörgum millj. kr. Ég tel fráleitt að vinna þetta fyrir gýg, því að sú verður þróunin í heiminum, að það verði samræmi í umferð víðast hvar, enda hefur reynsla síðustu áratuga sýnt okkur það, og þess vegna er ódýrara fyrir okkur að láta slíkt ekki bíða lengur en við höfum gert, og því eigum við að halda áfram, þar sem Alþingi markaði sína stefnu með samþykkt l. um hægri handar umferð, og fella þetta frv. og taka höndum saman um að láta umferðarbreytinguna fara sem bezt úr garði þann 26. maí.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að skýra frá því, að mér var að berast bréf frá formanni bifreiðastjórafélagsins í S-Þingeyjarsýslu, ég ætla að leyfa mér — með leyfi forseta — að lesa upp, hvað stendur á þessum haus hér.

„Vér undirritaðir viljum hér með mótmæla fram kominni lagasetningu um hægri akstur, sem ráðgert er að taki gildi á árinu 1968. Mótmæli vor byggjum vér á þarfleysu þessarar lagasetningar vegna staðsetningar landsins sem eylands, hinum mikla kostnaði, sem breytingin hefur í för með sér, og þeim augljósu hættum, sem breytingin skapar. Vér getum ekki fallizt á, að þau rök, sem fram eru borin fyrir hægri akstri, gefi þörfinni gildi. Óskum vér eindregið eftir þjóðaratkvæði um þessi lög.“

Matthías Bjarnason, hv. 4. þm. Vestf. er víst ekki hér, en ég ætlaði að biðja hann að taka við listunum og yfirfara þá, vegna þess að hann taldi, að það mundi vera eitthvað „brogað“ við suma þessa lista, og þá kæmi það fram vonandi við þá endurskoðun, hvernig þessir listar eru frágengnir. En þessir listar eru undirskrifaðir af 142 nöfnum.

Ég ætla nú ekki að fara mikið út í ræðu hv. 4. þm. Vestf., það verða sjálfsagt ýmsir aðrir, sem munu gera það, en mér fannst það dálítið einkennandi við hans ræðuflutning, að hann ræddi ákaflega lítið um það, hvaða rök lægju á bak við þessa breytingu og hvernig við værum á vegi staddir með að undirbúa breytinguna, þannig að hún gæti farið fram eða það væri líklegt, að hún tækist á sæmilegan hátt. Hins vegar las hann upp úr grein, eða upp úr bréfi, sem hafði borizt frá Svíþjóð, og hann ræddi líka um, hvað vísindamenn okkar segðu um þessi mál. Að því gefna tilefni vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr sjálfu Morgunblaðinu um þessi mál. Þetta er grein, sem séra Árelíus Níelsson hefur þýtt og skrifað í Morgunblaðið 1. okt., og með leyfi forseta ætla ég að leyfa mér að lesa þessa grein. Þar kemur í ljós, hvað vísindamenn annars staðar segja um þessar umferðarreglur og að hverju þeir hafa komizt:

„Þeir fáu, sem fylgja lögunum um hægri handar umferð á Íslandi, hampa mjög, að vísinda-

menn og sérfræðingar í umferðarmálum eigi einir að ráða því, sem þar er tekið fyrir. Við hin, sem um vegu förum, eigum svo að þegja og hlýða úrskurðarvaldi „hinna vitru". Það væri því ekki úr vegi að benda á, hvað „hinir vitru" segja, og þá jafnframt það, að ekki eru þeir allir á sama máli um það, sem er hér til umhugsunar og framkvæmda.

Í blaði, sem bílstjórasamtök Noregs gefa út og nefnist „Motor" og er í samstarfi við norsk bifreiðatryggingafélög, birtist grein í febrúarhefti þessa árs, 1967. Þar er ýmislegt, sem vert er að athuga, en það skal einnig tekið fram strax, að í Noregi er hægri handar umferð. Þar segir m. a. á þessa leið:

Í Sviss eru starfandi samtök, sem rannsaka vísindalega allt, sem snertir umferð á vegum yfirleitt. Niðurstaða þeirra rannsókna er sú, að þau vinna ákaft að því, að stýri bílsins sé hægra megin í bifreiðinni, þ. e. nær vegarbrúninni (í hægri handar umferð). Rök fyrir þessu eru þau, að þá fær bifreiðarstjórinn miklu betri aðstöðu gagnvart vegjaðri. Enn fremur segir þessi rannsóknarnefnd: *Sé bílstjórinn nær vegmiðju í bifreið sinni, eins og nú tíðkast í hægri handar umferð, heldur hann sig ósjálfrátt of nærri vegmiðjunni til að forðast útafakstur, eða honum hættir til að ofmeta fjarlægð milli ytri hjóla og vegjaðars og ekur þá út af.*

Sama nefnd vitnar í ummæli írsks kappakstursmanns, sem hefur að sjálfsögðu mikla þjálfun og reynslu í akstri. Hann segir:

Ef við færum stýri bifreiðar til hægri, þ. e. nær vegjaðri, á öllum bílum í umferðinni, þá gildir það sama og vegurinn sé breikkaður um heilan metra, öllum að kostnaðarlausu, hálfan metra til hægri, hálfan til vinstri.

Breytingin hér á Íslandi til hægri handar umferðar gildir þá skv. sama lögmáli reynslu og vísindalegra athugana sama og það, að allir okkar vegir séu mjókkaðir um heilan metra. Flestir ættu að sjá, hvað viturlegt það er, og þó halda sumir, að þar með sé verið að varna slysum, jafnvel alveg að girða fyrir, að þau geti gerzt.

En athugum nánar ummæli hins norska bílatryggingablaðs. Þeir segja:

Framúrakstur á hinum breiðu brautum nútímans er ekki lengur mikið vandamál. Hins vegar er mótakstur orðinn langtum meira vandamál nú, því að bifreiðum fjölgar stöðugt. Blindun af ljósum þess, sem á móti kemur, er því stöðugt að aukast. Því er hættan miklu meiri á blindun, ef bílstjórinn situr nær vegmiðju, ef hann mætir sterkum ljósum. Einnig þess vegna er betra að færa stýri bílsins nær vegjaðri.

Sé þetta það sem koma skal skv. vísindalegum athugunum og ályktunum hinna vísu manna í umferð, hvernig lesa þá okkar „vitru menn" sínar fullyrðingar um alla heimskuna í okkur vinstri handar umferðar fylgjendum eftir nokkur ár, jafnvel þótt hin æskilega og slysalitla hægri umferð kæmist á samkv. lögum hinna vísu landsfeðra á Alþingi Íslendinga 1966.

Og enn segir svissneska nefndin: Skv. vísindalegum athugunum vorum þorum við að fullyrða, að með almennri breytingu á bílstýri nær vegjaðri mundi bílslysum fækka allt að helmingi.

Hvað segja okkar umferðarvísindamenn við þessu? Annars hafa víst ekki margir heyrt talað um neina sérfræðinga eða neina sérfræðimenntun í umferð hér á Íslandi enn þá. Mig minnir, að ég hafi heyrt talað um lækna, lögfræðinga, gagnfræðinga, kennara í hópi þeirra, sem fremst standa í hægri handar umferðar baksinu hér á landi. Ekki þannig, að þeir geti svo sem ekki sagt og gert eitthvað viturlegt í málinu. En ég leyfi mér að efast um sérfræðiþekkingu þeirra á þessu sviði.

Í sama blaði, „Motor" norsku bílstjórasamtakanna, segir enn fremur.

Svissneska n. lýsir því enn fremur yfir skv. niðurstöðum rannsókna sinna, að Svíþjóð, sem er þó bílflesta ríki álfunnar, en hefur enn þá vinstri handar umferð (þ. e. a. s. þegar þessi grein er skrifuð), hefur að tiltölu á bifreið aðeins þriðja hluta látinna og slasaðra í umferðarslysum á við meðaltal slysa í öðrum löndum Evrópu."

Ég les svo ekki meira úr þessari grein séra Árelíusar, en þar sem hv. 4. þm. Vestf., vildi fá einhverjar vísindalegar umsagnir hér á hv. þingi, fannst mér rétt að minna á þessa grein hér.

Það var náttúrlega margt broslegt, sem kom fram í ræðu þessa hv. þm. hér áðan. Hann gat um, að það hefði ekki verið breytt 1940, eins og þá stóð til, af þeim ástæðum, að amerískur her hefði komið hér til landsins. Þetta er nú sennilega mismæli hjá þm., því að ég man ekki betur en það væri brezki herinn, sem hingað kom þá, þegar þetta stóð til. En ef þetta hefðu átt að vera rök og það hefði verið amerískt herinn, er hægri handar akstur þar og hefði gert málið ekki vandameira, heldur auðveldara í framkvæmd.

Það voru ein af hans rökum fyrir því enn fremur, að brezka þjóðin gerði þetta ekki, að hann taldi hana íhaldssama og sagði, að nú væru þeir að breyta loks máli og vog, og sagði, að það væri erfitt fyrir þá að standa í annars konar breytingum á sama tíma. Ég veit nú ekki, hvort hægt er að kalla þetta rök fyrir máli sínu.

Það var ákaflega fróðlegt um daginn og skemmtilegt að heyra það, þegar hæstv. dómsmrh. lagði þetta mál hér fyrir d., þá sagði hann, að hann teldi, að hvorug reglan í raun og veru hefði neitt fram yfir hina. Og það er líka gott að athuga það, að það er í raun og veru alveg sama niðurstaðan, sem umferðarlaganefndin komst að á sínum tíma, þegar hún samdi frv. að l. um hægri handar akstur, að hvorug reglan í raun og veru hefði neitt fram yfir hina. En til hvers er þá verið að gera þetta? Er verið að gera það til þess að eyða í raun og veru fjármunum þjóðarinnar? Það er verið að tala um það, að okkar vegakerfi sé alveg sambærilegt við vegakerfi í öðrum löndum, og það er verið að bera það saman. Það er verið að minna á það, að í Svíþjóð hafi tekizt svo og svo vel o. s. frv. En hvernig var undirbúningnum undir þetta mál háttað í Svíþjóð? Er eitthvað hægt að líkja því við það, sem hér er?

Það er eitt af þeim mörgu dæmum, sem hægt væri að koma með, hvernig í raun og veru er að þessum málum staðið. Ríkisútgáfa námsbóka auglýsir það í haust, að hún hafi bók um um-

ferðarkennslu til sölu, og hvetur til þess að kaupa þessa bók. Mér er kunnugt um það, að skólar pöntuðu þessa bók, eina fyrir hvern einasta nemanda í sínum skóla, því að þeir töldu, að þessi bók væri náttúrlega miðuð við það, sem koma skyldi, því að þá var ekki búizt við öðru en að hægri handar umferðin mundi komast á, eins og lögin sögðu fyrir um. En þegar bókin kom núna í haust í skólann, var hún miðuð við vinstri handar umferð, en ekki hægri. Hvers konar framkvæmd er þetta? Og svo koma þessir menn og halda því fram, að undirbúningurinn undir þetta mál sé bara að verða búinn. En svona er uppfræðslan og svona er staðið að þessum málum. Það væri hægt að koma með fleiri lík dæmi, ef maður vildi, til að sýna, hvernig að þessum málum er staðið.

En svo leyfa þessir menn sér að koma ekki með nein frambærileg rök í raun og veru fyrir sínu máli, annað en það, að það sé búið að leggja svo og svo mikið í kostnað í málinu, og þess vegna þurfi að halda áfram. Ég varð ekki var við það í nál., að það væru nein rök fyrir því að halda þessu áfram nema þessi. En er hægt að kalla slíkt rök, að það eigi að margfalda kostnaðinn, það eigi að leggja í margfalda upphæð, vegna þess að það sé byrjað á að leggja fjárhæðir í þessa framkvæmd?

Ef maður færi að ræða um þann kostnað, sem umferðarlaganefndin og þessi áætlun er byggð á, vil ég bara benda á, að það er aðeins hluti af kostnaðinum, sem þarna kemur fram. Það eru ýmsir aðilar, sem eiga í raun og veru að bera þennan kostnað, og hann kemur einhvern veginn á þjóðina. Þessi kostnaður, sem er kominn upp í 65—70 millj. miðað við þessar áætlanir, er aðeins lítill hluti af þeim raunverulega kostnaði. Það kemur á alla, sem eiga bíla, og það kemur á bæjar- og sveitarfélög o. s. frv. ýmis kostnaður. Og svo vonast ég til þess, að þeir, sem fóru til Bessastaða um daginn og voru með bílunum þar, trúi því alls ekki lengur, að þessir bílar verði notaðir, án þess að breyta um í hægri handar umferð, þeir bílar, sem hafa verið notaðir og eru ætlaðir til vinstri handar umferðar.

Það er talað um, að það sé verið að byggja bíla núna og láta útbúa fyrir hægri handar umferð, og það á að leyfa slíkt, sem er nú alveg nýtt í sögunni, því að ef bílar hefðu komið fyrir 2—3 árum svona útbúnir, hefðu þeir ekki fengið skoðun. En ég er alveg sannfærður um það, að þetta verður ekki framkvæmanlegt, og þessir menn, sem eiga þessa bíla, hljóta að geta krafið ríkið um fjárhæð til að breyta sínum bílum, en ef þeir verða í því ásigkomulagi, að það er ekki talið, að það sé hægt að gera það kostnaðarins vegna, þá að borga þeim skaðabætur fyrir að þurfa að leggja þessum bílum.

Ég held, að það sé ekki búið að athuga þetta mál til hlítar, eins og vert væri. Það kom fram í sjónvarpsþættinum, sem framkvæmdastjóri hægri umferðar átti við sjónvarpið, að það ætti ekki að breyta þessum bílum, en það kom líka fram hans skoðun í því máli, að ef yrði þjóðaratkvgr., mundi málið verða fellt. En hvað segir sænska nefndin um það atriði? Ég mun koma svolítið að því síðar í minni ræðu, hvað þeir segja um það atriði, hvernig hugarfarið þurfi að vera og hvernig þjóðin þurfi að líta á þetta mál, til þess að þetta sé í raun og veru framkvæmanlegt.

Ég vil benda á það líka, að við þessa breytingu, eins og hún hefur verið hugsuð, eftir því sem hefur komið fram hér og annars staðar, er blátt áfram ákaflega lítið gert til þess að auka öryggi þeirra, sem fara út á veginn. Það á ekki að breikka ræsin. Það á ekki að setja tvöfaldar akreinar á blindbeygjur og hæðir. Mér barst fyrir nokkrum dögum bréf frá oddvita norður í Þingeyjarsýslu, og hann lét þar með ekki vægum orðum álit sitt í ljós á því, hvernig hann liti á þessi mál, ef ætti að framkvæma hægri breytinguna undir þessum skilyrðum. Og ég algerlega mótmæli því, að við, sem stöndum að þessu frv., höfum æst fólk upp á móti hægri umferð. Við gerum það vegna þess, að þunginn kemur frá þessu fólki úti á landsbyggðinni, þegar það sér, hvernig að þessum málum er staðið, þegar það sér, hvers konar framkvæmd þetta á að vera. Það er þess vegna, sem við gerum það, og við sjáum, að það verður ekki gert öðruvísi en að stórslys hljótist af, miðað við þann undirbúning, sem nú liggur fyrir.

Ég ætla nú ekki að tala hér langt mál, það hefur ekki mikla þýðingu. Ég geri ekki ráð fyrir því, að þótt við eyðum hér nokkuð löngum tíma í umræður, skipti það neinu máli. En ég skora á þá þm., sem eru í vafa um, hvernig þeir eiga að greiða atkv., að athuga, hvernig undirbúningurinn er, því að það er aðalatriðið. Það má ekki ske, að undirbúningurinn sé ekki kominn á það stig, sem við verðum að telja alveg lágmarkskröfur að gera. En mér virðast öll rök liggja að því, að svo sé.

Hv. frsm. meiri hl., hv. 4. þm. Vestf., talaði um óábyrga afstöðu okkar til þessa máls, sem hefðum komið fram með þetta frv. Dómur reynslunnar mun skera úr því, hverjir það hafa verið, sem óábyrga afstöðu hafa nú í þessu máli, og ég er alveg óhræddur um dóm reynslunnar. Ég vil skjóta því til hv. 4. þm. Vestf., hvort ekki sé rétt að geyma þá hlið á þessu máli fram að næstu alþingiskosningum, enda verða þessi mál þá væntanleg rædd og hvernig að þeim var staðið. En mig undrar það, að hægri menn skuli ekki fagna þessu frv. og fresta þessari breytingu a. m. k. um eitt ár, hvað skoðun sem menn hafa svo á þessu máli, þar sem eins og ég hef áður sagt, undirbúningur undir þetta mál er á frumstigi og sýnilegt, að hann verður ekki kominn á þann veg, sem við mundum telja forsvaranlegt.

Svo læt ég þá hv. alþm. um það, sem vilja lýsa yfir andstöðu sinni við því, að þjóðin fái að láta í ljós álit sitt á þessu máli, með því að fella þetta frv. og taka um leið á sig þá ábyrgð, sem því fylgir að breyta í hægri umferð 26. maí n. k., þrátt fyrir að það liggur nú fyrir, hvað mikið vantar á, að undirbúningur sé kominn áleiðis til jafns við það, sem okkur hefur verið sagt.

Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. dómsmrh. lagði það til á fundi í Sþ. hér í gærdag, að það færi fram skoðanakönnun á því, hvaða afstöðu menn hefðu til dátasjónvarpsins, og um leið lá í orðum hæstv. ráðh., að það ætti svo að fara eftir þeirri könnun, hvort takmarka ætti sjón-

varpið við Keflavíkurflugvöll einan eða ekki. Ég er mjög ánægður yfir þessari afstöðu hæstv. dómsmrh., og ég vonast fastlega eftir því, að nú verði hann sjálfum sér samkvæmur og leggi okkur flm. þessa frv. lið í því, að einnig í þessu máli verði farið eftir vilja þjóðarinnar. Til þess að hægt sé að gera það, þarf að kanna, hver hann er, gefa þjóðinni tækifæri til að láta vilja sinn í ljós í almennri atkvgr. Ég skyldi fyrir mitt leyti standa að því með hæstv. dómsmrh., að það yrði samtímis kannaður hugur þjóðarinnar í dátasjónvarpsmálinu. Dóm þjóðarinnar í því máli, eins og í hægri handar málinu, er ég alls ekki hræddur við, enda þótt hæstv. ráðh. sé heyranlega á annarri skoðun í því máli, enda lít ég svo á, að lúta beri vilja þjóðarinnar í því máli sem öðrum, hvernig sem hann á annað borð er. En sé það svo, að hæstv. dómsmrh. vilji ekki leggja mál undir dóm þjóðarinnar nema þau, sem hann sjálfur telur að meiri hl. sé fyrir, ber það lítinn vott um lýðræðislegan áhuga, svo að ekki sé meira sagt. En ekki meira um það að sinni. Þetta kemur allt í ljós í væntanlegri atkvgr., sem verður sennilega bráðlega um þetta frv. og þá sést það líka, hvort handjárnin halda í þessu máli.

Að endingu vil ég segja þetta: Það liggur fyrir það álit sænsku nefndarinnar, sem hér var á dögunum, að skilyrði fyrir því, að breyting til hægri umferðar sé framkvæmanleg, sé í fyrsta lagi sú, að jákvæð afstaða þjóðarinnar sé til breytingarinnar, svo að menn séu opnir fyrir þeim leiðbeiningum, sem festa þarf í vitund þjóðarinnar fyrir H-dag, til þess að menn séu þess umkomnir að hafa rétt viðbrögð á þeim stóra degi, 26. maí, og þar á eftir. Er jákvæð afstaða þjóðarinnar gagnvart málinu? Ég gat um það áðan, hvaða álit framkvæmdarstjórinn, Valgarð Briem, hafði haft á því máli í sjónvarpinu um daginn, og ég er honum alveg sammála í því efni. En eftir þeirri könnun á náttúrlega svo að fara í þessu máli.

Í öðru lagi töldu sænsku ráðunautarnir, að eitt skilyrði fyrir breytingunni væri, að upplýsingastarfsemin, fræðslan, yrði í fullkomnu lagi fyrir breytinguna. Ég vil spyrja. Bendir nokkuð í þá átt, að fræðslan sé eða verði nándar nærri komin í viðunandi horf fyrir 26. maí í vor? Það er fleira en kennslubókin um umferðarmál, er Ríkisútgáfa námsbóka sendi til skólanna í haust, sem var öll miðuð við vinstri umferð, sem bendir til þess, að öll fræðsla sé og verði mjög ófullkomin, þegar hinn fyrirhugaði H-dagur rennur upp.

Í þriðja lagi töldu Svíarnir, að tilgangur breytingarinnar væri sá að tryggja sérhverjum vegfarendahópi a. m. k. jafnmikið umferðaröryggi eftir breytinguna og var fyrir hana. Og hvernig er þetta gert? Hvernig er með sérleyfisbifreiðarnar? Verður jafnmikið öryggi í sambandi við notkun þeirra eftir breytinguna og nú er? Ef menn vilja halda því fram, er það ný speki, áður alveg óþekkt. Það var a. m. k. skilyrði fyrir því, að slíkar bifreiðar fengju skoðun, að farþegarnir þyrftu ekki að fara umferðarmegin inn eða út um þessar bifreiðar, og þá má slá því alveg föstu, að þeim, sem aka með þessum bifreiðum, verður skapað langtum minna öryggi eftir breytinguna en nú, og reynslan mun sýna það, að það verður ekki hægt að láta þessar bifreiðar ganga úti á vegunum öðruvísi en breyta þeim. Og hvernig er svo með beygjurnar og blindhæðirnar? Halda menn, að fólkið, sem fer eftir þessum vegum úti í þéttbýlinu, hafi sama öryggi eftir breytinguna og það hefur nú?

Það kom líka fram hjá Svíunum í þeirra áliti, að það þyrfti einnig að vera fyrir hendi, að fólkið hefði traust þeirra, sem ynnu við þessar framkvæmdir og þessa upplýsingastarfsemi. Ég vil enn fremur spyrja að því: Er það líklegt, að þjóðin hafi traust á þessari framkvæmd, eins og að henni allri er unnið?

Það hefur komið fram í umr., og það hefur verið spurt eftir því, hvað Svíarnir hafi sagt um okkar vegi. Ég vil spyrja að því, hvort þeir hafi látið þau orð falla, eins og maður hefur heyrt, hvað Íslendingar hafi að gera við breytinguna, miðað við þá troðninga, sem hér séu. Er þetta rétt?

Það er margt, sem væri hægt að ræða um í þessu sambandi, en ég sé ekki ástæðu til þess að vera hér að tala, eins og ég sagði, langt mál. Það kann að vera, að ég síðar, ef ástæða er, segi hér nokkur orð.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég bjóst við því, þegar hv. frsm. meiri hl. kom hér upp í ræðustólinn, að maður fengi nú að heyra færð ýtarleg og glögg rök fyrir breytingunni í hægri handar umferð, þar sem hann hafði nú haft tvo daga til þess að undirbúa ræðu sína og margt var búið að færa fram hér á móti henni og hann hefði af þeim ástæðum mörgu að svara henni til málsbóta. En þrátt fyrir þennan undirbúningstíma hv. frsm. varð ég ekki var við það, að hann hefði ýkjamikið að segja þessari breytingu til málsbóta. Mér fannst, að hann héldi sig aðallega við þau atriði í ræðu okkar, sem hefðum talað á móti breytingunni, sem voru einna lítilvægust og voru meira sögð í léttum tón heldur en í alvöru, eins og t. d. það, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði um árekstra á milli bíla og flugvéla og bíla og skipa, og það, sem ég var að segja um heilaþvottinn og annað þess háttar. Þetta gerði hann að aðalatriðum í sinni ræðu, en vék sáralítið að hinu, sem fram hafði komið hjá okkur og við höfum fært fram til að sýna fram á, að þessi breyting væri óþörf og dýr og ætti þess vegna að hverfa frá henni.

Þó var það eitt atriði hjá ræðumanni, sem virtist gefa til kynna, að hann áliti þessa breytingu ákaflega nauðsynlega og mikilvæga, því að hann var að bera hana saman við símann. Og manni skildist á því, sem hann sagði, að hann teldi, að hér væri um alveg jafnnauðsynlega nýjung og framkvæmd að ræða og síminn hefði verið á sínum tíma. Ég held nú satt að segja, að þegar menn kryfja þessa fullyrðingu mannsins til mergjar, verði þeir sárafáir, sem geta með góðu móti komizt að þeirri niðurstöðu, að hér sé um jafnmerka og mikilvæga nýjung að ræða og síminn var á sínum tíma. Og ég held, þó að síminn sé í dag ekki eins mikilvæg nýjung og hann var á sínum tíma, vegna þess að við höfum orðið fleiri fjölmiðlunartæki, að þeir verði nú sára-

fáir í landinu, sem mundu vilja skipta á símanum og hægri umferðinni. Ég held næstum því, að hv. frsm. sjálfur mundi ekki vilja gera það, ef hann ætti val í þessum efnum. Og ég held, ef hann bara ber þetta saman, sjái hann, hvílík fjarstæða þetta er, eins og yfirleitt er allur málflutningur þeirra manna, sem mæla með þessari breytingu.

Hv. frsm. var að fetta fingur út í það, að ég hefði komizt að orði eitthvað á þá leið í ræðu minni á dögunum, að þegar frv. um hægri umferðina var til meðferðar hér á Alþ., hafi ég verið nánast sagt skoðanalítill eða skoðanalaus í málinu. Og ef ég hefði nú verið það, t. d. skoðanalaus í málinu, hvers vegna hefði ég þá ekki frekar átt að greiða atkv. á móti breytingunni heldur en hið gagnstæða. Ég skal skýra þetta nánar fyrir hv. ræðumanni. Ég mun síðar víkja að því, af hverju ég hafði ekki sterkar skoðanir á þessu máli, þegar málið var til meðferðar. Og ég ætla að gera það með því að vitna til þess leiðtoga Sjálfstfl., sem ég tel að hafi verið þeirra fyrr og síðar gáfaðastur og mikilhæfastur, og þar á ég að sjálfsögðu við Jón Þorláksson. Það hefur verið sagt um Jón Þorláksson, að hann hafi að mörgu leyti verið íhaldssamur maður, og það er rétt. En þrátt fyrir það er hann tvímælalaust mesti framfaramaðurinn, sem Sjálfstfl. hefur átt, eins og má sanna með því að benda á baráttu hans fyrir ýmsum framfaramálum, eins og járnbrautinni á sinni tíð, þjóðnýtingu fossaflsins, forustu hans sem borgarstjóra Reykjavíkur að því að koma fram í samvinnu við þáv. vinstri stjórn fyrstu Sogsvirkjuninni og með því að vera sá borgarstjóri Reykjavíkur, sem lagði grundvöllinn að hitaveitunni. Þetta sýnir það, að Jón Þorláksson var öðrum þræði mikill framfaramaður, þó að hann væri öðrum þræði íhaldssamur, og það, sem ég vil vitna til í sambandi við hann og snertir þetta deilumál okkar hv. frsm. sérstaklega, er í ritgerð, sem hann birti í Eimreiðinni 1926 og ég las þá sem unglingur, en man þó eftir nokkrum atriðum enn þá, þar sem hann var að gera grein fyrir þeirri stefnu, sem hann taldi flokk sinn fylgja, sem þá kannaðist við það að vera íhaldsflokkur og sín stefna væri íhaldsstefna. Og það, sem Jón Þorláksson segir m. a. í þessari merku grein að mörgu leyti, er það, að þó að flokkurinn sé íhaldssamur, eigi hann ekki að vera á móti nýjungum, en því aðeins eigi að breyta til, að menn séu búnir að kynna sér það vandlega áður, hvort skipt sé um til bóta, og það sé þá fyrst, þegar menn séu komnir að þeirri niðurstöðu, að nýjungin sé betri, sem þeir eigi að fallast á breytinguna. Og þó að ég hefði á þeim tíma, þegar þetta mál var hér til meðferðar, ekki neitt sérstaklega fastmótaðar skoðanir gegn breytingunni, var ég hins vegar ekki búinn að sannfærast um það, að hún væri neitt til bóta, og undir þeim kringumstæðum taldi ég mér því skylt að greiða atkv. gegn breytingunni. Því aðeins eiga menn að breyta til, að þeir séu sannfærðir um, að það sé breytt um til bóta.

En ég skal svo koma að því, hver var meginástæðan til þess, að ég var dálitið á báðum áttum, — ég játa það alveg hreinlega, — þegar frv. um hægri umferðina var hér til meðferðar í þinginu. Það stafaði einfaldlega af því, að þm. höfðu þá fengið að mörgu leyti blekkjandi upplýsingar um þessi mál, og það er ég viss um, að hefur ráðið afstöðu margra þeirra, þannig að þeir voru með málinu. Og það er sérstaklega tvennt, sem ég vil nefna í því sambandi og ég tel, að hafi verið villandi og blekkjandi. Í fyrsta lagi virtist það liggja fyrir, að kostnaðurinn við breytinguna mundi ekki verða neitt verulegur, því að við þm. erum nú orðnir það vanir háum tölum, að við teljum það ekki neina stóra upphæð, þó að eitthvað sé áætlað að kosta 50—55 millj. En nú er það löngu upplýst, sem menn áttuðu sig ekki á þá, að þessar tölur voru villandi, vegna þess að inn í þessa kostnaðaráætlun voru ekki teknir nema tiltölulega fáir kostnaðarliðir. Það vantar inn í þessa kostnaðaráætlun mjög stóra og veigamikla kostnaðarliði. Það vantar t. d. alveg inn í þessa áætlun, hver kostnaðurinn við löggæzlu muni vera, en ég fullyrði það, að ef þessi löggæzla á að vera í sæmilegu lagi, hljóti hún að kosta milljónir og jafnvel tugi milljóna. Það vantaði t. d. líka alveg inn í þessa áætlun, hver kostnaður yrði við ljósabreytingar á bifreiðum. Það er fullyrt hér, og því hefur ekki verið á móti mælt, að þessi kostnaður gæti alltaf numið 20—30 millj. kr. samanlagt. Það vantaði líka alveg inn í þessa áætlun, að reynt væri að gera sér nokkra grein fyrir því, hvaða kostnaður hlytist af þeim töfum í umferðinni, sem hlýtur að leiða af breytingunni um lengri tíma og koma hart niður á mörgum atvinnufyrirtækjum og einstaklingum. Hvaða áhrif hafa t. d. þær tafir, sem verða á umferðinni í sambandi við breytinguna á mjólkurflutningum til bæjarins og um bæinn? Það er að vísu ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir því, hve mikill sá kostnaður verður, en það er alveg víst, að hann verður verulegur, og það á eftir að heyrast eitthvað um það, hver eigi að borga þann kostnað, vegna þess að það er ekki eðlilegt, að bændurnir beri hann einir eða hann verði lagður sérstaklega á neytendurna. Sem sagt, sú kostnaðaráætlun, sem var lögð fyrir þingið, þegar málið lá hér fyrir, var villandi og blekkjandi.

En annað atriði var þó enn þá meira villandi, og það hefur e. t. v. haft áhrif á afstöðu margra í þessu máli, en þar á ég við það, að það virtist liggja fyrir, þegar þetta mál var rætt hér í þinginu og afgreitt frá þinginu, að bílstjórastéttin stæði svo að segja einhuga á bak við þessa breytingu. Það lágu hér fyrir álit flestra stjórna í samtökum bílstjóra og bifreiðaeigenda um það, að þessir aðilar væru breytingunni meðmæltir. Hvað hefur svo komið á daginn? Að stjórnir þessara samtaka tóku upp á sitt eindæmi að skýra Alþ. frá því, að þessir aðilar væru fylgjandi breytingunni. Þegar hins vegar að því kom, að félagsmenn í þessum samtökum fóru að láta eitthvað til sín heyra og taka afstöðu til málsins, kom hið gagnstæða upp. Meginþorri þessara aðila er á móti breytingunni. Og það er þetta, sem hefur ráðið því, að þó að ég væri skoðanalítill í þessu máli áður, af því að ég tel mig engan sérfræðing í því, hef ég talið sjálfsagt að taka upp baráttu gegn breytingunni, sökum þess

að í þessum málum eins og öðrum er það skoðun mín, að við eigum að taka mest tillit til þeirra manna, sem mesta hafa reynsluna. Og það er tvímælalaust, hvað sem líður þekkingu vegamálastjóra, hvað sem líður þekkingu lögreglustjóra, að þá eru þessir menn ekki dómbærir um íslenzka þjóðvegi á við atvinnubílstjórana, sem fara svo að segja daglega um þessa vegi, kynnast þeim í öllu ástandi, í vondum veðrum og góðum og í góðri færð og lélegri. Ég tek miklu meira mark á þessum mönnum heldur en bæði vegamálastjóranum og lögreglustjóranum og hvaða öðrum skrifstofumanni sem vera skal, vegna þess að þessir menn hafa þá reynslu, sem mestu skiptir í þessu sambandi. Og það, sem að sjálfsögðu skiptir mestu um það, hvort þessi breyting heppnast eða heppnast ekki eða fer sæmilega úr hendi, er það, hvernig vegakerfið er, og ég fullyrði, eftir það að hafa kynnt mér reynslu þessara manna, að íslenzka vegakerfið er í dag ekki þannig, að það þoli þessa breytingu, svo að með góðu móti sé.

Ég held, að með því að nefna þessi tvö atriði, kostnaðaráætlunina og álit frá bílstjórafélögunum, sem fyrir lá, þegar þetta mál var til meðferðar á Alþ. á sínum tíma, nægi það alveg til að sýna, að það var farið eftir upplýsingum, sem voru villandi og blekkjandi um þetta mál, og þess vegna var niðurstaðan á þinginu eins og raun bar vitni um. Ég er alveg sannfærður um það, að ef nú ætti að greiða atkv. um þetta mál á Alþingi eftir allar þær upplýsingar, sem fram eru komnar í málinu, mundi verða önnur niðurstaða en sú, sem varð fyrir tveimur árum. Þá er ég alveg sannfærður um, að það mundi verða þingmeirihl. fyrir því að halda áfram vinstri handar umferðinni. En sökum þess að menn eru búnir að binda sig í málinu, það er farið að byrja nokkurn undirbúning, þá telja menn, að það sé eiginlega metnaðar- og sæmdaratriði fyrir sig að hverfa ekki frá því, sem þeir hafa einu sinni verið búnir að ákveða.

Því miður gerist það ákaflega oft, að menn taka ákvörðun vegna villandi upplýsinga eða vegna einhvers kapps, gera sér svo ekki grein fyrir því á eftir, að afstaðan er röng, og vilja því ekki sökum metnaðar eða einhverrar misskilinnar sæmdar hverfa frá því, sem þeir hafa áður átt þátt í að ákveða. Og það geta menn verið vissir um, að ef niðurstaðan verður sú hér á Alþ. að þessu sinni, að þetta frv. verður ekki samþ., verður það misskilinn metnaður þm., sem mikinn þátt á í því, að svo verði. Það er ekki vegna þess, að þeir séu lengur innilega sannfærðir um það, að það sé rétt, sem hér er verið að gera. Það er bara þessi tilfinning hjá mönnum að halda, að þeir verði einhvern veginn minni menn, ef þeir skipta um skoðun. En ég segi það enn og aftur og ég er alveg óhræddur við það, ef ég kemst að því eftir á, að ég telji, að eitthvað sé réttara en það, sem áður er gert, að sýna það í verki, því að ég tel þann málflutning Björnstjerne Björnsons alveg hárréttan, að þó að menn hverju sinni fylgi fast fram þeirri skoðun, sem þeir telja þá rétta, skulu þeir jafnan hafa þann fyrirvara, að ef í ljós kemur annað, sem er sannara og réttara, áskilji þeir sér rétt til þess að skipta um skoðun.

Hv. frsm. var að vitna í það, að ég hefði sagt í fyrri ræðu minni við þessa umr., að ég hefði m. a. gert það vegna tilmæla Framsfl. að flytja ekki till. á seinasta þingi um þjóðaratkvgr. í málinu. Og af því virtist mega skilja, að ég hefði látið einhver flokksfyrirmæli ráða um þetta atriði. Þó að hv. frsm. orðaði þetta þannig, vissi hann vel, að þetta var rangt. Ég sagðist hafa gert það vegna þess, að ég hefði fallizt á þau sjónarmið, sem hefðu komið fram bæði hjá formanni flokksins og öðrum flokksbræðrum mínum, að það væri óheppilegt að láta fram fara þjóðaratkvgr. um þetta mál samfara alþingiskosningum, vegna þess að það gæti haft þær afleiðingar, að þetta mál blandaðist eitthvað inn í kosningabaráttuna og þeir, sem hefðu mjög ákveðna afstöðu með eða móti hægri handar umferðinni, kynnu að fara að velja sér þm. eftir því, hvort þeir væru með eða móti þessari breytingu. Ég játa það fullkomlega við nánari athugun, að ég tel þetta óheppilegt, vegna þess að þegar verið er að kjósa menn á Alþingi, eru það önnur mál, þjóðmálin sjálf eða afstaðan til þeirra, sem eiga að ráða því, hvernig menn velja sér umboðsmenn á Alþingi.

En vegna þess að hv. frsm. var að tala um flokksvald og flokksræði í þessu máli eða gefa til kynna, að ég hefði eitthvað látið stjórnast af því, er það atriði hér upplýst. En hitt finnst mér rétt að láta koma í ljós í því sambandi, að það má mikið vera, ef nú í fyrsta sinn í þessu máli á Alþ. er ekki flokksræði og flokksvald að koma til sögunnar. Hingað til hefur það verið þannig eða var í þau tvö eða þrjú skipti, sem málið hefur áður verið til meðferðar á Alþ., að þm. fengu að vera nokkurn veginn frjálsir um það, hvort þeir tækju afstöðu með eða móti þessu máli, en það má mikið vera, ef nú er ekki í sumum flokkum búið að breyta þessari afstöðu og hvort það verður ekki flokksvaldið og flokksræðið, sem kemur endanlega til að ráða a. m. k. afstöðu manna í sumum flokkum við atkvgr. um þetta mál. Ég skal ekkert fullyrða um það á þessu stigi. Þetta kemur í ljós við atkvgr., og þarf þess vegna ekki að fara fleiri orðum um það nú.

Hv. frsm. ræddi hér lengi eða nokkuð lengi um heilaþvottinn, sem ég hafði gert að nokkru umtalsefni í ræðu minni, og var auðsjáanlega feginn að fá tækifæri til að minnast á það mál og ræða um eitthvað annað en málið sjálft, og það get ég ákaflega vel skilið. En þó að hann teldi, að það, sem ég sagði, snerti þetta mál ekki sérstaklega, því að ég hafði m. a. nefnt dæmi í sambandi við sjávarútvegsmálin, finnst mér rétt að rifja það aðeins upp í stuttu máli, sem ég hafði um þetta atriði að segja, til þess að skýra þetta enn þá betur fyrir hv. ræðumanni. Það, sem ég sagði, var í stuttu máli, að það kæmi iðulega fyrir, að menn létu sérfræðinga villa sér sýn. Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel sérfræðinga nauðsynlega og við eigum að leita til þeirra í sem allra flestum málum og fá álit þeirra. En ég tel það hins vegar jafnsjálfsagt,

að við teljum okkur ekki skuldbundna til þess að fara eftir áliti þeirra. Við eigum að vega það og meta og fylgja aðeins því, sem við komumst við nána athugun að raun um, að sé rétt. Illu heilli hefur frsm. meiri hl. bersýnilega ekki gert það í þessu máli, því að það var alveg auðheyrt á honum, að hann lagði sitt traust í þessum efnum fyrst og fremst á vegamálastjórann og lögreglustjórann, og það var þeirra álit, sem hann taldi eiginlega meginatriðið í þessu máli. Hann lét sem sé sérfræðingana ráða fyrir sig og hirti ekki um það að gera sér sjálfur nægilega grein fyrir málinu. Þetta er nú það, sem á amerísku máli hefur verið nefndur heilaþvottur eða það, að menn láti blekkja sig, þó að þar sé ekki átt við þann heilaþvott, sem stundum er sagt að gerist í vissum fjarlægum löndum, hins vegar það, að ráðamenn leggi of mikið upp úr því áliti, sem sérfræðingarnir segja, og láti það stjórna gerðum sínum. Og þetta kom, eins og ég benti hv. frsm. á, alveg átakanlega í ljós rétt fyrir jólin í sambandi við afgreiðslu fjárl. Þá voru sérfræðingarnir búnir að reikna út gengislækkunina og komast að þeirri niðurstöðu, að hún nægði til þess, að sjávarútvegurinn þyrfti ekki á neinni aðstoð að halda. Og í framhaldi af því lagði þessi hv. þm. til sem einn fulltrúanna í meiri hl. fjvn., að það yrðu felldar úr fjárl. allar uppbætur til sjávarútvegsins, og hann lofaði jafnframt mikilli tollalækun. Nú eftir jólin eða eftir að þingið kemur saman aftur verður hann að viðurkenna, að allt þetta sé tóm vitleysa, það verði aftur að taka upp uppbætur í stórum stíl, það sé ekki hægt að standa við fyrirheitið um tollalækkunina og það verði sennilega að leggja á nýja skatta. Þetta hlýzt af því, þegar menn trúa of blint á sérfræðingana, láta þá heilaþvo sig, eins og kallað er á ameríska vísu. Og það virðist ekki hafa aðeins hent hv. frsm. í sambandi við sjávarútvegsmálin og fjármálin, eins og ég var nú að vitna til, heldur hafi hann látið bæði vegamálastjórann og lögreglustjórann heilaþvo sig í sambandi við þetta mál, sem við erum nú að ræða um.

Hv. frsm. meiri hl. var að vara mig við því, að ég skyldi ekki vera að reyna að nota mér óánægju manna í sambandi við þetta mál, því að þessi óánægja væri nú miklu minni en ég héldi. Og hann nefndi það því til sönnunar, að það hefði sérstakur flokkur tekið þátt í seinustu þingkosningum og haft það eitt af sínum aðalmálum að vera á móti hægri umferðinni, en útkoman hefði ekki orðið betri en það, að hann hefði engum manni komið að. Ég held, að það sé ákaflega rangt af hv. ræðumanni að vera að dæma afstöðu manna til þessa máls eftir því, hvaða atkvæðamagn flokkur Áka Jakobssonar fékk í síðustu kosningum, því að þær kosningar fóru fram með þeim hætti, að menn yfirleitt tóku ekki afstöðu með eða móti hægri umferð, og ég held, að ég þori að fullyrða það, þó að ég þekki það ekki, að það fólk, sem kaus flokk Áka Jakobssonar, hafi ekki kosið hann vegna afstöðu hans í þessu máli, heldur alls konar óánægju við þá flokka, sem fyrir voru. Sannleikurinn var sá, að í síðustu kosningum kusu menn ekkert um þetta mál, en kusu Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb. alveg án tillits til þess, hvort viðkomandi þm. væru með eða móti hægri umferð eða hvaða skoðun viðkomandi kjósandi hefði á þessu máli. Þess vegna er það mjög rangt af hv. ræðumanni að vera að nefna þennan flokk eða útkomu hans sem einhverja sönnun um það, að það sé lítil andstaða á móti þessari breytingu. En hinu vil ég svo mótmæla, að ég sé nokkuð í sambandi við þetta mál pólitískt að ætla að reyna að nota mér þá aðstöðu, sem er gegn þessu máli, því að það er langt í næstu kosningar og það verða önnur mál, sem verður kosið um þá, heldur en þetta, og vonandi tekst framkvæmd þessa máls, hver sem niðurstaðan verður, þannig, að það verði þá ekki mál, sem verður kosið um. Ég berst eingöngu gegn þessari breytingu vegna þess, að eftir að ég tel mig hafa fengið þá þekkingu í þessu máli, sem byggð er á þeirri beztu reynslu, sem fáanleg er, sé rétt og sjálfsagt að verða á móti því.

Hv. frsm. gerði ákaflega mikið úr því, að þetta væri áhugamál sjómanna, og sagðist hafa talað við fjölda sjómanna, sem óskuðu eftir breytingu í þessum efnum. Ég er nú ekki að halda því fram, að hv. þm. sé neitt ósannsögull eða hann fari með ýkjur. En ég er hálfhræddur um, að hann fari með ýkjur í sambandi við þetta atriði, því að eins og hann sjálfur viðurkenndi, hefur ekki komið fram ein einasta rödd opinberlega, svo að ég viti til, frá sjómönnum um þetta atriði. Sjómenn hafa mörg félög og halda oft fundi og bera fram alls konar kröfur, sem þeir telja að séu nauðsynlegar vegna þeirra starfa og þeirra hagsmuna. En ég held, að þó að það sé leitað með logandi ljósi í öllum þeim fundargerðum, komi það hvergi fram, að þeir hafi óskað eftir þessari breytingu. Og ég hef líka hvergi heyrt því haldið fram, hvorki munnlega né skriflega, að bílslys stafi af því, að það sé vikið til hægri handar á sjó, eða að sjómenn séu eitthvað meira valdir að umferðarslysum á landi heldur en aðrar stéttir. En það sýnir hins vegar, hvað takmörkuð eða lítil rök eru fyrir þessari breytingu, þegar menn eru að tína fram önnur eins atriði og þessi, að það sé verið að gera þetta vegna sjómanna.

Hv. þm. var að vitna í það, og það er nú raunar búið að víkja að því, að það hefðu orðið tiltölulega færri umferðarslys í Svíþjóð síðustu mánuði fyrra árs heldur en sambærilega mánuði 1966, og vildi þakka það hægri umferðinni. Ég held, að sannleikurinn sé sá, eins og raunar er búið að benda á hérna, að þetta stafi af allt öðrum ástæðum. Þetta stafar af því, að allt lögregluefirlit hefur verið miklu strangara í Svíþjóð undanfarna mánuði en það var á sama tíma á árinu 1966, og þetta stafar líka af því, að umferðarhraðinn er þar miklu minni en var á árinu á undan, og þetta tvennt hefur náttúrlega verulega að segja til þess að draga úr slysum, á meðan það er í gildi. Það kemur ekki full reynsla á breytinguna í Svíþjóð, fyrr en lögregluefirlitið er komið í sitt eðlilega horf og fyrr en aksturinn er kominn upp í þann hraða, sem áður var. Það er þá fyrst, sem hægt verður að dæma um það, hvort nokkur árangur hafi náðst af breytingunni. En við skulum vona það, að niðurstaðan

verði sú, að umferðarslysum fari ekki fjölgandi aftur í Svíþjóð, enda væri það líka í samræmi við þá þróun, sem þar hefur verið á undanförnum árum, því að tölur frá Svíþjóð sýna, að umferðarslysum hefur alltaf farið þar tiltölulega fækkandi, vegna þess að umferðarmenning hefur farið þar vaxandi. Þess vegna, þó að umferðarslysum kynni að fækka í Svíþjóð í framtíðinni, er engan veginn rétt að halda því fram, að það stafi af breytingunni til hægri handar umferðar einni saman, heldur sé það aðeins áframhald þeirrar þróunar, sem í Svíþjóð hefur verið og er fólgin í því, að umferðarslysum hefur alltaf verið að fækka.

Ég veit nú ekki, hvort það er ástæða til að vera að elta sérstaklega ólar við einstakar fullyrðingar hv. frsm. En sannleikurinn er sá, eins og ég hef áður vikið að, að í ræðu hans kom ekkert nýtt fram og hann gerði mjög litla tilraun til þess að svara þeim röksemdum, sem við stuðningsmenn þessa máls höfum haldið fram. En áður en ég lýk máli mínu, vil ég víkja nokkrum orðum að því, sem fram undan er.

Þegar ég talaði við 1. umr. þessa máls, sagði ég, að tilgangurinn með flutningi þess væri tvíþættur. Í fyrsta lagi væri það tilgangur okkar flm. og það væri aðaltilgangurinn að fá þetta mál stöðvað og fram færi um það þjóðaratkvgr. og það yrði svo að fara eftir niðurstöðum hennar, hvort breytingin næði fram að ganga eða ekki. Þetta var okkar aðaltilgangur með frv., sem við vonum enn þá, að nái fram að ganga. Hinn tilgangur okkar var sá, að ef það þrátt fyrir allt fengist ekki fram, að málið væri stöðvað og þjóðaratkvgr. látin fara fram um það, yrði flutningur þessa máls og þær umr., sem um það yrðu, til þess að tryggja öruggari og betri framkvæmd breytingarinnar. Við vildum a. m. k. alltaf ná þeim ávinningi, að það yrði rætt og athugað betur, hvort undirbúningur breytingarinnar væri í því horfi, að hann væri viðunandi, og þess vegna væri óhætt að ráðast strax í þessa breytingu hinn 26. maí n. k. Og þess vegna vil ég biðja þm., þó að þeir séu mótfallnir þjóðaratkvgr. um þetta mál og þó að þeir vilji fá hægri handar breytinguna fram, að íhuga það alveg sérstaklega, hvort þeir telji undirbúning málsins í því horfi, að það sé rétt að ráðast í þessa breytingu innan þriggja mánaða.

Ég leyfi mér að halda því fram, að í mörgum efnum, sem ég mun nánar víkja að, er undirbúningurinn enn á því stigi, að það er ekki forsvaranlegt að láta þessa breytingu fara strax fram 26. maí, nema það verði lagt stóraukið kapp á það að bæta undirbúninginn, og þó mundi ég ekki telja það nægjanlegt, heldur væri heppilegt að fresta breytingunni enn þá í nokkurn tíma. Ég vil nefna það sem dæmi í þessum efnum, að ég var að frétta það í dag, og ég hygg, að það sé rétt, — hæstv. ráðh., sem mun tala hér á eftir, getur upplýst það, ef svo er ekki, — en það var fullyrt við mig og sagt, að eftir breytinguna, eftir 26. maí, ætti áfram að vera vinstri handar umferð á aðalumferðargötunni í Reykjavík. Mér hefur verið sagt það, að eftir 26. maí eigi að vera áfram vinstri handar akstur á Laugaveginum, sem liggur í því, að mér skilst, að stöðumælarnir, sem eru margir við Laugaveginn, eru enn þá hægra megin við götuna, og það mun ekki vera talið, að það sé ráðrúm til þess að flytja þá, áður en breytingin verður gerð, enda mun fylgja því verulegur kostnaður, og þess vegna verði talið, að það sé óhætt að láta það slarka að hafa vinstri handar umferð áfram á Laugaveginum, vegna þess að þar sé einstefnuakstur, en svo strax þegar menn eru komnir út af honum, eiga þeir að breyta um og taka upp hægri handar umferðina. Mér finnst þetta ákaflega ótrúleg saga, en þó er mér sagt, að þetta hafi verið upplýst m. a. á fundi, sem var haldinn fyrir nokkrum kvöldum í Ökukennarafélaginu, og þar hafi komið fram till. um það, sem hafi verið samþ. shlj., að skora á umferðarnefnd Reykjavíkur að láta vera hægri handar umferð á Laugaveginum, ef í breytinguna almennt væri ráðizt. En ég held, að það væri ákaflega einkennilegt og það væri nú verið að stofna eins konar ríki í ríkinu, land í landinu, ef áfram ætti að vera vinstri handar umferð á Laugaveginum, en svo allt í kring hægri handar umferð. Ég held, að það verði þá að bæta einum kostnaðarliðnum við og færa stöðumælana, svo að það sé hægt að taka þar upp hægri handar umferð. Hæstv. ráðh. upplýsir, hvort þetta er rangt með farið hjá mér eða ekki, en þetta var mér sagt í dag, og ég hygg, að það séu fyrir því nokkuð góðar heimildir. Mér var einnig sagt, að það væri ráðgert á nokkrum fleiri stöðum en við Laugaveginn, á nokkrum fleiri einstefnugötum að hafa vinstri handar umferð vegna stöðumæla og ýmissar aðstöðu. En mér finnst þetta satt að segja ákaflega ótrúlegt og á erfitt með að trúa því, en ég hef samt þær heimildir fyrir þessu, að ég vil ekki vefengja þær, fyrr en annað kemur í ljós, og hæstv. ráðh. getur sjálfsagt upplýst á eftir, hvort þetta er rétt hjá mér eða ekki.

Það held ég, að liggi í augum uppi líka, að ýmsar breytingar, sem átti að gera hér á götum í Reykjavík fyrir hægri handar umferðina, verði ekki komnar fram fyrir H-dag. Mér er sagt, að það sé t. d. alveg útilokað, að það verði búið fyrir þann tíma að færa í burtu húsin við Hverfisgötuna, sem skaga út í hana hægra megin og eru mjög til truflunar, sérstaklega eftir að hægri handar umferð hefur verið tekin upp. Hvort það verður búið að breyta Lækjargötunni og færa þá Kristján IX og Hannes Hafstein alveg upp að dyrum Stjórnarráðshússins fyrir þessa breytingu, skal ég ekki segja, en hún er talin nauðsynleg vegna hægri handar umferðarinnar, en ég hef heyrt það, að þessa dagana sé Hörður Bjarnason eða einhver góður maður að gera módel af því, hvernig þeir Kristján og Hannes muni taka sig út, þegar þeir eru komnir alveg upp að dyrum Stjórnarráðsins. Þetta er nú aðeins það, sem við kemur umferðinni hér í bænum.

Það liggur alveg skýrt fyrir í bréfum frá vegamálastjóra og upplýsingum, sem hann hefur gefið, að það sé útilokað fyrir H-dag, að mögulegt sé að koma á akreinaskiptingu á blindbeygjum og blindhæðum, en sú breyting væri þó óhjákvæmileg að margra dómi, ef þessi umferðarbreyting ætti að heppnast. Mér finnst þetta svo stórt mál,

að það sé ástæða til þess, að þingið ræði það alveg sérstaklega síðar eða áður en því lýkur, og þó einkum ef þetta frv. nær ekki fram að ganga, því að ég get ekki séð annað en það fólk, sem í dreifbýlinu býr, hljóti að leggja meginkapp á að fá það öryggi í sambandi við umferðina þar, sem felst í því, að tekin sé upp akreinaskipting og komið sé á akreinaskiptingu á blindhæðum og blindbeygjum, því að mér finnst, að allir séu sammála um það eða einróma um það, nema kannske helzt vegamálastjórinn, að þetta séu nauðsynlegar og aðkallandi breytingar, sem megi ekki dragast, og sama gildi um það, þar sem vegræsi séu of mjó eða þröng eða vegir yfir þau. Þá finnst mér, að það sé einnig óhjákvæmilegt, eins og hefur verið bent á hér, að áður en H-breytingin verður, verði búið að breyta almenningsvögnum og sérleyfisbílum í það horf, að farþegar þurfi ekki að fara út umferðarmegin. Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að veita neinum bíl skoðunarleyfi, nema það sé búið að gera áður á honum þessa breytingu, jafnvel þó að hún hafi einhvern kostnað í för með sér. En það vil ég segja og láta koma alveg skýrt fram, að ef að þessari breytingu verður horfið, mun ég ekki telja eftir þann kostnað, sem af henni leiðir, ef hann gæti orðið til þess að skapa aukið öryggi, því að við eigum ekki að telja eftir þá peninga, sem til þess fara að skapa aukið öryggi. Ég verð jafnframt að segja það, að ég tel þá áætlun, sem lögreglustjórinn hefur gert um aukið lögreglulið í sambandi við breytinguna, algerlega ófullnægjandi og það sé skylda hans og skylda ríkisstj. að sjá um það, ef í breytinguna verður ráðizt, að þá verði hafður miklu meiri viðbúnaður í þessum efnum en nú er gert ráð fyrir.

Ég vil svo segja það, að í sambandi við framkvæmd þessarar breytingar og raunar í sambandi við alla löggjöf hefur Alþingi að mínum dómi tvíþætt verkefni. Alþingi hefur það verkefni að setja lögin, og það hefur líka það verkefni að fylgjast með framkvæmd þeirra. Og ég held, að það sé alveg sérstakt verkefni Alþingis að fylgjast vel með framkvæmd laga eins og þessara. Því held ég, að það hafi verið fullkomlega tímabært og nauðsynlegt, að við fluttum þetta frv. hér á þinginu, jafnvel þó að okkur heppnist ekki sá aðaltilgangur þess að koma málinu fram.

Ég vil svo alveg sérstaklega brýna það fyrir þeim þm., sem eru okkur ekki sammála um, að það eigi að stöðva málið og láta þjóðaratkvgr. fara fram, en ætla að láta breytinguna ná fram að ganga, þá hvílir á þeim sú ábyrgð að sjá um það, að ekkert verði látið ógert til þess að tryggja sem bezta og öruggasta framkvæmd þessa máls. Þeir þm., sem greiða atkv. gegn okkar frv. að þessu sinni, taka á sig ábyrgðina á því að sjá um, að framkvæmdin á breytingunni fari vel fram og sem mest öryggi verði tryggt í sambandi við hana.

Það hefur verið talað um það alveg réttilega, að til þess að slík breyting eins og þessi fari vel fram, þurfi að skapa um hana sem mesta þjóðareiningu. Það höfum við nú einmitt viljað gera með þessu frv., því að það tel ég alveg víst, að ef þjóðaratkv. færi fram um málið og niðurstaðan yrði sú, að breytingin yrði samþ., mundi öll þjóðin einhuga fylgja því fram á eftir. En þrátt fyrir það, þó að því ofríki verði beitt í þessu máli, að neitað verði um þjóðaratkvgr., mun ekki standa á okkur, sem erum andvígir þessari H-breytingu, að vinna að sem beztri framkvæmd hennar. En við gerum þá jafnframt kröfu til þess, alveg ákveðna kröfu, að það sé tekið tillit til þeirra ábendinga, sem við færum fram, og þeirra skilyrða, sem við teljum að þurfi að fullnægja, til þess að breytingin geti farið sæmilega fram að okkar dómi. Þess vegna getur vel farið svo, ef ekkert tillit verður til okkar tekið í þessum efnum og þetta mál nær ekki fram að ganga, að það eigi eftir að koma fleiri mál á þessu þingi að þessu sinni til þess að halda málinu vakandi. Og það væri ekkert annað en í samræmi við þá skyldu þm., að þeir eiga ekki aðeins að setja lög, þeir eiga einnig að fylgjast með því, hvernig lög eru framkvæmd.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég vil láta þá ósk í ljós að lokum, að þm. geri sér grein fyrir því, að það er rétt mál að fresta þessari breytingu og fá álit þjóðarinnar sjálfrar um það. En ef menn eru þessu andvígir, ef þeir fella þetta frv., taka þeir á sig ábyrgðina á því að sjá um það, að þessi breyting fari fram svo, að ekki hljótist af henni tjón.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Allmiklar umr. hafa orðið hér á hv. Alþ. um frv. til l. um frestun hægri handar umferðar og þjóðaratkvgr. S. l. þriðjudag voru haldnar hér þrjár sérstaklega rökfastar ræður um málið, og allir þessir hv. þm. mæltu gegn hægri handar umferð. Því miður voru þá aðeins örfáir þm. staddir í þingsalnum, þegar þessar ræður voru fluttar, þannig að hin margvíslegu rök, sem komu fram í málinu, hafa ekki náð eyrum nema örfárra þm. Og ég segi því miður: það sama er núna. Og þegar hv. 4. þm. Vestf. var að býsnast yfir því, að ræður væru lesnar, gamlar ræður, vegna þess að alþm. mundu fylgjast vel með, þá er ég ekki viss um nema mikið af þessum rökum fari fyrir ofan garð og neðan.

Mig langar til að minnast hér á nokkur atriði í nál. meiri hl. allshn. á þskj. 249 og ýmislegt í ræðum hv. frsm., 4. þm. Vestf. Í sjálfu nál. er hvergi að finna rök fyrir hægri handar umferð önnur en þau, að málið sé svo langt á veg komið, að ekki verði snúið við nema kasta fé á glæ. Þessi fullyrðing er auðvitað ekki rétt, því að hluti kostnaðar er vegna umferðarfræðslu, umferðarvita og vagngrinda, og þetta kæmi allt að einhverjum notum, þó að hætt yrði við umferðarbreytinguna.

Þá stendur í nál., að rökin, sem við flm. höfum fram að færa, fái engan veginn staðizt, og átti hv. frsm. meiri hl. að gera nánari grein fyrir þessu í sinni framsöguræðu. Eftir að hafa hlustað á ræðu hans er skoðun mín sú, að engin haldgóð rök hafi komið þar fram, þannig að okkar rök standi enn þá óhögguð.

Hv. frsm. meiri hl. rakti nokkuð sögu umferðarmálsins og vitnaði til þess, að ýmsir aðilar hefðu í upphafi mælt með umferðarbreytingunni. Hins vegar gat hann þess ekki, að slík

meðmæli komu frá stjórnum félagssamtakanna, og virðist svo, að einstakar stjórnir hafi að litt eða ekki athuguðu máli trúað á ágæti þessarar umferðarbreytingar, en láðst að kynna félagsmönnum sínum eðli málsins, rök og gagnrök. En síðan hefur komið í ljós, að aðeins fáir liðsmenn í viðkomandi samtökum hafa í raun verið þeim samþykkir, sem sannað er með einróma mótmælum fjölmargra félagsdeilda innan samtakanna.

Þá minntist hv. ræðumaður á það atriði, að þjóðaratkvgr. kostaði líka peninga og hvort við hefðum gert okkur grein fyrir því. Vissulega. Almennt er talið, að á næsta sumri verði forsetakosningar á Íslandi, og þess vegna er sjálfsagt að hafa samtímis þjóðaratkvgr. um þetta umdeilda mál, þannig að þjóðaratkvgr. þarf ekki að kosta þjóðina mikið.

Hv. frsm. benti á, að ef hætt yrði við hægri handar umferð, yrði ríkissjóður skaðabótaskyldur. Þetta er rétt. En ríkissjóður er nú skaðabótaskyldur í dag. Í lögum um hægri handar umferð er ríkissjóður skaðabótaskyldur, því að það er tekið fram, að bæta skuli óhjákvæmilegan beinan kostnað vegna umferðarbreytingarinnar, sbr. það, að enn þá er í dómi mál varðandi sérleyfishafa. Og enn þá er ekki ljóst, hve margar skaðabótakröfur kunna að berast, áður en yfir lýkur.

Þá taldi hv. frsm. þetta frv. koma of seint, því að búið væri að verja millj. kr. í hægri handar umferðina og við hefðum, eins og hann orðaði það, kastað þessu frv. í jólapottinn. Viðhorf til þessa máls, eins og annarra mála, hefur mikið breytzt á stuttum tíma. Það má með sama rétti segja, að þjóðin hafi fengið margt óvænt í sinn pott, því að gífurlegar breytingar hafa orðið í okkar efnahagsmálum á stuttum tíma. Í októbermánuði var rætt um nauðsynlegar efnahagsaðgerðir til að rétta við fjárhag ríkissjóðs. Síðan skall yfir okkur gengislækkun, síðar erfiðleikar hraðfrystihúsanna, og nú fyrir fáum dögum hefur hæstv. fjmrh. í blaðaviðtali sagt, að skapazt hafi efnahagslegt neyðarástand og almenn kjaraskerðing, og nú síðast, að skera verði niður ríkisútgjöld um 100 millj. kr. Ég spyr: Hvern skyldi hafa órað fyrir öllu þessu, jafnvel um miðjan desembermánuð? Allt ber þetta að sama brunni. Við verðum í dag að horfast í augu við gjörbreytt viðhorf, og ekkert er eðlilegra en að hafa nú mikla hagræðingu á öllum sviðum. Hér er verið að ræða um umferðarbreytingu, sem kostar yfir 100 millj. kr. Kostnaðaráætlunin er nú talin 60—65 millj. Þá er eftir kostnaður vegna breytinga á ljósaútbúnaði bifreiða, sem verða milli 20 og 30 millj. kr., og enn þá er engin áætlun um löggæzlu vegna umferðarbreytingarinnar, en hún mun vissulega kosta tugi millj., ef umferðarbreytingin á að vera örugg. Við teljum, að áfallinn kostnaður sé aðeins lítill hluti miðað við þann ófyrirsjáanlega kostnað, sem umferðarbreytingin mun hafa í för með sér.

Hv. frsm. meiri hl. ræddi um slysahættu vegna umferðarbreytingarinnar, eða eins og hann orðaði það, að við værum að slá á viðkvæma strengi. Við höfum ekki gert annað en að benda á augljósar staðreyndir í þessu máli. Við teljum, að okkar þjóðvegakerfi bjóði upp á margar hættur, svo sem hættuleg vegræsi, ómerktar blindhæðir og blindhorn, að umferðarfræðslu hafi verið ábótavant hér á landi, að erfiðleikar séu á því að framkvæma jafnveigamiklar umferðarbreytingar nema með löngum aðdraganda og með strangri og góðri löggæzlu, ekki í eina viku eftir umferðarbreytinguna, heldur mánuði á eftir, sbr. að hv. frsm. viðurkenndi í sinni ræðu, eins og hann orðaði það: Hins vegar virðast umferðarslysin færast í sama mark og áður, þegar lengra líður frá umferðarbreytingunni. — Þá átti hann við Sviþjóð.

Þá vitnaði hv. ræðumaður í svokallað samræmingarsjónarmið, að hafa sömu reglu í lofti, láði og legi, og undirstrikaði þetta með því að benda á, að okkar flugmenn væru í sífelldri hættu þess vegna. Við skulum ekki vanmeta þessa hættu. En hann hefði mátt hafa í huga, að stórþjóðir eins og Bretar og Japanar, þessar þjóðir eiga stóran flugflota og þúsundir flugmanna. Með sama rétti má segja, að flugmenn þeirra væru í sífelldri hættu.

Þá vitnaði hv. ræðumaður í orð vegamálastjóra, að þetta frv. hefði haft neikvæð áhrif á fólk og torveldað störf H-nefndar. Þessu vil ég mótmæla. Þetta mál hefur frá upphafi verið umdeilt, og nægir í því sambandi að benda á þær þúsundir undirskrifta og þær mörgu fundarsamþykktir, sem borizt hafa Alþingi að undanförnu, þar sem framkomu þessa frv. til l. er fagnað, og telja þeir rétt, að þjóðin fái úrskurðarvald í þessu máli. Þær umr. og þau skrif, sem hafa farið fram um málið, eru til bóta, þjóðin þarf að vita það rétta í málinu, og með þessu lagafrv. er gerð síðasta tilraun til að stöðva málið og að þjóðin fái að ráða.

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram, hvað við mundum gera, ef þetta frv. um frestun hægri handar umferðar yrði fellt. Því er fljótsvarað. Auðvitað mundum við fara að lögum og gera allt, sem í okkar valdi stæði, til þess að umferðarbreytingin mætti vel takast og verða þjóðinni til heilla.

Það hefur verið sagt, að atkvgr. hv. alþm. í sérhverju máli eigi á sinn hátt að sýna spegilmynd af þjóðarvilja. Nú er komið að slíkri atkvgr. Ég vil að lokum ítreka eftirfarandi atriði:

1. Að ekkert hefur komið fram, sem styður þá skoðun, að þessi umferðarbreyting sé aðkallandi eða knýjandi.

2. Að þjóðvegakerfi okkar er sérstaklega varhugavert fyrir hægri handar umferð.

3. Að umferðarbreytingin kostar ekki, eins og upphaflega var áætlað, 50 millj. kr., heldur mun hún kosta yfir 100 millj. kr.

4. Að á sama tíma og í landinu ríkir efnahagslegt neyðarástand skuli eiga að framkvæma jafnumdeilda umferðarbreytingu.

5. Að þúsundir kjósenda eru andvígir umferðarbreytingunni og sérstaklega þeir, sem hafa atvinnu af bifreiðaakstri.

Að öllu þessu athuguðu leggjum við til, að þetta frv. verði samþ.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í fyrri ræðu minni í sambandi við þetta frv. gat ég þess, að ég mundi að mestu leyti leiða hjá

mér deilurnar um það, hvort æskilegra væri að taka upp hægri umferð hér eða halda vinstri umferðinni. Það mál hefði verið til lykta leitt á sínum tíma, og spurningin væri um það nú, hvort ætti að fresta þessu máli. Ég var einn af þeim, sem greiddu atkv. með málinu á sinni tíð, og gerði hins vegar grein fyrir því í ræðu minni, að þannig væri háttað að mínum dómi undirbúningi málsins, að það væri mjög óráðlegt, úr því sem komið væri, að hefja hinar fyrri deilur, en um það sýndist hv. þm. sitt hvað, eins og fram hefur komið, þegar vitnað hefur verið til atkvgr. hér í þinginu, þó að ríflegur meiri hl. væri í báðum deildum fyrir þeirri löggjöf, sem þá var sett. Ég skal að mestu leyti einnig halda mig við það í þessari ræðu minni að leiða hjá mér þessar deilur, sem fram hafa komið í umr. manna nú og hafa verið með nokkuð sérstökum hætti, því að við höfum ekki einungis þurft að hlýða á óvanalega langar ræður í þessu máli, heldur hafa sömu ræðurnar verið fluttar fyrir okkur tvisvar og þar að auki lesnar ræður, sem fluttar hafa verið hér í þinginu fyrir mörgum árum. Þetta er ákaflega óvanalegt hér í þingsölum.

Ég ætla nú alveg að leiða hjá mér þann kosningaham, sem sumir settu sig í hér og fóru að tala um, að menn skyldu fá að kenna á hlutunum við næstu kosningar, og þá vissu menn, hvað þjóðin vildi, o. s. frv. Ég held, að það sé miklu betra, að við reynum að stilla skap okkar, málið sé þannig vaxið, að það fari betur á því, að það verði afgreitt hér með öðrum hætti en þeim.

Það er náttúrlega erfitt að eiga við hv. 4. þm. Reykv. í þessu máli, því að hann hefur valið sér tvær leiðarstjörnur og ekki af verri endanum, aðra Björnstjerne Björnson og hina Jón heitinn Þorláksson, og segist nú bara fara að þeirra ráðum í þessu máli. Ekki hefur nú þessi hv. þm. alltaf farið að ráðum Jóns heitins Þorlákssonar, hvað sem segja má um málafylgjuna við Björnstjerne Björnson. En það, sem gaf mér sérstakt tilefni til að standa upp, er m. a. það, að hv. 4. þm. Reykv. sagði á síðasta fundi, þegar þetta mál var rætt, og endurtók það nú, að farið hefði verið á bak við bifreiðastjórastéttina, og einum, að lögin hefðu verið samþykkt hér á röngum forsendum í þinginu. Um þetta urðu nokkur blaðaskrif í sumar, að l. hefðu verið samþ. á röngum forsendum og það hefðu legið villandi upplýsingar fyrir þinginu, þegar l. voru sett, og það var endurtekið af einhverjum öðrum, sem ég man nú ekki, hér í þessum umr., að einstakar stjórnir í félögum bifreiðaeigenda og bifreiðarstjóra hefðu tjáð sig um málið, en aldrei verið tekin afstaða til þeirra á félagsfundum eða af þeim aðilum, sem bæri um það að fjalla. Þetta var á s. l. vori, eins og ég sagði.

Það mun hafa verið í marz—apríl 1967, sem um þetta urðu nokkur blaðaskrif og því var sérstaklega haldið fram, að það væru aðeins stjórnir félaganna, og nokkrir bílstjórar héldu því fram með mjög ógætilegum orðum, að það hefði verið farið með klár ósannindi í þskj., eins og það var orðað, eða eitthvað því um líkt. Já, það stóð þannig með undirskrift nokkurra bifreiðarstjóra, með leyfi hæstv. forseta, þar sem sagt var í grg., að vissir aðilar hefðu tjáð sig með þessu máli, eins og Landssamband vörubifreiðarstjóra og Félag ísl. bifreiðaeigenda. Hér getur að líta hrein og klár ósannindi hvað Landssamband vörubifreiðarstjóra og Félag ísl. bifreiðaeigenda snertir. Báðir þessir aðilar svöruðu fyrir sig þá, og ég bjóst þess vegna ekki við því, að þetta hefði farið fram hjá hv. þm. núna, og það kom alveg greinilega í ljós, að þetta var alveg hrakið. Það má svo vel vera, að einhverjum af þessum mönnum hafi snúizt hugur eins og hv. 4. þm. Reykv. Það er önnur saga, hvort svo er og hvort einhverjir af þeim, sem þá tjáðu sig um málið, voru ekki andvígir því, hafi síðan skrifað undir einhver mótmæli. En þingið afgreiddi ekki málið á röngum forsendum að þessu leyti.

Um Landssamband vörubifreiðarstjóra liggur það fyrir, að það mun fyrst hafa verið 21. marz 1964, að stjórn þess þá svaraði fsp. frá Alþingi um afstöðu til þáltill., sem þá var hér uppi um að athuga undirbúning að hægri umferð, og tjáði sig meðmælta henni. En síðan upplýsir stjórnin, að á 6. þingi Landssambands vörubifreiðarstjóra, sem haldinn var í Reykjavík dagana 7.—8. nóv. 1964, var eins og ávallt á þingum sambandsins rætt um umferðarmál, og gerði þingið sérstaka samþykkt um málið, og síðan er öll samþykktin rakin. En það, sem hér skiptir máli í því sambandi, er þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum lýsir þingið yfir fullum stuðningi við álitsgerð stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra, dags. 21. marz 1964, þar sem mælt er með því við Alþ. af hálfu samtakanna, að hér á landi verði tekinn upp hægri handar akstur, og telur, að slík samræming við þróun umferðarmála í öðrum löndum stuðli að auknu umferðaröryggi."

Þessi samþykkt 6. þings Landssambands vörubifreiðarstjóra var á sínum tíma birt í blöðum og útvarpi, auk þess sem hún var birt í þingtíðindum sambandsins, en þau eru send öllum vörubifreiðarstjórafélögum innan sambandsins. Af framansögðu er ljóst, að þing sambandsins, sem er æðsta vald í málum þess, hefur tekið mál þetta fyrir og gert um það sérstaka samþykkt, sem staðfestir, að allar aðgerðir sambandsstjórnar voru í fullu samræmi við vilja þingsins. Þetta liggur sem sagt fyrir í nóvembermánuði 1964.

Félag ísl. bifreiðaeigenda gerði einnig grein fyrir sínu máli, og þar var það rakið, að samkv. sögu þess frá upphafi höfðu fyrirsvarsmenn þess og stjórnendur ætíð álitið, að æskilegt væri að hafa hægri umferð hér á landi, og félagsstjórnin hafði margsinnis mælt með því, og segir í grg. frá félaginu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Um áramótin 1964—1965 var kunnugt, að ríkisstj. hafði í undirbúningi lagasetningu um breytingu í hægri handar umferð, og þótti stjórn FÍB því eðlilegt, að mál þetta yrði enn einu sinni borið fram til umr. og atkvgr. Á aðalfundi var lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Aðalfundur FÍB, haldinn 3. marz 1965, telur, að hraða beri ákvörðunum um breytingu í hægri handar akstur hér á landi, þar sem breytingin er framtíðarnauðsyn og kostnaður við hana fer

hraðvaxandi með ári hverju, sérstaklega ef ekki verður hafizt handa um nauðsynlegan undirbúning strax.“

Ályktun þessi var samþ. með shlj. atkv. og enginn ágreiningur um þetta þá á aðalfundi, svo að aðalfundur hefur algerlega staðfest þessar fyrri yfirlýsingar stjórnarinnar í þessu sambandi, sem áður er búið að gera grein fyrir og ég þarf ekki að rekja. Og síðan er bent á, að í blaði félagsins hafi verið skýrt frá afskiptum stjórnarinnar af málinu árin 1963, 1964 og 1965.

Samkv. þessu fæ ég ekki skilið, hvernig menn geta nú sagt, að það hafi verið á röngum forsendum og vegna villandi upplýsinga, eins og segir í grg. frv. um hægri handar umferð, að þm. þá hafi afgreitt málið. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram.

Hv. 4. þm. Reykv. hefur gerzt mikill talsmaður þessa máls hér nú og telur tvær ástæður fyrir því, — ég veit ekki, hvort hann hefur breytt um skoðun eða tekið ákveðna skoðun. Það eru annars vegar villandi upplýsingar um kostnaðinn og svo afstaða bílstjóranna. Ég skal ekki frekar víkja að þeim nú. Það er kunnugt, að ýmis samtök bílstjóra og einstakra félaga og undirskriftir hafa verið á móti málinu, sem haggar ekki því, að það er rangt, sem haldið er fram, að Alþingi hafi á sínum tíma verið eitthvað hlunnfarið í þeim efnum.

Um kostnaðinn má náttúrlega lengi deila. Það hafa verið birtar villandi tölur. Ég gaf við fyrri umr. skýrslu um, að það virðist nokkurn veginn, að sú áætlun, sem lá fyrir, mundi standast, en þó fer ýmislegt þar fram úr áætlun, eins og t. d. umferðarfræðslan, sem ekki hafði sérstaklega verið ætlað fyrir, og hefur framkvæmdanefnd hægri aksturs verið heimilað að verja til hennar allt að 8 millj. kr. Það má segja, að þetta verði umfram áætlaðan kostnað, eins og vikið hefur verið hér að. En auðvitað þarf að verja fé til umferðarfræðslu, hvort sem er hægri umferð eða vinstri umferð hér á landi, svo að það skiptir í sjálfu sér ekki mjög miklu máli í þessu sambandi. Hann talaði einnig um mjólkurflutningana, að þeir yrðu miklu kostnaðarsamari vegna hraðatakmörkunar. Þetta benti ég á í fyrri ræðu minni að væri á misskilningi byggt, því að hraðinn væri sá sami á mjólkurbílunum eftir sem áður. Leyfður hraði utan þéttbýlis er yfirleitt 70 km á klst., en undantekningar eru á almenningsvögnum fyrir 10 farþega o. fl. og vörubifreiðar 3,5 smál. eða meira að heildarþunga eða með hlassi, sem ekki mega aka hraðar en 60 km á klst. Þessir bílar eiga að aka aðeins 50 km í 3 daga, mega ekki aka nema 50 km á klst. í 3 daga, en síðan mega þeir halda sínum 60 km ökuhraða, svo að þetta snertir á engan hátt kostnað á flutningum á mjólkinni, þær takmarkanir, sem þarna eru ráðgerðar.

Hv. 4. þm. Reykv. vék að löggæzlunni, og það hafa margir gert, og það er auðvitað augljóst mál, að vegna þessarar umferðarbreytingar verður að auka löggæzluna verulega, og það kann að hafa kostnað í för með sér. Hv. frsm. meiri hl. n. gerði grein fyrir viðhorfi lögreglustjóra til þess, og ég vil aðeins segja það, að sumum hefur fundizt, að það væri kannske ekki nógu skelegg afstaða lögreglustjóra til nauðsynjar á auknингu á löggæzlunni. Ég leyfi mér að svara þarna fyrir hönd lögreglustjóra, að hann hefur haft mikinn og vaxandi áhuga á þessum málum frá upphafi og alveg sérstaklega þeirri brýnu nauðsyn á aukinni löggæzlu og góðum undirbúningi, áður en að framkvæmdinni kæmi. Dómsmrn. mun fyrir sitt leyti og hefur þegar ákveðið að hafa samband við alla lögreglustjórana í landinu og samræma aðgerðir þeirra, og það er ástæðulaust að fara nokkuð út í það nánar. En það liggja fyrir ákveðnar ráðagerðir um það, sem allar miða við það að auka eftir fyllstu getu löggæzluna með einum eða öðrum hætti, bæði þetta almenna löggæzlulið og fá að einhverju leyti viðbót við það og að lokum með sjálfboðaliðum, meðan á sjálfri breytingunni stendur, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Hvort það tekst að koma nógu góðri löggæzlu á, skal ég ekki fullyrða, en hins vegar mun verða lögð megináherzla á það, að þeirra hluta vegna verði hægt að komast sem mest hjá vandkvæðum við þessa erfiðu skiptingu, sem hér er um að ræða, frá vinstri umferð til hægri umferðar, því að það tekur náttúrlega til fleiri en þeirra, sem aka. Það tekur einnig til hinna gangandi.

Ég vil aðeins lýsa nokkuð viðhorfum mínum til þess, sem kannske ræður hvað mestu í mínum huga um, að það sé rétt að gera þessa breytingu núna. Ég tel, þó að ég hafi verið uggandi, að reynslan, sem af þessu fékkst hjá Svíum, staðfesti það, að við slíka breytingu sem þessa út af fyrir sig fáist tækifæri, sem ella bjóðist ekki, til þess að kenna allri þjóðinni umferðarreglur og umferðarmenningu, sem síðar er auðveldara að halda við, og þetta geti út af fyrir sig verið alveg ómetanlegt. Mér hefur svo oft orðið hugsað til þess, hversu betur við stæðum að vígi, hefðum við gert þessa breytingu 1940, og í almennum orðum hef ég vikið að því, hvað mikið hefur gerzt á þessum aldarfjórðungi til þess að torvelda framkvæmdina. En það vekur í minum huga óttann við það, að ef við frestum þessari aðgerð nú, verði eftirkomendur okkar neyddir til þess, eins og Svíar, þrátt fyrir þjóðaratkvgr. á sínum tíma, að taka upp þessa breytingu, og það er ekki vegna þess, að ég áliti, að landamærin breytist eða við flytjumst upp að neinu landi, heldur það, að við lifum á þeim tímum, þar sem tæknibreytingarnar eru svo gífurlegar, að menn þurfa ekki að brosa að því, eins og gert var hér um daginn, þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. hélt sína ágætu ræðu, sem var bæði hófleg og rökföst, eins og hans er vandi, en þegar hann sagðist ekki hafa heyrt um það, að skip rækjust á flugvélar eða bílar á skip o. s. frv. En það er ekkert víst, að menn brosi að þessu, áður en langt um líður, og finnist þetta eitthvað afkáralegt. Það hefur verið hér á götum borgarinnar bíll, sem fer bæði á láði og legi, og öllum þessum tækjum getur á sára skömmum tíma fjölgað svo gífurlega, að við gerum okkur ekki í dag neina minnstu grein fyrir því. Auk þess verður sjálfsagt í gífurlega auknum mæli loftumferð hér á landi í minni flugvélum, og okkar land virðist vera einmitt þannig gert, að eins og við höfum að vissu leyti á undursamlegan hátt í —

ég vil segja: fátækt þjóðarinnar getað tileinkað okkur flugtæknina, geti menn í náinni framtíð horft fram á þá hluti sem engan hefur órað fyrir í dag um það, hvað umferðin kunni að aukast í lofti, og þá á ég ekki aðeins við í almennum fólksflutningum, heldur bara einkaflutningum manna í lofti, eins og einkaflutningar manna í bifreiðum hafa aukizt á síðasta aldarfjórðungi.

Árið 1940, þegar það var samþ. hér að hverfa til hægri umferðar, en frestað svo, eins og margoft er tekið fram, voru skráðar hér á landi 2080 bifreiðar, og af þeim voru 900 venjulegar fólksbifreiðar, og íbúafjöldinn var þá 121 þús., og það svaraði til þess, að 74 fólksbifreiðar hafi verið á hverja 1000 íbúa, eða eins og menn oftar miða við, 13,4 íbúar á hverja fólksbifreið. En núna árið 1966, eða 26 árum síðar, eru bifreiðar yfir 37 þús., og þar af voru 30400 fólksbifreiðar á móti 900 fyrir 25 árum. Og íbúafjöldinn er þá um 195 þús., og svarar það til þess, að 156 fólksbifreiðar árið 1956 hafi verið á hvert þúsund íbúa eða 6,4 íbúar á hverja fólksbifreið, og það er tekið meðaltal íbúa á bifreið í ársbyrjun og árslok. Árið 1967 má ætla, að þetta hlutfall hafi breytzt aðeins, en samkv. spá Efnahagsstofnunarinnar, sem gerð var í febrúar 1967, var gert ráð fyrir því, að 169 fólksbifreiðar væru þá á hverja 1000 íbúa eða 5,9 íbúar á hverja fólksbifreið. Ef við horfum fram í tímann, er gert ráð fyrir því með svipaðri spá, sem menn verða að taka með fyrirvara, að á árinu 1981, eftir 14 ár, verði hér á landi 260 þús. íbúar og 98400 bifreiðar alls, en fólksbifreiðar 89 þús. eða tæpar 90 þús., og samkv. því verða þá 2,9 íbúar á hverja fólksbifreið, en fjöldinn er orðinn þetta mikill, 90 þús. Það hefur verið spáð, að fólksfjöldinn geti orðið hér á landi nálægt 400 þús. um aldamót. Að vísu hefur dregið úr hugboði manna um fjölgunina, segjum bara um 350 þús., og ég skal ekki leiða neinum getum að því, hvað bílafjöldinn verður orðinn mikill þá, og ég skal ekki heldur vera með neina spá, því að ég er enginn Jules Verne, um það, hvers konar farartæki verði þá hér á Íslandi. Og um miðja öldina næstu eða árið 2050 minnist ég þess að hafa séð á sínum tíma spá um það, að þá yrðu Íslendingar um 1 millj. manna. Þetta er nú ekki mjög langur tími, sem við erum að tala um, en 1 millj. Íslendinga og hlutfallslega jafnmörg farartæki og eru í dag, og svo skulum við taka hlutfallslega jafnmikil aukin samskipti við umheiminn eins og við höfum aukið okkar samskipti við umheiminn á liðnum 25 árum.

Það er þetta, sem er mjög ofarlega í mínum huga, að segja mætti, að við gerðum bezt í því í dag að varpa af okkur áhyggjunum, vera ekki að taka þennan vanda á okkar herðar, hafa engan kostnað af því, enga örðugleika af að breyta umferðarreglunum. En enda þótt við gerðum það og það væri þægilegast fyrir okkur, mundum við vera að varpa margfalt meiri vanda yfir á herðar eftirkomendanna. Og það er athyglisvert atriði líka, að í sambandi við íbúafjöldann má benda á, að eldri aldursflokkunum í þjóðfélaginu, sem talið er, að einna erfiðast eigi með að laga sig að breyttum háttum, og það er alveg rétt, sérstaklega í þessu sambandi, að þeim fer sífellt fækkandi. Í mínum huga hefur þess vegna allt hnigið að því nú sem fyrr, að við ættum að halda áfram að settu marki og hverfa ekki frá þessari aðgerð, enda þótt ég viðurkenni fyllilega, að það eru auðvitað mörg sjónarmið í þessu máli, og það hefur verið haft eftir mér, sem er rétt, að út af fyrir sig er ekki betri vinstri umferð heldur en hægri umferð. Það er aðeins, hvernig við metum þetta í sambandi við aðstæður okkar gagnvart öðrum þjóðum og gagnvart öðrum umferðarreglum í lofti og á sjó. Menn segja sem svo: Aldrei hefur það heyrzt, að sjómenn hafi neinn áhuga á þessu. — Nú er það að vísu svo, að ég veit það af hreinni tilviljun, að einn af okkar mikilsvirtustu síldarsjómönnum sagði mér frá því fyrir nokkrum dögum, að þrisvar sinnum var hann tekinn, þegar hann kom af síldveiðunum, fyrir rangan akstur í umferðinni, af því að hann miðaði við hægri umferð. Ekki skeði neitt slys í þessu sambandi, en í öll skiptin fékk hann áminningu fyrir það, að hann færi rangt að í umferðinni. Það er ekki alveg lokandi augunum fyrir því, að þetta verði í vaxandi mæli.

Það hefur oft verið talað um það, að það þýddi ekki að vitna til Svíþjóðar, af því að þeir hafi verið komnir svo langt í umferðarmenningu. Nú hefur ekkert verið sagt um þessa umferðarmenningu hér, heldur bara slegið föstu. Þegar ég var í haust sem leið í Svíþjóð, í Stokkhólmi, og við vorum þar að aka um borgina og maður var að láta í ljós, hvað umferðin fór vel fram, og það er rétt, að það var hægari umferð heldur en oft áður o. s. frv., þá sagði þar maður, Svíi, sem var í bílnum með mér, ók bílnum: „Já, en þú hefðir átt að sjá, hvernig þetta var áður, því að þetta var alveg hreinn „kaos“ hér í umferðinni í Stokkhólmsborg“ — Og það má merkilegt vera, ef það væri tilfellið, að þetta væri bara svona hjá Svíum núna, af því að þeir hefðu áður verið búnir að tileinka sér svo mikla umferðarmenningu. Ég þori ekkert um þetta að segja. En ég nefni þetta bara af því, að það hefur oft verið að þessu vikið. En hér kemur margt til athugunar og ákaflega erfitt að gera samanburð. En þetta er ekki heldur mjög mikilvægt atriði, sem ég skal ekki frekar fara út í.

En ég vil að lokum víkja að einu atriði, sem fram hefur komið í ræðum hv. stuðningsmanna þessa frv. Þeir hafa sagt og vikið að því, að bæði ég og aðrir hefðum gert ráð fyrir því, ef svo færi, að frv. þetta yrði fellt, þá mundu án efa þeir, sem nú væru andvígir hægri umferð, leggja sig fram sem aðrir um það að stuðla að sem farsælastri framkvæmd, er að því kæmi að breyta frá vinstri til hægri í umferðinni. Ég beindi orðum mínum að þessu leyti alveg sérstaklega að Félagi ísl. vegfarenda, þar sem til þess er vitnað í grg. frv., sem hér er til umr., að tilgangur þessa félags sé að vinna að bættri umferðarmenningu, og af því dró ég þá sjálfsögðu ályktun, að ef hægri umferð yrði án nokkurs efa tekin hér upp að vörmu spori og eftir að reynt hefði þó verið að hindra það eða tefja án árangurs, yrði það orðin stefna eða tilgangur þessa félags að vinna að sem beztri framkvæmd hins nýja umferðarkerfis, þ. á m. að vinna að

því mikilvæga atriði, sem margir hv. þm. hafa bent á, að með þjóðinni skapist samstilltur vilji um framkvæmd umferðarbreytingarinnar, en þetta atriði hefur einmitt verið rómað mjög við framkvæmd hjá Svíum.

Það gladdi mig, að það kom fram hjá hv. 1. flm. frv. í síðustu ræðu einmitt þetta sjónarmið, að ef svo færi, að þetta frv., yrði fellt, mundi hann auðvitað eins og aðrir leggja sitt lóð á vogarskálina, að svo miklu leyti sem hver einstakur getur gert það, til þess að stuðla að farsælli framkvæmd. En það hefur komið fram aðeins eitt sjónarmið, sem ég vildi svolitið vara við. Menn hafa sagt og ég hef heyrt því fleygt, það hefur aðeins örlað á því hér í ræðunum, lítillega þó: Auðvitað verðum við, sem nú erum á móti hægri umferð, með sem farsælastri framkvæmd, þegar þar að kemur, ef þetta frv. verður fellt. — En menn hafa svo bætt við: Við munum þá gera þá kröfu, að þetta og hitt verði gert, og verði það látið undir höfuð leggjast, erum það ekki við, sem berum ábyrgðina, ef illa fer. — Þetta finnst mér alvarlegt mál, því að undir slíku gæti búið, — en það ætla ég auðvitað engum af þeim hv. þm., sem mælt hafa með þessu frv., — að segja sem svo: Ef ekki verður varið hundruðum eða millj. kr. í þetta eða hitt, bætt vegakerfi eða aukna löggæzlu, þá erum við ekki með í spilinu lengur og þá bera aðrir ábyrgðina, á umferðarslysum e. t. v., sem hljótast og erfitt er að koma í veg fyrir, að mundi verða, þó að vinstri umferð héldi áfram, og öðrum vandkvæðum, sem upp kynnu að koma. Ég endurtek það, að mig grunar ekki, að neitt slíkt búi í huga neins þeirra hv. flm., sem að þessu frv. standa, og ekki heldur þeirra, sem hafa talað með því, engan veginn.

Fyrir hönd ríkisstj. vil ég segja það, að hún mun auðvitað af sinni hálfu gera eða láta gera hvað eina, sem tök eru á, til þess að breytingin á umferðarreglunum verði sem bezt, að þær verði sem bezt undirbúnar og megi sem bezt fram fara. Ríkisstj. lét undirbúa frv. til l. um hægri umferð að fyrirlagi Alþingis, og eftir að Alþ. hafði samþ. lög um hægri umferð, hefur hún sem handhafi framkvæmdavaldsins unnið að framkvæmd l. og treystir einnig í þeim efnum á samhug allra, svo alvarlegt og viðurhlutamikið mál sem hér er um að ræða. Eðli málsins samkv. er framkvæmdin fyrst og fremst í höndum embættismanna og þeirra framkvæmdaaðila, sem lögin ákveða, framkvæmdanefndar hægri aksturs, matsnefndar og dómnefndar o. s. frv., eins og mönnum er kunnugt um, umferðarnefnda, lögreglustjóra og löggæzlunnar almennt.

Ég vil svo segja, að hvernig sem fer um þetta frv., hvort sem það verður samþ. eða fellt, skulum við forðast það að stæra okkur af því, að einn hafi sigrað annan, hvernig sem fer. Þetta mál hefur aldrei verið pólitískt, og það hafa allir þm. vikið að því. Það er engum efa blandið, að það eru mörg matsatriði í máli eins og þessu. Því lýk ég orðum mínum nú með því, að enda þótt flutningur þessa máls hafi kannske verkað eitthvað truflandi á undirbúning málsins, held ég, að það sé smáræði og skaði ekki neitt málið, og ég er sammála flm. um það, að út af fyrir sig væri gott að rifja upp gang málsins og ræða málið hér á þingi og vekja athygli fólks á því. En mér finnst, að umr. séu nú þegar orðnar það langar, að menn gætu vel sætt sig við að fara að stytta þær úr þessu, því að það er æskilegra að mínum dómi, að það dragist ekki lengi úr þessu, að úr þessu fái skorizt, og þá, eins og ég segi, hver sem niðurstaðan verður, verðum við allir að sætta okkur við hana og munum að lokum standa eins sameinaðir í því að stuðla að sem beztri framkvæmd málsins, og ég vildi mega vona, að það liði ekki langt úr þessu, að umr. gæti lokið og síðan atkvgr. farið fram eins og lög standa til.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef áður, eftir því sem mér er lagið og ég hef getað aflað mér gagna til, gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og hvers vegna ég styð það frv., sem hér liggur fyrir, um, að frestað verði framkvæmd hægri umferðar hér á landi og leitað álits þjóðarinnar við atkvgr. um þetta mál. Ég hef í rauninni ekki miklu við það að bæta sem ég þá sagði. Mér þykir það leitt, að þeir, sem eru fylgjandi hægri umferð og telja hana til bóta, skuli ekki hafa stuðlað meira að því en þeir hafa gert í þessum umr., að málið yrði rætt með rökum, því að það er auðvitað það, sem máli skiptir í þetta sinn eins og endranær, að mál sé rætt með rökum og þegar rökin koma fram, er alltaf von til þess, að rétt niðurstaða fáist, en miklu síður, þegar menn halda sig frá umr., eins og nú hefur gerzt, því að þá er eins og menn einhvern veginn telji ekki ástæðu til þess að hlýða á rök eða láta rök koma fram.

Hv. frsm. meiri hl. talaði í dag og vék nokkrum orðum að ræðu minni. En hann gerði það ekki á þann hátt, að ég telji ástæðu til neinna andsvara við því. Hann ræddi einkum atriði, sem litlu máli skipta, eitt og annað, sem komið hafði fyrir í umr. eða sagt hafði verið og fremur varðaði hin minni atriði málsins heldur en hin stærri atriði. Ég mun því ekki gera ræðu hans að neinu umræðuefni hér.

Hæstv. dómsmrh. talaði hér áðan, og eins og áður, þegar hann hefur rætt þetta mál, kom hann að rökum þessa máls að vísu ekki mörgum, en sumum rökum þessa máls og endurtók sumt af því, sem hann hefur áður sagt í því efni.

Það eru örfá atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem ég vildi aðeins minnast á. Hann gerði það að umræðuefni, sem fram hefur komið og m. a. að einhverju leyti hjá mér, að umsögn stjórnar Félags ísl. bifreiðaeigenda og stjórnar Sambands vörubifreiðastjóra hafi að líkindum leitt til misskilnings á þessu máli í öndverðu. Ég ræddi ekkert um það í ræðu minni, að neinn hefði blekkt neinn í þessu máli, og geri ekki ráð fyrir, að neinn hafi gert það, a. m. k. ekki viljandi. En ég tel, að þetta sé það rétta orðalag, sem um þetta megi hafa, að þessar umsagnir hafi leitt af sér misskilning í þessu máli. Ég held sem sé, eins og ég sagði áður, að þm. hafi almennt skilið það svo og verið í góðri trú á það, að þegar stjórn Félags ísl. bifreiðaeigenda og stjórn Landssambands vörubifreiðastjóra sem slík gefur umsögn um mál, tali hún fyrir hönd félagsmanna

sinna og að meiri hl. félagsmanna a. m. k. standi á bak við álit hennar. Eftir því sem ég man bezt, var þetta ekki sagt í umsögnum stjórnanna, heldur aðeins að þær væru málinu meðmæltar. En það var ekki óeðlilegt, að þm. skildu umsagnirnar á þann veg, að það væru félögin, sem stæðu að umsögninni, og þannig skildi ég það og hef raunar gögn fyrir því, að ég skildi það svo. Ég hugsa, að ég hafi ekki verið einn um það. En þannig er þetta í raun og veru, að það var upplýst af sjálfum formanni Félags ísl. bifreiðaeigenda á fundi allshn. í viðurvist sennilega 20 manna og endurtekið, þegar nánar var innt eftir því, að meiri hl. félagsmanna í Félagi ísl. bifreiðaeigenda væri án efa mótfallinn áliti félagsstjórnarinnar. Mér kom þetta dálítið kynlega fyrir, og ég innti eftir því, hvort þetta væri svo, hvort ég hefði heyrt rétt, og það var staðfest, að það væri svo. Þarna hefur sem sé átt sér stað misskilningur. Hins vegar er það rétt, og hæstv. ráðh. fór alveg rétt með það, sem vænta mátti, að á aðalfundi í þessu félagi hafi afstaða stjórnarinnar verið samþ. En á þessum aðalfundi Félags ísl. bifreiðaeigenda mætir ekki nema örlítið brot af þeim 13 þús. félagsmönnum, sem í þessum félagsskap eru. Það var mér kunnugt um, og það sagði ég líka í ræðu minni, þegar ég nefndi þetta áðan.

Um umsögn stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra er þetta að því leyti á annan veg, að þar hefur engin yfirlýsing komið um það frá formanni, að meiri hl. af vörubifreiðastjórum landsins sé á öðru máli en stjórnin. Þar hefur engin yfirlýsing komið um það eða játning, eins og frá hinum formanninum. En það virðist eftir öllum sólarmerkjum vera svo, því að á þeim undirskriftarskjölum, sem borizt hafa Alþingi, eru vörubifreiðastjórar ákaflega fjölmennir.

Þetta er ekki neitt meginatriði varðandi efni málsins. En af því að hæstv. ráðh. bar þetta í tal, vil ég endurtaka það, sem ég í raun og veru sagði um þetta mál, þessi tvö atriði, og ég bar það í tal í öndverðu vegna þess, að það er skýring á því, hvernig málið hefur borið að hér á Alþingi. Það er a. m. k. nokkur skýring á því, hvernig málið hefur borið að og þróazt á undanförnum árum hér á Alþingi.

Ég gat um það einnig, að hinn þriðji aðili, sem gefið hefði umsögn eða ráð um þetta mál, hefði komizt svo að orði, að yfirgnæfandi meiri hl., ég held flestallir þeir, sem með umferðarmál hefðu að gera, væru fylgjandi umferðarbreytingunni. Þetta hafði auðvitað sín áhrif á þróun þess máls. Ég er ekki að átelja þessa aðila fyrir að hafa ekki skýrt nógu rækilega umsagnir sínar, hvernig þær eru til komnar, þó að það hefði verið æskilegt, en aðeins að skýra þetta mál frá sjónarmiði alþm.

Það kom glögglega fram hjá hæstv. ráðh, að ástæðan til þess, að hann ákvað á sínum tíma að fylgja þessu frv. og virðist einnig hafa ákveðið nú að vilja ekki ljá máls á frestun framkvæmdarinnar, að ástæðan til þess er fyrst og fremst ein. Ég vona, að ég greini þarna rétt frá miðað við ræðu hans áðan. Og ástæða ráðh. er sú, að að þessu muni koma fyrr eða síðar, jafnvel þótt við frestum málinu nú. Jafnvel þótt við ákveðum nú að hætta við að taka upp hægri handar umferð, muni að þessu koma fyrr eða síðar og þá muni það verða miklu fyrirhafnarmeira og dýrara. Ég er engan veginn viss um, að að þessu þurfi nokkurn tíma að koma, ef ekki kemur að því nú. Og ég styð það með því, að miklu fjölmennari þjóðir, mörgum sinnum fjölmennari þjóðir, sumar af allra fjölmennustu þjóðum heims hafa enn vinstri handar umferð. Hvað er það fyrir 300 þús. Íslendinga í framtíðinni, eins og hæstv. ráðh. nefndi, eða 1 millj. eða 2 millj. Íslendinga einhvern tíma á næstu öldum að breyta umferðinni, hjá því, sem það er nú þegar fyrir þjóðir eins og Japani, sem eru 100 millj., og þjóðir eins og íbúa Bretlandseyja, sem eru 60 millj.? Hvað er það hjá því? Og ég hef hugsað sem svo, að meðan þessar þjóðir telja ekki þann vanda á ferðum, að þær þurfi að breyta til, getum við beðið. Og þetta, að segja, að það verði alltaf dýrara fyrir okkur að breyta til, held ég, að sé vafasöm kenning. Það er að vísu miklu dýrara fyrir okkur Íslendinga í dag í krónum talið að breyta um umferð heldur en hefði verið 1940. En það er ekki rétt að miða við slíkt. Krónan okkar er nú því miður miklu minni en hún var þá. Um það leyti hafði verkamaður í kaup svona 2 krónur á klukkutímann eða innan við það í stríðsbyrjun. Við vitum, hvað hann hefur nú. Svona hefur krónan minnkað. Það má ekki bera saman upphæðir. En jafnvel þótt svo væri, og auðvitað er það svo, að verðmæti kostnaðarins verður í raun og veru meira, eftir því sem árin líða, er ekki þar með sagt, að það verði þungbærara, því að geta þjóðarinnar hefur aukizt, og við vonum, að geta þjóðarinnar haldi áfram að aukast á komandi tímum. Hvort eitthvað sé þungbært fyrir þjóð fjármálalega séð, á auðvitað ekki að miðast við það, hvað það kostar í peningum eða í verðmætum, heldur hvers þjóðin er umkomin. Þess vegna læt ég það alveg ósagt, að það yrði nokkuð dýrara fyrir þjóðina, við skulum segja eftir 20, 30, 50 ár, að breyta til í þessu efni heldur en það er nú. Ég læt það alveg ósagt, ég er ekki maður til þess að dæma um það. Mér sýnist þessi kenning mjög vafasöm.

Og á sama hátt er það vafasamt, sem sagt er um tæknina í þessu sambandi. Það er gaman að tala um tæknina. Það er gaman að hugsa um tæknina, hvernig hún kunni að breytast. Maður getur hugsað sér, að það verði einhvern tíma í framtíðinni til farartæki, sem fara á sjó og á landi og í lofti, allt sama farartækið. Ég held nú satt að segja, að það verði nokkuð langt þangað til. Ég hef ekki meira ímyndunarafl en það. Ég held, að það verði nokkuð langt þangað til sömu farartæki fara um loftið, úthöfin og á landi, þótt nú séu gerðar tilraunir í þessa átt. En við getum þá kannske hugsað lengra. Við getum kannske hugsað okkur, að tæknin nái svo langt, að við hættum að nota vegi, að við þurfum ekki lengur neina vegi. Þá má okkur náttúrlega vera alveg sama, hvort það er hægri handar eða vinstri handar regla á vegum, sem eru ekki lengur til. Þess vegna er það, að þessar hugleiðingar okkar, spádómar um tæknina og áhrif hennar á komandi tímum, hafa ekki mjög mikið gildi í þessu efni. Við verðum að miða okkar ákvarðanir við

það, sem nú er, og það, sem fyrirsjáanlegt er í næstu framtíð.

Í þessu máli dregur nú til úrslita. Hér hefur nú í þessari hv. d. verið gerð úrslitatilraun til að fá frestað í þessu máli, áður en það er of seint, og fá hv. Alþ. til að leita álits þjóðarinnar um mikið vandamál, sem ágreiningur er um meðal þm., mál, sem á sínum tíma, eins og hér hefur komið fram, hlaut undirbúning, sem var að ýmsu leyti áfátt, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, að ýmsu leyti áfátt, og að því hefur verið vikið. Það var eindregin og ákveðin ósk mikils fjölda manna um land allt, að þessi úrslitatilraun yrði gerð. Vera má, en það er ekki útséð um það enn, eins og hæstv. ráðh. sagði, að hún beri ekki þann árangur, að breytingunni verði frestað og þjóðinni leyft að greiða atkv. Fari svo, taka aðrir en Alþingi við framkvæmd þessara mála, yfirvöld landsins og löggæzla og þó fyrst og fremst hinir mörgu stjórnendur ökutækja í þessu landi, sem mjög margir hafa látið í ljós, að þeir teldu breytinguna varhugaverða. Þess er vænzt og þess ber að óska, hvernig sem þetta mál fer hér, að allir leggist á eitt um að stuðla að öryggi manna og ökutækja á vegum landsins. Ég hef ekkert umboð til þess að lýsa neinu yfir um þetta fyrir einn eða neinn. En ég vona, að það verði svo. Og eitt hefur Alþingi enn á valdi sínu. Þó að það sleppi frá sér þessu máli, án þess að gera þar neitt að, þá hefur það samt enn eitt á valdi sínu, og það er að láta sér skiljast og sýna það í verki, að umferðarbreytingin, ef úr henni verður, stóreykur þá miklu nauðsyn, sem á því er að byggja þannig upp og ekki á allt of löngum tíma hið ófullkomna vegakerfi landsins, að það verði eitthvað í líkingu við vegi þeirra landa, sem nú er svo oft til vitnað í sambandi við þetta mál. Þetta vona ég, að allir þm. hafi í huga, ef eða þegar á reynir.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki tíma fyrir nema stutta aths. og mun þess vegna ekki fara út í það að þessu sinni að ræða einstök málsatriði, enda hef ég nokkuð gert það. En það voru aðeins tvö eða þrjú atriði hjá hæstv. ráðh., sem ég vildi minnast örlítið á.

Hæstv. ráðh. mótmælti því, að málið hefði að ýmsu leyti legið villandi fyrir, þegar það var hér til meðferðar á Alþingi á sínum tíma. Vafalaust hefur hann beint þessum orðum að einhverju leyti til mín, því að ég mun hafa látið falla orð á þessa leið eða svipað því. En ég vil aðeins taka það fram, að ádeila mín í þeim efnum beindist ekki sérstaklega gegn ráðh., því að ég álít, að af hans hálfu hafi málið verið lagt fyrir Alþ. á þeim tíma með eðlilegum hætti og með öllum upplýsingum, sem þarf að búast við í sambandi við slík frv., svo að ég álasa þann undirbúning ekki. En hinu verður hins vegar ekki móti mælt, að sú kostnaðaráætlun, sem þar kemur fram, var að ýmsu leyti villandi, og á ég þar við álit umferðarnefndarinnar, því að það var hvergi nærri gerð nægileg grein fyrir öllum kostnaðarliðum, eins og hér hefur verið rakið. Og hitt tel ég, að hafi verið enn þá meira villandi, að af þeim umsögnum frá samtökum bifreiðastjóra, sem þar lágu fyrir, gat maður eiginlega ekki ályktað annað en það, að bílstjórastéttin stæði nokkurn veginn einhuga að þessu máli. En mér finnst alveg sjálfsagt að láta það koma fram, að ríkisstjórnina er ekki eina um að saka í þeim efnum, heldur forustumenn þeirra samtaka, sem hér réðu mestu. Og það er ég alveg viss um, að sá þáttur málsins hefur villt um fyrir hv. alþm., og ef á þeim tíma hefði komið fram jafn einbeitt afstaða mikils hluta bílstjóranna eða jafnvel meiri hluta, eins og nú á sér stað, þá er ég alveg sannfærður um, að málsúrslitin hefðu orðið önnur á sínum tíma á Alþingi en þau urðu.

Annað atriði, sem kom fram hjá ráðherranum og ég vildi minnast á, var það atriði, sem hann taldi ráða mestu um það, að hann fylgdi fram þessari breytingu. Sú ástæða er í stuttu máli á þá leið, að við getum búizt við því, þó að við þurfum ekki endilega að breyta í dag, þá verðum við tilneyddir til þess af einhverjum tæknilegum ástæðum, sem við sjáum ef til vill ekki fyrir í dag, að koma þessari breytingu á. Það gildir náttúrlega jafnt um okkur alla í þessum efnum, að við sjáum það ekki fyrir, sem kann að gerast í framtíðinni, og ekki þetta heldur. Satt að segja á ég erfitt með að sjá það í dag, að við verðum af tæknilegum ástæðum tilneyddir að gera þessa breytingu. En maður neitar samt engu, því að svo margt hefur gerzt í þessum hlutum á undanförnum árum og á vafalaust eftir að gerast. En ég vil hins vegar halda því fram og er að því leyti ósammála ráðh., að ég álít, að við mundum að mörgu leyti vera betur undir það búnir eftir 20—30 ár t. d. að gera þessa breytingu heldur en nú. Það stafar af því, að ég tel, að fjöldi bílanna sé ekki neitt höfuðatriði í þessu máli, eins og komið hefur fram í Sviþjóð, þó að það sé að vísu stórt atriði. En það, sem ég tel skipta langsamlega mestu máli, til þess að slík breyting geti heppnazt vel, er tvennt. Í fyrsta lagi, að við höfum góða vegi, og í öðru lagi, að umferðarmenning sé í góðu lagi. Ég hef fullkomlega þá trú, að það eigi eftir að gerast hér á landi, eftir t. d. 20—30 ár, svo að maður nefni þann tíma, að þá verði vegirnir orðnir miklu betri en í dag. Ég vil hafa þá trú, að þá verði komnir steinsteyptir, tvíbreiðir vegir víðast um landið, okkur takist að ná því marki í þeim efnum. Og ég vil líka hafa þá trú, að þá verði umferðarmenning hjá okkur miklu betri en er í dag. Þá verður ástandið orðið miklu líkara því, sem nú er í Sviþjóð. Og undir þeim kringumstæðum álít ég, að það verði miklu auðveldara fyrir okkur að framkvæma þessa breytingu með farsælum hætti heldur en þurfa að gera það nú. Ég skal svo ekki ræða meira um þetta atriði.

Ég vil svo að síðustu í tilefni af því, sem ráðh. sagði, endurtaka það, sem við höfum áður sagt, sem stöndum að þessu frv., að þó að við að sjálfsögðu leggjum fyrst og fremst megináherzlu á, að það nái fram að ganga, þá verðum við fyrst og fremst að sætta okkur við það, ef þingmeirihl. vill fara aðra leið, og það mun ekki á okkur eða þeim, sem eru andvígir þessari breytingu, það mun ekki standa á þessum aðilum að taka upp

samvinnu um það, að framkvæmdin geti heppnazt sem bezt. En það gildir svo um alla samvinnu, það verður að taka tillit til allra aðila, sem eiga þátt í henni. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að einn aðili geti ráðið öllu og geti sagt alveg fyrir verkum og hinn aðilinn geti ekki sagt annað en já og amen. Þess vegna legg ég áherzlu á það, að jafnhliða sem slíku samvinnutilboði verður tekið, ef málin snúast á þá leið, að þessi breyting nær fram að ganga, þá verða líka þeir, sem ráða, að taka skynsamlegt tillit til óska þeirra, sem æskja sem mests öryggis í sambandi við þessa breytingu, það sé ekki eingöngu um það að ræða fyrir þann aðilann, sem undir verður í málinu, að segja já og amen, heldur fái hann að hafa sín áhrif í málinu á það, hvernig framkvæmdin verður. Að sjálfsögðu ber hann ekki ábyrgð á öðru en því, sem hann stendur að. En við skulum vænta þess, hvernig svo sem þessi mál fara, hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki, ef breytingin nær fram að ganga, að þá takist að halda giftusamlega á málinu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu. Ég er mjög ánægður með þann málflutning, sem hæstv. dómsmrh. hafði hér áðan, miðað við það, sem hefur verið sagt áður um þetta mál af hægri mönnum. En í sambandi við það, sem hann sagði, að ríkisstj. mundi gera það, sem í hennar valdi stæði, ef af breytingunni yrði, til þess að skapa þjóðinni eins mikið öryggi og unnt er í sambandi við hana, þá vil ég minnast á það og enn þá einu sinni sérstaklega undirstrika það, að ég vænti þess, að stjórnin, ef af þessu verður, beiti sér fyrir því að laga a. m. k. þá staði, sem eru verstir úti á landi, fyrir þann dag, sé hægt að koma því við, og það verði tekið nú þegar mjög alvarlegum tökum, einmitt að athuga þessa staði og reyna að einbeita sér að því meira en verið hefur að undirbúa daginn.

En í sambandi við, að það hefur verið rætt dálítið um þessa tækni, sem í vændum sé, og niðurstaðan í máli hæstv. dómsmrh. og hans afstöðu var sú, að breytingin mundi kosta miklu meira eftir einhvern tíma, þá hefur það nú verið rætt hér af tveimur ræðumönnum. En ég vil bara beina því til hæstv. dómsmrh.: Er það ekki alveg sama, hvað það er, sem við bíðum með, virðist það ekki alltaf hafa kostað meira og meira? Og við lítum til baka og athugum tæknina. Ég var í vegavinnu fyrir rúmum 20 árum, þar sem var notaður gaffall og spaði. Ef við miðum svo við þá tæknibreytingu, sem hefur orðið á þessum árum, og ef breytingarnar mundu verða eins á næstu 20 árum, þá er ekki víst, að þetta verði svo mikið vandamál með ýmsar framkvæmdir, miðað við það, sem hefur verið, þróunin er svo ör. Og í þessu sambandi vil ég bara benda á það: Hvað vitum við um framtíðina, hvernig verður eftir 20 ár, í sambandi við umferðarmál og þau tæki, sem við ferðumst með um landið? Ég barðist fyrir því hér fyrir jólin að fá nokkra fjárhæð í sambandi við skóla úti á landi og færði að því rök, að þar væri ekki hægt að koma börnum í skóla. Það er líka dýrt spaug, og við erum ekki það fjáðir, að við getum gert allt, jafnvel ekki það, sem við teljum nauðsynlegt. Við teljum þetta ekki nauðsynlegt, sem stöndum að þessu, að vísu. En nú vil ég ekki fullyrða neitt um framtíðina, því að við vitum ekkert um hana. En ég segi: Í dag stendur málið þannig, að þetta er ekki tímabært, og ég vil benda á, að það er svo óteljandi margt, sem við þurfum að gera og verður að bíða. Það er bara um það að ræða, hvað á að bíða. Við teljum þetta vera eitt af því, sem er ekki nauðsyn á í dag. Við getum bent á margt annað með okkar erfiða fjárhag, sem þarf langtum frekar og er langtum nauðsynlegra fyrir þjóðina en þetta. Þess vegna finnst mér þetta vera í raun og veru mjög haldlítil rök hjá hæstv. ráðh.

Að endingu ætla ég aðeins að segja þetta:

> Viðreisnar á vegi göngum,
> voðinn hvert sem litið er.
> Hægri stefnan hefur löngum
> háskann falinn inni í sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 12. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 29:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, JónasÁ, SE, JK, StV, SP, ÞÞ, ÁÞ, BP, GíslG.

nei: GÞG, HV, IngJ, IG, JóhH, JSk, JP, LJós, JSÞ, MB, MÁM, PS, SI, RJ, VH, BGr, BF, ÞG, BBen, EKJ, BrS, RA, EmJ, EystJ, ÁP, GeirG, GuðlG, GunnG, SB.

PJ greiddi ekki atkv.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar frv. um hægri umferð var til afgreiðslu í hv. Nd. 1966, greiddi ég atkv. gegn því, þar sem mér var ekki ljós nauðsyn breytingar til hægri umferðar og er það ekki enn þá. Hins vegar leit ég svo á, að þar sem Alþ. hafði afgreitt lög um hægri umferð, næði hún fram að ganga og ég yrði að sætta mig við þá breytingu, þó að ég væri henni andvígur. Þann tíma, sem liðinn er síðan frv. þetta kom fram, hef ég notað til að kynna mér, hvað liði framkvæmd vegna breytingarinnar. Því miður hef ég orðið þess áskynja, að hún er tiltölulega skammt á veg komin og nauðsynlegar breytingar, eins og skipting á blindhæðum á vegum, eru lítt framkvæmanlegar á þeim stutta tíma, sem eftir er, þar til breytingin er áformuð. Ég tel tímann illa valinn, þar sem breytinguna á að gera að vorinu, þegar umferð er að aukast og vegir eru oft illa farnir, og svo mun verða eftir jafnmikinn frostavetur og nú er. Þar við bætist, að útlitið um afkomu ríkissjóðs er þannig, að í undirbúningi eru sérstakar ráðstafanir um breytingar á fjárlögum, svo sem boðað hefur verið hér á hv. Alþ. vegna aðgerða í efnahagsmálum. Ljóst er, að áætlun um kostnað vegna fyrirhugaðra breytinga til hægri umferðar mun á engan hátt geta staðizt, ekki sízt þar sem vitað er, að kostnaður verður meiri en þurft hefði að vera vegna þess, hve aðlögunartíminn er stuttur.

Ég tel með öllu óforsvaranlegt að beina fjármunum ríkissjóðs til þessara framkvæmda umfram nauðsynleg verkefni, sem nú verða að sitja á hakanum, auk þess sem ég tel, að lengja þurfi aðlögunartímann, til þess að undirbúningur vegna breytingar til hægri umferðar verði svo góður sem auðið er. Af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint, segi ég já.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki getað viðurkennt sjónarmið þeirra manna, sem telja hægri umferð nauðsynlega hér á landi í náinni framtíð, og mundi greiða atkv. gegn því máli, ef það væri nú á frumstigi. Ég tel hins vegar, að undirbúningur hægri umferðar sé nú það langt á veg kominn, að ólíklegt sé, að frestun framkvæmda í því efni um eitt ár sé hagkvæm, og vafasamt, að héðan af sé frambærilegt að snúa við frá þessari ákvörðun, sem Alþ. tók um hægri umferð 1968.

Ég vil þó láta í ljós andúð mína á þessu máli með því að sitja hjá og greiði ekki atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef lengi verið meðmæltur því, að hægri handar umferð yrði tekin upp hér á landi. Hins vegar hefði ekkert verið á móti því, að fram hefði farið þjóðaratkvgr. um málið. Ég er almennt fylgjandi því, að þjóðaratkv. sé oftar leitað en nú er gert. En till. um þjóðaratkv. átti og varð að koma fram fljótlega eftir samþykkt l. um hægri handar aksturinn. Nú eru bráðum 2 ár liðin, síðan þessi ákvörðun var tekin. Till. um þjóðaratkv. nú er allt of seint fram komin. Allir opinberir aðilar og hundruð einkaaðila hafa lengi treyst á, að breytingin yrði framkvæmd, og gert stórfelldar ráðstafanir í samræmi við það. Alþingi gat lagt málið undir þjóðardóm í fyrra eða hittiðfyrra, en ekki nú. Ég segi því nei.

Frv. þar með fallið

2. Vegalög (frv. VG).

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963 [59. mál] (þmfrv., A. 71).

Á 21. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Valtýr Guðjónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., fjallar um það að fella úr gildi heimild í vegalögum frá 1963, en sú heimild hefur verið notuð til þess að innheimta vegaskatt af Reykjanesbraut. Frv. fjallar líka um það að fella úr gildi reglugerð frá 18. okt. 1965, sem er um sama efni og í áframhaldi af ákvæðum frv. Þessi skattur hefur verið innheimtur síðan Reykjanesbraut var opnuð til umferðar haustið 1965, og heimildin, sem hér er um að ræða og lagt er til að fella niður, gerir ráð fyrir því, að ráðh. megi innheimta vegaskatt af einstökum vegum og brúm. Hv. alþm. munu á sínum tíma yfirleitt hafa orðið sammála um að hafa þessa heimild í lögunum, eins og þeir voru sammála um þessi vegalög í heild, er mér sagt. Og meiningin hefur sjálfsagt verið að nota heimildina í tekjuöflunarskyni, þegar tímar liðu og áætlanir um varanlega vegagerð um fjölfarna vegi næðu fram að ganga. Mér þykir hins vegar ekki líklegt, að fyrir þm. almennt hafi vakað það að beita skattheimtu þessari á eitt hérað út af fyrir sig, a. m. k. trúi ég því ekki, að þm. Reykjaneskjördæmis hefðu ekki gert fyrirvara um sitt samþykki, ef þá hefði grunað, að heimildin mundi einmitt lenda á þessu héraði alveg sér.

Á Alþ 1965—6 flutti Jón Skaftason, hv. 2. þm. Reykn., brtt. við lögin út af þessu atriði, þar sem þetta vald, sem ráðherra er gefið um skattheimtu af Reykjanesbraut, skyldi tekið af honum og afhent Alþ. sjálfu. Þessi breyting náði ekki fram að ganga, og þykir nú þess vegna rétt að reyna á það, hvort hv. Alþ. hefur þótt of skammt gengið um málið og það mundi heldur kannske kjósa að taka þessa heimild algerlega burt.

Það þótti að vonum mikil samgöngubót, þegar Reykjarnesbrautin var lögð og hún tekin í notkun, og það álit var ekki sízt á Suðurnesjum og það meðal þeirra manna, sem þessa umferðaræð þurftu að nota. Þessir aðilar höfðu mörg undanfarin ár orðið að nota mjög slæman veg, svo að vægilega sé að orði komizt, eða algerlega ófæran með köflum, og það var á almannavitorði og á orði haft. Einn af orðheppnum þjóðarleiðtogum kallaði þennan veg Ódáðahraun íslenzkra vega af þessum sökum, og honum mátti vera það vel kunnugt, þar sem hann hafði verið þm. í Reykjaneskjördæmi lengur en nokkur annar. Hann beitti sér líka fyrir því, að þessi bót yrði á ráðin og nýr vegur lagður.

Vegurinn vestur um Reykjanes varð í síðasta stríði ein fjölfarnasta leið landsins og hefur verið það síðan. Nú var gerð hins eldri vegar að vísu ekki lakari en gengur og gerist um vegi annars staðar um landið. Þetta var sæmilega undirbyggður malarvegur og gat því jafnan verið fær, meðan um ofnotkun hans var ekki að ræða. En raunin varð svo sú, að þegar fjölmenni óx á þessu svæði við sunnanverðan Faxaflóa, dugði hann ekki lengur. Þessi nýja vegagerð var því raunverulega alveg óhjákvæmileg, bæði vegna nokkuð örrar fólksfjölgunar á þessu svæði landsins og líka vegna þess stórbúskapar, sem ríkið sjálft hefur rekið á Keflavíkurflugvelli síðan um stríð. Fjölmenni það, sem nota þarf veginn, stafar því bæði af þéttbýli við sunnanverðan Faxaflóa og líka af beinum aðgerðum ríkisins í sambandi við varnarmál landsins, að ógleymdri þeirri mikilvægu samgöngumiðstöð, sem Keflavíkurflugvöllur er og hefur verið undanfarin ár.

Það mátti þess vegna segja, að það væri ekkert eðlilegra en bætt væri fyrir ofnotkun malarvegarins vestur Reykjanesskagann með nýjum vegi og það þótt hann kostaði ærið fé. Það hlaut að fara um þetta eins og um aðra vegarkafla á landinu, að það hlýtur að líða að því, að það þurfi að endurbæta þá eða gera þá færa, þegar

að því kemur, að notkunin er orðin svo mikil, að þeir verða ófærir í þeirri gerð, sem þeir eru. Framkvæmdin var því alveg jafnsjálfsögð og nauðsynleg eins og það að bora fjöll til þess að losna við ófærur af snjó eða smíða nýja brú yfir Rangá.

Þessi framkvæmd var áformuð og undirbyggð, áður en lögfest var sú hugmynd, að skattleggja skyldi umferð um einstaka vegi og brýr, þegar tímar líða. Þó að margt megi um þessa hugmynd segja, sem ég gat um, þá getur vel skeð, að þessi hugmynd geti staðizt í einhverjum tilfellum, þar sem ekki hagar þannig til, að af verði sérsköttun á tiltekinn og innikróaðan landshluta og fólk, sem þar býr, en þannig hagar til um Reykjanes. Þegar til þess kom, að Reykjanesbrautin var opnuð til umferðar, þótti mönnum að sjálfsögðu stórt spor stigið fram á við í vegamálum landsins, og við, sem eigum heima á Suðurnesjum, fögnuðum mjög mikið yfir því, að þessi framkvæmd var gerð, þó að við hins vegar vitum það, að þessi braut er ófullgerð enn þá í báða enda. En mitt í þessum fögnuði, sem raunverulega ríkti, brá mönnum dálítið í brún, þegar þeir gerðu sér grein fyrir því, að það var alvara með skattinn, fyrst og fremst vegna algers einsdæmis um slíka sérsköttun og þá líka vegna þess, hve augljós þörf var á greiðum samgöngum við héraðið, ekki sízt fyrir ríkið sjálft, sem hefur með höndum, eins og ég sagði, rekstur mikinn þar syðra, sem nánast er óhugsanlegur til frambúðar, nema samgönguleiðin þangað væri bætt frá því, sem var, og þjóðin þá firrt þeirri skömm, sem var af algerlega ófærum vegi þangað.

Vegaskatturinn reyndist þess vegna ill sending um Suðurnes, enda var honum mótmælt kröftuglega, þegar alvaran var ljós, og áttu menn að vísu dálítið erfitt með að trúa því, að hinni yfirlætislausu heimild í vegalögum um innheimtu umferðargjalds af einstökum vegum og brúm yrði beitt strax við fyrstu tilraun þjóðarinnar til þess að leggja sæmilega fullkominn vegarkafla, og þá um leið áttu menn erfitt með að skilja það, þegar ríkið sjálft þurfti raunverulega á samgöngubótinni að halda. En heimildin var til og sjálfsagt nokkur freisting að beita henni þarna á vissan hátt, hefur legið nokkuð vel við höggi, og fór þetta svipað því og segir í fornum spjöllum, er Þorgeir Hávarsson þurfti að stilla sig nokkuð um notkun axarinnar, þegar hann sá beran háls liggja vel við.

Mótmæli gegn þessum vegaskatti bárust frá, að ég held, flestum sveitarstjórnum á Suðurnesjum til samgmrn. og mörgum fleirum, og viðtöl við ráðuneytið fóru fram um það, að þessum skatti mætti víkja frá. Það var haldinn stórfundur í Keflavík, sá stærsti, sem haldinn hefur verið á Suðurnesjum. En ekkert hefur dugað. Bygging sú við veginn, rétt sunnan við Straum, þar sem skattheimtuathöfnin átti að fara fram, sprakk í loft upp kvöldið áður en átti að taka hana í notkun, og að því er sumir halda fyrir atbeina æðri máttarvalda, því að enn í dag hefur enginn borgari verið fundinn sekur um skemmdarverk á því mannvirki.

Það er staðreynd, að það hefur ekkert dugað til að snúa hug hæstv. ríkisstj. eða hæstv. samgmrh., sem hefur með þessi mál að gera, frá því að nota þessa veggjaldsheimild út í æsar til að sérskatta vegfarendur um Suðurnes umfram aðra landsmenn. Ég hef því ekki að þessari reynslu fenginni trú á því, að þessari skattheimtu létti, fyrr en hreinlega er búið að nema burt heimildina, og lagabreyting sú, sem hér um ræðir, gengur í þá átt. Þyki nauðsyn bera til þess síðar meir að innheimta sérstakan vegatoll í hinu litla landi okkar í viðbót við mjög ríflega sköttun á alla umferð í landinu, sköttun, sem gefur af sér meira fé en það, sem notað er til vegagerðar á ári hverju, getur Alþ. alltaf ákveðið að taka þetta upp aftur. En ég hef hins vegar ekki trú á, að til þess komi nokkurn tíma, þar sem líklega hvergi hagar þannig til, að það verði hægt vegna kostnaðar við innheimtu nema á þessum stað, á Reykjanesbraut, enda tel ég hitt miklu eðlilegri aðferð, að fé til samgöngubóta sé safnað á þeim almenna vettvangi af umferðinni í heild, eins og gert hefur verið, en ekki með sérsköttun, allra sízt þegar þannig hagar til, að hún lendir á einstöku héraði og einstaklingunum þar sérstaklega.

Ég hef nokkuð drepið á ástæðurnar fyrir því, að ég tel einsætt, að hætta skuli innheimtu vegatolls á Reykjanesbraut, og í því sambandi vísa ég til grg. með frv. Ég hef bent á, að vegatollurinn er sérskattur á þá leið, sem Suðurnesjamenn fara og aðrir þeir, sem þar eiga leið, á menn, sem alls ekki komast hjá því að hlíta þessari skuld, nema þeir haldi sig innan héraðs síns og fari hvergi. Þetta stappar nærri því, að líta megi á skattheimtu þessa sem brot á meginreglu, sem er í grundvallarlögum ríkisins, um það, að allir skuli hafa sem jafnastan rétt fyrir lögunum og ekki sízt skattalögunum. Vegfarendur um héraðið eru þess vegna settir skör lægra en aðrir þjóðfélagsþegnar með því að gera þeim að inna af hendi reiðufé til ríkis umfram aðra, ef þeir þurfa og vilja bregða sér út fyrir túngarðinn. Þá er á hitt að líta líka, að þessi vegatollur er fjárhagslegur baggi fyrir einstaklinga og fyrirtæki, sem mikið þurfa að nota veginn. Atvinnurekstur á þessu svæði kemst ekki hjá því að hafa samband við aðalhöfn landsins, auk hins, að til höfuðborgarinnar verða auðvitað margir að sækja þaðan að sunnan eins og úr öðrum áttum. Þeir, sem ekki hafa atvinnustöð sína sömu megin við tollhliðið og þeir búa, verða daglega að gjalda fyrir það sérstaklega að komast á vinnustað. Þannig hagar til um fjölda manns, sem á ekki heima á tollsvæðinu, en vinnur þar. Þar er t. d. um nokkuð stóra starfshópa af Keflavíkurflugvelli að ræða.

Ef um það væri að ræða, að um Reykjanesbrautina færu ekki neinir menn í neinum erindum, heldur í erindisleysu, þannig að hún væri ekkert annað en lúxusbraut, óháð daglegum þörfum fólksins, gegndi auðvitað öðru máli um það, þótt hún væri notuð sem skattstofa. En nú er því ekki að heilsa. Reykjanesbraut gegnir sama hlutverki og aðrir vegir um landið. Þeir eru allir gerðir vegna þarfa einstaklinga, einstakra byggðarlaga og allrar þjóðarinnar, og verður því auðvitað augljóst, að

hún gegnir alveg fullkomnu hlutverki, hún er ekki nein sérstök lúxusbraut.

Allar þær brautir og vegir, sem þegar hafa verið lagðir um landið, hafa kostað mikið fé. Það er gott til þess að vita, að miklu fé er varið árlega í slíka hluti. Það er hins vegar langt frá því, að nægilega hratt sé unnið og á nægilega fullkominn hátt. Reykjanesbrautin hefur þess vegna enga sérstöðu aðra en þá að vera fyrsta fullkomna akbraut landsins, en margar slíkar eiga vonandi eftir að koma, þegar tímar líða og fé til framkvæmda. Ég held, að það liggi hins vegar algerlega ljóst fyrir, að þær framkvæmdir verða aldrei unnar fyrir fé, sem fást mundi af umferðarskatti eða vegagjaldi, það getur aldrei numið neinu að ráði og líklega ekki meira en sem svarar kannske helmingi af vöxtum af stofnkostnaði árlega. Þetta er nokkurn veginn augljóst. Íslendingar eru ekki milljónaþjóð, og bifreiðafjöldinn er takmarkaður, sem um er að ræða, að geti farið í umferðina.

Nú segja auðvitað þeir, sem gert hafa þessa skattheimtu að nokkurs konar þjóðfélagshugsjón, að það yrði nú aldeilis skarð fyrir skildi um tekjur vegasjóðs og ríkissjóðs, þegar umferðarskattur af Reykjanesbraut yrði aflagður, og víst er það góðra gjalda vert að sjá hag þessara stofnana sem allra bezt borgið. En hæstv. ríkisstj. og Alþ. eru að minni hyggju allúrræðagóð um þá hluti, og þess vegna ætti ekki að vera nein hætta á hruni, þótt vegatollur á Reykjanesbraut yrði felldur niður. Þó er því ekki að neita, að óðum þrengist auðvitað um útvegun á nýjum skattstofnum, og möguleikar til þess að bæta á þá, sem fyrir eru, fara ekki vaxandi, eins og nú horfir. En þá er líka önnur aðferð til. Það er gömul íslenzk aðferð. Það er sú aðferð að taka upp meiri sparnað, ef verulega hallast á, eins og mig grunar, að haldið verði fram, þegar sérsköttun á vegfarendur Reykjanesbrautar verður látin falla niður, og ef afleiðingin af þessu verður reiknuð svo alvarleg, að hún kunni að hafa örlagarík áhrif á sjálft efnahagskerfið, sem við erum alltaf að tala um, þá er auðvitað nauðsynlegt að benda á róttækar aðgerðir á móti í sparnaðarátt. En slíkar aðgerðir hlytu að verða því alvarlegri sem tekjurýrnunin verður þungbærari í augum þeirra, sem við skattheimtuna vilja halda. Mundi t. d. duga í þessu sambandi að leggja til, að þingmönnum yrði fækkað niður í 30 og ráðh. niður í 3, sýslumönnum og bæjarfógetum niður í 8, svo að fátt sé nefnt, sem hugsanlegt væri að taka til bragðs? En þetta ætti að sjálfsögðu að gera betur en vega á móti niðurfellingunni, og um leið er ég ekki frá því, að þessi hugmynd um sparnað mundi koma sér nokkuð vel, eins og sakir standa núna.

Afnám þeirrar sérsköttunar, sem fram hefur farið á vegfarendur um Reykjanesbraut allan sólarhringinn síðustu missiri, jafnt á jólum sem páskum, er réttlætismál, fyrst og fremst gagnvart heimamönnum um Suðurnes, enda vænti ég þess, að málið njóti nægjanlegs skilnings hér í hv. Alþ., til þess að skattheimtu þessari megi létta.

Ég legg til, að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og samgmn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér er um að ræða, er lagt til að fella úr lögum heimild til þess að taka umferðargjald af einstökum vegum. Hv. flm. hefur nú talað fyrir þessu máli, og hefur e. t. v. að sumra áliti gert það vel. En rökin, sem hann viðhafði hér, eru ekki að öllu leyti mikils virði.

Þegar ákveðið var að taka þessa heimild í lög, var Reykjanesbrautin sérstaklega höfð í huga. Það hafði ekki þá verið áformuð önnur hraðbraut með varanlegu slitlagi heldur en Reykjanesbrautin, og þessi heimild var sett inn í lögin vegna þess, að Reykjanesbrautin var þá í því formi, sem hún nú er að mestu leyti Það var þess vegna þá vilji Alþingis að taka umferðargjald. Eðlilegt er, að það sé prófað, hvort Alþ. hefur skipt um skoðun. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. Og þessi heimild verður vitanlega felld úr gildi, ef meiri hl. Alþingis vill það gera. En grg. fyrir þessu frv. er á vissan hátt dálítið einkennileg. Þar er talað um, að hér sé sérsköttum á einstakt hérað. Hvar var hugsanlegt að nota þessa heimild nema í þessu eina héraði, sem hefur orðið svo lánsamt að fá varanlegan veg? Þetta er eini steypti vegurinn hér á landi. Því er nú verr, að þeir eru ekki enn fleiri. Þetta er eina leiðin, sem hugsanlegt var að nota heimildina við. Og Suðurnesjamenn voru svo heppnir að vera þeir fyrstu hér á landi, sem fengu þennan ágæta veg. Eða voru þeir óheppnir. Það mætti ætla það eftir málflutningi hv. flm. Það mátti skilja það á honum, að þeir hefðu verið óheppnir að vera fyrstir í röðinni og fá þessa sérsköttun, sem hann svo nefnir. En hv. þm. lýsti Reykjanesveginum, eins og hann var, áður en sá nýi kom, og lýsti honum alveg réttilega, talaði um hraunið, sem var illfært yfirferðar, talaði um veginn, sem eyðilagði ökutækin, talaði um leiðina, sem var þjóðinni til skammar. En Suðurnesjamenn eru lausir við þennan veg. Nú skemma þeir ekki ökutækin, þegar þeir fara á milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Nú endast þau miklu lengur en áður. Ég hef rætt við vörubílstjóra, sem aka oft á þessari leið, bílstjóra, sem í fyrstu voru á móti þessu gjaldi, en viðurkenna nú, að þeir spara stórfé á því að fara þennan veg. Þeir spara stórfé í brennsluefni og varahlutum og viðhaldi á bílunum. Ég hef talað við sérleyfishafa, sem gerir út bíla á þessari leið og einnig á annarri leið, malarvegi. Og hvað hefur hann að segja? Hann segist nota nýja bílinn á vonda veginn, því að notaði bíllinn sé alltaf inni á verkstæði, ef hann sé á malarveginum. En notaða bílinn, eldri bílinn, notar hann á Keflavíkurleiðinni, vegna þess að þar er slitið minna. Þar verður viðhaldið lítið, þótt bíllinn sé gamall. Það sparast mikið fjármagn hjá útgerðinni við það að fara þennan ágæta veg. Og þegar reglugerðin var samin og ákveðið að taka toll af veginum, var reiknað út eftir norskri fyrirmynd, hvað sparast mundi við það að fara steypta veginn miðað við það að vera á malarvegi. Og

gjaldið var miðað við það, að það sparaðist helmingur, að bíleigandinn fengi helminginn af þeim hagnaði, sem á því væri að hafa góðan veg á móti því að þurfa að fara malarveg. Og það er leiðinlegt, að hv. flm. skuli ekki hafa áttað sig á þessu. Það er vel fyrirgefanlegt, þótt Suðurnesjamenn hafi í fyrstu ekki áttað sig á þessu, því að þetta var nýtt á okkar landi og reynsluna vantaði. Og þegar hv. flm. var hér áðan að tala um öxina og bera hálsinn, kom mér í hug ýmislegt, sem gerðist í sambandi við þetta, áður en vegurinn var tekinn í notkun.

Mér koma í hug fréttir af fundarhöldum þar syðra, till., sem voru bornar upp og felldar, till. um það að þakka þm. kjördæmisins fyrir það að hafa nú beitt sér fyrir lagningu þessa vegar, till. um það að þakka ríkisstj. fyrir það, að þessi vegur væri kominn. Þær till. voru vitanlega felldar. Þegar búið var að reisa tollskýlið, en því hafði verið lokið, þegar þessi fundur var, var rætt um tollinn og tollskýlið. Og þá var það vitur áhrifamaður á fundinum, sem ráðlagði, að skýlið yrði fjarlægt. Einni eða tveimur nóttum síðar brann skýlið. Hv. flm. heldur, að æðri máttarvöld hafi gripið í taumana. En ég held, að ef þau hafi verið að verki, hefðu þau gengið þannig frá því, að gjaldið hefði ekki verið innheimt. En vegna þess að það var nú ekki, heldur var það mannlegt hreyfiafl, sem orsakaði brunann, þótt það hafi ekki komizt upp enn, hverjir það gerðu, var skýlið endurreist og tollurinn innheimtur. Ég veit ekkert, hvort hv. flm. telur þetta út af fyrir sig nokkrum til sæmdar eða vegsauka, að með því að minnast á öxina, hlaut það hugarfar, sem að baki slíku býr, að rifja einmitt þetta upp.

Til gamans er einnig rétt að geta þess, hvernig ýmsir ráðamenn þar syðra litu á tollinn í byrjun. En flestir hafa skipt um skoðun aðrir en hv. flm. Það stóð til, þegar vegurinn var opnaður, að gefa samgmrh., vegamálastjóra og fylgdarliði kaffi í tilefni dagsins, t. d. hjá bæjarstjórn Keflavíkur. Og það hafði komið fram till. um það, hvort það væri nú ekki viðeigandi að halda upp á daginn og bjóða nú þessum mönnum kaffi, þegar þeir kæmu suður eftir. En sú till. var felld, en með mjög naumum meiri hl., mig minnir eins atkv. meiri hl. Allt þetta verður vitanlega í annála fært, og er harla merkilegt, að þegar þetta fyrsta mannvirki af þessari tegund er tekið í notkun á Íslandi, eru þeir, sem eiga að njóta þess, þannig, að þeir eru algerlega á móti því í rauninni að taka við þessu mannvirki, af því að þeir eiga að greiða nokkurn hluta af því, sem það gefur viðkomendum í hagnað.

En eins og ég sagði áðan var hægt að afsaka þetta í byrjun, á meðan engin reynsla var fengin og meðan menn trúðu því, að það væri verið að taka skattinn að óþörfu og níðast á þeim, sem hann greiða. En þegar reynsla er komin á þetta og þegar það sýnir sig og hægt að sanna það með tölum, að þeir, sem nota veginn og borga gjaldið, greiða tæplega helming af því, sem þeir hagnast til vegagerðarinnar, er ekki hægt að fyrirgefa eða afsaka það, þegar haldið er við sömu trúnni sem menn höfðu, áður en reynslan var komin á þessa hluti. Og nú þekkti ég þennan flm. fyrir löngu að því að vilja hafa alltaf það, sem sannara reynist, og ég veit, að hann er ekki svo breyttur nú, að hann vilji það ekki enn í dag. En ég vil vænta þess, að hv. flm. setji sig nú inn í þessi mál betur en hann virðist hafa gert og sannfæri sig um það, hvort það er nú ekki sanngjarnt, að þeir, sem nota þennan góða veg, láti sér nægja helminginn af hagnaðinum, á meðan allir aðrir verða að sætta sig við malarvegi.

Það eru fleiri vegir fjölfarnir hér heldur en Suðurnesjavegurinn. Það er t. d. Vesturlandsvegurinn hér upp í Hvalfjörð. Hann er mun fjölfarnari. Það er Austurvegurinn. Hann er a. m. k. á vissum árstímum eins fjölfarinn. Og þannig mætti nefna ýmsa vegi og framkvæmdir, sem bíða. En það er rétt, sem hv. flm. sagði hér áðan, við Íslendingar erum engin milljónaþjóð, og það er kannske þess vegna, sem við höfum ekki efni á því að gera miklu meira fyrir einstök héruð heldur en önnur, án þess að þau borgi eitthvað sérstaklega fyrir það.

Suðurnesjavegurinn kostaði 270 millj. kr. Út af fyrir sig er það ekkert óeðlilega há upphæð, miðað við þetta mannvirki. Þetta er ágætt mannvirki, og við vonum, að það endist vel. En það er mannvirki, sem önnur héruð hafa ekki fengið. Og þegar hv. þm. talar um í grg., að fyrir löggjafanum 1963 hafi ekki getað vakað, að beita skyldi heimild 95. gr. laganna þannig, að tiltekið hérað og héraðsmenn þar yrðu fyrir stórum búsifjum hennar vegna umfram aðra, hvað skyldi þá hafa getað vakað fyrir löggjafanum? Skyldi það hafa vakað fyrir löggjafanum að nota þessa heimild á aðrar leiðir, þar sem ekki var komið varanlegt slitlag? Áreiðanlega ekki. Og skyldi löggjafanum hafa dottið í hug, að þeir, sem nota veginn, héldu því síðar fram, að þeir yrðu fyrir þungum búsifjum af því að fá veginn og njóta a. m. k. helmings þess hagnaðar, sem af því fæst að hafa góðan veg? Ég hef aldrei heyrt þetta áður hér á hv. Alþ. í sambandi við þennan veg og eru þó þm. af öllum flokkum fyrir þetta kjördæmi.

Í sjálfu sér er ekki ástæða til að hafa öllu fleiri orð um þetta. En það er alveg augljóst, að þessi heimild verður ekki notuð lengur en meiri hl. Alþ. vill hafa hana í lögunum, og það er síður en svo, að ég sé á móti því, að á það verði reynt, hvort hv. Alþ. vill hafa heimildina áfram eða afnema hana.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég vil aðeins undirstrika það og enn endurtaka það, sem ég hef heyrt frá bílstjórum, sem þessa leið nota, og þeim, sem gera út bíla á þessari leið, að þeir hafi algerlega skipt um skoðun frá því, sem var um það leyti sem gjaldið var fyrst tekið í notkun, og það verður að ætlast til þess, að menn læri af reynslunni, og ég er alveg viss um það, að hv. flm. þessa frv. mun einnig gera það.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil gera hér nokkrar athugasemdir nú strax við 1. umr. þessa máls, vegna þess að ég tel, að fram komi bæði í grg. með því frv., sem hér er til umr., og einnig hafi komið fram hjá frsm. sá skilningur, sem

ég vil ekki láta athugasemdalaust fram hjá mér fara. En það er það, að líta má svo á, að tilkoma Reykjanesbrautarinnar steyptu sé fremur óþurftarverk í garð Suðurnesjamanna en hitt, og í öðru lagi, að með innheimtu umferðarskattsins hafi verið komið aftan að Suðurnesjabúum eða öðrum. Allt þetta er rangt.

Eins og hæstv. samgmrh. tók fram, hygg ég, að það hafi tvímælalaust verið ljóst öllum alþm.. þegar vegalögin voru samþ. hér 1963 og þetta ákvæði um heimild til handa ráðh. að ákveða með reglugerð innheimtu umferðargjalds á tilteknum stöðum, að þá hafi fyrst og fremst verið höfð í huga hin væntanlega Reykjanesbraut. Þá var ekki annað, hygg ég, í hugum hv. þm. heldur en einmitt sú fyrirhugaða framkvæmd fyrst og fremst. Það er svo annað mál, að margvíslegum áróðri hefur verið beitt gegn þessari framkvæmd, gegn þeim aðilum, sem að þessu hafa staðið. Það er kannske ekki einsdæmi, að svo sé, en þeir, sem til þekkja, vita, að þarna hefur verið á stundum gengið mjög langt.

Ég minnist þess t. d., að fyrir alþingiskosningarnar 1963 var uppi nokkur deila og hún allviðkvæm milli íbúa Voga og Vatnsleysustrandar annars vegar og ráðamanna í samgöngumálum hins vegar um legu vegarins þar suður eftir. Íbúar þessa svæðis kusu fremur að fá veginn um sína byggð, í stað þess að hann lægi beint suður Strandarheiði, eins og raun er á. Þetta er allt skiljanlegt frá sjónarhóli beggja aðila, að þarna hlaut að verða viss ágreiningur. Skyldi hv. flm. nokkuð kannast við það, að einn frambjóðandi fyrir alþingiskosningarnar 1963 beinlínis lofaði því á framboðsfundi í Vogunum, að ef hann kæmist til áhrifa, skyldi hann beita sér fyrir því, að vegurinn lægi ekki suður Strandarheiði, heldur yrði fluttur nær byggðinni. Og ef litið er á það dæmi, er engu líkara en þar hafi átt að styðjast við aðstoð æðri máttarvalda, því að það var þá þegar mjög langt komið undirbyggingu þessa trausta vegar. Ég nefni þetta sem eitt dæmi af mörgum, sem sanna, að það hefur verið beitt í þessu máli mjög lævíslegum og markvissum áróðri til þess að vekja óánægju í héraðinu um þessa merku og nauðsynlegu framkvæmd.

Ræðumaður vitnaði hér til þess, að mikið hafi verið talað um, og vitnaði í tiltekinn aðila máli sínu til sönnunar um það, að fast hafi verið kveðið að orði um, hversu slæmt ástand gamla Suðurnesjavegarins hafi verið. Þetta er alveg rétt. Þeim mun fremur hlýtur það að hafa orðið verulega mikil samgöngubót að fá í staðinn bezta veg landsins. Það hlýtur að vera mikill munur fyrir þá, sem þar eiga hlut að máli. En sé það ekki réttlætanlegt að greiða það umferðargjald, sem greitt er af veginum, eins og hann er í dag, þá hefur það ekki verið satt, sem haldið hefur verið fram um það, hversu erfiður gamli vegurinn hafi reynzt þeim, sem um hann þurftu að fara. Það er ekki hægt að segja hvort tveggja, að Suðurnesjavegurinn hafi verið svo slæmur, að það hafi valdið stórfelldu tjóni umfram aðra landshluta, að sá vegur hafi verið í svo ömurlegu ástandi, að það hafi valdið íbúum þessa héraðs verulega miklu meira tjóni en íbúum annarra héraða, ástand vegarins þar, miðað við aðra vegi landsins, ef um leið á að segja um þann nýja veg, sem notaður er núna, að það sé ekki greiðandi eitthvað sérstaklega fyrir að nota hann. Og ég get ekki séð, að það sé réttlætanlegra, að það fólk, sem enn býr við lélegu malarvegina, eigi einnig að taka á sig þann aukakostnað, sem orðið hefur af byggingu Reykjanesbrautarinnar. Einhvers staðar verður að taka fjármagnið. Það vissu allir. Reykjanesbrautinni hefur ekki verið ætlað fé á vegalögum eða vegaáætlun, svo að miklu nemi. Það mun ávallt hafa verið stílað upp á það, að tekið yrði lánsfé til þessara framkvæmda. Hvernig á að greiða það? Er ekki réttlætanlegast, að þeir, sem njóta vegarins, greiði það, í stað þess að þeir, sem þurfa að notast við miklu lélegri vegi, eigi einnig að bæta þessum kostnaði á sig?

Ræðumaður minntist einnig í sinni framsöguræðu á fundinn fræga í Keflavík. Ég ætla ekki að ræða um þann fund. Ég vil segja, að því miður varð sá fundur ekki til sóma fyrir þá, sem að honum stóðu eða tóku þátt í samþykktum þar, eins og raunar samgmrh. kom hér inn á áðan.

Þá kem ég að því, að ég vil mótmæla því, að hægt sé að láta líta svo út, að vegaskatturinn eða umferðargjaldið hafi komið Suðurnesjabúum á óvart. Menn geta deilt um upphæð gjaldsins, það er vissulega hægt að deila um það, en það er ekki hægt að segja, að innheimta skattsins hafi komið neinum á óvart, sem fylgzt hefur með. Ég vil aðeins í því sambandi minna á það, að þegar það kom til umr., að vegurinn yrði malbikaður frá Kúagerði og suður úr, í stað þess að hann yrði steyptur, eins og fyrirhugað var, þá risu Suðurnesjamenn mjög upp og andmæltu þessu og færðu fram mörg rök fyrir sínu máli. Ég dreg enga dul á það, að ég var ávallt þeirrar skoðunar, að halda ætti við það, eins og ráðgert hafði verið, að steypa veginn alla leið, og sú varð raunin. Ég hlustaði á rök þessara manna. Það voru ekki haldnir opinberir fundir um þetta atriði, þetta var þá í athugun, en ekki búið að taka opinberlega ákvörðun um það, hvort breytt yrði til, en ég hlustaði á marga Suðurnesjabúa og þeirra rök í þessu máli, og m. a. þau rök, sem mér fannst vera mjög þungvæg, er þeir sögðu: Við eigum að borga þennan veg, og við viljum því hafa talsvert um það að segja, hvort hann verður malbikaður eða steyptur. — Þeir gerðu sér þá ljóst, að það átti að innheimta umferðargjald þarna, og það var í hugum áreiðanlega margra þeirra, að þeir vildu þá heldur, að vegurinn yrði steyptur áfram frá Kúagerði og suður úr en hann yrði malbikaður, þó að það þýddi kannske að einhverju leyti hærra umferðargjald.

Ég vil aðeins, herra forseti, vekja athygli á þessu, því að eins og ég gat um í upphafi, virtist mér koma fram, að tilkoma þessarar merkustu samgöngubótar hér á landi, Suðurnesjavegarins, hafi beinlínis valdið búsifjum í þessu héraði og að innheimta umferðargjaldsins hafi komið aftan að íbúum þar. Þetta er hvort tveggja alrangt. Þarna er um glæsilegustu samgöngubót

að ræða, sem fyllsta ástæða er til fyrir íbúa þessa héraðs að vera þakklátir fyrir, sem þeir og allir aðrir, sem þar eiga leið um, njóta, og ég er þess fullviss, að þó að tekizt hafi að vekja upp þessar deilur á fyrri stigum þessa máls, eru þær raddir mjög svo þagnaðar. Þótt við höfum heyrt eina hér í þingsölunum í dag, þá er sem betur fer orðinn allt annar skilningur á þessu máli heima í héraði en þar er haldið fram.

Flm. (Valtýr Guðjónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki eyða löngum tíma í þetta, sem ég segi núna, ekki beint ástæða til þess, hvorki af síðustu ræðu né ræðu hæstv. samgmrh. En ég verð að viðurkenna það, að það er óguðlegt af mér, það er ekki fallega gert af mér, ef ég hef gert hv. 1. þm. Reykn. (AJ) vondan. Mér fannst hann vondur, þegar hann var að tala. Það fannst mér alger óþarfi. Það er skiljanlegt, að hann heldur, að málið sé eitthvað ekki hagstætt fyrir sig pólitískt. Það kann að vera, að það sé svo. En ég hef nú ekki beint gert mér grein fyrir því. Sannleikurinn er sá, að það er og var nokkurn veginn sama, hvar í flokki menn stóðu, þeir eru ákaflega mikið á móti þessari uppátekt, að taka skattinn af vegfarendum, og það er alveg eins enn þá og það var. Seinast í gær hitti ég einn ágætan sjálfstæðismann í Keflavík, og hann sagði náttúrlega við mig: Þú verður að gera svo vel að afnema skattinn. Ég sagðist skyldu gera það, ef ég gæti. Það var sjálfstæðismaður. Ég veit ekki, hvað ég get.

Um atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykn. held ég, að ég þurfi ekki neinum orðum að eyða.

Hæstv. samgmrh. tók málinu ljúflega, eins og honum sæmdi og ber líka skylda til, þegar hann er í þessari mikilvægu stöðu, og ræddi það á ýmsan hátt og flutti rök, sem hann hefur beitt áður og þeir aðrir um það, að það væri ekkert við þetta að athuga, að taka vegaskatt af Keflavíkurvegi, og það hefur maður margheyrt. En móti því var ég að mæla þarna áðan, svo að það stendur náttúrlega orð á móti orði. En ég vil einmitt minnast þeirrar stundar, þegar þetta geysimikilvæga mannvirki var tekið til notkunar. Þá rann mér til rifja, að ekki skyldi vera nein athöfn við það. Mér er ekki kunnugt um það, að neinar till. hafi verið uppi um það að halda kaffiboð, hvorki inni á tollsvæðinu eða utan þess. Ég hef a. m. k. ekki verið á fundi, þar sem það kom til atkv. En svo mikið er víst, að það varð ekkert úr því, að það væri nein athöfn, heldur kom hæstv. samgmrh. fyrstur að hliðinu í lögregluvernd. Hátíðleikinn var ekki meiri en það, og það var reglulega grátlegt. Og ég tel, að það hafi verið bara af hreinu hugsunarleysi að fara að nota þessa heimild í þessu sambandi, þó að vegurinn yrði lagður á Suðurnes, sem nauðsynlega þurfti að koma, bæði vegna Suðurnesjamanna og líka ríkisins sjálfs. Allir hefðu verið mjög ánægðir með að láta skattheimtuna bíða og a. m. k. að gera fólkinu það meira ljóst heldur en um var að ræða, því að sannleikurinn er sá, að það var fjöldi manna þarna suður frá, sem aldrei trúði því, að þessari skattheimtu yrði beitt, allra sízt strax, um leið og vegurinn var opnaður.

Ég ítrekaði það í minni ræðu áðan, að framkvæmdin var mjög mikilvæg og ómetanleg sem slík fyrir okkur, og það er auðvitað hreinn misskilningur eða útúrsnúningur af ásettu ráði að lesa það út úr því, sem ég sagði, að ég hefði kallað þetta óþurftarverk. Ég kalla það óþurftarverk að taka þennan skatt af fólki, sem fer um veginn. Við vitum það nefnilega, að það er víða lagt fé í samgöngubætur á Íslandi. Ég vil hins vegar ekki fara neitt út í það eða ala á neinni öfund út af því. Það er, eins og ég sagði í minni ræðu, mjög gott og nauðsynlegt að geta varið sem mestu fé í samgöngubætur hvar sem er á landinu. Hérna erum við svo heppnir að vísu að fá fyrsta veginn, sem er fullgerður. Það koma margir á eftir. Og staðreyndin er sú, að fé, sem fæst út úr þessari skattlagningu, er svo lítið, að það gerir aldrei neitt strik í reikninginn í sambandi við það, að það sé hægt að gera meira en ella í vegamálum. Það er svo lítið. Það verkar fyrst og fremst til þess að gera menn óánægða með ágætt verk.

Hæstv. samgmrh. sagði, að menn væru nú orðnir yfirleitt ánægðir með að borga skattinn. En það er nú ekki tilfellið. Við vitum það, sem umgöngumst menn á þessu sviði, sem hafa með atvinnurekstur að gera, að þeir eru mjög óánægðir með skattinn út af fyrir sig, þó að þeir séu hins vegar ánægðir með mannvirkið.

Um það, að það hafi dregið úr tilkostnaði á farartækjum, viðhaldi þeirra og þar fram eftir götunum, það held ég að hljóti nú að vera að hafi gerzt, alveg eins og verður annars staðar, hvar sem er um landið, að það fari betur með bílana, þar sem vegirnir eru orðnir sæmilegir, og að þessu er unnið, eins og ég segi, víðar en þarna á þessu svæði. En þrátt fyrir það, að þetta sé nú svona, að menn græði kannske stórfé á því að aka Keflavíkurveg, þá hafa fargjöld ekki lækkað neitt. Mér er kunnugt um það, að sérleyfishafar Keflavíkur borga nokkuð mikinn skatt, eins og eðlilegt er, því að þeir fara svo margar ferðir á dag. Skatturinn var 1966 um 350 þús. kr. Hann er það hár auðvitað af því, að ferðirnar eru margar. En í sambandi við einmitt það, þegar maður sér þessa tölu í reikningum þess fyrirtækis, þarf maður að gæta líka að hinu, hvað viðhaldskostnaðurinn á þessum bifreiðum, sem þarna aka, hefur lækkað. Staðreyndin er sú, að hann hefur ekki lækkað þrátt fyrir þetta. Ég er hins vegar ekki að halda því fram, að bifreiðaeigendur hafi ekki grætt á þessu.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta öllu meira, tók fram í minni fyrri ræðu það, sem ég taldi mig þurfa að taka fram, og ég held því enn fram, að menn hafi ekki trúað því almennilega fyrst, að skatturinn yrði á lagður. Ég vil ekki eyða tíma í að fara út í þann þátt málsins, sem spannst af breyttri áætlun um efnið í veginn, það er svo langt mál. Það var aðeins drepið á það af hv. 1. þm. Reykn. áðan og væri náttúrlega fróðlegt, en það kæri ég mig ekkert um að rekja núna, en það þótti okkur á sínum tíma dálítið skrýtið, þegar það kom allt í einu á dagskrá að hætta við að steypa veginn, en malbika hann heldur. En ég fagna því að öðru leyti, að

hæstv. samgmrh. vill gangast fyrir því, að það sé gengið úr skugga um vilja Alþingis um, hvort þessi skattur skuli afnuminn eða ekki.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni að síðustu setningunni, sem hv. þm. sagði hér áðan, að ég mundi gangast fyrir því að sannreyna það, hvort meiri hluti væri fyrir því að hafa þessa heimild í l., sem er. Hv. flm. gengst fyrir því með því að flytja þetta frv., og ef meiri hluti hv. þm. vill afnema heimildina, þá vitanlega verður það gert. Hins vegar hef ég aldrei efast um það, að meiri hluti alþm. lítur líkt á þetta mál nú og var, þegar þessi heimild var lögfest.

Annars er það í rauninni ekki fleira, sem er ástæða til þess að segja í tilefni af þessari seinni ræðu hv. flm. En það er rétt að minna á, að það er nauðsynlegt fyrir hv. flm. að kynna sér þetta mál betur en hann virðist hafa gert til þessa. Ég efast ekkert um, að það er hægt að hitta marga menn á Suðurnesjum, sem gjarnan vilja vera lausir við að borga þetta gjald. Það merkir ekki það, að þeir séu óánægðir út af fyrir sig með gjaldið, en þegar hv. flm. talar við menn og segir við þá, að hann ætli nú að reyna það sem hann geti, til þess að fá þetta afnumið, þá finnst mér eðlilegt, að þeir sem borga gjaldið, *út af fyrir sig samþykki það og segi eitthvað á þá leið*, að það væri gott að vera laus við að borga þetta. En það þýðir ekki það, að þeir séu óánægðir. Það þýðir ekki það, að þeir telji ósanngjarnt að greiða þetta gjald. Og ég ætlast til þess, að hv. 2. þm. Reykn. (VG) kynni sér þetta mál og sannfærist um það, hvað er rétt og sanngjarnt í þessu, hann tali við sérleyfishafann, sem ég vitnaði til hér áðan, sem sagðist geta notað eldri bílana á Keflavíkurleiðinni, en þeir væru ekki nothæfir á malarveginum, hann tali við vörubílstjórana, sem voru óánægðir í fyrstu, en hafa nú sannfærzt um, að þeir græða stórfé á því að fara þennan veg, þótt þeir borgi gjaldið, hann tali við aðra, sem nota veginn og eiga bíla, og kynni sér þetta. Ég þekki þennan mann ekki rétt og hann hefur breytzt mjög mikið frá því í gamla daga, ef hann vill ekki leitast við að vita, hvað er rétt og sanngjarnt í þessu máli. Og noti hann svo tímann til þess, þá held ég, að hann flytji ekki frv. í þessum dúr aftur, þótt hann komi inn í Alþingi, ef hann notar nú tímann rétt, á meðan hann er utan þings, til þess að kynna sér þetta mál alveg til botns.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:2 atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 344).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Pétursson): Herra forseti. Í vetur var flutt hér í þessari hv. þd. frv. til l., sem fól í sér breytingu á núverandi vegal., á þeim l., sem gilda nú um vegamál, og var till. hv. flm., Valtýs Guðjónssonar, fólgin í því, að hætt skyldi að innheimta umferðargjald af bifreiðum, sem ekið er um hina nýju Reykjanesbraut, en eins og hv. alþm. er kunnugt, var ráðh. heimilað með einróma samþykki Alþ. í 95. gr. vegal. að láta innheimta þetta gjald, og hefur það verið gert, frá því að brautin var opnuð til umferðar.

Samgmn. hefur fjallað um þetta mál á fundi sínum, og leggur meiri hluti n. til, að frv. verði fellt. Það er ekki með sanngirni hægt að krefja menn um það, að þeir fallist á það sjónarmið, að með þessari gjaldtöku sé verið að valda Suðurnesjamönnum búsifjum. Þvert á móti búa þeir nú einir allra landsmanna enn sem komið er við frábærlega góð samgönguskilyrði. Það er ljóst og er í eðli sínu einfalt mál, að forsendur þessarar gjaldtöku eru fyrst og fremst fólgnar í því að afla fjár til greiðslu kostnaðar við vegagerðina, og eftir því sem ég hef fengið upplýst, mun skuldin á veginum verða núna um 260 millj. kr., og er það þá eftir þá breytingu, sem varð á skráningu ísl. kr. í vetur, en að öðru leyti má segja, að forsendur gjaldtökunnar séu að sjálfsögðu fólgnar í þeim sparnaði, sem verður á ökutækjum, á eldsneyti og tíma fyrir þann vegfaranda, sem um þennan nýja og góða veg fer, og fyrir þau hlunnindi er þetta gjald einnig greitt. Menn sjá það nú æ betur, bæði á Suðurnesjum og annars staðar, og ýmsir þeir, sem áður voru andvígir þessari gjaldtöku, hafa nú fallizt á réttmæti hennar, fallizt á, að það sé eðlilegt og réttmætt, að þetta gjald sé tekið.

Gildi þessarar nýju, varanlegu brautar er að sjálfsögðu fyrst og fremst fólgið í því að vera bein samgöngubót á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, en hún hefur líka annað gildi, hún verður okkur fyrirmynd og hvatning um vegagerð í framtíðinni, og hún veitir dýrmæta reynslu. Þessi vegagerð, sem þarna hefur verið framkvæmd, sýnir einnig, að Íslendingar búa yfir nægilegri tæknilegri þekkingu og verkmenningu til þess að leysa slíkt stórvirki af höndum sem þessi vegagerð er. Því verður ekki heldur trúað, að Suðurnesjamenn telji, að varanlegri vegagerð hér á landi sé lokið, þegar þeir einir allra landsmanna hafa fengið góðan veg. Þvert á móti fjölgar þeim stöðugt þar syðra, sem sjá og skilja, að hér er aðeins um fyrsta áfanga að ræða, og þorri Suðurnesjamanna mun reiðubúinn til þess að leggja sitt af mörkum, til þess að aðrir landsmenn megi einnig verða aðnjótandi sams konar framfara og friðinda eins og þeir. Fram að þessu — og það verður sjálfsagt víða þannig enn um sinn — höfum við Íslendingar fyrst og fremst lagt á það áherzlu að gera fært á milli landshluta og innan byggðarlaga, að menn komist leiðar sinnar, en í dag krefst almenningsálitið þess, að við látum ekki aðeins við það eitt sitja, að unnt sé að komast á milli staða í landinu, heldur eru það óskir almennings, að helztu og fjölförnustu leiðir í landinu verði gerðar greiðfærari og lagðar varanlegu slitlagi.

Við höfum nú séð, að landsmenn kunna að gera slíka vegi. Hinn meginþátturinn í þessu efni er sá, að þeir fjármunir séu fyrir hendi, sem til þess þarf að leggja vegina. Ein augljós

forsenda þess að ráða við þann fjárhagslega vanda er þá a. m. k. sú að rýra ekki tekjur vegasjóðs, eins og umrætt frv. stefnir að. Þvert á móti þarf að leita aukinna tekna fyrir vegasjóðinn.

Ég vil að lokum benda á þá staðreynd, að kostnaður, þ. e. a. s. afborganir og vextir og raunar annar kostnaður við hina nýju Reykjanesbraut, mun verða um 54 millj. kr. á árinu 1968, og samkvæmt upplýsingum, sem stjórnarráðið hefur veitt mér, er gert ráð fyrir því, að tekjur af þessum vegagjöldum, sem tekin eru, muni á þessu ári verða nettó um 14 millj. kr. Ef þær tekjur tapast verður trúlega minna hægt að gera í samgöngum annarra landshluta. Erlendis, t. d. í Bandaríkjunum, er það alsiða, mjög algengt a. m. k., að það er tekið sérstak gjald af hraðbrautum, sem spara fé manna, spara ökutæki manna og spara tíma manna, sem ekki er minnst virði, og þetta þykir þar mjög eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun. Ég hef ekki heyrt þess getið, að almennar deilur hafi risið þar um slíkt mál. Ef þetta er rétt þar, þá má nærri geta, að í okkar stóra, en strjálbýla landi er auðvitað enn brýnni nauðsyn, enn meiri þörf á slíkri gjaldtöku, þar sem hægt er að koma henni við, en það er, eins og menn vita, aðeins enn sem komið er ein hraðbraut í landinu, Reykjanesbrautin. Menn sjá nú og skilja, að þeim fjármunum, sem við verjum til slíkra samgöngubóta, er vel varið. En góð og skynsamleg fjárfesting er ekki neinn munaður, heldur umfram allt arðbær. Það er arðbær fjárfesting, bæði í fjárhagslegum og menningarlegum skilningi. Á grundvelli þessara sjónarmiða, herra forseti, leggur meiri hl. samgmn. til, að frv. á þskj. 71 verði felld.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem mig langar til þess að segja hér í sambandi við frv. það, sem hér er til umr., og í tilefni af þeim orðum, sem frsm. n. viðhafði hér áðan.

Þetta mál er ekki nýtt hérna á þinginu og hefur verið rætt talsvert á undanförnum þingum. Þá hef ég m. a. látið uppi þá skoðun mína, að það væri grundvallarforsenda fyrir því, að ég gæti fylgt þeirri stefnu að afla tekna til lagningar nýrra og varanlegra vega með álagningu vegaskatts með svipuðu gjaldi og því, sem nú hefur verið lagt á um nokkurt árabil á Keflavíkurveginum, að sú regla yrði viðhöfð hvar sem væri á landinu. Nú hafa verið færð fram fyrir því margvísleg rök, að það sé óframkvæmanlegt að innheimta vegaskatt á ýmsum þjóðvegum, þótt steyptir yrðu eða malbikaðir, vegna þess að aðstæður væru slíkar, að það svaraði ekki kostnaði. Því get ég ekki fallizt á, ef þetta er rétt, að grundvöllur sé fyrir því að nota vegaskattinn sem tekjustofn til varanlegrar vegagerðar. Það hljóta allir að sjá og viðurkenna, að þeir, sem nota steypta þjóðvegi eða malbikaða, dýra þjóðvegi, að þeir eiga að vera jafnir að því leytinu, að allir borgi vegaskatt eða enginn.

Ég hef flutt hér á Alþ. frv. um það, að settar yrðu almennar reglur um, hvernig leggja bæri á vegaskatt í sambandi við þjóðvegagerð í landinu. Þessar till. hafa ekki náð fram að ganga, og því vildi ég segja við þetta tækifæri, að meðan ég hef ekki fyrir fram tryggingu fyrir því, að almennar reglur verði látnar gilda um álagningu vegaskattsins, sem tryggi það fyrir fram, að hann sé lagður á umferð á öllum vegum, sem eru steyptir eða malbikaðir og eru því mjög dýrir, get ég ekki fallizt á það, að rétt sé að binda þessa skattheimtu við Reykjanesbrautina eina, og mun því þegar af þeirri ástæðu greiða atkv. með þessu frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. sagðist ekki geta greitt atkv. með þessu frv., sem hér er um að ræða, á meðan skatturinn væri bundinn við Reykjanesbraut eina. En það vill nú svo til, að Reykjanesbraut er eini steypti vegurinn í landinu, og þess vegna getur ekki verið um skattlagningu á annan veg að ræða heldur en hana enn sem komið er a. m. k. Á s. l. hausti lýsti forsrh. yfir, að ríkisstj. vildi beita sér fyrir því að gera hraðbrautirnar með varanlegu slitlagi, enda yrði lagt á umferðargjald, þegar ákveðnum áföngum væri náð. Það liggur vitanlega í augum uppi, að það er ekki hægt að leggja umferðargjald, við skulum segja t. d. á Vesturlandsleiðina, þó að það væri komið varanlegt slitlag á veginn upp í Kollafjörð eða eitthvað þannig. Það er ekki heldur hægt, þó að það sé komið eitthvað áleiðis á Austurvegi, ef meginhluti leiðarinnar er enn malarvegur holóttur og slæmur. En það liggur fyrir, að það er stefnan, að þegar ákveðnum áföngum er náð, þar sem því verður við komið, verði tekinn tollur af slíkum vegum, og það mundu allir fagna því, sem þess ættu kost að fá þessa góðu vegi, enda þótt yrði að greiða eitthvert umferðargjald fyrir það, því að ég er sannfærður um, að það neitar því enginn, að það sparast stórfé í sliti á ökutækjum, eyðslu á brennsluefni, o. s. frv., þegar góði vegurinn er farinn, miðað við það að fara vonda veginn. Og það er varlega áætlað, varlega útreiknað, að með því gjaldi, sem nú er greitt á Reykjanesbrautinni, sé greiddur aðeins helmingurinn af því, sem þeir spara, sem veginn nota. Þetta hefur ekki verið vefengt, og þess vegna er tollurinn á Reykjanesbrautinni sanngjarn og beinlínis til hagræðis fyrir þá, sem nota veginn mest, að hafa veginn, þótt þeir greiði gjaldið.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. Það er ekki við því að búast, að það séu samdar reglur um skattlagningu á aðra vegi, á meðan ekki hefur enn verið hafizt handa um framkvæmdir eða aðrir vegir líkir Reykjanesbrautinni eru ekki til í landinu. Þetta verður vitanlega gert, þegar að því kemur, að slíkir vegir, sambærilegir, eru fyrir hendi, og þá í það ríkum mæli, að það komi til almenningsnota, ekki aðeins einhverjir spottar, lítill hluti af þeirri leið, sem menn þurfa að fara. Veit ég, að hv. þm. hefur áttað sig á þessu. Hann er aðeins að leita að hliðarspori til þess að vera á móti máli, sem hann, svo sanngjarn maður, hefur í hjarta sínu viðurkennt. Og við þessu er ekkert að segja út af fyrir sig.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. felld með 17:7 atkv.
Frv. þar með fallið.

3. Stuðningur við hlutarráðna fiskimenn.

Á 46. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um sérstakan stuðning við hlutarráðna fiskimenn [102. mál] (þmfrv., A. 231).

Á 47. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Sigurbergsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir og fjallar um sérstakan stuðning við hlutarráðna fiskimenn, er lagt til, að ríkisstj. fái heimild til að verja allt að 50 millj. kr. í þann stuðning á þessu ári. Þegar gengi krónunnar var lækkað rétt fyrir s. l. áramót, lýsti ríkisstj. því yfir, að það væri gert með sérstöku tilliti til þess, hve útflutningsatvinnuvegirnir stæðu höllum fæti, og átti lækkun krónunnar m. a. að hafa þær verkanir, að eigi þyrfti að starfrækja þá atvinnuvegi með styrkjum og uppbótum. Þegar hefur komið í ljós, að þeir útreikningar stóðust ekki dóm reynslunnar. Með ákvörðun fiskverðs á nýbyrjaðri vetrarvertíð var farin sú óhappaleið að innleiða tvenns konar verð á sjávarafla. Það er sérstakt skiptaverð til áhafna fiskiskipanna og annað til útgerðarinnar, sem fram kemur í sérstökum bótum til útvegsins, sem talið er, að nemi allt að 124 millj. kr. Nú standa yfir viðræður um samninga vegna undirmanna á talsverðum hluta fiskveiðiflotans, og mætti ætla, að þessar áðurnefndu ráðstafanir yrðu ekki til að auðvelda samkomulag á þeim vettvangi. Með þessu frv. er ætlazt til, að sjómannastéttin fái einhverja leiðréttingu á því misrétti, sem hún er beitt umfram aðra þegna þjóðfélagsins, því að með gengislækkunarlögunum, eins og ég hef áður tekið fram, var ekki ætlast til, að sjávarútvegurinn þyrfti á styrkjum að halda, og hefðu þeir útreikningar staðizt, má ætla, að skiptaverð til sjómanna hefði orðið því hærra sem nemur fjárhæðinni, sem ætluð er til útvegsmanna umfram skiptaverðið. Það eru 124 millj. Einnig ætti frv. að stuðla að því, að samningar tækjust sem fyrst við sjómenn.

Það hefur oft verið ritað og rætt um, að efla beri sjávarútveginn og þá sérstaklega bolfiskveiðarnar með tilliti til hráefnisöflunar fyrir hraðfrystiiðnaðinn. Ég vil að gefnu tilefni benda á þá staðreynd, að hin trausta undirstaða, sem þar þarf til að koma, er ekki fengin fyrr en þannig er búið að sjómannastéttinni, að hún geti sætt sig við þau kjör, sem henni eru boðin fyrir störf sín. Íslenzka þjóðin er stolt af þeirri þróun og þeim árangri, sem náðst hefur í síldveiðitækni hér á landi á undanförnum árum. Sú tækni-bylting hefði varla átt sér stað, nema því aðeins að undirstaða væri fyrir hendi, sú trausta undirstaða, að það er valinn maður í hverju rúmi. Mér er ofarlega í huga niðurlæging togaraflota okkar landsmanna og raunveruleg orsök þess hnignunartímabils, sem yfir þann þátt útvegsins hefur dunið. Það eru augljós dæmin. Svo illa var búið að kjarna hinna gömlu og starfsvönu togveiðimanna, að þeir sáu sér ekki fært að hafa ofan af fyrir sér og sínum við þann atvinnuveg og leituðu sér vinnu á öðrum vettvangi, þar sem kjörin voru betri. Ég fullyrði, að nú í dag stæðum við Íslendingar ekki verr að vígi með okkar togaraflota, miðað við aðrar fiskveiðiþjóðir, ef hinn trausti kjarni sjómanna hefði verið kyrr á þeim skipum og ungir og framgjarnir menn laðazt í hópinn. Það leikur varla vafi á því, að sjómannastéttin hefði ekki látið á sér standa að fylgja þróuninni eftir og jafnvel orðið á undan öðrum þjóðum hvað togveiðar snertir, ef aðstæður hefðu verið fyrir hendi. Hinn trausti og starfsvani kjarni leitaði fyrir sér annars staðar um atvinnu, og það hafði þær afleiðingar, að lítt starfsvanir menn og jafnframt sá hópur manna, sem úr gengur, ef nægjanlegt framboð af vinnuafli er á vinnumarkaðnum, komu um borð í okkar togveiðiskip, og þar með hófst niðurlægingin og þeir drógust aftur úr í samkeppninni.

Landganga íslenzkra síldveiðisjómanna á flotanum nú um síðustu áramót hefur ekki getað farið fram hjá neinum, sem fylgjast vill með útgerðarmálum í dag. Þá vakna þær spurningar, hvað er að gerast á síldveiðiflotanum, og hver verður afleiðingin? Ég held, að ég geti svarað þessum spurningum fyrir hönd okkar sjómanna þannig, að megi skilja, þ. e. a. s. ef menn vilja nokkuð skilja. Við göngum í land einfaldlega vegna þess, að kjörin eru ekki þess virði að stunda þennan atvinnuveg við erfið skilyrði fjarri heimilum og vinum og fjarri öllu, sem við köllum í dag menningarsamfélag. Við viljum ekki vera án alls þess, nema því aðeins að við berum meira úr býtum, við eigum kröfu til þess. En hver verður þá afleiðingin? Hún verður sú óhjákvæmilega, að hin raunverulega undirstaða fyrir mikilli sókn og auknum aflafeng hrynur og þar með minnka möguleikarnir til þess að afla gjaldeyristekna fyrir þjóðina á þessum vettvangi.

Það fer ekki fram hjá neinum, sem kemur að landi eftir strangt og erfitt úthald með sína kauptryggingu, lækkaða um fæðiskostnað, sem þá mundi vart vera hærri en sem svaraði 9—10 þús. kr., að jafnvel unglingsstúlkur með einhverja smávegis menntun njóta ekki verri kjara fyrir að sitja á skrifstofu við að svara í síma eða pikka á ritvél með styttri vinnutíma en þeir, sem sjóinn stunda, og þar að auki geta í frítímum sínum notið allra þeirra lystisemda, sem samfélagið hefur að bjóða, og lifað hinu áðurnefnda menningarlífi.

Þessi landganga sjómanna lítur kannske út fyrir að vera út í bláinn, kann einhver að halda, þar sem lítið er um atvinnu í landi. Ég vil í sambandi við þennan líklega skilning á málinu taka það fram, að íslenzkir sjómenn eru ekkert

smeykir við að keppa á vinnumarkaðnum. Þeir ganga fyrir um vinnu, hvar sem er, hvar sem dugandi manna er þörf. Hinir linari koma til baka og lenda á veiðiflotanum. Þetta gerðist á togurunum, og þetta gerist líka á bátaflotanum, ef ekkert er að gert.

Það er skylda hv. alþm. að sporna gegn því, að þetta komi fyrir, og að því miðar þetta frv., þó að í litlum mæli sé. Það stuðlar að því, að menn sæki fremur að sjóvinnustörfum en ella væri. Það er ekki svo há upphæð, sem farið er fram á, að eigi sé betra að verja henni strax, áður en í óefni er komið. Of seint verður eftir misheppnaða vertíð vegna skorts á vönu starfsliði að koma saman hér á Alþingi og lögfesta styrki og bætur til sjávarútvegsins vegna lélegrar afkomu og segja svo, eins og oft hefur verið gert á undanförnum árum: Ja, þarna sjáið þið, sjávarútvegurinn getur ekki verið undirstöðuatvinnuvegur til frambúðar. Það þarf að innleiða hér kísilgúr, ál og fleira slíkt.

Það er lagt til með þessu frv., er hér liggur fyrir, að Alþingi bæti fyrir það brot, sem sjómannastéttin var beitt við ákvörðun fiskverðs nú nýlega, er undirstöðu allra samninga hennar við útvegsmenn var kollvarpað. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér kafla úr grg. fulltrúa sjómanna í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins, Tryggva Helgasonar, en hann bar fram, sem kunnugt er, till. um 20% fiskverðshækkun til skiptaverðs. Þar segir hann:

„Hins vegar tel ég, að fiskverð það, er ég legg til að ákveðið verði nú, sé lágmark þess, sem þurfi, til að sjómenn, sem við veiðarnar starfa, geti haft þær tekjur, að viðunandi geti talizt, og yfirleitt gefið kost á sér til að stunda þá atvinnu. Er það atriði um brýna þörf sjómanna, sem að þorskveiðum starfa, fyrir þessa hækkun á fiskverði til skipta m. a. vel staðfest í skýrslum, sem fyrir liggja um meðaltekjur sjómanna á vetrarvertíðum undanfarandi ára, er sýna, að aflahlutir þeirra hafa stöðugt farið lækkandi miðað við meðaltekjur annarra launþega. Tel ég, að meðaltekjur háseta við fiskveiðar þoli ekki einu sinni samanburð við hina allra tekjulægstu."

Ég vil leggja sérstaka áherzlu á, að með því að stuðla að bættum kjörum sjómannastéttarinnar væri verið að leysa frumvandamál útgerðar og fiskvinnslustöðva og þar með þjóðarbúsins í heild, því að sá alvarlegi vandi verður ekki leystur eingöngu á þann hátt að veita uppbætur og styrki til þessara atvinnuvega. Þessir höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, sem skapa 90% af öllum útflutningstekjum, krefjast þess, að hvaða stjórn sem í landinu er hverju sinni skilji til fulls, hvaða þýðingu það hefur fyrir allan rekstur, að undirstaðan sé á traustum grunni. Það er ekki úr vegi að minna á, að af hverjum 6 kr., sem skapast í útflutningsverðmætum, renna 2 beint í ríkiskassann í útflutnings- og innflutningstollum. Það gildir 600 þús. kr. í útflutningsverðmætum, 200 þús. í ríkiskassann. Það hefur margur spilað í rýrara happdrætti.

Á undanförnum árum hefur verið talsverð eftirspurn eftir íslenzkum sjómönnum utanlands frá, og sú eftirspurn hefur nú aukizt allverulega. Þessu hefur ekki verið haldið mikið á lofti, vegna þess að sjómenn hafa ekki sinnt því fram að þessum tíma. En nú eru menn farnir að ræða þessi tilboð sín á milli, ekki einn og einn, heldur í hópum. Ef þetta hefur farið fram hjá hv. alþm., bið ég þá að hafa í huga, að það kunna fleiri en læknar og verkfræðingar að vera eftirsóttir erlendis. Það þarf sérþekkingu til fleiri starfa. Hér er nauðsynlegt að sporna við í tíma. Ég fullyrði, að ríkisstj., sem leyfir sér að álíta, að almennt atvinnuleysi í landi komi til með að bjarga sjávarútveginum til frambúðar, hafi ekki neinn siðferðilegan rétt til að stjórna málum þjóðarinnar framvegis.

Herra forseti. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 29. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A 231, n. 439 og 444).

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Það verður að játast, að þetta er nú eitt af höfðinglegri frv., sem lögð hafa verið fyrir Alþ., — að halda mönnum 50 millj. kr. veizlu í allmarga mánuði. Það minnir á og fer jafnvel fram úr höfðingsskap forfeðra vorra, svo sem hann var mestur í fornum sögum. En með tilliti til þess bága ástands, sem nú er í fjármálum þjóðarinnar, hefur meiri hl. sjútvn. ekki treyst sér til að eiga hlut að þessu veizluhaldi að þessu sinni og hefur því lagt til, að frv. verði fellt. — Einn nm. var fjarstaddur, þegar frv. var afgr. í n., hefur hann að sjálfsögðu óbundnar hendur, og annar nm. hefur skilað séráliti.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef skilað séráliti um þetta frv., og það er að finna á þskj. 439, og skal ég í aðalatriðum vísa til þess, sem þar segir.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um það, að hér væri í þessu frv. lagt til að halda eina mikils háttar veizlu, og átti þar við það, að hér er farið fram á tiltekinn stuðning við hlutarsjómenn. Ég hygg, að það fari ekki á milli mála, að þetta frv. hafi verið flutt með sérstöku tilliti til þess, að þegar gengisbreyting var gerð, þá var m. a. ákveðið, að hið opinbera — ríkið — tæki verulegan hluta af þeim gengishagnaði, sem yrði bæði af sjávarútvegi, sérstaklega sjávarútvegi, og öðrum útflutningsatvinnuvegum á tilteknu tímabili og ráðstafaði því síðan á ýmsan hátt. Og ég verð nú að halda því fram, að það hafi ekki verið nein goðgá, þó að mönnum dytti í hug, að sjómannastéttin, þeir sem standa þó undir verðmætasköpuninni ekki síður en aðrir menn, fengi eitthvað af þessum gengismismun, sem ríkið hefði verið að ráðstafa. En þar að auki er hér tvímælalaust um að ræða spurningu um það, hvað eigi að gera til þess að tryggja sjómenn á skipaflotann.

Ég hygg, að það liggi alveg ljóst fyrir nú í dag,

að það standi þannig, að því er varðar síldarútgerð á komandi vertíð, að öllu óbreyttu og án alveg sérstakra ráðstafana, að þá fæst hvorki mannskapur á skipin né útgerðarmenn treysti sér til þess að gera þau út. Það mun liggja nokkuð ljóst fyrir, að talið er, að bræðslusíldarverð verði þrátt fyrir gengisbreytinguna til muna lægra en það var í fyrra, og það mun vera alveg víst, að ef ekki verða gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir í sambandi við þau mál, þá verður hvorki um það að ræða, að útgerðarmenn treysti sér til þess að gera út á síldveiðar við óbreyttar aðstæður né að sjómenn treysti sér til þess að fara til að mynda út á reginhaf og vera þar meira en hálft árið og eiga von á því að fá til muna minna fyrir hvert síldarmál heldur en þeir fengu í fyrra. Það gæti verið líður í því að líða til um þetta mál, ef þetta frv. fengist samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Ed., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, KGuðj, BJ.

nei: JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, PB, StG, SvG, AuA, BGuðbj., EggÞ, JR.

ÓlJ, PÞ, BFB greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁB, EÁ) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna** [60. mál] (þmfrv., A. 74).

Á 23. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að breyttir tímar hafa það í för með sér, að gerðar eru breyttar kröfur um marga hluti. Það, sem áður var óþekkt eða nær því óþekkt, verður með tímanna rás brýnt viðfangsefni eða jafnvel bráðnauðsynlegt fyrir heila atvinnuvegi eða jafnvel heilar þjóðir. Það er einnig kunnugt, að krafa þeirra tíma, sem við lifum á, er mörgu öðru fremur aukin menntun, aukin rannsókna- og tilraunastarfsemi á marga lund. E. t. v. er fátt, sem skilur fremur á milli þeirra þjóða, sem náð hafa verulegum árangri á þróunarbrautinni, og hinna vanþróuðu ríkja heldur en það, hvernig þeim hefur tekizt að standa að þessum málum, menningar- og rannsóknamálum.

Það má segja um okkar þjóð, að við höfum verið á undanförnum áratugum að stíga fyrstu skrefin á þróunarbrautinni í þessum efnum, einkum að því er margvíslega rannsóknastarfsemi snertir. Það er býsna skammt komið hjá okkur enn þá á sumum sviðum, að því er snertir rannsóknir. Þegar þannig er ástatt og þegar það er líka tekið með í reikninginn, að við erum smáþjóð og höfum ekki ýkjamikil fjárráð til þess að leggja í ýmsar undirstöðurannsóknir, eins og hinar stærri þjóðir gera, er það eðlilegt, að við leggjum a. m. k. fyrsta kastið höfuðkapp á það, sem venjulega eru nefndar hagnýtar rannsóknir, þ. e. a. s. þær rannsóknir, sem vænta má, að geti gefið beinan arð og það heldur fyrr en síðar. Að vísu eru engan veginn glögg skil þarna á milli, því að oft hefur það átt sér stað, að hreinar vísindalegar rannsóknir án tillits til hagnýtni hafa skilað verulegum árangri og eru í mörgum tilfellum undirstaða hinna hagnýtu rannsókna. En það er sem sagt ekkert eðlilegra en við leggjum höfuðkapp á hinar hagnýtu rannsóknir.

Það, sem gert hefur verið í þessum málum hér hjá okkur, er því miður ekki ýkjamikið, og lengi vel var það svo, að öll rannsóknastarfsemi sat hér afar mikið á hakanum. Ég mundi telja, að landbúnaðurinn hafi verið einna fyrstur til að koma sér upp nokkurri tilrauna- og rannsóknastarfsemi, sem eitthvað kvað að, en sjávarútvegurinn kom allmiklu síðar til skjalanna í þeim efnum. Í rauninni hefjast ekki rannsóknir í þágu sjávarútvegsins fyrr en hinn ágæti fræðimaður, Bjarni Sæmundsson, kom fram á sjónarsviðið að loknu námi og hóf hér fiskirannsóknir á síðustu árum 19. aldar. Og lengi vel var það svo, að Bjarni Sæmundsson var eini maðurinn, sem fékkst við rannsóknastörf í þágu sjávarútvegsins, og þó var ekki betur að honum búið í þessu efni en svo, að hann varð að hafa þá starfsemi sem aukastarf. Aðalstarf hans var kennsla við menntaskólann. Það gegnir furðu, hversu mikið starf liggur eftir þennan mann, þegar tillit er tekið til þess, að hann varð að sinna öðru aðalstarfi. Síðan, eftir að kom fram yfir 1920, fóru að bætast fleiri menn til starfs og voru mjög fáir lengi vel. Tvær stofnanir hafa alllengi starfað að rannsókna- og tilraunastarfsemi í þágu sjávarútvegsins. Fiskideild atvinnudeildar háskólans starfaði alllengi með góðum árangri, og með heildarlöggjöfinni um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965 var henni settur nýr og að nokkru breyttur starfsvettvangur, og heitir hún síðan Hafrannsóknastofnunin. Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands tók til starfa fyrir alllöngu og helgaði sig rannsóknum í þágu fiskiðnaðarins. Þeirri stofnun var einnig breytt með löggjöfinni frá 1965, verksvið hennar fært nokkuð út og starfsgrundvöllurinn bættur, og heitir sú stofnun síðan Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þetta hvort tveggja er vitanlega góðra gjalda vert, og sem betur fer hafa þessar stofnanir báðar þróazt og skilað mjög umtalsverðum árangri, enda þótt seint sé svo, að ekki megi verulega um bæta, og vafalaust sé þannig um þessar stofnanir báðar, að með auknum mannafla og meiri fjárráðum mætti vænta meiri árangurs.

Hitt tel ég, að hljóti að gegna nokkurri furðu, þegar litið er til þess, á hvers konar tæknitímum við lifum, að ekki skuli fyrir löngu vera risin hér á legg þriðja rannsókna- og tilraunastofnunin í þágu sjávarútvegsins, sú stofnun, sem ég hef

leyft mér að kalla Tæknistofnun sjávarútvegsins. Slík stofnun er talin og það fyrir löngu ómissandi hjá flestum öðrum fiskveiðiþjóðum. Í grg. fyrir því frv., sem hér er flutt, er að því vikið, að ýmsar fiskveiðiþjóðir aðrar en við Íslendingar, hafa fyrir löngu komið sér upp slíkum stofnunum, jafnvel hinar fyrstu fyrir fyrra stríð, en mjög margar þjóðir, sem höfðu ekki komið slíkum stofnunum á hjá sér áður, hafa komið þeim á eftir síðari styrjöldina. En við höfum legið þarna algerlega eftir. Það er ekkert efamál, að tæknistofnun, sem starfaði fyrir sjávarútveginn, og væri þess umkomin að vinna að ýmsum þeim verkefnum, sem eftir hafa legið og lítt hefur verið sinnt hér hjá okkur, hefði mjög mikil verkefni. Í fyrsta lagi er á því brýn þörf, að tæknifróðir menn hafi nokkra hönd í bagga, þegar fiskiskip eru smíðuð, hafi hönd í bagga um stærð þeirra, gerð og allan búnað. Hér hefur þetta skort algerlega, og það hefur ekki aðeins skort, að hægt væri að leita til sérfróðra manna um þessi efni, heldur hefur algerlega skort einnig, að hér væri einn aðili, sem teldi það verkefni sitt að safna á einn stað upplýsingum, safna saman reynslu, ef svo mætti segja, reynslu okkar og annarra fiskveiðiþjóða í sambandi við skip, skipastærðir, skipagerðir og hvernig hinar einstöku stærðir og gerðir hafa reynzt við mismunandi veiðar.

Útvegsmenn hafa verið að þreifa sig áfram í þessu efni, en oft og tíðum með ærnum kostnaði, kostnaði sem í sumum tilfellum hefði tvímælalaust verið hægt að lækka verulega, ef slík stofnun eins og ég hér ræði um hefði verið fyrir hendi. Hér er ekki um neinar smáræðisfjárfúlgur að ræða, þegar litið er til þess, hvað nútíma fiskiskip kostar. Til að mynda kosta hin nýjustu síldveiðiskip okkar fullbúin milli 20 og 30 millj. kr. hvert skip. Í öðru lagi væri það verkefni slíkrar tæknistofnunar að fylgjast með og veita leiðbeiningar og kanna eitt og annað í sambandi við tæki margs konar, sem notuð eru um borð í fiskiskipum, bæði öryggistæki, fiskleitartæki og önnur tæki. En á þessu sviði má segja, að sé hjá okkur sama sagan og að því er snertir sjálft skipið. Það hefur ekki verið hér neinn aðili, sem hefur talið það sérstaklega í sínum verkahring að veita forsagnir um þessi tæki, að kanna þau. og afla upplýsinga um þau.

Því var lýst við umr. hér í þessari hv. d. fyrir nokkrum dögum um annað frv., sem fer allmjög í sömu átt og þetta, hversu ásókn seljenda margvíslegra fiskleitar- og öryggistækja er mikil og hvernig þar er oft um stórar fjárhæðir að ræða, og getur verið undir hælinn lagt, hvernig tækin reynast. Hér er þess vegna um mikið verkefni að ræða.

Þá er það önnur hlið þessa máls, að það hefur komið mjög í ljós, og ég held, að ég halli ekki á okkar ágætu sjómannastétt, þó að ég segi það, að þess hefur orðið mjög vart, að menn hafa ekki haft næga aðstöðu til þess að læra á þessi nýju tæki. Það hefur skort á það, þau hafa komið það ört og engin stofnun verið til, sem hefur kennt mönnum á þessi nýju tæki, jafnóðum og þau koma. Það hefur verið mikill misbrestur á því, að skipstjórnarmenn og aðrir hafi haft aðstöðu til þess að læra nægilega vel á tækin. Jafnvel það atriði að setja tækið niður í skip, það er mikið vandaverk og hefur stundum verið misbrestur á, að það hafi verið rétt gert, og sömuleiðis hefur verið misbrestur á því, að menn hafi komizt upp á lag með að meðhöndla þau rétt. Að vísu hefur nú á síðustu árum verið aukin nokkuð kennsla í þessu efni í stýrimannaskólanum, enda alveg bráðnauðsynlegt, en þó væri hitt ekki síður mikils um vert, að fram gæti farið verkleg tilsögn úti á fiskimiðunum að því er snertir meðferð og meðhöndlun margra þessara tækja.

Þriðji þáttur þess verkefnis, sem biði tæknistofnunar sjávarútvegsins, er rannsóknastarfsemi og uplýsingastarfsemi varðandi sjálf veiðarfærin. Þar hafa, eins og kunnugt er, orðið mjög verulegar breytingar á marga lund, og eru stöðugt að verða. Það eru að koma á markaðinn ný efni, margvísleg gerviefni, sem veiðarfæri eru unnin úr, og það hafa orðið stöðugar breytingar á gerð veiðarfæra og stærð. Við höfum orðið fyrir því stundum, að vegna skorts á nægum upplýsingum í sambandi við ný veiðarfæri, sem boðin hafa verið til sölu og mælt mjög eindregið með af seljendum, að þessi veiðarfæri hafa ekki reynzt eins og skyldi a. m. k. ekki við aðstæður hér við land. Dæmi um það skal ég aðeins nefna eitt, og það eru hinar svonefndu hnútalausu herpinætur, sem fluttar voru hingað inn fyrir nokkrum árum, og ég hygg, að það muni hafa verið komnar til landsins um 30 herpinætur af þessari gerð, þegar menn komust að raun um, að þær voru nánast ónothæfar við íslenzkar aðstæður. Og þá var verð hverrar slíkrar herpinótar, ef ég man rétt, um 800 þús. kr. Þetta er aðeins eitt dæmi, ef til vill ekki stærst samt, um mistök, sem orðið hafa beinlínis vegna þess, að það lágu ekki fyrir neinar athuganir á því, hvernig slíkt veiðarfæri, veiðarfæri af nýrri gerð, nýttist hér við land, en mönnum var talin trú um, að þarna væri um sérstaklega álitlega nýjung að ræða, sem svo reyndist ekki vera.

Í fjórða lagi væri það verkefni tæknistofnunar að fjalla um nýjar hugmyndir og uppgötvanir, bæði að flytja hingað til lands vitneskju um nýjustu erlendar uppgötvanir, að því er snertir margvíslega veiðitækni, og jafnframt að prófa íslenzkar hugmyndir, — ég vil segja: hugmyndir að lagfæringum og breytingum á veiðarfærum og veiðitækni og jafnvel nýjar uppgötvanir, sem uppgötvanamennirnir hafa oft og tíðum ekki aðstöðu til, hvorki fjárhagslega getu né aðra aðstöðu til að prófa eins og skyldi. En það hafa oft komið hér fram ýmsar athyglisverðar hugmyndir í sambandi við veiðitækni og lagfæringar á veiðarfærum og öðrum slíkum tækjum fiskiskipa, sem full ástæða hefði verið til að kanna nánar og hefðu þá ef til vill getað gefið jákvæðan árangur. Það er enginn efi á því, að ef hér risi á fót tæknistofnun, sem hefði bæði mannafla og fjármagn til að sinna þessum verkefnum að meira eða minna leyti, þá væri hægt að spara mjög verulegt fé. Þá væri hægt að koma í veg fyrir margvísleg mistök og spara á þann hátt verulegt fé. Jafnframt má gera ráð fyrir, að slík tæknistofnun mundi geta verulega stuðlað að auknum aflabrögðum með því að koma hér á

bættri tæknivæðingu. Enn fremur er ekki ólíklegt, að slík stofnun gæti stuðlað að því, að hægt yrði í sumum tilfellum a. m. k. að spara nokkuð mannafla við hinar ýmsu veiðar.

Eins og ég nefndi í upphafi máls míns, þá mun landbúnaðurinn hafa riðið á vaðið og verið fyrri til en sjávarútvegurinn að koma sér upp margvíslegri leiðbeininga- og tilraunastarfsemi. Það er ekkert nema það bezta um það að segja, að landbúnaðurinn skuli vera tiltölulega vel á vegi staddur í þessum efnum. Hann hefur á að skipa eins og kunnugt er, allmiklum fjölda ráðunauta og leiðbeinenda á mörgum sviðum búnaðarmála. Þetta er vitanlega nauðsynlegt og skal sízt eftir talið. En þarna hefur sjávarútvegurinn greinilega legið eftir, og þar er þó þörfin ekki síður brýn heldur en að því er landbúnaðinn varðar.

Ég hef áður hér á hv. Alþ. vakið máls á þessu efni og gert tilraunir til að fá fram úrbætur í sambandi við þessi mál. Ég hef flutt um það þáltill. á a. m. k. tveimur þingum, þar sem hefur verið svo fyrir mælt í till., að ríkisstj. skuli falið að undirbúa löggjöf um stofnun tæknistofnunar í þágu sjávarútvegsins. Þessar þáltill. hafa ekki náð fram að ganga, og því miður hefur lítið verið gert í sambandi við þetta stóra og brýna hagsmunamál sjávarútvegsins. Þegar lögin um rannsóknir í þágu atvinnuveganna voru endanlega afgreidd héðan frá Alþ. sem lög árið 1965, gerði ég nokkra tilraun til þess að koma að þessari hugmynd um tæknistofnun sjávarútvegsins í sambandi við þá löggjöf, koma henni inn í þá löggjöf. Árangurinn var næsta lítill. Þó var það sett inn í lögin um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, einn liður, þ. e. 6. liður að því er varðar verkefni Hafrannsóknastofnunar, en þar er svo fyrir mælt, að Hafrannsóknastofnunin skuli sinna sumum þeim verkefnum, sem hér eru til umr., og ætlunin er, að því er við flm. þessa frv. leggjum til, að sérstök tæknistofnun leysi. En það segir í 6. lið 17. gr. laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, að Hafrannsóknastofnunin skuli hafa með höndum tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerð fiskiskipa. Því miður hefur það orðið svo sem ég spáði á sínum tíma, að framkvæmdir í þessum efnum hafa ekki orðið ýkjamiklar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Þar mun starfa að þessum málum einn tæknifræðingur og vera tiltölulega nýbyrjaður á störfum. Það má kannske segja, að þetta sé betra en alls ekki neitt, en þó hygg ég, að það muni sannast, að það verður ekki tekið á þessum málum af myndarskap og festu, fyrr en komið verður á fót sérstakri stofnun, sem helgar sig þessum efnum, hefur á að skipa hæfilega miklum og vel menntuðum mannafla og nokkru fjármagni. Ég hef ekki trú á því að stofnun, sem hefur allt önnur aðalverkefni, og menn, sem fyrst og fremst eru menntaðir til þess að sinna þeim, stofnun eins og Hafrannsóknastofnunin, hún hafi tök á því eða forustu um að byggja upp þá nauðsynlegu tæknistofnun, sem okkur vantar, enda hefur hana skort, að því er ég bezt veit, fjármagn til þess að gera það með þeim myndarbrag, sem nauðsyn ber til.

Það frv., sem hér er flutt, frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, á að bæta hér úr að dómi okkar flm. Frv. okkar gengur út á það, að bætt verði við sjöttu rannsóknastofnuninni, henni verði bætt við þær fimm rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna, sem fyrir eru, tæknistofnun fyrir sjávarútveginn. Og ég hef áður gert nokkra grein fyrir þeim verkefnum, sem við flm. teljum að þessi stofnun eigi að hafa með höndum, og skal ekki fjölyrða meira um það, þó að ástæða væri til að fara ef til vill nánar út í einstök atriði, en ef til vill gefst kostur á því síðar. Við hugsum okkur þessa stofnun byggða upp á mjög svipaðan hátt og aðrar þær rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna, sem starfandi eru. Þetta á samkvæmt frv. að vera algjörlega sjálfstæð stofnun, og hún þarf að okkar dómi að hafa allmikið eigið fé til ráðstöfunar. Og það er vafalaust, enda gefur auga leið, þegar maður lítur til þeirra verkefna, sem slíkrar stofnunar bíða, að fjárhag stofnunarinnar má ekki skera allt of mikið við nögl. Það þýðir ekki, ef árangur á að verða af störfum hennar. Verkefnið er svo stórt og fjölþætt, og það hefur dregizt svo lengi að hefjast handa, að það er full þörf á, að það verði gert með nokkrum myndarbrag, þegar til verður tekið.

Ýmis álitamál kunna að vera í sambandi við tilhögun og uppbyggingu slíkrar stofnunar sem hér um ræðir, og um það, sem kynni að þykja álitamál, erum við flm. að sjálfsögðu fúsir að ræða við aðra, sem áhuga kunna að hafa á þessum málum, og athuga, hvað betur mætti fara. Það má einnig segja, að það geti verið og sé nokkurt álitamál, hvernig eigi að afla fjár til þeirrar starfsemi, sem hér um ræðir. Að mínum dómi mætti vel hugsa sér, að sjávarútvegurinn sjálfur legði allmikinn hluta þess fjár fram með einhverjum þeim hætti, sem heppilegastur þætti. Ég er ekki í neinum vafa um það, að fyrir sjávarútveginn mundi það margborga sig og það tiltölulega fljótt að leggja þarna nokkuð og ég vil segja allverulegt af mörkum til þess að byggja upp slíka stofnun sem þessa. Að nokkuð athuguðu máli er þó till. okkar flm. sú, að fjár til rekstursins verði aðallega aflað með sérstökum skatti á innfluttar vörur, þ. e. a. s. ½% sérstökum innflutningsskatti á allar þær vörur, sem eru í 20% tollflokki eða hærri. Og rökin fyrir því, að við leggjum þetta til, eru í stuttu máli þau, að sjávarútvegurinn leggur til mestallar útflutningsafurðir okkar, en útflutningsafurðirnar eða það fé, sem fyrir þær fæst, er vitanlega grundvöllur þess, að við getum flutt inn vörur. Það er því að okkar dómi engan veginn ósanngjarnt, þó að þessi skattlagning komi á innflutninginn í staðinn fyrir útflutninginn. Mér virðist, að ½% af þeim innflutningi, sem þetta ákvæði nær til, eins og það er formað, mundi gefa 7—8 millj. kr. í tekjur á ári. Sú áætlun er að vísu gerð fyrir gengisfellingu og eitthvað mundi það hækka að óbreyttum tollum. Þetta er að vísu nokkurt fé. En hér þarf á verulegu fjármagni að halda, ef verulegs árangurs á að vera að vænta.

Samkvæmt 55. gr. laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna skal framlag ríkissjóðs, beint framlag ríkissjóðs til hinna einstöku rannsóknastofnana aldrei vera lægra en helmingur

þess fjár, sem viðkomandi stofnun fær á annan hátt. Samkvæmt þessu ætti tæknistofnun sjávarútvegsins að geta fengið 11—12 millj. kr. ráðstöfunarfé á ári, ef frv. okkar yrði að lögum. Þetta er að vísu nokkur upphæð, en ég vil ítreka það, að það er sízt of mikið til þess stóra verkefnis, sem hér er um að ræða. Og það er sannfæring mín, að þessi fjárhæð mundi skila sér margfalt aftur og það á tiltölulega mjög skömmum tíma. Hér er svo mikið í húfi, verkefnið, sem hér blasir við, er svo stórfellt, að það er ekki neitt vit í því að ætla sér að spara allt of mikið við slíka stofnun, þegar henni yrði loksins komið á fót, og enn þá minna vit er að sjálfsögðu í hinu, að láta það dragast enn úr hömlu að koma upp stofnun sem þessari. Vitanlega væri bót í því, ef hún kæmist upp, jafnvel þótt hún hefði eitthvað minni fjárráð en þetta allra fyrst, meðan hún er að byggja sig upp, ef svo má segja, en hitt er víst, að það veitti ekki af þessu fjármagni og jafnvel þótt meira væri vegna þess hve verkefnin eru fjölþætt.

Ég vænti þess nú, að hér á hv. Alþ. sé vaxandi skilningur á gildi slíkra tæknirannsókna og slíkrar upplýsingastarfsemi, sem um ræðir í þessu frv. Ég vænti þess vegna, að málið fái góða afgreiðslu hér á hinu háa Alþ. og að eitthvað komi raunhæft út úr þeim málum, sem svo lengi hafa legið, ef svo mætti segja, óbætt hjá garði.

Herra forseti. Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um þetta frv. og sem heild taka undir tilgang þess, og ég er viss um, að ég mæli þar fyrir munn margra, sem eru í þessari starfsgrein, þ. e. a. s. sjávarútveginum, að nauðsyn á slíkri stofnun sem það gerir ráð fyrir hefur fyrir löngu sagt til sín. Það verður að segjast eins og það er, að með þeim lögum, sem vitnað var í að voru samþykkt hér 1965, 10. maí, þá áttum við von á því, að verulegur skriður yrði á vissum þáttum rannsókna í þágu útvegsins, sérstaklega fisköflunar og veiðarfæra, en sá skriður hefur látið standa á sér, og ég get talað af eigin raun, því að ég sit í stjórn annarrar stofnunarinnar, að hann mun varla verða leystur úr læðingi á næstunni, einfaldlega af því, að í þessum stofnunum, Hafrannsóknastofnuninni og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eru, eins og hv. fyrri flm. gat hér um áðan, 5. þm. Reykn., eru fyrst og fremst vísindamenn. Það eru fyrst og fremst vísindamenn, ágætismenn á sínu sviði, en spanna ekki það svið, sem þetta frv. fer út á, og það svið, sem við höfum fundið fyrir að vantaði í heildina, þannig að við náum þeim árangri, sem eðlilegur er. Á ég þar fyrst og fremst við veiðitæknirannsóknir almennt séð og kynningu nýjunga í fiskiðnaði, á tækjum og vinnsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra, einnig raunhæfa aðstoð við leiðbeiningar við fiskiðnaðinn og undirbúning að byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðarins. En þessi þáttur, sem ég nefndi nú seinast, hefur verið að mestu leyti í höndum hinna einstöku samtaka fiskvinnslunnar, t. d. S. Í. F., sem hefur haft sérstakan verkfræðing, Sölumiðstöðin líka, og svo mætti víst lengi telja. Sem heild hefur þetta ekki verið þannig skipulagt, að við höfum fengið þann árangur sem er mjög nauðsynlegur og vægast sagt eðlilegur hjá þjóð, sem á mikið undir fiskveiðum, öflun og úrvinnslu.

Ég gæti persónulega gert smáathugasemdir við sumt í þessu frv., sérstaklega í grg., m. a. þar sem stendur, að engin þessara skipa muni henta til togveiða nema með miklum og kostnaðarsömum breytingum. Ég vildi nota þetta tækifæri almennt séð og segja, að hér er um misskilning að ræða, vegna þess að öll þessi skip geta verið togskip með góðum árangri, þegar það hefur verið settur í skipin gálgi að aftanverðu. Slík breyting mundi kosta sennilega í dag á hvert þessara skipa, sem hér um ræðir frá 200—500 þús. kr. Og það út af fyrir sig er ekki mikil breyting, þegar við sjáum, að aðeins heil nót í dag á umrætt skip kostar frá 1600000 kr. upp í 2 millj. á gamla genginu, en mun nú stökkva upp undir 3 millj. eftir gengisbreytinguna. Þessi skip hafa öll mjög sterka vindu, og fremri gálgi er til staðar. Aðra breytingu þarf ekki, nema sérstakan gálga að aftan. Hitt er svo annað, mál, eins og ræðumaður kom inn á hér á undan mér, að rannsókn á breytingum og fyrirkomulagi hefur ekki verið fyrir hendi, hvorki varðandi skipin sjálf, útbúnað í lestum m. a. og veiðarfæri sem slík. Hann nefndi réttilega dæmið um hnútalausu næturnar, sem kostuðu útgerðina nokkra tugi millj. bara í beinum innkaupum plús alla þá hörmung, sem leiddi af veiðitapinu, því að skipin voru að berja með þessi veiðarfæri á síldveiðunum í nokkrar vikur án þess að ná nokkrum árangri, og varð svo að leggja veiðafærin upp.

Eitt er mjög þýðingarmikið og kemur til með að skipta sköpum um rekstur útvegsins nú í framtíðinni, og það er sú þróun tækja, sem sett er í bátana, hvaða gildi það hefur til að fækka mannskap. Engin skipuleg rannsókn hefur farið fram á því, önnur en sú, sem hver og einn reynir, að það má fækka mannskap um einn eða tvo, jafnvel þrjá, með auknum tækjaútbúnaði og betra fyrirkomulagi. Hins vegar eru kjarasamningar fastir og ekkert hægt að gera, og þar af leiðir, að aukin kostnaður við tæki færir yfirleitt ekki neinn ávinning gagnvart útgerðarhliðinni, en léttir á heildarskipshöfn verulega. Margir bátar í dag gætu fækkað um tvo, jafnvel þrjá menn, án þess að rýra aflamöguleika sem neinu næmi. Það er því mjög mikilvægt, að til væri hlutlaus stofnun, sem fylgdist með slíkri þróun og gæfi um það óvilhallar skýrslur, hvað hægt væri að komast af með mannskap í þessu tilfelli. Venjulega eru á skipunum 12 eða 14 menn, en þegar búið er að setja á skipin þverskrúfu, dælu og ýmislegt fleira, þá má örugglega fækka um tvo.

Það hefur verið rætt hér um gerð veiðarfæra, og það líður varla sá mánuður, að ekki sé boðið eithvað nýtt í því efni, og okkur er sagt, að þetta sé jafnan bót, í hvert skipti sem það kemur fram, og umboðsmaðurinn heldur fram sinni vöru, eins og vitanlegt er, og reynslan ein á eftir að segja okkur til um það, sem notum veiðarfærin, hvort hér hefur tekizt betur til eða ekki. Hér er afar þýðingarmikið verkefni fram undan, og ég vil taka það fram í þessu sambandi, að þó að ég

hafi flutt hér áður frv. um breyt. á lögum um fiskveiðisjóð og tæknideild við hann, þá er það miklu þrengra svið og fyrst og fremst sem gagnasöfnun og leiðbeiningar við að kaupa skip og útbúa skip, en ekki við reksturinn sem slíkan nema að takmörkuðu leyti. Ég mundi því segja, að frv. mitt og þetta frv. styddu hvor annað, en drægju ekki úr gildi þeirra, eins og kannske einhverjum hv. þm. mundi virðast.

Um tekjumöguleikana til að standa undir slíkum rekstri mætti segja mikið, en hvort það er rétt að láta innflutninginn bera það einan út af fyrir sig, skal ég ekki segja um. En það er nauðsynlegt, að svona stofnun hafi nægilegt fjármagn, annars missir hún tilgang sinn og verður ekki að því gagni, sem nauðsynlegt er.

Ég vil taka að lokum undir það, að þetta frv. fái góðan framgang, því að nauðsyn þess, að slík stofnun komist á, er ótvíræð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 66., 67. og 68. fundi í Ed., 5., 7., og 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 12. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 74, n. 336 og 337).

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur haft þetta frv. til meðferðar á nokkrum fundum, og hefur ekki verið neinn ágreiningur um það í n., að hér væri um mikið nauðsynjamál að ræða, að auka rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Eina atriðið, sem ágreiningur var um í n., var, hvaða leið væri hentugust í því máli, hvort við ættum að auka við enn nýrri stofnun með þeim kostnaði, sem því fylgir að setja á stofn nýtt ráð með nýjum starfsmönnum eða hvor við ættum að láta þetta hlutverk vera í höndum Fiskifélags Íslands, sem er fúst til að vinna að málinu og hefur þegar aukið starfsemi sína í þessa átt.

Ég geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi þegar lesið nál. á þskj. 337, og þar er endurtekin í aðalatriðum allýtarleg umsögn frá stjórn Fiskifélagsins, sem eins og sjútvn. öll er málinu mjög hlynnt, en telur hentugast, að að því verði starfað innan Fiskifélagsins og í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina. Við í meiri hl. álítum, að í þessum höndum verði málinu vel borgið, og leggjum þess vegna til, að a. m. k. fyrst um sinn verði haldið áfram að vinna að þessum málum í sama anda og hingað til, eða réttara sagt af sömu aðilum í embættiskerfi ríkisins. Við viljum hins vegar að sjálfsögðu ekki sýna frv. neina óvinsemd og viljum þess vegna ekki fella það, heldur leggjum við til, að því verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar eð Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunin hafa hafið tilraunir og leiðbeiningastarfsemi af því tagi, sem í frv. greinir, og í trausti þess, að sú starfsemi megi vaxa og dafna, telur d. ekki ástæðu til að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vona, að hv. þd. geti fallizt á þessa till. okkar um afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Enda þótt sjútvn. gæti ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, sé ég ástæðu til þess að þakka samnm. mínum í n. fyrir það í fyrsta lagi að hafa lagt nokkra vinnu í að athuga þetta mál og hafa afgr. málið. Það kann nú að virðast svo, að það sé ekki sérstaklega þakkarvert, þó að n. afgreiði á síðari hluta þings mál, sem til hennar er vísað allsnemma á þingi. En við könnumst ákaflega vel við þau vinnubrögð, sem hér hafa tíðkazt og það í vaxandi mæli á seinni tímum, þó að þau eigi gamlar rætur, að mál, sem þm. stjórnarandstöðunnar flytja, hversu snemma á þingi sem er og hversu merk mál sem eru, eru gjarnan látin liggja í n. allan þingtímann og ekki afgreidd. Þetta er ósiður, sem æskilegt væri að hægt yrði að losna við í þinghaldinu, og ég sé þess vegna sérstaka ástæðu til að flytja meðnm. mínum í sjútvn., einnig þeim, sem voru mér ekki sammála um afgreiðslu málsins, þakkir fyrir að hafa afgreitt það, og ég vil mega vænta þess, að það sé vottur um breytt og bætt vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu mála.

Eins og hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir, varð n. ekki sammála um það, hvernig ætti að afgreiða þetta mál. Hins vegar var í rauninni hið bezta samkomulag um, að mikil nauðsyn væri á verulegum auknum aðgerðum í sambandi við það að byggja upp tækniaðstoð fyrir sjávarútveginn. Menn viðurkenndu allir í n., að þau mál væru of skammt á veg komin. Meiri hl. taldi hins vegar, að það væru ekki rök fyrir því að svo stöddu a. m. k. að setja á fót nýja stofnun til að sinna þessum málum, og leggur til, að með tilliti til þess byrjunarstarfs, sem hafið er hjá Fiskifélaginu í þessum efnum, verði frv. að þessu sinni a. m. k. vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Minni hl. taldi hins vegar, að hér væri um svo stórt og veigamikið mál að ræða, að það yrði að taka miklu fastari tökum en gert hefur verið til þessa og það væri tæplega við því að búast, að á vegum Fiskifélagsins yrði þessum málum sinnt svo alhliða sem þörf væri á, a. m. k. ekki nema þá því aðeins að Fiskifélaginu væri gert það kleift, sennilega þá með nýrri löggjöf, a. m. k. með verulegum fjárveitingum til þeirra starfa.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um verkefni þau, sem liggja fyrir í sambandi við tæknirannsóknir fyrir sjávarútveginn. Bæði er allýtarlega að því vikið í grg. fyrir þessu frv., og sömuleiðis ræddi ég það nokkuð ýtarlega í framsöguræðu minni fyrir frv. hér í haust. En í stuttu máli teljum við flm. og sömuleiðis við, sem skipum minni hl. n., að hér sé um svo viðamikið verkefni að ræða, hér séu svo miklir fjármunir oft og tíðum í húfi, að það verði ekki fullt gagn af tæknistuðningi við sjávarútveginn, nema tiltölulega sjálfstæð stofnun, sem hefði yfir verulegu fjármagni að ráða, tæki þessi mál öll sérstaklega í sínar hendur eða hefði a. m. k. yfirumsjón með þeim. Vissulega mætti vel hugsa sér til að mynda að fela Fiskifélagi Íslands og Hafrannsóknastofnuninni tiltekna hluta þeirra verkefna, sem um ræðir í þessu frv., en það er

ekki við því að búast, að þessar stofnanir eða aðrar, sem fyrir eru, taki að sér slík verkefni í stórum stíl án þess að fá aukið fjármagn og bætta aðstöðu til að sinna þeim. Ég tel, að hér sé um svo stórt mál að ræða, hér sé um að ræða í mörgum tilfellum svo stórar fjárhæðir, sem ýmist gætu sparazt eða komið inn í þjóðarbúið á annan hátt fyrir tilstuðlan tæknistofnunar, að það sé ekkert áhorfsmál að verja nokkrum fjármunum nú hið allra fyrsta til þess að koma slíkri stofnun á fót. Þetta töldum við flm. og við í minni hl. í sjútvn. líklegast til verulegs árangurs í þessu efni. Og ástæðan er, eins og ég sagði, að verkefnin, sem bíða í þessum efnum, eru svo margvísleg, þau eru svo stór í sniðum og svo fjölþætt, hér eru svo miklir fjármunir í húfi, að við teljum, að það hljóti að margborga sig þjóðhagslega séð að leggja rækt við að kom upp sjálfstæðri stofnun til þess að sinna þessum margvíslegu verkefnum.

Ég vil aðeins í sambandi við þetta mál rifja það upp, hver þau verkefni eru, sem við flm. frv. leggjum sérstaka áherzlu á, að sinnt verði af tæknistofnun sjávarútvegsins, ef sett yrði á laggirnar.

Það er í fyrsta lagi að hafa eftirlit með fiskiskipunum sjálfum, stærð þeirra og gerð, og í því efni að afla upplýsinga um reynslu okkar sjálfra og annarra þjóða í sambandi við stærð og gerð fiskiskipa. Í þessu efni hafa útgerðarmenn orðið að þreifa sig áfram, oft með ærnum kostnaði, þar sem m. a. er um tiltölulega einfalda hluti að ræða eins og skýrsluöflun og upplýsingastarfsemi bæði innanlands og utan, hún hefur öll verið í molum í þessu efni.

Í öðru lagi þyrfti slík tæknistofnun að fjalla um sjálf tækin, sem í skipunum eru, bæði öryggistæki, fiskleitartæki o. s. frv., og hafa forsagnir um kaup á þeim og meðferð þeirra.

Í þriðja lagi eru það hin margvíslegu veiðarfæri, þar sem miklar og stórfelldar breytingar verða með hverju ári, stöðugt koma fram ný efni, sem notuð eru í veiðarfæri, og jafnvel nýjar gerðir veiðarfæra. Þarna er um að ræða stöðugar breytingar, og vissulega þarf einhver tiltekin stofnun að hafa það sérstaka hlutverk að fylgjast þarna með, prófa nýjungar, innlendar og erlendar, og gefa ýmsar upplýsingar um það, hvað talið er að henti hér, og jafnvel hafa uppi tilraunir með ný veiðarfæri eða nýjar gerðir af veiðarfærum. Þá koma og fram, bæði innanlands og utan, alltaf öðru hverju nýjar hugmyndir og uppgötvanir í sambandi við sjósóknina og við það að ná fiskinum á land, og hér þarf einnig að vera til staðar stofnun til þess bæði að hagnýta erlendar uppgötvanir, prófa þær við íslenzkar aðstæður og einnig prófa íslenzkar hugmyndir í sambandi við veiðitækni. Ég læt nægja að benda á þessi atriði, en skal ekki fara nánar út í það.

Það ætti að vera ljóst af því, sem nú er sagt, að hér er um geysistór verkefni að ræða og miklar fjárhæðir, og þess er vitanlega ekki að vænta, að á mjög skömmum tíma verði hægt að koma upp stofnun, sem sinnti öllum þessum verkefnum til fullrar hlítar. En ég hygg, að það sé meira en tími til kominn að sinna þeim málum meira en gert hefur verið og hefjast handa um að sameina þessar rannsóknir hjá einum aðila. Það gæti vissulega sparað mikið fjármagn og komið í veg fyrir margvísleg mistök.

Ég skal svo láta máli mínu lokið um þetta efni, þótt margt megi í rauninni fleira um það segja. Ég vil að síðustu leggja á það áherzlu, að þetta er stórt mál, og ég tel, að í framtíðinni geti ekki verið um aðra lausn þess að ræða, sem fullnægjandi sé, heldur en þá, að sérstök stofnun, sem telji það sitt verkefni fyrst og fremst að sinna þessum málum, hafi þau með höndum. Hitt er annað mál, að með auknum fjárveitingum og bættri aðstöðu mætti sjálfsagt til bráðabirgða gera eitthvað allverulegt að gagni með því að efla til að mynda Fiskifélagið og Hafrannsóknastofnunina til þess að sinna tilteknum hluta þessara verkefna meira en þær hafa gert, og vissulega er ég ekki andvígur því. En það er alveg ljóst, að til þess að eitthvað raunhæft verði aðhafzt í þessum málum, sem um munar, þarf aukna fjármuni til þeirra og bætt skipulag frá því, sem nú er, en þar er tvímælalaust um að ræða fjármuni, sem ættu að skila sér fljótlega og það margfaldlega.

Ég vona, að með flutningi þessa frv. hafi a. m. k. verið hægt að vekja áhuga á því og minna á það, að hér er um stórmál að ræða, sem þolir ekki langa bið, ef við eigum ekki enn að verða fyrir stórtjóni vegna skorts á upplýsinga- og rannsóknastarfsemi á þessu mikilvæga sviði. Við höfum þegar tapað tvímælalaust mjög miklum fjármunum við það að hafa ekki sinnt þessum málum betur en gert hefur verið, og spurningin er nú sú, hversu miklu við ætlum að tapa enn með því að bíða að hefjast myndarlega handa. Það þyrfti að vera sem allra minnst úr þessu. Og ég er ekki í neinum vafa um, að með því að samþykkja þetta frv. mundi málinu bezt borgið.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 337 samþ. með 11:8 atkv.

2. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. JÁH).

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 75 13. maí 1966 [58. mál] (þmfrv., A. 70).

Á 19. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Með flutningi á frv. til l. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 75 frá 13. maí 1966, vil ég leggja til, að við sjóðinn verði stofnuð tæknideild.

Þetta er nýtt svið, sem fitjað er hér upp á, en margir fiskiskipakaupendur hafa mjög oft lent í vanda með að velja um tæki í skip sín vegna þeirrar öru þróunar, sem verið hefur undanfarin ár í þessum efnum. Íslenzkir útgerðarmenn hafa verið mjög vakandi um að fylgjast með í tækniþróun veiðitækja, en það er ofvaxið flestum eða öllum að geta dæmt réttilega um gildi allra þeirra tegunda, sem í boði eru. Hér er um háþróuð og nákvæm tæki að ræða, sem sannarlega þarf sérþekkingu til að meta vel og ýkjulaust. Á hinn

bóginn er það alkunna, að sölumenn og umboðsmenn eru ákafir við sölu vara sinna og nota til þess ýmisleg orð, sem er ekki alltaf víst að séu í fullu samræmi við sannleikann um gæði og reynslu. Notendur hér fá einnig mjög misjafnlega þjónustu, og það er ekki óalgengt, að umboðsmaður tækis þekki sjálfur sáralítið eða jafnvel ekkert til á því sviði, sem tækið á að vinna á.

Það er alkunna, að íslenzkir skipstjórnarmenn hafa verið furðulagnir á að notfæra sér gildi flestra hinna nýju veiðitækja. Engu að síður hafa átt sér stað mjög alvarleg mistök um val tækis eða tækja, sem kostað hafa viðkomandi stórfé og vandræði, sem aftur hafa leitt til vanskila og erfiðleika, sem annars hefðu ekki komið til, ef val og frágangur hefðu verið eins og bezt átti að vera. Ég gæti nefnt um þetta alvarleg dæmi, en tel það ekki rétt á þessu stigi. Hitt á að vera öllum ljóst, að það er mannlegt að skjátlast, en það á að læra af reynslunni og forðast að halda áfram að gera svona mistök ár eftir ár. Þegar það er haft í huga, að í langflestum tilfellum verða kaupendur eða útgerðin að bera tjónið af eigin rammleik, verður það að teljast eðlilegt, að eitthvað sé gert til þess að afstýra slíku.

Nú má segja, að allt slíkt ætti að vera í höndum einkaaðilanna sjálfra, en þegar það er haft í huga, að verðmæti hinna ýmsu tækja í nútímafiskiskipi nálgast 10—12 milljónir, er eðlilegt, að aðallánastofnun skipanna hafi hönd í bagga með ráðleggingu um val, þótt hún ákveði ekki upp á einsdæmi valið til þess að baka sér ekki neina kvöð. Hér yrði sem sagt um aðstoð við val að ræða, byggða á hlutlausum upplýsingum um gildi, verð og reynslu. Margoft hafa útvegsmenn og skipstjórnarmenn látið í ljós von um slíka aðstoð, en ekki fengið áheyrn. Á sínum tíma réð þó Fiskifélag Íslands vélfræðiráðunaut, sem að flestra eða allra dómi gerði mikið gagn við val og útbúnað véla. Þessi starfsemi lá niðri í mörg ár, en hefur verið tekin upp af Fiskifélagi Íslands, en nú í breyttu formi, þ. e. a. s. þeir hafa nú rafmagnsverkfræðing, er gefur upplýsingar og leiðbeiningar um ýmisleg rafeindatæki í skipunum. Enginn vélfræðingur er nú til þjónustu, svo að ég viti.

Fiskveiðasjóður hefur eftir lagabreyt., sem í upphafi var vitnað til, fengið nýja stjórn, og hafa núverandi stjórnarmenn sýnt þessu máli meiri áhuga og fundið í starfi sínu vel fyrir vandræðum þeim, sem af mistökum við val tækja hefur leitt yfir suma útvegsmenn, og þörf fyrir svona tækniþjónustu og leitað til einkaaðila um aðstoð. Það út af fyrir sig er lofsvert, en ég tel það hvergi nærri fullnægjandi. Fiskveiðasjóður hefur ekki skipt sér af tækja- eða vélakaupum í fiskiskipin, en ég tel, að það skipti sjóðinn miklu máli, að vel takist til um allt í skipið, svo að rekstur þess verði sem öruggastur og bilanir verði í lágmarki. Það mun stuðla að betri skilum á öllum skuldbindingum útvegsmanna við sjóðinn, og ekki mun af veita, því að óhemjuskuldir eru nú við Fiskveiðasjóð Íslands. Þeir einkaaðilar sem stjórn fiskveiðasjóðs hefur nú haft samráð við um skipakaupin, hafa farið yfir gerða samninga og bent á, hvað betur mætti fara við útbúnað og frágang í væntanlegu skipi. Ekki veit ég, hvort þeir hafa verulega athugað um verð eða gert sérstaka athugun á kostnaðarliðum hinna ýmsu tækja, en slíkt er einnig nauðsynlegt að mínu áliti til þess að komast að sem beztri niðurstöðu um val og gildi tækjanna.

Það er ætlun mín með flutningi þessa frv., að tæknideild verði sett á stofn við Fiskveiðasjóð Íslands. Tilgangurinn á að vera margvíslegur, en fyrst og fremst skal hann safna gögnum um reynslu tækja, er keypt eru í fiskiskipin og togarana, og halda verðskrá um þau efni. Hér þarf að koma á fót föstu kerfi með upplýsingum í þessu skyni og hafa þær jafnan tiltækar, er væntanlegur kaupandi skips kemur til viðræðna við forstjóra fiskveiðasjóðs um lán og möguleika um kaup á nýju skipi. Þetta er alger stefnubreyting um undirbúning á kaupum á fiskiskipi. Venjulega hafa kaupendur farið beint í einhvern umboðsmann og óskað eftir því, að hann útvegaði skip af einhverri vissri stærð og með svo og svo miklum útbúnaði. Þetta hefur umboðsmaður tekið að sér að gera og raðað í skipin, stundum í samkomulagi við væntanlegan kaupanda, stundum jafnvel ekki. Verðið hefur verið samkomulagsatriði og það sýnir sig mjög alvarlega, að verð á tonn í fiskiskipunum er afar misjafnt og undarlega hátt í sumum tilfellum. Einnig hefur það þráfaldlega komið fyrir, að mjög háir aukareikningar hafa komið fram við lokauppgjör í skipasmíðastöðinni, og þá er ekki annað að gera fyrir fiskveiðasjóð en að samþykkja aukalán, því að ella væri skipið ekki leyst út. Alla aukareikninga þarf að afnema, því að það er staðreynd, að margar skipasmíðastöðvar bjóða mjög hagstæða samninga í upphafi, en ekki nægilega vel útfærða fyrir okkar kröfur, en bæta síðan aukareikningum við eftir beiðni kaupanda, sem sér, að í samning hefur vantað hitt og þetta, er hann ætlaði með í upphafi. En einmitt á þessum aukareikningum græða stöðvarnar mest, og kaupandi hefur ekki mikla möguleika á að malda í móinn, ef hann vill fá breytingu frá gerðum samningi. Fyrir svona nokkuð þarf að taka og það sem fyrst. Við Íslendingar höfum verið nógu mikil tilraunadýr fyrir erlenda aðila í skipasmíði og meðferð ýmiss konar tækja. Þeim tíma verður að vera lokið, og með stofnun tæknideildar, eins og flm. hugsar sér hana, er stigið verulegt skref, til þess að íslenzkir hagsmunir sitji í fyrirrúmi við útbúnað í veiðiskip okkar, en ekki sölumennska og gróðahyggja erlendra aðila.

Það er alkunna, að ekki mun tækniþróun á sviði rafeindatækja eða annars veiðiútbúnaðar stanza, heldur eru allar líkur á því, að verulegt átak sé framundan einmitt í þessum efnum. Þær fregnir berast nú hingað að Rússar setji óhemjufjármagn í sinn veiðiflota, og eins eru Bandaríkjamenn og Kanadamenn að hefjast handa um stórfelldar endurbætur hjá sér á sínum veiðiflota. Þetta mun hafa í för með sér, að geysilegu fjármagni verður varið til rannsókna og framleiðslu á nýjum tækjum og vélum til fiskveiða af þessum stórþjóðum, og það er lífsspursmál fyrir okkur Íslendinga að geta fylgzt með þeirri þróun, sem er að gerast á þessu sviði hjá öðrum þjóðum, og að við hagnýtum hana eftir beztu getu, að fengnum réttum og hlutlausum upplýs-

ingum um gildi nýjunga á þessu sviði. Hér er óþrjótandi verkefni fyrir tæknimenntaða menn hjá okkur. Þetta starf, þótt kosti nokkur hundruð þús. á ári, mun áreiðanlega gefa margfalt af sér, sé það vel af hendi leyst.

Það er hörmulegt, hvað við setjum lítið fjármagn í tilraunir og athugun á bættri meðferð fisks og tækja til þess að afla hans. Það ætti að vera okkur nokkurt metnaðarmál að leggja fram sæmandi upphæð í því skyni. Nú mun eigið fé fiskveiðasjóðs vera yfir 800 milljónir og næstum allt komið frá útveginum sjálfum. Ekki væri goðgá að hugsa sér, að sjóðsstjórnin fórnaði nú 1‰ — aðeins 1‰ á ári í umrædda starfsemi, eða um 800 þús. kr. af eigin fé sjóðsins Ég er viss um, að sú upphæð, þótt sáralítil sé, mundi skila sér vel til hans aftur í betri afkomu bátaflotans og greiðari greiðslum af lánum. Það er rétt að fara af stað rólega, en markvisst með svona nýbreytni. Ef tæknideildin verður stofnuð, sem ég vænti að hv. þm. taki undir, mun hún einnig geta verið íslenzkum skipasmíðastöðvum til mikillar hjálpar, og ekki mun af veita að rétta þeim margvíslega aðstoð í einni eða annarri mynd. Þær eiga í harðri samkeppni við erlendar stöðvar, sem eru miklu betur búnar að tækni og hafa auk þess aðgang að upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að geta tekið sem réttastar ákvarðanir við val efnis og tækja. Hér mundi vera mjög þýðingarmikið verkefni fyrir tæknideild Fiskveiðasjóðs Íslands að vinna fyrir hinn unga iðnað í stálskipasmíði á Íslandi, — verkefni, er ég treysti á, að allir hv. þm. telji nauðsynlegt að framkvæmt verði. Mér er þó ljóst, að með þessu er ekki fengin endanleg lausn á því mikla vandamáli við val og gerð veiðiskipa. En hér er stigið spor fram á við, sem mun örugglega stuðla að betri og hentugri ákvörðunum við val vélbúnaðar og tækja og þá um leið tryggja betri rekstrarútkomu hjá útgerð, en í dag er það einmitt höfuðverkur hæstv. ríkistj. að leysa úr þeim vanda og jafnframt að tryggja verkefni fyrir skipasmíðastöðvar.

Ég sagði áðan, að rétt væri að fara rólega af stað og gera sér grein fyrir, hvernig bezt er að standa að svona nýbreytni. En eitt af fyrstu verkefnum tæknideildar yrði vafalaust að safna saman yfirliti um vélbúnað og tæki hins íslenzka veiðiflota, en það er hvergi til í dag, einnig að safna saman reynslu um notkun tækjanna, og þegar þetta er komið, á að veita mönnum upplýsingar um, hvernig til hafi tekizt. Mikil endurnýjun tækja á sér stað á hverju ári, og mega allir sjá, að það skiptir máli, að vel takist til einnig þá. Hér gæti tæknideildin komið mönnum vel að liði. Svo er vandamál með útvegun á varahlutum. Í hverju skipi eru hlutir, sem enginn umboðsmaður er fyrir hér á landi, og eins þótt umboðsmaður sé hér fyrir viðkomandi tæki, hefur hann oft og tíðum ekki liggjandi varahluti og tekur mjög oft langan tíma að komast í samband við seljanda varahluta erlendis. Væru fyrir hendi upplýsingar um framleiðanda tækisins frá tæknideildinni, má vænta þess, að allur tími í varahlutaútvegun styttist verulega, ef umboðsmaður er ekki til hér á landi.

Ég vil nú í örstuttu máli skýra frá, hvernig innflutningur á fiskiskipum hefur verið frá 1961.

Árið 1961 komu 7 stálskip, samtals 859 tonn brúttó, á 44 millj. 670 þús. kr. og sama ár 4 eikarskip, samtals 345 t. br., á 19 millj. 308 þús., fiskiskipin 1961 samtals 63 millj. 978 þús. og 1204 rúmlestir. Árið 1962 komu 7 stálskip 1171 t. br. á 53 millj. 764 þús. kr. og 2 eikarskip 285 t. br. á 14 millj. 599 þús., fiskiskipin samtals 1962 á 68 millj. 363 þús. og 1456 rúmlestir. Árið 1963 komu 23 stálskip, samtals 4699 t. br., á 221 millj. 906 þús. og 8 eikarskip, samtals 725 t. br., á 55 milljónir 385 þús., fiskiskipin 1963 á 277 millj. 291 þús. og 5424 rúmlestir. 1964 komu 29 stálskip, samtals 7536 t. br., á 355 millj. 57 þús. kr. og 3 eikarskip 392 t. br., á 25 millj. og 900 þús., fiskiskip samtals 7228 rúmlestir fyrir samtals 381 millj. 475 þús. 1965 komu aðeins 10 stálskip, samtals 2525 tonn, á 116 millj. og ekkert eikarskip. Árið 1966 komu 11 stálskip á 180 millj. 361 þús., samtals 3245 t. br. Og til þessa dags í dag hafa 1967 komið 20 stálskip á 5850 t. br., að verðmæti um 340 milljónir.

Á þessu yfirliti sést, að margir tugir fiskiskipa hafa verið keyptir, án þess að nokkur sérstök aðstoð við kaupin væri fyrir hendi varðandi vélbúnað og tækjaval. Verðmæti skipanna er um 1 milljarður og 430 milljónir. Verður það ekki að teljast eðlilegt að aðstoða menn við val tækja, er nema svo stórum upphæðum?

Ég hef nú drepið á það helzta í sambandi við þýðingu tæknideildar, eins og ég hef hugsað mér, að hún geti orðið. Vafalaust er margt fleira, sem slík deild gæti gert fyrir íslenzka veiðiflotann og íslenzkar skipasmíðastöðvar, en það mun tíminn leiða í ljós. Það er sannfæring mín, að hér sé stigið jákvætt spor til eflingar íslenzku atvinnulífi og það á að vera létt val að veita slíku liðsinni. Ég vænti þess, að hv. þd. samþykki frv. til 2. umr. að lokinni þeirri 1., og legg til, herra forseti, að vísa málinu til sjútvn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til 1. umr., snertir mjög merkilegt og yfirgripsmikið mál, sem full ástæða er til að gefa rækilega gaum. Ég tel ástæðu til að vekja á því athygli til viðbótar við það, sem hv. flm. hefur þegar gert, að hér er hreyft mjög brýnu stórmáli.

Það er enginn efi á því, að ef við ætlum ekki að dragast stórlega aftur úr, og verða eftirbátar annarra í sambandi við sjávarúveg, hljóta tæknirannsóknir og tækniaðstoð að verða mjög mikill og vaxandi liður í uppbyggingu íslenzks sjávarútvegs. Það má í rauninni heita furðulegt, að þetta mál, tæknileg aðstoð til handa íslenzkum sjávarútvegi, skuli ekki vera í rauninni komið á neinn teljandi rekspöl enn í dag. Það er furðulegt, þegar tillit er tekið til þess, hversu mikil fiskveiðiþjóð við höfum verið og verðum væntanlega í framtíðinni. Það er furðulegt með tilliti til þess, að á undanförnum árum og áratugum hefur verið tími mikillar uppbyggingar og mikilla tækniframfara í sambandi við fiskveiðar almennt og hér hjá okkur sömuleiðis, að þessi mikilvægi þáttur, tæknileg aðstoð á margvíslegu sviði sjávarútveginum til handa, skuli hafa legið og liggja enn svo mjög eftir sem raun ber vitni. Hér hefði vissulega verið mikil þörf á, að sérstök tæknistofnun hefði fengið að þróast á umliðnum árum.

Hefði til að mynda í lok síðustu styrjaldar, þegar við fórum að endurnýja okkar skipaflota, bæði togaraflotann og fiskiskipaflotann að öðru leyti, verið sett á laggirnar slík tæknistofnun og fengið að þróast með eðlilegum hætti, þori ég að fullyrða, að við hefðum fyrir tilverknað þeirrar stofnunar sparað milljónatugi og hagnazt beint og óbeint um hundrað millj. á þeim tíma, sem síðan er liðinn. Það er þess vegna orðið næsta brýnt og meira en það, það er orðið knýjandi nauðsyn, vil ég segja, að þessum málum sé sinnt af fullri alvöru og það verði nú tekið föstum tökum að koma hér upp sem fullkomnastri tækniþjónustu fyrir sjávarútveginn. Ef við aðeins lítum á það, hvernig landbúnaðurinn hefur byggt upp margvíslega þjónustustarfsemi í sínum greinum, margvísleg störf ráðunauta í sambandi við hinar ýmsu greinar landbúnaðar, gegnir það vissulega, eins og ég sagði, mikilli furðu, hvað sjávarútvegurinn hefur legið eftir í þessu tilliti. Þetta hafa að vísu ýmsir séð á undanförnum árum, og slíku máli sem þessu hefur svo sem verið hreyft áður, en því miður hefur það ekki borið nægilegan eða æskilegan árangur fram til þessa.

Í sambandi við þessi mál vil ég leyfa mér að minna á það, að ég hef á allmörgum undanförnum þingum hreyft þessu stóra máli á einn eða annan hátt. Á þinginu 1963 flutti ég þáltill. um, að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um tæknistofnun sjávarútvegsins, sem hefði þessi verkefni, sem hér um ræðir, og raunar öllu víðtækari en lagt er til með þessu frv. Ég endurflutti þessa þáltill. á þinginu 1964. En í hvorugt skiptið hlaut till. afgreiðslu. Því miður fékk þetta mál helzt til daufar undirtektir hér á hv. Alþingi með tilliti til þess, hversu mikilvægt það er. Þó vil ég geta þess, að þáverandi fiskimálastjóri, sem þá var einnig alþm., tók mjög eindregið undir það í sambandi við umr. um þetta mál, annaðhvort á þingi 1963 eða 1964, að það væri orðin full nauðsyn á löggjöf í sambandi við tækniaðstoð til handa sjávarútveginum. En að öðru leyti varð ég fyrir verulegum vonbrigðum að því er snerti undirtektir hv. alþm. og þá sérstaklega hv. stjórnarþm. og hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál þá.

Þegar lög um rannsóknir í þágu sjávarútvegsins voru hér til lokaafgreiðslu á þinginu 1965, freistaði ég þess að fá inn í þá löggjöf ákvæði um stofnun sérstakrar tæknideildar til handa sjávarútveginum. Það fékkst ekki fram. Hins vegar var sett inn í þá löggjöf ákvæði þess efnis að eitt af verkefnum Hafrannsóknastofnunarinnar skyldi vera það að veita vissa, takmarkaða tæknilega aðstoð í sambandi við fiskiskip og veiðarfæri og annað, sem snertir útbúnað fiskiskipa. Það hefur því miður ekki orðið mjög mikill árangur af þessu enn þá. Þó er kominn vísir að slíku starfi hjá Hafrannsóknastofnuninni, en eftir því sem mér er tjáð, mun það aðeins vera einn tæknimenntaður maður, sem hefur verið tiltölulega nýlega ráðinn til þess að sinna þessu mjög stóra og fjölbreytta verkefni, og þó að það sé að sjálfsögðu góðra gjalda vert og muni bera einhvern árangur, er það vitanlega langt um of lítið og hlýtur að ná ákaflega skammt. Þess vegna er það mjög brýnt, að hér sé komið á ýtarlegri löggjöf um þessi efni og þau verði í framtíðinni tekin verulega föstum tökum.

Með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt um það, hvernig hefur dregizt úr hömlu hjá okkur að skipa þessum málum á þann eðlilega og nauðsynlega hátt fyrir sjávarútveginn, fagna ég því frv.. sem hér er til umræðu. Ég fagna því, að ungur hv. alþm. úr liði stjórnarflokkanna, maður, sem hefur þekkingu á sjávarútvegsmálum og fæst sjálfur við útgerð og veit þess vegna, hvernig skórinn kreppir í þessu efni, — fagna því, að hann skuli nú hreyfa þessu máli á myndarlegan hátt að ýmsu leyti og hafa lagt hér fram frv., sem á að geta bætt úr í þessu sambandi.

Vitanlega getur það verið fullkomið álitamál, á hvern hátt á að bæta úr því ófremdarástandi, sem ríkt hefur og ríkir enn í sambandi við tækniaðstoð sjávarútveginum til handa. Það getur verið fullkomið álitamál, hvernig á að byggja upp slíka starfsemi og hvort það er eðlilegast og réttast að tengja hana við fiskveiðasjóð, eins og lagt er til í þessu frv., eða hvort hitt væri líklegra til árangurs, þegar fram í sækti a. m. k., að um væri að ræða sjálfstæða rannsóknarstofnun, byggða upp á hliðstæðan hátt og aðrar rannsóknar- og upplýsingastofnanir atvinnuveganna eru byggðar upp. En það er mín skoðun, að það sé heppilegasta leiðin, og það legg ég þess vegna til í frv., sem nú hefur verið nýlega útbýtt og ég flyt ásamt hv. 6. þm. Sunnl.

Að sjálfsögðu mundi sérstök tæknideild við fiskveiðasjóð, eins og lagt er til í þessu frv. að sett verði á stofn, geta bætt verulega um frá því ástandi, sem nú ríkir í þessum efnum. Að vísu varð ég fyrir dálitlum vonbrigðum að því er snerti þá tölu, sem hv. frsm. nefndi, að vísu orðaði hann það þannig, að sér þætti ekki mikið, þótt fiskveiðasjóður legði til þessarar starfsemi 800 þús. kr. á ári. Ef það ætti að vera aðaltekjustofn eða hið eina rekstrarfé slíkrar stofnunar, þykir mér þetta allt of lítil upphæð, og þó að rétt sé, að slík starfsemi sem þessi þarf vitanlega að þróast og á að geta vaxið, finnst mér þarna allt of rólega af stað farið vegna þess, hversu þörfin er brýn, hversu verkefnið er stórfellt og hversu þarna er, eins og hv. frsm. lýsti glögglega, um gífurlegar fjárhæðir að ræða, sem hugsanlegt væri og alveg öruggt væri, að gætu ýmist sparazt með hagkvæmari vinnubrögðum, hagkvæmari innkaupum og fyrirkomulagi eða beinlínis komið inn í þjóðarbúið og til sjávarútvegsins með auknum aflabrögðum. Ég hefði þess vegna talið, að verkefnið væri það stórt, og nauðsynin væri það brýn, að þarna þyrfti verulega miklu meira fjármagn að koma til, jafnvel þegar í byrjun, ef árangur ætti að verða nægur og skjótur og slík tæknistofnun gæti byggt sig eðlilega upp á tiltölulega skömmum tíma. En eins og ég vék að áðan, tel ég það engan veginn aðalatriði þessa máls, á hvern hátt slík stofnun sem þessi, sem fyrir okkur báðum vakir, bæði hv. flm. þessa frv. og mér, verður byggð upp eða af hvaða aðila hún yrði byggð upp, heldur er aðalatriðið vitanlega hitt, að slík stofnun komist sem allra fyrst á fót og að hún geti með árangri farið að takast á við þau margþættu og stóru verkefni, sem hennar bíða.

Hv. flm. frv. gaf hér fróðlega skýrslu um innflutning fiskiskipa nú nokkur undanfarin ár, þar sem í ljós kom, sem raunar allir vissu, að hér var um gífurlegar fjárhæðir að ræða. Fiskiskip hafa verið flutt inn til landsins fyrir ekki aðeins tugi, heldur hundruð milljóna flest árin nú allmörg undanfarin ár. Þessu til viðbótar kemur svo það, að við flytjum að sjálfsögðu inn margvísleg veiðarfæri á hverju ári, ekki fyrir tugi, heldur vafalaust fyrir hundrað milljónir eða hundruð milljóna, því að þar er um gífurlegar fjárupphæðir að ræða í sambandi við hina stóru og dýru herpinætur síldveiðiskipanna og margt fleira. Og síðast, en ekki síst eru það hin margvíslegu tæki, fiskleitartæki og önnur þau tæki, sem eru jafnframt flutt inn. Bæði fylgja þau að sjálfsögðu nýjum skipum, en svo hefur þróunin verið svo ör í þeim efnum, að menn hafa talið, ef þeir hafa viljað fylgjast með, óhjákvæmilegt að endurnýja þessi tæki býsna ört, jafnvel þegar um tiltölulega ung tæki hefur verið að ræða, þegar önnur nýrri og fullkomnari hafa komið á markaðinn. Það er þess vegna alveg ljóst, að tæknistofnunar, eins og við hugsuðum okkur hana í rauninni, að ég hygg báðir, ég og hv. flm., hennar bíða geysilega stór og mikilvæg verkefni. Nú hlýtur að vera hér fyrir höndum, ef allt þróaðist eðlilega, á næstu árum mjög veruleg uppbygging ákveðinna þátta fiskiskipaflotans, þeirra fiskiskipategunda, sem hafa orðið mjög út undan í uppbyggingu síðari ára, þ. e. a. s. endurnýjun togaraflotans hlýtur að verða verkefni næstu ára og endurnýjun þess vélbátaflota, sem fyrst og fremst fiskar fyrir hraðfrystihús og aðrar fiskverkunarstöðvar, þ. e. a. s. þess bátaflota, sem aðallega stundar bolfiskveiðar. Vitanlega er það hárrétt, sem kom greinilega fram í framsöguræðu hv. flm., að stöðugt eru að koma upp nýjungar að því er varðar veiðarfæri og alls konar tækniútbúnað veiðiskipa, og það eru stór og mörg verkefni vissulega á komandi árum að fylgjast með í þeirri þróun og hagnýta það bezta úr henni við íslenzkar aðstæður.

Ég skal svo ekki hafa öllu fleiri orð um þetta mál. En ég endurtek það, sem ég áður sagði, að ég fagna því, að þetta frv. er fram komið, og þó alveg sérstaklega þeim áhuga, sem það lýsir, áhuga hv. flm. og skilningi hans á því, að hér er stórmál á ferðinni. Og hver sem niðurstaðan verður að því er snertir fyrirkomulag slíkrar stofnunar sem fyrir okkur vakir, vænti ég þess, að þetta mál í heild, hugmyndin um að koma hér upp tækniþjónustu sem allra víðtækastri fyrir sjávarútveginn, fái nú góða áheyrn hér á hv. Alþingi, að þetta mál í heild verði tekið til rækilegrar og myndarlegrar meðferðar og afgreitt á viðhlítandi hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 465).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, kveður á um það, að stofna skuli tæknideild við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hafi það hlutverk með höndum að veita útvegsmönnum upplýsingar um skip, vélar, tæki og annan útbúnað varðandi fiskiskip og togara. Verkefni tæknideildarinnar á einnig að vera það að safna gögnum um reynslu og notagildi og annað, sem máli skiptir í þessum efnum. Það fer ekki milli mála, að með hliðsjón af þeim tækni- og vísindalegu framförum, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, verður að telja nauðsynlegt, að slík starfsemi eða þjónusta, sem hér er lagt til að komið verði á fót, sé fyrir hendi og að almenningur eigi þess kost að eiga þar greiðan aðgang að. Um það munu flestir sammála. Hins vegar er það álit n., eins og fram kemur í nál. á þskj. 465, að réttara sé að ná þessu marki á annan veg en hér er lagt til.

Auk þess sem n. hefur rætt mál þetta á fundum sínum, sendi hún málið til umsagnar til þeirra aðila, sem málið snertir sérstaklega og hér eiga mestra hagsmuna að gæta. Þar er fyrst að geta þess, sem fram kemur í umsögn fiskveiðasjóðs, en við þá stofnun er samkv. frv. þessu gert ráð fyrir, að umræddri tæknideild verði komið á fót, þar segir m. a., að í grg. fyrir þessu frv. gæti nokkurs misskilnings um, hver háttur hafi verið á hafður af hendi fiskveiðisjóðs við undirbúning skipabygginga, og er vísað í því sambandi í grg. frá skipaskoðunarstjóra, þar sem fjallað er um starfsemi hans fyrir sjóðinn, eins og henni hafi verið háttað um allmörg undanfarin ár. Kemur þar fram, að skipaskoðunarstjóri hefur samkv. beiðni fiskveiðasjóðs athugað samninga um smíði fiskiskipa, smíðalýsingar og fyrirkomulag teikninga á allri nýsmíði fiskiskipa, jafnt þeirra, sem byggð hafa verið innanlands sem utan. Á s. l. 8 árum hefur skipaskoðunarstjóri þannig látið fiskveiðasjóði í té um 200 slíkar umsagnir og hafa þær náð yfir ýtarlegar athuganir á samningum, smíðalýsingum og fyrirkomulagsteikningum. Hafa þar verið gerðir aths., bæði við verð skipanna og einnig tæknileg atriði, eftir því sem tilefni hefur gefizt til. Í þessum umsögnum skipaskoðunarstjóra telur stjórn fiskveiðasjóðs að komið hafi fram fjöldi till. um endurbætur á skipunum og ábendingar um margt, sem betur mátti fara en smíðalýsingar og teikningar höfðu gefið tilefni til. Þá skýrir stjórn fiskveiðasjóðs frá því, að snemma á s. l. ári hafi fiskveiðasjóður komið á samvinnu við Fiskifélag Íslands, sem þá hafi komið á fót nokkuri leiðbeiningastarfsemi og visi að tæknideild við stofnunina. Með þeirri samvinnu telur fiskveiðasjóður, að hann hafi gerzt aðili og tryggt tækniþjónustu, sem fullnægi þörfum sjóðsins, og jafnframt stuðlað að því, að slík þjónusta sé fyrir hendi fyrir útgerðina almennt.

Í umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna segir, að samtökin telji mjög nauðsynlegt, að fyrir hendi sé tæknideild, sem veitt geti útvegsmönnum ýmsar upplýsingar og þá þjónustu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Það er hins vegar álit LÍÚ eins og stjórnar fiskveiðasjóðs, að frekar beri að efla þá tæknideild, sem komin sé upp hjá Fiskifélagi Íslands, en að stofna sérstaka tæknideild við Fiskveiðasjóð, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Eins og fram kemur í nál., er sjútvn. sammála um afgreiðslu málsins. Þó skal það tekið fram, að tveir nm. hafa fyrirvara varðandi afgreiðslu málsins og munu, ef þeir telja ástæðu til, gera frekari grein fyrir afstöðu sinni. N. er sammála flm. um nauðsyn aukinnar tækniþjónustu, en hún telur, að því marki verði auðveldast að ná með því að auka og efla tæknideild Fiskifélags Íslands.

Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að málið verði afgreitt með þeirri dagskrártill., sem fram kemur á þskj. 465.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil nú í upphafi þakka frsm. raunverulega jákvæðan stuðning, eins og kom fram á nefndarfundum hjá okkur líka. Því er ekki að leyna, að n. varð sammála um að veita þessu jákvæða umsögn, þó að niðurstaðan yrði, að réttara væri, eins og á stæði, að leggja til, að frv. yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en það þýddi ekki það, að nm. sæju ekki nauðsyn á því, að aukin tækniþjónusta og upplýsingar lægju fyrir til þess að fyrirbyggja, að mistök ættu sér stað æ ofan í æ. Og það var einmitt megintilgangur þessa frv. að vinna að því, að skipulegt eftirlit með göllum og mistökum, sérstaklega í frágangi og vinnslu tækja, yrði skráð. Því er ekki að leyna, að þótt Skipaskoðun ríkisins hafi gert mjög mikið fyrir útvegsmenn við kaup á nýjum skipum, þá hafa þar ekki verið skráð og fylgzt með þeim mistökum, sem fram hafa komið, nema að mjög takmörkuðu leyti. Og ég get ekki stillt mig um á þessu stigi að benda á það, að ein afleiðing þessara mistaka, afleiðing þessa klaufaskapar eða yfirsjónar ýmissa manna, bæði í skipasmíðastöðvunum og útvegsmanna við val tækja, er sú, að vátryggingargjöld skipanna hafa hækkað, því að öll þessi stóru skip eru í kaskótryggingu, og þegar tjón t. d. upp á 300 þús. kr. kemur fram á bát vegna mistaka eða klaufaskapar, hækkar það iðgjöld, og það segir minn hugur svo, að geti ekki verið langt í það, að við fáum vandamál vátryggingasjóðsins til meðferðar hér á þingi, og eitt af stóru vandamálunum í kringum allan sjóðinn er einmitt það, hversu oft eiga sér stað ýmiss konar bilanir, sem mætti koma fyrir, ef vel hefði verið unnið að og skipulag hefði verið á því að fylgjast með frágangi og göllum á ýmsum tækjum. En því miður hefur þetta skipulag ekki verið sett á stofn enn þá. Hins vegar ber að fagna því, að Fiskifélag Íslands hefur núna og núv. fiskimálastjóri hefur áhuga á þessu máli og Fiskifélagið hefur komið upp vísi að þjónustudeild eða tæknideild hjá sér, og ég hef rætt við fiskimálastjóra um þessa deild, og hann hefur áhuga á því að efla hana. Hins vegar er með Fiskifélagið eins og aðrar stofnanir, að þær eru févana, og væri vonandi, að þessar umr. og þetta frv., þó að það fái þennan endi, yrði til þess, að aukin fjárveiting yrði veitt til Fiskifélags Íslands, svo að það gæti þjónað þessum tilgangi, því að í lögum þess stendur skýrt og skorinort, að eitt af meginatriðum hjá Fiskifélaginu sé leiðbeinandi eftirlit í þágu útvegsmanna. Þeir geta ekki sinnt þessu verkefni sínu nema fá aukið fjármagn, hvort sem það næst á komandi árum eða ekki, verður að vinna að því, að Fiskifélagið fái svo aukið fjármagn, að það geti veitt þessa þjónustu sem fyrst, því að það er ekki um það að deila, að það er óhugsandi að halda svo áfram, að sama yfirsjónin endurtaki sig æ ofan í æ, vegna þess að það er ekki fylgzt með þeim göllum eða klaufaskap í frágangi, sem á sér stað, bæði hér á Íslandi og erlendis, varðandi nýsmíði á bátum og breytingar.

Því miður náðist ekki samstaða um að leggja það til, að frv. yrði samþ. En ég tel þrátt fyrir allt, að nokkur ávinningur verði að flutningi þess, vegna þess að menn hafa tekið vinsamlega í tilgang frv. og þessar umr. hafa orðið til þess að vekja athygli á því, að Fiskifélag Íslands þarf meira fjármagn til sín til þess að geta sinnt því verkefni, sem frv. gekk út á, og ég veit, að forstöðumenn Fiskifélagsins vilja efla sína tæknideild, og ég vænti þess, að Fiskifélagið fái mjög aukinn stuðning frá ríkisvaldinu á komandi árum til þess að veita þá þjónustu, sem frv. gerði ráð fyrir, að veitt verði í þágu útvegsins og þágu þjóðarheildarinnar.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. þetta með fyrirvara, og ástæðan til þess, að ég hef fyrirvara við undirritun undir nál., er sú, að ég tel, að þeim málum., sem hér er um rætt, því eftirliti með skipasmíði, sem um er rætt í þessu frv., sé engan veginn þannig fyrir komið nú í dag, að viðunandi sé, og hefði af mörgum ástæðum talið eðlilegt að samþykkja frv. í meginatriðum eins og það var lagt fram. Hins vegar má segja, að þegar stjórn þeirrar stofnunar, sem frv. gerir ráð fyrir að leggja þessar skyldur á herðar, stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, bendir á annan aðila til þess að vinna verkið, sé e. t. v. hæpið að samþykkja, að Fiskveiðasjóður taki þetta verkefni að sér, þar sem megi þá búast við, að ekki sé e. t. v. fyrir hendi sá áhugi þar, sem nauðsynlegur er, til þess að verulegur árangur verði.

Í hinni rökstuddu dagskrá segir á þá leið, að þar sem Fiskifélag Íslands hafi þegar komið á fót tæknideild, skuli þessu máli vísað frá. En þar segir einnig, og það vil ég alveg sérstaklega undirstrika, að nauðsyn beri til, að þessi tæknideild verði efld, til þess að hún geti sinnt þessu verkefni á þann hátt, sem nauðsynlegur er. Og það er mála sannast, að þar sem Fiskifélagið hefur þegar sýnt góðan vilja á því að vinna að lausn þessa máls, en þar er í rauninni enn ekki um annað að ræða en lítinn vísi að tæknideild og hann þarf vissulega að efla, og þetta mál kemst ekki í æskilegt horf, fyrr en það verður gert, þá er vitanlega ekki höfuðatriði, hvaða stofnun eða aðili það er, sem framkvæmir það nauðsynjaverk, sem frv. þetta ræðir um. Höfuðatriðið er, að það verði gert og þeirri stofnun, sem það verður þá falið, verði gert kleift að vinna verkið á sómasamlegan hátt.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 465 samþ. með 14 shlj. atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Byggingarsamvinnufélög.

Á 8. fundi í Ed., 26. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um byggingarsamvinnufélög [31. mál] (þmfrv., A. 31).

Á 10. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 31 flyt ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. frv. til l. um byggingarsamvinnufélög. Sams konar frv. flutti ég einnig á síðasta þingi í hv. Nd. Því frv. var vísað til n. og kom þaðan aldrei aftur frekar en mörg önnur frv. Ég vil nú vona og mælast til þess, að þetta nýkjörna þing láti þetta mál fá þinglega meðferð og felli þá frv., ef mönnum sýnist ekki, að þeir geti samþ. það, fremur en að láta það sofna út af, eins og örlög þess urðu í fyrra. En auðvitað óska ég þess, að frv. verði samþ.

Í raun réttri er hér aðeins um breytingu á eldri lögum að ræða, en til hægðarauka fyrir hv. þm. að átta sig á þeim breytingum, sem í frv. felast, þá hef ég flutt málið í frv.-formi, en ekki sem brtt. við eldri lög, sem vitanlega hefði þó verið hugsanlegt að gera. En önnur ástæða til þess og e. t. v. veigameiri að flytja sérstakt frv. er sú, að lögin um byggingarsamvinnufélög eru nú orðin ein eftir af þeirri lagasetningu, sem upphaflega var gerð um opinbera aðstoð til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem ákvæðin um verkamannabústaði eru orðin að sérstökum lögum, eins og allir hv. dm. vita. Hér er ekki um neinar stórkostlegar breytingar að ræða frá gildandi lögum, nema e. t. v. má segja að því er viðkemur tveim atriðum. Það, sem ég hygg, að mest hafi háð vexti og viðgangi byggingarsamvinnufélaganna, starfsemi þeirra nú á síðari árum a. m. k., er aðallega tvennt. Það er annars vegar skortur á hæfum byggingarlóðum, sem hefur verið a. m. k. hér í Reykjavík og e. t. v. víðar hér á Faxaflóasvæðinu. Hins vegar er svo vafalaust miklu gildari ástæða fjárhagsleg vangeta félaganna til að þjóna tilgangi sínum. Þetta eru auðvitað þau tvö atriði, sem öllum þeim fjölda manna, sem fást við byggingaframkvæmdir, hefur reynzt erfiðast að glíma við, svo að það er ekkert nýtt í því, að þetta eigi sérstaklega við um byggingarsamvinnufélög. T. d. hafa byggingarmeistarar hér í borginni nú nýverið bundizt samtökum um það að leita til hins opinbera um fyrirgreiðslu til starfsemi sinnar, og það, sem þeir leggja höfuðáherzlu á í sinni samþykkt, er einmitt þetta tvennt, að þeim verði veitt frekari aðstoð við útvegun byggingarlóða og að þeir fái meiri aðgang að lánsfjármagni en unnt hefur verið að veita þeim til þessa.

Ég mun hér á eftir í stuttu máli leitast við að gera hv. þdm. grein fyrir þessu máli. En áður en ég kem að einstökum greinum frv., langar mig til þess að fá að segja örfá orð um húsnæðismálin almennt.

Það er vafalaust dómur okkar allra, sem hér erum inni, og þarf þá ekki neinn rökstuðning frá minni hálfu, að það er brýn þörf á því að koma húsnæðismálunum í betra horf. Raunverulega velmegun hvers þjóðfélags má ekki hvað sízt marka af því, hvernig húsnæðismálunum er fyrir komið. Það er rétt, að talsvert miklu fjármagni er nú varið til íbúðabygginga af opinberri hálfu. Sá stuðningur hefur vaxið mjög mikið að krónutölu undanfarin ár. En þó hygg ég, að menn geti sameinazt um að segja, að verulega skorti enn á, að viðunandi marki hafi verið náð. Hinn 1. júlí s. l. var byggingarkostnaður samkv. útreikningi Hagstofunnar kr. 2768.85 á hvern teningsmetra, en samkv. því kostar þá að byggja meðalíbúð, 370 teningsmetra meðalíbúð, með núverandi verðlagi 1 millj. 24 þús. kr. Lán húsnæðismálastjórnar eiga á þessu ári að geta komizt upp í 380 þús. kr. á hverja íbúð, en auk þess eiga félagar í Alþýðusambandi Íslands rétt á allt að 75 þús. kr. viðbótarláni. Það er enn þá enginn búinn að fá 380 þús. kr. lán úr byggingarsjóðnum, það er sjálfsagt að gera sér það alveg ljóst, að það eru núna mjög langar biðraðir hjá húsnæðismálastjórn af mönnum, sem uppfylla öll skilyrði til þess að fá lán út á íbúðir sínar og eiga til þess skýlausan lagarétt samkv. gildandi ákvæðum, en fjármagnið er ekki fyrir hendi. Mér skilst, að í stuttu máli sé ástandið þannig, — það verður þá leiðrétt hjá mér, ef ég fer rangt með, að þegar athugun var gerð 15. marz í vor, voru um það bil 800 umsóknir, sem ekkert lánsloforð fengu þá og fá ekkert lánsloforð á þessu ári. En um 600 umsækjendur fengu lánsloforð eða loforð um það, að lán þeirra kæmi til útborgunar eftir 1. maí 1968, eins og það er orðað í þeim bréfum,

sem þessum umsækjendum voru send. Síðan 15. marz s. l. hefur, að því er ég bezt veit, engin talning farið fram á þeim umsóknum, sem eftir það hafa borizt, en vafalaust skipta þær hundruðum. Og það eru engar líkur á því, að þessir menn fái lán úr byggingarsjóði fyrr en á árinu 1970.

Talsverður hluti af fjármagni byggingarsjóðs ríkisins hefur á þessu ári gengið til að standa undir framkvæmdum byggingarnefndarinnar í Breiðholti. Ég hef ekki upplýsingar um það og skal þá ekki heldur neitt spá um það, hversu háar fjárhæðir þar sé um að ræða, en mig minnir að ég hafi einhvers staðar séð frá því skýrt, að hinn 1. sept. s. l. næmi lán byggingarsjóðs til þessarar framkvæmdaáætlunar um það bil 69 millj. kr. Leiðir að líkum, að miklar fjárhæðir hafa síðan bætzt við þessa upphæð, vegna þess að einmitt eftir 1. sept. s. l. hefur verulega mikill skriður komizt á byggingarframkvæmdirnar í Breiðholti, eins og menn hljóta að gera sér grein fyrir, þegar menn hugleiða það, að það er þegar farið að úthluta þessum íbúðum, svo að ég tel víst, að þessi upphæð hljóti að hafa hækkað til mikilla muna. Ég veit ekki heldur, hvað ráðgert er, að þessar 283 íbúðir í Breiðholti, 1. áfanga, muni kosta mikið fullgerðar, en ég leyfi mér að gizka á það, að meðalverð íbúðanna verði einhvers staðar nálægt 800 þús. kr., þegar lagt er saman tveggja, þriggja herbergja og stærri íbúðir og svo einbýlishúsin. Þá mundi þessi áfangi eftir mínum útreikningi kosta einhvers staðar nálægt 225 millj. kr. Og þá er augljóst, að ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að útvega nýtt og annað fjármagn til að standa undir þessum framkvæmdum, eru ekki horfur á öðru en byggingarsjóður verði að standa undir þeim að verulegum hluta, a. m. k. til að byrja með, og verður þá lánsgeta hans á upphaflegu verksviði hans skert sem því nemur.

En jafnvel þótt hægt væri nú að efna þessi fyrirheit um fljóta og tafarlausa afgreiðslu þessara hámarkslána, sem ég áðan nefndi, þ. e. 380 þús. kr. út á íbúð að hámarki, og þær 75 þús. kr., sem félagar í ASÍ eiga að fá til viðbótar, sem allir viljum við nú vona, erum við þó sjáanlega langt á eftir nágrannaþjóðum okkar, en þær lána allt upp í 90% í þessu skyni. Þess vegna er ljóst, að verulegt átak þarf hér til að koma.

Það hefur oft verið rifjað upp hér á hv. Alþ., og ég skal því eyða litlum tíma í það að þessu sinni að sýna fram á, hversu verðbólguvöxturinn og húsnæðiskostnaðurinn eru svo sem tvær hliðar á sama málinu og hvernig þeir óhjákvæmilega hafa áhrif hvor á annan. Þess vegna er það alveg víst, að ef menn meina eitthvað með tali sínu um verðstöðvun og að draga þurfi úr verðbólguvextinum, er lausn húsnæðisvandans eitt af því, sem allra fyrst kemur til álita í því efni. Jafnvel þótt það kæmi nú ekki til, svo sjálfsagt sem öllum virðist nú þykja það, er hitt öllum ljóst, að þjóðfélagið hefur ekki uppfyllt frumstæðustu skyldur eða kvaðir við einstaklinginn, fyrr en það hefur gert honum kleift að eignast viðunandi, hæfilegt húsnæði við viðráðanlegu verði, vegna þess að húsnæðið er ein af brýnustu þörfum fólksins. Þess vegna er augljóst, að Alþ. það, sem nú situr, verður að auka fjárhagsgetu byggingarsjóðs og það því fremur sem allar líkur benda til þess, að a. m. k. sumir tekjustofnar sjóðsins dragist verulega saman á þessu ári, eins og t. d. launaskatturinn og skyldusparnaðurinn, vegna þess samdráttar í vinnu á þessu ári, sem þegar er farið að gæta, og svo náttúrlega vegna þess, að ekki er hægt að láta sjóðinn standa undir framkvæmdunum í Breiðholti með óbreyttum tekjustofnum.

Nú má auðvitað segja, að þessar hugleiðingar um byggingarmálin almennt snerti ekki það frv., sem hér er til umr., nema þá með óbeinum hætti, því að þetta frv. lýtur aðeins að einum þætti húsnæðismálanna, þ. e. að auka möguleika byggingarsamvinnufélaga til þess að gegna hlutverki sínu. Ég held, að það sé alveg vafalaust og raunar ómótmælt eða ég hef a. m. k. ekki séð því mótmælt, að með lagasetningunni um byggingarsamvinnufélög, sem upphaflega var gerð laust eftir 1930, hafi merkum áfanga verið náð í húsnæðismálum, og víst er það, að margir hafa notið góðs af þeirri lagasetningu. Það sýna hin fjölmörgu íbúðarhverfi, sem risið hafa fyrir forgöngu þess félagsskapar. En hinu er ekki heldur að neita, að nú á síðari tímum hafa byggingarsamvinnufélögin átt stöðugt örðugra en áður með að standa fyrir byggingum vegna fjárskortsins fyrst og fremst. Því frv., sem hér um ræðir, sem ég er að mæla fyrir, er ætlað að bæta nokkuð úr þessu.

Það er líka höfuðnauðsyn að vinna miklu kappsamlegar en gert hefur verið að því undir forustu húsnæðismálastjórnar að lækka byggingarkostnaðinn. Sá hluti laga um húsnæðismálastofnun, sem fjallar um ráðstafanir til lækkunar byggingarkostnaðar, hefur allt of mikið verið vanræktur. Í 2. gr. l. nr. 42 frá 1957 eru ábendingar um lækkun þessa kostnaðar í 12 liðum. Sum þeirra atriða eru vafalaust vel til þess fallin að hafa áhrif í framangreinda átt, en þau hafa mjög lítið komið til framkvæmda. Ég ætla ekki að þreyta hv. þdm. á að fara að lesa þessa gr. Hún er ykkur öllum vafalaust mætavel kunn. En ég leyfi mér þó að minna á, að í henni eru ýmsir liðir, sem lítt hafa verið framkvæmdir til þessa, t. d. þessir: Að koma á fót og annast leiðbeiningastarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa, enn fremur að leggja áherzlu á stöðlun sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeininga til húsbyggjenda um notkun þeirra. Að beita sér fyrir að útvega hagkvæmar teikningar. Það hefur nokkuð verið gert að því. — Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykktar, eftir því sem þörf krefur. — Að beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis, með því m. a. að stuðla að hagkvæmum innkaupum, ég hygg, að lítið hafi verið gert að því. — Að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt, ég veit ekki til, að þetta hafi mikið komið til framkvæmda. — Og að beita sér fyrir því, að vinna við íbúðarbyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs, mér er ekki kunnugt um, að þessi liður hafi komizt til framkvæmda. — Þó að ég geti hér aðeins um fáa af þessum liðum, er það, að ég hygg,

rétt, að of lítið hafi verið gert að því að framkvæma þetta annað aðalverkefni húsnæðismálastjórnar.

Verkefni húsnæðismálastjórnar er, eins og kunnugt er, tvíþætt: Annars vegar að ráðstafa því fjármagni, sem fyrir hendi er hverju sinni í byggingarsjóði. Það hefur verið gert. Og svo hins vegar að beita sér fyrir aðferðum og nýjungum til þess að lækka byggingarkostnaðinn. Því hefur minna verið sinnt en skyldi, enda hefur byggingarkostnaðurinn vaxið hröðum skrefum. Samkv. skýrslum Hagstofunnar hefur hann frá því 1959 vaxið þannig, að bygging áðurnefndrar meðalíbúðar, 370 teningsmetra, hefur hækkað úr 456 þús. kr. það ár upp í 1 millj. 24 þús. kr., eins og þessar tölur voru í júní s. l., eða meira en tvöfaldazt. Það er skylt að geta þess í þessu sambandi, að það stendur yfir sú tilraun, sem samið var um í samningum verkalýðsfélaganna á sínum tíma, að byggja 1250 íbúðir í samvinnu ríkisins og Reykjavíkurborgar í Breiðholtshverfi hér í borginni. Það er tilraun til lækkunar á byggingarkostnaðinum, sem vonandi tekst vel, og þó að ráðamenn í þjóðfélaginu hafi séð ástæðu til þess að setja á stofn sérstaka nefnd fremur en að fela húsnæðismálastjórn þetta hlutverk, sem hún var þó lagalega skyld til, er það í mínum augum ekki neitt stórt atriði. Aðalatriðið er hitt, að tilraunin takist, en um það get ég ekkert fullyrt enn sem komið er a. m. k.

En því get ég um þessi vandkvæði, sem hinn hái byggingarkostnaður vissulega leiðir af sér í þessu sambandi, að enda þótt söluverð íbúða sé svo hátt sem raun ber vitni og Hagstofan reikni byggingarkostnaðinn þann, er ég áður greindi, hafa þó jafnan verið til aðilar, sem byggja undir þessu verði, og þar eru ýmis byggingarsamvinnufélög áreiðanlega í fremstu röð. Ég hygg, að hv. þdm. séu ekki enn búnir að gleyma því mikla fjaðrafoki, sem varð hér í borginni á s. l. vetri, þegar frá því var skýrt í dagblöðunum, að Byggingarsamvinnufélagi verkamanna og sjómanna hefði tekizt að koma upp íbúðum við Reynimel hér í borginni fyrir mjög hagstætt verð. Það verð var svo lágt, að fjöldi greina birtist í blöðunum, þar sem byggingarkostnaðurinn var dreginn í efa, og það má segja, að maður hafi gengið undir manns hönd að gera þær tölur, sem samvinnufélagið lét frá sér fara, tortryggilegar. Ég veit þó ekki til þess, ég hef a. m. k. ekki séð það opinberlega, að þessum tölum hafi verið hnekkt, og ég hygg, að svo muni ekki hafa verið, enda hafa síðar verið birtar tölur frá öðrum byggingarsamvinnufélögum, sem mjög ganga í sömu átt, og get ég þar t. d. nefnt Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra og byggingarsamvinnufélagið Framtak, en bæði þessi byggingarsamvinnufélög þekki ég nokkuð og hef séð þeirra útreikninga á kostnaðarverði íbúðanna, sem þau hafa byggt. Mér finnst, að þessar upplýsingar sýni, að með því að bindast samtökum á vegum byggingarsamvinnufélaganna skapi menn sér mesta möguleika á því að koma upp eigin íbúðum á hagkvæmu verði. Ég skal viðurkenna, að það geta fleiri leiðir komið til greina en sú ein að efla byggingarsamvinnufélögin. Það er óskandi, að tilraunin í Breiðholti gefi góða raun. Það er alls ekki útilokað að mínum dómi, að samtök byggingarmeistara geti byggt ódýrt, ef þau fá til þess nægilegan stuðning. En ég vil ekki, að þáttur byggingarsamvinnufélaganna til lækkunar byggingarkostnaði gleymist, og ég óska þess, að hv. þdm. muni eftir því, að einnig þessum aðilum hefur tekizt að leggja drjúgt lóð á þá vogarskál að lækka byggingarkostnaðinn. Og það sýnir í mínum augum það, að hér eins og á svo mörgum öðrum sviðum er það leið samvinnu og samhjálpar, sem hagkvæmust er. Og það er sú leið, sem við flm. þessa frv. viljum gera greiðfærari með flutningi þess.

Ég skal þá í örfáum orðum víkja að þeim breytingum, sem í frv. felast frá gildandi lögum. Í 4. gr. frv. er fjallað um fjáröflunarleiðir byggingarsamvinnufélaganna. Það er einnig gert í 4. gr. gildandi laga. Sú gr. er í 4 stafliðum, og á fyrstu þremur stafliðunum eru aðeins gerðar örlitlar breytingar frá gildandi lögum. en nýmælið í gr. er það, að í b-lið er tekið upp nýtt ákvæði, sem hljóðar svo:

„Skylt er Seðlabanka Íslands að kaupa á nafnverði árlega, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf samkv. b-lið fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr.“

Okkur flm. þessa frv. er það að vísu alveg ljóst, að 75 millj. kr. aðstoð í formi sölu á ríkistryggðum skuldabréfum leysir engan veginn allan þann vanda, sem hér er við að fást. En mikill hlýtur þó að vera munur á því og því ástandi, sem nú er, þegar engin sala á ríkistryggðum skuldabréfum er tryggð og svo að segja engir möguleikar eru á því að koma þeim í verð. Sé reiknað með 300 þús. kr. láni í þessu formi út á 2. veðrétt hverrar íbúðar, nægir þessi fjárhagsstuðningur þó til þess að lána út á um það bil 225 íbúðir á ári. En eins og þetta er hugsað af hálfu okkar flm., er hér um að ræða annars vegar þetta lán á eftir lánum úr byggingarsjóði ríkisins, sem áfram verða þá á 1. veðrétti, og ef kleift yrði að tryggja sölu á slíkum 2. veðréttar verðbréfum, mundi almenna veðlánakerfið og aðstoð byggingarsamvinnufélaganna í þessu formi til samans lána allt upp í 680—700 þús. kr. út á meðalíbúð, þ. e. a. s. það er algert hámark. Og þá má segja, að í þeim tilfellum, sem slíku yrði við komið, sé farið að nálgast eitthvað það, sem kallast mætti viðunandi í þessum efnum, og það, sem öðrum þjóðum hefur tekizt að gera.

Ég skal leyfa mér að minna á það í þessu sambandi, að það er ekkert nýtt, að mönnum sé það ljóst, að það þurfi að auka möguleika byggingarsamvinnufélaganna til þess að selja ríkistryggð skuldabréf. Ég minnist þess og gat um það, að ég hygg í fyrra, þegar ég hafði framsögu fyrir sams konar frv., að í Alþingistíðindum frá 1945 er fjallað um breytingar á lögum um byggingarsamvinnufélög. Þá voru það ýmsir af þeim þm., sem enn eiga hér sæti, sem létu það mál talsvert til sín taka, og þá voru uppi allháværar kröfur um það, þótt það næði ekki fram að ganga þá, að veðdeild Landsbankans yrði gert að skyldu að kaupa þessi veðskuldabréf eða lána til kaupa á þeim tiltekna fjárhæð, sem þá var miðuð við 20 millj. kr. á ári. Þessi till. er vitanlega miklu rausnarlegri en það tillag, sem við flm. þessa frv. förum

nú fram á, að Seðlabankinn taki að sér að tryggja sölu á, því að byggingarkostnaðurinn þá var miklu lægri en nú, og til staðfestingar á því get ég aðeins minnzt á það, að í þessum sömu umr. sagði einn af hv. þm. þáv.. að húsaleigunefndin í Reykjavík meti íbúð í nýju húsi á 60 þús. kr., tvö herbergi og eldhús, og 90 þús. kr. 3 herbergi og eldhús, og segir síðan: „Það liggur í augum uppi, að það er ofvaxið flestum að búa í slíkum húsum.“ Þetta nefni ég aðeins til þess að sýna þann mikla mun, sem er á verðlagi húsnæðis þá og nú. Svona gífurleg stökkbreyting hefur orðið á s. l. 20 árum, að þá töldu menn næsta vonlítið, að fólk gæti búið í íbúð, sem kostaði 60, að ekki væri talað um 90 þús. kr. Nú er reiknað út af opinberri hálfu verð meðalíbúðar yfir 1 millj. kr.

Hin meginbreytingin, sem er í 8. gr. frv., er um það, að í þeim sveitarfélögum, þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, skuli hlutaðeigandi sveitarstjórnum skylt að láta slík félög sitja fyrir um úthlutun lóða. Eins og ég gat um í upphafi máls míns, hafa orðið nokkur brögð að því, einkum þó í Reykjavík, að lóðaskortur hafi háð starfsemi byggingarsamvinnufélaganna. Við flm. þessa frv. teljum slíkt óþarft og óviðeigandi og raunar alveg ástæðulaust, og þess vegna höfum við gert það að till. okkar, að skylda sveitarfélaganna til þess að láta byggingarsamvinnufélög hafa forgangsrétt að lóðum verði lögfest.

Þetta eru þær tvær meginbreytingar, sem í frv. felast frá gildandi lagasetningu, en auk þeirra ætla ég með örfáum orðum að gera grein fyrir tveimur eða þremur öðrum breytingum, sem þó eru minni háttar.

Það er í 9. gr. Þar er örlítil breyting frá gildandi lögum. Eins og lögin eru nú, er það fortakslaust bannað, að eigendur íbúða, sem byggðar eru á vegum byggingarsamvinnufélaga, selji þær, nema byggingarsamvinnufélagið hafi áður hafnað forkaupsrétti, og þá aldrei á hærra verði en sem svarar byggingarkostnaði að viðbættum verðhækkunum samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkv. mati dómkvaddra manna. Ég býst við, að það sé nú á flestra, ef ekki allra manna vitorði, að þessi lagaákvæði hafa lítið verið virt að undanförnu og að íbúðir, sem byggingarsamvinnufélög hafa byggt, hafa gengið kaupum og sölum á nokkuð svipuðu verði og aðrar íbúðir, sem öðruvísi eru byggðar, það má kannske segja, að það sé nokkurt vorkunnarmál, þar sem byggingarsamvinnufélögin hafa verið mjög vanmáttug að greiða nokkuð úr fyrir mönnum um útvegun fjármagns. Ef hins vegar þetta frv. verður að lögum og ef byggingarsamvinnufélögin geta tryggt meðlimum sínum sölu á allt að 300 þús. kr. í ríkistryggðum skuldabréfum með hagstæðum kjörum til nokkurra ára, eins og fyrirætlun okkar flm. er, horfir hér vitanlega allt öðru vísi við. Þá finnst okkur það vera sanngirnismál, að þeir, sem slíkrar fyrirgreiðslu hafi notið, verði að lúta þessum lagaákvæðum, eins og þau eru upphaflega sett og eins og þau eru í gildandi lögum. En samt sem áður höfum við talið rétt — og í því er breytingin fólgin — með hliðsjón af því, hvernig reynslan hefur verið af þessu, að gera till. um það, að þessi kvöð falli niður eftir 15 ár, þ. e. a. s. að eftir 15 ár frá byggingu sé heimilt að selja þessar íbúðir kvaðalaust eins og aðrar íbúðir, sem byggðar eru á annan hátt.

Og í 14. gr. frv. er gerð till. um smávægilega breytingu frá gildandi lögum. Það er um það, hverjir láti gera fyrirmyndaruppdrætti að sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélögin. Í gildandi lögum er það ríkisstj., sem er falið að gera þetta, en við leggjum til, að því verði breytt í húsnæðismálastjórn, þar sem húsnæðismálastjórn er sá aðili, sem fer nú með þessi mál.

Og svo að síðustu er sú breyting ráðgerð í 15. gr., að byggingarsamvinnufélög, sem starfa samkv. lögum þessum, skuli undanþegin greiðslu opinberra gjalda, þ. á. m. ríkisábyrgðargjalds, og er það nýmæli, sem okkur finnst vera sanngirnisatriði. Aðrar breytingar eru minni háttar, og ég held, að þær þarfnist ekki skýringa umfram það, sem hægt er að finna í grg., og ég skal ekki eyða meira af tíma hv. þm. með að hafa lengri framsögu um þetta mál að sinni. Ég vonast til þess, að frv. fái vinsamlega athugun í n. og allir viðkomandi athugi það vel, hvort ekki sé hér bent á leið, sem hugsanlega geti orðið til að draga úr þeim miklu vandkvæðum, sem leiðir af hinum háa húsnæðiskostnaði.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrri flm. þessa frv., 11. þm. Reykv., kom nokkuð í upphafi sinnar framsöguræðu almennt inn á húsnæðismál, auk þess sem hann gerði grein fyrir því frv., sem hér er til umr.

Það eru þessar almennu hugleiðingar hans, sem ég vildi gera örstuttar aths. við, ekki af því, að mál hans hafi ekki verið flutt af hógværð, eins og hans er vandi, heldur tel ég þar hallað nokkuð máli í einstökum atriðum, og vildi ekki láta umr. ljúka svo, að við það yrðu ekki gerðar neinar aths.

Hann skýrði frá því, sem rétt er, að byggingarmeistarar hafa bundizt samtökum og óskað eftir viðræðum við ríkisstj. eða fulltrúa hennar, með hvaða hætti þeir gætu orðið aðnjótandi hliðstæðrar fyrirgreiðslu og nú á sér við Breiðholtsframkvæmdirnar í íbúðabyggingum. Það hefur lengi verið ósk og von húsnæðismálastjórnar, að slík samtök kæmust upp, því að það var á allra vitorði, sem kynnt hafa sér byggingarframkvæmdir, þar sem þeim er bezt fyrir komið, að hinir einstöku byggingarmeistarar hér hjá okkur væru að mörgu leyti ekki færir um að taka þær að sér, svo magnlitlir sem þeir væru með nauðsynleg tæki til þeirra framkvæmda. Það er því ástæða til að fagna því, að til slíkra samtaka hefur verið stofnað, og óskandi, að þau eigi fyrir sér eðlilega og heiðarlega samkeppni við þær aðrar opinberar aðgerðir, sem nú eiga sér stað í byggingarmálum og allar eru tilraun til þess að lækka þennan gífurlega byggingarkostnað, sem hefur verið áhyggjuefni, ekki bara þessarar ríkisstj.. heldur, að ég hygg, velflestra ríkisstjórna, sem hér hafa setið við völd síðan í stríðsbyrjun. Og ég vil

vænta þess, að út úr þessum samtökum komi, eins og ég áðan sagði, eðlileg og heiðarleg samkeppni, sem getur orðið þáttur í þeim varanlegustu kjarabótum, sem völ er á fyrir allan almenning, þ. e. a. s. lækkun húsnæðiskostnaðarins, því að hann hefur hvílt á almenningi svo þungt, að hann er áreiðanlega að miklu leyti undirstaðan undir þeim endurteknu kröfum, sem menn gera um aukin laun og eins og hv. flm. gat um áreiðanlega einn veigamesti þátturinn í þeim verðbólgusnúningi, sem átt hefur sér stað hér á undanförnum árum. Um það er ég honum alveg sammála. En þetta hefur reynzt erfiðara verkefni en svo, að það verði leyst á örfáum árum, og ég hygg, að viðurkenna verði, að aldrei áður hafi verið gerðar jafnvíðtækar tilraunir til að lækka þennan kostnað og einmitt á undanförnum 8—10 árum og þó mest nú síðustu 2—3 árin. Það sýna bæði þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið til þessara framkvæmda, og svo þær nýju tilraunir, sem nú er verið að leggja út í með Breiðholtsframkvæmdunum. Ég vil þó enn einu sinni nota tækifærið til þess að vara menn við því að búast við þeim niðurstöðum af Breiðholtsframkvæmdunum, að þar muni endanlega fundin sú eina rétta lausn í húsnæðismálum og til lækkunar byggingarkostnaði, sem völ er á. Allt í kringum okkur og ekki sízt á Norðurlöndunum, sem hv. flm. vitnaði til og sannarlega eru komin langt í því að auka lán til íbúðabygginga og þá ekki síður í sjálfum byggingarframkvæmdunum, er reynslan sú, að þegar þeir lögðu inn á þessar brautir, tók það nokkur ár að komast niður fyrir hinn almenna byggingarkostnað, bæði meðan fólk var að þjálfa sig við þessi nýju vinnubrögð og eins meðan menn voru að ná tökum á þeim nýju tækjum, sem nauðsynleg eru talin til þessara framkvæmda. Það er því áreiðanlegt, að í fyrsta áfanga verður ekki unnt að sýna svo verulega lækkaðan byggingarkostnað sem á að vera hægt, ef hæfilegur aðlögunartími vinnst við slíkar framkvæmdir. Það er því jafnhættulegt að búast við of skjótum árangri í þessum efnum eins og hitt, að vinna ekki stöðugt að því, að því takmarki verði náð.

Það var einkum það atriði, sem hv. ræðumaður vék að í vanrækslu húsnæðismálastjórnar, sem hann taldi fyrst og fremst liggja í því, að hún hefði ekki gert sitt til þess að vinna að lækkuðum byggingarkostnaði, sem ég vildi hér gera aths. við.

Það er sjálfsagt alveg rétt, eins og hann lauk þeim kafla ræðu sinnar, að það hefði ekki verið nóg að gert í þessum efnum. Svo mun eflaust seint verða. En hinu vil ég mótmæla, að húsnæðismálastjórn hafi vanrækt þennan hluta laganna, sem henni er falin framkvæmd á. Það er rangt. Skal ég þá fyrst og fremst minna á það atriði, sem viðkemur teikningum, einföldum, en ódýrum teikningum, sem húsnæðismálastjórn hefur í vaxandi mæli látið af hendi við húsbyggjendur á undanförnum árum og er nú viðurkennt sem góð þjónusta við allan meginþorra landsmanna. En þegar þessi þjónusta var hafin, má segja, að nánast ekki eitt einasta hús, með örfáum undantekningum, utan Reykjavíkur og Akureyrar og ef til vill Hafnarfjarðar væri byggt samkv. fyrir fram samþykktum teikningum. Þarna hafa orðið algjör kaflaskipti með þessari þjónustu húsnæðismálastjórnarinnar. Auk þess hefur í þeim tilfellum, svo sem hefur orðið í vaxandi mæli, að þessar teikningar hafa verið nýttar, verið boðin þjónusta tæknideildar húsnæðismálastjórnar á teiknistofu til að aðstoða menn við að skipuleggja og grundvalla sínar byggingar og gera kostnaðaráætlanir, sem nú eru farnar að fylgja þessum teikningum, og framkvæmdastjóri stofnunarinnar hefur verið reiðubúinn og átt margar ferðir út á land til þess að annast slíka þjónustu, auk þess sem undir hans stjórn hefur verið unnið mikið og gott starf í þeim efnum með þjónustu beint héðan úr Reykjavík. Sérstakur eftirlitsmaður er starfandi hjá stofnuninni, sem er reiðubúinn til leiðbeiningar mönnum, meðan á sjálfum framkvæmdunum stendur. Þessi atriði vil ég að komi fram, til þess að það sé ekki hægt að fullyrða það æ ofan í æ, að ekkert sé í þessum málum gert. Auk þess hefur tæknideildin um árabil bent á nauðsyn þess, að hafizt yrði handa um framkvæmdir með því sniði, sem nú er verið að gera í Breiðholti, en þar hefur skort fjármagn allt fram undir þetta, að nýjum tekjustofnum var rennt undir byggingarsjóð. Þá fyrst opnuðust þeir möguleikar, sem nú er verið að nýta með Breiðholtsframkvæmdunum. Það verður því ekki sagt, að ekki hafi verið uppi till. um slíkar framkvæmdir. En tvennt hefur þar komið til. Annars vegar getu- og magnleysi okkar byggingarmeistara, fjárhagslegt getuleysi þeirra til þess að standa undir svo viðamiklum framkvæmdum, og svo hins vegar almennt getuleysi byggingarsjóðs til þess að stofna af eigin rammleik til slíkra framkvæmda. Þessir möguleikar hafa sem sagt nú báðir opnazt, og við skulum vona, að á sem allra skemmstum tíma sýni það árangur, en það ber að varast að ýta undir þær vonir óskhyggjumanna, að það komi fram á mjög skömmum tíma.

Þá minntist flm. á það, að sá einkennilegi háttur hefði verið á hafður að setja sérstaka framkvæmdanefnd yfir þessar Breiðholtsframkvæmdir, en láta húsnæðismálastjórn ekki annast þær. Það var einn liðurinn í því samkomulagi, sem við verkalýðsfélögin var gert, að svo skyldi á málum haldið, og þar því skylda til að framkvæma það með þeim hætti, sem gert var.

Í lok ræðu sinnar vitnaði ræðumaður til þess matsverðs, sem talið var vera á íbúðum hér fyrir 22 árum, og margföldunar á byggingarkostnaði, sem síðan hefði átt sér stað. Ég skal ekki draga í efa, að hann fari rétt með þær tölur, sem þar eiga við, en það var sá galli á, sem því miður, ber of oft á í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, að það er bara getið um aðra hlið málsins, þ. e. a. s. hvað byggingarkostnaðurinn hafi hækkað, en ekki hvað almenn laun hafi á sama tíma hækkað í landinu. Án þess að báðar hliðar séu fram dregnar um þessa hluti, er allt tal villandi, og það efast ég um, að hafi verið í huga hv. þm., og ég ber fram þá persónulegu ósk, að það verði framvegis látið fylgja, þegar slíkur samanburður er gerður, til þess að menn geti betur glöggvað sig á því, hver verðlagsþróunin í landinu hafi almennt orðið. Þar með er ég ekki, nema síður sé, að efast um það, að hér sé um að ræða raunhæfar og eðlilegar tölur, rétt með farnar. Það dreg ég ekki í

efa. En höfuðástæðan til þess að ég stóð hér upp, er fyrst og fremst til að mótmæla því, að það hafi verið sofið á verðinum um tæknilega aðstoð við húsbyggjendur í því skyni að fá lækkaðan byggingarkostnað. Það er að minu viti rangt. Hitt get ég fallizt á, að í þeim efnum verði e. t. v. aldrei nóg að gert og þurfi að efla þá starfsemi að mun, auk þess sem fram hjá þeim staðreyndum verður ekki gengið, að á s. l. árum hefur verið veitt til þessara nauðsynlegu framkvæmda meira fé en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar, jafnvel þó að menn geti lækkað gildi þeirra peninga með tilvitnunum í þá verðbólgu, sem hér hefur geisað, ekki einungis í tíð núverandi ríkisstj., heldur allra þeirra ríkisstj., sem setið hafa frá því í stríðsbyrjun.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða löngum tíma í það að gera ræðu hæstv. félmrh. að umtalsefni. Hann hóf mál sitt á því að segja, að ég hefði mjög hallað réttu máli í fyrri ræðu minni. Satt að segja og mér til mikillar ánægju fannst mér nú, að þegar átti að fara að nefna dæmin um það, væru þau ekki eins stórkostleg og vænta hefði mátt eftir þessum inngangi. En það er sjálfsagt að reyna að standa fyrir máli sínu og leiðrétta þá þau ummæli, sem helzt gætu verið undirrót slíks dóms af hendi hæstv. ráðh.

Hann talaði um það, að ég hefði gert vanrækslu húsnæðismálastjórnar til þess að framkvæma kaflann um lækkun á byggingarkostnaði sérstaklega ranglega að umtalsefni. Og hann vildi nefna nokkur dæmi um það, að tilburðir hefðu verið uppi hafðir í þá átt að framkvæma lögin að þessu leyti. Og ef ég hef tekið rétt eftir, var það aðallega tvennt, sem hann minnti á. Það var í fyrsta lagi það, að húsnæðismálastjórn hefði lagt til teikningar. Það væri algengt orðið og algengast, að a. m. k. utan Reykjavíkur og stærri staða væri byggt samkv. teikningum húsnæðismálastjórnar. Þetta er vissulega alveg rétt, og þetta er til mikilla bóta. Hvað mikið það lækkar byggingarkostnaðinn, skal ég ósagt láta, en þetta er einn af þeim 12 liðum, sem lögin telja upp, og þetta er einn af þeim liðum eða sá eini liður, held ég, sem ég nefndi einmitt, sem hefði verið framkvæmdur. Ég tók það alveg sérstaklega fram, þegar ég las upp þennan lið úr 2. gr. laganna, að á þessu sviði hefði talsvert verið gert, svo að ekki hef ég þá farið rangt með það. Hann sagði, að það væru eftirlitsmenn starfandi á vegum húsnæðismálastjórnar til þess að fylgjast með því, að rétt væri byggt, og ég skal fúslega viðurkenna, að það sé einnig til bóta. En að öðru leyti fannst mér ekki fara mikið fyrir því starfi, sem hv. húsnæðismálastjórn um skeið undir forustu hæstv. núv. félmrh. hefur lagt af mörkum í þessari baráttu og til framkvæmda á 2. gr. umræddra laga. Þessi lagasetning er nú orðin 10 ára gömul, og fjöldi þeirra liða, sem ekki hafa verið framkvæmdir og ekkert verið teljandi reynt að framkvæma, er miklu meiri en þeirra liða, sem framkvæmdir hafa verið að einhverju eða öllu leyti, svo að þótt það kunni að vera, sem ég skal fyllilega fallast á, að mér hafi láðst að geta um eitthvað af störfum húsnæðismálastjórnar í þessa átt, stendur þó hitt óhaggað, að ég hygg að miklu fleira er þar ógert. Hæstv. ráðh. viðurkenndi þetta líka, og hann kom með ástæðuna til þess, að þetta hefði verið ógert, það var fjármagnsskortur. Ég man eftir því, að fyrir nokkrum árum vorum við einu sinni sem oftar að ræða þessi mál og þá barst það sama í tal, og ég viðurkenndi það þá og skal fúslega viðurkenna það enn, að mér dettur ekki í hug að halda það, að það hafi verið fyrir vanrækslu, fyrir trassaskap þessara ágætu fulltrúa fólksins í Húsnæðismálastofnuninni, sem ekki hafi verið gert meira að því en raun ber vitni að framkvæma þessi ákvæði um lækkun byggingarkostnaðar. Það stafar fyrst og fremst af fjármagnsskorti. Það stafar af því, að það fjármagn, sem þessi sjóður hefur haft til ráðstöfunar, hefur ævinlega verið svo takmarkað, að þegar nm. hafa séð þörf húsbyggjenda fyrir lánsfé, hafa þeir látið þessar ráðstafanir mæta afgangi, og ég skal gjarnan undirstrika það einu sinni enn, sem ég hef oft gert áður, að það er fyrst og fremst af þessum ástæðum, sem framkvæmd laganna hefur dregizt. En þetta er misskilningur. Ég leyfi mér líka að benda á, að það verður meira úr því fjármagni, sem Húsnæðismálastofnunin ver til þess að gera þessar ráðstafanir, þær sem að gagni mega koma, heldur en þó að hægt sé að lána þeim fjárhæðum meira til húsbygginga almennt. Og það er fyrst og fremst það, sem ég hef leyft mér að gagnrýna, bæði nú og áður, og mun gera, þangað til veruleg breyting verður á því.

Hæstv. ráðh. gat um það, að komið hefðu nýir tekjustofnar til og þess vegna væri hægt að gera áður óþekktar ráðstafanir til lækkunar byggingarkostnaði. Það er rétt, að fjármagn byggingarsjóðs hefur talsvert verið aukið með hækkun skyldusparnaðarins, með launaskattinum, og e. t. v. á einhverja fleiri vegu, sem ég man ekki í svipinn, en þó ekki meira en svo, eins og ég gat um áðan, að til þess að geta staðið undir og veitt lán til framkvæmdanna í Breiðholti hefur þurft að skerða fjármagn byggingarsjóðs til almennra útlána á þann hátt, sem ég gerði áðan grein fyrir, að það eru 800 umsóknir 15. marz, sem ekki er sinnt, 600 umsóknum verður þá að vísa fram á næsta ár, og síðan 15. marz hefur, að því er ég bezt veit, ekki verið gerð einu sinni talning á því, hversu margar umsóknir hafa borizt og ekki hefur verið hægt að sinna.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið krafa verkalýðsfélaganna, að sérstök n. væri sett á laggirnar til þess að hafa með höndum framkvæmdirnar í Breiðholti. Ég talaði ekkert um það, hver hefði ráðið því, að þessi tilhögun var viðhöfð. Ég sagði ekki heldur, að ég sæi ástæðu til þess að gagnrýna hana. Ég benti aðeins á það, að Húsnæðismálastofnun hefði verið til og hennar hlutverk væri nokkuð það sama og framkvæmdanefndin er núna að vinna að. Og ég segi það og endurtek það, að mér finnst það undarleg ráðstöfun að þurfa að setja á stofn nýtt ráð eða nýja nefnd til þess að framkvæma það, sem öðrum aðila er með lögum skylt að gera, frá hverjum sem sú krafa kemur.

Það er misskilningur hæstv. ráðh., að ég hafi minnzt á 20 millj. kr. framlagið 1945 til þess að sýna fram á það, hvað byggingarkostnaðurinn

hafi hækkað. Það segir vissulega sína sögu um það, hvað byggingarkostnaðurinn hefur hækkað á þessum tíma. En ég dró þessa tölu fram til þess að sýna það, hversu ljós mönnum hefði verið sú nauðsyn þá þegar að auka fjármagn byggingarsamvinnufélaga með þessum hætti og hversu miklu meiri stórhugur hefði sýnt sig í þeirri till. heldur en þó þeirri, sem ég er hér að tala fyrir. En það er vissulega alveg rétt, að þetta segir náttúrlega sína sögu um hækkun byggingarkostnaðarins. En auðvitað þarf að geta fleiri atriða, ef menn ætla að fara að bera það saman, hvort það sé svo miklu tiltölulega dýrara að byggja núna eða þá. Það lá ekki í mínum orðum, og ég leiðrétti það, ef einhver hefur misskilið það, eins og hæstv. ráðh. virtist hafa gert.

Ég skal ekki vera að lengja þessar umr. Ég tel ekki ástæðu til þess. En ég endurtek það, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu og eins og hæstv. ráðh. undirstrikaði, að það er ástæða til þess að fagna því, ef byggingarmeistarar hér í borginni hafa aðstöðu til þess að byggja ódýrara en þeir hafa gert með því að bindast samtökum og með því að eiga von á opinberri aðstoð til þess að geta hrundið því í framkvæmd. Ég er líka mjög ánægður með það og bind talsverðar vonir við það, að tilraunin í Breiðholti gefi góða raun, þó að ég geti vissulega tekið undir þær áhyggjur með hæstv. ráðh., að það sé ekki víst, að árangurinn verði eins og allir hefðu óskað, a. m. k. ekki í fyrstu lotu. En ég skal enda þessi fáu orð með því að minna á það einu sinni enn, að við hlið þessara ráðstafana, við hliðina á samtökum byggingarmeistara, við hliðina á tilraunum ríkissjóðs eða ríkisvaldsins til þess að lækka byggingarkostnaðinn starfa hér félagsmálasamtök, sem hafa sýnt það, að þau hafa getað lækkað byggingarkostnaðinn, byggt ódýrar en margir aðrir, byggingarsamvinnufélögin, og það er til þess að styðja þá viðleitni, sem þetta frv. er lagt fram.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. frá því, sem orðið er. Eftir síðustu ræðu hv. frsm. ber ekki svo mikið á milli, að þess sé þörf. En ég vil þó ítreka það, sem ég sagði áður, að þrátt fyrir það, þó að ýmislegt sé enn ógert og því miður allt of mikið í sambandi við lausn þessa mikla vanda, sem húsnæðismálin eru, verður þó að viðurkennast, að fyrir samstillt átak ríkisvalds, verkalýðsfélaga og annarra, sem þar hafa komið að á undanförnum árum, hefur stærra átak, stærri fjárveitingar til þeirra mála og stærri átök um nýjungar í byggingarframkvæmdum aldrei áður átt sér stað í byggingarsögu þjóðarinnar. Það er staðreynd, sem verður ekki fram hjá komizt.

Það er hins vegar enn þá hryggileg staðreynd, að 600—800 umsóknir skuli ekki fá afgreiðslu nú á yfirstandandi ári. En mig minnir, að ég hafi ekki heyrt stórar hvatningar til úrlausnar þeim vanda, þegar við árum saman í húsnæðismálastjórn sátum við það borð að afgreiða 20—25% af fjárþörfinni, sem þá var uppi, og er gott að eiga nýja stuðningsmenn hjá hv. framsóknarmönnum til lausnar þessum vanda nú, þegar þeir sjálfir bera ekki ábyrgðina á framkvæmdum. Þetta er eigi að síður staðreynd, sem átti sér stað á árunum fyrir 1960, að þannig var vinnuaðstaða húsnæðismálastjórnar í þá daga. Og svo langt náðist á síðustu árum, að í hinum þremur lánveitingum var hægt að fullnægja öllum fyrirliggjandi lánsumsóknum, en síðan hefur vegna minnkandi tekna og aukinna byggingarframkvæmda aftur sigið í áttina til þess, sem áður var, og biðraðir hafa skapazt. Við skulum vona, að með sameiginlegu átaki allra þeirra, sem nú láta í ljós vilja sinn til þess að leysa þennan vanda, verði aftur hægt að minnka þessa biðröð og helzt eyða henni með öllu.

Þetta vildi ég láta nægja varðandi þær almennu umr., sem um húsnæðismál hafa hér orðið. En varðandi frv. sjálft vildi ég aðeins segja, að ég tel eðlilegt, að sú n., sem frv. fær til meðferðar, leiti álits húsnæðismálastjórnar á ákvæðum þess, þar sem húsnæðismálastjórn hefur nú með höndum allsherjar endurskoðun á opinberum afskiptum af byggingarmálum, og hefur nýverið verið eftir því óskað, að stjórnin lyki þeirri endurskoðun sem allra fyrst, og teldi ég þá eðlilegt, að ákvæði þessa frv. yrðu þar með. Ég tel það vera eðlilega framvindu málsins.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil nú mjög þakka hæstv. ráðh. fyrir niðurlagið á hans ræðu, þar sem hann lofaði því, að það frv., sem hér um ræðir, verði tekið til vinsamlegrar athugunar ásamt öðrum þeim leiðum, sem til greina koma í þessu máli. Og fyrir mér er það vissulega aðalatriðið í þessu sambandi, að frv. fái vinsamlega athugun og þá afgreiðslu, sem ég óskaði eftir og bað um í fyrstu ræðu minni hér.

Viðkomandi því, að skapazt hafa biðraðir hjá húsnæðismálastjórn og fjármagn er nú ekki til til þess að afgreiða þær og það sé ekki ný saga, er það vissulega rétt hjá hæstv. ráðh. Það hefur sjálfsagt mjög sjaldan verið þannig ástatt hér, að hægt væri að uppfylla allar þær umsóknir, sem borizt hafa. En hann vildi hugsa gott til þess, eftir því sem mér fannst, að honum hafði bætzt nýr liðsmaður í sinni baráttu við það að hafa alltaf nægilegt fjármagn til húsbygginga. Ég vil í því sambandi, án þess að ég ætli að fara að gera þetta að neinu stóratriði, aðeins minna á það, að núv. löggjöf um húsnæðismálastjórn er sett á þeim tíma, þegar Framsfl. var í stjórn. Þegar Framsfl. var í stjórn ásamt fleirum, voru í fyrsta skipti teknir upp sérstakir tekjustofnar byggingarsjóðs, þar sem var skylduspárnaðurinn, og mér vitanlega hefur aldrei staðið á framsóknarmönnum að ljá þessu máli lið, þannig að hæstv. félmrh. þarf ekki að koma áhugi okkar í því efni á óvart.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 245).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til l. um byggingarsamvinnufélög, sem hér liggur frammi til umr., hefur verið til meðferðar í heilbr.- og félmn., og varð n. sammála um að afgreiða það á þann hátt, sem kemur fram í nál.

á þskj. 245, þ. e. a. s., að vísa málinu til ríkisstj. á þeim forsendum, sem þar eru greindar. Ég vil taka fram, af því að það vantar undirskrift eins nm. undir þetta nál., þ. e. a. s. hv. 2. þm. Reykv., að allir nm. voru viðstaddir, þegar þetta frv. var afgr. í n., og allir sammála um þessa niðurstöðu, en þessi hv. þm. var farinn af landi brott þegar gengið var frá nál., og því ekki hægt að ná til hans til undirskriftar undir nál.

Eins og kunnugt er, fer nú fram heildarendurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni, og hefur húsnæðismálastjórn þá endurskoðun með höndum. Ég hygg, að það séu nú um það bil 2 ár, síðan húsnæðismálastjórn var falið þetta sérstaka verkefni, og það mætti því vissulega fara að vænta þess, að því fari senn að ljúka. En upphafið að þessari endurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni í heild má að verulegu leyti rekja til yfirlýsingar ríkisstj. um húsnæðismál, sem birt var 9. júlí 1965 og var í raun og veru grundvöllur að samkomulagi við verkalýðshreyfinguna, en í síðasta tölulið þeirrar yfirlýsingar segir, að unnið skuli að því af hálfu ríkis og sveitarfélaga að tryggja láglaunafólki húsnæði, sem kosti það ekki meira en hóflegan hluta árstekna, og í þessu skyni verði nú hafin endurskoðun laga um verkamannabústaði og gildandi lagaákvæði um opinbera aðstoð vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis með það fyrir augum að sameina til frambúðar í einum lagabálki og samræma öll ákvæði um opinbera aðstoð við húsnæðisöflun láglaunafólks, þ. á m. um þær íbúðabyggingar, sem ræðir um í 3. lið hér að framan, og verði samkomulag um nýtt kerfi á þessu sviði, væri rétt, að það tæki til framkvæmda þeirra byggingaráætlana, sem lýst er hér að framan, og ríkisstj. hafi fullt samráð við verkalýðsfélög um þessa endurskoðun laga um húsnæðismál láglaunafólks. En sú endurskoðun, sem húsnæðismálastjórn hefur nú með höndum, eins og ég gat um, er víðtækari en þarna kemur fram, því að hún nær til húsnæðismálalöggjafarinnar í heild, þótt þetta kunni að vera upphafið.

Lög um byggingarsamvinnufélög hafa staðið óhögguð í 16 ár og eru sennilega einmitt sá þáttur húsnæðismálalöggjafarinnar, sem lítið eða ekkert hefur verið hróflað við á þessum tíma, og það er því vissulega eðlilegt að menn leiði hugann að því, hvort ekki sé þörf á því að gera þarna á allverulegar breytingar. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir um byggingarsamvinnufélög, eru nokkur nýmæli, þó að flm. hafi aðallega lagt áherzlu á tvennt, sem þar kemur fram, þ. e. a. s. í 4. gr. frv., niðurlagi d-liðar, um að skylda Seðlabanka Íslands til að kaupa á nafnverði og árlega, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr., og er þetta grundvallað á því, að byggingarsamvinnufélögum eða félagsmönnum þeirra hefur reynzt örðugt um vik að selja hin ríkistryggðu skuldabréf, sem þeir eiga rétt á að fá. Og í öðru lagi er það svo 8. gr. þessa frv., þar sem segir, að í þeim sveitarfélögum, þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, er hlutaðeigandi sveitarstjórnum skylt að láta slík félög sitja fyrir um úthlutun lóða. Þetta eru sennilega stærstu nýmælin í þessu frv.

Ég tel, að á þessum tíma, sem byggingarsamvinnufélögin hafa starfað, hafi komið í ljós ýmsir annmarkar á þeirri löggjöf, þó að allir viðurkenni gildi byggingarsamvinnufélaganna og nauðsyn þeirra. Og þar eru tvö atriði, sem ég einkum hef í huga, og það er annars vegar, að menn geta verið aðilar í byggingarsamvinnufélagi með íbúðir sínar, þó að byggingarsamvinnufélagið hafi ekki átt neinn þátt í því að reisa viðkomandi íbúðir, þ. e. a. s. menn geta byggt sínar íbúðir sjálfir og komið svo eftir á og gengið inn í byggingarsamvinnufélag með þessar íbúðir. Þannig gæti í sama byggingarsamvinnufélagi verið ein íbúð á Ísafirði og önnur austur á Hornafirði og þriðja norður í landi o. s. frv., o. s. frv., og þessu tel ég nauðsynlegt að breyta þannig, að byggingarsamvinnufélögin taki eingöngu til íbúða og íbúðaáfanga, sem þau reisa sjálf.

Í öðru lagi hafa reglurnar í lögunum um endursölu þessara íbúða og forgangsrétt félagsmanna til að kaupa, ef einhver félagsmaður vill selja, því miður reynzt dauður bókstafur. Á þessum tveimur sviðum er, álít ég, sérstaklega endurskoðunar þörf. Og í þriðja lagi má segja, að sérstaklega 8. gr., þar sem talað er um, að þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, sé hlutaðeigandi sveitarfélagi skylt að láta slíkt félag sitja fyrir um úthlutun lóða, — þessi gr. getur orkað mjög tvímælis. Það eru auðvitað ýmsir aðrir byggingaraðilar, sem þurfa á lóðum að halda, við skulum segja lóðum undir verkamannabústaði, lóðum undir íbúðabyggingar fyrir láglaunafólk. Auk þess eru svo einstaklingar eða byggingarmeistarar, sem fá lóðir til að byggja og selja og yrðu auðvitað að eiga rétt til úthlutunar. Bæði álít ég ákaflega vandasamt að skera úr í sumum tilfellum, hver eigi að hafa meiri rétt en annar, og eins, hvernig slíkur forgangsréttur ætti að vera, ef ætti að fara að útfæra hann nánar. Ef ætti að taka það upp að láta einhverja hafa forgangsrétt umfram aðra við lóðaúthlutun, væri sennilega bezt að miða við það, hver treysti sér til að byggja ódýrast, þ. e. a. s. þeir, sem sæktu um lóðirnar til að byggja þar tiltekin hús, og einkum á það náttúrlega við fjölbýlishús, skuldbyndu sig til þess að selja íbúðirnar, sem byggðar eru á þessum lóðum, fyrir eitthvert hámarksverð, t. d. á rúmmetra eða fermetra eða eitthvað þess háttar. Þá er auðvitað ljóst, að það þarf að greiða fyrir byggingarsamvinnufélögum að því er varðar fjáröflun og möguleika til þess að koma ríkisskuldabréfunum í verð, og getur náttúrlega sitt sýnzt hverjum, hvernig þar á að fara að.

Ég vil taka það fram í sambandi við þetta ákvæði í þessu frv., að frv. var sent til umsagnar Seðlabanka Íslands, og það kom ekkert svar þaðan, þó að maður hafi nú kannske ekki reiknað með mjög jákvæðum undirtektum, en það kom ekkert svar.

En ég vil taka það skýrt fram, að þó ég sé hér að benda á ýmis atriði í sambandi við þessa löggjöf, atriði, sem hafa ekki kannske verið tekin til meðferðar í þessu frv., eða leysa mætti á annan hátt en þetta frv. gerir ráð fyrir, er ég ekki með þessu að segja, að það þurfi endilega að vera svo mikill skoðanaágreiningur milli mín og hv. flm. þessa frv., því að ég geri ráð fyrir því, að þegar þeir fluttu þetta frv., hafi þeir verið fúsir til viðtals um það að gera breytingar, eftir

því sem athuganir leiddu í ljós. En ég er fyrst og fremst að benda á þetta til þess að sýna, á hve margt þarf að líta, þegar þessi mál eru leyst. Og þar sem svo stóð nú á, að öll húsnæðismálalöggjöfin var í endurskoðun, sú endurskoðun hefur þegar tekið alllangan tíma og þess var að vænta, að henni færi að ljúka, fannst okkur, sem skipuðum heilbr.- og félmn. d., eðlilegt, að bíða eftir þessari heildarendurskoðun laganna, þar sem margt af því, sem hér kemur til álita, er auðvitað í nánum tengslum við aðra þætti húsnæðismálalöggjafarinnar. Því var það niðurstaða okkar, eins og fram kemur í nál., að leggja það til, að málinu yrði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að ríkisstj. hlutist til um það, að heildarendurskoðun verði hraðað og henni lokið á yfirstandandi ári, en við þessa endurskoðun verði m. a. könnuð vandlega sú reynsla, sem fengizt hefur á starfsemi byggingarsamvinnufélaganna og þætti þeirra í lausn húsnæðisvandamálanna með það fyrir augum að skapa byggingarsamvinnufélögum heilbrigðan og eðlilegan starfsvettvang til frambúðar.

Þetta frv. var sent til umsagnar Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og þaðan barst stutt umsögn, þar sem skýrt er frá því, að húsnæðismálastjórn muni senda umsögn um frv., þegar hún hafi fjallað um þetta mál í sambandi við endurskoðun þá um gildandi lög um húsnæðismál, er nú stendur yfir, en í þessari umsögn var ekkert skýrt nánar frá því, hvenær sú umsögn væri væntanleg eða hvenær húsnæðismálastjórn yrði búin að fjalla endanlega um þennan þátt húsnæðismálalöggjafarinnar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja hér aðeins örfá orð í sambandi við afgreiðslu þess frv., sem hér er til umræðu, en það er um byggingarsamvinnufélög, sem ég hef flutt ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v.

Þetta er í annað skipti, sem ég flyt frv. um aukna aðstoð við byggingarsamvinnufélögin hér á hv. Alþingi. Í fyrra reiddi þessu frv. þannig af, að því var vísað til n. í hv. Nd., þar sem það sofnaði svefninum langa, og heyrðist ekki meira af því, þótt það væri flutt snemma þings.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. sýnir hins vegar þann manndóm, sem ber að þakka, að vilja afgreiða frv. á einhvern hátt. Og vitanlega eru það þau vinnubrögð, sem ein eru sæmandi, að afgreiða þau mál, sem fram eru borin, og ef menn hafa ekki vilja til að vera með þeim, þá að fella þau. Hér er nú ekki gengið svo harkalega til verks, heldur lagt til að vísa málinu til hæstv. ríkisstj. Auðvitað hefði ég helzt kosið, að þetta frv. hefði náð samþykki hér á þessu hv. þingi, og satt að segja finnst mér öll rök hníga að því, því að hér er í raun og veru aðeins um tvær eða að meginhluta til aðeins um tvær efnisbreytingar frá gildandi lögum að ræða, eins og hv. frsm. n. tók fram.

Annað atriðið er að tryggja sölu á ríkistryggðum skuldabréfum byggingarsamvinnufélaga að upphæð 75 millj. kr. á ári og þar með vil ég nú segja gera byggingarsamvinnufélögin starfhæf, því að allir vitum við, hvernig gengið hefur að koma slíkum ríkistryggðum skuldabréfum í verð, það hefur nánast verið alveg útilokað eftir gildandi lögum, þegar engin skylda er nokkurs staðar til að kaupa þau. Það var dálítil von til að selja þessi ríkistryggðu bréf, á meðan tryggingarfélögin lánuðu kvaðalaust, þau munu hafa keypt nokkuð af slíkum bréfum, en eftir að sú skylda var lögð á tryggingarfélögin að leggja í húsnæðismálastjórn 25% á móti hverju því láni, sem þau afgreiða, hygg ég, að þessi möguleiki hafi einnig alveg lokazt. Afleiðingin hefur þá orðið sú, að þessi bréf hafa ýmist verið óseld og óseljanleg eða gengið kaupum og sölum með gífurlegum afföllum, sem orðið hafa til þess vitanlega að hækka byggingarkostnaðinn. Þessi ómöguleiki að útvega fjármagn til þess að kaupa bréf hefur áreiðanlega háð starfsemi byggingarsamvinnufélaganna alveg gífurlega, eins og hv. frsm. raunar tók fram, og vil ég undirstrika það að sjálfsögðu, sem kemur fram bæði í frv. og hans ræðu, að óhjákvæmilegt verður að leita leiða til þess að finna þetta fjármagn, ef starfsemi byggingarsamvinnufélaganna á að geta skilað þeim árangri, sem annars mundi hægt.

Hitt meginatriði frv. er forgangsréttur til handa byggingarsamvinnufélögum um úthlutun lóða. Hv. frsm. taldi vandkvæði á því að lögfesta slíkan forgangsrétt fyrir byggingarsamvinnufélög. Ég skal viðurkenna, að það getur verið nokkuð erfitt í sumum tilfellum, að segja til um, hver eigi mestan rétt til lóða, þar sem lóðaskortur er, og vitanlega væri æskilegast, að hægt væri að koma málum þannig fyrir, að allir gætu fengið lóðir. En þetta ákvæði settum við flm. í frv., vegna þess að okkur er tjáð, að lóðaúthlutun, a. m. k. hér í Reykjavík, hafi a. m. k. til skamms tíma verið þannig hagað, að byggingarfélögin hafi verið nokkuð afskipt í því, og það finnst okkur ranglátt og óþarft, og við teljum byggingarsamvinnufélögin það þýðingarmikinn aðila í byggingarframkvæmdum landsmanna og borgarbúa, að við svo búið eigi ekki að standa.

Ég held, að það sé öllum ljóst, og ég hef ekki heyrt því mótmælt, að reynslan af byggingarsamvinnufélögum þeim t. d., sem ég nefndi hér við 1. umr., Byggingarfélagi sjómanna og verkamanna í Reykjavík, Byggingarfélagi atvinnubifreiðarstjóra, Byggingarfélagi alþýðu, Byggingarsamvinnufélaginu Framtak, svo að ég nefni einhver, sýni, að þessi leið sé vel fær til þess að lækka byggingarkostnaðinn, en lækkun byggingarkostnaðarins er og verður eitt stærsta viðfangsefnið, sem við er að glíma í okkar málum. Vitanlega ber að vinna að þessari lækkun byggingarkostnaðar með öllum tiltækum ráðum. Ég er alveg samþykkur þessari tilraun, sem verið er að gera í Breiðholti, sem hv. frsm. kannast vel við, og ég óska þess, að hún takist vel. En ég vil bara minna á það og lýsa því sem minni skoðun, að það verði að gera fleira, það verði að reyna fleiri aðferðir til þess að ná þessu sama marki. Byggingarframkvæmdirnar í Breiðholti eru raunar ekki annað en efndir á því margra ára ákvæði, sem vanrækt hefur verið í húsnæðisstjórnarlögunum, að láta fara fram slíkar tilraunabyggingar. Það er vel, að það er nú loksins farið að framkvæma þennan kafla laganna. En ég undirstrika það, að með fleira móti er hægt að ná árangri í þessari baráttu, og minni á, að byggingarsam-

vinnufélögunum hefur þegar orðið vel ágengt í henni, og þess vegna er ástæða til þess að stuðla að framgangi þeirra, eftir því sem tök eru á. Samtök byggingarmanna hér í Reykjavík hafa nýverið látið samþykkt frá sér fara, þar sem þeir telja sig geta lækkað byggingarkostnaðinn verulega, ef þeir fái nauðsynlega aðstoð, og sú nauðsynlega aðstoð, sem þeir tala um, er það sama og meginefni þessa frv. fjallar um. Það er aukinn aðgangur að fjármagni og aukin eða bætt aðstaða til úthlutunar lóða, svo að það virðist vera, að lóðaskorturinn hafi komið víðar við en hjá byggingarsamvinnufélögunum, og út af fyrir sig er það rétt, sem hv. frsm. sagði um það efni.

Ég skal viðurkenna það, að það er átak að útvega fjármagn til húsnæðismálanna, og okkur er það alveg ljóst, sem flytjum frv., að 75 millj. kr. leysa hér mjög takmarkaðan vanda. Miðað við 300 þús. kr. lán út á hverja íbúð, þá er hér um að tefla einhvers staðar um 200—225 íbúðir á ári, sem gætu notið þessara lána. Og auðvitað er það ekki nóg. En með hliðsjón af því, hversu erfitt er að útvega fjármagn, var boginn ekki spenntur hærra í þessu frv., og allir geta séð, hvílíkur reginmunur væri á því að hafa þó þessa sölu tryggða eða enga, eins og nú standa sakir. Það er þörf á því að útvega meira fjármagn til húsnæðismálanna, eins og glöggt kom fram í umr. hér í sameinuðu þingi ekki alls fyrir löngu. Það er vitanlega aðkallandi að skila byggingarsjóði ríkisins því, sem af honum hefur verið tekið vegna Breiðholtsframkvæmdanna, og það er aðkallandi að tryggja áframhaldandi fjármagn til þeirra framkvæmda. Það er ekki hægt og verður ekki hægt til frambúðar að láta almenna veðlánakerfið standa undir þessum stórframkvæmdum, byggingu 1250 íbúða. Það verður ekki gerlegt, og það var áreiðanlega ekki tilgangur þess samkomulags, sem upphaflega var gert um þær byggingar.

Ég endurtek það, að ég hefði helzt kosið, að frv. hefði náð samþykki nú á þessu þingi, þannig að byggingarsamvinnufélögin gætu á ný sýnt, hvers þau eru megnug, ef búið er að þeim eins og lög gera ráð fyrir. En nú er því borið við, að vegna heildarendurskoðunar, sem yfir standi á húsnæðismálalöggjöfinni, sé eðlilegt að taka ekki afstöðu til málsins, heldur að vísa því til hæstv. ríkisstj. Og ég skal gjarnan játa það, að hv. frsm., 3. landsk., og nokkrir aðrir nm., a. m. k. þeir, sem eru úr sama flokki og ég, báru þessa leið undir okkur flm. og við fyrir okkar leyti höfum eftir atvikum fallizt á hana, fyrst og fremst náttúrlega út frá því sjónarmiði, að hún sé betri en að frv. verði fellt eða endalaust lagt við aðgerðarleysisstjórann. En ég geng að þessari till. í því sama trausti og hv. heilbr.- og félmn. lætur í ljós í nál. á þskj. 245, að þessari endurskoðun verði hraðað og henni lokið á yfirstandandi ári og það legg ég áherzlu á. Þessi endurskoðun er búin að standa yfir lengi. Hún var ráðgerð 1965 eða fyrir 2½ ári, og satt að segja finnst mér það sízt ofmælt, sem hv. frsm. sagði, að það væri ástæða til að fara að vænta niðurstöðu af þessari endurskoðun, og það er vel, að hv. heilbr.- og félmn. hefur notað þetta tækifæri til þess að undirstrika þann vilja sinn, að ekki yrði lengur beðið eftir niðurstöðum þessarar athugunar. Ég geri þetta enn fremur í trausti þess, eins og segir í nál., að vandlega verði könnuð sú reynsla, sem fengizt hefur af starfsemi byggingarsamvinnufélaganna og þætti þeirra í lausn húsnæðisvandamálanna, með það fyrir augum að skapa byggingarsamvinnufélögunum heilbrigðan og eðlilegan starfsvettvang til frambúðar. Ég er sannfærður um, að þegar reynslan af byggingarsamvinnufélögunum verður, eins og hér er lagt til, nákvæmlega skoðuð og borin saman við aðrar aðferðir til byggingar íbúðarhúsa og þáttur byggingarsamvinnufélaganna í lausn húsnæðisvandamálanna sérstaklega dreginn fram, verði niðurstaðan sú, að það muni þykja sjálfsagt, alveg sjálfsagt, að skapa þeim heilbrigðan og eðlilegan starfsvettvang til frambúðar, eins og n. gerir ráð fyrir, og að gallinn þyki þá sá helztur, að það skyldi ekki hafa verið gert miklu fyrr.

Auðvitað er skylt að geta þess, að ekki hafa öll byggingarsamvinnufélög skilað jafngóðum árangri. Það er mér alveg ljóst, að þessi aðferð til þess að byggja tryggir það ekki, að alls konar mistök geti ekki átt sér stað. Þau hafa vissulega gerzt. En ég hygg og byggi það á þeirri reynslu, að vísu takmarkaðri, sem ég hef af þessum félagsskap, að hin séu þó fleiri, þar sem vel hefur til tekizt. Ég er enn þá sáttari við þessa málsmeðferð vegna þess, að hæstv. félmrh. lofaði því í niðurlagi ræðu sinnar við 1. umr. málsins, að frv. skyldi fá, eins og hann sagði, vinsamlega athugun og byggingarsamvinnufélögin mundu koma til greina á sama hátt og aðrir aðilar og aðrar leiðir, þegar kannað væri, hvernig heppilegast yrði að koma byggingarmálunum fyrir til frambúðar.

Út af þeim aths., sem hv. 3. landsk. gerði við frv., skal ég nú ekki eyða löngu máli að tala um þær. Hann tók það fram, að byggingasamvinnufélagalögin væru 16 ára gömul og breytinga þörf. Það er vissulega rétt, og það voru aðallega tvö atriði, sem hann hafði við þessi lög að athuga, og taldi, að mér skildist, að frv. kvæði ekki nægilega skýrt á um lagfæringar í þeim efnum. Fyrra atriðið var um endursölu þessara íbúða, sem byggðar eru á vegum byggingarsamvinnufélaganna. Það er alveg rétt og það vita allir, að lagaákvæðin um forkaupsréttinn og endursöluna hafa lítið verið virt að undanförnu og íbúðir, sem byggingarsamvinnufélögin hafa byggt, hafa gengið kaupum og sölum á svipuðu verði og aðrar íbúðir, sem öðruvísi eru byggðar. En eins og ég minntist á við fyrri umr., er þetta kannske nokkurt vorkunnarmál, meðan aðstoð byggingarsamvinnufélaganna hefur ekki getað verið meiri til fjárútvegunar heldur en raun ber vitni að undanförnu. Og ég tel sjálfsagt, að ef eitthvað svipuð ákvæði verða lögfest eins og hér er gert ráð fyrir, verði þetta eftirlit hert. En ég bendi á það, að bæði í lögunum eins og þau eru nú og því frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir því, að þar séu ákvæði um þessa sölu og endursölu, og það, sem fyrst og fremst skortir á, er að framfylgja þeim ákvæðum. Ákvæðin eru fyrir hendi, en framkvæmdin hefur verið eins og hv. þm. lýsti.

Hitt atriðið, sem ég vildi aðeins minnast á, er sá ágalli, sem hann telur vera á lögunum, að félagar geti verið víðar en á einum stað, þannig að íbúðir í byggingarsamvinnufélagi geti verið

í mörgum eða jafnvel öllum kaupstöðum landsins laganna vegna. Einnig þetta hygg ég, að sé framkvæmdaatriði. Ég tel, að túlka beri t. d. 13. gr. l. nr. 36 frá 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, á þann veg, að allar íbúðir í sama byggingarfélagi séu a. m. k. á sama tiltekna svæðinu, því að í gr. segir:

„Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkv."

Þarna er hiklaust gert ráð fyrir því, að hvert byggingarfélag nái aðeins yfir tiltekið svæði. Það er að vísu ekki tekið fram, að það skuli vera kaupstaður eða sýslufélag, en eitthvert tiltekið svæði. Og þetta er enn þá betur undirstrikað í 18. gr. laganna. Þar er ákvæði um það, að menn fái því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, eins og þar segir, og b-skilyrðið er svona: „að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af félmrh., enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir", svo að ég hygg, að einnig þetta atriði sé nokkuð glöggt markað í lögunum. Hitt er vafalaust rétt hjá hv. flm., að framkvæmdin hefur ekki verið sem allra skýlausust og ákveðnust í þessu efni.

Ég vil svo ekki, herra forseti, vera að tefja tímann með lengri ræðu um þetta mál. Ég tel, eins og ég hef sagt, að þetta frv. hafi eftir atvikum fengið viðunandi afgreiðslu, og segi það í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. og sá aðili, sem þessi endurskoðun hefur verið falin, láti nú verða af því að gera hana og að hlutur byggingarsamvinnufélaganna í þeirri endurskoðun verði ekki fyrir borð borinn. Ég þakka svo að endingu hv. heilbr.- og félmn. fyrir þessa afgreiðslu.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. Ég held, að þessi lög um byggingarsamvinnufélög hafi verið skilin á þann veg, að jafnvel allt landið gæti verið svæði eins byggingarsamvinnufélags, og það, sem ég var sérstaklega að gagnrýna, var það, að menn geta byggt íbúðirnar sjálfir, hvar sem er á landinu eða jafnvel í sama sveitarfélagi og byggingarfélagið hefur byggt íbúðir, þeir geta byggt þær sjálfir og gengið inn í byggingarsamvinnufélag með þær á eftir, þannig að það er hægt að ganga inn í byggingarsamvinnufélag aðeins til þess að öðlast ríkisábyrgðina, þó að byggingarsamvinnufélagið hafi ekki haft að öðru leyti neinn veg eða vanda af íbúðinni. Og svo virðist það líka, að þegar íbúðirnar eru seldar, kemur seljandinn og krefst, að íbúðin sé borguð út að fullu eða að öðru leyti en því, sem veð hvíla á henni, og þá er það venjulega þannig, að enginn félagsmaður getur gengið að þessu og hann hefur í raun og veru frjálsa sölumöguleika. Það má kannske deila um það, hvort þessir annmarkar, sem við höfum gert hér að umræðuefni, séu vegna þess, að löggjöfin sé ekki nægjanlega fullkomin, eða vegna þess, að framkvæmdinni sé eitthvað ábótavant. Það má sjálfsagt heimfæra hvort tveggja. En aðalatriðið hlýtur að vera að sníða þessa agnúa af og bæta úr þessu.

Ég er alveg sammála hv. fyrra flm. þessa frv., hv. 11. þm. Reykv., um það, að þegar á að reyna að lækka byggingarkostnaðinn, er ekki hægt að treysta þar algerlega á einn aðila, eins og t. d. Breiðholtsáætlunina, sem núna er verið að gera, sem er kannske stærsta átakið í þeim efnum, sem verið er að vinna í dag, heldur verða í raun og veru allir að leggjast á eitt. Það er nú sem betur fer þannig, að ef einhverjum tekst að lækka byggingarkostnaðinn, hvort sem það er byggingarsamvinnufélög eða einhver annar aðili, verður það alltaf hvatning til annarra um það að standa sig og reyna að ná sambærilegum árangri, og auðvitað er ekki hægt að lækka byggingarkostnaðinn með einhverri alveg fyrir fram ákveðinni byggingaraðferð, heldur verður að reyna margt og þreifa sig áfram, og þar verða allir aðilar að leggjast á eitt. En það er einn kosturinn, álít ég, við byggingarsamvinnufélögin, að það er öruggt, að þau selja íbúðirnar á kostnaðarverði. Þegar byggingarmeistari byggir og selur, getur verið, að hann byggi alveg jafnódýrt og byggingarsamvinnufélagið. En ef það er mikil eftirspurn eftir íbúðum, fær hann kannske tækifæri til þess að selja þær fyrir allmiklu hærra verð en kostnaðarverði nemur, en með kostnaðarverðinu á ég auðvitað við, að þar sé innifalinn eðlilegur hagnaður til byggingarmeistara sem verktaka. Hjá byggingarsamvinnufélögunum er þessi hlið málsins tryggð, og það er einnig ljóst, að með samvinnu og samhjálp við byggingar, eins og byggingarsamvinnufélögin eiga hægt með að koma við, er hægt að ná verulegum árangri. En það er auðvitað, — þar er ég líka alveg sammála hv. 11. þm. Reykv., — að til þess að lækka byggingarkostnaðinn, hvaða byggingaraðili sem þar er á ferðinni, er alveg nauðsynlegt, að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi og byggingaráfangarnir séu tiltölulega stórir.

Hv. 11. þm. Reykv. kom hérna örlítið inn á Breiðholtsáætlunina og talaði um það, eins og mig minnir, að hann orðaði það, að það þyrfti að skila aftur því fé, sem hún hefði fengið, eða a. m. k. einhverjum hluta þess, sem hún hefði fengið úr byggingarsjóði. Ég get nú ekki alveg sætt mig við þetta orðalag, því að auðvitað eiga þeir, sem fá íbúðir í Breiðholtinu, rétt á lánum frá byggingarsjóði, hinum almennu lánum og þessum sérlánum, sem veitt eru til meðlima verkalýðsfélaganna, og það væri eiginlega þá fyrst, þegar fjárveiting byggingarsjóðs til þessara framkvæmda, væri orðin — sem hún er alls ekki í dag — meiri en svo, að hún næði því, sem ætti að lána út á hverja íbúð, sem væri hægt að tala um, að það ætti að skila einhverju. En ég vil taka það fram, að þó að ég eigi sæti í þessari framkvæmdanefnd, er ég ekki kunnugur þeim samningum, sem voru undanfari þessara framkvæmda, og hvernig fyrirhugað var að fjármagna þessar framkvæmdir. En ég held samt, að þegar um þetta var samið milli ríkisstj. og verkalýðsfélaganna, hafi þessir aðilar gert sér meiri vonir um fé úr atvinnuleysistryggingasjóði en raun hefur á orðið.

ATKVGR.

Till. á þskj. 245 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum.

Á 13. fundi í Ed., 7. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum [38. mál] (þmfv., A. 38).

Á 17. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Mál það, sem ég flyt hér, er endurflutt. Flutti það á síðasta þingi Helgi Bergs, þáv. 6. þm. Sunnl.

Þar sem ég hygg, að flestir dm. séu nokkuð kunnugir þessu máli, mun ég ekki ræða ýtarlega um það, en drepa aðeins á örfá atriði.

Eins og kunnugt er, voru á árinu 1964 samþ. hér á Alþingi lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Það þótti að sjálfsögðu eðlilegt, að einmitt á þeim stað væri staðsettur skóli til fiskimannaprófs, enda gengu þau greiðlega í gegn. En í l. var ákvæði um það, að bæjarsjóður Vestmannaeyja greiddi kostnað við stofnun skólans og rekstur, og um þetta atriði var þegar í upphafi nokkur ágreiningur, sem er enn, og þess vegna er þetta frv. flutt.

Það töldu margir, að ríkinu bæri að greiða þennan kostnað, eins og kostnað við aðra þætti sjómannafræðslunnar. Enn fremur töldu margir, að það væri óeðlilegt að notfæra sér áhuga Vestmannaeyinga með þessum hætti — áhuga þeirra á þessum skóla — og velta kostnaði að verulegu leyti yfir á þá. Skylt er að geta þess, að ríkið hefur veitt nokkurn styrk, og mér skilst, að hann sé hækkandi með ári hverju, en þó er það svo, að Vestmannaeyjabær ber höfuðþungann af kostnaði við skólann. Á s. l. ári voru svo samþykkt lög um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, þar sem námstilhögun við þann skóla skyldi vera sams konar og í fiskimannadeild hér við stýrimannaskólann í Reykjavík. Var bæði þarft og sjálfsagt að koma þeim ákvæðum fram. En að öðru leyti fékkst ekki breyting á löggjöfinni varðandi greiðslu kostnaðar. Þrátt fyrir þann styrk, sem fæst úr ríkissjóði til þess að standa undir allsherjarkostnaði við þennan skóla, þá, eins og ég sagði áður, er þetta þungur baggi fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Við erum flestir kunnugir því, að Vestmannaeyjabær hefur í mörg horn að líta að því er varðar miklar fjárgreiðslur, hinar stórfelldu aðgerðir t. d. í vatnsveitumálum Vestmanneyinga hljóti að kosta stórfé, og því vissulega þess vegna ástæða til þess að hlaupa þarna undir bagga. Það er ekki um stóra fjárhæð að ræða. Ég hygg, að kostnaður alls á árinu 1966 við stýrimannaskólann hafi reynzt um 1 milljón kr., þar af hafi svo ríkið greitt nokkur hundruð þús. í styrk.

Þó að þetta, eins og ég segi, sé ekki stór fjárhæð, sem Vestmannaeyjabær þarf þannig að greiða, á okkar mælikvarða almennt, er það nú svo, að Vestmannaeyjabæ mundi um þetta muna verulega. Þess vegna þykist ég vita það, að margir þm. munu líta eins og ég á þetta mál, ef þeir íhuga það nánar, og telja, að hér sé um sanngirnismál að ræða að því er Vestmannaeyjabæ varðar. Og með hliðsjón af því og í fullu trausti þess, að dm. sjái allir hið sama og ég þykist greina í þessu máli, vil ég vænta velvilja og skilnings við frv., þannig að það megi ganga fram nú á þessu þingi.

Herra forseti. Ég tel mig ekki þurfa að ræða frekar þetta mál á þessu stigi, en vil óska þess, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari og væntanlega til sjútvn.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, um að gera stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum að hreinni ríkisstofnun með sambærilegum hætti og stýrimannaskólinn í Reykjavík er, vil ég í fyrsta lagi taka það alveg sérstaklega fram, að ég er þessu frv. mjög samþykkur og tek undir það með flm., að þetta frv. beri að samþykkja.

En hvernig stendur þá á því, að í Vestmannaeyjum er nú þegar starfandi stýrimannaskóli, sem að verulegum hluta er borinn uppi af Vestmannaeyjabæ, en ekki alveg af ríkinu? Það er rétt að gefa því máli örlitinn gaum, áður en lengra er haldið.

Hvert bæjarfélag hlýtur að sjálfsögðu að meta það á hverjum tíma, hvaða mál það eru, sem kalla að, og hvert þeirra er einna háværast. Sannleikurinn er sá, að í Vestmannaeyjum hafði það lengi staðið þannig, að aukin sjómannamenntun var eitt af brýnustu málum kaupstaðarins. Oft hafði verið leitað eftir því, þótt ekki væri það jafnaðarlega í gegnum Alþ., að ríkið sæi fyrir sjómannamenntun þarna með svipuðum hætti og gert er í höfuðborg landsins. Þetta strandaði ævinlega á þeirri tregðu, sem jafnan verður, þar sem að hafa setzt margir sérfræðingar í einhverri grein. Þá telja þeir yfirleitt, að utan þess staðar, sem þeir eru samankomnir á með öll tæki sín, sé engin leið að koma fyrir fullkominni fræðslu á því sviði. Þetta þekkjum við á ótalmörgum sviðum, og þannig var þetta með sjómannafræðsluna.

En vandinn hélt áfram að leita á í Vestmannaeyjum. Það vantaði möguleika fyrir sjómennina þar til að afla sér menntunar, og á einu stigi var svo komið, að Vestmannaeyjabær réðst sjálfur í það að bera höfuðþungann af kostnaðinum við að koma þar upp sjómannaskóla. Að vísu voru ekki allir á einu máli um það í Vestmannaeyjum heldur, hvort það ætti að vinda svo bráðan bug að því að gera þetta á kostnað sveitarfélagsins, fyrst ekki fékkst sambærilegur stuðningur ríkisins við þetta og aðra sambærilega skóla. En það var fullkomlega réttmætt að gera það á sinni tíð. Síðan hefur ýmislegt skeð í þessum efnum, m. a. það, að Vestmannaeyjabær hefur ekki lengur þau fjárráð, sem hann hafði um það leyti, sem hann kom skólanum á stofn, enn fremur, að nú hefur það sýnt sig, að það eru engin vandkvæði á því að fá til skólans sérfróða menn til kennslu eða afla honum tækja. Hitt hefur líka skeð, að bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum mun vera til þess tregari nú en áður að láta hlut sveitarfélagsins, fjárhagslegan hlut sveitarfélagsins þannig ganga til stofnunar, sem ríkið ætti að öllu eðlilegu að kosta og ríkið kostar á öðrum stöðum.

Alveg sérstaklega vil ég undirstrika það, eins og hv. flm. gerði, að nú horfast Vestmanneying-

ar í augu við geysilega stóran fjárhagslegan vanda, þar sem er vatnsveita þeirra, sem er stærra fyrirtæki en dæmi eru til um annars staðar á Íslandi, miðað við það bolmagn, sem sveitarfélagið hefur. Mér skilst, að áætlunarverð þeirrar vatnsveitu sé nokkuð sambærilegt við það, ef Reykjavíkurborg legði út í vatnsveituframkvæmdir, sem kostuðu um 1600 millj. kr. Þar af er hægt að sjá, hvert risafyrirtæki þetta er, og er því ekki nema eðlilegt, að ríkið komi á öðrum sviðum til móts við þetta bæjarfélag, sem nauðsyn hefur krafið, að verði meiri fjármunum, en það í rauninni ræður við á skömmum tíma til eins nauðsynjamáls, með því að losa bæjarfélagið við önnur þau gjöld, sem ríkið að öllu eðlilegu ætti að bera, en gerir ekki eins og nú er. Undir það tek ég hiklaust, að sjómannaskólinn í Vestmannaeyjum eigi að flokkast, og vek athygli á því, að það er hin brýnasta nauðsyn, að þessu máli verði komið fram eftir þeim leiðum, sem hér hefur verið lagt til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 332).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Þegar l. nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, voru samþ. hér á Alþingi, lá það fyrir, að kaupstaðurinn og ýmsir aðrir aðilar þar heima fyrir greiddu allan stofnkostnað við skólann, þar með talin öll tækja- og áhaldakaup. Þegar málið var þá til afgreiðslu, var m. a. leitað umsagnar stýrimannaskólans í Reykjavík eða skólastjóra hans. Skólastjórinn var þá frekar andstæður því, að umræddur skóli væri stofnaður, og taldi þess ekki þörf. Það var þó mat Alþingis, að rétt væri að verða við óskum þeirra Vestmanneyinga, og tel ég, að það hafi verið fyllilega réttmætt. Með hliðsjón af því, að Íslendingar eru og verða siglinga- og fiskveiðiþjóð, er eðlilegt, að áherzla sé lögð á góða menntun sjómanna. Það er því hugsanlegt, að ýmsir fleiri staðir utan höfuðborgarinnar heldur en Vestmannaeyjar mundu vilja koma á stofn hjá sér slíkum skóla og þessum. Það er því ekki óeðlilegt, að nokkurt aðhald verði skapað í þessum efnum. Við afgreiðslu fjárlaga var komið nokkuð á móts við óskir þeirra Vestmanneyinga um aukinn fjárstyrk til rekstrar skólans, og það er með tilliti til þess, sem sjútvn. þessarar hv. d. er sammála um, að ekki sé ástæða til frekari afgreiðslu málsins að þessu sinni, og leggur til, að því verði vísað til hæstv. ríkisstj. til frekari athugunar.

Sigurgeir Kristjánsson: Herra forseti. Nál. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 332 varðandi frv. um breyt. á l. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, er einróma. Virðist því ljóst, að málinu er ákveðin leið héðan úr þessari hv. d. Virðist mér allt réttlæti mæla með því, að frv. hefði verið samþ., en þó hefur niðurstaðan orðið sú, að málinu er vísað til hæstv. ríkisstj., og mun reynslan skera úr því, hver fyrirgreiðsla hennar verður svo í málinu. En þar sem það vill þannig til, að ég sit í sæti flm. þessa frv. og málið snertir sérstaklega Vestmannaeyjar, vildi ég þó fara um það fleiri orðum.

Í nál. segir, að með tilliti til afgreiðslu fjárlaga um styrk til stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum þarfnist málið ekki frekari afgreiðslu á þessu þingi. Í sambandi við það vildi ég upplýsa það, sem nm. er vafalaust kunnugt, að styrkur til stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum á fjárlögum þessa árs er 500 þús. kr.. en kostnaður við rekstur skólans er 1 millj. kr. Það er því helmingaskipti milli ríkissjóðs og bæjarsjóðs Vestmannaeyja varðandi skólakostnaðinn. En þar sem ríkið mun lengst af hafa greitt allan kostnað við sjómannafræðsluna í landinu og þar á meðal hliðstæðan kostnað við stýrimannaskólann í Reykjavík, sýnist mér hér vera um réttlætismál að ræða gagnvart stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum, og raunar vantar rökstuðning í nál. fyrir því, að stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum skuli í þessu efni vera undantekning. Það er staðreynd, að það eru tveir stýrimannaskólar starfandi í landinu, og mér finnst það hliðstætt og það eru einnig tveir bændaskólar starfandi í landinu. Ég hygg, að t. d. Skagfirðingum eða Borgfirðingum þætti það harla einkennilegt, ef öðru hvoru byggðarlaginu væri ætlað að greiða hálfan kostnað við bændaskólann að Hvanneyri eða bændaskólann að Hólum á móti ríkinu. Sömu hugsun gæti maður látið sér detta í hug gagnvart menntaskólunum, t. d. ef Akureyringar ættu að greiða hálfan kostnað á móti ríkinu við menntaskólann hjá sér. Ég hygg, að það þætti nokkuð ranglátt.

Varðandi þá hugsun, sem hér kynni að vera til staðar, að það sé ofrausn af ríkisvaldinu að halda uppi stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, vil ég minna á það, að Vestmannaeyjar hafa verið og eru einn mesti útgerðarbær á landinu. Þaðan eru nú gerð út 70—80 skip, og þau hafa oft verið fleiri, stundum yfir 100. Hlutur Vestmanneyinga í útflutningsframleiðslunni hefur á undanförnum árum oft verið 10—15%, en þar búa nú um 5 þús. manns eða 2—3% af þjóðinni. Því held ég, að hlutur Vestmanneyinga í þjóðarframleiðslunni sé tiltölulega mikill og sú mikla framleiðsla, sem þar er sífellt til staðar, byggist ekki sízt á því, að þar eru góðir skipstjórnarmenn, sem stjórna sókninni út í stormana og brimið, sem oft er því miður við Vestmannaeyjar.

Það er nú svo með sjómennina, að þeir byrja yfirleitt hásetar, og þeir eru oft komnir nokkuð til ára, þegar þeir taka þá ákvörðun að gerast skipstjórnarmenn. Þess vegna eiga þeir oft örðugt um vik að stunda langt nám fjarri heimilum sínum. Og það stóð þannig á, þegar stýrimannaskólinn var settur á stofn í Vestmannaeyjum, að þar voru allmargir skipstjórar, sem voru á undanþágu, og það var fram undan, að þeir mundu missa réttindi sín, ef ekki væri hægt að koma upp skólanum. Þetta tókst, og fyrir það náðu þessir skipstjórar réttindum, og margir þeirra hafa verið skipstjórar síðan, og ég hygg, að þeir hafi greitt fyrir sig beint og óbeint til þjóðfélagsins með því að draga mikinn afla á land í Vest

mannaeyjum. Nú hefur skólinn starfað í 4 ár með góðum árangri, og á þessu vori er útlit fyrir, að hann verði búinn að úskrifa 50 skipstjóra. Margir af þeim og raunar flestir, sem hafa verið útskrifaðir, eru þegar skipstjórar eða stýrimenn og hafa getið sér góðan orðstír margir hverjir. Nú eru þegar farnar að berast umsóknir fyrir næsta vetur, og það er eftirtektarvert, að menn utan af landi sækja jafnan skólann í Vestmannaeyjum, og bendir það til, að hann hafi þegar fengið á sig gott orð.

Þess verður stundum vart hér í höfuðstaðnum og raunar víðar, að menn tala um mikla velmegun í Vestmannaeyjum, og má jafnvel skilja, að þeir telji, að Vestmannaeyingar geti borið kostnað auðveldlega, sem öðrum landsmönnum yrði þungur í skauti. Þessu eru því að svara, að því aðeins hefur verið góð afkoma í Eyjum, að fólkið þar hefur unnið langan vinnudag við framleiðslustörfin. Hins vegar eru eyjarnar sérstæðar að því leyti, að atvinnulífið er ákaflega einhæft, miðað við sjósóknina og sjávarútveginn, og þegar eitthvað hallar á, hlýtur það að koma fljótt niður og hvergi fyrr og hvergi meir en í Vestmannaeyjum. Hv. alþm. kannast nú við þær ráðstafanir, sem verið er að gera til bjargar sjávarútveginum, og vita, að ekki má tæpara standa þrátt fyrir þær. Það ástand hefur þegar komið fram í Vestmannaeyjum með ýmsum hætti, og í kjölfar þess eru miklir greiðsluörðugleikar, jafnvel hjá þeim fyrirtækjum, sem fyrir tiltölulega skömmum tíma voru fjárhagslega sterk og máttarstólpar atvinnulífsins. Það er því rétt, sem í grg. frv. stendur, að kostnaðurinn við stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum er tilfinnanlegur fyrir bæjarsjóðinn. En hitt er þó einnig stórt atriði í þessu máli, að Vestmanneyingar telja það réttlætismál, að stýrimannaskólinn þar verði í sama flokki um fyrirgreiðslu frá ríkisvaldsins hálfu eins og stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Eins og ég tók fram í upphafi, eru örlög málsins ráðin í þetta sinn, og því verður vísað til ríkisstj. og get ég út af fyrir sig fellt mig við þá afgreiðslu og í trausti þess, að hún greiði vel fyrir þessu máli, mun ég greiða atkv. með nál.

ATKVGR.

Till. á þskj. 332 um að vísa frv til ríkisstj. samþ. með 13:1 atkv.

3. Loðdýrarækt.

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um loðdýrarækt [48. mál] (þmfrv., A. 50).

Á 19. og 20. fundi í Nd., 16. og 21. nóv., var frv. tekið til 1 umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. til l. um loðdýrarækt á þskj. 50 er hér til 1. umr. Flm. að þessu frv. eru auk mín þeir hv. þm., Ingvar Gíslason, Geir Gunnarsson og Matthías Bjarnason. Nær shlj. frv. þessu var flutt á tveim þingum á síðasta kjörtímabili, og var hv. 2 þm. Norðurl. e. þá 1. flm., en hann á nú sæti í hv. Ed.

Núgildandi lög um loðdýrarækt eru allflókin, og þetta frv. miðar að því að gera lögin einfaldari og skipa sem mest fyrir um framkvæmd þeirra í reglugerð, sem telja verður eðlilegri hátt. En aðalatriði málsins er það, að fella úr l. ákvæðið um bann við minkaeldi, sem sett var af Alþingi fyrir um það bil hálfum öðrum áratug, um það leyti sem ætla verður, að þessi atvinnugrein hafi slitið barnsskónum a. m. k. hér á landi. Framvinda minkaeldisins hjá öðrum þjóðum hefur a. m. k. sannað það á þeim tíma, sem liðinn er frá því að minkaeldi var bannað hér.

Í grg., sem frv. fylgir, er lítilega rakið, hvað fyrir flm. vakir. Það er í stuttu máli að skapa möguleika fyrir nýjum framleiðsluþætti í landi okkar, framleiðsluþætti, sem öll rök hníga með, að sé nánast vaxinn út úr náttúrlegu umhverfi á Íslandi, hvort sem litið er til hnattstöðu, veðurfars eða fæðuskilyrða. Þá þarf naumast að fjölyrða um þörf okkar og nauðsyn að taka til huga og hendi á sem flestum framleiðslusviðum. Ein frumskylda vaxandi þjóðfélags er einmitt að hvetja heldur en að letja þegna sína til athafna á hverju því sviði, sem styrkir undirstöðu þjóðfélagsins. Og með þessu er ekki látin í ljós nein bjánaleg bjartsýni né oftrú á gildi minkaræktar sem íslenzks framleiðsluþáttar. Þvert á móti er ætlazt til, að stigið sé hægum, en öruggum skrefum. Að því miðar bráðabirgðaákvæðið um fá bú fyrstu 4 árin. Á bak við frv. og þetta ákvæði liggur sú skoðun, að hér sé um framtíðaratvinnugrein að ræða, — atvinnugrein, sem ekki ber að hugsa í árum, heldur í áratugum a. m. k. Þess vegna hefur það ekki latt okkur að flytja þetta frv. nú, þótt okkur sé vel ljós sú staðreynd, að mikið verðfall hefur orðið á minkaskinnum um þessar mundir, en þó fyrst og fremst á hinum lélegri tegundum.

Þessi framleiðsla hefur lotið sömu lögmálum á markaði eins og ýmsar framleiðsluvörur íslenzkar um þessar mundir. Er sá kaldi veruleiki kunnari en frá þurfi að segja. Með verðsveiflum má reikna á þessari framleiðslu ekki síður en mörgum öðrum. En á árunum 1964—65 hefur verðið verið einna hæst samkv. dönskum heimildum, hefur síðan fallið stórlega, einkum á feldum af kvendýrum, sem ávallt eru verðlægri og gæðakröfurnar eru nú orðnar stórum strangari.

En ég vil enn benda hér á nokkur atriði í sambandi við þetta mál. Það fyrsta er, að um þessar mundir eru öll ríki, sem liggja að Norður-Íshafinu hringinn í kringum Norðurpólinn, komin með minkaeldi nema Ísland. Og annað: frá því um 1950, um það leyti sem við bönnuðum minkaeldið eða litlu fyrr, hefur framleiðsla á minkaskinnum um það bil áttfaldazt í heiminum. Heildarframleiðslan er nú talin vera um 25 millj. skinna á ári, og þar af er framleiðsla á Norðurlöndunum einum um 9 millj. Þriðja, sem gjarnan má draga fram, er það, að það er talið, að til framleiðslu á einu

minkaskinni þurfi sem lágmark um 30 kg af fiskúrgangi. Í fjórða lagi er rétt að minna á, að markaðurinn fyrir minkaskinn er til. Við þurfum ekki að leggja í kostnað við að vinna markaðinn eða mikinn auglýsingakostnað, því að það eru gæðin ein, sem ráða, hvernig þessari framleiðslugrein vegnar.

Þegar þetta frv. var til umr. á Alþ. tvisvar á síðasta kjörtímabili, mætti það mikilli mótspyrnu margra hv. alþm. Leita varð umsagnar margra aðila um frv., og það bárust umsagnir frá þeim, og mér þykir rétt að rifja nokkuð upp um þau efni. Vil ég því leyfa mér að lesa ofurlítið úr nál. meiri hl. landbn. Nd. á þinginu 1965—66, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við meðferð málsins á síðasta Alþ. leitaði landbn. Nd. umsagnar búnaðarþings, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og veiðistjóra. Komu ekki fram tilmæli innan n. um að leita umsagnar þessara aðila að nýju, þar sem svo skammt var liðið frá því, að þær bárust. Í nál. meiri hl. landbn. síðasta þings segir svo um álit þessara aðila:

„Umsagnir hafa borizt frá þeim öllum, og má segja, að þær séu allar jákvæðar, þótt misjafnlega sé. Nokkrar bendingar koma fram um breytingar á frv., sem n. hefur athugað, en meiri hl. telur ekki ástæðu að beita sér fyrir að þessu sinni. Eru þær jafnt fyrir því til athugunar og leiðbeiningar við framkvæmd laganna, sem þær einkum snerta.“

Náttúruverndarráð vitnar í svari sínu til umsagnar ráðsins frá 5. maí s. l., er þá var sent Alþ. Eru allir ráðsmenn að einum undanskildum mótfallnir frv. Í svari forstöðumanns náttúrugripasafnsins, sem einnig er andvígur frv., enda einn af fulltrúum í náttúruverndarráði, eru ýmsar hugleiðingar um minkaeldi og loðdýrarækt. Er þar af talsverðri fimi útlistað um hugsanlega hættu af blöndun nýrra afbrigða við villiminkinn, sem fyrir er í landinu. Og enn fremur er því haldið fram, að villiminkurinn hér fari að verða skaðlítill. Vafalaust má á ýmsa vegu stilla upp myndum af hugsanlegum fyrirbærum í lífi minksins í landinu á næstu árum, bæði án nýrrar blöndunar og með henni. Tilgangur minkaeldis í búrum er ekki sá að blanda honum villtum við þann mink, sem fyrir er í landinu, enda þótt engum detti í hug að fullyrða, að ekki kunni dýr að sleppa úr haldi. Hitt er víst, að minkaeldi með sem verðmætustum felldýrum verður því aðeins sett á stofn, að vandlega sé frá loðdýragörðunum gengið. Fer þar saman skylda rn. um eftirlit og hagsmuni ræktunarmanna að tapa ekki hinum verðmætu dýrum né baka sér viðurlög. Í lok umsagnar sinnar gerir dr. Finnur þá till., að verði minkaeldi leyft, verði helzt leyft eitt bú í Vestmannaeyjum sem reynslubú. Rökstyður hann það með einangrun eyjarinnar annars vegar og með mergð fæðuefna fyrir minkinn. Þessi till. er athyglisverð, en við hana er þó það að athuga, að Vestmannaeyjar eru að líkindum ekki heppilegur staður til þessa eldis vegna rakrar veðráttu, sem áhrif hefur á feldinn. Bezti feldur er talinn fást í þurrviðrabyggðum. Eru að því leyti beztu skilyrðin norðanlands. Skynsamlegt virðist, að þau fimm fyrstu bú, sem ráðgerð eru, séu staðsett þannig. að þessi tvenn höfuðskilyrði njóti sín sem bezt, hagstæð veðrátta og gnægð fiskúrgangs í nágrenninu. Þrátt fyrir það að Vestmannaeyjar uppfylla að líkindum illa annað skilyrðið, gera þær það því betur með hitt.“

Meira skal ég ekki lesa úr þessu nál. Fulltrúar atvinnuveganna og veiðistjóri mæltu sem sagt með frv., en náttúruverndarráð og Náttúrufræðistofnunin á móti. Með hverju ári sem líður verður ljósara, að við Íslendingar verðum að vera vel vakandi á atvinnusviðinu. Um eins árs skeið höfum við þreifað á því betur en nokkru sinni fyrr. Það er því heilög skylda okkar, sem skipum Alþingi að beita áhrifum okkar, viti og valdi til að hasla þegnum okkar kæra lands völl á hverju því sviði bjargræðismála, sem við komum auga á.

Hér er flutt frv. um eitt slíkt svið, starfsemi, sem byggir á auðlindum landsins, í náttúrunni og í fólkinu, sem landið byggir, starfsemi, sem öll rök hníga að, að verði í gildi svo lengi sem mannkyn byggir jörð. Ég tel engar líkur á, að grávaran svonefnda, feldirnir, skinnavaran og þar með hár og ull tapi nokkurn tíma gildi sínu fyrir gerviefnum. Þess vegna mun minkaeldi verða bjargræðisvegur um langa framtíð. Og við eigum ekki lengur að láta einn hlekk vanta í keðju minkaræktarlanda, sem liggja umhverfis Norðurpólinn samkv. áreiðanlegum upplýsingum, sem ég var hér áðan að lýsa um það, að Ísland sé nú eina landið í þeim hópi, sem ekki hefur minkaeldi. Ég vil svo ekki fjölyrða meira á þessu stigi um þetta mál, en ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari og þá væntanlega til hv. landbn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að mótmæla harðlega þessu frv. nú þegar við 1. umr. Ég vil minna á, að þetta mál hefur verið fyrir Alþ. af og til í tæplega 40 ár. Fyrst í stað féllu alþm. fyrir röksemdum svipuðum þeim, sem við heyrðum áðan, gengu inn á, að e. t. v. væri minkaeldi atvinnuvegur, sem gæti fært þjóðinni miklar tekjur og mikinn auð þeim, sem hann stunduðu. Það var ákveðið að reyna þetta.

20 ár liðu, tilraunin var gerð, en hinar glæstu vonir rættust ekki. Þegar minkaeldi var bannað 1951, var það deyjandi atvinnuvegur í landinu. Það munu aðeins hafa verið 7 bú eftir. Fjárhagur þeirra var slæmur, tap hafði verið á mörgum þeirra, og var lítil andstaða gegn því að hætta við tilraunina.

Í staðinn fyrir gullið, í staðinn fyrir nýjan, blómlegan atvinnuveg höfðum við fengið inn í landið eina verstu landplágu, sem hefur herjað á íslenzka náttúru. Minkurinn slapp að sjálfsögðu út. Hann jók kyn sitt í náttúrunni og olli þar gífurlegu tjóni. Þá kom fljótlega fram sá mikli munur, sem er á aðstöðu okkar á eylandi úti í hafi og aðstöðu þeirra þjóða, sem búa á meginlöndunum, þar sem minkur og svipuð dýr hafa um aldir lifað villt. Okkar náttúra var viðkvæm fyrir þessum nýja skaðvaldi, og hann olli hér gífurlegu tjóni. Hlunnindi, sem við höfum haft af mikið gagn um aldir, eins og veiðiskapur í ám og vötnum, eins og fuglalíf, urðu fyrir stór-

felldum skakkaföllum, sem í rauninni er ekki fullkomlega séð fyrir endann á ennþá.

Ég vil vænta þess, að hið nýkjörna Alþingi, sem nú situr og hefur fengið þetta mál til meðferðar, verði jafnfarsælt og þau þing, sem hafa setið undanfarin 15—17 ár að því leyti, að það afgreiði ekki þetta frv. og setji ekki ný lög um minkaeldi.

Ég vil minna sérstaklega á, að nú síðustu árin er að rísa ný alda í landinu, alda áhuga og skilnings á náttúruvernd. Þúsundir manna eru að átta sig á því, hvílíkt verðmæti náttúra landsins er og hver hætta steðjar einmitt nú að henni. Ég er sannfærður um, að þær þúsundir manna, sem hafa tekið undir umr. um mál eins og Mývatnsmálið og Þingvallamálið, munu skilja, að þetta frv., sem gerir ráð fyrir að flytja minka inn á nýjan leik, er hættulegt íslenzkri náttúruvernd og mundi verða mjög varhugavert skref í ranga átt. Það er að skapast skilningur í landinu og grundvöllur fyrir því, að við gerum á komandi árum stórfellt átak til náttúruverndar á margvíslegan hátt. Þess vegna megum við ekki stíga skref, sem gæti orðið til þess að endurvekja þær hættur, sem hafa steðjað að íslenzkri náttúru undanfarið, því að sérfræðingar eru allir sammála um, að minkurinn sleppi alltaf út úr búrum og sé því óhjákvæmilegt, að ef þessi atvinnuvegur, sem svo er kallaður, yrði byggður upp á nýjan leik, mundi ný alda af mink sleppa út í náttúruna og vafalaust hafa slæm áhrif á þann minkastofn, sem fyrir er, og gera hann hættulegri en hann er nú, eftir að hann hefur örlítið byrjað að laga sig eftir íslenzkum aðstæðum.

Ég vil minna á, að allir þeir aðilar, sem bera náttúruna fyrir brjósti eða bera skyldur varðandi náttúruvernd, hafa mótmælt þessu frv., þegar það hefur komið hér fyrir undanfarin ár. Ég er sannfærður um, að þau mótmæli verði nú mörgum sinnum sterkari en þau hafa áður verið.

Ég tel rétt að minna á, að 20 ára reynslutími endaði á því, að Alþingi bannaði minkaeldi. Tuttugu ára reynsla sýndi, að vonirnar um gull fyrir feldinn reyndust vera tálvonir, ekki af því, að ekki sé hægt að fá mikla peninga fyrir góðan feld í tízkuheiminum, heldur af því, að af einhverjum ástæðum tókst okkur Íslendingum ekki að gera þennan atvinnuveg arðvænlegan við þær aðstæður, sem hér eru. Skal ég láta ósagt, hvað því olli.

Hv. síðasti ræðumaður fór mörgum fögrum orðum um þær skyldur okkar að gera atvinnulífið fjölbreyttara og minnti á þá erfiðleika, sem nú steðja að, því til sönnunar. Hverjir eru þessir erfiðleikar? Þeir eru verðhrun á afurðum okkar. Og í sömu ræðu útmálar hann það, að þessi nýi, glæsilegi atvinnuvegur, sem hann vill flytja inn, taka upp til að bæta úr þessu erfiða efnahagsástandi, sé nákvæmlega sama marki brenndur, því að verðhrun á minkaskinnum hefur verið gífurlegt undanfarin ár. Höfum við ekki nóg af atvinnugreinum, sem eru jafnótryggar og þessi? Höfum við ekki nóg af atvinnugreinum, þar sem tekjurnar eru háðar þvílíkum sveiflum, sem við höfum nú lifað? Ég held, að tækifæri okkar til að gera atvinnuvegina fjölbreytta séu mörg. Möguleikarnir til að koma hér upp traustum atvinnuvegum, sem eru ekki háðir slíkum sveiflum, eru miklir. En þetta er ekki eitt af þeim ráðum, sem við eigum að grípa til. Við eigum að læra af reynslunni í þessum efnum og láta þetta frv. ekki ná fram að ganga.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um frv. sjálft á þessu stigi. Það gefst tækifæri til þess síðar. En ég vil aðeins benda á, að frv. er óljóst og loðið frá upphafi til enda. Það er allt vald í þessum efnum fengið ráðh. og embættismönnum, sem eiga að gefa út reglugerðir. Málið er allt of viðkvæmt til þess að fara jafnóvarlega um það höndum og þar er gert. Ég vil líka benda á, að þar eru engar kröfur gerðar til þeirra manna, sem eiga að byggja upp þennan atvinnuveg, ekki minnzt á það, að þeir þurfi að kunna til verka eða hafa undirbúið sig undir störfin á nokkurn hátt. Ég vil enn fremur benda á, að flm. virðast *enn einu sinni hafa verið feimnir við að nefna* minkinn, sem er aðaltilgangur með flutningi málsins. Hann kemur ekki fyrir fyrr en einu sinni í viðbótarákvæði í lokin. Öll hin ákvæðin eru um loðdýr almennt, og er ástæða til að benda á, að slík ákvæði geta opnað dyr fyrir nýjum hættum. Það eru mörg loðdýr úti í heimi, sem menn telja að hægt sé að hafa af gróða, og það hefur mátt sjá á prenti undanfarin misseri, að hér hefur skotið upp áhuga á því að gera nýjar tilraunir á þessu sviði. Einhvers staðar sá ég minnzt á svokallaða Chinchilla-rottu sunnan úr Suður-Ameríku, sem á að vera nýjasta undradýrið, er malar gull, og voru færð rök fyrir því, að það mundi líklega vera tilvalið fyrir Íslendinga að finna sér þar nýja búgrein. Og ég efast ekkert um, að það gæti margt fleira komið til greina, ef þessar dýr yrðu opnaðar.

Herra forseti. Ég mun ekki fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni, en vil ítreka, að ég vara hv. Alþingi við þessu máli, en hvet það til að fylgja fordæmi undanfarinna þinga og lögleiða ekki minkaeldi á nýjan leik á Íslandi. Við höfum fengið nóg af þeirri landplágu.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Mér kom nú ekkert á óvart afstaða hv. 5. þm. Vesturl. gegn þessu máli, því hann var sá af alþm. á síðasta kjörtímabili, sem harðast beitti sér á móti samþykkt þessa frv. hér. Ég skal ekki fara út í miklar deilur við hann. Ég vil þó drepa á aðeins örfá atriði, sem fram komu hjá honum.

Hann sagði, að þessi atvinnugrein hefði verið deyjandi atvinnuvegur, um það leyti sem minkaeldi *var hætt eða það var bannað hér fyrir um* það bil hálfum öðrum áratug. Ég held, að þetta sé ekki rétt hjá honum. Það er að vísu alveg rétt, að flest þessara búa og flestar þær tilraunir, sem gerðar höfðu verið, höfðu gefið heldur lélega raun. En ég veit a. m. k. örugglega um eitt bú, sem þá var komið yfir þessa örðugleika, var búið að tileinka sér þá þekkingu, sem þurfti til þess að reka minkaeldið, og farið að hafa af þessu góðar tekjur. Okkur þarf ekkert að undra það, þótt það eigi sér stað í upphafi við nýja atvinnugrein margs konar mistök. Við þekkjum það allt of vel og það jafnvel þótt ekki sé um nýjar atvinnugreinar að ræða. Þetta er sífellt að gerast í okkar atvinnumálum því miður. En það er enginn vafi á því, að því lengur sem við stundum

þær, því færri verða mistökin. Og það er mjög ólíku saman að jafna nú að því leyti, að hin almenna þekking, t. d. bara hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum er nú orðin mikil og nærtæk um það, hvernig þarf að standa að þessari framleiðslu.

Hv. þm. sagði, að nú væri risin mikil alda áhuga og skilnings fyrir náttúruvernd. Þetta er mikið rétt, og það er að vissu leyti síður en svo ástæða til þess að harma það. En þó verð ég að segja, með allri virðingu fyrir náttúruvernd, þá þurfum við þó fyrst og fremst að gæta þess, að við þurfum að lifa í landinu og hagnýta gæði þess, hagnýta þau að vísu ekki þannig, að við eyðum þeim um leið, heldur hagnýta þau þannig, að þau verði landsins börnum sem mest lifibrauð og til sem mestrar farsældar. Hann sagði, að við ættum ekki að endurvekja þær hættur, sem steðja að íslenzkri náttúru, með því að flytja inn að nýju mink til að rækta í búrum. Ég kom aðeins að því áðan í sambandi við þá umsögn, sem forstjóri náttúrufræðistofnunarinnar sendi hv. landbn. á tínum tíma, að það má mjög deila um það, hvað mundi gerast, ef einstaka dýr mundi sleppa, sem mér dettur ekki í hug að sverja fyrir, að gæti ekki átt sér stað, síður en svo. Hins vegar tel ég, að það sé of mikið gert úr þeim hættum og alls ekki hægt að draga ályktanir af því, hvernig tókst til með þá tilraun, sem gerð var hér áður. Það er allt önnur og meiri þekking, sem nú er til staðar á því, hvernig þarf að standa að þessum málum.

Þá sagði hv. 5. þm. Vesturl., að allir náttúruverndarmenn mundu mótmæla enn frekar en áður. Um þetta skal ég ekkert segja, en ég fæ ekki séð rökin fyrir því, ég verð að játa það, — ég fæ ekki séð rökin fyrir því, — nema það væri enn þá síður, einmitt vegna þess, sem ég var hér að drepa á, þeirrar nauðsynjar, sem er okkar þjóðfélagi að skjóta fleiri stoðum undir okkar efnahagslíf og fjölga okkar framleiðsluþáttum. Hv. þm. sagði, að ég hefði í raun og veru dregið mjög úr þessu með því að benda á það, að nú væri mikið verðfall á minkaskinnum í heiminum, á svipaðan hátt og gerðist yfirleitt á okkar framleiðsluvörum. Það er mikið rétt, að við búum núna við viðskiptaverðfall, og það hefur einnig orðið á þessari framleiðslu, minkaskinnum. En það er alls ekki þar með sagt, að þetta hljóti ætíð svo að vera, að allir þættir okkar framleiðslu hljóta að lenda í verðfalli í senn, og ég tel það vera minni líkur, því minni líkur sem við höfum fleiri framleiðsluþætti.

Þetta voru helztu atriðin, sem ég vildi taka fram. Það er alger misskilningur hjá hv. þm., að við flm. höfum verið eitthvað feimnir við að nefna minkinn. Og ég vil nú benda á það, af því að það er ein af þeim fáu breytingum, sem í þessu frv. eru, að við höfum lengt reynslutímabilið, sem var í því frv., sem lá hér fyrir áður, aðeins 2 ár, upp í 4 ár, og það er einmitt mikilvægt atriði, sem ég skal játa, að því meir sem ég hugsa um þetta mál, hef ég talið, að sá tími væri ekki of langur, að væri nauðsynlegt að hafa nokkur ár til þess að skapa hér þennan reynslutíma. Ég er nú ekki meiri ævintýramaður í mér en þetta, hvað sem hv. þm. heldur um það. Og við höfum undirstrikað það í þessu frv. að fara að þessu með allri gát, án þess að það dragi á nokkurn hátt eða beri á nokkurn hátt merki þess, að við höfum ekki trú á því, að þessi framleiðsla geti orðið okkur til stórfelldra hagsbóta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 27. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 50, n. 274 og 275).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Landbn. hefur um nokkurt skeið fjallað um frv. um loðdýrarækt, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n., 4 af 7 þm., sem í henni hafa setið undanfarnar vikur, mæla gegn frv. og leggja til, að því verði vísað til hæstv. ríkisstj. Minni hl. mælir hins vegar með samþykkt þess.

Frv. um loðdýrarækt var flutt 2 ár í röð fyrir skömmu, á þingunum 1964—1965, en náði þá ekki fram að ganga þrátt fyrir miklar umr. og ýtarlega afgreiðslu.

Nú er málið enn komið fyrir, og gera flm. sér væntanlega vonir um, að nýir þm., sem kjörnir voru við síðustu kosningar, kunni að breyta afstöðu þingsins og málið hafi nú meiri vonir en áður um framgang. Ég vil þó láta í ljós vonir mínar um, að svo reynist ekki vera og hið nýkjörna þing verði eins farsælt í meðferð þessa máls og síðasta þing var og raunar fleiri þing hafa verið undanfarin 17 ár, síðan loðdýrarækt var lögð niður, því að frv. í svipaða átt og till. hafa verið til umr. og meðferðar áður.

Hér er ekki lagt til, að tekin verði upp ný atvinnugrein á Íslandi. Minkaeldi var stundað hér um tveggja áratuga skeið, og er því ekki hægt að segja annað en það hafi verið þrautreynt við íslenzkar aðstæður. Niðurstaðan af þeirri tilraun varð sú, að minkabúin voru mörg oft rekin með tapi. Þá höfðu Íslendingar tekið upp þennan nýja atvinnuveg og flutt inn dýrin frá öðrum löndum í þeirri von, að þeir hefðu fundið gullkistu og mundu hafa af ærnar tekjur. En í raun urðu gjaldeyristekjur af minkabúunum litlar. Þegar Alþ. árið 1951 bannaði minkaeldi og dró þannig sína ályktun af tilrauninni, voru aðeins 7 bú starfandi í landinu.

Í stað hins auðfengna gróða, sem menn höfðu gert sér miklar vonir um þá eins og nú, hlaut þjóðin eina hina verstu landplágu síðari mannsaldra, villiminkinn. Engin þörf ætti að gerast til þess að ræða í löngu máli um það tjón, sem villiminkur hefur valdið í íslenzkri náttúru. Þjóðin þekkir þetta sjálf, og það er ástæðan fyrir því, að svo sterkur almannarómur leggst gegn því, að minkur verði aftur fluttur til landsins, sem raun ber vitni.

Landbn. fékk á sinn fund, þegar hún ræddi frv., Svein Einarsson veiðistjóra. Veitti hann ýmsar upplýsingar um þá baráttu, sem háð er með milljóna tilkostnaði ár eftir ár við villiminkinn. Hann lét í ljós það álit sitt, byggt á viðtækri reynslu, að villiminkur hegðaði sér enn sem fyrr, hann veiði algerlega án tillits til þarfar, ef tækifæri gefst. Hann skýrði svo frá, að árlega væri eytt 2500—3500 dýrum í landinu og útbreiðsla minksins sé enn að aukast. Mun nú raunar vera svo komið, að ekki eru nema tvær eða þrjár sýslur í landinu, sem minkur er ekki kominn í. Eru að því nokkur áraskipti, hversu mikið er gert til að veiða villimink og mun það vera höfuðástæðan fyrir því, að mismunandi mörgum dýrum er eytt frá ári til árs.

Þá fékk n. einnig á sinn fund tvo fulltrúa frá fyrirtæki, sem heitir Loðdýr hf. og stofnað hefur verið til að reka minkabú, ef frv. þetta eða önnur slík verða að lögum. Þessir menn sýndu myndir af fyrirhuguðum minkagarði, sem gert hefur verið mjög haglegt líkan af, útskýrðu það og veittu ýmsar upplýsingar. Þó varð ekki betur séð, þrátt fyrir áhuga þeirra, en hugmyndir þeirra um stofnkostnað og hugsanlegan rekstur af slíku búi væru mjög lausar í reipum.

Í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, er ástæða til að benda á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi vil ég minna á, að það virðist almennt vera viðurkennt, að alltaf verði að reikna með, að minkar sleppi úr haldi, hversu vel sem reynt er að búa um minkagarða. Þetta er raunar alls staðar viðurkennt, og mun varla vera á móti því mælt, þó að mikið hafi víða verið gert til þess að fyrirbyggja, að kvikindin sleppi. Þegar sérfræðingar fyrirtækisins Loðdýrs hf. höfðu sýnt landbn. þessarar hv. d. myndir af fyrirhuguðum minkagarði og útskýrt, hversu haglega þar yrði öllu fyrir komið, eins og fullkomnustu tæknilegu fangabúðir geta verið, fyrst innri girðing, svo autt svæði og loks kemur ytri girðing, á svæði milli girðinganna á ekkert að vera nema grimmir hundar, þá skaut þeirri hugmynd niður í norðlenzkum bónda, sem sat í n., hvað yrði um allar þessar girðingar, ef snjóaði verulega og skæfi að garðinum. Hann þekkti það af reynslu sinni, að slíkar varrúðarráðstafanir geta orðið að litlu haldi við íslenzkt veðurfar. Það er alltaf hætta á, að minkur sleppi við flutning. Og svo má nefna enn eina af mörgum ástæðum til að óttast þetta, en það eru skemmdarverk. Við lesum nú nálega daglega í blöðum okkar um óhugnanleg skemmdarverk, sem eru unnin allt í kringum okkur. Ég hef frá barnæsku ekki vitað rammgerðari girðingu á Reykjavíkursvæðinu heldur en þá, sem er umhverfis safn Einars Jónssonar. Hann var sérvitur, gamli maðurinn, vildi hafa frið og lét sér ekki nægja neitt minna. En þó hafa skemmdarvargar brotizt þarna inn til þess að spilla og eyða algerlega að tilgangslausu. Sömu sögu hafa raunar aðrir listamenn að segja, og fjöldamörg dæmi mætti nefna, sem gefa því miður tilefni til að ætla, að þarna sé enn ein ástæða til þess að hafa í frammi fyllstu tortryggni um það, að slík hús sem minkagarðar geti orðið örugg fyrir dýrin, sem þar á að geyma.

Í öðru lagi vil ég benda á, að undirbúningur undir minkarækt, ef leyfð yrði, er mjög takmarkaður, og liggja ekki fyrir gögn eða ályktanir, sem gefa rökstudda ástæðu til að ætla, að um mikinn gróðaveg eða blómlegan atvinnuveg yrði að ræða. Að vísu má segja, að það sé til mikils ætlazt, að ýtarlegur undirbúningur hafi farið fram, þar sem minkaeldi er ekki leyft. En þar á móti má benda á, að sé hér um að ræða svo arðvænlegan atvinnuveg sem haldið er fram, væri ekki miklu til kostað, ef gerðar væru nákvæmar áætlanir um það, hvernig rekstur á slíku búi mundi verða miðað við mismunandi stærð, hvaða tekjum megi reikna með miðað við verðlag á skinnum, eins og það er í dag, eins og það var fyrir nokkrum árum og við ýmsar aðrar aðstæður. Slíkar áætlanir mundu gera Alþ. og öðrum, sem um þetta hugsa, kleift að gera sér grein fyrir, hvaða þýðingu það mundi hafa, þegar svo gífurlegar verðsveiflur ganga yfir loðdýramarkaðinn sem nú hafa verið.

Í þriðja lagi vil ég benda á, að frv. þetta er stytt ra, efnisminna og óljósara en gömul lög, sem einu sinni giltu um sama efni. Það væri mikil afturför að leyfa nú minkaeldi með þessu frv. og gera það að lögum, miðað við það, sem Alþ. taldi að vera þyrfti fyrir 30—40 árum. Í þessu frv. er sáralítið af ákvæðum, heldur eru flestar þýðingarmiklar ákvarðanir og allt raunverulegt vald látið í hendur ráðh. og embættismönnum hans. Þm. er ætlað að treysta algerlega á reglugerðir, sem þeir hafa að sjálfsögðu ekki séð, því að mér er ekki kunnugt um, að drög að þeim hafi verið gerð. Ég tel því, að samþykkt á þessu frv. væri hreint ábyrgðarleysi, jafnvel þó að meiri hl. þings væri fylgjandi því að taka upp aftur loðdýrarækt, sem ég treysti, að sé ekki.

Í fjórða lagi vil ég benda á, að engar kröfur eru í þessu frv. gerðar til sérþekkingar þeirra, sem ættu að fá leyfi til þess að annast og reka loðdýrarækt, en það skiptir þó augljóslega mjög miklu máli. Þeir fulltrúar frá fyrirtækinu Loðdýr hf. sem mættu á fundi landbn., skýrðu frá því, að vestur í Kanada væri einn öndvegismaður af íslenzku bergi brotinn, sem nyti svo mikils álits meðal loðdýraræktarmanna þar, að hann væri formaður í þeirra samtökum. Þeir skýrðu frá því, að þessi maður hefði komið hingað til lands og hefði mikinn áhuga á að flytja atvinnuveg sinn hingað. Þeir skýrðu einnig frá því, þessir ágætu menn, að þeir hefðu farið með hinn vestur-íslenzka sérfræðing austur að Þingvöllum og þar hefðu kapparnir þrír veitt eina hagamús, síðan hafi sérfræðingurinn þreifað á músinni, skoðað feldinn og komizt að þeirri niðurstöðu, að íslenzkur minkur yrði allra minka beztur. Ekki get ég greint það nánar, hvernig hann dró þessa ályktun. Sjálfsagt taldi hann sig sjá, hvaða áhrif íslenzkt veðurfar hafi á loðfeldi dýra. En mér fannst þetta ekki vera sannfærandi rök. Mér finnst það ekki viðhlítandi tæknilegur undirbúningur hvað sérþekkingu snertir, jafnvel þótt áhugamenn um loðdýrarækt eigi von í að fá aðstoð frá þessum ágæta manni, sem sjálfsagt vill okkur ekki nema gott eitt. Ég hef því talið, að ef ætti að samþykkja slíkt frv., yrðu að vera í því nákvæmar kröfur um sérþekkingu, sem þyrfti að vera fyrir hendi, ef snerta ætti á þessum atvinnuvegi á nýjan leik.

Í fimmta lagi vil ég benda á, að það er mjög óljóst samkv. þessu frv., hvaða ákvæði eiga að gilda um sjálfan innflutning loðdýra. Um það er ekki eitt orð í frv. sjálfu, — ekki eitt orð, og mætti þó ætla, að innflutningurinn, hversu mikill hann eigi að vera, hvaðan hann eigi að vera, hvaða eftirliti hann eigi að lúta og allt, sem því viðkemur, væri ekki þýðingarlítið atriði í þessu máli. Og augljóst er af reynslu þjóðarinnar, að það er hæpið að láta almenn ákvæði í öðrum lögum ná til þessara dýra og óhjákvæmilegt, að um þau séu settar alveg sérstakar reglur, ef farið verður inn á þá ógæfubraut að flytja þau inn á nýjan leik.

Í sjötta lagi vil ég benda á, að flm. frv. forðast eins og heitan eldinn að nefna mink á nafn, þótt innflutningur hans sé aðaltilgangur frv. Hann kemur ekki við þessa sögu þeirra fyrr en í viðbótarákvæði, aðalpersónan sem sagt ekki nefnd fyrr en í lokakaflanum. E. t. v. hefur þetta enga efnisþýðingu, en mér finnst það bera vott um, að samvizkan kunni að vera í ólagi, að þeir óttist, að það muni ekki bæta fyrir málstað þeirra að tala um minkinn í hverri eða annarri hverri gr. eins og eðlilegt væri í lögum, sem eiga fyrst og fremst að fjalla um minkarækt í landinu.

Í sjöunda lagi vil ég benda á, að frv. mundi, ef að lögum yrði, opna leið fyrir ræktun nýrra loðdýrategunda, sem ekki eru til í landinu. Uppi eru hugmyndir um vissar dýrategundir, sem ræktaðar eru í öðrum löndum og minna er vitað um hér, af því að þær hafa ekki verið hér og eru ekki. En það vil ég segja, að ef einhverjar aðrar dýrategundir kæmu til greina og hefðu enga af þeim ókostum, sem minkurinn vissulega hefur sýnt, finnst mér óvarlegt, að ekki sé meira sagt, að hafa ekki um slíkt mál ýtarlegri og nákvæmari lög en þetta frv. Ef það er vilji Alþingis Íslendinga að gera tilraunir með innflutning á aðskiljanlegum tegundum loðdýra, sem drepin hafa verið til þess að fá af þeim skinnin um víða veröld, og sjá hvort eitthvað af þeim gæti orðið gróðavegur hér uppi á Íslandi, er óverjandi með öllu að láta slíkar tilraunir fljóta með í almennu og loðnu frv., þannig að það sé tilviljunum háð að heita má, hvernig með yrði farið. Þar mundi ekki duga neitt annað en að Alþ. gengi hreinlega til verks, fengi að vita, hvað um er að ræða, og fjallaði um það, leitaði sér sérstakra og ýtarlegra upplýsinga og tæki þar á eftir sína afstöðu.

Í áttunda og síðasta lagi vil ég benda á, að andstaða náttúruverndaraðila gegn þessu frv. er nú enn sterkari en fyrir tveimur árum. Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að með þjóðinni er að vakna nýr áhugi á náttúruvernd. Það er að vakna nýr skilningur á því, hversu dýrmætt landið sjálft er okkur, nýr skilningur á því, hversu sérstætt þetta land er, hvers vegna íslenzk náttúra er sérstaklega viðkvæm fyrir aðfluttum dýrategundum. Ég tel því, að það væri að ganga gegn þessum nýja straumi, gegn þessari nýju hugsjón, ef Alþ. tæki nú upp á því að leyfa minkainnflutning til landsins og minkarækt á nýjan leik.

Herra forseti. Það eru fá mál, sem Alþ. hefur á undanförnum 30 árum rætt eins oft og eins mikið og þetta, að undanteknum venjulegum dægurmálum, sem koma ár eftir ár. Niðurstaða Alþ. var upphaflega sú, að það vildi gera tilraunir með innflutning minks og minkarækt í landinu. Sú tilraun var gerð í tvo áratugi. Alþ. dró ályktanir af þeirri tilraun og bannaði minkaeldi og minkainnflutning með öllu á árinu 1951. Fyrir þessu voru ærnar röksemdir, því að ekki hafði gullpotturinn reynzt finnanlegur við regnbogann. Það hafði ekki orðið sá gróðavegur að þessari atvinnugrein, sem menn höfðu gert sér vonir um, og það, sem ég hygg, að hafi haft meiri áhrif á niðurstöðu alþm., — þjóðin hafði í staðinn fyrir gullið fengið eina verstu landplágu síðari manns-aldra inn í landið, fengið nýtt villidýr, sem hefur gert gífurlegt tjón við veiðivötn, í fugli og á fleiri stöðum. Það er alveg öruggt, að innflutningur minks á nýjan leik mundi valda því, að minkur tæki aftur að sleppa úr búrum og þetta mundi reynast blóðgjöf fyrir þann minkastofn, sem er í landinu. Það er alveg öruggt, að það mundi skapa nýja og algerlega óþarfa áhættu að gera nú nýja tilraun, og þess vegna leggjum við í meiri hl. landbn. til, að þessi tilraun verði ekki gerð og við vísum þessu frv. frá okkur.

Með tilliti til þess, sem ég nú hef sagt, og margs annars, er það till. meiri hl. landbn., að frv. verði vísað til ríkisstj. Við höfum reynt að vera hóflegir í málflutningi okkar, þó að margir hafi sterkar tilfinningar um þetta mál, og við höfum ekki langt til annað en málinu verði vísað til ríkisstj., þar sem það getur legið. Ef ráðh. þessara mála og sérfræðingum þeirra sýnist á komandi árum, að eitthvað nýtt komi fram, sem gefi ástæðu til þess að taka málið upp á nýjan leik, hafa þeir að sjálfsögðu fullt frelsi og sérstaka ástæðu til að gera það. En mér segir svo hugur, að þeim muni ekki þykja ástæða til þess, þegar þar að kemur.

Frsm. minni hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðu hv. frsm. meiri hl. landbn., varð hún ekki sammála um afgreiðslu þessa máls frá n., og veit ég það að vísu, að það kemur ekki hv. alþm. hér neitt á óvart. Við, sem skipum minni hl., leggjum til, að frv. verði samþ. með einni breytingu, sem prentuð er á þskj. 274. Það er aðeins rakið í nál. minni hl. hverra umsagna var leitað af hálfu n., hverjar bárust og hvað þær innihéldu. Enn fremur, eins og raunar hv. frsm. meiri hl. hefur nokkuð rakið, kvaddi n. á sinn fund veiðistjóra, og enn fremur komu á fund n. tveir stjórnarnefndarmenn Loðdýrs hf., af því að þeir óskuðu eftir því að fá að mæta hjá n. Og þessir aðilar gáfu ýmsar mikilsverðar upplýsingar, sem hv. frsm. meiri hl. hefur nokkuð vikið að, og ég skal ekki bæta þar miklu við.

Veiðistjóri er sá maðurinn, sem bezt hefur fylgzt með, hvernig villiminkurinn íslenzki hefur hagað sér á undanförnum árum og hvernig hefur gengið með útrýmingu hans, og þykir mér rétt að víkja örlítið að því, enda þótt ég vilji undirstrika það, að það er í raun og veru ekki mikið atriði í sambandi við þetta mál. Það verður að halda áfram að vinna gegn útbreiðslu villiminksins á sama hátt, hvort sem minkarækt verður leyfð hér eða ekki. En hann gaf okkur þær upplýsingar, að hann hefði 10 ára reynslu yfir að ráða um út-

rýmingu minksins og útbreiðsla hans væri nú um mest allt land, þ. e. a. s. hann er kominn um Vestfjarðakjálkann, Suðurlandið austur að Skeiðarársandi og um Norðurland allt og Austurland, allt til Vopnafjarðar. Það hefur að vísu gerzt núna á síðustu árum, að hann hefur breiðzt austur fyrir Jökulsá á Fjöllum. Og á síðustu árum hafa verið unnin þetta tæp 3000 dýr á ári, t.d. 1966 voru þau um 2900. Það er mikið um villimink í Árnessýslu, um Snæfellsnes norðanvert, og hvað viðkomu minksins snertir gaf hann upplýsingar um það, að það væru mjög algengar minkafjölskyldur með 5—6 dýrum. En eitt þótti mér athyglisvert, sem kom fram í hans máli, og sérstaklega vegna þess, að ein af þeim rökum, sem dr. Finnur Guðmundsson hefur haft gegn minkaeldi hér, voru einmitt hættan á því, að við blöndun á nýrri tegund, nýinnfluttum dýrum, kynni veiðibræði minksins að verða miklu meiri í fyrstu. Hann hefur haldið því fram, að minkurinn væri nú að færast í það horf að samhæfast landinu eða náttúrunni, eins og sagt er, og drepa aðeins eftir þörfum. En veiðistjóri taldi, að sín reynsla stríddi á móti þessu, það væri enn algengt að sjá t. d. við veiðivötn eða þar, sem minkur kæmist í æðarvarp, að hann dræpi í stórum stíl, þannig að þessi veiðináttúra villiminksins virðist vera hin sama enn eins og hún var, þegar hann slapp hér, voru einmitt hættan á því, að við blöndun á vegna þess, að mér finnst þetta stangast algerlega á við þau rök, sem dr. Finnur Guðmundsson hefur m. a. haft gegn því, að ný afbrigði minks yrðu flutt inn, af því stafaði hætta á aukinni dráps-hneigð við blöndunina.

Annars vil ég segja það, að það er ekki þetta, sem skiptir máli í sambandi við þetta frv., og ég hef jafnan af því að þetta hefur oft verið hér til umr. áður, lagt á það áherzlu, að við mættum ekki láta afstöðu okkar til villiminksins hafa áhrif á það, hvort við leggjum út í að reyna að hafa hér ábatasama atvinnugrein af minkaeldi. Ég fylgdi þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum, þegar ég talaði fyrir því hér snemma á þinginu, og ég ætla ekki að fara að endurtaka neitt af því. Þó vil ég aðeins enn minna á það, að við stöndum frammi fyrir því, Íslendingar, þar sem þjóðinni fer ört fjölgandi, að við þurfum að standa vel á verði um það að finna hæfileg viðfangsefni og leita eftir nýjum atvinnugreinum til þess að halda uppi atvinnu og framleiðslu fyrir ört vaxandi þjóð. Og með hliðsjón af því, sem ég m. a. dró fram hér við umr., þegar ég talaði fyrir málinu, að Ísland er eina landið af 23 ríkjum, sem eru umhverfis Norðurpólinn, sem ekki hefur minkaeldi. Þetta segir sína sögu, og það sannar það, að einmitt veðurfarsskilyrðin, landfræðilegu skilyrðin eru sérstaklega hagstæð hér.

Ég dró það einnig fram, að við, sem höfum beitt okkur fyrir þessu máli, hefðum engar ævintýralegar hugmyndir um gróða af þessari atvinnugrein. Hitt er trú okkar, að hún geti verið ábatasöm og sé vel til þess fallin að verða einn liður í vaxandi framleiðslu, sem þessi þjóð þarf að skila, eftir því sem fólkinu fjölgar. Og enn vil ég minna á eitt, sem í mínum huga er mjög mikilvægt. Þetta er kjörið viðfangsefni víðs vegar um landið. Það er einn þáttur í því að styðja byggðirnar kringum allt land og ekki sízt þó á norðanverðu landinu, því að eftir því sem veðrátta er þurrviðrasamari, eftir því er veðráttan hagstæðari minkaeldinu.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, víkja að örfáum atriðum, sem komu fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. Hann sagði t. d., að hér væri ekki lagt til að taka upp nýja atvinnugrein. Ég vildi nú samt sem áður halda því fram, að svo væri, því að sú reynsla, sem komin var, þegar minkaeldi var bannað, var svo lítil, að það var ekki hægt að segja, að þar væri komið fram svar við því, hversu ábatasamt þetta er. En ég verð jafnframt að segja það, að ég hef það eftir góðum heimildum, frá mönnum, sem þá voru enn með minkaeldi, að þeir voru komnir upp á lagið með það að hafa ábata af minkaeldinu.

Hv. frsm. gerði einnig ýmsar aths. við þetta frv. og hefur nú reyndar gert það áður, þótti það stutt, óljóst og það væri treyst á reglugerðir o. s. frv. Ég tel út af fyrir sig mikinn kost á lögum, að þau séu stutt. Hitt er að vísu miklu verra, ef þau eru óljós. En ég held, að það verði ekki sagt um þetta mál. Og að því leyti sem hann sagði, að það væri treyst á reglugerðir, er það ekkert sérstakt í þessu efni. Það eru yfirleitt gefnar út reglugerðir með lögum, og það er margra dómur, þeirra sem um þetta mál hafa fjallað, að það sé heppilegri háttur að hafa þau ákvæði í reglugerð, sem kveða á um allt hið smærra að því er snertir útbúnað minkabúanna og þess háttar

Það er rétt, að stjórnarnefndarmenn Loðdýrs hf. minntust á Íslending frá Kanada, sem hér hafði verið á ferð, sem væri mikill áhugamaður og kunnáttumaður um loðdýraeldi, og þeir sögðu frá því, að hann hefði boðið fram alla þá aðstoð, sem hann mætti, við það, ef við legðum út í eldi minka. Og það er einnig rétt, sem hv. frsm. skýrði frá, að okkur var sagt frá músinni, sem þeir náðu í Þingvallasveitinni, og ég er ekki viss um, að það sé nein ástæða til að brosa að því, það má vafalaust draga ályktanir af því, hvernig feldur loðdýranna er, — það má draga ályktanir af því, hversu hagstætt veðurfarið er einmitt til framleiðslu skinnanna. Og ég vil vekja athygli á einu enn, sem kom fram hjá þessum mönnum, að einn af höfuðkostum íslenzks veðráttufars til loðskinnaframleiðslu væri einmitt það, hversu lítið svið, lítið hitasvið væri hér, — eftir því sem væri meiri sveifla frá hitatoppi og til þess, sem frost gæti orðið mest, eftir því væri það veðurfar óhagstæðara.

Sem sagt, allar upplýsingar, sem við höfum fengið hvað veðurfar snertir, segja, að hér séu sérstaklega hagstæð skilyrði einmitt fyrir slíka atvinnugrein sem loðdýraeldið er

Þá vil ég aðeins koma að einu atriði enn, sem kemur líka fram í nál. hv. meiri hl. Það er um það, að þetta frv. opni leiðir fyrir ræktun nýrra og fleiri loðdýrategunda. Ég held, að þetta sé nú alger misskilningur. Eftir því sem ég veit bezt, eru þau lög, sem nú eru í gildi, þannig, að þau banna aðeins eldi minka. Hitt er rétt, að það eru ákvæði í öðrum lögum um það, hvers þarf að gæta, þegar innflutningur lifandi dýra fer fram. Og þau eru jafnt í gildi eftir samþykkt þessa frv. eins og þau eru nú í dag.

Hv. frsm. lét í ljós von um það, að Alþ. bæri

gæfu til að fara þá leið, sem þeir leggja hér til, þ. e. a. s. vísa þessu frv. til ríkisstj. Hann lét einnig í það skina, að hann vonaðist til þess, að þar með færi jarðarför þess fram. Um það skal ég ekkert segja. En ég vil hins vegar láta í ljós þá von mína, að enda þótt ég sé fullkominn stuðningsmaður hæstv. ríkisstj., þá óska ég eftir því, að þetta Alþ. afgreiði sjálft málið með því að samþykkja frv. og þá með þeirri breytingu, sem minni hl. n. leggur til, að gerð verði á því, og prentuð er á þskj. 274.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta á þessu stigi. Ég vil bara enn undirstrika það, að ég vonast til þess, að menn líti á þetta mál með fullkomnu raunsæi og láti ekki kannske heldur ónotalegar tilfinningar til villiminksins hafa áhrif á það, hvernig menn greiða atkv. um þetta mál.

Ásberg Sigurðsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. landbn. endaði mál sitt með því að segja, að þeir í landbn. hefðu verið mjög hóflegir í sínum ályktunum, en margir hefðu sterkar tilfinningar í sambandi við þetta mál. Þetta er tilfinningamál. Það eru leiðinleg mál og vandmeðfarin. En afstaða og rök þeirra, sem vilja ekki leyfa aftur minkaeldi á Íslandi, er tilfinningamál. Eins og menn eru á móti bjór, eru menn á móti mink.

Frv. þetta um loðdýrarækt, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að leyft verði að reisa 5 minkabú á Íslandi og að þau verði aðeins 5 á næstu 4 árum og þessi bú verði einungis staðsett í sveitarfélögum, þar sem villiminkur hefur ekki náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra.

Þetta mál er ekki nýtt á hinu háa Alþingi. Vorið 1959 flutti Einar Sigurðsson frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 1951, um loðdýrarækt, sem gerði ráð fyrir því, að bann laga við minkarækt yrði fellt úr gildi og að minkaræktin yrði heimiluð aftur. Málið dagaði uppi, en var svo flutt aftur á næsta þingi og var þá vísað til ríkisstj. með samþykki flm. Við umr. málsins þá kom skýrt fram hjá mörgum af þeim þm., sem til máls tóku, að sú málsmeðferð þýddi ekki, að þeir væru því samþykkir, að minkaeldi yrði leyft að nýju, enda þótt gert væri ráð fyrir því, að ríkisstj. undirbyggi löggjöf um loðdýrarækt. Ríkisstj. gat því lítið aðhafzt í málinu frekar en ef nál. meiri hl. landbn. nú yrði samþ. á þessu þingi, en það er aðeins að svæfa málið. Ríkisstj. hefur engin fyrirmæli, hvorki um undirbúning löggjafar né um að leyfa þetta á einn hátt eða neinn. Og mér finnst þessi niðurstaða ákaflega skrýtin miðað við það, sem á undan var gengið.

Síðan var frv. til l. um loðdýrarækt flutt af nokkrum þm. í Nd. á árunum 1965 og 1966. Á fyrra þinginu hlaut frv. ekki afgreiðslu var samþ. í Nd.. en dagaði uppi í Ed. Á þingi 1966 hlaut það einnig samþykki í Nd., en var þá fellt í Ed.

Nú er málið enn flutt nær óbreytt frá því, sem það var afgreitt í Nd. 1966. Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum. Sannleikurinn er sá, að það er engin innlend reynsla um þetta. Hér eru ekki til nein loðdýraræktarfélög, eins og áður var og í öðrum löndum er. Það er naumast hægt að gera ýtarlega löggjöf um þetta, fyrr en nokkur reynsla er fengin. Hins vegar er gert ráð fyrir að skipa þessu með reglugerð, og það er stefnt að því að reyna að stefna að hinu fyllsta öryggi með fáum búum með miklu eftirliti. Það voru sett lög um minkarækt hér áður fyrr, bæði 1933 og 1937. Þessi löggjöf kom ekki í veg fyrir það, að illa tækist til og minkurinn léki lausum hala, þannig að löggjafaratriðið er ekki nein sáluhjálp út af fyrir sig. Aðalatriðið er framkvæmd á þessu, ef leyft yrði, þessari tilraun, að bú væri í öruggum og góðum höndum.

Þegar minkarækt var hafin á Norðurlöndum skömmu fyrir 1930, tóku Íslendingar þátt í þeirri viðleitni að skapa aukna fjölbreytni í atvinnulífi sínu og reyna að auka gjaldeyristekjur sínar. Minkaræktin var alveg ný atvinnugrein, sem var að vaxa upp í norðlægum löndum, aðallega í Kanada og Bandaríkjunum. Vöxtur hennar gekk hægt, enda setti heimskreppan 1931 mark sitt á efnahag og viðskiptalíf þjóðanna allt fram undir heimstyrjöldina síðari. Minkaskinnaframleiðslan í heiminum 1940 var aðeins 650 þús. skinn, en er í dag 25 millj. skinn. 1940 framleiddu Danir 11 þús. skinn og Norðurlöndin samtals um 110 þús. Á stríðsárunum var aukning minkaskinna lítil af eðlilegum ástæðum. Fyrstu árin eftir stríð var Evrópa í sárum og öllu fjármagni beint til uppbyggingar og matvælakaupa, en markaður fyrir lúxusvörur eins og minkaskinn að sjálfsögðu lítill, nema helzt í Bandaríkjunum og Kanada. Árið 1950 var minkaskinnaframleiðslan í heiminum komin upp í 3 millj. skinna. Þar af voru Bandaríkjamenn með 2 millj., Kanada með 500 þús. og Norðurlöndin 500 þús skinn. Talið er, að á Íslandi hafi minkaskinnaframleiðslan aldrei náð meira en 15—20 þús. skinnum. Fyrstu lífdýrin, sem voru flutt til Íslands, voru frá Kanada. Þau voru keypt fyrir lítið verð. Þau voru að sjálfsögðu léleg að gæðum. En í stríðslokin voru þó flutt inn nokkur úrvalsdýr, og fékkst þá mjög gott verð fyrir íslenzk minkaskinn á erlendum mörkuðum á árunum 1947—1950. Þannig fengu Íslendingar hæsta meðalverð allra Evrópuþjóða á uppboðum í London árið 1949—1950. Aðeins Bandaríkjamenn fengu hærra verð fyrir sín úrvalsskinn.

Íslendingar áttu því úrvalslífdýr í landinu í þeim fáu minkabúum, sem starfrækt voru þá, er bannið við minkarækt var lögboðið 1951. Var bann þetta vægast sagt undarleg ráðstöfun og vanhugsuð. Ástæðan var sú, að minkar höfðu víða vegna lélegs umbúnaðar sloppið úr haldi fljótlega eftir árið 1931 og fóru að lifa villtir í íslenzkri náttúru. Engar ráðstafanir voru gerðar af opinberri hálfu til að stemma stigu við fjölgun villiminksins. Hann fékk að leggja landið undir sig óáreittur. Eftir 1940 fer að kveða mikið að villiminknum. En þó er ekkert aðhafzt til að eyða honum. Í aldarfjórðung fær hann að leika lausum hala eða þar til lög um eyðingu refa og minka eru sett og veiðistjórastarfið stofnað 1957. Það er fyrst á árinu 1958, að skipulögð starfsemi til að eyða minkaplágunni er hafin hér á landi. Virðist óneitanlega hafa verið skynsamlegra að stofna veiðistjórastarfið árið 1951, í stað þess að banna minkaeldið í þeim fáu tiltölulegu vel útbúnu minkabúum, sem þá voru eftir í landinu, og drepa niður þann ágæta lífdýrastofn, sem þar var.

Nú hefur barátttan gegn villiminknum staðið í rétt 10 ár. Tekizt hefur að halda í horfinu, og er talið, að villiminknum hafi frekar fækkað, en ekki hefur tekizt að hefta útbreiðslu hans til nýrra landssvæða. Má heita, að villiminkur sé um land allt nema á svæðinu sunnan Vopnafjarðar að Skeiðará og á litlu svæði vestan Ísafjarðardjúps, frá Súðavík suður fyrir Önundarfjörð. Aðalatriðið er, að minkaplágunni hefur verið haldið örugglega í skefjum. Má þar sérstaklega nefna svæðið við Mývatn og Breiðafjarðareyjar sunnanvert.

Ljóst er, að villiminknum verður ekki gjöreytt úr landinu með núverandi tækni á næstu árum og sennilega aldrei. Við munm sitja uppi með hann, hvað sem hver segir og hvað sem menn gera. Þegar fyrst var flutt frv. um það að leyfa minkaeldi að nýju á árunum 1959 og 1960, lifðu sumir þm. í voninni um það, að skipuleg eyðing villiminksins, sem hófst fyrir alvöru árið 1958, yrði til þess, að villiminknum yrði algerlega útrýmt, og kom það fram skýrt í umr. á þinginu. Þessi von er nú brostin með öllu. Ef enginn minkur væri á Íslandi í dag, væri viðhorf manna til minkaræktar að nýju annað. Við munum áfram hafa tjón af villiminknum. En það er ástæðulaust að útiloka sig frá gjaldeyristekjum og hagnaði af minkarækt af þeim sökum um alla framtíð. Sú hætta, sem kann að stafa af því, að strokuminkur kunni að sleppa út úr minkabúi, er svo hverfandi lítil, að það eru ekki frambærileg rök fyrir að banna minkaeldi lengur í þessu landi. Strokuminkar eru af öllum kunnugum mönnum taldir auðveiddir, þar sem þeir þekkja ekki til í náttúrunni og halda sig í nágrenni við minkabúið um langan tíma. Þó að þeir kynnu, sem ólíklegt er, að komast undan skotum veiðimanna og hundum, eiga þeir eftir að aðlaga sig íslenzkri náttúru og lifa af íslenzkan vetur. Hugsanlegur strokuminkur getur því ekki haft neina umtalsverða þýðingu fyrir vöxt villiminkastofnsins í landinu, sem tekizt hefur að halda niðri og fækka á síðustu 10 árum.

Sumir fræði- og vísindamenn eru svo bjartsýnir að álíta, að ekki sé þörf á skipulegri starfsemi til að halda villiminknum í skefjum. Þeir telja, að villiminkurinn hafi náð jafnvægi í íslenzkri náttúru og honum muni ekki fjölga, þar sem lífsskilyrðin setji honum eðlilegar hömlur og takmörk. Ef svo væri, sem vonandi er, ætti strokuminkurinn ekki að hafa nein áhrif á vöxt villiminkastofnsins í landinu. Þegar minkarækt var bönnuð á Íslandi með lögum árið 1951, var framleiðsla minnkaskinna í heiminum aðeins 3 millj. skinna, en hefur síðan rúmlega áttfaldazt og er nú rúmar 25 millj. skinna. Eru fá eða engin dæmi þess, að atvinnugrein hafi átt slíkum vexti að fagna, og er það bezta sönnun fyrir því, að hér er um blómlegan atvinnuveg og gróðavænlegan að ræða.

Minkaræktin er bundin við hin norðlægu lönd og hefur þar algera sérstöðu vegna loftslags og veðurfars. Ísland er eina landið á norðurhveli jarðar, sem hefur ekki hagnýtt sér legu sína og loftslag til að taka þátt í þessum ábatasama atvinnuvegi, og má það furðu gegna og ekki vansalaust fyrir Alþingi Íslendinga að viðhalda lengur lagabanni á þessum atvinnuvegi, sem á hér sennilega betri skilyrði en í flestum öðrum norðlægum löndum. Frændur okkar á Norðurlöndum hafa kunnað að nota sér aðstöðu sína og haft gífurlegar gjaldeyristekjur af sölu minkaskinna. Norðurlöndin hafa tuttugufaldað framleiðslu sína frá árinu 1950 eða síðan við bönnuðum minkaræktina hér. Hafa Norðurlandabúar tekið forustuna í heiminum í þessari atvinnugrein og framleiddu árið 1966 9,3 millj. minkaskinna, eða um 40% af allri heimsframleiðslunni. Næst koma Bandaríkin og Kanada með 8,6 millj. skinna og Rússland með 2 millj. skinna. Önnur lönd þ. á m. Japan, eru með 3½ millj. skinna.

Það er aðallega þrennt, sem gerir það að verkum, að Norðurlönd hafa náð þessum mikla árangri í minkarækt. Í fyrsta lagi heppilegt loftslag. Í öðru lagi aðgangur að ódýru og góðu fóðri, sérstaklega fiskifóðri. Og í þriðja lagi eiga þeir gott og verkmenntað fólk. Af Norðurlandaþjóðunum hafa Danir mesta minkarækt og hafa tekið forustu á þessu sviði. Þeir áttu 1940 aðeins 11 þús. minkaskinna, en árið 1950 framleiddu þeir 150 þús. og eru nú komnir upp í 3 millj. skinna árlega. Í Danmörku voru árið 1966 6 þús. minkabændur og meðalbúið hafði 174 læður. Það ár seldu þeir 2,4 millj. skinna fyrir 255 millj. danskra króna, og var meðalverðið 104 kr. danskar á skinn. Það ár hafði minkalæðum þeirra fjölgað um 14,5% og framleiðsluaukningin milli ára af minkaskinnum verið 400 þús. skinn, og um þetta leyti jókst framleiðsla í heiminum milli ára um 3 millj. skinna, sem sýnir, hve teygjanlegur og sterkur þessi markaður hefur verið og er. Í árslok 1966 varð að vísu mikið verðfall á minkaskinnum í heiminum, sem þó bitnaði sérstaklega á hinum lakari gæðaflokkum, sem voru nær óseljanlegir á uppboðunum. Þrátt fyrir þetta fengu Danir 201 millj. danskra kr. fyrir framleiðslu sína, og voru 44% af skinnunum seld til Bandaríkjanna, en 56% til Evrópulanda, aðallega Þýzkalands og Frakklands. Var þetta í fyrsta skipti, sem Bandaríkin keyptu ekki yfir 50% af framleiðslu Dana.

Aðalrök þeirra, sem mótfallnir eru minkarækt á Íslandi, eru þau, að hér sé um tízkuvöru að ræða, sem háð sé miklum sveiflum í verði og smekk manna og geti markaðurinn jafnvel dottið niður með öllu. Þetta voru aðalrökin, er Einar Sigurðsson flutti till. sína um að leyfa minkarækt hér 1959. Það ár seldu Danir minkaskinn fyrir 75 millj. danskra króna, en 1966 fyrir 255 millj. og höfðu þannig meira en þrefaldað gjaldeyristekjur sínar á 7 árum. Við höfum því misst af dýrmætum tíma, þegar þessi atvinnugrein hefur verið í hvað mestum vexti. Við ættum vafalítið í dag álitlegan minkastofn, ef málið hefði fengið eðlilega afgreiðslu á sínum tíma. En um það er ekki að sakast. Aðalatriðið er, að við þekkjum okkar vitjunartíma nú og leyfum þá tilraun til minkaeldis, sem frv. gerir ráð fyrir, og öðlumst þá reynslu og þá þekkingu, sem nauðsynleg er, áður en þetta getur orðið að almennum og öflugum atvinnuvegi, en á því er enginn vafi, að á þessu sviði hefur Ísland stórkostlega möguleika, ef vel tekst til.

Að ýmsu leyti hefur Ísland vafalaust betri skilyrði á þessu sviði en hin Norðurlöndin. Í fyrsta lagi er loftslag hér heppilegra, því að miklir hitar og miklir kuldar eru ekki heppilegir fyrir mink-

ana. Í öðru lagi höfum við í landinu miklu meira og betra fóður en hinar þjóðirnar í okkar fiskúrgangi og sláturúrgangi. Norðurlandaþjóðirnar verða að flytja inn fiskúrgang í stórum stil vegna loðdýraræktar sinnar og kaupa það fyrir gjaldeyri. Danmörk flytur t. d. inn árlega 50 þús. tonn af fiskúrgangi, og Svíar og Finnar flytja inn svipað magn. Það eru aðeins Norðmenn, sem eru sjálfum sér nógir og selja hinum þjóðunum hluta af sinni framleiðslu. Við gætum hins vegar af eigin fiskúrgangi og fiskimjöli haft meiri framleiðslu en hver þessara þjóða fyrir sig. Hér á landi falla árlega til 100—120 þús. tonn af fiskúrgangi eða nægilegt til að framleiða um 3 millj. skinna, ef öllu væri til skila haldið, ýmist í formi fiskmjöls, frysts fiskúrgangs eða fersks, sem við fáum af sumaraflanum, en sumarafli Íslendinga af þorskfiski er um 25% af heildaraflanum, sem er um 300 þús. tonn. Verðið, sem frystihúsin fá fyrir fiskúrgang sinn í fiskimjölsverksmiðjunum er aðeins um 1/10 hluti af því verði, sem minkabændur í Danmörku verða að kaupa hann á til búa sinna. Meðalverð í Danmörku er talið 60 aurar danskir eða 4,50 á kg, eða tonnið 4500 kr., en frystihúsin hér fá aðeins 450 kr. eða tæplega það, jafnvel 435 kr. Ef allur fiskúrgangur væri seldur á danska verðinu, fengjust 450 millj. fyrir ársframleiðsluna af fiskúrgangi í stað um 45 millj., sem hraðfrystiiðnaðurinn fær nú. Nú er ég viss um það, að flestir telja, að hraðfrystiiðnaðurinn og útgerðin þurfi á auknum tekjum að halda, og vænlegasta ráðið til þess er að skapa innlendan markað fyrir fiskúrgang með því að koma hér upp þeim loðdýrastofni, sem vænlegastur er, þ. e. minkarækt.

Minkaræktin er oft kölluð sorptunna fiskiðnaðarins og sláturhúsanna og það með réttu. Það, sem þessar atvinnugreinar kasta eða fá lítið verð fyrir, nýta minkabændurnir. Sláturhúsin á Íslandi henda innmat og blóði fyrir tugi milljóna. Úrgangur sláturhúsa er mjög verðmætur til minkaeldis. Það, að við slátrum fénu á haustin, eða frá 20. sept. til októberloka, er mjög þýðingarmikið atriði fyrir minkaræktina. Einmitt á þessum tíma er vetrarfeldurinn að myndast og því sérstaklega áríðandi að hafa nýtt og gott fóður fyrir dýrin. Hárvöxturinn og þar með gæði feldsins eru eingöngu fóðuratriði, en ekki erfða. Við hellum niður um 70% eða 700—800 þús. lítrum af lambablóðinu. Öllu blóði hendum við úr nautgripum, sem eru 25 þús., að sjálfsögðu úr hrossum en blóð hefur svipað næringargildi sem dýrafóður og nýmjólk. Nálega öllum innmat úr hrossum og nautum er hent út í sjó og þar alinn á því svartbakur, sem er hinn mesti vágestur í ám og æðarvörpum. Með betri nýtingu á úrgangi frysti- og sláturhúsa myndi draga úr svartbaksplágunni. Ef markaður væri innanlands fyrir fisk- og sláturúrgang, mundi margt koma að gagni, sem nú er hent, bæði á sjó og landi. Með fullkomnari vinnslu sjávaraflans eykst fiskúrgangur og að sjálfsögðu ef t. d. skreiðarverkun minnkaði og fiskur væri yfirleitt pakkaður beinlaus og roðlaus, eins og allir telja æskilegt, að þróunin verði á sviði fiskiðnaðarins.

Þá vil ég sérstaklega benda á, að dýrafeiti, eins og tólg, sem hér er í lágu verði, og undanrenna eða undanrennuduft er nauðsynlegur liður í fæðu minkanna. Ef vel á að vera þarf 5—6% af undanrennu að vera í fóðrinu. Fóðurþörf minkanna byrjar með fullum þunga í byrjun júlí, einmitt þegar mjólkurframleiðslan er mest hér á landi, og fer vaxandi allt til októberloka. Þetta er einmitt sá tími, sem offramleiðsla mjólkurinnar á sér stað. Minkaeldi væri nýr neytandi hjá mjólkurbúunum, þegar bezt stendur á.

Talið er, að um 50—60% af kostnaði við framleiðslu minkaskinna sé fóðrið. Á Íslandi höfum við um 95% af þessu fóðri innanlands, og þessu fóðri er nú ýmist hent eða selt fyrir mjög lágt verð, aðeins brot af því verði, sem minkabændur á Norðurlöndum verða að greiða fyrir það til búa sinna. Atvinnuvegir okkar eru fábreyttir, og menn eru sammála um að auka fjölbreytni þeirra. Gjaldeyristekjur þjóðarinnar hafa minnkað stórkostlega á s. l. ári. Þýðingarmikið er því að stuðla að nýjum atvinnugreinum, sem auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Engin atvinnugrein gæti gert það í ríkara mæli en framleiðsla minkaskinna úr verðlitlum fisk- og sláturúrgangi. Minkarækt yrði í framtíðinni vænleg atvinnugrein í dreifbýli landsins í sambandi við hin fjölmörgu frystihús, sem við það fengju stóraukið verkefni og nokkuð mikinn tekjuauka. Frændur okkar á Norðurlöndum verða að byggja frystihús, eingöngu til að geyma frystan fiskúrgang, sem þeir kaupa inn frá öðrum löndum fyrir harðan gjaldeyri. Frystihúsin hér eru til staðar, og þau vantar verkefni. Þau eru kjörin til þess að vera fóðurblöndunarstöðvar fyrir minkabændur í nágrenninu, en slíkar stöðvar rísa nú upp alls staðar þar, sem minkarækt er, og létta þar með minkabændum þann mikla vanda, sem rétt blöndun á fóðrinu er. Minkaræktin er mikið hagsmunamál fyrir þorp og bæi úti á landi, þar sem fábreytni atvinnulífsins er mest.

Nú er ekki óhentugur tími til að stofna til minkaræktar að nýju, vegna þeirrar verðlækkunar, sem orðið hefur á minkaskinnum í heiminum í bili. Reynsla Norðurlandaþjóða í 30—40 ár sýnir, að verðlækkunartímabilin hafa jafnan verið stutt, mest 1—2 ár, en síðan hefur verðlagið nokkuð hækkað aftur og tryggt þessum atvinnuvegi góðan hagnað og mikinn vöxt. Nú er hægt að kaupa úrvals lifdýr fyrir hálfvirði, miðað við það, sem var áður, vegna þess að minkabændur eru hættir í bili að auka lifdýrastofn sinn.

Herra forseti. Ísland hefur sérstöðu til að hafa mikið og ábatasamt minkaeldi. Það er eitt af þeim örfáu sviðum, þar sem við höfum örugga samkeppnisaðstöðu miðað við aðrar þjóðir, sem framleiða slík skinn. Aðalatvinnuvegir þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, þurfa á þessari starfsgrein að halda til að selja henni fisk- og sláturúrgang, sem er ýmist hent eða seldur lágu verði. Minkarækt mundi skapa aukna fjölbreytni í atvinnulífi landsbyggðarinnar, sem nú stendur mjög höllum fæti. Minkarækt mundi skapa mikinn gjaldeyri, sem þjóðin er nú í brýnni þörf fyrir. Þrátt fyrir dapurleg mistök, sem stöfuðu af þekkingarleysi og skorti á hæfilegum útbúnaði, sem orsakaði villimink í landinu, tókst okkur að framleiða verðmestu skinn allra Evrópuþjóða 1949. Það sýnir okkur, að við getum komizt í

fremstu röð á þessu sviði, ef minkarækt verður leyfð hér aftur. Engin skynsamleg rök eru fyrir því að viðhalda banni gegn minkarækt lengur, þar sem útséð er um, að villiminknum verði útrýmt á Íslandi, þó að banninu verði viðhaldið.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hv. 2. þm. Vestf. til hamingju með jómfrúarræðu hans, sem var ýtarleg og leiddi í ljós, að hann hefur mikið um þessi mál hugsað, og er alltaf ánægjulegt að heyra málflutning, sem á góðum undirbúningi byggist. En samt verð ég að segja, að mér þótti fyrsta skref hans heldur varhugavert, þegar hann lýsti því yfir, að andstaðan gegn minkaeldi væri tilfinningamál og tilfinningamál væru leiðinleg mál. Ég benti á það í framsögu minni, að nál. meiri hl. væri hóflegt í alla staði og byggðist eingöngu á röksemdum, enda þótt þetta mál væri mörgum tilfinningamál. Ég tel enn, að svo sé, og við höfum flutt okkar mál á þann hátt, en samt sem áður fyrirverð ég mig ekki fyrir það, að mér er þetta eins og mörgum öðrum nokkurt tilfinningamál. Við skulum ekki gleyma því, að tilfinningar eiga sér orsakir og orsakirnar geta verið málefnalegar, jafnvel þótt tilfinningarnar verði mismunandi sterkar hjá þeim, sem þær hafa. Við skulum ekki gleyma því, að tilfinningar eru mannlegar staðreyndir. Þær eiga jafnmikinn rétt á sér eins og hvað annað. Það getur verið, að áður en langt líður verði sá heimur, sem við lifum í, orðinn þannig, að allir hlutir verði reiknaðir út í tölum, kannske í tölvum, en tilfinningar komi þar hvergi nærri. Ég vona, að það verði ekki fyrr en eftir minn dag, sem þau vísindi yfirtaka alla hluti, því að tilfinningarnar eru krydd lífsins, og það eru tilfinningarnar fyrir því, sem í umhverfi okkar er og fyrir lífsbaráttu okkar, sem gefa lífinu gildi.

Við höfum sterka tilfinningu fyrir okkar landi. Er sú tilfinning leiðinleg? Við höfum sterka tilfinningu fyrir náttúru landsins. Er sú tilfinning leiðinleg? (Gripið fram í.) Við skulum reyna að hafa bæði skynsemina og tilfinningarnar í veganesti, þegar við göngum um sali þingsins og gegnum skyldustörfum okkar, en hinir praktískari menn ættu að temja sér að gera ekki of lítið úr mannlegum tilfinningum.

Hv. þm. sagði, að löggjafaratriði væru engin sáluhjálp. Ef til vill er hægt að velja betri stað til að tilkynna þetta heldur en hér á hv. þingi, þar sem lög eru samin og 60 menn sitja með það hlutverk að setja þjóðinni lög. En ég vil benda á það, að reglugerðir eru settar á grundvelli laga. Þar eru heimildirnar og fyrirskipanirnar um, að reglugerðirnar skuli gefnar út. Ef lög eru loðin og óljós, er minni von um, að reglugerðirnar verði skýrar og ljósar og að þær verði nákvæmar. Ef hins vegar lög eru ýtarleg og setja ákveðnar reglur, er miklu hægara að vita, hvernig þær reglugerðir muni verða, sem ráðh. gefa út og þar sem kveðið verður á um framkvæmd hlutanna og útfærslu aðalatriða í ótal smáatriðum.

Hv. þm. sagði, að ef enginn minkur væri í landinu, væri viðhorfið allt annað. Hvernig var viðhorfið á árunum rétt fyrir 1930? Þá var enginn villiminkur í landinu. En þá reis þessi sami draugur, freistingin að taka upp þennan arðvænlega atvinnuveg, og Alþingi féll fyrir þeirri freistingu. Það var ákveðið að gera tilraun. M. ö. o. það var ekki annað viðhorf í þá tíð, er villiminkur var ekki í landinu.

Hv. þm. fullyrti, að strokuminkar væru auðveiddir. En hvað sýnir reynslan? Voru þeir það, þegar minkur sá slapp út, sem núverandi minkastofn er af kominn? Það þýðir ekki að segja að eilífu, að reynslan sé einskis virði, af því að menn hafi ekki kunnað neitt eða skilið neitt eða getað neitt áður fyrr. Það getur vel verið, að tilraunin hafi á sínum tíma verið gerð af vanbúnaði. En þegar búið er að dreifa minkabúum um allt land, eins og hv. 5. þm. Austf. lýsti, og þetta á að vera til dundurs á hverri höfn, er ég hræddur um, að það gæti komið fyrir, að aðgæzlan, að þekkingin, að aðstaðan til þess að elta hvern mink, sem sleppur, yrði ekki alveg eins og þá menn dreymir, sem sjá þennan atvinnuveg aðeins í mynd hinna fögru stórbúa, sem hafa verið teiknuð fyrir þá. Reynslan sýnir, að strokuminkurinn í heild er ekki svo auðveiddur, að hann geti ekki náð fótfestu í heilu landi og orðið að tugþúsundastofni, sem ekki var til áður.

Hv. þm. sagði, að af þessum sökum gæti strokuminkurinn ekki haft neina umtalsverða þýðingu. Hvað gerðist 1930—50? Er það ekki umtalsverð þýðing, að strokuminkur varð upphaf að minkastofninum, sem nú er í landinu, og gæti ekkert slíkt gerzt aftur við hverja höfn um allt land, þar sem dundað væri við að rækta mink?

Styðjendur þessa frv. leggja á það mikla áherzlu, að Ísland sé eina landið á norðurhveli jarðar, sem hafi ekki skilið sinn vitjunartíma og tekið upp minkaeldi. Ég hef því miður ekki haft aðstöðu til þess að sannprófa þetta, en vil aðeins segja í þessu sambandi, að hér eins og á öllum öðrum sviðum gefur sú staðreynd, að við erum eyland, okkur nokkra sérstöðu. Og það er á ærið mörgum sviðum, þar sem við höfum aðra aðstöðu en aðrar þjóðir, jafnvel aðra aðstöðu en allar aðrar þjóðir. Og við höfum hingað til ekki verið feimnir við að gera okkur grein fyrir þessari sérstöðu. Við höfum hingað til bent öðrum á hana og látið hana verða okkur leiðarljós, sem oft væri ástæða til að fara eftir. Það er allt önnur aðstaða hvað varðar náttúru Norðurlanda, Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands, þar sem villidýr svipuð minknum eru í auðugu dýralífi. En við höfum verið einangrað eyland um aldir, sennilega um tugi þúsunda ára, og þessi einangrun er höfuðeinkenni á náttúru okkar allri. Við höfum brennt okkur hvað eftir annað á því að reyna að blanda blóði við umhverfið. Sauðfjársjúkdómar, minkaplága, — hvað þurfum við að brenna okkur oft?

Hv. þm. gerði ýtarlega grein fyrir því, að minkaeldið væri mikilvæg atvinnugrein erlendis, og það er alveg rétt. Það er lítill vandi að lesa tölur um erlenda atvinnuvegi, sem milljónaþjóðir stunda, og fá út hluti, sem okkur virðast á okkar mælikvarða vera ærið myndarlegir og miklir. En það er ekki þar með sagt, að samanburðurinn sé sanngjarn. Það er á fleiri sviðum en þessu, þar sem aðrir hafa gert sér stóra og góða atvinnuvegi úr tækifærum, sem eru lakari en við höfum. Hvað segja menn um niðursuðuiðnað?

Megum við fá tölur um það, hvað hann er gífurlegur atvinnuvegur á Norðurlöndum? Hvernig stendur á því, að okkur hefur ekki tekizt betur en raun ber vitni á því sviði? Þegar menn eru að bera hér á borð hluti eins og 3 millj. minkaskinna, er það eins og tala um hundruð þúsundir tonna af niðursuðuvörum. Við erum búnir að læra af reynslunni, að við gerum ekki slíka hluti án þess að gera okkur nánari grein fyrir því, hvað við erum að tala um, í smáatriðum. En þarna er stór atvinnuvegur erlendis, sem við höfum betri skilyrði til þess að stunda heldur en flestar aðrar þjóðir. Ef menn hafa stórfé til að setja í nýjar atvinnugreinar, hví ekki að setja það í niðursuðu, sem hefur ekki í för með sér hætturnar, sem nýtt minkaeldi mundi hafa? Ég ætti kannske enn frekar að nefna fiskirækt. Fiskirækt er stór atvinnuvegur víða úti í heimi, og væru tekin saman nokkur lönd, er ég sannfærður um, að það yrðu himinháar tölur í gjaldeyri, sem mætti nefna í því sambandi. Eru mörg lönd í veröldinni, sem hafa betri aðstöðu til fiskiræktar en við? Því segi ég, að ef menn hafa stórfé til að leggja í nýjar atvinnugreinar, hví efla þeir ekki fiskirækt?

Ég kvartaði undan því í framsöguræðu minni, að það lægi ekkert fyrir af áætlunum annað en örfáar lauslegar tölur, sem n. gat fengið munnlega. En eftir þeim tölum, sem fulltrúar frá Loðdýr hf. nefndu, t. d. um áætlaðan byggingarkostnað á því búi, sem þeir höfðu í huga og síðan þessar skýjaborgir um 2—3 millj. skinna, sýndist mér á fundinum, ég get ekki flutt um þetta tölur, af því að við fengum þær ekki svo nákvæmar, að fjárfestingin, sem þyrfti til þess að koma upp aðstöðu til að framleiða svo mikinn skinnafjölda, væri sennilega á þriðja þús. millj. M. ö. o.: það er hægt að tala og láta sig dreyma um framleiðsluna, en menn verða að gera sér grein fyrir því, að jafnvel minkarækt er ekki kostnaðarlaus með öllu, ég tala nú ekki um, ef hv. flm. ætla að standa við loforð sín um, að það verði eins rammbyggilega búið um hverja skepnu og þarf að vera. Og ég get ekki betur séð en þarna mundi vera um að ræða stórfellda fjárfestingu. Væri gaman að vita, hvaða fjármunir eiga að renna til þessa nýja atvinnuvegar, því að þá kynni Alþ. og aðrir að vilja gera sér grein fyrir, hvort ekki væri til einhver enn öruggari leið í þeim atvinnuvegum, sem við eigum fyrir, að nota svo stórar fjárupphæðir.

Það er rétt hjá hv. þm., að við gerum okkur lítil verðmæti úr úrgangi bæði frystihúsa og sláturhúsa. En það er alrangt að halda, að það sé ekki hægt að nýta þennan úrgang á annan hátt en að hafa villidýr til að éta hann, búa til lífandi sorptunnur við hverja höfn. Vísindin hafa gert mikið í því að reyna að finna hagkvæmari leiðir til þess að hagnýta úrgang, og ég er sannfærður um, að við höfum ekki, t. d. í sjávarútvegi okkar, haft aðstöðu til þess að taka það mál upp á nægilega sterkan hátt, hvernig við getum hagnýtt okkur þá fremstu tækni, sem til er nú í heiminum, til þess að nýta úrganginn. Ég er því sannfærður um, að við eigum að geta hagnýtt þennan úrgang hvort eð er miklu meira en við gerum nú. Til þess eru margar aðrar og miklu skaplegri leiðir heldur en sú, sem hér er verið að tala um.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa lengra mál um málið að sinni. Mönnum hefur orðið tíðrætt um músina á Þingvöllum. Ég vil skora eindregið á Nd. hv. Alþ. að láta það nú gerast í fyrsta skiptið í sögunni, að mús drepi mink.

Frsm. minni hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að lengja þessar umr. mikið, en mér datt í hug út af því, sem hv. síðasti ræðumaður fór að tala um tilfinningamálið, — það var hér fyrir nokkrum árum, sem við hv. þm. Benedikt Gröndal áttum einmitt orðaskipti út af þessu sama, og ég man það, að ég sagði þá við hv. þm., að það væri fjarri því, að ég teldi ekki tilfinningu geta verið rök, og ég vil taka undir það enn. En ég vil jafnframt benda á það og leggja á það áherzlu, að ég fæ ekki skilið, hvernig sú tilfinning að hafa mikla andúð á villiminknum geti verið rök í þessu máli. Og mér finnst einmitt það vera eitt af því, sem hæst ber í umr. um þetta. Það er einmitt villiminkurinn. Og ég fæ ekki annað skilið en það sé einmitt vegna þessarar tilfinningar, sem menn hafa, þessarar andúðar á villiminknum, sem menn tæpast geta hugsað sér, að hér sé tekið upp eldi á mink í búum. Ég verð að játa, að þetta samrýmist ekki minum hugmyndum, þrátt fyrir þá almennu skoðun, að ég meti einmitt sérstaklega mikils tilfinningar.

Ég kunni ekki alveg vel við það, þegar hv. þm. komst þannig að orði, að ég hefði talið, að það mundi vera gott til dundurs á hverri höfn að fást við minkaeldi. Það má nú e. t. v. hafa það orð um margs konar atvinnurekstur, sem menn hafa með höndum, að það megi kalla það dundur, og út af fyrir sig getur það verið mikils virði í lífinu. En ég vildi sem sagt samt sem áður í þessu efni mótmæla þessu orðalagi, að nota það um minkaeldið, og ég vil jafnframt leggja áherzlu á það, sem ég þá gat um, að ég tel einmitt, — og það eru í minum huga mikilsverð rök fyrir því, að við göngum ótrauðir að því að stofna til minkaeldis hér, — það er einmitt þetta, að það er líklegt til þess að verða mjög til stuðnings hinni strjálu byggð víðs vegar um landið.

Hv. þm. minntist hér á niðursuðu og hann minntist hér á fiskiræktina. Ég var að hugsa um, einmitt þegar ég var að hugleiða, hvernig ég ætti að taka þetta mál, að koma einmitt að fiskiræktinni í sambandi við minkaeldið. En ég vil aðeins taka það fram, að það er ákaflega mikill misskilningur, ef menn halda, að það sé eitthvað verið að velja hér á milli. Eins og hv. þm. vita, liggur hér fyrir hv. Alþ. einmitt till. um fiskirækt, sem ég er flm. að, og mér þykir einmitt gott að geta notað tækifærið til að leggja áherzlu á það, að hvorar tveggja þessar atvinnugreinar, minkaeldi og fiskirækt, eru ofarlega í minum huga sem stórfelldur stuðningur fyrir byggðir hér í framtíðinni.

Þá var hv. þm. að tala um, að það vantaði áætlanir og þetta frv., ef að lögum yrði, væri illa úr garði gert og illa undirbúið. Ég vil bara benda á það, að mér sýnist það liggja alveg ljóst fyrir,

að það leggur enginn maður út í að koma hér á minkaeldi öðruvísi en að gera sér grein fyrir því, hvort það muni vera arðvænlegt og á hvern hátt það muni vera arðvænlegast. Í þessu tel ég vera svo mikla tryggingu fyrir því, að það verði sem fæst um mistök, þegar út í þetta er lagt, að ég tel hana alveg fullnægjandi.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 275 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, LJós, MK, PJ, SI, SE, JK, SP, TÁ, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ, EystJ, ÁP, GíslG, GunnG.

nei: IngJ, IG, JóhH, JSk, JP, MB, PS, SV, BBen, BP, GeirG, GuðlG, SB.

6 þm. (GÞG, HV, JónasÁ, MÁM, RJ, EðS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég er hlynntur því, að loðdýrarækt verði á ný hafin hér á landi, a. m. k. á nokkrum tilraunabúum. Hins vegar tel ég, að lög um þá starfsemi þurfi að innihalda ýtarlegri ákvæði en þau, sem felast í frv. á þskj. 50. Þess vegna greiði ég atkv. með þeirri till. að vísa málinu til ríkisstj. í trausti þess, að hún láti semja ýtarlegt og vandað frv. um málið og leggi það síðan fyrir Alþingi. Segi ég því já.

4. Togarakaup ríkisins.

Á 12. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um togarakaup ríkisins [39. mál] (þmfrv., A. 39).

Á 14. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það um togarakaup, sem hér er flutt, er samhljóða frv., sem við þm. Alþb. hér í þessari hv. d. fluttum á þinginu í fyrra.

Það frv. var svæft í n., og þau hafa orðið örlög allra þeirra frv. og till. um endurnýjun togaraflotans, sem við Alþb.-menn höfum flutt á hverju þingi allt síðasta kjörtímabil. Hæstv. ríkisstj. og hv. þm. stjórnarflokkanna hafa sýnt þessu stórmáli, íslenzkri togaraútgerð og endurnýjun togaraflotans, þvílíkt tómlæti, að ég á engin orð yfir það. Oftast nær hafa virðulegir þingfulltrúar meiri hl. og hæstv. ráðh. steinþagað, þegar við höfum mælt fyrir frv. okkar og till. um málefni togaranna, og síðan verið einkar samtaka um að grafa frv. okkar og till. í nefndum.

Undir lok síðasta þings voru þó uppi af hálfu hv. stjórnarsinna nokkrir tilburðir varðandi þessi efni, varðandi tillögugerð um endurnýjun togaraflotans. Þetta var líka undir lok síðasta þings fyrir kosningar. Og hæstv. sjútvmrh. gaf þá hér á Alþingi yfirlýsingu um þessi mál fyrir ríkisstj. hönd, og mun ég koma að þeirri yfirlýsingu síðar. Ég vænti þess, að hæstv. sjútvmrh. sjái sér fært að verða við umr. um þetta mál.

Í grg. fyrir því frv., sem hér er til umr., er að finna nokkurt yfirlit um það, hvernig íslenzkur togarafloti hefur a. m. k. þrívegis verið í allra fremstu röð um búnað og veiðihætti. Í grg. er á það bent, að íslenzkir togarasjómenn voru löngum hinir vöskustu og fengsælustu, sem um getur. Í grg. er það enn fremur rakið, hvernig togarafloti landsmanna reyndist hvað eftir annað, ekki sízt á örðugum tímum, einhver traustasta máttarstoð sjávarútvegs og færði þjóðinni allri ómetanlega björg í bú. Í grg. eru enn fremur leidd rök að því, að svo framarlega sem við Íslendingar ætlum á komandi tímum að nytja öll þau fiskimið, sem okkur hafa verið og okkur geta orðið tiltæk, verður það ekki gert til hlítar án þess að gera út togara. Og það er einnig á það bent í grg., að slíkt verður ekki gert, án þess að við komum okkur upp flota togskipa af nýrri gerð, þar sem nútímatækni er hagnýtt, þar sem vinnuhagræðingu verður við komið, þar sem skilyrði eru sköpuð til að stórbæta meðferð aflans og auka verðmæti hans. Ekkert af þessu, sem allt er rakið nokkuð ýtarlega í grg., tel ég ástæðu til að endurtaka í einstökum atriðum hér.

Rekstur íslenzkra togara hefur verið miklum örðugleikum háður nú um áratugsskeið eða vel það. Ástæðurnar eru margar: Lokun fiskimiða, sem áður voru tiltæk og togurum mikilvæg á vissum tímum árs. Aukin samkeppni við erlenda togara og minni fiskgengd en áður á þau mið við Ísland, Grænland og Nýfundnaland, sem togarar okkar hafa einkum sótt á. Þó hefur verið nokkur áramunur á aflabrögðum, eins og einatt vill verða, og undanfarið ár eða þar um bil hefur togaraafli glæðzt nokkuð aftur, og hann mun á þessu ári ekki minni á skip en hann var fyrir svona 10—12 árum. Stóraukin verðbólga innanlands og margvíslegur hækkaður útgerðarkostnaður, sem af henni hefur leitt, á að sjálfsögðu ríkan þátt í versnandi afkomu togaraflotans. Enn er þó ótalið það, sem ef til vill veldur mestu og ráðið hefur úrslitum um þá þróun, sem hér hefur orðið, að því er varðar togaraútgerð. Við höfum setið uppi með gamla og að flestu leyti nú orðið úrelta togara, á sama tíma sem stórfelldar framfarir hafa orðið annars staðar, að því er snertir smíði slíkra skipa, útbúnað þeirra og annað í sambandi við togararekstur. Margar aðrar fiskveiðiþjóðir hafa hlýtt kalli tímans í þessum efnum og komið sér upp stórum, nýtízku togaraflota, auk þess sem þær hafa a. m. k. sumar hverjar lagt á það verulegt kapp og hagað sér ólíkt og við að því leyti að auðvelda togurum reksturinn. Meðan þessu hefur farið fram hjá keppinautum okkar á sviði fiskveiða, hefur íslenzk togaraútgerð verið að veslast upp. Skipin hafa ýmist verið seld

úr landi fyrir sáralítið verð eða þau hafa verið látin ryðga niður í höfnum. Engin endurnýjun hefur átt sér stað, ekki gerð ein einasta tilraun með skuttogara af nútímagerð. Afleiðingin hefur orðið sú, að togurum okkar hefur á valdaskeiði núverandi hæstv. ríkisstj. fækkað snöggt um meira en um helming, og þau fáu skip, sem enn eru gerð út, eru flest eða öll rekin með miklu tapi, enda eru skipin, eins og ég áðan sagði, mannfrek, dýr í rekstri og uppfylla ekki þær kröfur, sem gerðar eru til fyrsta flokks togskipa í dag.

Þessi öfugþróun í útgerðarmálum íslenzkra togara hefur átt sér stað nú um áratugs skeið eða vel það, án þess að ráðamenn þjóðfélagsins hafi gert neitt teljandi til umbóta í þessu efni. En þegar á það er litið, hvílík máttarstoð togaraflotinn var árum saman íslenzku þjóðarbúi, og þegar það er jafnframt haft í huga, hvers vel búinn, nýtízku togarafloti væri megnugur, hlýtur sinnuleysi þeirra, sem með völdin hafa farið og hafa horft upp á þessa þróun án þess að hreyfa svo að segja hönd eða fót — hlýtur það sinnuleysi að vekja hina mestu furðu. Nefndir hafa að vísu verið skipaðar til að fjalla um vandamál togaraútgerðar. Þær n. eru víst fleiri en ein og jafnvel fleiri en tvær. Þessar n. hafa samið álitsgerðir og lagt fram till., sumar þeirra a. m. k., — að vísu misjafnlega róttækar og ef til vill misjafnlega raunhæfar till., en frekari árangur en þetta, nál. og tillögugerð, hefur mér vitanlega enginn orðið af þessum nefndarstörfum. Álitsgerðirnar og till. hafa hlaðizt upp á borði sjútvmrh. eða verið holað niður í skúffur, og þar gulna þær, séu þær þá ekki komnar í pappírskörfuna. Í stað þess að taka rekstrar- og endurnýjunarmál togaraflotans föstum tökum, hefur ár frá ári verið gripið til algerlega ófullnægjandi bráðabirgðaúrræða, svo sem lítils háttar rekstrarstyrkja úr ríkissjóði, en látið undir höfuð leggjast að gera þær ráðstafanir, sem varanlegar gátu orðið. Og afleiðingin blasir nú við: síminnkandi floti, að mestu leyti gamalla og úreltra skipa, og undir hælinn lagt, hvenær þeir aðilar, sem gera þessi fáu skip út, gefast einnig hreinlega upp.

Við Alþb.-menn höfum ár eftir ár gagnrýnt hæstv. núv. ríkisstj. og þá stjórnarstefnu, sem hún fylgir, fyrir afstöðu hennar til mikilvægra þátta íslenzks sjávarútvegs. Við höfum hvað eftir annað lagt áherzlu á, að með beinum stjórnarvaldaaðgerðum annars vegar, en afskipta- og skipulagsleysi hins vegar, hlyti ríkjandi stjórnarstefna að sigla útgerðinni í strand. Nú er líka svo komið, að ekki er aðeins um stórfelldan samdrátt og gífurlega örðugleika að ræða að því er togaraútgerðina varðar, heldur er sá hluti bátaflotans, sem lagt hefur stund á þorskveiðar fyrst og fremst, í svipuðum og ekki öllu minni vanda staddur. Þar hefur einnig orðið háskaleg stöðnun og nú síðustu árin stórfelldur samdráttur. Fiskibátar hafa verið að týna tölunni. Öðrum er lagt, þar sem rekstrargrundvöll skortir. Og um endurnýjun fiskibáta af minni gerð, þeirra sem þorskveiðar stunda, hefur alls ekki verið að ræða nú um sinn. Við horfum þess vegna fram á það að öllu óbreyttu, að báðar þær tegundir fiskiskipa, sem borið hafa uppi hraðfrystiiðnaðinn í landinu, línu- og netabátar annars vegar og togarar hins vegar, báðar þessar tegundir fiskiskipa hljóta sömu örlög, að við sitjum uppi með síminnkandi flota, sem eldist með hverju ári, og rekstrargrundvöllurinn sé gersamlega brostinn. Og þessi ömurlega þróun hefur vitaskuld leitt af sér nýjan vanda. Hann er sá, að nú er allur hinn mikilvægi hraðfrystiiðnaður landsmanna stórlega lamaður og í rauninni á heljarþröm. Af um 90 hraðfrystihúsum hefur um það bil 20 hreinlega verið lokað, og mörg hinna, sem enn er haldið opnum, starfa með lágmarksafköstum. Og nú hefur það verið boðað, að svo framarlega sem rekstrargrundvöllur verði ekki stórbættur, muni öllum hraðfrystihúsum á landinu skellt í lás um áramót, við upphaf vetrarvertíðar.

Ástæðurnar til þess, að rekstrargrundvöllur hraðfrystiiðnaðarins virðist nú brostinn, eru að sjálfsögðu margar. Óhagstæð verðlagsþróun undanfarin ár hér innanlands, lækkað útflutningsverð nú um sinn, skipulagslaus og hóflaus fjölgun fiskverkunarstöðva, allt á þetta sinn þátt í því, hvernig komið er. En stærsti bölvaldurinn er þó áreiðanlega ótalinn. Hann er sá, að fiskiskipaflotinn, sá floti, sem hefur það hlutverk að draga aflann úr djúpi hafsins og færa hann á land, hefur verið að hraðminnka. Það hefur verið látið viðgangast, að mörg stórvirkustu veiðiskipin væru seld úr landi, án þess að neitt kæmi í þeirra stað. Og þau skip, sem eftir eru í eigu landsmanna, jafnt togarar sem fiskibátar, hafa svo bágan rekstrargrundvöll, að mörgum þeirra er lagt, önnur gerð út skamman tíma á ári hverju, en þeir útgerðarmenn, sem enn eru að reyna að halda hörkunni og gera út, búa sig margir hverjir undir að leggja fleytum sínum við festar.

Hafi menn verið í einhverjum vafa um, að skortur á nægu og góðu hráefni væri hraðfrystiiðnaðinum mestur fjötur um fót, tel ég, að sönnun fyrir því hafi verið lögð upp í hendurnar á okkur núna alveg nýlega. Fyrir um það bil viku átti Stefán Jónsson fréttamaður einkar fróðlegt viðtal við nokkra Hornfirðinga, þ. á. m. við kaupfélagsstjórann á Höfn í Hornafirði, en kaupfélagið þar á og rekur hraðfrystihúsið á staðnum. Í viðtali þessu kom fram, að frystihúsið á Höfn í Hornafirði hefur getað starfað með eðlilegum afköstum mestallt árið nú um nokkuð langt skeið og yfirleitt hefur það fengið góðan fisk til vinnslu. Og þetta hraðfrystihús hefur ekki aðeins borið sig, heldur hefur það greitt fiskseljendum eins konar ágóðahlut, þ. e. 7—8% uppbót á fiskverð, og kaupfélagsstjórinn sagði, að þrátt fyrir allt gerði hann sér vonir um, að rekstrarafkoma frystihússins á þessu ári yrði ekki verri en það, að hægt yrði að greiða föstum viðskiptavinum einhverja uppbót, þótt ekki lægi neitt fyrir um það að svo stöddu, hversu mikil hún gæti orðið. Þessi reynsla frystihússins í Höfn virðist sanna það, að þar sem saman fer góður rekstur og nægilegt hráefni, sem dreifist nokkuð jafnt á árið, er þrátt fyrir ýmsa erfiðleika grundvöllur til að reka frystihús taplaust jafnvel með hagnaði. Mér finnst ástæða til að rifja þetta upp, ekki sízt til þess að leggja áherzlu á, að hráefnisöflunin er vitanlega alger forsenda þess, að hraðfrystiiðnaður geti þrifizt og hraðfrystihús verði rekin. Sé hráefnisöflunin ekki í lagi, ef

fiskur berst aðeins með höppum og glöppum, en stórar eyður eru á milli, eru þau frystihús, sem þannig er ástatt um, dæmd til þess að vera rekin með tapi, og það tap er vitanlega þeim mun meira sem meira skortir á, að þessi stórvægilegi liður, hráefnisöflunin, sé í lagi.

Ég sagði áðan, að við Alþb.-menn höfum oft og lengi gagnrýnt hæstv. núv. ríkisstj. fyrir dæmafátt tómlæti og afskiptaleysi af mörgum mikilvægum málefnum sjávarútvegsins. Við höfum bent á það, bæði fyrr og síðar, að sú stjórnarstefna gagnvart sjávarútvegi, sem hér hefur verið rekin um langt skeið, hlyti að verða örlagarík og háskaleg og koma þessum mikilvæga atvinnuvegi á kaldan klakann. Við höfum lagt á það áherzlu, að einungis með því að taka upp gjörbreytt vinnubrögð og viðhorf, með því að taka upp stefnu, sem við höfum kallað markvissa framleiðslustefnu, yrði hægt að snúa hjólinu við. Við höfum sagt, að einungis með skipulegri uppbyggingu og endurnýjun allra þátta útvegsins, svo og margvíslegum stjórnvaldaráðstöfunum, sem tryggðu eftir föngum full afköst og hallalausan rekstur þessa langsamlega mikilvægasta útflutningsatvinnuvegar okkar, — einungis með slíkri heildarstefnu og slíkum samræmdum aðgerðum yrði hægt til frambúðar að efla hag og afkomu útvegsins og þar með þjóðarinnar allrar. En að því er tekur til stjórnarvalda og stuðningsliðs þeirra hér á hinu háa Alþingi, finnst mér, að við höfum talað fyrir heldur daufum eyrum. Þar hefur því miður hentistefnan og fátækleg bráðabirgðaúrræði ráðið meiru en góðu hófi gegndi, með þeim afleiðingum, sem nú blasa við.

Eins og ég sagði í upphafi þessa máls, höfum við Alþb.-menn m. a. á hverju þingi allt síðasta kjörtímabil flutt þáltill. og frv., sem fjölluðu um ráðstafanir til að hefja endurnýjun togaraflotans, þar sem nútímamöguleikar um togarasmíði og togaraútgerð væru prófaðir og hagnýttir við íslenzkar aðstæður. Af hálfu hæstv. ríkisstj. og fylgismanna hennar hér í þingsölunum hefur þessum málum lengst af verið býsna lítið sinnt. Till. okkar og frv. hafa undantekningarlaust farið til 2 umr. og n., oftast án þess, að hæstv. ráðh. eða hv. stjórnarþm. sæju ástæðu til að segja um málið aukatekið orð. Í n. hefur síðan alltaf gerzt sama sagan. Þar hafa þessi þingmál okkar um endurnýjun og bættan rekstrargrundvöll togaranna naumast fengizt tekin til umr., því síður til afgreiðslu. Þar hafa þau verið látin sofna svefninum langa. Það var loks undir þinglok á þriðja þingi síðasta kjörtímabils, sem hæstv. núv. sjútvmrh. sá ástæðu til að ræða dálítið vandamál togaraútgerðarinnar og tilraunastarfsemi í sambandi við ný skip. Hæstv. ráðh. skýrði þá frá því, að hann hefði í hyggju að gera ráðstafanir til þess, að hingað yrði tekinn á leigu um stundarsakir einn skuttogari og hann prófaður við íslenzkar aðstæður. Mér og ég held ýmsum fleirum fannst nú satt að segja, að ekki mætti fyrsta tilraunin til að endurnýja íslenzka togaraflotann lítilfjörlegri vera en þetta. En hæstv. ráðh. var þá nýr í þeim stóli, sem hann hefur setið í síðan, og mér flaug í hug, að ef til vill væri það af tillitssemi við flokksbróður hans og flokksformann, hæstv. núv. utanrrh., sem þá hafði um langt skeið farið með sjávarútvegsmálin, sem hinn nýi sjútvmrh. færi svona ákaflega stillt af stað. Annars kynnu mönnum að þykja viðbrigðin heldur snögg og áberandi um of, hvílíks tómlætis hefði gætt hjá fyrirrennaranum um alla meðferð þessara mála. Ef nú kæmi allt í einu nýr maður í ráðherrastól, hugmyndaauðugur, fullur af eldlegum áhuga og framtakssemi, teldi hann með hliðsjón af fortíðinni réttara, eins og ég sagði, að fara stillt af stað, en síga þeim mun fastar á og láta þannig margt og mikið eftir sig liggja, þegar upp væri staðið. Og vissulega hefði ég getað unnt hinum unga ráðh. þess, að um hann mætti segja í þessu efni sem öðrum, að sígandi lukka væri bezt. Það er engin hræsni, þó að ég segi, að ég hefði kosið að fá tækifæri til þess nú á þessum stað og þessari stundu að þakka hæstv. ráðh. fyrir ötula forgöngu um endurnýjun og uppbyggingu íslenzks togaraflota. En því miður verður það þakklæti að bíða, a. m. k. þangað til hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir afrekum sínum í þessu efni, mér eru þau því miður ókunn. Svo mikið er víst, að árið 1966 leið, án þess að nokkur skuttogari, keyptur eða leigður, flytti afla sinn til íslenzkra hafna.

Árið 1967 gekk í garð. Við Alþb.-menn vorum við sama heygarðshorn og áður, kröfðumst þess af meiri einbeitni en nokkru sinni, að vandamál sjávarútvegsins væru rædd og skoðuð niður í kjölinn í því skyni, að gerðar væru margvíslegar ráðstafanir til þess, að þessi undirstöðuatvinnuvegur yrði rekinn með sem mestri hagkvæmni og sem fyllstum afköstum. Þetta var síðasta þing fyrir alþingiskosningar. Og loks kom að því í marzmánuði á þessu ári, að hinir virðulegu stjórnarliðar hér á Alþingi, þeir sem þagað höfðu þó með sann, mestallt kjörtímabilið, fengu nú málið. Ekki var heldur seinna vænna, réttir 3 mánuðir til kosninga. Athyglisvert var þó, að ekki var það hæstv. ríkisstj., sem fyrst vaknaði af dvalanum, heldur tóku nú einstakir þm. úr stjórnarherbúðunum að nudda stírur úr augum. Ljóst var, að þessum hv. stjórnarþm. fannst aðgerðaleysi ríkisstj. í sjávarútvegsmálum svo yfirgengilegt orðið, að þeir fengu ekki orða bundizt lengur, eins og á stóð. Fyrst báru 3 hv. þm. úr báðum stjórnarflokkunum fram ósköp fróma till., sem þeir gáfu nafnið: „Till. til þál. um athugun á sérstökum ráðstöfunum til endurnýjunar smærri vélbáta og bættum rekstrargrundvelli fyrir þá.“ Það var sízt að ófyrirsynju, þótt hv. stjórnarþm. reyndu að ýta við ríkisstjórn sinni í sambandi við þetta mál. Fyrir um það bil ári hafði n., kjörin af Alþingi, ef ég man rétt, skilað ýtarlegu áliti um rekstrarvandamál hinna smærri fiskibáta og gert till. um margvíslegar ráðstafanir til úrbóta í sambandi við þann rekstur. Þessar till. höfðu síðan verið að þvælast fyrir hæstv. ríkisstj. og efnahagssérfræðingum hennar, án þess að þær, nema þá að mjög óverulegum hluta, hefðu komizt til framkvæmda, og ég veit ekki betur en við það sitji að mestu eða öllu leyti enn í dag. Hæstv. sjútvmrh. leiðréttir mig, ef ég fer hér ekki með rétt mál. En varðandi það atriði, hvort hér var og er þörf úrbóta, þörf sérstakra ráðstafana, leyfi ég mér að vitna til grg. þeirrar, sem fylgir fyrrgreindri þáltill. þeirra hv. stjórnarþingmanna. Sú

grg. er mjög fróðleg, og ég vil leyfa mér að lesa hér lítinn kafla hennar, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir, og er 1. mgr. þeirra orða, sem ég les, tilvitnun í 3. tölublað Ægis 1967: „Þróunin undanfarin ár hefur verið á þá leið, að eldri bátarnir af stærðinni 20—120 rúmlestir hafa verið að heltast úr lestinni, og á undanförnum 5 árum hefur fjöldi þeirra, sem strikaðir hafa verið út af skipaskrá, verið sem hér segir: Samt. 101 bátur, 5465 rúmlestir. Endurnýjun á þessari bátastærð hefur verið á þessu 5 ára tímabili 22 bátar, 1624 rúmlestir. Þetta segir sína sögu, og er því miður ástæða til að óttast, að þessi þróun haldi áfram, ef ekkert verður að gert, og hlýtur að stofna fiskvinnslunni í landinu í beina hættu, þar sem vitað er, að einmitt bátar af þessari stærð afla verulegs hluta af því hráefni, sem vinnslustöðvar víðs vegar um land fá til úrvinnslu.“ Enn fremur segir í þessari fróðlegu grg.:

„Ef litið er í Sjómannaalmanakið fyrir þetta ár, kemur í ljós, að aldur vélbáta af umræddri stærð er sem hér segir: 4 ára og yngri: 16 bátar, 5—10 ára 67 bátar, 11—15 ára 83 bátar, 16—20 ára 16 bátar, 21—25 ára 101 bátur, 26 ára og eldri 80 bátar. Samtals eru þetta 363 bátar af stærðinni 20—120 rúml., og sést af þessu, að um helmingur fiskibáta af umræddri stærð er orðinn 20 ára og eldri. Elzti báturinn á skipaskrá um s. l. áramót var frá 1878, en umbyggður 1942, en hann hefur nú á þessu ári verið tekinn úr umferð. Sýnir þetta,“ segir enn fremur, „að full ástæða er til að óttast, að sú þróun, sem verið hefur, haldi áfram, að tala þeirra báta, sem falla burt af skipaskrá, verði mun hærri en tala þeirra nýrra báta, sem við bætast. Á skipaskrá bættist aðeins einn nýr bátur af þessari stærð árið 1966, 2 bátar árið 1965, 4 árið 1964 og 9 árið 1963. Virðist af þessu mega ráða, að nær alger stöðnun sé komin í byggingu fiskibáta af umræddri stærð, þ. e. 20—120 rúml. Hljóta allir að vera sammála um, að þessa óheillaþróun verði með einhverjum ráðum að stöðva.“

Þetta var úr grg. þeirra hv. stjórnarþm., sem ég gat um áðan, og þetta var aðeins byrjunin hjá þeim hv. stjórnarþm. Það mátti, fannst mér, um þá þarna í marzmánuði s. l. segja eitthvað svipað og Alexander Kjelland leggur Worse skipstjóra í munn, þegar Worse skipstjóri lagði skútu sinni að bryggju í heimahöfn eftir langa útivist og stranga og hafði verið talinn af: „Ég kom seint, útgerðarmaður, en ég kem myndarlega.“

Það var miklu meira blóð í kúnni. Hv stjórnarliðar höfðu nú loksins fengið málið, og þótt seint væri, sáu þeir nú hvarvetna þörfina á því að efla íslenzkan skipaflota og íslenzkan sjávarútveg. Næst tróðu fram með skörulegu yfirbragði 4 hv. sjálfstæðismenn með Pétur alþm. og sjómann Sigurðsson í broddi fylkingar. Nú höfðu þessir ágætu menn komizt að þeirri niðurstöðu, að vísu nokkuð seint á kjörtímabili, að eitthvað þyrfti að gera fyrir togaraútgerðina. Og till. þeirra hljóðaði um endurbyggingu togaraflotans o. fl. Hún var vel rökstudd, eins og vænta mátti, enda var þar hægt um vik, því að við Alþb.-menn höfðum fært fram margvíslegar röksemdir um nauðsyn slíkrar endurbyggingar þing eftir þing. Og nú var skammt stórra högga milli. Í kjölfar þessarar till. fluttu svo 8 hv. Sjálfstfl.-menn í Nd. frv. til l. um fiskimálaráð, mikinn og myndarlegan lagabálk Þetta ráð skyldi hvorki meira né minna en móta heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegs og í markaðsmálum.

Í ýtarlegri og fróðlegri grg., sem þessu myndarlega frv. fylgdi, voru færð ljós rök að því, að engin heildarstefna í þessum mikilvægu málum sé nú til, þar hafi skipulagsleysið og happa- og glappastefnan ráðið allt of miklu og úr þessu verði nú tafarlaust að bæta.

Meðan þessum till. og frv. þeirra hv. stjórnarþm. rigndi niður, jafnframt því sem almennar umr. urðu hér á þingi um ástand sjávarútvegsmála yfirleitt, fór hæstv. ríkisstj. meira að segja að rumska. Undir umr. hér í þessari d. hinn 10. marz s.l. gaf hæstv. sjútvmrh. svofellda yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér þykir rétt,“ sagði ráðh., „að nota þetta tækifæri, sem hér gefst, til að lýsa því yfir, að til athugunar er nú hjá ríkisstj., með hvaða hætti bezt verði greitt fyrir kaupum á 3—4 togveiðiskipum af skuttogaragerð. Áætlað er, að skip þessi verði af mismunandi gerðum og stærðum, þannig að sem raunhæfastur grundvöllur fáist undir framtíðarskipan þessara mála varðandi endurnýjun togaraflotans.“

Svo mörg voru þau orð. Skömmu síðar var frá því skýrt, að ráðh. hefði skipað sérstaka n. til að hafa þessa athugun með höndum og gera till. um, hvernig bezt verði að þessum málum öllum staðið. Fyrir kosningarnar í vor var því síðan slegið upp í stjórnarblöðunum, ekki sízt í málgagni hæstv. sjútvmrh., að stjórnin sæti nú ekki aldeilis auðum höndum að því er tæki til endurnýjunar togaraflotans. Þá var óspart vitnað í fyrrgreinda yfirlýsingu og nefndarskipun þessu til sönnunar.

Síðan hæstv. ráðh. mælti hin tilvitnuðu orð hér úr þessum ræðustól, eru nú liðnir 8 mánuðir og þó nokkrum dögum betur Kosningar eru um garð gengnar fyrir 5 mánuðum. Hæstv. ráðh. situr hér enn þá í sama stól og hann sat í fyrir kosningar, og hann á það e. t. v. í og með að þakka fyrirheiti sínu um endurnýjun togaraflotans. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hvað hefur verið gert í þessum málum undanfarna 8 mánuði? Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar, og hvers er að vænta á næstunni? Um þetta hefur ekkert heyrzt mér vitanlega nú um langan tíma. Ég ætla að spara mér öll stór orð um það, a. m. k. þangað til ég hef heyrt svör hæstv. ráðh. við þessum spurningum mínum. En varðandi till. þær og frv. um vandamál sjávarútvegsins margvísleg, sem hv. stjórnarþm. fluttu undir lok síðasta þings, finnst mér nú alveg tími til þess kominn að fara að lýsa eftir þeim að nýju eða svipuðum frv. Ekkert þeirra mála fékk endanlega afgreiðslu þá, ef ég man rétt. Ég trúi því naumast, að hinn síðborni, en mikli áhugi, sem lýsti sér í öllum þeim málatilbúnaði, sem ég var að lýsa, sé nú rokinn út í veður og vind. Eða finnst flm. þessara mála hagur útvegsins hafa vænkazt svo hina síðustu mánuði, að óþarfi sé þar um að bæta, að þessi mál séu þar fyrir orðin úrelt? Varla getur það verið. Ég vona, að þessi auglýsing mín eftir sjávarútvegsmálatill. hv. stjórnarþm. komist til skila, enda þótt játa

beri, að allir þessir áhugamenn áttu á þinginu í fyrra sæti í Nd., hvernig sem á því stóð. Einn flm. tveggja þessara mála er nú kominn hingað til okkar í þessa hv. d., það er sjálfur hæstv. forseti d. Vona ég, að hann geri nú annað tveggja, hnippi í meðflm. sína frá síðasta þingi eða leggi málið fram sjálfur og þá með þeim áhugamönnum, sem hann vill þar til kveðja.

Satt að segja er ferill hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarþm. slíkur í þessum málum sjávarútvegsins öllum nú um mörg undanfarin ár, að ég held, að þeir megi illa við því að láta sannast, að hin snöggvakti áhugi þeirra í marzmánuði s.l. hafi verið kosningavindur einber og ekkert annað.

Það frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir því, að fyrir forgöngu ríkisins verði keyptir allt að 6 nýir eða nýlegir skuttogarar, a. m. k. af tveim stærðum og gerðum, e. t. v. fleiri, ef ástæða þætti til, svo að sem fyrst fáist nauðsynleg reynsla til að styðjast við og byggja á frekari endurnýjun íslenzks togaraflota. Eftir að slík reynsla væri fengin og hefði gefið jákvæðan árangur, teljum við flm. liggja fyrir að gera nokkurra ára áætlun um endurnýjun togaraflotans, þannig að honum bætist t. d. 4—6 skip hið minnsta á ári. Gerð þessa frv. okkar er sniðin eftir þeirri löggjöf, sem á sínum tíma var sett um kaup nýsköpunartogaranna svonefndu. Ríkið keypti skipin, tók lán til kaupanna að verulegu leyti erlendis. Síðan tóku hinir einstöku kaupendur skipanna við lánum. Sami háttur yrði hafður á nú.

Þar sem hér verður í upphafi um tilraunastarfsemi að ræða, a. m. k öðrum þræði, tilraunastarfsemi, sem á að geta orðið þýðingarmikil fyrir frekari endurnýjun flotans, kemur vissulega til greina, að hið opinbera styrki slíka tilraunagerð í byrjun með einhverjum þeim hætti, sem sanngjarn og eðlilegur má teljast. Við höfum þó ekki séð ástæðu til að setja ákvæði um slíkan fjárstuðning inn í þetta frv., enda er það engan veginn víst, að til beinna styrkveitinga þurfi að koma umfram það, sem felst í sem hagkvæmustum lánum til skipakaupanna og ríkisábyrgð fyrir þeim lánum. Sýni reynslan hins vegar, að frekari fyrirgreiðslu sé þörf, meðan um tilraunastarfsemi er að ræða, teljum við flm. ástæðu til, að það mál verði athugað sérstaklega.

Það er vissulega mál til þess komið að hefjast nú handa um útgerð skuttogara frá íslenzkum höfnum. Þótt rekstur gamalla og að mörgu leyti úreltra togara gangi erfiðlega, megum við ekki láta það draga úr okkur kjark og koma í veg fyrir, að prófað sé, ég vil segja þrautreynt sé hér við okkar aðstæður, hvernig tekst til um útgerð nýtízkutogara. Útgerð fiskibáta gengur einnig erfiðlega nú, og vafalaust þarf að gera ýmsar ráðstafanir til að bæta rekstrargrundvöll íslenzkra fiskiskipa yfirleitt. Það efa ég ekki. En ef við erum þeirrar skoðunar, og ég er það alveg hiklaust, að mörg þau fiskimið, sem við Íslendingar höfum hagnýtt með árangri um langan aldur, verði ekki nytjuð til neinnar hlítar nema með togaraflota, ber okkur að starfa samkv. því. Og ef við erum þeirrar skoðunar, sem ég tel einnig rétta, að botnvörpuveiðar séu í ýmsum tilvikum hagfelldasta veiðiaðferðin, eiga togskip fullan rétt á sér. Sé það sannfæring okkar, og um það er ég fullviss fyrir mitt leyti, að hentugir skuttogarar, sem færir eru um að flytja góðan og óskemmdan fisk að landi, séu öðrum skipum líklegri til mikillar hráefnisöflunar fyrir stór og vel búin hraðfrystihús framtíðarinnar, er það ekkert áhorfsmál, að þessa tegund útgerðar ber okkur að prófa og efla, ef hún reynist eins og vonir standa til.

Máli mínu til stuðnings hvað þetta snertir vil ég nú vitna í ummæli nokkurra skipstjóra og útgerðarmanna, sem allir hafa á undanförnum missirum lagt áherzlu á nauðsyn þess, að togaraflotinn verði endurnýjaður. Þessi ummæli sýna, að menn, sem hafa til að bera þekkingu á þessum málum og sumir hverjir a. m. k. hafa kostað kapps um að kynna sér nútímatogskip með öðrum þjóðum, telja, að slík skip eigi brýnt erindi hingað, og þeir eru fúsir til að prófa skuttogara og hagnýta þá hér, ef þeim gefst tækifæri til.

Fyrst vil ég leiða hér sem vitni hinn mikla og kunna aflamann, Halldór Halldórsson skipstjóra á togaranum Maí frá Hafnarfirði. Hann sagði s. l. vor í blaðaviðtali, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er jafnbjartsýnn á togaraútgerð og þegar ég byrjaði til sjós og allt gekk vel fyrir togurunum. Það er nóg af fiski í sjónum, og við þurfum ekki að hætta við togarana vegna þess, að ekki aflist. En við verðum að fylgjast vel með öllum nýjungum og megum ekki dragast aftur úr, eins og við höfum gert að undanförnu. Við erum ekki einungis að dragast aftur úr við útbúnað skipanna, heldur er líka sú hætta fyrir hendi, að við stöndum uppi vankunnandi í öllum vinnubrögðum um borð í nýtízku togara. Okkur er lífsnauðsyn að búa betur að togaraútgerðinni á öllum sviðum.“ Og Halldór Halldórsson heldur áfram: „Má þar benda á, að óhæfa er, að hver togari þurfi í rauninni að vera leitarskip í hverjum túr. Á þessu sviði er ekkert gert fyrir togarana, þótt reynsla sé fyrir því, að í þau fáu skipti, sem skip hafa verið gerð út gagngert til leitar, hefur árangurinn ekki brugðizt.“

Annar í hópi fremstu og reyndustu togaraskipstjóra okkar, Auðunn Auðunsson, kemst svo að orði í viðtali í sjómannablaðinu Víkingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Satt að segja ber ég mjög mikinn kvíðboga fyrir framtíðinni, ef ekki verður fljótlega söðlað um og togaraútgerð endurreist og rekin jafnhliða bátaútgerð. Ég tel fráleitt að gefa úthafið og bolfisksvæðin fyrir norðan og austan og reyndar allt í kringum landið algerlega í hendur útlendinga, sem veiða þar með allgóðum árangri djúpt og grunnt. T. d. má segja, að á miðunum fyrir norðan Ísland séu Englendingar allsráðandi.“

Síðar í viðtalinu segir Auðunn skipstjóri:

„Við verðum að fá okkur ný skip og þá af skuttogaragerð með mikilli sjálfvirkni. Við þurfum tvenns konar togara, eina gerð 500 tonna, sem veiða sérstaklega á heimamiðum fyrir Norður- og Austurlandi, og aðra gerð 1500—2000 tonna fyrir fjarlæg mið og djúpmiðin. Ef við íhugum erfiðleikana í atvinnumálum Norðurlands,“ heldur Auðunn skipstjóri áfram, „sjáum við, að 10 skuttogarar, 500 tonna skip, mundu áreiðanlega bæta þar mikið úr. Ég hef þá í huga að láta skip þessi stunda veiðar á fiskimiðunum fyrir Norður-

landi. Þar er oftast sæmilegur afli frá því í marz og fram í ágúst eða september, og fiska Englendingar á þessum slóðum með góðum árangri, enda eru þeir að heita má einir um hituna þar. Þá er þarna talsverður kafli, sem ekki verður nýttur öðruvísi en af frystihúsunum. Einnig mætti láta skipin veiða fyrir Suður- og Austurlandi, þegar fiskur héldi sig þar. Auk þess gætu svona skip vel farið til Grænlands á vissum árstíma.“ Og þessi kunni togaraskipstjóri heldur áfram: „Úthafsveiðar megum við alls ekki leggja niður. Ísland liggur svo miðsvæðis við fiskimiðum norðurhvels, að við ættum að eiga mesta möguleika af öllum þjóðum til þess að láta þær veiðar bera sig. En við komumst ekki hjá að endurnýja skipaflotann til þess að stunda þær veiðar. Við verðum að fá 1500—2000 tonna skuttogara með fyllstu sjálfvirkni. Frysting með allt að 70 tonna afköstum á sólarhring yrði að vera í skipunum, svo að hægt yrði að taka við aflahrotum, sem oft koma á Grænlands- og Nýfundnalandsmiðum. Aðeins yrði tekið innan úr fiskinum og hann síðan heilfrystur með haus og úrgangurinn unninn. Skipin þyrftu að hafa frystilest, sem tæki a. m. k. 500 tonn af fiski. Meiri fiskur gæti geymzt á sama hátt og nú tíðkast, ca. 200 tonn ísfiskur, þar eð fremur stutt yrði, þar til honum yrði landað. Á þessum skipum þurfa hásetarnir að vera undir þiljum við vinnu sína vegna frostanna. Skipin þurfa líka að vera þetta stór til að geta mætt þeim veðrum, sem oft geisa á þessum slóðum. Þá gefur fiskurinn á Nýfundnalands- og Grænlandsmiðum sig mest til í brælum. Hann leggst þá á botninn, t. d. karfinn, og verður þá að vera hægt að ná honum. Útlendingar stunda þessar veiðar á stórum skipum allt árið með góðum árangri. Þetta þurfum við líka að gera og fara með aflann beint til frystihúsanna, sem vantar tilfinnanlega hráefni.“

Næstan vil ég leiða hér til vitnis Guðmund Jörundsson skipstjóra og útgerðarmann. Í fróðlegu útvarpserindi, sem hann flutti í fyrravetur og síðar birtist í tímaritinu Frosti, kemst hann m. a. að orði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir nokkrum árum hófu Bretar og Þjóðverjar tilraunir með skuttogara, sem búnir voru hraðfrystitækjum, ýmist til frystingar á fiskiflökum eða heilum fiski Við það vannst einkum tvennt. Menn losnuðu við alla skemmdahættu og þurftu ekki að láta skipin sigla að landi með mjög litla farma. Óhætt er að fullyrða, að árangur þessara tilrauna hafi orðið mjög jákvæður, enda er nú svo komið, að öll þau togarafélög, bæði í Bretlandi og Þýzkalandi, sem láta smíða stóra togara, láta smíða þá sem hraðfrystiskip eingöngu. Eðlilegt mætti telja, að við Íslendingar færðum okkur í nyt reynslu stórþjóðanna í þessum efnum og létum smíða skip af svipaðri gerð, en þó nokkru minni fyrir framtíðarrekstur okkar. Sérstaklega yrði að hafa í huga að gera skipin þannig úr garði, að þau hæfðu sem bezt veiðum fyrir innlendan markað. Á ég þar einkum við náin tengsl og viðmiðun við stóru hraðfrystihúsin, sem nú eru naumast starfhæf vegna hráefnaskorts. Sú tegund togara, sem ég tel, að nú muni hæfa bezt íslenzkum aðstæðum, er í aðaldráttum sem hér segir: Skuttogarar 1000—1200 lestir að stærð búnir hraðfrystitækjum fyrir frystingu á hvers konar heilum fiski og afköstuðu þeir á að gizka 35 lestum á sólarhring.“ Síðan lýsir Guðmundur Jörundsson þessari gerð togara nánar, en ég mun ekki fara út í það. Að því búnu víkur hann að annarri tegund togskipa, sem hann telur einnig, að geti átt framtíð hér. Hann segir: „Þá kem ég að annarri gerð togara, sem mjög kæmi til greina, að smíðaðir yrðu. Ættu þeir að geyma aflann ísvarinn og landa honum síðan til vinnslu í hraðfrystihús. Álít ég, að þar komi helzt til greina skuttogarar 500 brúttólestir að stærð með 1000—1200 hestafla aðalvélum búnir hvers konar sjálfvirkni. Lestar skipsins séu sérstaklega við það miðaðar að geta haft allan farm þess í alúmíníumkössum og væru þeir fluttir í frystihúsin að lokinni hverri veiðiferð, en aðrir teknir þar í staðinn. Venjulega mundi sparast bæði tími og kostnaður við löndun fisks á þennan veg, að því ógleymdu, að þar yrði um gæðavöru að ræða. Jafnframt skapaðist möguleiki fyrir frystihúsin til að geyma kassafiskinn óskemmdan í kæliklefum 1—2 daga, ef á lægi.“

Það eru mörg fleiri athyglisverð atriði í þessari grein Guðmundar Jörundssonar. Hann bendir á þá miklu breytingu, sem yrði, ef verulegt magn af heilfrystum fiski yrði að miklu eða verulegu leyti undirstaða að rekstri hraðfrystihúsanna. Með þeim hætti mundu skapast möguleikar til fastrar, daglegrar vinnslu, þar sem 1. flokks hráefni væri jafnan eða a. m. k. dögum og jafnvel vikum saman tiltækt. Þá væri hægt í þessum húsum að miða vinnu við hóflegan vinnudag í stað þess, sem nú tíðkast, að oft verður að vinna eftir- og næturvinnu, þegar aflinn berst, en síðan koma langar eyður, þegar ekkert er að gera fyrir starfsfólkið og vélar eru stöðvaðar.

Þá vil ég að lokum vitna til greinar eftir Pál Guðmundsson skipstjóra, sem birtist í vor í sjómannablaðinu Víkingi. Hann ræðir þar um hættuna, sem því er samfara að byggja stöðugt fleiri og fleiri skip, sem eru miðuð við síldveiðar eingöngu. Páll telur, að hægt sé með því að byggja um það bil 500 tonna skuttogara að sameina alla helztu kosti togskips og síldveiðiskips. Hann bendir á ákveðin dæmi þessu til sönnunar og segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég læt fylgja þessu spjalli mynd af rúmlega 500 tonna tvíþilja togara, sem reynzt hefur vel sem togskip. Búið er að smíða 8 skip af þessari gerð. Ég hef látið mér detta í hug, að slík skip henti okkur vel. Þetta er skuttogari, sem jafnframt væri fullkomið síldveiðiskip. Þá skal þess getið,“ segir Páll enn fremur, „að Norðmenn eiga tveggja þilja skip heldur stærra en þetta, sem gert hefur verið út á línuveiðar nú á annað ár og reynzt mjög vel. Í sumar kom það með óhemjuafla af Grænlandsmiðum, og aflaðist hann á 400 faðma dýpi. Í viðtali, sem norska blaðið Fiskaren átti við útgerðarmann og skipstjóra skipsins, kemur margt fram, og eru þeir bjartsýnir um útgerð þess. Um meðferð aflans á svona skipi hef ég látið mér detta í hug, að athyglisverð væri aðferð, sem notuð er hjá Bandaríkjamönnum við heilfrystingu á túnfiski og smærri fisktegundum. Það er nýjung í pækilfrystingu í þar til gerðum

tönkum, sem hafðir eru á þilfari. Ef þessi aðferð eða önnur svipuð hentar okkur, mætti einnig heilfrysta talsvert af síld, ef verið er á síldveiðum, en á bolfiskveiðum yrði allur fiskur heilfrystur á þennan hátt, jafnvel án þess að vera aðgerður. Þegar þessum afla er landað, er hann settur í frystiklefa verkunarstöðvarinnar og þaðan er hann sendur óunninn eða þiddur með þar til gerðri aðferð, eftir því sem viðkomandi vinnslustöð afkastar hverju sinni. Á svona skip þarf fámenna skipshöfn. Úthaldstími skipsins er ekki eins takmarkaður eins og þegar afli er ísaður. Hjá vinnslustöðvum ætti að hverfa að mestu nætur- og helgidagavinna, en nýting hverrar vinnslustöðvar ætti að geta aukizt, en það gæti þýtt hækkað hráefnisverð til útgerðar og skipshafnar."

Ég mun nú láta þessum lestri lokið, þótt margt fleira sé athyglisvert í þeim greinum og viðtölum, sem ég hef vitnað hér til.

Að síðustu vil ég leggja á það áherzlu, að endurnýjun togaraflotans er stórmál, sem þolir ekki lengur neina bið. Við höfum raunar beðið allt of lengi með að hefjast handa um slíka endurnýjun. Sú bið hefur áreiðanlega orðið okkur til skaða, og hún er fyrir löngu orðin nokkuð til vansa. Áhugi framsækinna útgerðarmanna og skipstjóra er þegar fyrir hendi í sambandi við slíka endurnýjun togaraflotans. Hér eru til aðilar, sem vilja glíma við það verkefni að gera út nútíma skuttogara, ef þeim verður gert fjárhagslega kleift að eignast slík skip. Alþ. og ríkisstj. á að koma til móts við þessa aðila. Að því ber tvímælalaust að stefna, og það má verja til þess verulegum fjármunum, ef þörf er á, og það er það vafalaust. Að því ber tvímælalaust að stefna, að togaraútgerð geti á ný orðið gildur þáttur í íslenzku atvinnulífi.

Herra forseti. Ég óska þess, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Ed., 14. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hér er á ferðinni stórt og merkilegt mál að mínum dómi. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við þá hugmynd, sem í frv. þessu felst.

En sú hugmynd, sem þar er um að ræða, er um það, að ríkisstj. er heimilað að festa kaup á eða láta smíða nú þegar allt að 6 skuttogara af tveim mismunandi gerðum og selja þá síðan bæjarfélögum, félögum eða einstaklingum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér mörgum orðum um erfiðleika togaraútgerðarinnar. Það efni var skilmerkilega rakið í ræðu hv. 1. flm. þessa frv., hv. 5. þm. Reykn., og á síðastliðnu ári skilaði stjórnskipuð n. áliti um þetta sama efni, sem útbýtt var til þm., en í þeirri n. áttu sæti, að ég ætla, einir 8 menn gerkunnugir þessum málum öllum, og niðurstaða þeirra var á þá lund, ef ég man rétt, að eins og sakir stæðu þá, yrði að reikna með árlegu tapi á olíukyntum nýsköpunartogara, er næmi um það bil 5—6 millj. kr.

Nú er það rétt, að á þessu ári hafa aflabrögð togara verið allmiklu betri en áður fyrr. En eigi að síður mun það óvefengjanleg staðreynd, að togarar eru enn gerðir út með miklu tapi og eiga við mikla fjárhagslega erfiðleika og greiðsluerfiðleika að etja, enda var það tekið fram í þessu áliti togaranefndarinnar, ef ég man rétt, að aflamagn, þótt það breyttist, mundi ekki geta breytt því, að rekstur þessara togara, sem þarna var um að ræða, breyttist í viðunandi horf. Það þarf því áreiðanlega ekki að eyða mörgum orðum að því að rökstyðja það, að togarar hafi átt við mikla fjárhagslega örðugleika að etja og séu þrátt fyrir batnandi aflabrögð nú allra síðast reknir með miklu tapi. Það ætla ég að öllum hv. þdm. sé ljóst og um það verði út af fyrir sig ekki deilt. Það er auðvitað svo, að það liggja margvíslegar ástæður til þess, að svo er komið fyrir togurunum og svo hefur gengið hjá þeim, eins og rakið er í grg. þeirri, sem þessu frv. fylgir, og rakið var á sínum tíma í áliti togaranefndarinnar, og sé ég ekki ástæðu til að fara út í það, en vil aðeins undirstrika þá staðreynd, sem fyrir liggur og talar skýrustu máli í þessu efni, að á síðustu árum hefur togurum, sem út eru gerðir, fækkað um það bil um helming eða rúmlega það, og munu nú ekki vera gerðir út nema um eða jafnvel innan við 20 togarar. Sú staðreynd segir sína sögu.

Ég ætla ekki hér í þeim fáu orðum, sem ég segi, að fara út í að rekja það, sem öllum er kunnugt, hver áhrif togaraútgerðin á sínum tíma hafði á íslenzkan þjóðarhag og hver lyftistöng hún varð framförum í þessu landi. Auðvitað má ekki einblína út af fyrir sig á það, heldur verður að skoða þetta mál eins og það horfir við á hverjum tíma. Ég tel, að þrátt fyrir ýmsar breytingar, sem orðið hafa, höfum við ekki efni á því að hverfa frá togaraútgerð eða láta togarana ganga úr sér með þeim hætti, er átt hefur sér stað á undanförnum árum. Ég held, að það verði að leita allra tiltækra ráða til þess að bæta aðstöðu þessarar atvinnugreinar, og þá er einmitt hér bent á það ráð, sem næst virðist liggja, þ. e. a. s. að endurnýja skipin með þeim hætti að efna til tilrauna á því sviði að fá togara búna öðrum og betri tækjum en þessir togarar okkar eru, sem margir hverjir eru orðnir gamlir, vegna þess að þróunin í endurnýjun togaraflotans hefur langt frá því verið með þeim æskilega hætti. Við munum það, að á árunum 1947—1951 átti sér stað mikil stökkbreyting í þessum efnum. Á því stutta tímabili voru keyptir inn 43 togarar, en síðan má segja, að gengið hafi mjög hægt með endurnýjun þessa togaraflota, þannig að á næsta áratug var lítið eða ekkert keypt af togurum. Eftir það hafa að vísu nokkrir togarar bætzt í hópinn, en samt sem áður er niðurstaðan þessi, að togaraflotinn er ekki meiri en áður var minnzt á. Þess hefur þess vegna ekki verið gætt sem skyldi að endurnýja þessi skip reglulega og smám saman og fylgjast með framþróuninni í þessum efnum, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og ýmsar aðrar veiðiþjóðir hafa upp tekið. Hér á þarf að verða breyting að mínum dómi, og með þessu frv., sem hér er um að tefla, gæti verið stigið fyrsta skrefið í þá átt að koma í kring nauðsynlegri breytingu í þessum efnum. Þess vegna vil ég styðja það heils hugar.

Ég held, að það sé rétt stefna, sem þarna er

bent á, að láta þessa togara af hendi eða selja þá þeim aðilum, sem áhuga hafa á útgerð þeirra og þörf hafa fyrir útgerð þeirra, hvort sem það eru sveitarfélög, einstaklingar eða útgerðarfélög önnur. Mér er um það kunnugt, að fyrir þessu er áhugi. Það er sagt frá því í þessari grg., að vandræði hinna stærri frystihúsa muni ekki verða leyst og ekki bætt úr þeirra hráefnaskorti, nema til komi togaraafli. Það er vafalaust rétt. En mér er það jafnvel kunnugt, að um minni frystihús getur verið að ræða, þar sem svo stendur á, að menn sjá ekki fram á, að úr hráefnaskorti þeirra verði bætt eða hráefni verði þeim örugglega tryggt, nema upp á sé að hlaupa skip, sem geti sótt lengra á miðin en nú er hægt með minni bátum. Þar á ég sérstaklega við það landssvæði, þar sem ég er kunnugastur, Norðurland vestra. Þar hagar einmitt svo til, að þar hefur í kaupstöðum og kauptúnum verið komið upp frystihúsum, og þau frystihús eru nauðsynleg undirstaða undir atvinnulífi á þessum stöðum. En á allra síðustu árum hefur reynzt ákaflega erfitt að fá hráefni til þessara frystihúsa af þeim sökum, sem alkunnar eru, að fiskur hefur lagzt frá landi og hann þarf að sækja langar leiðir, en það er ekki á færi þeirra smáu báta, sem eru á þessum stöðum. Þess vegna er þarna einmitt mikill áhugi á því að eignast stærri skip, togara, og menn sjá ekki önnur tiltækari ráð til þess að bæta úr atvinnuástandi á þessum stöðum, sem því miður hefur verið mjög áfátt að undanförnu, heldur en að halda áfram að byggja upp þennan iðnað, nýta þau tæki, sem þegar eru fyrir á staðnum, frystihúsin, í stað þess að láta þau standa óvirk og ónýtt og láta þau þar með ganga smám saman úr sér. Ég efast ekki um það, að aðilar, t. d. á þessum stað eða stöðum, því að ég tel eðlilegt, að þegar um slík stærri skip er að tefla, sameinuðust fleiri staðir af þessu tagi um slík skip, vegna þess að þau gætu verið, ef til vill, óþarflega stór fyrir einn stað, og ég hygg, að það sé að vakna áhugi á því, að fleiri en einn staður getur staðið að slíku skipi, — ég efast ekki um, að það mundi verða mikill áhugi fyrir því á þessum stöðum að fá að taka á móti einum af þessum reynslutogurum.

Það vill nú einmitt svo vel til, að það liggur fyrir, að það hefur verið mikill áhugi á þessum stöðum, t. d. á Sauðárkróki, þar hafa þeir verið að reyna að eignast skip af þessari gerð eða í þá áttina, og á s. l. vetri eða vori var í það gengið að koma þar á fót útgerðarfélagi, sem ætlað var það hlutverk að eignast slíkan togara. Það var leitað eftir tilboðum, og þeir fengu tilboð um togara frá Noregi, sem að vísu var ekki alveg nýr, heldur eins árs gamall, og þeir ákváðu að reyna að brjótast í því af vanefnum að eignast þetta skip. Það var leitað til ráðamanna hér um fyrirgreiðslu og aðstoð, m. a. til sjútvmrh., sem tók þessu máli mjög vel og sýndi því mikinn velvilja og stuðning og greiddi fyrir því, eftir því sem hans geta leyfði. En það voru ýmis ljón á þessari braut. Fyrst var nú það, að um þurfti að sækja atvinnujöfnunarfé eða til atvinnujöfnunarsjóðs. Það fékkst fyrirheit um það, að ekki mundi standa á fyrirgreiðslu þar, en sá böggull fylgdi, að safna þurfti hlutafé heima í héraði upp á 2½ millj. Það þótti mönnum að vísu nokkuð mikið, vegna þess að fjárhagur manna stendur þarna yfirleitt ekki með miklum blóma. Samt var í það gengið af miklum röskleik að safna þessu hlutafé, og það tókst. Þá var komið suður og haldið, að nú lægju allar leiðir opnar, en þá sýndi það sig, að það voru í vegi ýmsar ófyrirsjáanlegar hindranir, m. a. það og það, sem fyrst og fremst réð úrslitum, að það þótti ekki vera fyrir hendi heimild til þess hjá fiskveiðasjóði að lána út á slíkt skip sem þetta, þar sem það væri gamalt. Ekki efa ég það, að á þá lund hljóði reglur fiskveiðasjóðs, þó að einhvern tíma kunni að hafa verið gerð undanteknin þar frá. Þegar sú fyrirgreiðsla fékkst ekki hjá fiskveiðasjóði, sem reiknað hafði verið með, þá voru í rauninni allar bjargir bannaðar. En þá var náttúrlega gengið á fund stórbankanna hér í Reykjavík og rætt við bankastjórana. Þeir tóku málefninu elskulega, eins og þeirra var von og vísa, voru allir af vilja gerðir, a. m. k. í orði kveðnu, en fyrir þeim voru að flækjast ýmiss konar reglur, sem þeir þrátt fyrir góðan vilja komust ekki fram hjá, svo að þessir menn, sem höfðu hug á þessu þarna norður frá, að ráðast í þetta stórvirki, urðu að hverfa bónleiðir til búðar og sjálfsagt eitthvað fátækari af vonum og bjartsýni en áður fyrr, en reynslunni ríkari.

En þetta er nú útúrdúr. Ég skal ekki hafa hann lengri, þó að þessa sögu mætti rekja miklu ýtarlegar. En hún sýnir og undirstrikar þá þörf, sem fyrir hendi er í þessu efni, og þess vegna m. a. vil ég eindregið mæla með því, að þetta frv. sé samþykkt, þó að mér sé ljóst, að það er ekki út af fyrir sig nema fyrsta sporið, sem þarf að stíga á þessari braut. En fyrsta sporið er mikils virði.

Ég skal að vísu játa, að það má vel vera, að sveitarfélögum, t. d. eins og þeim, sem ég áðan nefndi, yrði ofviða að fást við útgerð sem þessa. En þá vil ég segja það, að samt sem áður hvílir það á almannavaldinu að leysa vandræði þessara staða, og ég verð að segja það, að ég álít, að það sé alveg tímabært að taka það til athugunar, hvort ríkissjóður eigi ekki beinlínis að gera út togskip eins og þessi til þess að afla hráefnis til þessara staða. Ég hygg, að það geti verið eins skynsamleg ráðstöfun og t. d. að þurfa að greiða stórar fúlgur í atvinnuleysisstyrki til þessara staða. Ég hygg, að það geti verið fyllilega réttmætt að reyna að leysa vandræði ýmissa sjávarplássa, sem búa við hráefnisskort, með þeim hætti að stofna þar beinlínis til ríkisútgerðar togara. Á þetta bendi ég, þó að í þessu frv. sé gert ráð fyrir því, að ríkissjóður selji þessa togara, sem þar er um fjallað.

Ég held, að það sé alveg rétt, sem í þessu frv. segir, að það megi ekki fyrir koma, að togaraútgerð leggist alveg niður. Ég held, að það væri vá fyrir dyrum, ef slík framvinda ætti sér stað, svo mikill þáttur og svo mikil undirstaða er hráefnisöflun þessara stóru skipa í rekstri ýmissa vinnslustöðva. Og það er sjálfsagt rétt, alveg laukrétt, sem í grg. með þessu frv. segir, að bátarnir geta ekki leyst togarana af hólmi í þessum efnum. Endurnýjun togaraflotans þarf þess vegna að eiga sér stað, og það er sjálfsagt og eðlilegt, að ríkisvaldið og ríkið hafi þar forgöngu.

En um leið og hugsað er til togaranna með

þessum hætti og viðurkennd þessi staðreynd, sem ég drap á, þá má vitaskuld ekki gleyma þörfum bátaflotans. Það má ekki gleyma því, að þar er þörf líka á endurnýjun og á nýsmíði báta af tilteknum stærðum. Bátaflotinn, sem við þorskfiskveiðar hefur fengizt, hefur úr sér gengið á umliðnum árum, þar sem flest skipakaup hafa verið miðuð við síldveiðar að undanförnu. Það er að mínum dómi mikil þörf á því að hefja nýsmíði báta, sem fást við þorskfiskveiðar, og að því þarf auðvitað að vinna, að sú nýsmíði eigi sér stað hér innanlands, þar sem skipasmíðastöðvum hefur verið komið á fót, en skortir hins vegar verkefni og eiga af þeim sökum við vandkvæði að búa, a. m. k. í bili. Þetta er annað mál, en ég minni á það í leiðinni, að það má vitaskuld ekki gleyma því. Það er líka mjög mikið nauðsynjamál. Og þó að það sé unnið af fullri festu að endurnýjun togaraflotans og það þurfi að gera, þá má hitt verkefnið ekki verða útundan, og vitaskuld þarf að kanna þar ýmsar leiðir og athuga t. d., hvaða bátastærð henti bezt og hvernig greitt verði fyrir skipasmíðastöðvunum bezt til þess að annast smíði þvílíkra skipa. Þess vegna sé ég það mér til ánægju, að tveir hv. þm. hafa einmitt borið fram þáltill., þar sem gert er ráð fyrir, að fari fram athugun á því, hvernig hægt sé að staðla tilteknar, ákveðnar stærðir og hvernig hægt sé að greiða fyrir smíði þeirra hér innanlands.

Herra forseti. Ég skal nú ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vildi aðeins þegar á þessu stigi taka fram minn stuðning við þetta frv. eða þá hugsun, sem í því felst. Vitaskuld fer það til athugunar í nefnd, og sjálfsagt er hugsanlegt, að þar geti komið fram einhverjar nýjar hugmyndir í sambandi við það, það geti tekið einhverjum breytingum, en við meginstefnu þess vil ég lýsa fullu og eindregnu fylgi.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af beinum fyrirspurnum, sem hv. 1. flm. þessa frv. beindi til mín í umr. í gær. Mér gafst þá ekki vegna annarra starfa tími til þess að svara honum, en vil nota tækifærið til þess nú og skal þá í upphafi taka það fram, að ég mun leiða hjá mér þau svigurmæli, sem fram komu í ræðu hans til þess að gera lítið úr þeim tilraunum, sem uppi hafa verið hafðar til úrbóta á því vandamáli, sem ætlað er að leysa með því frv., sem hér er flutt. Ég tel, að það bæti hvorki hag íslenzkrar togaraútgerðar né losi um þann hnút, sem þar hefur verið á löngu árabili að hnýtast, þó að farið væri að elta ólar við einstök þau atriði í ræðu þm., sem undir léttari tón áttu að heyra, — það muni ekki bæta neitt um þann vanda, sem hér er við að etja.

Þm. sagði, að nánast ekkert af opinberri hálfu hefði verið gert til styrktar togaraútgerð hér á undanförnum árum, annað en kjósa nefndir ofan á nefndir, eins og hann mun hafa efnislega orðað það, þar við sæti. Ég vil í fyrsta lagi taka fram, að það er rétt hjá honum, að tvær eða þrjár slíkar nefndir hafa verið kosnar og hafa efnislega komizt að sömu niðurstöðu um þá erfiðleika, sem þar er við að etja, og gert hliðstæðar till. til úrbóta. Þær hafa einkum verið fólgnar í þrennu, þessar till.: Í fyrsta lagi auknum opinberum fjárhagslegum styrk, í öðru lagi rýmkun veiðisvæðanna og í þriðja lagi, að breytt verði gildandi lögum um skipun áhafna þessara skipa, þ. e. a. s. að fækkað yrði mannskap á togurunum til þess að bæta rekstrarafkomu þeirra.

Varðandi fyrsta liðinn, þá hygg ég, að því verði ekki á móti mælt, að undanfarnar ríkisstjórnir hafa hækkað allverulega fjárframlög til styrktar togaraútgerðinni. Um hin tvö atriðin hefur orðið að leita fylgis bæði innan Alþ. og utan við breytingu lagaákvæða og reglugerða þar um. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvaða andstöðu það hefur mætt að rýmka veiðiheimildir togaranna innan núverandi fiskveiðilögsögu. Ég minnist þess ekki, að hv. þm., frsm. þessa máls, hafi sérstaklega örvað til þess eða hvatt til stuðnings við það að hleypa togurunum inn í núverandi fiskveiðilögsögu, frekar en þeim er þegar veitt mjög takmarkað og tímabundið skeið á hverju ári. Sannleikurinn er sá, ef menn vilja horfast í augu við staðreyndir, að skoðanir manna í þessum efnum hafa ekki farið eftir flokkum, fremur mætti telja, að það færi eftir kjördæmum, hvar menn eru kjörnir, hver afstaða manna hefur verið í þessum efnum, og utan þess hóps eru svo einnig menn, sem hafa ef til vill tekið afstöðu án þess að láta áhrif kjördæmisins hafa þar áhrif á eða þær skoðanir, sem eru í viðkomandi kjördæmi. En sannleikurinn er eigi að síður sá, að meiri hluti hefur ekki verið fyrir slíkri laga- og reglugerðarbreytingu sem þarna er um að ræða, og af þeim ástæðum hefur ríkisstj. og undanfarnar ríkisstjórnir talið það óeðlilegt, að gengið væri í berhögg við meiri hluta Alþingis í þessu efni.

Nákvæmlega sama máli gegnir um fækkun áhafnarinnar á togurunum. Fjöldamargir af okkar færustu togaramönnum telja það mjög vel fært að fækka að mun mannskap á þessum skipum, án þess að það þyrfti að skerða veiðihæfni þeirra eða veiðigetu. Af hálfu stéttarfélaganna, sem þarna eiga hlut að máli, hefur harðlega verið á móti þessu barizt og færð fram þau rök, að þótt togaraafli hafi nú um skeið minnkað, þá séu skipin með sama útbúnaði og verið hefur og hafi verið þegar núgildandi lög voru sett og þess vegna engin ný forsenda fyrir fækkun manna um borð, önnur en minnkandi afli. Og það eitt getur ekki að þeirra dómi orðið viðmiðun til lagabreytinga. Þetta eru efnislega, held ég, þau rök, sem þeir hafa fært fyrir sínu áliti. Þeir hafa hins vegar bætt því við þessar röksemdir sínar, að þeir séu reiðubúnir til þess að ræða hugsanlega fækkun áhafnar, ef ný skip komi til með nýjum búnaði, sem sannanlega geri það mögulegt, að ekki aukist álag á einstaklingana um borð frá því, sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, með þeim aðbúnaði, sem menn hafa um borð í okkar skipum, eins og þau hafa verið í dag útbúin.

Þetta hafa verið þær þrjár meginröksemdir, sem hafa verið undirstaða að tillögum þeirra togaranefnda, sem starfað hafa á undanförnum árum.

Ræðumaður vék að því með nokkuð gamansömum tón, að ég hefði lýst yfir áhuga mínum og ríkisstj. á því hér fyrir nokkru að fá hingað

leiguskip af nýtízkugerð, til þess að Íslendingar fengju aðstöðu til að prófa þar sérstaka hluti um borð og væru að loknum þeim tíma færari um að gera tillögur eða kröfur til byggingar nýrra skipa við hæfi okkar aðstæðna hér og fá þannig fram veiðiskip með sem mestri veiðihæfni. Þetta skýrði ég hér á hv. Alþingi í þessari hv. deild fyrir um það bil 10 mánuðum, að þessi tilraun hefði að okkar dómi mistekizt. Það var reynt á nánast öllum skipasmíðastöðvum í Evrópu að fá slíkt skip til leigu og eins hjá útgerðarfyrirtækjum í sömu löndum. Það var aðeins einn möguleiki, sem gafst. Ég skal gjarna endurtaka þá skýringu aftur, það var aðeins einn möguleiki, sem gafst til þess að fá slíkt skip til leigu, en þá bæði um svo skamman tíma og á svo óhentugum árstíma, að að fróðustu manna áliti hér heima gæti sú tilraun ekki gefið þann árangur, sem annars hefði mátt vænta. Þeir togaraskipstjórar, sem við var rætt, töldu, að skipið þyrfti að vera a. m. k. 6—8 mánuði hér og þá um haust- og vetrarmánuði, en sá tími, sem til boða stóð hjá þessum eina aðila, var júlí- og ágústmánuður, en menn töldu, að þá gæti engin reynsla af þessu fengizt og þá aðeins í 2 mánuði. Af þeim ástæðum var áfram hugsað um þessi mál, og niðurstaðan varð sú að skipa nýja nefnd, sem skyldi falið það verkefni, eins og ræðumaður vitnaði til, að sjá um byggingu 3—4 skipa af mismunandi gerðum, þannig að þau gætu rutt brautina að frekari endurnýjun togaraflotans, byggðri á reynslu, sem okkar færustu menn hefðu yfirumsjón með og drægju af eðlilegar ályktanir.

Þm. gat þess þá einnig, að hann teldi, að lítið hefði frá þessari n. heyrzt síðan, og óskaði eftir upplýsingum um, hvað störfum n. liði. Ég vil aðeins af því að ég ætla að hafa það svar mitt sem lokaorð þessara orða minna, minna á enn eitt atriði, sem þm. minntist á, og það var út af minni gerðum bátaflotans, þar sem hann taldi að hefðu óeðlilega margir bátar verið strikaðir út af skrá á undanförnum árum. Ástæðan til þess er einfaldlega sú, að um árabil höfðu verið á skipaskrá hér skip, sem raunar voru óvirk, höfðu verið bundin í naustum árum saman, þó að þau væru á skrá, og alls ekki útgerðarhæf. Skipaskoðunarstjóri fór fyrir nokkru fram á það við alla sína fulltrúa úti á landi, að þeir gerðu gangskör að því að skoða ástand þessara mála hver á sínum stað og senda sér nákvæma skýrslu þar um. Þetta ásamt þeim vágesti, sem að smærri bátagerðum hefur steðjað, þ. e. a. s. bráðafúinn hefur orsakað það, að nú um nokkurra ára bil hefur verið óeðlilega mikið strikað út af skipaskrá, vegna þessarar hreingerningar, ef ég má orða það svo, í skipaskráningunni. Það segir þess vegna ekki nema hálfan sannleikann um þessa hluti, þegar um árabil hefur safnazt töluvert saman af bátum, sem raunar voru ekki orðnir annað en nafn á skrá, en alls ekki til veiða hæfir.

Þessari skýringu vildi ég koma hér að, þó að mér gefizt hér ef til vill síðar tækifæri til þess að greina þarna nokkru nánar frá.

Varðandi nefndarstörfin sjálf vil ég taka eftirfarandi fram, með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér um störfin frá togaranefndinni svonefndu.

Fyrsti þátturinn í starfi nefndarinnar var í því fólginn að safna gögnum, sem nauðsynleg máttu teljast, til þess að unnt væri að gera tillögur um smíði skuttogara, einkum um stærð og gerð og allan útbúnað. Í því skyni átti n. mörg viðtöl við skipstjórnarmenn á togurum og ræddi við þá um reynslu þeirra af togveiðum og leitaði eftir áliti þeirra um skipastærðir og ýmislegt, er viðkemur útbúnaði skipanna. Voru þær athuganir n. að ýmsu leyti mjög gagnlegar og raunar nauðsynlegar fyrir allt starf nefndarinnar. Þá var enn fremur leitað upplýsinga og gagna víða erlendis frá skipasmíðastöðvum, auk þess sem tæknilegir sérfræðingar nefndarinnar hafa kynnt sér þessi mál með því að skoða nýjustu skuttogarana erlendis og einnig slík skip, ef þau hafa komið hér í höfn. Á þennan hátt hefur einnig verið safnað miklum og nauðsynlegum gögnum. Þá hefur enn fremur verið rætt ýtarlega við fulltrúa frá þeim verkalýðssamtökum, sem hlut eiga að máli, að því er snertir áhafnir togaranna, um áhafnir og vinnufyrirkomulag um borð í slíkum togurum, sem hér um ræðir. En n. taldi mjög nauðsynlegt að fá sem gleggstar hugmyndir um afstöðu þessara aðila til þessa þáttar undirbúningsstarfsins. Þegar lokið var þessum undirbúningsþætti í starfi nefndarinnar, var ákveðið að láta gera uppdrátt af skipum, er gætu orðið grundvöllur að væntanlegum tillögum n. um skipastærð, gerð og útbúnað, og er nú unnið að þessum þætti, þ. e. a. s. teikningu skipanna. Það er gert ráð fyrir, að því verki verði lokið nú innan mjög skamms tíma. Meginsjónarmið í öllum athugunum n. hefur verið, að skip, sem byggð yrðu, hentuðu fyrst og fremst til öflunar hráefnis fyrir fiskvinnslustöðvarnar í landi, en jafnframt, að slík skip gætu sótt til fanga á þau mið, sem íslenzkir togarar sækja nú á heima og á fjarlægum miðum.

Herra forseti. Ég læt þessar athugasemdir nægja að sinni við framsöguræðu hv. 5. þm. Reykn.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hv. 3. þm. Norðurl. v., sem talaði hér áðan, fyrir eindreginn stuðning við þetta mál. Það er að sjálfsögðu rétt, sem hann benti á, að ekkert er eðlilegra en slíkt mál sem þetta, sem í rauninni er stórmál og hugsað sem upphaf aðgerða, sem væntanlega yrði framhald á, — að slíkt mál fái rækilega athugun í n., ef vilji er fyrir því að vinna að málinu á annað borð, og þá geti eitthvað breytzt í meðförum, og ég vil lýsa því yfir fyrir hönd okkar flm., að við erum að sjálfsögðu fúsir til þess að ræða um breytingar á þessu frv., allt það, sem betur mætti fara eða mætti auðvelda það, að hafizt verði handa með nokkrum myndarbrag í sambandi við þessi mál.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. skýrði hér frá því, að áhugi og það mikill áhugi væri í hans kjördæmi fyrir því að fá skuttogara til þess að bæta úr þeim atvinnuskorti, sem þar hefur verið og er ríkjandi á ýmsum stöðum, í kaupstöðum og kauptúnum. Og frásögn hans var býsna fróðleg. Í fyrsta lagi kom þar fram, að þörfin á því, að við gerum tilraunir með skuttogara, hún er brýn og áhuginn

er víða fyrir hendi, en í öðru lagi sýndi sú saga, *sem hann rakti hér, að einhvern veginn er það* þannig, að slíkt skipulagsleysi ríkir í þessum efnum, bæði hjá ríkisvaldi og lánastofnunum, að þeir, sem áhuga hafa á því að bæta úr atvinnuskorti með því að taka upp nýjan hátt í sambandi við skipakaup og útgerð skipa, þeir reka sig á vegg, sem hindrar þá í því að gera slíka tilraun. Þetta virðist mér vera býsna fróðleg saga. Hann skýrði frá því, að hæstv. sjútvmrh. hefði verið allur af vilja gerður til þess að greiða fyrir þessu máli, og ég dreg það ekki í efa, en allt kom fyrir ekki, það varð að hætta við að gera þessa tilraun.

Hæstv. sjútvmrh. svaraði hér að nokkru þeim fyrirspurnum, sem ég beindi til hans sérstaklega í ræðu minni hér í gær. Ég mun hafa haft nokkuð ákveðin orð um það, að áhugi stjórnarvalda og ráðamanna í stjórnarflokkunum í sambandi við endurnýjun togaraflotans hefði virzt heldur lítill á undanförnum árum og hann hefði kannske einna helzt birzt í því, að stöðugt hefðu verið skipaðar nýjar og nýjar nefndir og þá fyrst og fremst til þess að kanna rekstrargrundvöll og gera tillögur um bættan rekstrargrundvöll gömlu togaranna, en það væri fyrst nú með skipun nefndar frá því í marzmánuði í vor, sem hefði verið þó ákveðið *af stjórnarvalda hálfu* að láta fara fram könnun á því, hvernig líklegt væri, að útkoman yrði varðandi ný skip með nýja tækni. Ég er satt að segja orðinn svo langeygur eftir að sjá eitthvað raunhæft í sambandi við þetta mál, að vegna þess kvað ég nokkuð fast að orði. Mér virðist, að þrátt fyrir vafalaust góðan vilja ýmissa mætra manna, eins og hæstv. ráðherra, þá hafi hér allt hjakkað allt of lengi í sama fari, það hafi yfirleitt, það lítið sem gert hefur verið, verið athugað um einhverjar úrbætur í sambandi við gömlu skipin, en yfirleitt ekki farið út í það fyrr en þá nú að kanna af alvöru líklegan rekstrargrundvöll skipa af nýrri gerð, skipa með nýjum búnaði, skipa, sem ættu að geta að margra dómi verið hagkvæmari en hin gömlu skip. Ég þarf ekki að minna á það, sem allir vita, að meiri hluti*nn* af þeim togurum, sem enn er verið að gera út héðan, meiri hluti þeirra er um 20 ára gamall eða nálægt því. Þessir togarar eru dýrir í viðhaldi, sá kostnaður vex með hverju ári, og í rauninni er það ekki nema spurning um nokkur ár, hvenær þeir eru svo gersamlega úreltir og svo allt of dýrir í viðhaldi, að það geti engan veginn verið forsvaranlegt að halda útgerð þeirra áfram, — *það getur ekki verið spurning um nema tiltölulega* skamman tíma með elztu skipin. En þessi skip, það er talið, að þau þurfi við núverandi aðstæður um 30 manna áhöfn. Það er hins vegar talið, að skuttogarar, 400—500 tn. að stærð, muni vegna bætts útbúnaðar og annars fyrirkomulags ef til vill ekki þurfa nema 20 manna áhöfn eða a. m. k. þriðjungi minni áhöfn en togarar, sem við eigum nú. Þá er það einnig talið af hinum fróðustu mönnum, að með bættum útbúnaði, sem á að vera auðvelt að hafa í þessum nýju skipum, bættum umbúnaði í lestum og breytingar að því er varðar alla meðferð fisksins, þangað til hann kemur í land, eigi að vera möguleikar á því, að skuttogararnir komi með miklu betri fisk að landi heldur en togarafiskur hefur áður verið og alveg sérstaklega miklu betri fisk en netafiskurinn er upp og ofan, sem hefur verið aðalmagnið af þeim fiski, sem hraðfrystihúsin hafa fengið undanfarin ár. En það er alkunnugt, að verulegur hluti netafisksins er því miður mjög vont hráefni. Og ef þetta er rétt, að togarar af nútímagerð geti flutt að landi 1. flokks hráefni, sem ef til vill gefur ekki mikið eftir línufiski, kannske alls ekki, þá er þar um að ræða mikilsverðan hlut fyrir þjóðarbúið. Það er vitanlega þjóðhagsleg nauðsyn, að við vöndum þessa vöru sem mest, og við getum ekki búizt við því til lengdar, að skreiðarmarkaður t. d. í Afríku taki við úrgangsfiski frá okkur, eins og sá fiskur hefur verið, sem verstur hefur borizt hér á landi til vinnslu. Við getum ekki búizt við því, að það verði svo í framtíðinni, að við getum selt mjög slæma og gallaða vöru.

Ég skal ekki fara öllu lengra út í þessa sálma, ég talaði nokkuð ræki*lega* um þessi mál hér í gær, en ég vildi aðeins að lokum leggja á það ríka áherzlu, að það er fyrir löngu tími til þess kominn, að þetta mál, hvernig skuli að því staðið að endurnýja íslenzkan togaraflota, að það mál verði tekið föstum tökum.

Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að sú n., sem hann skipaði í vor til þess að kanna þessi mál, hefði unnið að *gagnasöfnun og aflað ýmissa þarflegra* og nauðsynlegra gagna og gert ýmsar athuganir í þessu sambandi. Og nú væri svo komið, að hún hefði ákveðið að láta gera teikningar af togskipi, skuttogara, einni eða fleiri gerðum, og að þessu sé nú unnið. Það er að sjálfsögðu gleðilegt, að þessi n. skuli hafa starfað og skuli vera að störfum, og ég vil vænta þess, að sem allra fyrst komi einhver árangur í ljós af störfum hennar og að það verði hægt á grundvelli þess undirbúnings, sem hún er að láta framkvæma, að hefjast handa um skipasmíðina. En ég sé ekki, að þó að þessi n. eigi eitthvað í land með sinn undirbúning, þá eigi það að þurfa að tefja á nokkurn hátt fyrir því, að það frv., sem hér liggur fyrir, fái eðlilega meðferð og verði með einhverjum breytingum ef til vill samþykkt á þessu þingi. Þar með er ríkisstj. fengin heimild til þess að vinna að þessum málum, að því er snertir fjármálin og annað, sem vitanlega er nauðsynlegt, ef eitthvað verulegt á að gera, og ég sé ekki, að það þurfi á neinn hátt að tefja þetta mál, þó að n., sem er að athuga hinar heppilegustu gerðir og stærðir skuttogara fyrir okkur, hafi ekki lokið störfum. Hins vegar vil ég leggja áherzlu á það og vænta þess, að *hæstv. ráðh. beiti áhrifum sínum í þá átt*, að þessi n. hraði störfum sínum, eftir því sem föng eru á. Nauðsynin á því að efla þann skipastól okkar, bæði togara og vélbáta, sem aflar bolfisks fyrir hraðfrystihúsin, er vissulega brýnni nú en nokkru sinni fyrr. Ég skýrði frá því í gær og taldi mig hafa fyrir því allgóðar heimildir, að þau hraðfrystihús, sem þegar hefði algerlega verið lokað og hætt störfum, væru um það bil 20. En ég var varla farinn úr þessum ræðustól, þegar kunnugur maður þessum málum skýrði mér frá því, að þau hraðfrystihús væru nú a. m. k. orðin 25 og þeim hefði fjölgað með hverri viku nú að undanförnu.

Ég vil svo láta það verða mín síðustu orð í sambandi við þetta mál við 1. umr., að ég heiti á

hæstv. sjútvmrh. að taka nú myndarlega forustu um breytta stefnu í þessum málum, að hann taki nú forustu um það, að mörkuð verði raunsæ uppbyggingarstefna í málefnum útvegsins öllum, þar sem kostað verði kapps um það, að þau framleiðslutæki, sem við eigum í dag, verði hagnýtt og skili eðlilegum afköstum, en jafnframt og ekki síður verði markvisst að því unnið að afla okkur nýrra og fullkominna framleiðslutækja með nútímasniði, og þá er gagnger endurnýjun togaraflotans áreiðanlega mjög ofarlega á blaði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 438 og 443).

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Það þarf ekki langa framsögu fyrir till. meiri hl. sjútvn. í þessu máli. Við höfum athugað frv. á fundum okkar. Í sjálfu sér erum við hlynntir allri þeirri hugsun, sem þar kemur fram um stuðning við togaraútgerðina, og að athuga beri allar nýjar leiðir í því efni. En á hinn bóginn er þetta mál þegar að áliti okkar í meiri hl. í viðunandi horfi, þar sem ríkisstj. hefur skipað í það *n. hinna ágætustu manna undir forustu Davíðs* Ólafssonar fyrrv. fiskimálastjóra, nú seðlabankastjóra, aðrir í n. eru Jón Axel Pétursson landsbankastjóri, Loftur Bjarnason útgerðarmaður, Loftur Júlíusson skipstjóri, Pétur Sigurðsson sjómaður og alþm. og Vilhelm Þorsteinsson framkvstj. á Akureyri. Þessi n. hefur haldið fjölda funda og starfað mjög ötullega að þessum málum. Mér er kunnugt um, að þegar liggja fyrir frumteikningar að stórum skuttogara og verið er að vinna að nákvæmlega sama hlutnum og í frv. öðrum togara minni, sem jafnframt mætti nota sem síldveiðiskip. Ég held, að hér sé verið að vinna að nákvæmlega sama hlutnum og í frv. greinir og að við getum í rauninni allir verið sammála um málið. Út frá þessu sjónarmiði hefur meiri hl. n. lagt til, að málinu verði vísað til ríkisstj. Þess skal getið, að einn nm., sem er meðal flm. frv., hefur skilað séráliti og annar nm. var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál um endurnýjun íslenzka togaraflotans eða togarakaup er ekki nýtt hér í sölum Alþ. og hugmyndin um það, að togaraflotinn þurfi endurnýjunar við, er síður en svo ný eða nýleg. Það er vitað, að íslenzki togaraflotinn er nú yfirleitt 20 ára gamall og þaðan af eldri, þau skip, sem við eigum nú, og það hefur lengi verið ljóst, að ef togaraútgerð á ekki hreinlega að leggjast hér niður, er og hefur nauðsynin á endurnýjun flotans verið fyrir hendi nú um nokkurt skeið og þó stöðugt í vaxandi mæli. Á það hefur verið bent af ýmsum, sem þekkja vel til þessara mála, að það er í sjálfu sér afar óheppilegt að láta endurnýjun skipaflota, í þessu tilfelli togaraflota, ganga í of miklum bylgjum, ef svo mætti segja, þ. e. a. s. það er mjög óheppilegt, að fjöldi skipa sé keyptur á tiltölulega skömmum tíma og þau síðan öll orðin úrelt á sama tíma, þegar nokkuð líða fram stundir. Þetta hefur gerzt hjá okkur hvað eftir annað í sambandi við togaraútgerð okkar, og þetta eru víti, sem ber að varast. Að vísu hafa tvær heimsstyrjaldir átt nokkurn þátt í því, að þannig hefur verið talin þörf á því að endurnýja svo að segja allan togaraflotann á skömmum tíma. En á þeim tímum, þegar ekkert slíkt rask er til þess að hafa áhrif á gang mála, er það mjög óeðlilegt og óheppilegt, að þannig skuli takast til, að svo mikilvægur atvinnurekstur eins og togararnir hafa reynzt verði úreltur svo að segja allur á sama tíma. Þetta hefðum við þurft að forðast. En því miður verður það að segjast, að skilningur á þessu hefur ekki verið nægilega mikill á hærri stöðum, hvorki vil ég segja meðal meiri hl. hér í sölum Alþ. né hjá hæstv. ríkisstj. eða ríkisstjórnum nú um nokkuð langt skeið.

Ég þarf ekki að rifja það upp, að það var skömmu eftir stríðið, sem togarafloti okkar var endurnýjaður í síðari heimsstyrjöld, enda var orðin mikil þörf á því. Það voru keyptir milli 40 og 50 togarar, sem þá voru taldir henta vel við íslenzkar aðstæður, enda þótt það væri sannast mála, að þeir togarar, sem byggðir voru skömmu eftir styrjöldina, væru að megingerð líkastir því, sem þótti bezt henta og var talin einhver bezta togaragerð á áratugnum fyrir heimsstyrjöldina, þannig að það mátti í rauninni segja, að þetta væru nýtízkutogarar miðað við tímabilið 1935—1939, þegar þeir komu hér 1947—1949, því að á styrjaldarárunum urðu ekki miklar framfarir eða breytingar að því er togara varðar. En tiltölulega fljótlega eftir að þessi nýi togarafloti kom hingað urðu mjög verulegar breytingar að því er snerti gerð togara með ýmsum fiskveiðiþjóðum, og þá var m. a. byggt á sumum þeim nýjungum, sem fram höfðu komið að því er snerti skip og siglingar á styrjaldarárunum. En aðalbreytingin var þó e. t. v. sú, að togararnir hinir nýtízkulegustu voru af svonefndri skuttogaragerð, en sú breyting hafði mjög veruleg áhrif á gerð og rekstur þessara skipa. Það hafa verið töluverðar umr. um það nú um allmörg ár, að ef togaraútgerð hér ætti einhverja framtíð fyrir sér, sem margir telja, að hún hljóti að eiga, væri nauðsynlegt að fara að hyggja af alvöru að endurnýjun flotans og taka þá fyllsta tillit til þeirrar reynslu, sem hefur fengizt með öðrum fiskveiðiþjóðum á undanförnum árum og áratugum.

Ég hef verið flm. eða meðflm. að þingmálum, þáltill, eða frv., varðandi endurnýjun togaraflotans nú á fimm þingum í röð, og ég verð að segja það, að mér hefur því miður virzt svo sem áhugi í röðum hæstv. ríkisstj. hafi ekki verið sá, sem ég vænti varðandi þetta stóra mál. Sá skortur á áhuga hygg ég, að hafi átt sinn þátt í því, að þingmeirihl. hér hefur lítt viljað sinna þessum málum. Og það er skemmst af að segja, að þetta mun vera í fyrsta sinn í þessi fimm skipti nú í röð, sem ég hef verið flm. að þáltill. eða frv. varðandi endurnýjun togaraflotans, sem slíkt mál kemur yfirleitt úr n. Þetta ber að meta, og þetta er þó framför frá því, sem áður var, að sjútvn. Ed. hefur þó sýnt þessu máli þann sóma að afgreiða það, þannig að það kemur hér til 2. umr. En það

hefur hins vegar farið svo, að hv. meiri hl. n. leggur til, að þessu máli verði vísað til ríkisstj. með tilliti til þess, sem hún hefur þegar afrekað í þessu efni. Ég ætla ekki að rekja þá sögu í löngu máli, en vil aðeins segja það, að mér finnst, að enn sem komið er séu þau afrek heldur í minna lagi.

Eins og ég áður sagði, var á þrem þeim þingum, þegar ég stóð að flutningi þessa máls, ekki á neinn hátt, svo að ég muni, undir það tekið af hálfu hæstv. ríkisstj. eða stjórnarmeirihl. að gera citthvað tiltekið í þessum málum. Þá kunna að hafa fallið einhver orð um það, að það væri ástæða til þess að líta á það, hvað hægt væri að gera í sambandi við togarana, hins vegar mjög borið við, að þeirra rekstur væri erfiður, sem rétt var, og lítið jákvætt, sem kom frá hæstv. ríkisstj. eða stjórnarmeirihl. í sambandi við þessi mál. En í hittiðfyrra, þegar nýr sjútvmrh., hæstv. núv. sjútvmrh., hafði fyrir skömmu tekið við því embætti, virtist mér — og það gladdi mig — þá virtist mér, að hjá honum væri ríkjandi skilningur og áhugi á því að gera eitthvað raunhæft í þessum málum. Að vísu var ég heldur óánægður með þær hugmyndir, sem hann sagði þá, að uppi væru hjá ríkisstj., — mér þóttu þær nokkuð smáar í sniðum. Þá var helzt um það rætt að fá hingað einn skuttogara á leigu um takmarkaðan tíma til reynslu. En þetta var þó spor, lítið spor að vísu, en spor í áttina, og vissulega var æskilegt að fá þó þessa reynslu, þó að ekki væri hærra risið á þessu en það að ræða um að fá einn togara á leigu til reynslu. En mér vitanlega varð ekkert úr þessari ágætu fyrirætlun hæstv. ríkisstj. Þessi skuttogari var aldrei tekinn á leigu, hann kom aldrei, og reynsla af honum fékkst þar af leiðandi engin.

Í fyrra lá þetta sama frv. og við nú fjöllum hér um enn fyrir þinginu, og þá var það nokkru fyrir þinglok eða fyrir réttu ári, í marzmánuði í fyrra, sem hæstv. sjútvmrh. skýrði frá því, að hann hefði skipað n., svonefnda togaranefnd, til þess að gera till. um endurnýjun togaraflotans. Og það er með tilliti til þessarar ákvörðunar og starfa þessarar n., sem hv. meiri hl. sjútvn. leggur nú til, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj., og hv. frsm. meiri hl. n. fór um það nokkrum orðum hér, að hann hefði upplýsingar um það, að þessi n. hefði starfað með miklum ágætum og í henni væru hinir prýðilegustu menn. Ég skal ekki á neinn hátt draga úr því, að góðir menn hafi valizt í þessa n. Hins vegar verð ég að segja það, að jafnvel þó að n. hafi haldið nokkuð marga fundi, hygg ég, að sá árangur, sem orðinn er af hennar störfum, mótist kannske nokkuð mikið af því, að áhuginn og skilningurinn hjá hæstv. ríkisstj. á nauðsyn þessa máls er enn í takmarkaðasta lagi. Þessi n. hefur ekki enn þá mér vitanlega skilað neinu áliti, eftir því sem ég hef fengið upplýst, hefur það stærst gerzt varðandi hennar störf, að hún hefur falið íslenzkum skipaverkfræðingi að gera teikningar af ca. 1100 tonna togara, skuttogara af nokkuð stórri gerð, og þessi skipaverkfræðingur mun hafa unnið að því nú nokkuð lengi og lokið a. m. k. frumteikningum af slíkum togara, en þá skilst mér, að þegar því verki hafi verið að verða lokið, hafi n. falið honum að gera uppdrætti af öðrum togara allmiklu minni og við það starf sé þessi skipaverkfræðingur nú, og þetta séu í rauninni meginatriðin, sem enn hafa komið í dagsins ljós sem árangur af störfum n. En ég vænti þess, að þetta verði leiðrétt, ef hún hefur gert meira, því að ég vil ekki á neinn hátt draga niður af henni skóinn, ef hún hefur afrekað meira í þessum efnum. En þar sem sérstaklega er í áliti meiri hl. skírskotað til þessarar n. og það talið fullnægjandi eða viðunandi lausn á þessum málum, verð ég að segja það, að mér finnst þetta allt saman ganga óeðlilega seint, og ég vil draga í efa, að það hafi endilega verið sjálfsagðar leiðir að fela íslenzkum skipaverkfræðingi í þessu tilfelli að gera frá grunni teikningar af skuttogara, þar sem reynsla erlendra manna í þessum efnum er vitanlega miklu meiri en okkar, og ég hefði a. m. k. talið fulla ástæðu til þess annaðhvort að taka á leigu eða kaupa nýjan eða nýlegan togara frá einhverri þeirri fiskveiðiþjóð, sem er komin lengst á þessu sviði, m. a. til þess að fá sem allra fyrst einhverja reynslu af þessum skipum miðað við aðstæður hér við land, — reynslu, sem síðan væri hægt að byggja á og íslenzkir skipaverkfræðingar og aðrir, sem þekkingu hafa á þessum málum, gætu síðan byggt á sínar till. um framtíðarskipin á þessu sviði.

Ég verð sem sagt að lýsa því áliti mínu, að áhugi hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn sem komið er sýnt sig það mikið í verki, að það sé ástæða til þess að vísa þessu máli til hennar með þeirri röksemd, að hún hafi þegar gert það mikið í þessum efnum, að þess vegna eigi frv. ekki rétt á sér. Ég vil hins vegar miklu fremur segja, að sé nú veruleg alvara hjá hæstv. ríkisstj., og ég vænti þess, að a. m. k. sé hæstv. sjútmrh. sama sinnis og hann virtist vera hér í hittiðfyrra, að hér væri um mikilvægt mál að ræða, — sé veruleg alvara um það, að nú eigi að vinna að endurnýjun togaraflotans með því að fá hingað keypt eða smíðuð skip af skuttogaragerð, þá sé ekkert eðlilegra en að samþykkja heimildarlög um þetta efni, og annað en heimildarlöggjöf er þetta ekki, sem við flytjum hér þrír þm. Alþb. Og hvað er þá því til fyrirstöðu að samþykkja slík heimildarlög? Þar er m. a. heimild til lántöku í því skyni að framkvæma það, sem mér skilst, að allir séu nú sammála um, að þurfi að gera, að láta smíða eða kaupa nokkra togara af nýtízkugerð, sem sagt sé hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar einhver alvara með að láta gera eitthvað raunhæft í þessum efnum, láta gera eitthvað annað en halda áfram að teikna skip, sé ekkert eðlilegra en samþykkja þetta frv., annaðhvort óbreytt eða þá með þeim breytingum, sem æskilegar þættu, til þess að fá heimildina, bæði til að kaupa skipin og til lántökunnar. Allt annað virðist mér heldur benda til þess, að enn sé ríkjandi sama tregðan og hefur orðið mjög vart við hjá hv. stjórnarmeirihl. varðandi endurnýjun togaraflotans.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Við umr. um þetta frv. hér fyrr gafst mér kostur á að skýra ýmislegt af því, sem ríkisstj. hefði haft á prjónunum um þessi mál, hefði þess vegna haldið, að óþarfi væri að endurtaka ýmis-

legt af því hér aftur, sem virðist þó vera nauðsynlegt, þegar hliðsjón er höfð af ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Reykn. Ég skýrði þá frá tilraunum rn. til þess að fá hingað leigðan togara, eins og hann minntist réttilega á, að haft hefði verið í huga að koma hingað til landsins, en þess reyndist þá ekki kostur nema á einum stað og það á þeim árstíma, sem íslenzkir togaramenn töldu, að gæti ekki gefið okkur neina nýja reynslu, þ. e. a. s. mánuðunum júlí og ágúst. Það var ástæðan til þess eftir mjög ýtarlega leit að slíku skipi, að ekkert varð úr þessari tilraun.

Hv. þm. lagði sérstaka áherzlu á það og vildi nánast láta skilja orð sín svo, að hinn takmarkaði skilningur, sem hann taldi vera innan ríkisstj. um þessi mál, hefði dregið málið á langinn og tafið jafnvel fyrir nefndarstörfum. Ég vil nota þetta tækifæri hér til þess að mótmæla þessu eindregið. Ríkisstj. hefur lagt á það áherzlu, að n. hraðaði svo störfum sínum sem kostur væri, og heimildir til lántöku í þessu efni verða aldrei nein fyrirstaða til framkvæmda í þessu máli. Þeirra væri hægt að afla með stuttum fyrirvara, enda hefur aldrei staðið á því, að alþm. samþykktu slíkar heimildir, og frv. hv. þm. er að því leyti algerlega óþarft og kemur ekki til með að flýta neitt fyrir framgangi þessa máls. Það er, að því er ég bezt veit og hef fylgzt með, mjög skynsamlega að málum staðið í þeirri n., sem að undirbúningi málsins vinnur, og hún er, eins og þm. viðurkenndi, skipuð valinkunnum mönnum, sem hafa góða reynslu í þessum efnum, bæði hvað útgerðina sjálfa snertir og byggingu skipanna. Ég efast þess vegna ekki um, að þeir, sem n. skipa, leggja í senn áherzlu á það að hraða störfum sínum og þó umfram allt að gera svo vel úr garði sínar till., að í þeim verði það hald, sem nauðsynlegt er til úrbóta í þessum málum.

Ég skal, af því að þm. minntist á það, ítreka bæði persónulegan áhuga minn á því, að málið fái sem skjótastan endi, af því að ég tel þetta mjög mikilsvert þjóðfélagslegt vandamál, sem við þurfum að leysa, og mjög mikilvægt fyrir íslenzka atvinnuvegi, að hæfileg endurnýjun eigi sér stað í þessari mikilvægu atvinnugrein, — þá skal ég á ný undirstrika þennan áhuga minn og ríkisstj. allrar um þessi mál, og það er alveg út í bláinn sagt, þegar látið er að því liggja, að ríkisstj. hafi á einn eða annan hátt dregið úr störfum þessarar nefndar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, var ég fjarstaddur, þegar þetta mál var afgreitt í sjútvn. Afstaða mín til þessa máls liggur því ekki fyrir í nál. Ég vil láta það koma hér fram, að ég mun greiða atkv. með frv. Að vísu má segja, að till. af hálfu meiri hl. n. um að vísa málinu til ríkisstj. feli í sér jákvæðar undirtektir við málið, og með tilliti til þess, að upplýst er, að n. er að athuga það, má segja, að það sé verjandi að afgreiða málið á þann hátt á þessu stigi að láta við það sitja að vísa því til stjórnarinnar. En ég tel nú fyrir mitt leyti ekki vanþörf á því að herða á ríkisstj. í þessu efni og mun því greiða atkv. með frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 443 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 10:7 atkv.

5. Þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda [5. mál] (þmfrv., A. 5).

Á 4. og 5. fundi í Nd., 17. og 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 23. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til, að þegar notaðar eru heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem hjá þeim vinnur, skuli greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna. Þeir hafa aldrei fengið neina borgun fyrir þá vinnu og áhættu, sem þessu fylgir. Það er mjög ranglátt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir, þegar aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu fyrir sín störf. Slíkan ójöfnuð þarf að kveða niður, og í því skyni er þetta frv. borið fram.

Segja má, að fleiri leiðir mætti fara en þá, sem hér er bent á, til þess að koma hér á jöfnuði. Þá mætti nema úr lögum heimildina til að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta skattana hjá starfsfólki sínu. Þá mundu opinberir, launaðir starfsmenn innheimta þessa skatta eins og aðra. Hugsanlegt væri líka að fá aðra einstaklinga og fyrirtæki í þjóðfélaginu til að vinna við skattheimtu eða annað hjá ríki og sveitarfélögum án endurgjalds og koma þannig á jöfnuði. Það mætti hugsa sér, að hæstv. fjmrh. kallaði á sinn fund menn úr ýmsum stéttum, t. d. verkamenn, sjómenn, bændur, iðnaðarmenn, skrifstofu- og verzlunarmenn, kennara, lækna, hjúkrunarkonur, lögfræðinga, presta o. fl., og þegar þessi hópur væri saman kominn ávarpaði fjmrh. fólkið efnislega á þessa leið: Jæja, gott fólk. Hér eru nokkrir skattreikningar, sem ég ætla að biðja ykkur að innheimta fyrir mig og skila fénu til tollstjóra eða sýslumanns. Ég vona, að þið getið gert þetta í ykkar tómstundum, og ekki er ætlazt til, að þið fáið borgun fyrir þetta snatt, því að nú eru erfiðir tímar. Það hefur orðið verðfall á smjöri og lýsi, og nú ríður á að spara, spara og koma öllum rekstri sem haganlegast fyrir, enda höfum við í ríkisstj. komið á fót hagsýslustofnun. Og hann Geir, sem gegnir oddvitastörfum hér í höfuðstaðnum, ætlar líka að fá sjálfboðaliða til að

innheimta útsvör og aðra skatta fyrir hreppsnefndina, fyrirgefið þið, borgarstjórnina, ætlaði ég að segja, og ef okkur Geir tekst þetta, getum við lagt niður okkar sameignarfyrirtæki, Gjaldheimtuna, og sparað mikið, því að rekstur hennar kostar mikla peninga.

Hvernig mundi söfnuðurinn svo svara ráðh.? Halda menn, að allir svöruðu þar einum rómi: Já, já, Magnús minn. Það er sjálfsagt að gera þetta fyrir þig? Ég veit það ekki. En hitt veit ég, að þó að tækist að koma slíku á, mun það hafa nokkurn aðdraganda, og á meðan þetta er ekki komið til framkvæmda, tel ég alveg sjálfsagt að greiða atvinnurekendum sanngjarnlega fyrir vinnu við skattheimtu eins og öðrum, sem að því vinna.

Ég er hissa á því, hvað lítið hefur borið á kvörtunum atvinnurekenda yfir þeim kvöðum, sem hér hafa verið á þá lagðar. Allmargir þeirra eru í félagi, sem nefnist Vinnuveitendasambandið, og ég minnist þess ekki að hafa heyrt hósta frá því félagi út af þessari meðferð á félagsmönnum. Þetta bendir til þess, að atvinnurekendur séu mörgum öðrum hógværari og sérstaklega hollir og hlýðnir yfirvöldunum. „Sælir eru hógværir, því að þeir munu landið erfa," stendur í Fjallræðunni. En þrátt fyrir það tel ég rangt að níðast á hógværum mönnum. Þeir eiga ekki að gjalda þess, þó að þeir gangi ekki eins hart eftir borgun fyrir unnin verk og sumir aðrir. Þeir eru launa verðir ekki síður fyrir það.

Helztu atvinnugreinar okkar eiga um þessar mundir við verulega erfiðleika að etja, en það er öllum kunnugt. Fyrir Alþingi liggur nú stjfrv. um efnahagsaðgerðir. Einn kafli þess er um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Ég lasta þann kafla ekki út af fyrir sig, en þetta mun vera sami rétturinn, sem hæstv. stjórn bar hér á borð á síðasta þingi. Ég tel, að fyrsta skrefið, sem stíga ætti í þá átt að breyta rétt við atvinnuvegina, væri að borga atvinnurekendum, jafnt einstaklingum sem félögum, sanngjarnlega fyrir þau störf, sem þeim er fyrirskipað að vinna í opinberra þágu. Og það er margt fleira, sem á þá er lagt án endurgjalds, en að innheimta skatta. Stöðugt er verið að heimta af þeim skýrslugerðir um ýmiss konar efni til afnota fyrir yfirvöldin eða nefndir á þeirra vegum. Þetta kostar mikla vinnu og er dýrt, því að starfsmannahald og skrifstofurekstur kostar mikið fé, og ég tel algerlega ósæmilegt að leggja slíkar kvaðir á einstaka menn eða fyrirtæki, án þess að greiðsla komi fyrir. Þessa vinnu á að borga því verði, sem hún raunverulega kostar, annars eru vissir aðilar beittir ranglæti, sem ekki á að una.

Ef frv. mitt, sem hér liggur fyrir, verður samþ., mætti skoða það sem byrjunarskref í þá átt að borga atvinnurekendum eins og öðrum þá vinnu, sem þeir leggja fram fyrir hið opinbera. Um það ættu tæpast að geta orðið deilur, að þetta sé rétt að gera. Eins og segir í niðurlagi grg. með frv., getur verið álitamál, hvort þóknunin fyrir skattheimtuna er hæfilega ákveðin í frvgr. Það er til athugunar fyrir þá þn., sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 580).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Það var flutt nokkuð snemma á þinginu. N. leitaði umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga um málið og fékk umsögn þess. Í umsögninni kemur það fram, að stjórn Sambandsins telur það í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, að atvinnurekendum verði greidd einhver þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda hjá starfsfólki sínu. Hins vegar telur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, að málið þyrfti meiri athugunar við og undirbúnings, áður en það væri afgreitt sem lög. Ég hygg, að stjórn Sambandsins telji m. a., að gert sé ráð fyrir of hárri prósentu í frv. Nú hefur nokkuð verið hert á skyldum aðilanna til þess að standa skil á opinberum gjöldum sinna starfsmanna, og það ýtir undir það fremur en hitt, að ákvæði um þetta séu tekin til endurskoðunar og að einhver þóknun verði greidd. En fjhn. þessarar d. gat fyrir sitt leyti fallizt á skilning stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga á þessu máli, að það þyrfti að íhuga það allt nokkru nánar. Og einnig þótti n. það styðja þess skoðun, að það er nú verið að vinna að þessum málum og undirbúa breytt innheimtufyrirkomulag. Og með tilliti til þess enn fremur lagði n. til, að í trausti þess, að við þá endurskoðun verði einnig það atriði, sem þetta frv. fjallar um, tekið til athugunar, verði frv. vísað til ríkisstj.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda, er eitt af fyrstu málum þessa þings. Efni frv. er það, að þar er lagt til, að atvinnurekendum, sem er gert skylt samkv. heimild í lögum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, skuli greiða þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% af upphæðum innheimtra gjalda, og þóknun greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila.

Það er að ýmsu leyti illa búið að atvinnuvegunum hér á landi. Nýir skattar í ýmsum myndum hafa verið á þá lagðir á síðustu tímum og auk þess alls konar kvaðir. T. d. er þeim gert að gera skýrslur fyrir hið opinbera um ýmsa hluti, og svo er gjaldainnheimtan, en engin greiðsla er þeim veitt fyrir þessa fyrirhöfn og þann kostnað, sem þessu er samfara. Þetta tel ég ósæmilegt og ranglátt. Allir aðrir fá laun fyrir störf í þágu hins opinbera, og því skyldi þá ekki greiða þessum aðilum einnig sanngjarna þóknun fyrir þá vinnu, sem þeir framkvæma í þágu ríkis og sveitarfélags?

Þetta er eitt af fyrstu málum þingsins, eins og ég sagði, það er 5. mál þingsins, og það er búið að vera lengi hjá hv. fjhn. Hún hefur nú loks skilað áliti um það, og lýsi ég ánægju yfir því. En hitt er annað mál, að ég er óánægður með till. n. Hún leggur til, að málinu verði vísað frá. N. fékk umsagnir um þetta, t. d. frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Félagi ísl. iðnrekenda. Þau félög mæla

bæði með samþykkt frv. og benda á þá miklu fyrirhöfn, kostnað og ábyrgð, sem lögð er á vinnuveitendur með innheimtu opinberra gjalda. Einnig fékk n. bréf um málið frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og stjórn þess félagsskapar kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki tímabært að ákveða atvinnurekendum þessa þóknun fyrir unnin störf. Þetta samband er, eins og nafnið bendir til, félagsskapur sveitarstjórnarmanna. Flestir nefnast þeir hreppsnefndarmenn og hreppsnefndaroddvitar. En allmargir í þeim söfnuði bera þó önnur nöfn, sem munu þykja fínni. Þeir nefnast bæjarfulltrúar og bæjarstjórar og borgarfulltrúar og borgarstjóri. En allt er þetta sama tóbakið, þó að það gangi undir mismunandi vörumerkjum. Það sé fjarri mér að gera lítið úr störfum þessara sveitarstjórnarmanna, og ekki lasta ég þá, því að ég geri ráð fyrir, að yfirleitt sé þetta sómafólk. En hitt er annað mál, að ég tel ekki hollt, að þeir ráði einir lögum í landinu.

Fjhn. vill vísa málinu til ríkisstj., mun telja, að þar sé til manns að moka. Ég veit það ekki. Málið snertir fyrst og fremst hæstv. fjmrh., og ég þekki ekki svo vel hans þankagang, að ég viti, hvernig hann hugsar um þetta mál. En ekki hefur þess orðið vart, að hann fyndi hvöt hjá sér til þess að greiða fyrir þessi störf í þágu ríkisins hingað til. E. t. v. hugsar hann líkt og sumir sveitarstjórnarmenn, að atvinnurekendur séu ekki of hvítir til að vinna þetta fyrir ekki neitt. Ef þeir misstíga sig í þegnskylduvinnunni, má alltaf stinga þeim í svartholið í forsetans og laganna nafni.

Sveitarstjórnarmannafélagið vill tengja þetta mál við endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga, og reyndar tekur fjhn. undir það. En þetta er alveg út í hött. Auðvitað ber að borga fyrir þessa vinnu, hvað sem þeim lögum líður. Þeir, sem vilja ekki borga vinnuveitendum fyrir innheimtuna, fyrr en búið er að endurskoða tekjustofnalögin, gætu alveg eins haldið því fram, að það ætti að fresta því að borga fyrir þessa vinnu, þangað til Íslendingar væru búnir að stíga fótum á tunglið. Þetta kemur nefnilega málinu ekki nokkurn skapaðan hlut við. En hitt er annað mál, að það er rétt hjá þeim, að það er þörf á að endurskoða lögin um tekjustofna sveitarfélaga. Einkum er þess brýn þörf að lagfæra ákvæðin um aðstöðugjöld, sem eru í þeim lögum. Álagning þeirra er nú þannig, að fólk á vissum stöðum á landinu þarf að borga fjórum sinnum hærra aðstöðugjald af brýnustu nauðsynjum, sem það kaupir, heldur en fólk á öðrum stöðum á landinu þarf að borga. Og þó er munurinn enn meiri á aðstöðugjöldum, sem lögð eru á ýmsar nauðsynjar til framleiðslustarfseminnar. Þetta er óþolandi ójöfnuður, sem þarf að lagfæra, og tilraunir hafa verið gerðar til þess. Á síðasta kjörtímabili gerðum við Sigurður Ágústsson, sem þá var 2. þm. Vesturl., tilraunir til að fá lagfæringar á þessu. En meiri hl. þm. tók ekki undir okkar málflutning. Og nú liggur fyrir einmitt þessu þingi frv. um það efni. Það var flutt í byrjun þingsins af mér og Guðmundi Jónassyni bónda í Ási í Vatnsdal, sem þá sat á þingi um tíma. Frv. okkar var vísað til n., sem nefnist heilbr.- og félmn. í hv. þd. En heilsufar manna í sjálfri heilbrigðismálanefnd er ekki betra en svo, að eftir að þeir eru búnir að velta vöngum í um það bil 6 mánuði yfir þessu frv., hafa þeir þó ekki enn skilað áliti um það til þd. Þó gafst tækifæri til að koma till. um þetta efni undir atkv. í þinginu, því að hæstv. ríkisstj. bar fram eins og stundum oftar frv. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga á þessu þingi. Og þá greip hv. 5. þm. Norðurl. e. tækifærið og flutti brtt. við það frv. um aðstöðugjöldin, sem að verulegu leyti gengu í sömu átt og till. okkar Guðmundar Jónassonar. En þær voru felldar. Við 3. umr. um stjórnarfrv. bar sami hv. þm. enn fram brtt. og þá aðeins um aðstöðugjöld á tilbúnum áburði, að þau skyldu ekki vera hærri en ½% af verði áburðarins. Þetta var í samræmi við till. í frv. okkar, sem ég gat um áðan.

Á undanförnum árum hefur mátt finna eitt dæmi um það, að ekkert aðstöðugjald hefur verið lagt á áburðinn. Sveitarstjórn á þeim verzlunarstað, sem þar um ræðir, mun hafa litið svo á, að þetta væri svo mikil nauðsynjavara, að það væri rétt að sleppa henni við slíkt gjald. En annars hefur álagning aðstöðugjalda á tilbúinn áburð verið frá ¼% og upp í 2% af verði hans. Þessi nauðsynjavara hækkar nú mjög í verði eins og fleira. Ef till. frá hv. 5. þm. Norðurl. e. um ½% hámarksgjaldið hefði verið samþ., má gizka á, að meðalbóndi hefði þurft að borga um 250 kr. nú í ár í aðstöðugjald af þeim áburði, sem hann þurfti að kaupa og þetta sýnist vera alveg nóg. En þessi réttmæta till. Stefáns Valgeirssonar, hv. 5. þm. Norðurl. e., var því miður ekki samþ. Of margir hv. þdm. lögðu kollhúfur, greiddu atkv. á móti till. og felldu hana. Þeir virðast telja eðlilegt og sanngjarnt, að bóndi, sem rekur bú af meðalstærð, eigi yfir höfði sér að verða að borga 1000 kr í aðstöðugjald af áburðarskammtinum á túnið sitt, fyrir það eitt, að þessi áburður er fluttur gegnum verzlunarstaðinn, þar sem bóndinn hefur sín viðskipti. Þetta er eitt af mörgum ljótum dæmum um það, hvernig búið er að atvinnurekstrinum. Það er mála sannast, að lagaákvæðin um aðstöðugjald og framkvæmd þeirra er hvort tveggja stórgallað og þetta þarf að leiðrétta.

Samband ísl. sveitarfélaga segir, að endurskoðun tekjustofnalaganna standi fyrir dyrum, en fjhn. segir, að unnið sé að endurskoðun þeirra. Út af því vil ég spyrja hæstv. ríkisstj.: Hverjir vinna að þessari endurskoðun? Þar ættu fleiri að koma til en sveitarstjórnarmenn og embættismenn í stjórnarráðinu. Þar ætti að mínum dómi að kveðja til einnig fulltrúa frá samtökum útvegsmanna, bænda og iðnaðarmanna. Einnig væri ástæða til að kalla þar til fulltrúa frá fleiri samtökum, svo sem Alþýðusambandinu og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ætla mætti, að fulltrúar frá þeim vildu vinna að jöfnuði í þessum efnum.

Ég tel, að atvinnurekendur séu búnir að bíða of lengi eftir því að fá þóknun, sem þeim ber að fá fyrir innheimtustörfin, og það eigi að ákveða greiðslu til þeirra nú þegar án þess að láta þá bíða lengur eftir því. Ég er því andvígur till. hv. fjhn. um að vísa frv. frá, legg til, að sú till. verði felld, en frv. á þskj. 5 verði samþ.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér inn í þessar umr., en það er aðeins vegna umr. um aðstöðugjaldið af áburðinum, að ég vildi segja nokkur orð í sambandi við till. hv. 5. þm. Norðurl. e., sem var felld hér fyrir nokkrum dögum. Ég hef ekki þessa till. fyrir mér, en ég man nokkurn veginn, hvernig hún var og hún endaði með því, að ekki verði lagt aðstöðugjald á áburðarverksmiðjuna. Það hefði verið alveg óþarfi að samþykkja það, vegna þess að það er ekkert aðstöðugjald lagt á áburðarverksmiðjuna. Ég tel rétt, að það komi hér fram, vegna þess að eins og till. hv. þm. var orðuð, hefði mátt ætla, að svo væri, þar sem það er tekið fram í henni, að það verði ekki lagt aðstöðugjald á áburðarverksmiðjuna. En þrátt fyrir þetta má vera, að aðstöðugjald sé lagt á áburðinn hjá einstökum verzlunum, og þá eru það sveitarstjórnirnar þar, sem ákveða það. Hv. 1. þm. Norðurl. v. nefndi nú dæmi um það, að a. m. k. ein sveitarstjórn hefði talið eðlilegt að leggja ekki aðstöðugjald á áburð, og það finnst mér satt að segja alveg eðlilegt. Og ég held, að það mætti nefna mörg dæmi um það, að það hefði ekki verið gert. Og að bændur borgi kannske yfirleitt allt að 1000 kr. í aðstöðugjald af sínum áburði, held ég, að fái ekki staðizt, a. m. k. ekki þar, sem ég þekki til. Ég tel, að þetta þurfi að koma hér fram, að bæði sveitarstjórnir hafa þetta í sinni hendi og að það er hægt að vitna í það, að margar þeirra telji ekki ástæðu til að leggja hátt aðstöðugjald á áburðinn, því að yfirleitt er hann seldur til bænda án álagningar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég gat þess áðan í ræðu minni, að síðast þegar ég fékk upplýsingar um álagningu aðstöðugjalda á tilbúinn áburð, hefði ég komizt að þeirri niðurstöðu, að eitt sveitarfélag eða sveitarstjórnin í einu kauptúni hefði sleppt því að leggja aðstöðugjald á áburðinn, en annars staðar á verzlunarstöðunum hefði álagið verið frá ¼% og upp í 2%. Og það eru mörg þrep þar á milli. Þetta er ákaflega mismunandi eins og á mörgum fleiri vörum. Og ég veit, að það er rétt, og vegna þess var þessi till. frá hv. 5. þm. Norðurl. e. um, að gjaldið skyldi ekki fara yfir ½% á áburðinn, að það mun mega finna dæmi þess, að meðalbóndi verði að borga 1000 kr. í aðstöðugjald af áburðinum á túnið sitt í ár, því að ég geri alls ekki ráð fyrir því, að aðstöðugjöldin verði lækkuð, verði lægri nú en þau voru árið áður. Og þetta er óhæfilegt. En þetta voru menn í raun og veru að ákveða, þeir sem felldu till. Stefáns Valgeirssonar, hv. 5. þm. Norðurl. e., á dögunum. Hvort hæstv. landbrh. hefur verið í þeim hópi, veit ég ekki.

ATKVGR.

Till. á þskj. 580 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 23:5 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Æskulýðsmál.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um æskulýðsmál** [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3., 4. og 5. fundi í Nd., 16.. 17. og 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 23. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fyrir síðasta Alþ., skömmu áður en það lauk störfum, og hlaut því ekki afgreiðslu. En því var engu að síður vel tekið, enda fjallar það um málefni, sem almennt samkomulag er um, að nauðsyn sé að sinna í ríkara mæli en nú á sér stað, og æskilegt sé, að sett sé löggjöf um.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hvarvetna er nú litið svo á, að tvö einkenni nútímaþjóðfélagshátta, einkum og sér í lagi í svonefndum velferðarríkjum, hafi haft í för með sér sérstök og sérstæð vandamál, ekki hvað síst fyrir æskufólk. Ég á hér annars vegar við auknar tómstundir og hins vegar aukin fjárráð. Að sjálfsögðu hefur það verið keppikefli umbótamanna, að vinnudagur styttist og tómstundir aukist þar með og að raunveruleg laun hækki. Hvort tveggja hefur átt sér stað í nútíma iðnaðarríkjum, ekki síst velferðarríkjunum svonefndu, á undanförnum áratugum.

En smám saman hefur mönnum orðið ljóst, að þessum framförum hafa fylgt ný vandamál, ekki síst fyrir æskufólk. Auknum tómstundum hefur ekki alltaf verið varið til þess að efla þroska og lífsgleði. Þær hafa oft orðið undirrót lífsleiða, tómleikatilfinningar, öfuguggaháttar og jafnvel glæpa. Og aukin fjárráð æskufólks hafa ekki alltaf orðið til þess, að það noti fé sér til menningarauka eða hollrar skemmtunar, heldur oft til afkáraskapar, óhollra skemmtana og jafnvel skaðlegra nautna. Þetta hefur víða um lönd opnað augu manna fyrir því, að hið opinbera eigi skyldum að gegna í þessum efnum, það sé nauðsynlegt, að hið opinbera stuðli með ýmsum hætti að því, að unglingar noti auknar tómstundir og aukin fjárráð skynsamlega. Skoðanir eru með eðlilegum hætti nokkuð skiptar um það, hversu mikil bein afskipti ríkið eða aðrir opinberir aðilar eigi að hafa af þessum málum eða í hversu ríkum mæli afskiptin eigi að vera óbein, þ. e. a. s. í formi stuðnings við ýmiss konar frjálsa einkastarfsemi á þessu sviði. En ágreiningur virðist ekki um það, að eðlilegt sé, að hið opinbera hafi nokkur afskipti af þessum málum og þá á grundvelli einhvers konar rammalöggjafar um æskulýðsmál.

Ríkisstj. hefur verið ljóst, að eðlilegt væri og skynsamlegt, að sett yrði hér á landi löggjöf um þessi efni, enda er slík löggjöf til í nálægum löndum eða verið að undirbúa hana. Þess vegna var það, að í desember 1963 skipaði ég nefnd til þess að semja frv. til l. um æskulýðsmál, þar sem sett væru ákvæði um stuðning hins opinbera, þ. e. a. s. ríkis og sveitarfélaga, við æskulýðsstarfsemi, er m. a. miði að því að veita æskufólki þroskandi viðfangsefni í tómstundum. Í nefndina voru skipaðir séra Bragi Friðriksson þáv. framkvæmdastjóri Æskulýðsráðs Reykjavíkur, séra Eiríkur J. Eiríksson sambandsstjóri Ungmennafélags Íslands, Gísli Halldórsson forseti Íþróttasambands Íslands, Jón Pálsson tómstundaráðunautur, Jónas B. Jónsson skátahöfðingi, Ólafur Egilsson þáv. formaður Æskulýðssambands Íslands, Ólafur Þ. Kristjánsson stórtemplar, séra Ólafur Skúlason þáv. æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar, Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins og Knútur Hallsson deildarstjóri í menntmrn., sem jafnframt var skipaður formaður n. Frá því í sept. 1965 var Sigurður Þorkelsson fulltrúi á fræðslumálaskrifstofunni skrifari n. N. skilaði áliti í marz 1967, og er þetta frv. samið af n. og flutt hér óbreytt eins og hún gekk frá því.

N. safnaði gögnum um opinberan stuðning við æskulýðsmál í nokkrum löndum, og fylgja sem fskj. með frv. ýmsar upplýsingar um skipan þessara mála í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og sambandslýðveldinu Þýzkalandi. Með tilstyrk Sambands ísl. sveitarfélaga safnaði n. upplýsingum um stuðning sveitarfélaga við æskulýðsmál. Þá safnaði n. ýmsum upplýsingum um framlög hinna frjálsu æskulýðssamtaka sjálfra til starfsemi sinnar, og enn fremur var safnað upplýsingum um félags- og tómstundastarfsemi í skólum. Ýmsum fleiri upplýsingum um æskulýðsmál safnaði n., og er gerð grein fyrir þeim helztu í grg. frv.

Fyrir milligöngu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna og með fjárhagsstyrk hollenzkra stjórnarvalda kom hingað til lands hollenzkur sérfræðingur í æskulýðsmálum, en hann er framkvæmdastjóri Landssambands æsku-

lýðsmiðstöðva í Hollandi og formaður Sambands hollenzkra æskulýðsfélaga og forstöðumaður stjórnskipaðrar nefndar, sem á að kanna möguleika á setningu heildarlöggjafar um æskulýðsmál í Hollandi. Í sambandi við komu hans boðaði n. til ráðstefnu um æskulýðsmál, þar sem þessi mál voru rædd ýtarlega og allir helztu aðilar, sem hér eiga hlut að máli, fengu tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Var sérfræðingurinn nefndinni til leiðbeiningar og aðstoðar við samningu þessa frv.

Frv. er skipt í fimm kafla. Í I. kaflanum eru almenn ákvæði um tilgang laganna og hvaða aðilar skuli njóta stuðnings samkv. þeim. Er þar í fyrsta lagi lögð áherzla á stuðning við svonefnda frjálsa æskulýðsstarfsemi, þ. e. a. s. hin fjölmörgu félagssamtök æskumanna sjálfra og áhugamanna um æskulýðsmál. N. er þeirrar skoðunar, að þessi frjálsa starfsemi eigi að gegna áfram forustuhlutverki í íslenzkum æskulýðsmálum og gangi opinber stuðningur við æskulýðsmál fyrst og fremst til hennar. Allmikill fjöldi æskufólks stendur þó utan þessarar félagsstarfsemi. N. bendir á, að þó að æskilegt sé, að unglingar starfi sem mest innan æskulýðsfélaga í tómstundum sínum, geta þó ýmsar ástæður valdið því, að þeir laðist ekki að slíku félagsstarfi. Bendir n. á, að ekki sé síður mikilvægt, hvernig þetta æskufólk verji tómstundum sínum. Það er einkum fyrir þennan hóp æskufólks, sem ýmis sveitarfélög hafa á síðari árum komið á fót nokkurri tómstundastarfsemi, þ. á m. svokölluðum opnum húsum, þar sem æskufólki í viðkomandi byggðarlagi er venjulega frjálst að koma að vild og njóta dægrastyttingar í menningarlegu umhverfi. N. telur eðlilegt, að frumkvæði í þessum efnum verði áfram í höndum sömu aðila, þótt frv. geri ráð fyrir því, að leita megi til ríkisvaldsins um ýmiss konar stuðning, ef þess er talin sérstök þörf. N. bendir á nauðsyn þess, að eðlileg verkaskipting skapist milli sveitarfélaganna annars vegar og skóla og frjálsra félaga hins vegar, þannig að afskiptum sveitarfélaganna verði haslaður völlur, þar sem starfsemi hinna síðarnefndu sleppir.

Innan skólanna fer að sjálfsögðu fram víðtæk æskulýðsstarfsemi. Nefndin er þeirrar skoðunar, að félagslíf í skólum eigi fyrst og fremst að vera í höndum skólanna sjálfra og aðallega nemenda hvers skóla. N. telur þessa starfsemi mjög mikilvæga og því eðlilegt, að æskulýðslöggjöf taki til hennar og heimili að veita félagslífi í skólum nokkurn opinberan stuðning. N. bendir og á, að ekki sé unnt að líta fram hjá skólunum, ef samræma eigi aðgerðir í æskulýðsmálum þjóðarinnar. Afmarka þurfi afskipti skóla af nemendum utan kennslustunda og stuðla að samvinnu skóla við æskulýðsfélög og sveitarfélög um afnot skólahúsnæðis til æskulýðsstarfsemi á þeim tíma, sem kennsla fer ekki fram í skólahúsnæðinu. Í þessu sambandi má geta þess, að nokkur undanfarin ár hefur menntmrn. heimilað allt að 150 klst. afslátt af kennslustundaskyldu í viku í skólum gagnfræðastigsins í Reykjavík vegna félags- og tómstundastarfsemi í þágu nemenda. Á skólaárinu 1964—1965 var varið um 550 þús. kr. í þessu skyni. Í lögum þeim um skólakostnað, sem sett voru á síðasta Alþ., er heimilað að styðja sambærilega skóla annars staðar á landinu með sama hætti. Þá hefur menntmrn. gengizt fyrir listkynningu í skólum um mörg undanfarin ár.

Íþróttasamtök hafa nokkra sérstöðu meðal æskulýðsfélaganna. Þau hafa með sér sterk heildarsamtök og standa fastari fótum skipulagslega og fjárhagslega en flest eða öll önnur æskulýðssamtök. Þessu frv. er að sjálfsögðu ekki ætlað að veikja að neinu leyti þá aðstöðu, sem íþróttahreyfingin hefur skapað sér, heldur þvert á móti leitast við að veita henni viðbótarstuðning. Og svipuðu máli gegnir um bindindisstarfsemi meðal ungs fólks.

Ekki hefur þótt rétt að útiloka, að stjórnmála- og trúfélög, sem sinna æskulýðsmálum, geti notið góðs af ákvæðum lagasetningar um þessi efni, eftir því sem efni kunna að standa til. Í nágrannalöndum hefur sú stefna yfirleitt orðið ofan á, að opinber stuðningur í þessum efnum fari eftir því, hver verkefnin séu, en ekki hvaða aðilar hafi þau með höndum.

II. kafli frv. fjallar um stjórn æskulýðsmála. N. telur eðlilegt, að framkvæmd laga um æskulýðsmál heyri stjórnskipulega undir menntmrh. og rn. hans. Sums staðar erlendis heyrir þessi málaflokkur undir félmrn., og enn annars staðar hefur verið komið á fót sérstökum æskulýðsmálaráðuneytum. N. er þeirrar skoðunar, að þar sem æskulýðsmál séu nátengd uppeldis- og skólamálum, fari bezt á því, að þau falli undir það rn., sem fjallar um þau mál. Frv. gerir ráð fyrir því, að ráðh. og rn. til aðstoðar í þessum efnum skuli vera 5 manna ráð, æskulýðsráð ríkisins. Ráðinu er fyrst og fremst ætlað að vera ráðgefandi aðili. Verður hlutverk þess að samræma og samstilla þau öfl, sem að þessum málum vinna, því að ekki er ætlað að auka bein ríkisafskipti af æskulýðsmálum, heldur stuðla að því, að störf þeirra aðila, sem nú vinna að slíkum málum, nýtist betur og markvissar. Því er ætlað að vera stjórnvöldunum til aðstoðar við að skapa ákveðna stefnu í æskulýðsmálum í samræmi við efni og anda löggjafarinnar, líkt og segja má, að stefna hafi verið mótuð á sínum tíma við einn þátt æskulýðsmála með setningu íþróttalaga. Ráðið á að vera þannig skipað, að þrír skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamtökum samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, einn skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, en ráðh. skipar formann ráðsins án tilnefningar. Skipunartími er 3 ár.

Auk þeirra verkefna, sem ég nefndi áðan, er gert ráð fyrir því, að æskulýðsráðið safni gögnum um æskulýðsmál og fylgist með þróun þeirra. Það á og að efna til umræðufunda um æskulýðsmál eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er gert ráð fyrir, að þar verði ýmist um að ræða fámenna umræðufundi sérfræðinga á vissum sviðum eða fjölmennar æskulýðsráðstefnur með þátttöku fulltrúa frá stofnunum og félagsheildum. Þá er það hlutverk ráðsins að gera till. til menntmrn. um fjárveitingar til æskulýðsmála.

Gert er ráð fyrir, að ráðinn verði sérstakur æskulýðsfulltrúi ríkisins, er annist framkvæmdastjórn fyrir æskulýðsráð. Slíkur fulltrúi hlýtur

að starfa í náinni samvinnu við íþróttafulltrúa ríkisins, æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar og framkvæmdastjóra hinna ýmsu æskulýðsráða sveitarfélaganna.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að í hverju kjördæmi skuli vera æskulýðsráð, tala fulltrúa í því fari eftir aðstæðum í hverju kjördæmi, en gert er ráð fyrir, að þeir verði eigi færri en fimm. Talið er æskilegt, að í hverju kjördæmi starfi slíkt ráð, er hafi yfirsýn yfir starf þess svæðis í æskulýðsmálum. Ætlazt er til, að sveitarstjórnaraðilar í hverju kjördæmi undir forustu Sambands ísl. sveitarfélaga setji þessum ráðum starfsreglur. Nú starfa sérstaklega í kaupstöðum sjálfstæð æskulýðsráð eða nefndir. Frv. gerir ráð fyrir því, að þær starfi áfram og nýjar verði stofnaðar, eftir því sem sveitarstjórnum sjálfum kann að sýnast. Það er stefna frv., að sjálfræði og frumkvæði sveitarfélaga í þessum efnum verði í engu skert, en hins vegar er mikilvægt, að starfsreglur slíkra æskulýðsnefnda verði samræmdar eftir föngum, sérstaklega í því skyni, að þær fari ekki inn á svið hinna frjálsu æskulýðssamtaka, þar sem þau eru virk.

Allir þeir, sem sinna æskulýðsmálum hér á landi, virðast sammála um, að eitt af því, sem helzt háir slíkri starfsemi hér, sé skortur á þjálfuðum leiðbeinendum og skortur á fé til að greiða leiðbeinendunum laun. Í frv. er þess vegna gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði allt að 50% kostnaðar við þjálfun leiðbeinenda og allt að 50% af launum þeirra. Er litið svo á, að íþróttahreyfingin eigi að njóta tilsvarandi styrks úr íþróttasjóði, þ. e. a. s. 50% af kostnaði við íþróttakennslu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því, að sveitarfélag greiði annan leiðbeinendakostnað, svo og æskulýðssamtökin sjálf. Verkefni slíkra leiðbeinenda eru mjög margvísleg: leikstjórn, söngstjórn, föndur ýmiss konar, sjó- og búvinna, dans, skák, bridge, bindindisfræðsla, félagsfræðsla og íþróttir. Ákvæði frv. um þennan fjárstuðning frá ríkissjóði eru heimildarákvæði. Það er eðlilegt, að Alþ. sjálft ákveði hverju sinni, hversu miklu fé það vill ráðstafa í þessu skyni. Þótt frv. verði að lögum, veitir það sveitarfélögum og æskulýðsfélögum enga lagakröfu á slíkum stuðningi, heldur fer hann eftir fjárveitingum á hverjum tíma.

Annað atriði, sem menn virðast sammála um, að hái mjög æskulýðsstarfsemi, er skorturinn á leiðtogum, þ. e. a. s. mönnum, sem hafa vilja og getu til að stjórna félagsmálum og skipuleggja þau. Erlendis er reynslan sú, að námskeið, sem haldin hafa verið til að mennta menn til slíkra starfa, hafa borið mjög góðan árangur og orðið til þess að örva menn til ýmiss konar starfa í félagslífi. Æskilegt væri, að slíkum námskeiðum væri komið á fót hér á landi.

Þá er í frv. fjallað um stuðning við sumarbúðir og útivistarsvæði og ferðalög. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að oft hafa hlotizt vandræði af ferðum unglinga að sumarlagi til ýmissa fagurra og vinsælla staða. N. er þeirrar skoðunar, að ein höfuðástæða til þess losarabrags, sem oft og tíðum hefur verið á samkomum eða útiskemmtunum æskufólks víðs vegar um landið, sé skortur á aðstöðu til leikja og dægradvalar og aðrar ófullnægjandi ytri aðstæður, t. d. í hreinlætisefnum. N. telur, að með því að bæta þessar aðstæður megi stíga mikilvægt skref í þá átt að efla menningarlega umgengnishætti á útivistarsvæðum. N. telur, að frjáls æskulýðsfélög og hlutaðeigandi sveitarfélög eigi að hafa frumkvæði í þessu efni, en ríkið eigi að styrkja slíka viðleitni eftir föstum reglum. N. bendir á það, að æskilegt væri að styrkja hér þá sérstöku tegund af útivistarsvæðum, sem nefna mætti tjaldbúðarsvæði eða camping, sem mjög tíðkast erlendis, en setja þyrfti þá um leið ströng og ákveðin fyrirmæli um góða umgengni og reglusemi. Þá bendir n. á nauðsyn þess að efla sumarbúðastarfsemi, þ. e. skilyrði til dvalar í varanlegum húsakynnum að sumarlagi, þar sem aðstaða er til leikja og starfa undir stjórn þjálfaðra æskulýðsleiðtoga.

Frv. gerir ráð fyrir því, að unnt sé að styrkja enn fleiri verkefni en þau, sem ég hef þegar nefnt, t. d. útgáfustarfsemi, fræðslunámskeið og ýmiss konar starfsemi, sem haldið er uppi í svonefndum opnum húsum. Þá er nefndur möguleiki á stuðningi við nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, og bendir n. á, að fjölmiðlunartæki nútímans, svo sem sjónvarp, virðast bjóða upp á ýmsa nýja möguleika í æskulýðsstarfsemi.

Þá er í frv. fjallað um stuðning sveitarfélaga við æskulýðsmál. Ýmis sveitarfélög hafa látið sig æskulýðsmál miklu skipta. Nauðsynlegt er, að heilbrigð samvinna komist á milli ríkisvalds og sveitarstjórna á þessu sviði. Gerir frv. ráð fyrir því, að Samband ísl. sveitarfélaga verði tengiliður við ríkisvaldið í þessum efnum og það beiti sér fyrir því, að samdar verði reglur um, hvernig stuðningi ríkisins við starfsemi sveitarfélaganna verði háttað í megindráttum, en menntmrh. staðfesti reglurnar, að höfðu samráði við æskulýðsráð ríkisins.

Ég er sammála því meginsjónarmiði n., sem samning þessa frv. byggist á, að ekki sé rétt að setja í lög nákvæm og tæmandi fyrirmæli um einstök atriði þessara mála, heldur gera ráð fyrir því, að þeim verði skipað með reglugerðum, eftir því sem þróun og reynsla kann að gefa tilefni til. Ég tel þá stefnu n. og frv. rétta að setja á þessu stigi rúma löggjöf, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Á grundvelli hennar má síðan marka breytilega stefnu, eftir því sem þörf er fyrir hverju sinni. Það mundi að sjálfsögðu falla í hlut æskulýðsfulltrúa ríkisins, sem skipa yrði þegar í stað, ef lög þessi næðu fram að ganga, og æskulýðsráðs ríkisins, sem einnig yrði komið á fót þegar í stað, að móta stefnuna í þessum efnum og hafa forustu um það nýja starf, sem eðlilegt væri, að hafið yrði, ef frv. nær fram að ganga. Ég er sannfærður um, að af lagasetningu sem þessari og skipun æskulýðsfulltrúa æskulýðsráðs mundi margt gott geta leitt í þágu íslenzkrar æsku.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hér er komið fram frv. til l. um æskulýðsmál, og ég sé ástæðu til þess að fagna því og þakka þeim, sem að því hafa unnið. Það hefur margt verið með töluverðum losarabrag hér í þessu þjóðfélagi okkar nú um

skeið og ekki hvað sízt líf æskulýðsins, og það er full ástæða til að fagna hverri viðleitni til úrbóta í þeim efnum.

Fullyrða má, að hér sé á ferðinni þaulhugsað frv. og vel unnið. Sú 10 manna n., sem hæstv. menntmrh. fól fyrir ekki skemmri tíma en þremur árum að semja frv., var skipuð ýmsum helztu áhrifamönnum á sviði íslenzkra æskulýðsmála, svo að varla þarf að efa, að störf hennar hafi markazt af mannviti, reynslu og þekkingu, sízt þegar þess er gætt, að nm. höfðu náið samráð við öll helztu félög og samtök æskulýðsins í landinu og efndu m. a. til sérstakrar ráðstefnu í því sambandi. Enn fremur var svo að sjálfsögðu kvaddur til útlendur sérfræðingur.

Að sjálfsögðu, segi ég, vegna þess að það er að verða þjóðarsiður hér hjá okkur Íslendingum að kalla á útlendinga í tíma og ótíma og spyrja þá, hvernig við eigum að haga okkur hér norður á þessu afskekkta landi okkar. Sérþekking útlendinga getur vitaskuld oft komið að góðum notum, en hitt er jafnvíst, að vegna fámennis okkar og stærðar landsins er margur okkar vandi þannig vaxinn, að jafnvel hinir lærðustu útlendingar munu eiga erfitt með að skilja hann betur en við sjálfir. Og svo er til að mynda að mínum dómi um þann vanda, sem að okkur steðjar í sambandi við þroska og uppeldi æskulýðsins.

Þess vegna varð mér það undrunarefni að lesa í grg. fyrir frv. þessu, hve mjög hinn útlendi sérfræðingur virðist hafa komið við sögu þess. Hann dvaldist hér að vísu aðeins í 10 daga. En að þeim tíma liðnum vissi hann nógu mikið til þess að leggja fram till., sem frv. þetta virðist að allmiklu leyti byggjast á. Þó eru þær till. á engan hátt svo nýstárlegar, að þær hafi ekki alveg eins getað orðið til í huga einhvers Íslendings með litla sem enga sérfræðiþekkingu á málinu. Ég nefni sem dæmi einn tillöguliðinn af 9, þann 6., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sökum þess, hve Reykjavík er í örum vexti, þarf að huga sérstaklega að vandamálum æskunnar þar og gera ráðstafanir til úrbóta hið allra fyrsta.“

Svo mörg eru þau orð. Og þetta er vissulega alveg rétt athugað. En þó mundu flestir telja, að þeir vitru menn, sem falið var að semja frv. þetta, hefðu hver um sig og upp á eigin spýtur getað komizt að þessari niðurstöðu.

Nú segja kannske einhverjir, að ástæðulaust sé að gera veður út af þessu, því að þessi sérfræðingur hafði komið hingað okkur að kostnaðarlausu, og það er alveg rétt. UNESCO, Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna, sú gagnmerka stofnun, gekk í að útvega manninn og fékk ríkisstj. hans, þ. e. hollenzku stjórnina, til að borga ferðir hans og uppihald hér. Það virðist að vísu orðið viðhorf furðumargra Íslendinga, að við hljótum að taka með fögnuði öllu því, sem okkur berst ókeypis frá útlendingum, en þó munu ýmsir telja, að okkur hefði verið sæmra að borga þennan kostnað sjálfir og benda um leið kurteislega á, að samsvarandi fjárhæð hefði verið betur varið á vegum Sameinuðu þjóðanna til hjálpar einhverju því fólki, sem á við að stríða meiri þrautir og neyð af fátæktar sökum heldur en við Íslendingar.

Að sérfræðingurinn kom frá Hollandi, er mér einnig nokkurt undrunarefni. Ísland er með strjálbýlustu löndum heims og margur okkar vandi og þar á meðal sá vandi, sem snertir æskulýðsmálin, jafnt þann hluta æskulýðsins, sem í þéttbýlinu býr, eins og þann, sem á heima í sveitunum, er á einhvern hátt tengdur þessum landsháttum og verður einnig að leysast með tilliti til þeirra. Holland aftur á móti er eitt af þéttbýlustu löndum heims. Vandamál Hollendinga hljóta því að vera um margt gerólík okkar vandamálum, og æskulýðsvandamál þeirra verða að leysast með tilliti til þeirra staðreynda fyrst og fremst, að það er þröngt í landinu. Það er vegna þessa, sem ég undrast, að valinn skyldi maður einmitt frá Hollandi til að hjálpa til við undirbúning þessa frv. Ég held í fáum orðum sagt, að Hollendingur, jafnvel þótt sérfræðingur sé, geti ekki skilið æskulýðsvandamál okkar betur en okkar eigin menn, þeir sem af mestri einlægni hafa unnið að lausn þeirra.

Ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því, að ég skuli með þessu víkja nokkuð út fyrir þrengstu takmörk þess máls, sem hér er til umr. En fyrir þá sök vek ég máls á þessu hér, að mér eins og mörgum öðrum er farið að þykja nóg um það, hversu mjög við Íslendingar setjum traust okkar á útlendinga við lausn okkar eigin vandamála. Þetta er að mínum dómi vanmetakennd, sem er okkur til lítils sóma. Það er eins og við þorum varla, ef svo mætti að orði komast, að snúa okkur við lengur án þess að spyrja fyrst útlending, hvort við séum ekki að gera einhverja bölvaða bölvleysu. Og munu þó ýmsir telja, að við höfum gert þeim mun fleiri bölvaðar vitleysur sem við höfum haft fleiri útlendinga með í ráðum.

Höfundar þessa frv. hefðu að mínum dómi vegna þekkingar sinnar og reynslu varðandi vandamál æskulýðsins hér í þessu strjálbýla fjallalandi okkar — hver um sig getað upp á eigin spýtur skilað því í þeirri mynd, sem það liggur hér fyrir. En samt töldu þeir vissara að kalla sér til halds og trausts á mann frá því þéttbýla, blauta og flata Hollandi, samkv. þeirri viðteknu venju að spyrja útlendinga álits um hvað eina það, sem til stendur að gera í opinberum málum á Íslandi. Með þessu tel ég, að þessir ágætu menn hafi sýnt sjálfum sér vantraust, sem er ekki aðeins ástæðulaust, heldur einnig mjög svo óviðeigandi.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að staðhættir í þessu þjóðfélagi eru um svo margt svo gerólíkir því, sem annars staðar gerist, og vandamál okkar þess vegna svo sérstæð, að við getum á enga treyst nema sjálfa okkur til lausnar þeim, og meðal þessara vandamála eru þau, sem snerta æskulýðinn. Hitt vil ég líka ítreka, að með þessu er ég ekki að halda því fram, að við getum í engri grein haft gagn af áliti útlendra sérfræðinga, fjarri því. Við eigum að leita álits erlendra sérfræðinga, þegar ástæðurnar krefjast þess, en annars ekki. Og sízt vildi ég með þessu kasta rýrð á Hollendinga sem slíka, þekkingu þeirra og vitsmuni. Þeir geta eflaust margt nytsamlegt kennt okkur. Ef við hygðum á einhver stórræði til að mynda í túlípanarækt, teldi ég sjálfsagt að kalla á Hollending.

Gildi þessa frv. er ekki í því fólgið, að með því sé bent á endanlega lausn á æskulýðsvandamálum okkar, enda er slíkt ekki tilgangur höfundanna né heldur þess hæstv. ráðherra, sem fól þeim verkið. Tilgangurinn er sá að koma á skipulagi, sem hægt væri að byggja á lausn þessara mála, og í því er gildi frv. fólgið. Það vekur vonir um, að hið opinbera muni nú loks fara að taka til hendinni, svo að um munar, í þessum efnum, og það eitt er ærið fagnaðarefni, enda ekki seinna vænna. Um skipulagið sjálft, eins og það er hugsað í frv., mun ég ekki ræða að þessu sinni, og gætu þó virzt á því einhverjir annmarkar. En hitt skiptir þó mestu, hvernig lögunum verður beitt, að hverju verður helzt með þeim stefnt.

Hverjar eru helztu orsakir þess, að svo er komið sem komið er? Hvernig stendur á því, að við erum í svona miklum vandræðum með æskulýð okkar? Orsakirnar eru að sjálfsögðu margar, fleiri en svo, að það sé á mínu færi að rekja þær allar til hlítar, en ég vildi leyfa mér að fjalla hér um þær, sem ég tel einna helztar.

Íslenzkt þjóðfélag hefur á hinu öra breytingaskeiði undanfarinna áratuga haft æ meiri tilhneigingu til að stía þegnum sínum sundur eftir aldursflokkum. Í fremstu stíunni eru unglingar. Nokkru innar kemur svo stía fyrir miðaldra fólk, eins og við erum allflestir hv. alþm., og í innstu stíunni, þeirri sem við eigum eftir að lenda í, sumir okkar a. m. k., hefur gamalmennum verið komið fyrir. Hlutskipti þessara síðastnefndu, sú staðreynd, að nú á tímum hinnar margrómuðu velferðar eru gamalmenni sennilega þjökuð meira af einmanaleik en löngum fyrr í sögu þjóðarinnar, gefur vissulega tilefni til alvarlegrar íhugunar, en sleppum því að þessu sinni. Það er ástandið í fremstu stíunni, sem hér er til umr.

Sem kennari hef ég á undanförnum árum haft allnáin kynni af fólki á aldrinum 13—14 til 16—17 ára, og ég þykist því geta talað af nokkurri reynslu um hugsunarhátt æskulýðsins og þær innri hræringar, sem hafa verið nefndar sálarlíf.

Þess er þá fyrst að geta, að unglingar hafa í dag býsna ákveðnar meiningar um það, hvað valdi þeim sálarlífs- og tilfinningatruflunum, sem þeir verða fyrir. Ef þeir haga sér á einhvern hátt öðruvísi en sæmilegt getur talizt, ætla allt að æra með hávaða eða vinna jafnvel spjöll á umhverfi sínu og maður spyr, hvers vegna í ósköpunum þeir láti svona, þá horfa þeir gjarnan á mann með innilegum sakleysissvip og segja: „Við erum á svo erfiðum aldri.“ Maður reynir kannske að halda því fram, að það sé ekki endilega víst, að þeir séu á neitt erfiðari aldri en t. d. maður sjálfur eða bara mannfólkið upp og ofan. En það kemur fyrir lítið. Unglingarnir eru sannfærðir um algera sérstöðu sína í þessum efnum, enda telja þeir sig hafa fengið hana rækilega staðfesta af ummælum ýmissa sálfræðinga og annarra málsmetandi manna en fyrst og fremst þó af greinum í vikuritum og öðrum skemmtiritum, sem þeir gleypa í sig af hvað mestri áfergju.

Þegar unglingur, sem reynzt hefur hið mesta prúðmenni, fer allt í einu að valda leiðindum eða jafnvel vandræðum með framkomu sinni, eins og stundum kemur fyrir, er allt eins líklegt, að hann hafi lesið einhverja ómerkilega sálarlífsspeki í uppáhaldsskemmtiritinu sínu og dregið af því þá ályktun, að hann hljóti að vera kvalinn af ýmsum annarlegum kenndum, einfaldlega vegna þess að hann sé unglingur, og nú sé um að gera að ná sér niðri á einhverjum fyrir þetta. Það er jafnvel hugsanlegt líka, að hann hafi þennan vísdóm frá einhverjum viðurkenndum sálfræðingi. Ég hef heyrt unglinga vitna í ýmsa slíka menn til afsökunar á vafasömu framferði sínu. Þetta er yfirleitt allt saman einhverjum svokölluðum komplexum að kenna. Komplexar eru, þótt ótrúlegt megi virðast, eitt af aðalumræðuefnum unglinganna. Mér er jafnvel ekki grunlaust um, að sumir þeirra séu betur að sér í komplexum en flestum eða öllum þeim námsgreinum, sem þeir eiga að læra í skólanum. Og raunar engin furða, svo mjög sem um þessi fyrirbæri er rætt og ritað opinberlega.

Í blaði einu, sem nýtur mikilla vinsælda meðal unglinga, sá ég einhverju sinni grein, þar sem nákvæmlega voru raktir allir þeir komplexar, sem þjáð geta fólk á þessum aldri, allt frá þeim komplex, sem stafar frá snöggri stækkun á nefinu, til þeirra, sem orsakast af breytingum á tiltekinni kirtlastarfsemi. Þetta var mikill bálkur, og ég er viss um, að eftir lestur þessarar greinar hefur margur unglingurinn verið orðinn a. m. k. einum komplexinum ríkari en áður

Með þessu vildi ég segja það, að hið mikla umtal í ræðu og riti, sem uppi er haft um vandamál æskulýðsins, hafi á margan hátt orðið til þess að auka þessi vandamál frekar en hitt.

Stundum þegar mál þessi ber á góma, geri ég samanburð á jafnöldrum mínum, þegar við vorum ungir, og æskulýðnum í dag, og slíkan samanburð hygg ég, að margir ykkar hafi einnig gert, hv. alþm. Við áttum að sjálfsögðu við ýmis vandamál að stríða. En okkur skorti alla fræðilega undirstöðu til þess að rökræða þau hver við annan eða orsakir þeirra. Ég er ekki viss um, að við höfum nokkurn tíma heyrt orðið komplex, og við hefðum eflaust ekki einu sinni skilið það, þótt við hefðum heyrt það, og allra sízt hefðum við getað gert vangaveltur út af slíkum fyrirbærum að tómstundadútli, eins og ungt fólk nú til dags. Það má eflaust segja, að við höfum vitað of lítið um tilfinningalíf okkar og leyndardóma kirtlastarfseminnar. Má vel vera, að okkur hefði veitzt auðveldara að yfirstíga margs kyns erfiðleika, ef við hefðum vitað meira. Þó fullyrði ég, að við nutum lífsins betur og með eðlilegri hætti en ungt fólk gerir í dag. Þá var líka sú skoðun ríkjandi, að það væri gaman að vera ungur, og við trúðum þessu og fundum það reyndar oftast nær sjálfir. Okkur fannst það gaman. Nú er það hins vegar fullyrt af ábyrgum aðilum jafnt sem óábyrgum, að það sé fyrst og fremst erfitt að vera ungur. Og vissulega má með sanni segja, að það sé á ýmsan hátt erfiðara nú en fyrrum, vegna þess að lífið er orðið flóknara og margt svo mjög á hverfanda hveli, að slíkt hljóti að valda öryggisleysi í sálum hinna ungu. En margt er líka orðið miklu tryggara nú og möguleikar þeir, sem við þessu fólki blasa, miklu fleiri og glæsilegri en nokkru sinni fyrr.

Þær staðreyndir skipta hins vegar furðulitlu

máli, þegar þetta fólk metur hlutskipti sitt. Sá, sem segist gleðjast yfir hlutskipti sínu, af því að það sé gaman að vera ungur, hefur að þess dómi ekki fylgzt með tímanum og er haldinn úreltum sjónarmiðum. Það telur sig vita betur, vísindalegar niðurstöður hafi sýnt það og sannað, að það sé fyrst og fremst erfitt að vera ungur. Í fáum orðum sagt, allt hið mikla tal um tilfinningalíf æskulýðsins og vandamál þau, sem því eru samfara, hefur alið með honum sjálfsvorkunn, sem birzt getur sem mjög slæm móðursýki. Meðalhófsins hefur hér ekki verið gætt sem skyldi.

Nú mundi líklega vissara að taka það fram, — ég tala nú ekki um, ef einhverjir gamlir og góðir nemendur mínir fengju spurnir af þessum ummælum mínum hér, — að íslenzkur æskulýður, eins og ég hef kynnzt honum, er ekki allur undir þessa sök seldur, fjarri því. En þó tel ég, að þessi meinsemd sé orðin það útbreidd og djúpstæð, að tvímælalaust megi telja hana eina af helztu orsökum þess, að við erum í vandræðum með æskulýð okkar.

Mér er líka ljúft að játa það, að þrátt fyrir alla galla þessa fólks getur maður haft hina mestu ánægju af samvistum við það. Menn mega ekki halda, að það hafi glatað allri heilbrigðri lífsgleði. Allt í einu getur það gleymt öllum sínum komplexum og hagað sér á allan hátt eðlilega, og þá kemur í ljós, að þetta eru inn við beinið hinar elskulegustu manneskjur og satt að segja að ýmsu leyti miklu skemmtilegri en afgangurinn af mannfólkinu. Slíkar stundir valda því, að maður getur ekki annað en látið sér þykja vænt um þetta fólk. En slíkar stundir mættu svo sannarlega vera fleiri.

Ég vænti þess, að af því, sem ég hef verið að segja hér, sé það einnig ljóst orðið, að stór hluti æskufólksins lítur á sig sem sérstaka manntegund. Hann telur sig hafa öðlazt mikinn og vísindalegan skilning á sjálfum sér, en hefur að sama skapi takmarkað álit á skilningi okkar hinna eldri og sér í lagi þó þeirra, sem næstir honum standa. Það, sem til að mynda veldur einna flestum gráum hárum í höfðum íslenzkra foreldra nú til dags, eru áhyggjur út af því, hvað börn þeirra séu einþykk og óráðþæg.

Sambandið milli kynslóðanna hefur rofnað. Þær umgangast ekki lengur hver aðra eins og eðlilegt væri, taka lítinn sem engan þátt í lífi hver annarrar, hafa lokazt inni hver í sinni stíu.

Og hvað hefur valdið þessu? Ég tel mig hafa bent á eina ástæðuna. Nú skal ég nefna aðra.

Sú viðleitni, sem að undanförnu hefur verið höfð í frammi til hjálpar æskulýðnum í félagslegum efnum, virðist byggð á þeirri meginhugsun, að vandamál hans verði helzt leyst með því að halda honum sem mest aðskildum frá öðru fólki. Sérstök æskulýðsheimili eru að sjálfsögðu góðra gjalda verð og æskulýðsdansleikir undir eftirliti samvizkusamra manna munu sjálfsagt geta minnkað hættuna á því, að unglingar lendi á glapstigum. Þó hef ég séð mörg dæmi þess í sveitinni, þar sem ég á heima, að þau böllin heppnast einmitt bezt, þar sem kynslóðirnar, ungir jafnt sem gamlir, dansa í einum sal. Og ég fullyrði hiklaust, að margt það tilstand, sem gert er með æskulýðinn sem slíkan og alveg sér á parti, er alveg ástæðulaust og sumt mjög varhugavert. Þegar til að mynda Sinfóníuhljómsveit Íslands vill bæta tónlistarsmekk ungs fólks, sem sannarlega er ekki vanþörf á, með því að bjóða því afsláttarmiða, færi bezt á, að hún gerði það án þess að auglýsa endilega sérstaka æskulýðstónleika, eins og hún hefur gert. Enda sýnist mér, að ungt fólk ætti að geta notið og haft ánægju af klassískri músik, þó að einhverjir fullorðnir séu viðstaddir. Og þó að ég þykist vita, að gott eitt vaki fyrir þeim prestum, sem nú eru í vaxandi mæli farnir að auglýsa sérstakar æskulýðsguðsþjónustur, efast ég ekki um það, að guð almáttugur mundi kunna bezt við það að sjá unga sem gamla sitja hlið við hlið í húsi sínu.

Slík dæmi mætti nefna fjöldamörg fleiri, og enda þótt þau kunni að virðast smávægileg hvert fyrir sig, á þetta þó allt sinn þátt í þeirri sorteringu, sem tvímælalaust er komin út í öfgar. Sérstakar æskulýðsguðsþjónustur gætu jafnvel virzt vottur þess, að farið sé að reikna með því, að til sé sérstakur æskulýðsguð. Víst er, að þessi sortering er vægast sagt ekki líkleg til þess að draga úr þeirri sannfæringu æskulýðsins, að hann sé sérstök manntegund. Og minnir þetta reyndar óskemmtilega mikið á það, sem gerist í löndum, þar sem kynþáttamismunun ríkir og tilteknu fólki er bannað að láta sjá sig nema á tilteknum stöðum.

Og hér er ég kannske kominn að sjálfum kjarna málsins. Allar hinar miklu umr. um vandamál æskulýðsins og tilstandið, sem stundum er verið að gera út af honum, hvað sannar það? Að eldri kynslóðin og það þjóðfélag, sem rekið er á hennar ábyrgð, láti sér í raun og veru annt um þetta fólk?

Í þessu sambandi væri freistandi að taka t. d. skólamálin til rækilegrar athugunar. Um þau væri margt að segja og ekki allt þar fallegt. Fjárveitingar til þeirra eru skornar svo við nögl, að margir skólar mundu án efa lognast út af með öllu, ef ekki væri fyrir þrautseigju og fórnfýsi þeirra, sem stjórna þeim. Ég kenndi tvo undanfarna vetur við heimavistarskóla, þar sem ekki er að heitið geti nein aðstaða fyrir unglingana að nota tómstundirnar sér til gagns og þroska, og er þó slík aðstaða engu þýðingarminni í slíkum skólum heldur en sjálfrar kennslustofurnar. Og þó hefur þessi skóli búið við batnandi hag að því er aðstöðu snertir undanfarin ár, en ástandið er sem sagt enn eins og ég hef verið að segja. Og fyrir fáeinum árum kenndi ég við skóla hér í Reykjavík, sem hafði fyrir náð og miskunn fengið inni hjá fyrirtæki, sem annaðist bílaviðgerðir á neðstu hæð hússins. Það voru stundum böll á laugardagskvöldum, og þá urðu nemendurnir að dansa í einni kennslustofunni og þröngum gangi fyrir framan hana og jafnvel niðri í stigum. Kennslan var stunduð við stöðugt undirspil frá skröltandi vélum og hömrum, sem dundu á stálum. Og þegar vindur stóð upp á útidyrnar, fylgdi þessum skarkala stybba af margs kyns málningartegundum, benzíni og olíu.

Þetta sérkennilega skólahúsnæði mun nú að

vísu aflagt sem slíkt, en þó er enn víða kennt við aðstæður, sem eru litlu betri en þessar. Og þetta gerist á sama tíma og bifreiðainnflytjendur byggja sér æ stærri og glæsilegri hallir, þar sem þeir hafa til sýnis sína fjórhjóluðu gæðinga. Samanburður á þeim höllum og skólum okkar talar sínu máli um það, hverjir velþóknunar njóta í þessu þjóðfélagi. Lúxusbílar búa við miklu glæsilegri húsakynni, meðan þeir bíða eftir kaupanda sínum, heldur en íslenzkur æskulýður, meðan hann býr sig undir lífið.

Ég held, að ég láti þetta nægja um skólamálin að sinni. Það gefst án efa tækifæri til að ræða þau nánar og það frekar fyrr en síðar á þessu þingi.

Í framhaldi af þessu væri þó kannske ekki úr vegi að minnast hér á annað atriði, sem veldur mér áhyggjum, og það er aðstaða hæstv. menntmrh. Aðstaða hans veldur mér áhyggjum, vegna þess að hún er svo óskemmtileg, að ég ekki segi átakanleg, og mér finnst, að maðurinn eigi fyrir margra kosta sakir miklu betra hlutskipti skilið. Ég veit, að það er honum metnaðarmál að láta sem mest gott af sér leiða í þessum efnum. Ég er viss um, að hann mundi feginn vilja reisa marga skóla, sem að glæsileik væru sambærilegir við a. m. k. miðlungsbílasölu. En hann hefur orðið að sæta þeim hörmulegu örlögum að vera ekki aðeins menntmrh., heldur og ráðh. viðskiptamála í ríkisstj., sem fyrst og fremst lýtur vilja þeirra þjóðfélagsafla, sem alla hluti meta samkv. sjónarmiðum gróðahyggjunnar og hafa lítinn sem engan skilning á skólamálum eða öðru því, sem til menningar horfir. Það er eins og þar stendur: Illt er tveim herrum að þjóna. Það getur enginn þjónað menntagyðjunni af trúmennsku án þess að valda um leið styggð í röðum þeirra, sem dýrka mammon. Og samstarfið í þeirri stjórn, sem hæstv. ráðh. á aðild að, byggist á því fyrst og fremst, að í þeim röðum ríki gleði og fögnuður. Hann hefur sem sé lent í slæmum félagsskap, og fyrir þá sök getur hann ekki komið í framkvæmd nema litlu einu af öllu því góða, sem hann vill í menningarmálum. Hann mundi án efa vera miklu hamingjusamari maður í öðrum og betri félagsskap, sem hann og ætti skilið, í annarri og betri ríkisstj. En það er sennilega til lítils að benda honum á það. Kannske er það orðið um seinan.

En þessi staðreynd, þessi vafasami félagsskapur, sem hæstv. ráðh. hefur valið sér, veldur mér einnig nokkrum beyg í sambandi við framkvæmd þeirra mála, sem ráðgerð eru í þessu frv. Það er talað um fjárveitingar. Það er hins vegar lítið talað um það, hve háar þær eigi að verða, né heldur, hvernig þær verði tryggðar. Margt bendir sem sé til þess, að eftir að hæstv. menntmrh. hefði fengið frv. þetta samþ., færi fyrst verulega að reyna á einlægni hans í málinu og dugnað, hvernig honum tækist til með að fyrirbyggja óæskileg áhrif þess mammonssafnaðar, sem mestu ræður um aðgerðir hæstv. ríkisstj., og tryggja nægan stuðning fjárveitingavaldsins. Það hygg ég, að verði þrautin þyngst. Það er nefnilega fast, sem sumir halda.

Sízt vildi ég þó gerast sekur um ástæðulausar hrakspár. Ég leyfi mér að vona allt hið bezta um framkvæmd þessa frv.

En sem sagt, árangurinn veltur að mínum dómi fyrst og fremst á því, að þeir, sem framkvæmdinni eiga að stjórna, hafi hliðsjón af þeim grundvallaratriðum, sem ég hef hér reynt að gera grein fyrir. Framkvæmdin verður fyrst og síðast að miða að því að venja æskulýðinn af þeirri hugsanaskekkju, að hann sé sérstök manntegund. Eldri kynslóðin verður þá líka að hætta að haga sér gagnvart honum eins og svo sé. Hún verður að hætta að stugga honum frá sér. Hún verður að taka meiri þátt í lífi hans.

Áður en tímabil hinnar skefjalausu sorteringar hófst, var það helzta einkennið á félagslífi okkar Íslendinga, að ungir sem gamlir tóku jafnan þátt í því. Aldursmunur var þá ekki talinn neinn þröskuldur í vegi fyrir því, að menn gætu verið góðir félagar. Og þannig er þetta raunar enn í vissum byggðarlögum. Ég á þar við ungmennafélögin. Mörg þeirra hafa að vísu dáið drottni sínum. En það eru líka til ungmennafélög, sem enn starfa af furðumiklu tápi og fjöri. Ég get um það vitnað af eigin raun. Tvo undanfarna vetur starfaði ég í tveim ungmennafélögum, og ég hef ekki í annan tíma fundið betur sannleiksgildi hins fornkveðna, að maður er manns gaman. Starfsemi þessara félaga byggist á því gamla og góða viðhorfi, að aldursmunur þurfi ekki að vera til trafala í samskiptum manna, heldur geti hann þvert á móti orðið til að auka ánægjuna af slíkum samskiptum og orðið til þroska öllum aðilum. Menn teljast vera jafngóðir og nýtir ungmennafélagar, hvort sem þeir eru fimmtugir eða 15 ára.

Ég vek athygli á þessu hér, vegna þess að mér sýnist, að starfshættir ungmennafélaganna gætu um margt orðið til fyrirmyndar við framkvæmd þessa frv. Raunar er gert ráð fyrir einhverjum stuðningi við ungmennafélögin sem og önnur skyld samtök í landinu, og það er gott. Þeim mun meiri sem sá stuðningur verður, þeim mun betra. Kannske yrði það einmitt happasælasti árangurinn af þessu frv., ef það gæti blásið nýju lífi í ungmennafélögin og hafið aftur til vegs hinar gömlu hugsjónir þeirra.

Því yrði þó eflaust haldið fram, að starfshættir ungmennafélaganna mundu ekki eiga við í Reykjavík eða annars staðar í þéttbýlinu, og rétt mun, að þeir hæfi betur þar, sem færra fólk er saman komið og minni gauragangur í daglegu lífi, þ. e. a. s. úti á landsbyggðinni, í kaupstöðum og í sveitum. En þess ætti maður þó að mega æskja, að einnig í Reykjavík yrði sem mest reynt að starfa í þeim anda, sem enn þá einkennir ungmennafélögin. Þar — í þéttbýlinu — kallar líka mest á um lausn vandans, þar er mest í húfi, að kynslóðirnar fari aftur að gefa vinsamlegan gaum hver að annarri, þar ríður á mestu, að rofin verði einangrun þeirra hverrar um sig, felld niður spilverkin og afnumdar stíurnar.

Að endingu þessa ítrekun: Þó að frv. þetta nefnist frv. til l. um æskulýðsmál, lít ég svo á, að framkvæmd slíkra laga eigi ekki að vera bundin einvörðungu við æskulýðsmál í þröngri merkingu. Ég vil vona, að framkvæmdin verði með þeim hætti, að frv. hefði eins mátt nefnast frv. til l. um heilbrigð samskipti og sættir milli ungra og gamalla Íslendinga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. menntmn., á þskj. 363, var útbýtt 12. marz, og brtt. barst á þskj. 364, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Efnahagsaðgerðir.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um efnahagsaðgerðir [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að afkoma íslenzku þjóðarinnar verður í ár mun lakari en hún var á s. l. ári. Einkanlega kemur þetta fram í afkomu þess atvinnuvegarins, sem fyrst og fremst stendur undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, sem sagt sjávarútvegsins. Menn greinir að vísu nokkuð á um, hversu miklum hnekki útflutningsframleiðslan hafi orðið fyrir. Útvegsmenn héldu nýlega fund, þar sem þeir lýstu þeirri skoðun sinni, að gjaldeyristekjur af útflutningnum mundu í ár verða hér um bil 2000 millj. kr. minni en var á s. l. ári. En þá voru sambærilegar tekjur kringum 6000 millj., svo að þá ætti útflutningsverðmætið í ár að verða ⅓ minna en var í fyrra. Aðrir hafa nefnt lægri tölur. Efnahagsstofnunin hefur fyrir nokkru gert áætlun, þar sem hún taldi lágmark minnkunar verða kringum ⅓, en nefndi einnig töluna ¼. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef nú fengið, eru allra nýjustu áætlanir hennar þær, að lækkunin verði um 1500 millj. kr., og þá er það, að lágmarkið sé kringum ¼ lækkun frá síðasta ári.

Menn hljóta auðvitað að vera óvissir, þangað til reynslan sker úr, en ekki kæmi mér á óvart, að endanleg niðurstaða yrði þarna einhvers staðar á milli, milli 1500 og 2000 millj., þ. e. a. s. lækkun útflutningsteknanna í ár yrði ekki minni en sem næmi ¼ og gæti jafnvel nálgazt ⅓.

Það er ljóst, að hér er um mjög mikla breytingu að ræða, og um orsakir þeirra breytinga er einnig svo, að ekki þarf að fara ákaflega mörgum orðum um þær. Þær liggja nokkuð í augum uppi. Það er erfið vetrarvertíð með mun minni afla en áður. Talið er, að aflamagnið hafi verið kringum 13% minna en á s. l. ári. Til viðbótar kemur lækkun á verðlagi bolfiskafurða, einkanlega hraðfrysta fiskinum. Það, sem mestu máli skiptir, eru þó mun tregari síldveiðar í sumar en áður og gífurleg lækkun á síldarverðinu, þ. e. bæði síldarmjöli og síldarlýsi. Á báðum þessum afurðum hefur lækkun verðlags átt sér stað allt fram á þennan dag. Það er að vísu svo, að nokkur staðfesta sýnist í bili vera komin a. m. k. á mjölverðið, en varðandi síldarlýsi eru menn engan veginn öruggir um, að þar sé enn komið í botn. Um þetta skal ég sem sagt ekki fjölyrða, en bæta við, að einnig fleiri afurðir hafa orðið fyrir hnekki. Humarveiði gekk treglega í sumar. Það hefur orðið veruleg verðlækkun á rækjuverði. Til viðbótar öllu þessu kemur svo það, að mun kostnaðarsamara hefur verið að ná aflanum í ár heldur en á s. l. ári. Kostnaðarhækkun innanlands vegna verðlags er að vísu ekki mikil, þó að meðalkaupgjald sé nokkru hærra í ár en var í fyrra, en mestu máli skiptir, að vetrarvertíðin var einhver sú erfiðasta, sem við lengi höfum átt við að búa. Fróðir menn telja, að hún sé sú erfiðasta frá árinu 1914 vegna þess, hversu misviðrasamt var og gæftir stopular. Þess vegna varð mun kostnaðarsamara að koma aflanum á land heldur en verið hefði í venjulegu árferði. Hið sama má segja, að sé um síldveiðarnar. Það er að vísu rétt, sem sagt hefur verið, að það hefur allmikil síld borizt á land, en þá verða menn að hafa í huga þann mikla skipakost, sem nú er til þess að ná þessum afla og möguleikana til þess að verka hann miðað við það, sem áður var. Úrslitum ræður í þessu, hversu langt hefur þurft að sækja aflann, **þannig að öllum er ljóst,** að það er miklu kostnaðarsamara að ná í hverja aflaeiningu nú heldur en fyrr hefur verið, þegar miðin voru tiltölulega nærri ströndum landsins, en nú hefur þurft að sigla norður í hafsauga, til þess að nokkurs afla væri von.

Þegar við berum saman afkomu áranna 1967 og 1966, verðum við enn fremur að hafa í huga, að þó að árið 1966 væri mesta útflutningsár, sem við höfum haft, var þó auðfundin það ár mikil breyting frá því, sem verið hafði áður. Þjóðartekjur á árinu 1966 uxu mun minna en á undanförnum árum, og þó að, eins og ég sagði, útflutningsverðmætin yrðu meiri þá en fyrr, lýsti það sér svo að segja eingöngu í síldar- og loðnuveiði. Afkoma á bolfiskveiðum, sérstaklega varðandi þorskveiðar, var erfiðari á árinu 1966 en undanfarin ár. Þess vegna er það, að þegar við berum afkomu atvinnuveganna nú saman við afkomuna 1966, er varðandi a. m. k. sumar atvinnugreinar síður en svo, að árið 1966 hafi verið metár, heldur var þá þegar farið að verða erfiðleika vart, bæði varðandi aflatregðu og eins varðandi lækkandi verðlag, fyrst á hraðfrystum fiski, en einnig þegar á árið leið og í vaxandi mæli á síldarafurðunum, þó að lækkun þeirra þá væri vitanlega ekki sambærileg við þá lækkun, sem á þessu ári hefur orðið.

Hér hafa þess vegna orðið mjög mikil umskipti í okkar afkomu og þá einkanlega varðandi afkomu útflutningsatvinnuveganna á skömmu bili, **og vitanlega hafa þeir úrslitaþýðingu** fyrir afkomu annarra atvinnuvega í landinu. En til viðbótar því er þess að geta, að sums staðar hefur þetta ár einnig orðið erfitt fyrir landbúnaðinn sökum vorharðinda víðs vegar um land og misviðrasams sumars, sem að vísu sums staðar hefur verið allgott, en annars staðar erfitt.

Þegar á heildina er litið og ef við berum einungis útflutningsverðmætin, sem nú eru líkleg í heild á þessu ári, saman við það, sem var á s. l. ári, og ef við gerum ráð fyrir, að þau verði a. m. k. ¼ minni en á s. l. ári var, þurfum við að fara aftur til ársins 1931 til þess að sjá svo snögg

umskipti í okkar þjóðarbúskap til hins lakara. Menn muna, að á árinu 1931 hófst kreppan mikla og verðlag á því ári lækkaði frá því, sem áður hafði verið, mjög verulega og veittist erfitt um sölu á íslenzkum afurðum. Það ástand hélzt um allmörg ár og varð þó varðandi verðlagið yfirleitt litlu lakara en strax reyndist á árinu 1931, og sum árin virtist þó horfa til nokkurs bata. Breytingin frá árunum 1926—1930 til áranna 1931—1935 var, eins og ég segi, slík, að munaði líðlega fjórðungi, sennilega kringum 27%, eða ámóta miklu og þeim hnekki, sem við höfum nú orðið fyrir í okkar útflutningi á árunum 1966—1967. Þessi ár eftir 1931 eru einhver — og má segja hiklaust hin erfiðustu ár í sögu þeirra manna, sem enn eru á lífi.

Nú er það að vísu svo, að við erum ólíkt betur undir það búnir að mæta erfiðleikum á árinu 1967 en við vorum á árinu 1931. Við höfum meiri gjaldeyristekjur annars staðar frá nú en við höfðum þá, svo að lækkun hjá útflutningsatvinnuvegunum hefur ekki eins mikil áhrif á þjóðarbúið í heild, og með sama hætti má segja, að stoðir okkar atvinnulífs eru orðnar miklu fleiri nú en þær voru á árinu 1931 og þar um bil. En fyrir hverja einstaka atvinnugrein, sem fyrir þvílíkum hnekki verður, má segja, að hann sé jafntilfinnanlegur nú og hann reyndist á þessu umgetna tímabili. Um það verður ekki villzt, þó að þjóðarbúið sé nú mun sterkara og möguleikar okkar til þess að afstýra því, að sams konar vandræði hlytust af eins og urðu á fyrrgreindu tímabili, séu nú ólíkt meiri. Þá leiddi af þessum erfiðleikum stórkostlegt atvinnuleysi og algera fátækt og neyð víðs vegar um land, vandræði, sem við höfum nú fulla ástæðu til þess að vona, að við getum forðazt, ef við höldum rétt á. Hins vegar tjáir ekki að neita því, að þeir örðugleikar, sem hér hafa orðið, eru mjög verulegir og mjög tilfinnanlegir. Þess er skemmst að minnast t. d., að fyrir fáum dögum varð ein af okkar vinaþjóðum, Finnland, að lækka sitt gengi um nærri ⅓ vegna örðugleika, sem þeirra atvinnurekstur hafði komizt í. Það er sökum verðlækkunar á timburafurðum, en þó er timburútflutningur hjá þeim ekki líkt því eins stór hluti af þeirra útflutningi og fiskurinn er hjá okkur, þannig að örðugleikar í þeirri einu atvinnugrein koma vitanlega mun léttar við þá heldur en við okkur varðandi útflutninginn, auk þess sem þar hefur hvorki verið um eins snöggar né eins víðtækar breytingar að ræða, að því er ég hygg, eins og hjá okkur á þessu tímabili varðandi fiskinn.

En hvað sem öllum samanburði líður, er það ljóst, að hér hafa orðið snögg og mikil umskipti, sem vissulega hlýtur að vera mikill vandi að bregðast við. Og ég get út af fyrir sig tekið undir það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði á dögunum, að þegar þannig stendur á, er nauðsynlegt, að það sé til í landinu sterk stjórn til þess að bregðast við þessum vanda. Og það var skoðun þess hv. þm., að núv. ríkisstj. væri fjarri því að hafa þann styrkleika, sem hún þyrfti á að halda.

Gegn þessu vil ég einungis vitna til þess, að nú eru nýafstaðnar kosningar og við þær kosningar fengu stjórnarflokkarnir samanlagt líðlega 53% af atkvæðamagni meðal þeirra, sem að kjörborðinu gengu. Ég fullyrði, að það eru ekki ýkjamargar lýðræðisþjóðir, þar sem stjórnir hafa sterkari meiri hl. á bak við sig heldur en að þessu sinni reyndist um hina íslenzku ríkisstj. Það er víða svo, að ríkisstj. hafa um eða innan við 50% af atkvæðamagni meðal kjósenda og eru þó taldar hafa sterkan lýðræðislegan stuðning, nógu mikinn til þess að geta ráðið fram úr öllum þeim vandamálum, sem að höndum ber. Ég minni einnig á það, að á þeim erfiðleikaárum, sem ég áður minntist á og helzt mátti segja, að varðandi snögg umskipti til hins lakara séu sambærileg við það, sem nú hefur orðið hjá okkur, á árinu 1931 og þar á eftir, var það lengst af svo, að hér sátu ríkisstjórnir, sem höfðu mun minna en 50% fylgi meðal þeirra, sem atkv. greiddu, sér til stuðnings, en voru þó hiklausar í sínum ákvörðunum og reyndu að sjálfsögðu að gera það, sem þær bezt máttu, til þess að leysa aðsteðjandi vanda. Styrkleiki ríkisstjórna fer að sjálfsögðu ekki eingöngu eftir því, hversu mikinn fjölda þær hafa við að styðjast, heldur eftir hinu, hvort þær eru innbyrðis sammála, hvort þær líta svo svipuðum augum á úrlausn vandamála, að þær geti komið sér saman um lausn þeirra erfiðleika, sem við er að stríða, eða hvort þar er um eilífar innbyrðisdeilur að ræða, þannig að allt situr fast og ákvarðanir fást ekki teknar, og jafnvel þótt slíkt heppnist að lokum, verði þær svo óljósar og ófullnægjandi, að að litlu gagni komi.

Eins og ég segi, er enginn efi á því, að að okkur steðjar nú slíkur vandi, að þörf er á sem allra sterkustu og öflugustu samstarfi um það, hvernig við vandanum eigi að bregðast. En þá er vitanlega það frumskilyrði, að mönnum komi saman um, hvers eðlis vandinn er, að menn greini ekki algerlega á um, hvert vandamálið er, sem leysa þarf. Nú er það vitað mál, og úr því skal ég ekki gera lítið, að mjög hafa verið uppi skiptar skoðanir um hverri stefnu skyldi fylgja í efnahagsmálum þjóðarinnar á undanförnum árum. Og ég skorast sízt af öllu undan umr. um þann ágreining, þegar efni standa til slíkra umr. En ég legg áherzlu á, að hvað sem þeim ágreiningi líður, fæ ég ekki séð, að hann skipti nokkru eða nokkru teljandi máli varðandi þann vanda, sem við nú stöndum frammi fyrir. Ég tel, að það mundi hafa komið í einn stað niður, hvaða efnahagsstefnu við hefðum fylgt undanfarin ár, þá hefðum við ekki, a. m. k. í neinu verulegu, þar með getað komizt undan þeim erfiðleikum, sem við okkur blasa að þessu sinni. Það er ljóst, að engin íslenzk ríkisstj. fær ráðið yfir árferði né yfir aflamagni, þó að þar komi auðvitað til möguleikar til þess að sigla á sjóinn og til þess að nýta aflann, þegar á land kemur. En varðandi þá aflatregðu og það misviðri, sem við höfum orðið fyrir á þessu ári og gerbreytt hafa ástandinu frá því, sem í fyrra var, og voru þó þá nokkrir örðugleikar fyrir höndum, fæ ég ekki séð, að nein íslenzk ríkisstj. hefði með nokkrum efnahagsaðgerðum getað fengið þar miklu um breytt eða neinu, sem úrslitum hefði ráðið. Þessir örðugleikar eru og hljóta að verða samfara því einhæfi okkar atvinnuvega, sem við allir þekkjum og við að vísu höfum deilt um, hvort ætti að leggja áherzlu á að reyna að gera gagngerar ráðstafanir

til þess að minnka eða ekki. Við getum þó sagt, að við berum allir ábyrgð á því, að við erum svo háðir einstökum atvinnuvegum, eins og við erum háðir sjávarútveginum í dag varðandi okkar gjaldeyrisöflun. Aflabrögð hefðu ekki breytzt, hverri stefnu sem fylgt hefði verið af þeim, sem deilt hefur verið um undanfarin ár. Varðandi þá lækkun, sem orðið hefur á afurðunum erlendis, er það einnig með öllu ljóst, að engar aðgerðir okkar hefðu getað komið í veg fyrir þá lækkun nema þá að litlu leyti. Það má segja, að ef við hefðum gert frekari gangskör að því að koma upp vinnslustöðvum á okkar afurðum erlendis, svipað því, sem tekizt hefur í Bandaríkjunum, með því að reisa svipaðar stöðvar í Bretlandi og á meginlandi Evrópu, hefði e. t. v. eitthvað dregið úr verðfallinu. Hvort það hefði orðið sem nokkru nemur, skal ég ekki um segja, en víst er, að slíkar stöðvar hefði ekki þýtt að reisa, nema því aðeins að við hefðum verið búnir að ná betri samningum en enn hefur verið gert, bæði við Fríverzlunarbandalagið og Efnahagsbandalagið. Það er líka ljóst, að ef við hefðum nú verið í þessum bandalögum, hefði verðlækkunin ekki orðið eins tilfinnanleg og hún hefur verið. Það er rétt, en ágreiningurinn í íslenzkum stjórnmálum hefur ekki verið um það, að við stæðum þarna utan við, heldur hefur stjórnarandstaðan ásakað stjórnarflokkana fyrir að hafa of mikinn hug á því að ná samningum við þessi bandalög. Afleiðingin hefur orðið sú, bæði af þeirra gagnrýni og öðrum ástæðum, að við höfum engum samningum náð, svo að skoðanamunur varðandi þessi efni hefur ekki haft áhrif á þá örðugleika, sem við nú eigum við að etja.

Ég þori sem sagt að fullyrða, að hvort sem orðið hefði ofan á að fylgja stefnu hv. stjórnarandstæðinga gagnstætt stefnu ríkisstj., ef þá um nokkra ákveðna stefnu hv. stjórnarandstæðinga er að ræða, sem þeir geta betur gert grein fyrir en ég, þá hefði það ekki firrt okkur þeim vanda, sem við nú erum staddir í. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér þessa alveg grein, vegna þess að það er vonlaust, að samráð manna um lausn vanda komi að miklu gagni, nema því aðeins að þeir geri sér grein fyrir, hverjar eru frumorsakir vandans. Ef menn telja, eins og mér skildist á ummælum talsmanna hv. stjórnarandstæðinga, þegar þeir gerðu aths. við þá stjórnaryfirlýsingu, sem ég gaf hér fyrir nokkrum dögum, — ef þeir telja, að það sé vegna rangrar stefnu undanfarin ár að verulegu leyti eða mestu leyti, sem við nú erum staddir í þessum örðugleikum, er ljóst, að það tjáir lítið fyrir okkur að leita frekara samráðs. Þá nálgumst við þetta vandamál frá s/o gersamlega ólíkum sjónarhól, að hætt er við, að okkar samtöl um þessi efni verði þýðingarlítil, þar verði um einskisverðar þrætur um orðna og liðna hluti að ræða, en ekki raunhæft mat á því, hvernig nú skuli við bregðast. Er mikilsvert, að menn geri sér hiklaust grein fyrir þessu.

Hitt er svo annað mál að sjálfsögðu, að ákvarðanir manna um framtíðina hljóta vitanlega að verulegu leyti að fara eftir skoðun þeirra á því, sem liðið er. Það er líka rétt. En hér er þess að gæta, að fyrst verða menn að skilja orsakirnar og taka afleiðingum af þeim. Ef menn fást ekki til þess að gera sér grein fyrir eðli orsakanna, er því miður vonlítið, að þeir geti ráðið við sjálfa örðugleikana. Að sjálfsögðu æski ég þess, að sem nánast samstarf takist við hv. stjórnarandstæðinga, bæði innan þings og utan, um lausn þessara erfiðleika, en forsenda þess, að líklegt sé, að slíkt samráð beri árangur, er sú, að menn hafi sameiginlegan skilning á því, hvers eðlis vandinn nú er.

Það er ljóst, að gegn slíkum erfiðleikum duga engin ein úrræði. Það er ekki til neitt allsherjar bjargráð, sem léttir af þeim vanda, sem við nú stöndum frammi fyrir. Slíkt er í sjálfu sér engin nýjung. Ég er sannfærður um, að fáir hafa yfirleitt í stjórnmálum gert meira ógagn heldur en þeir, sem ætíð telja sig hafa allsherjarúrræði við öllu, þykjast hafa örugga sannfæringu eða hafa örugga sannfæringu um kenningar, sem eiga að hafa allsherjarlausn alls þjóðfélagsvandamálsins í sér fólgnar. Slíkir menn, þó að þeir vilji vel, verða yfirleitt til mikils tjóns. Þvílík allsherjarvizka er engum gefin og leiðir yfirleitt til alveg öfugra afleiðinga en tilgangurinn upphaflega miðaði að. Það er því aðeins líklegt, að menn leysi vandamálin, að þeir fáist til þess að skoða þau eins og þau liggja fyrir, beita við lausn þeirra hinni beztu þekkingu, sem fáanleg er, og meti allar aðstæður eftir því, sem efni þá standa til, geri sér grein fyrir, að vandamálin leysast þá bezt, að mönnum takist að greina þau í sundur, leysa þau smám saman, eftir því sem nauðsyn krefur hverju sinni, og hika ekki við að gera þær ráðstafanir, sem þá þarf að gera, þó að þær leysi ekki allt, sem leysa þarf, heldur skilji, að því aðeins getur hið síðara tekizt vel, að menn hafi kjark til þess að gera í upphafi það, sem þá var nauðsynlegt, þó að þeir sjái, að þar með sé ýmislegt eftir skilið, sem síðar þurfi einnig lausnar, þegar þar að kemur.

Mér er það alveg ljóst, að með þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. boðaði í sinni stjórnaryfirlýsingu, sem ráðgerðar eru í þessu frv. og í fjárlagafrv., er ekki allur þjóðfélagsvandi nú leystur og ekki allur sá vandi, sem leiðir af þeim miklu umskiptum, sem nú hafa orðið í íslenzku efnahagslífi. En ég þori að fullyrða, að ráðstafanir svipaðar þeim og með sama markmiði og ráðgerðar eru í þessu frv. og í fjárlagafrv. eru forsenda þess, að ekki fari verr en vilji okkar stendur til. Þessar ráðstafanir eru forsenda þess, að síðar verði hægt smám saman að leysa þá frekari örðugleika, sem við játum að hljóti að verða á leið okkar, þangað til betur vegnar í okkar útflutningsframleiðslu.

Um þessi úrræði vil ég einnig segja það, að mér er ljóst, að vel má deila um, hvort ríkisstj. hafi í öllum einstökum atriðum hitt hið rétta meðalhóf. Ég tek sérstaklega fram varðandi lækkun niðurgreiðslna, að okkur er það ljóst, að þær hljóta að koma illa við mörg heimili. En engu að síður töldum við, að eins og á stóð væri þetta líklegasta ráðið og það, sem minnstri truflun mundi valda, og eins, að með þessu móti ynnist færi á í samráði við aðra, sem í alvöru vilja snúast við þeim vanda, sem nú blasir við, að íhuga, hvort önnur úrræði e. t. v. séu farsælli og geti jafnvel eða betur náð því marki, sem að

verður að stefna. Það er greinilegt, að það hlaut að leiða til mikils glundroða og margháttaðrar spillingar, vil ég segja, ef hér á Alþ. hefðu hafizt langar umr. um það, hvort hækka ætti vöruverð með þeim hætti, sem leiðir af lækkun niðurgreiðslna. Slíka ákvörðun verður að taka með sem minnstum fyrirvara og án þess að hún vitnist. Það var ljóst, að á síðustu dögum, áður en þessi ákvörðun var tilkynnt, hafði einhver orðrómur um hana borizt, sem leiddi til þess, að einstakir aðilar voru þegar farnir að hamstra, skapa sér gróðamöguleika á annarra kostnað. Slíkt hefði þó orðið mun tilfinnanlegra og óviðráðanlegt, ef hér á Alþ. eða í samningum við fjölmenn fjöldasamtök hefðu verið teknar upp viðræður um slíkar ráðstafanir. Þessar ráðstafanir varð að gera með sem minnstum fyrirvara. Það haggar ekki því, að ef menn eftir á komast að þeirri niðurstöðu, að önnur ráð séu tiltækilegri, er hægt að breyta hér til. Þá er hægt að auka niðurgreiðslur á ný og lækka verðið. Nú gefst svigrúm til þvílíkrar efnisathugunar, sem ella væri ekki fyrir hendi. Með því er ég ekki að segja, að slíkt sé æskilegt eða að um slíkt verði að lokum samkomulag. En ég segi, að það hlýtur að vera mjög til athugunar, og ríkisstj. er síður en svo andvíg því, heldur beint hvetjandi, að það verði athugað til hlítar, hvaða aðrir möguleikar koma hér til álita. Ríkisstj. er fús til þess, bæði hér á þingi, á þingfundum, í nefndum og við fulltrúa hinna fjölmennu almannasamtaka í landinu og þá einkum stéttarfélögin, að ræða til hlítar, hvaða úrræði séu fyrir hendi og hvaða úrræði séu þá vænlegri heldur en þau, sem nú hafa verið tekin.

Það var ljóst af málflutningi hv. stjórnarandstæðinga, áður en Alþ. kom saman, að þeir höfðu búizt við almennri söluskattshækkun og gerðu ráð fyrir, að till. stjórnarinnar mundu hafa þvílíka hækkun í sér fólgna. Ég minnist ekki þess, að þeir hafi þá mælt sérstaklega með þeirri ráðstöfun, heldur talið á henni öll tormerki. En það er vitanlega rétt, að almenn hækkun á söluskatti hlýtur mjög að koma til álita í þessu sambandi. Það eru ýmsar ástæður, sem liggja þó til þess, að ríkisstj. taldi ekki fært að velja þá leið. Það má að vísu segja, að hún mundi trúlega hafa leitt til þess, að vísitöluhækkun hefði orðið eitthvað minni og sú tilhögun þess vegna litið betur út á pappírnum. Vitanlega hefðu álögurnar á allan almenning ekki létzt, þótt þvílík reikningsaðferð hefði verið viðhöfð, ef menn á annað borð gera sér þess grein, að við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti, ef menn gera sér þess grein, að við komumst ekki með nokkru móti hjá að taka afleiðingum þess, sem nú er orðið varðandi okkar tekjur. Ef söluskattshækkun hefði orðið, hefði orðið mun torveldara en nú er að halda öllu verðlagi í landinu kyrru öðru en því, sem menn nú sjá fyrir, að hlýtur að hækka vegna þeirrar greinargerðar, sem þegar hefur verið gefin og fyrst og fremst leiðir af lækkun niðurgreiðslnanna. Það er vitað mál, að söluskattshækkun, sem hefði nægt í þessu sambandi, hefði hlotið að hafa í för með sér endurskoðun á verðlagi svo að segja hverrar einustu vörutegundar og þjónustu í landinu. Nú vitum við það, að álagningaraðilar, hverju nafni sem nefnast, hafa mjög um það kvartað undanfarin ár, að þeirra hlutur væri of lítill. Þar er ekki einungis um að ræða einkaatvinnurekendur, eins og kaupmenn og iðnrekendur, heldur ekki síður kaupfélög, hvort sem þau hafa einungis verzlun eða iðnrekstur með höndum. Allir segja þessir aðilar, að sinn hlutur sé of lítill. Ef þeirra vörur hefðu nú átt að hækka vegna söluskattshækkunar, hefði verið óhjákvæmilegt að taka þessar þeirra umkvartanir allar til athugunar, og ég á eftir að sjá, að mögulegt hefði verið að standa þar á móti. Vegna þess, hversu fáar vörutegundir hækka nú, er hægara en ella að standa fast á verðstöðvun í öllum öðrum tilfellum.

Þá er einnig á það að líta, að svo mikil niðurgreiðsla sem við nú höfum haft þetta síðasta ár getur að vísu staðið nokkra hríð án þess að skekkja atvinnuuppbyggingu og efnahagskerfi landsins verulega, en þegar til lengdar lætur, hlýtur svo mikil niðurgreiðsla að hafa veruleg áhrif í ýmsar áttir og leiða til margra óæskilegra afleiðinga, sem menn geta betur séð, ef þeir gefa sér tíma til að skoða þessi mál ofan í kjölinn. Þá geta menn að vísu sagt: Ríkisstj. kallaði sjálf þennan vanda yfir sig með því að ákveða svo miklar niðurgreiðslur á s. l. ári sem raun ber vitni. Það er að vísu rétt og við höfum líka orðið fyrir harðri gagnrýni frá okkar andstæðingum fyrir þær sakir, sem á því tímabili áttu sumir a. m. k. ekki nógu hörð orð til fordæmingar þvílíkum stórfelldum niðurgreiðslum. En af hálfu stjórnarinnar var það ætlið fram tekið og yfir lýst, að hér væri um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Við gerðum ráð fyrir og vonuðum, að sú verðlagslækkun, sem á skall síðari hluta ársins 1966, mundi ekki verða til frambúðar og þess vegna væri hægt að halda við sams konar lífskjörum og við höfðum öðlazt á árinu 1966 með því að verja tekjuafgangi ársins 1966 til þess að brúa þarna bilið. Það má vel segja, að við höfum reynzt skammsýnir í þessum efnum. En hverjir okkar sáu fyrir árið 1966, þá um haustið, að verðlækkunin mundi ekki einungis standa allt árið 1967, heldur einnig magnast mjög á árinu 1967 og vaxa varðandi hinar þýðingarmestu greinar, eftir því sem á árið líður? Það er enginn vandi í þessum efnum að vera vitur eftir á. Við munum allir þær sveiflur, sem urðu á síldarlýsi síðari hluta ársins 1966. Ég minnist þess t. d., að síldarlýsið komst þá niður undir 50 pund og hækkaði síðan upp fyrir 60 pund. Þá var í einu af höfuðmálgögnum stjórnarandstæðinga sagt, að sú hækkun, sem þá nokkra daga nálgaðist 65 pund, mundi einungis vera stig upp á við. Það væri fyrirsjáanlegt, að lýsið hlyti að hækka mun meira en orðið var. Prentsvertan var naumast þornuð af þessum skrifum, þegar verðið lækkaði aftur verulega, þannig að enginn okkar hefur í þessum efnum reynzt hafa þá gáfu að sjá allt fyrir, sem að höndum hefur borið. En niðurstaðan er þessi, að við stöndum nú frammi fyrir verðfalli, sem við höfum ekki ástæðu til að ætla annað en muni standa nokkra hríð, þó að við höfum ríka ástæðu til að ætla, að það verði ekki varanlegt. Til þess liggja raunsæjar ástæður, bæði batnandi afkoma víðs vegar, hætta á kreppu, sem menn töldu yfirvofandi bæði í Þýzkalandi og Bandaríkjunum, er

talin vera hverfandi frá því, sem ætlað hafði verið, hinn almenni matvöruskortur í mörgum löndum, sem því miður enn er fyrir hendi, og fleira kemur hér til álita. En allt eru þetta atriði, sem við getum ekki séð fyrir með vissu, og ef við fáumst ekki nú til þess að sníða okkur stakk eftir vexti, er ljóst, að við sköpum okkur mikla erfiðleika, — örðugleika, sem mun erfiðara verður að ráða við á seinna stigi heldur en nú er. Þess vegna segi ég, að þó að það gæti verið verjandi um stutta hríð að hafa svo miklar niðurgreiðslur sem gert var, er ekki þar með sagt, að það sé verjandi eða hyggilegt til lengdar. Ég skal játa hins vegar, að svo snögg umskipti sem óhjákvæmilega hlutu að verða til að ná okkar marki, hljóta að koma illa við marga, og ég endurtek það, sem ég áður sagði, að vitanlega er ríkisstj. ekki einungis fús til, heldur beinlínis hvetjandi þess, að upp verði teknar viðræður um það, hvort hægt sé að fá samkomulag um aðrar aðferðir, sem betur og léttar komi við. Ég hef þar með sem sagt þegar gefið aðvörun gegn söluskattinum. Þó er sjálfsagt að skoða þann möguleika til hlítar, og hér geta fleiri en ein leið komið til álita.

Sumir segja, að það hefði átt að hækka og mætti hækka meira áfengi og tóbak, slíkar munaðarvörur. Slíkt lætur vel í munni og eyrum í bili. En þar er líka þess að gæta, að viss mörk eru fyrir. Það væri að vísu ekki svo hættulegt, þótt menn neyttu minna af þessum vörum. Ég sé það á vini mínum, hæstv. aldursforseta, að hann ætlaði að segja það, sem í huga mínum bjó, og er það mjög ánægjulegt, að við skulum nú vera sammála. Vildi ég vona, að hann héldi áfram að vera svo spegill af minni hugsun sem hann reyndist að þessu sinni. En þó er einnig þess að gæta, að við lifum ekki einir í heiminum, og ef við hækkum verðið á þessari vöru um verulega meira en gert hefur verið, er ég mjög efins um, að hægt sé að koma í veg fyrir stóraukið smygl í landinu. Við verðum að horfa á hvern hlut eins og hann er, og við skulum ekki vera þau börn að ímynda okkur, að hér sé ekki um verulega samkeppnishættu af þessum ástæðum að ræða. Það eru alveg viss mörk, sem fara má, til þess að hitt vandamálið verði okkur ekki óviðráðanlegt. Það er hins vegar enginn okkar, sem fyrir fram getur sagt, hvar þau mörk eru. Það verður meira að feta sig þar áfram heldur en menn geti haft um það örugga sannfæringu fyrir fram.

Menn hafa einnig talað um, að það mætti hækka skatta á þeim, sem hátekjur hafa. Nú hefur mér skilizt að undanförnu, að stjórnarandstæðingar hv. teldu, að skattar hér á landi væru býsna háir og mjög háir miðað við það, sem annars staðar tíðkast, þegar bæði er tekið saman tekjuskattur, eignarskattur og útsvar. Einnig er ljóst, að þó að ég viti raunar, að þessir skattar séu ámóta háir og raunar hærri í sumum okkar nágrannalöndum en hjá okkur, eru einnig viss mörk í þessum efnum. Við skulum sleppa hættunni af skattsvikum, og eru þó væntanlega allir sammála um, að á síðari árum hefur verið gerð mjög veruleg gangskör að því að reyna að koma í veg fyrir skattsvik, meiri gangskör en nokkru sinni áður. En hér við bætist, að ef skattar hækka fram úr vissu marki, verður það beinlínis til þess að draga úr athafnalöngun manna, vilja manna til þess að afla sér meiri tekna. Þennan vanda þekkjum við einnig, og þetta verður vissulega að hafa í huga.

Varðandi aftur á móti félagaskatt er það rétt, að hann mun vera nokkuð lægri hér en sums staðar annars staðar. Ég minni þá á, að eitt af því, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa ásakað ríkisstj. fyrir, er, að við höfum ekki búið nógu vel að atvinnurekstrinum á undanförnum árum, og þeir hafa fært það helzt okkur til fordæmingar, hversu margir atvinnurekendur ættu nú við örðugleika að etja. En mikill hluti af okkar atvinnurekstri er einmitt rekinn í félagaformi. Við höfum fullgild svör gegn þessum ásökunum. Í fyrsta lagi það, að þangað til verðfallið hófst á miðju ári 1968 var yfirleitt hagstæð afkoma þýðingarmestu atvinnufyrirtækja í landinu. T. d. varðandi hraðfrystiiðnaðinn er nú viðurkennt, að afkoma hans hafi aldrei verið betri en á árinu 1965. Við áttum einmitt á sínum tíma í höggi við hv. stjórnarandstæðinga vegna þess, að þeir vildu ekki við skattalögin, sem voru til meðferðar á árunum 1961 og 1962, veita félögum sams konar eða jafnmikinn rétt til frádráttar og til hlunninda og til léttari skattlagningar heldur en áður hafði verið, eins og við vildum. Við vildum sem sagt búa betur að atvinnurekstrinum heldur en hv. stjórnarandstæðingar þá vildu. Að svo miklu leyti sem þeir hafa notað hin góðu ár, sem hér voru að allra dómi óhnekkjanlega fram á síðasta ár, var það okkar stefna, sem létti þeim möguleikann að leggja til hliðar, gagnstætt því, sem okkar hv. andstæðingar töldu, að við gengjum of langt í þessum efnum.

En við skulum sleppa þessum deilum. Við skulum hins vegar gera okkur þess fulla grein, að það er rétt, sem hv. stjórnarandstæðingar segja nú, að atvinnurekendur eiga vitanlega í mjög miklum erfiðleikum. Það á jafnt við hraðfrystihúsaeigendur sem flesta aðra eigendur fiskiðjuvera, vegna þess að einnig þar sem verðið hefur ekki lækkað, svo að menn viti, eins og er á skreiðinni, hafa þeir ekki getað losnað við vöru sína af annarlegum ástæðum, eins og við þekkjum. Útvegsmenn eiga í örðugleikum bæði vegna aflaleysis og vegna þess að hraðfrystihúsin eiga í örðugleikum með greiðslur til þeirra. Allur annar atvinnurekstur í landinu hlýtur á skömmu bili að mótast af þeim örðugleikum, sem þessir undirstöðuatvinnurekendur verða fyrir. Þeir hljóta áður en varir — og er þegar komið fram — að segja til sín í eftirspurn iðnaðarvöru, enda taldi iðnaðurinn, að þær verðhækkanir, sem hér höfðu orðið á s. l. árum og leiddi m. a. af miklum síldveiðum og háum greiðslum, sem þar var hægt að inna af höndum, kæmu hart niður á sér. Með mikilli framleiðslu og umsetningu hefðu þeir getað staðið þetta af sér. En þegar nú dregur úr viðskiptunum vegna miklu minni tekna en áður, verða þessir atvinnurekendur fyrir miklum búsifjum. Alveg hið sama hlýtur eðli málsins samkv. að verða um verzlunina, þannig að það er alger misskilningur, þegar sumir tala eins og

nú eigi fyrst og fremst að velta þessum byrðum yfir á launþegana.

Atvinnurekendurnir eru búnir að verða fyrir þessum búsifjum áður og verða óhjákvæmilega fyrir þeim í enn ríkara mæli en jafnvel er ráðgert að launþegar almennt verði fyrir í þeim till., sem hér er um að ræða. Þetta sjá menn, ef þeir fást til þess að gefa sér tíma til að skoða málið ofan í kjölinn. Vitanlega er það ljóst, að útvegsmenn og fiskiðnrekendur verða þar fyrir mestum og beinustum áföllum, en frá þeim hljóta örðugleikarnir, áður en varir, að breiðast um allt þjóðfélagið. Launþegar komast ekki með nokkru móti hjá að taka að sínu leyti örðugleikana á sig, ekki síst vegna þess, að þeir hafa fengið og í vaxandi mæli fengið hluta af stórauknum þjóðartekjum undanfarin ár. Þjóðartekjurnar jukust á tímabili meira hér en í flestum öðrum löndum. Má segja, að á viðreisnartímabilinu hafi þjóðartekjur á mann aukizt um hér um bil þriðjung. Tekjur launþega jukust töluvert meira en þessu hlutfalli nam, eins og óvefengjanlegar skýrslur sýna. Einmitt vegna þess, að þessum tekjum var þannig jafnóðum í verulegum mæli dreift út um allt þjóðfélagið launþegum til hags eins og öðrum, verður ekki með nokkru móti komizt hjá því, að launþegar verða nú að sínu leyti eins og aðrir að taka á sig hluta af þeim búsifjum, sem þjóðfélagið í heild hefur orðið fyrir. Hvort það kemur léttara niður með þessu móti eða öðru, er svo annað mál, og hvort hægt er að gera þar sérstakar ráðstafanir til þess, að það lendi ekki eins mikið á hinum barnflestu fjölskyldum og þær till. leiða til eða ákvarðanir, sem ríkisstj. nú hefur gert, það er mál, sem við getum athugað, og eins og ég hef sagt og segi enn og aftur: ríkisstj. er mjög fús til og telur sjálfsagt, að það verði athugað til hlítar.

Þar kemur m. a. til greina sú hugmynd, hvort rétt sé að halda við, þegar harðnar í ári, fjölskylduuppbótum til l. barns eða væri réttara að afnema þær og lækka þá niðurgreiðslurnar minna eða verja því fé handa hinum fjölmennari fjölskyldum. Þetta er atriði, sem ríkisstj. taldi ekki fært að breyta, en er eitt af þeim, sem menn nú hafa tekið upp eftir á og sjálfsagt er að athuga eins og öll þau atriði, sem ég áður drap á.

Þá koma sumir menn og segja: Það er hvorki lækkun á niðurgreiðslum, ekki minni háttar skattalagabreytingar, það er ekki söluskattsbreyting, sem hér kemur að gagni, heldur er það gengislækkun ein, sem getur leyst þann vanda, sem hér er við að etja. — Ég hef lýst yfir því oft áður, að vitanlega væri það fásinna af nokkurri ríkisstj. að lýsa yfir því, að gengisbreyting kæmi aldrei til greina. Ég segi hins vegar nú hið sama og ég hef sagt áður: Eins og við erum staddir, er ég sannfærður um, að gengislækkun skapar okkur fleiri örðugleika heldur en þann vanda, sem hún leysir. Ég er sannfærður um það, að þeir, sem tala um gengisbreytingu, sem ætti að verða lausn, er hjálpaði sjávarútveginum, jafnvel iðnaðinum og örugglega kæmi í veg fyrir atvinnuleysi á næstu missirum, hafa ekki hugsað það mál til hlítar. Í fyrsta lagi er það: Við hvaða söluverð á okkar afurðum eigum við að miða gengisbreytingu, er nú færi fram? Eigum við að miða við það lágmark á síldarlýsi, sem nú er komið, það lágmark á hraðfrystum fiski, sem er á sumum tegundum hans í aðalmarkaðslöndunum? Eigum við að láta slíkar verðsveiflur leiða til svo örlagaríkra breytinga eins og gengislækkun óneitanlega hlýtur að vera? Nei, ég þori að fullyrða, að það þarf að skoða það mál miklu betur og kanna það mál miklu betur en gert hefur verið, til þess að menn geti varið að ákveða gengislækkun, sem þar að auki hlyti að lenda mjög hart og e. t. v. einna harðast á útvegsmönnum nú vegna þeirrar miklu endurnýjunar flotans, sem hefur átt sér stað undanfarin ár og varð m. a. möguleg vegna þeirra miklu lána, sem erlendir útflytjendur hafa veitt út á þessi skip. Ég á þess vegna eftir að sjá, að það mundi létta fyrir sjávarútveginum í heild, þó að gengisbreyting væri nú ákveðin, alveg eins og ég vil segja, að það er engin gengisbreyting, sem getur forðað okkur frá erfiðum vertíðum öðru hverju, sbr. hina mjög erfiðu vetrarvertíð á þessu ári. Það er engin gengisbreyting, sem gerir það auðveldara að ná í síldina norður við Spitzbergen, Svalbarða, heldur en ef hún er nokkra tugi mílna út frá landinu sjálfu eða upp við þess strendur. Hér er um vandamál allt annars eðlis að ræða heldur en gengisbreyting geti leyst.

Þá er einnig á það að líta, að alveg eins og almenningur kemst ekki hjá því að taka á sig afleiðingar jafnstórfellds hnekkis og okkar útflutningur nú hefur orðið fyrir, þá komast atvinnurekendur auðvitað ekki heldur hjá því að taka afleiðingum þvílíkra breytinga. Þeir verða að skoða sinn atvinnurekstur alveg frá grunni, kanna til hlítar, hverju má betur fyrir koma heldur en þeir hingað til hafa gert. Að því leyti geta þessir örðugleikar, sem við vitanlega viljum allir forðast og því fer fjarri, að ég telji, að á nokkurn hátt séu okkur til góðs, — þá geta þeir orðið okkur til lærdóms. Við getum látið þá verða til þess, að við hver og einn endurskoðum betur en áður það verkefni, sem okkur er falið eða við höfum tekið að okkur að leysa. Með því móti á ég ekki við það, sem hv. 1. þm. Austf. talaði um, að nú væri ráðið að efna til einhverrar nýrrar allsherjarendurskoðunar á þjóðarbúinu, úttekt þess. Við höfum heyrt þann boðskap áður frá sömu aðilum, þegar þeir réðu mestu hér í þessu þjóðfélagi á árunum 1956 og 1957. Þá var einmitt ein meginuppistaðan í þeirra boðskap, að slík allsherjarendurskoðun og úttekt ætti að fara fram. Ég veit ekki til þess, að jafnvel nú að 10 árum liðnum hafi menn fengið að sjá þær niðurstöður, sem við þá úttekt fengust.

Það tjáir ekki að ætla að sleppa frá vanda með slíkum almennum orðatiltækjum. Menn verða að gera sér grein fyrir vandamálinu sjálfu, eins og það liggur fyrir, en ekki tala um það fögrum orðum, að með einhverjum allsherjarúrræðum, sem þeir hafa sjálfir enga hugmynd um, hver séu, sé hægt að sleppa hjá þeim óþægindum, sem óhjákvæmilega eru á veginum.

Alveg eins er tal um það, að nú væri hægt með vaxtalækkun eða með fleiri lánum að leysa þá erfiðleika, sem við er að etja, fullkominn misskilningur. Sannleikurinn er sá, að menn hafa gert allt of mikið úr því, hversu vextir séu

þungir í ýmiss konar atvinnurekstri. Vitanlega eru þeir þungir, ef menn hafa fengið mikil lán. Einnig er of mikið úr því gert, að vextir séu miklu hærri hér en annars staðar. Ég hygg, að munur á því sé mjög lítill nú orðið, hve vextir séu hér hærri en tíðkast í flestum nágrannalöndum til sambærilegra hluta. Varðandi ýmiss konar stofnlán má segja, að við í fátæku þjóðfélagi höfum auðvitað hvergi nærri getað leyst þann vanda eins og skyldi, en þó hefur aldrei lengra verið gengið heldur en einmitt á síðustu árum. Hitt játa ég svo, að auðvitað hlýtur sveigjanleg lánaúthlutun að verða eitt af þeim úrræðum, sem nú koma til athugunar. Það er alveg ljóst mál og hefur raunar þegar komið fram í útlánum bankanna, að ef atvinna á ekki að stöðvast, er ekki hægt að hafa eins strangar útlánareglur, jafnvel þótt það frá vissu fjárhagslegu sjónarmiði væri verjanlegt og ef til vill rétt, eins og þegar allt leikur í lyndi. Það verður að gera það mögulegt, að heilbrigður atvinnurekstur í landinu geti haldið áfram, jafnvel þó að á móti blási um sinn, því að það erum við allir sammála um, að okkar höfuðverkefni, hvað sem öllum ágreiningi um minni háttar málefni líður, — okkar höfuðverkefni er að koma í veg fyrir atvinnuleysi, þannig að við lendum ekki í því sama böli og þjóðfélagið lenti í á árunum 1931—1940. Þær till., sem hér eru fram bornar, miða einmitt að því höfuðmarki, að forðast verði atvinnuleysi, að komið verði í veg fyrir, að þeir örðugleikar, sem nú steðja að fyrst og fremst atvinnuvegunum, ríkissjóði og öllum almenningi, leiði til þess, að atvinnuleysi skelli á.

Um einstök atriði frv. get ég verið stuttorður. 1. kaflinn fjallar um vísitölu framfærslukostnaðar og verðlagsuppbót á laun. Eins og segir í grg. frv., varð samkomulag um það í hinu svokallaða júnísamkomulagi 1964 að beina því til réttra aðila, að reiknaður yrði nýr vísitölugrundvöllur. Það var berum orðum fram tekið í því samkomulagi, að þann nýja grundvöll mátti ekki taka upp, meðan á samningstímanum stæði, sem ráðgerður var eitt ár, nema með samkomulagi beggja aðila, og var þó sá fyrirvari hafður á, að grunnkaup hækkaði ekki. Nú kom það á daginn, að það tók miklu lengri tíma að reikna út hinn nýja grundvöll en menn höfðu haft í huga á þessum júnídögum 1964, og á það reyndi ekki, að hann væri hægt að taka í gildi, meðan á samningstímanum stæði. Síðan hafa aðilar, eftir að grundvöllurinn hinn nýi lá fyrir, ekki fengizt til að taka afstöðu til þess, hvort hinn nýja grundvöll skyldi taka upp eða ekki. Með eðlilegum hætti má segja, að það sé skiljanlegt, að hver aðili, launþegar að sínu leyti og atvinnurekendur að sínu leyti og ríkið að sínu leyti, skoði, hvernig þetta komi bezt út fyrir hann. Sú skoðun, sem fram hefur farið, leiðir til þess, að á undanförnum missirum mundi þetta að nokkru hafa komið í einn stað niður af ýmsum ástæðum, sem nánar er gerð grein fyrir í aths. frv. Það er hins vegar ljóst, að nýi grundvöllurinn speglar miklu betur efnahagsástand nútímans en grundvöllurinn fyrri gerir. Hann er reiknaður út eftir neyzluvenjum manna á árunum 1953 og 1954 og var lögfestur nokkrum árum seinna. Á þessu tímabili hefur velmegun alls almennings í landinu stórlega aukizt. Menn getur greint á, hversu það sé mikið, en engum kemur til hugar að neita því, að afkoma er miklu betri og neyzluvenjur þess vegna allt aðrar. Og það er eðlilegt, að nú sé miðað við það, sem næst verður komizt. Það, sem rétt er, en ekki það, sem kann að hafa verið rétt fyrir 14—15 árum, einkanlega þegar jafnmikil breyting hefur orðið á eins og orðið hefur á þessu tímabili.

Ég bendi á það, að jafnvel þótt gert sé ráð fyrir nokkurri rýrnun lífskjara í því frv., sem hér liggur fyrir, er þar einungis verið að hverfa til þess, sem var á árunum 1965—1966, einmitt þegar þessi grundvöllur var reiknaður út, sem hér er verið að lögfesta, svo að hann mundi gefa nokkurn veginn rétta mynd af svipaðri tekjuöflun í þjóðfélaginu og ráðgert er með þeirri rýrnun lífskjara, sem menn nú því miður komast ekki hjá að taka ákvörðun um, með hverjum hætti verða skuli. Ég legg áherzlu á það, að hér er engan veginn ætlað að fara neitt aftan að mönnum eða villa um fyrir mönnum um þá breytingu á lífskjörum, sem ráðgerð er. Í grg. frv. er reiknað út, hver breytingin verði eftir núgildandi grundvelli og hver hún verði eftir hinum nýja grundvelli, þannig að fyrir þeim hnekki er ráðgert að menn verði eftir þessum tillögum. Hvernig menn vilja svo meta hann í framtíðinni, hvort á að verða eftir þessum nýja grundvelli eða ekki, það fer eftir því, hvort menn vilja gera sér rétta grein fyrir þróuninni, eða þá því, að hagsmunirnir í bili benda til annars, eða halda einhverju, sem villandi er. Ég er sannfærður um, að þegar til lengdar lætur, þá er betra að gera sér rétta grein fyrir hlutunum en ranga, og þess vegna er þessi tillaga fram borin. Jafnframt er svo ráðgert, að menn taki á sig uppbótalaust þá rýrnun lífskjara, sem nú er gerð tillaga um, en án þess að samningsfrelsi þar fyrir utan sé skert, og ef aðilar semja um að bæta sér þessa skerðingu upp með hækkuðu grunnkaupi, þá er það út af fyrir sig ekki bannað í þessu frv. Til þess hafa samningsaðilar fullt frelsi. Hins vegar hljóta þeir að gera sér grein fyrir því, að af slíku hljóti að verða aðrar afleiðingar, hvort sem þeir eða aðrir fást til að gera sér fulla grein fyrir þeim strax í dag eða ekki.

Verðstöðvunarákvæðin í 2. kafla eru að meginefni til hin sömu og nú eru í lögum. Ráðgert er, að slík ákvæði haldist út allt árið 1968, einmitt vegna þess að viðbúið er, að við verðum að þola slíkt okkur óhagstætt verðlag enn um sinn. Það er þá hægt að breyta til, ef betur horfir en nú virðist.

Um 3. kafla er svo, að hann lögfestir til ársloka 1968 sams konar aðstoð við sjávarútveginn og nú er í lögum, með þeirri breytingu einni, sem leiðir af því, að ákvæðin eiga að gilda fyrir árið 1968. Ég tek það skýrt fram, að þessi aðstoð, sem þarna er ráðgerð, er áreiðanlega lágmark þess, sem sjávarútvegurinn þarf á að halda, eins og nú horfir, að því viðbættu fyrir hann og aðra atvinnuvegi í landinu, að ekki leggist á hann nýjar kvaðir vegna kauphækkana. Ég hef fullan fyrirvara um það og aðvara menn skýrt, að vel má vera, að frekari athuganir, rannsóknir og

framvinda geri óhjákvæmilegar frekari og róttækari ráðstafanir í þessum efnum, en rök fyrir þeim liggja ekki fyrir í dag. Til þess þarf frekari rannsókn og athuganir og gögn heldur en enn eru fyrir hendi. Hafin er ýtarleg athugun á afkomu sjávarútvegsins og þá ekki síst hraðfrystihúsanna á árinu 1967, en henni er ekki lokið. Þá eru hafnar viðræður af hálfu fulltrúa ríkisstj. og Landssambands ísl. útvegsmanna. Til hvaða afleiðinga eða ákvarðana þær viðræður og athuganir leiða, get ég ekki frekar en aðrir sagt um í dag. Ég endurtek það, sem ég sagði fyrr í minni ræðu, að það er víst, að ráðstafanir svipaðar þessum í meginatriðum eru forsenda þess, að vandamálið að öðru leyti verði leyst. Ef menn hverfa frá því að gera í meginatriðum þær ráðstafanir, sem hér er lagt til, þá mun illa fara, þá mun þetta vandamál verða okkur óviðráðanlegt. Þá er viðbúið, að svipaðar afleiðingar komi fram og við áttum við að búa á árabilinu frá 1931—1940, og veit ég, að þeir eru fáir, sem með opnum augum og vísvitandi vilja stofna til slíkra örðugleika á ný.

Um 4. kaflann varðandi farmiðagjöldin, þá hefur svipuð tillaga komið fram áður. Þá blés byrlegar fyrir okkur en nú, og þá var frá henni fallið vegna þeirra óvinsælda, sem slík tillaga hlýtur að hafa í för með sér, og óþæginda margs konar. Þau eru játuð af öllum. En eins og nú horfir, þá tel ég, að hér sé um eðlilega ráðstöfun að ræða því frekar sem það er ljóst, að það er hlutfallslega ódýrara að ferðast erlendis heldur en í landinu sjálfu og að með því að fara til útlanda og kaupa þar ýmiss konar vörur, þá njóta þeir, sem þann munað geta veitt sér, verulegra hlunninda á kostnað hinna, sem heima sitja og annaðhvort hafa ekki efni á eða önnur atvik eru slík, að þeir geti ekki farið til annarra landa. Þess vegna er hér um að ræða réttlætismál og sanngirnismál, sem að vísu kemur illa við suma, en í heild horfir til þess að auka jafnræði og réttlæti á meðal þjóðfélagsþegnanna.

Varðandi 5. kafla er þar ráðgerð hækkun á eignarskatti með hækkun á fasteignamati. Ég vek einkanlega athygli á í því sambandi, að þrátt fyrir þessa hækkun á fasteignamatinu er ráðgert, að það verði innan þeirra marka, sem hið nýja fasteignamat setur. Það fasteignamat hefur dregizt lengur en í upphafi var áætlað, og því er einungis sanngjarnt, ekki síst þegar aðrir verða að taka slíkum byrðum eins og þessar ráðstafanir hafa í för með sér, að þessi breyting sé gerð. Í nánu sambandi við hana er svo breytingin í 28. gr., sem fækkar þeim, er eignarskatt eiga að greiða.

27. gr. um söluskatt á fleiri aðilum af hálfu ríkisins er einungis til samræmis milli ríkis og atvinnurekenda. Ákvæði 28. gr. varðandi iðgjöld til almannatrygginga eru til þess að hindra, að iðgjöldin verði óeðlilega há á þessu ári vegna þeirrar linkindar, sem á þeim var veitt á síðasta tímabili.

Það hefur komið fram í því, sem ég sagði um meginatriði frv. í 2., 3. og 4. kafla, að þau eru tímabundin og eiga að gilda til ársins 1968. Sá frestur byggist á því, að við getum ekki á þessu stigi vænzt þess, að núverandi örðugleikum létti, svo að verulegu nemi, fyrr en einhvern tíma á næsta ári, ef það verður þá, sem enginn getur sagt um í dag. Hins vegar er líka ástæða, eins og ég þegar hef sagt, til þess að ætla, að hér sé um tímabundna örðugleika að ræða, — örðugleika, sem engan veginn þarf að verða eða á að verða okkur ofvaxið að ráða við, en við því aðeins munum ráða við, að þjóðin fáist nú til þess að sníða sér stakk eftir vexti og gera sér grein fyrir, hvers eðlis þessir örðugleikar eru, setji til hliðar deilur um önnur atriði, sem skiljanlegt er, að menn greini á um, en einbeiti sér nú að því að leysa þann vanda, sem að þessu sinni blasir við og er annars eðlis en við um langt árabil áður höfum þurft við að etja.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Óneitanlega kvað nokkuð við annan tón hjá hæstv. forsrh. nú en þegar þessi mál almennt voru rædd mjög ofan í kjölinn síðast, þ. e. a. s. á s. l. vori í sambandi við þær alþingiskosningar, sem þá fóru fram, þegar menn voru að afla sér umboða til þess að starfa á hv. Alþ., væntanlega þetta kjörtímabil. Þá kom hæstv. forsrh. ekki fram til þess að segja þjóðinni frá því, að það væri fram undan stórkostleg verðhækkunaralda og kjaraskerðing, sem menn yrðu að taka á sig vegna þess, hvernig ástatt væri um atvinnumálefni og málefni landsins. Þá kvað við allt annan tón, sem sé þann, að ríkisstj. hefði tekið upp verðstöðvunarstefnuna, sem hvíldi á traustum grunni atvinnulífsins, það væri búið að koma málum þannig fyrir, að atvinnulífið hvíldi á traustum grunni, verðstöðvunarstefna hefði verið tekin upp, og þeir, sem vöruðu við þessum málflutningi og sögðu, að því miður væri þessu allt öðruvísi varið og stöðvunin, sem innleidd hefði verið, gæti ekki staðið nema til bráðabirgða, vegna þess að hún væri byggð á sandi, voru kallaðir boðberar barlóms og úrtölumenn, og önnur slík heiti voru þeim valin. Það er fróðlegt í þessu sambandi að minnast t. d. á það, hvernig forustublað stjórnarflokkanna í þessu tilliti hagaði sínum málflutningi. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég aðeins minna á það. Morgunblaðið sagði rúmum hálfum mánuði fyrir kosningarnar:

„Þótt við vonum, að verðfallið muni ekki standa til langframa, eru engin merki þess, að verðlagið fari hækkandi á ný. Fyrir viðreisn hefði slíkt verðfall þegar í stað haft í för með sér ströng höft og kjaraskerðingu. Vegna viðreisnarinnar eru Íslendingar nú miklu betur undir það búnir að standa það af sér. Gjaldeyrisvarasjóðurinn gegnir einmitt því þýðingarmikla hlutverki að koma í veg fyrir slíkar hömlur á tímum, þegar erfiðleikar steðja að, og hann nemur nú um 2000 millj."

Og í þeim samþykktum, sem Sjálfstfl. gerði rétt fyrir kosningarnar, stóð m. a.:

„Þótt verðfall framleiðslunnar kunni að draga úr hagvexti um sinn, er efnahagur þjóðarinnar nú svo traustur, að auðið á að vera að forðast veruleg efnahagsleg vandræði, ef skynsamlega er á málum haldið."

Og enn fremur var sagt, að stefnt verði að viðtæku samkomulagi um verðlag og kaupgjald, er treysti gengi krónunnar og tryggi atvinnu-

vegunum samkeppnisaðstöðu, en launþegum batnandi kjör.

Þessu var haldið fram fyrir kosningarnar, að verðstöðvunin byggðist á öruggum og traustum grundvelli og ef eitthvað bæri út af meira en orðið væri, skyldu menn muna eftir gjaldeyrisvarasjóðnum, því að það væri alveg tryggt, að þá gæti hann komið til hjálpar. Hann tæki skellinn og menn þyrftu ekki að búast við neinum búsifjum á næstunni. Þetta sagði hæstv. ríkisstj., og þessu gerði hún grein fyrir frammi fyrir allri þjóðinni, þótt hún vissi jafnvel og við, að niðurgreiðslurnar, sem efnt var til í fyrravetur til þess að fela, hvernig komið var, fram yfir kosningarnar, voru þannig uppbyggðar, að til þeirra hafði raunverulega ekki verið aflað fjármuna og þær gátu ekki staðið nema um stundarsakir.

Nú verður hæstv. forsrh. að stíga þau þungu skref aðeins örfáum mánuðum eftir kosningarnar að koma hér fram á hv. Alþ. og tilkynna Alþ. og þjóðinni, að einmitt þessar niðurgreiðslur, sem þeir efndu til fyrir nokkrum mánuðum, verði allar afnumdar og menn verði að taka á sig bótalaust þann skell, sem af því leiði. Það á að láta nú örstuttu eftir þessar kosningar, verðstöðvunarkosningarnar, sem voru unnar af stjórnarflokkunum á verðstöðvunarloforðunum, því að þær voru unnar á verðstöðvunarloforðunum, — að láta nú flæða yfir landið nýja verðhækkunar- og dýrtíðarbylgju upp á 750—800 millj. Og mönnum er sagt í launþegastétt og bændum, að þeir verði að taka þetta á sig bótalaust. Þetta er framkvæmd verðstöðvunarstefnunnar.

Ég sagði það hér, þegar þessi mál voru til umr. um daginn, að stjórnin væri allt of veik, en hæstv. forsrh. sagði, að hún hefði á bak við sig 53% þjóðarinnar. En hvernig er það kjörfylgi fengið? Heldur hæstv. forsrh., að hann hafi traust þessa fólks í dag, sem hann fékk með þessum hætti til þess að kjósa stjórnarflokkana í júní? Dettur honum það í hug? Þessar kosningatölur segja ekkert um það, hvort menn styðja stjórnina nú, eða um það traust, sem hún nýtur. Það er engum blöðum um það að fletta og það er almennur skilningur á því í landinu, að það, sem nú er að gerast, sýnir svart á hvítu, að hæstv. ríkisstj. sveikst aftan að þjóðinni í vor og hefur ekkert umboð til þeirrar fruntalegu árásar, sem hún hyggst nú beita sér fyrir á lífskjör almennings með þeim ráðstöfunum, sem hún er að gera, vegna þess að meiri hl. er fenginn með því að streitast við að halda því fram, að engar slíkar ráðstafanir eins og þær, sem nú er gert ráð fyrir, gætu verið fram undan eða kæmu til mála. Það var svo rækilega ráðizt gegn þeim aðvörunum, sem framsóknarmenn fluttu í kosningunum í vor, að það var gert að aðalatriði kosningabaráttunnar, að einmitt væri búið að koma þessum málum þannig fyrir á traustum grundvelli atvinnulífsins og með gjaldeyriseigninni, sem kölluð var gjaldeyrisvarasjóður, að þó að verðlag lækkaði á útflutningsvörum og ýmis þvílík óhöpp kæmu fyrir, þyrfti alls ekki að grípa til neinna neyðarráðstafana af því tagi, sem hér er nú verið að framkvæma.

Þessar ráðstafanir, sem hér er gert ráð fyrir, eru sumpart fólgnar í því að hætta við þær niðurgreiðslur, sem ríkisstj. hafði ákveðið, að skyldu vera í gildi meðan kosningabaráttan stóð yfir, meðan verið var að kjósa, og nemur það, að því er manni skilst, yfir 400 millj. En jafnframt er gert ráð fyrir því að leggja á nýja skatta og nýjar álögur í óteljandi myndum. Það verður verðhækkun á nálega öllum landbúnaðarafurðum, mjólk, osti, kjöti, kartöflum, enn fremur á smjörlíki og ýmsum öðrum vörum. Þá verður innleitt nýtt farmiðagjald, hækkuð daggjöld á sjúkrahúsum, hækkaður eignarskattur, hækkuð gjöld pósts og síma, hækkuð gjöld hljóðvarps og sjónvarps, hækkuð almenn iðgjöld trygginganna og sjúkrasamlagsgjöldin. Allar þessar hækkanir eiga að koma, og þær eru taldar nema um 750—800 millj. Gert er ráð fyrir, að þessar hækkanir allar saman muni nema um 13½ vísitölustigi, og mér skilst, að það þýði sama sem 7½% kjaraskerðingu.

Sagt er, að þetta verði menn að taka á sig vegna þess, hvað menn hafi fengið mikið af góðærisgróðanum í sinn hlut, menn hafi fengið svo mikið af góðærisgróðanum í sinn hlut, að menn verði að taka á sig þessar búsifjar. Honum hafi verið dreift til almennings, gróðanum, og því verði menn nú, þegar nokkuð bjátar á, að taka á sig þessar byrðar. Athugum ofurlítið, hvernig þessi dreifing á góðærisgróðanum, á gróða þeirra uppgripaára, sem verið hafa undanfarið, hefur farið fram. Hvað er kaupgjaldið núna fyrir dagvinnuna? Hvað er það? Kaupgjald Dagsbrúnarmanna í 4. flokki, sem mér skilst að muni vera einn hæsti flokkurinn, ef Dagsbrúnarmaðurinn hefur vinnu 300 daga ársins og vinnur fulla dagvinnu alla daga, er 114 þús. kr. Kaupgjald iðnverkafólks eftir B-taxta, og það er hærri taxtinn, ekki byrjendataxtinn, er 105 þús. kr. með því að vinna 300 daga á ári allar dagsstundir, 105 þús. kr. Ef við tökum járnsmiði, þá er árskaup með því að hafa 300 vinnudaga á ári um 136 þús. kr., og rafvirkja, ef þeir hafa unnið í 8 ár, um 140 þús. kr. Það skal tekið fram, að orlofið er ekki tekið með.

Hver er svo húsnæðiskostnaðurinn núna eftir 8 ára viðreisn? Þetta er kaupið eftir 8 ára viðreisn, eftir 8 ára ráðstafanir til þess að dreifa góðærisgróðanum til almennings af hálfu stjórnarflokkanna. Og hæstv. forsrh. dáðist mjög að því, hvað það hefði tekizt vel og því yrðu menn nú að sýna þegnskap og taka vel undir, þó að eitthvað strekki í. Hver er svo húsaleigan, hver er húsnæðiskostnaðurinn, sem þetta fólk verður að standa undir? Ég ætla ekki að nefna tölur. En það væri æskilegt, að hæstv. forsrh. tæki sér það fyrir hendur að reyna að gera mönnum grein fyrir því, hvernig hugsanlegt er að lifa á þessu kaupi, miðað við húsnæðiskostnaðinn eins og hann er núna, áður en hann heldur fleiri ræður í þeim stíl, sem hann hélt hér áðan til þess að dást að því, hvað þetta hefði tekizt vel. Það væri fróðlegt að heyra, hvernig hæstv. forsrh. teldi að ætti að fara að því, hvað þá heldur þegar búið væri að lækka þetta um 7½%, og yrði þó meira, ef þessar viturlegu aðferðir eru viðhafðar, sem þeir stinga upp á, því að ég geri ráð fyrir því, að það verði meira en 7½%

lækkun hjá þessu fólki, því að flest af því mun lítið annað geta keypt en matinn. Og það er fyrst og fremst hann, sem á að hækka.

Það er ekki að furða þó að Alþfl. hafi það eitt um þetta að segja, að hann sé þessu í einu og öllu samþykkur.

Það var talað um það hér áður, að hinir og aðrir þyrftu að endurskoða rekstur sinn, og ég hef stundum talað um það, og það var dálítið gaman að því áðan, að hæstv. forsrh. var kominn með æðilangan kafla, þar sem hann lýsti yfir því, að atvinnurekendur yrðu að endurskoða rekstur sinn frá rótum, sagði hann. Þá mundi hann allt í einu eftir því, að þetta var sama orðalag og ég hef notað um þjóðarbúskapinn og ríkisbúskapinn hjá hæstv. ríkisstj., og hljóp hann þá út úr götu sinni og kom annar kafli, þar sem hann í raun og veru var að taka þetta allt aftur. Þó varð niðurstaðan sú í lokin, að það þyrftu allir að endurskoða rekstur sinn og allar sínar athafnir nema ríkisstjórnin, hún þyrfti ekki að endurskoða neitt. Þar þyrfti ekki að endurskoða neitt, því síður frá rótum. Þar hefði yfirleitt ekki verið hægt að fara skynsamlegar að en hún hefur gert á undanförnum árum og þýðingarlaust að vera að ræða um það, sagði hæstv. forsrh. Engin mistök, sem þyrfti að leiðrétta, og yfirleitt ekkert að endurskoða, því síður frá rótum. En atvinnurekendur áttu að endurskoða allt hjá sér frá rótum, og ég geri ráð fyrir, að þær fjölskyldur, sem ég hef verið að ræða hér um og hafa þessar tekjur með því að vinna 300 daga á ári, eigi að endurskoða sitt ráð frá rótum. En er það til of mikils mælzt, þegar stungið er upp á þessu, að þjóðarbúskapurinn sé endurskoðaður frá rótum, og ráðsmennska hæstv. ríkisstj.? Mér finnst það ekki vera neitt til þess að dást að, að niðurstaðan skuli vera sú eftir þau uppgripaár, sem við höfum búið við, að almenningur getur alls ekki lifað af dagkaupinu, en samt sem áður geti atvinnuvegirnir í raun og veru ekki greitt það. Er ástæða til að dást að þessari niðurstöðu eftir 8 mestu góðæri, sem þjóðin hefur nokkurn tíma búið við? Ég held ekki.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að gera sér grein fyrir því, að það er alveg óhugsandi, að menn láti bjóða sér þetta. Það er alveg óhugsandi t. d., að verkalýðshreyfingin láti bjóða sér þetta án þess að hafast eitthvað að til þess að reyna að rétta hlut þessa fólks. Þetta er ekki hægt. Það er ekki hægt að knýja þessar lækkanir fram, við sjáum það á þessum dæmum, sem ég hef nefnt. Og ég er satt að segja alveg steinhissa á því, að hæstv. ríkisstj. skuli leggja þetta frv. fram.

Hér er ekkert gert til þess að rétta atvinnuvegunum hjálparhönd. Þetta er eingöngu miðað við að reyna að sjá einhvern veginn ríkiskassanum borgið og þá með þessum aðferðum. Ég mundi ráðleggja hæstv. ríkisstj. að taka þetta frv. til baka eða a. m. k. leggja því rækilega við akkeri og snúa sér í þess stað að málefnum atvinnuveganna, — taka þau fram fyrir og leysa þau þannig, að kauplækkun á almennu kaupi þurfi ekki og geti ekki komið til mála, — snúa sér að málefnum atvinnuveganna með það sjónarmið í huga, en taka þetta frv. til baka, eða eins og ég segi, leggja því rækilega við akkeri.

Þó að slík athugun tæki einhvern talsverðan tíma, sem hún hlýtur að taka, eins og allt er í pottinn búið, verður auðvitað að hafa það, og sá halli, sem nú er í þjóðarbúinu, verður að standa á meðan, því að eftir þessum leiðum, sem hér er stungið upp á, næst engin lausn.

Því hefur verið haldið hér fram af hæstv. forsrh., að það mundi sennilega ekki vera hægt að bæta neitt um eða greiða fyrir atvinnuvegunum. Þannig væri þessi sjálfhelda, og út úr henni væri ekki hægt að komast nema eftir þessari einu leið, sem hér er stungið upp á. En í þessu efni er ég hæstv. forsrh. algerlega ósammála, alveg eins og ég er alveg ósammála þeirri fullyrðingu hæstv. forsrh., sem á sér enga stoð, að þau vandkvæði, sem við nú búum við, stafi eingöngu af aflabresti og stórkostlegu verðfalli á afurðum.

Auðvitað hefur orðið minni afli núna en þegar hann hefur orðið mestur. En það er ekki minni afli en við höfum oft áður átt við að búa og það meira að segja árum saman. Og varðandi verðlagið mun það vera sönnu næst, að þó að verðfallið á útflutningsafurðunum sé mjög tilfinnanlegt, — mjög tilfinnanlegt, og ekki skal ég draga úr því, að það er mjög tilfinnanlegt vegna þess, hvað það var orðið óskaplega hátt, er sannleikurinn sá, að þegar á heildina er litið, munum við núna, jafnvel eftir þetta verðfall, búa við a. m. k. eins hagstætt verðlag og var, þegar hæstv. ríkisstj. tók við, og eins hagstætt og við höfum oft orðið að sætta okkur við áður. En þetta þýðir, að ef sómasamlega hefði verið búið að íslenzkum atvinnurekstri við þau uppgrip, sem hér hafa verið á undanförnum árum, og gífurlega hátt útflutningsverðlag, átti vitanlega að vera hægt að taka þann skell, sem varð af nokkru verðfalli, um nokkurn tíma án þess að gera ráðstafanir nokkuð í líkingu við það, sem hér er stungið upp á.

Sannleikurinn er sá, að aðalástæðan til þess, hvernig komið er með okkar atvinnurekstur, og aðalástæðan fyrir þeim vanda, sem við eigum við að glíma, er vitanlega, hvernig til hefur tekizt um stjórn atvinnumála og stjórn efnahagsmála á þessu mikla góðæristímabili. Það eru staðreyndirnar í þessu máli. Verðbólgan hefur vaxið hér á Íslandi tvöfalt hraðar en áður, enda þótt hæstv. ríkisstj. teldi sig vera að reyna og framkvæma ýmsar heppilegar, nýjar hagstjórnaraðferðir. En þær reyndust þess gjörsamlega ómegnugar að draga úr verðbólgunni, því að hún fór sífellt vaxandi. Þess vegna er verðlag á Íslandi komið algerlega úr samræmi við verðlag nágrannalandanna, og þar í liggur einn höfuðvandinn, sem við er að fást í íslenzku atvinnulífi. Hann liggur í þessum verðbólguvexti, sem hér hefur orðið á undanförnum árum. Ef hér hefði orðið svipaður verðbólguvöxtur og í nágrannalöndunum eða bara álíka og hann var áður en þessi hæstv. ríkisstj. kom til, þá hefðu atvinnuvegirnir staðið miklu betur að vígi og sennilega ekki verið í neinum sérstökum vanda með það að komast yfir stutt tímabil erfiðleika

af því tagi, sem við eigum nú við að fást vegna minni afla en hann hefur orðið mestur og vegna þess, að verðfall hefur orðið á íslenzkum vörum. En það er þessi verðbólguvöxtur, þessi verðbólgustefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir, sem veldur vandræðunum, og það misræmi, sem orðið er.

Það er líka margt fleira, sem vert er að leggja ríka áherzlu á, og m. a. það, að hagstjórnaraðferðir hæstv. ríkisstj. hafa grafið hreinlega grunninn undan íslenzku atvinnulífi í mörgum greinum og þær reynzt alveg óbærilegar. Í því sambandi vil ég nefna t. d. stefnuna í lánamálum. Á meðan útflutningsverðmæti frá Íslandi var um eitt þús. millj. á ári, lagði Seðlabankinn inn í lánakerfið venjulega um 600—800 millj. í formi víxlaendurkaupa. Það var hans framlag inn í lánakerfið. En á undanförnum árum hefur þessu verið hagað þannig, að þótt útflutningsverðmæti hafi orðið 5—6 þús. millj. eða vaxið um 500—600%, hefur sú fúlga, sem Seðlabankinn leggur inn í lánakerfið, ekki vaxið meira en um 50—60%. Áður var allt sparifé í umferð á vegum atvinnuveganna sem rekstrarlán og á vegum almennings, en á þessum árum hefur verið tekin upp sú pólitík að draga verulegan hluta af aukningu sparifjárins inn í Seðlabankann og minnstur hluti þess hefur verið lánaður út aftur í atvinnulífið.

Það hefur því verið framkvæmdur samdráttur á rekstrarlánum til atvinnuveganna, sem nemur þús. millj. á ári, miðað við það, sem áður var, enda er sannleikurinn sá, að íslenzkur atvinnurekstur hefur í öllum greinum: iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi, verið svo lamaður af rekstrarfjárskorti á undanförnum árum, að það hefur í raun og veru ekki verið hægt að koma við skynsamlegum atvinnurekstri í neinni grein vegna skorts á rekstrarfé. Hvernig á að vera hægt að reka fyrirtæki skynsamlega, ef rekstrarfé vantar til að kaupa hráefni, til að kaupa lífsnauðsynlegustu vélar eða framkvæma annað það, sem gera þarf, enda hefur aldrei verið nokkurt lát á vitnisburðum frá atvinnuvegunum um erfiðleika þeirra, sem af þessu hafa stafað. En hæstv. ríkisstj. hefur látið þetta algerlega eins og vind um eyru þjóta. Það hefur verið sagt: Peningarnir eru ekki til. Að svara þessu er líkast því, að verið sé að tala við börn, því að í þessu sambandi er ekkert, sem heitir, að peningarnir séu ekki til. Þetta er sem sé aðeins spurning nú um það, hvað skynsamlegt er að setja mikið peningamagn í umferð. Það er margt, sem þarf að hafa til hliðsjónar í því sambandi. Það er ekki til nein formúla um það efni, heldur verður að þreifa sig áfram og notfæra sér heilbrigða skynsemi. Við sjáum t. d., að áður en hæstv. ríkisstj. tók upp þessa stefnu, að reyna að koma á jafnvægi með því að draga inn lánveitingar og svelta atvinnulífið að rekstrarfé, var öll sparifjáraukningin sett í umferð jafnóðum og Seðlabankinn endurkeypti miklu meira tiltölulega en síðan. Samt sem áður var verðbólguvöxturinn hægari þá en hann hefur verið síðan. M. ö. o.: þessar aðfarir hæstv. ríkisstj. hafa ekki náð að lækna verðbólguna, en þær hafa lamað íslenzkt atvinnulíf, og um það er ekkert að efast, þær hafa lamað íslenzkt atvinnulíf. Þá er það orðið vitað mál, að íslenzkt atvinnulíf þolir ekki þá vexti, sem hafðir hafa verið á undanförnum árum og yfirleitt hafa verið miklu hærri en vextir í nágrannalöndunum, í þeim löndum, sem þarf að skipta við, og það eru mýmörg dæmi þess, að íslenzkir iðnrekendur t. d., sem eiga að keppa við erlendan varning, t. d. skipasmíðastöðvar og annað slíkt, hafa rekið sig á, að það er óhugsandi að reka atvinnurekstur í samkeppni við erlendan atvinnurekstur með þeim vaxtakjörum, sem við er að búa hér.

Það er því alveg augljóst, að þó að verðlækkun sú, sem orðið hefur á útflutningsvörum, sé mjög tilfinnanleg, og ekki skal ég draga úr því, þá er grundvallarkjarni þessara mála sá, að við hefðum lent í stórkostlegum vandræðum, þótt útflutningsverðið hefði ekki lækkað á okkar vörum, vegna þess að það eru grundvallarmeinsemdir í okkar atvinnulífi, sem verður að lagfæra. Þess vegna held ég fast á því, að jafnvel þó að nú væru gerðar neyðarráðstafanir til bráðabirgða til þess að reyna að fleyta sér stutta stund, mun aftur sækja í sama horfið, nema tekin sé upp alveg ný stefna í atvinnu- og efnahagsmálum.

Ég vil í þessu sambandi rifja upp, hvernig þessi hæstv. ríkisstj. fór á stað 1960. Hún gerði þá hvort tveggja í senn, hún lækkaði gengið mjög verulega og lagði á óhemjulegar nýjar álögur í margs konar myndum. Við, sem vorum á móti þessum ráðstöfunum, bentum á, að þetta mundi reisa slíka dýrtíðaröldu í landinu, að það yrði ekki við neitt ráðið. Það mundi rísa ein dýrtíðaraldan af annarri og ekki verða ráðið við neitt. Við bentum á það strax þá, að sú stefna, sem þá var ákveðin í lána- og vaxtamálum, gæti alls ekki staðizt. Reynslan hefur orðið ólygnust í þessu. Það hefur borið heldur minna á þessum vandkvæðum en ella vegna þess, að verðlag á útflutningsvörum fór sífellt hækkandi og það fundust nýjar veiðiaðferðir á síld, og í framhaldi af því varð aflamok, alveg óvenjulegt. Af þessum ástæðum komu meinsemdirnar, sem voru að éta í sundur grunninn í íslenzku atvinnulífi, ekki eins greinilega í ljós næstu árin og ella hefði verið. En núna, þegar ekki er lengur hægt að styðjast við aflamokið og hið óvenjulega háa verðlag, koma þessar meinsemdir fullkomlega í ljós. Þessar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. 1960 höfðu strax í för með sér verulega kjaraskerðingu, en henni var vel tekið í byrjun af íslenzkri verkalýðshreyfingu. Menn höfðu þá stefnu að vilja sjá til og að þessar ráðstafanir fengju reynslu. En 1961 var þannig komið, að það var óhugsandi, að launþegar í landinu gætu lengur verið aðgerðalausir, og þá var gerður á vegum verkalýðshreyfingarinnar og samvinnuhreyfingarinnar 2 ára kjarasamningur um nokkra kauphækkun. Þá var hækkandi verð á afurðum landsmanna. En hvað gerði hæstv. ríkisstj.? Í stað þess að notfæra sér þennan samning til þess að koma jöfnuði á þessi mál og kyrrð, framkvæmdi hún fruntalega og alveg ástæðulausa gengislækkun á árinu 1961 við hækkandi útflutningsverðlag, sem verkaði eins og benzín á dýrtíðarbálið, og sannleikurinn er sá, að síðan hefur hæstv. ríkisstj. aldrei ráðið við neitt, og afleiðingarnar sýna sig nú. — Má ég spyrja hæstv. forseta um fundarhaldið.

Það mundi henta vel fyrir mig að hafa kaflaskipti núna. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 4. fundi í Nd., 17. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson [frh.]: Herra forseti. Það kom skýrt fram í gær, hvert er aðalefni þessa frv., sem sé að almenningur eigi að taka á sig brotalaust og bótalaust 750—800 millj. í verðhækkunum á nauðsynjum og sköttum, en þetta fé skuli ganga til þess að jafna halla ríkissjóðs, án þess að málefni atvinnuveganna séu þar með á nokkurn hátt leyst.

Það vekur á hinn bóginn athygli, að ráðizt er í þetta án þess, að fram hafi farið nokkur ýtarleg endurskoðun á ríkisbúskapnum sjálfum, rekstri ríkissjóðs, hvort ekki væri mögulegt að beita þar meiri ráðdeild og koma í framkvæmd skynsamlegum sparnaðarráðstöfunum, áður en gripið er til neyðarúrræða af þessu tagi. Mundi þó margur álíta með tilliti til þess, hverju hér er stefnt að, að slíkt væri ekki ófyrirsynju, því að landsmönnum er yfir höfuð nokkuð kunnugt um það ráðdeildarleysi og einstaka bruðl, sem þróazt hefur á undanförnum árum í sjálfum ríkisrekstrinum. Nær vitanlega engri átt að ráðast í annað eins og þetta, án þess að slík endurskoðun hafi farið fram áður og allt sé gert, sem unnt er, til þess að auka ráðdeild á þessu sviði. Á þetta vil ég leggja mjög mikla áherzlu. En jafnframt vil ég svo benda á það, sem fram kom hjá hæstv. forsrh. í gær og kannske vakti einna mesta athygli af því, sem hann sagði, að gera mætti ráð fyrir því, að aðrar ráðstafanir yrðu að sigla hér í kjölfarið, ráðstafanir vegna sjálfra atvinnuveganna. Hæstv. forsrh. hafði mjög skýra fyrirvara um, að slíkt væri ekki ólíklegt, enda vitum við, að ástand atvinnuveganna er þannig, að það er óhugsandi annað en til slíks komi. M. ö. o. er hugsunin sú, að þetta sé aðeins fyrsta skrefið, en eftir sé meira en lítill böggull, sennilega þá af svipuðu tagi, síðar. Og það er eitt af aðalatriðunum í sambandi við þetta mál, að það leysir ekkert. Þó að í því séu þungar byrðar og mönnum séu greidd þung högg með því, sem til stendur, leysir það ekkert þann stórfellda vanda, sem við verðum að horfast í augu við.

Ég vil benda á, að það er ekki hægt að slíta þetta í sundur, og það mun hefna sín, ef það verður reynt á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. virðist hugsa sér, heldur verður að horfast í augu við þetta vandamál í heild. Nú er það auðséð, að um þetta eru mjög skiptar skoðanir, því að hæstv. ríkisstj. segir í raun og veru eða hæstv. forsrh. fyrir hennar hönd: Það á að byrja á þessu frv. — Það á sem sé að byrja á þessari kjaraskerðingu að hans dómi strax og jafna halla ríkissjóðs með því. En þá er viðurkennt, að eftir eru málefni atvinnuveganna og þau hljóti að koma á eftir. Síðan segir hæstv. forsrh.: Stefnan í atvinnumálum og efnahagsmálum hefur verið rétt í meginatriðum og engar verulegar bætur hægt að fá eða úrlausnir með því að breyta henni. — Ég hygg, að það fari ekkert á milli mála, að þetta er í raun og veru afstaða hæstv. ríkisstj. og þau vinnubrögð, sem hún vill viðhafa.

En við segjum: Vandinn er mikill, en það verður að byrja á byrjuninni og taka málefni sjálfra atvinnuveganna fram fyrir og horfast í augu við vandann í heild, en ekki slíta út úr einstök atriði á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. vill gera. Og það verður að breyta grundvallarstefnunni í efnahags- og atvinnumálum. Það er undirstaða þess, að þær neyðarráðstafanir, sem kann að vera nauðsynlegt að grípa til, beri í raun og veru nokkurn árangur. Kjaramálin verður að leysa í framhaldi af þessu, en ekki ráðast í kjaraskerðingu af þessu tagi, sem hér er gert ráð fyrir, og slíta þau mál úr sambandi við önnur efni.

Það er líka ágreiningur um það, af hverju vandinn stafar, og kemur hann að sjálfsögðu fram í mismunandi skoðunum á því, hvernig vinna skuli að málinu. Við höldum því sem sé fram, að vandinn stafi að verulegu leyti af því, hvernig búið hefur verið að atvinnuvegunum, og af rangri stefnu og það sé því ekki til neins, eins og ég sagði áðan, að fást við þetta nema ganga í rótina. En hæstv. forsrh. segir: Það hefur í öllum aðalatriðum verið fylgt réttri stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum og ekki hægt að leysa neitt með því að breyta henni. Sem sé, hæstv. forsrh. heldur því fram, að það sé ekki hægt að búa betur en gert hefur verið á þjóðarbúinu, það sé ekki hægt að finna neitt að búskaparlaginu. Vandinn stafi ekki af því. heldur sé þetta allt af óviðráðanlegum ástæðum. Það veltur mikið á því að sjálfsögðu, hvort við höfum rétt fyrir okkur í þessu eða hæstv. ríkisstj., því að það er ekkert smávægilegt að gera sér grein fyrir því, hvort á búskaparháttunum hafa verið stórfelldir ágallar, sem hægt væri að laga og hjálpa þannig til þess að komast út úr þeim vanda, sem við erum nú komnir í.

Ég minntist ofurlítið á þetta í fyrri hluta minnar ræðu, en ég skal fara ofurlítið nánar út í þetta vegna þess, hve þetta er þýðingarmikið atriði. Ég benti á, að ríkisstj. hefur ekkert ráðið við verðbólguna. Verðlag í landinu og framleiðslukostnaður hefur vaxið hröðum skrefum, miklu örar en í nokkru öðru nálægu landi. Með þessu er búið að færa allt íslenzkt atvinnulíf úr skorðum. Þetta lærst hæstv. ríkisstj. ekki sjá. Verðbólguþróun hefur verið hér á undanförnum árum um það bil tvöfalt hraðari en hún var, áður en núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Vitanlega koma hér margar ástæður til greina, sem ég skal koma að síðar, en ein aðalástæðan er vitaskuld sú, að hæstv. ríkisstj. hefur harðneitað að hafa nokkra stjórn á fjárfestingunni í landinu. Við höfum í raun og veru í því eins og í nálega flestum öðrum efnum búið við algert stjórnleysi.

Þetta er einn veigamikill liður í því, hvernig tekizt hefur í baráttunni við verðbólguna með þeim afleiðingum fyrir íslenzkt atvinnulíf, sem nú blasa við. Og ég endurtek í þessu sambandi það, sem kom hér fram í gær og hefur komið fram áður, að þó að verðfallið á útflutningsafurðunum, einkum í sumum greinum, sé mjög tilfinnanlegt, er verð yfirleitt að jafnaði sennilega heldur betra, hagstæðara en það var, þegar hæstv. ríkisstj. tók við og fór að framkvæma

sína stefnu. Ef hæstv. ríkisstj. hefði því getað efnt það loforð sitt að hafa hemil á verðbólgunni, sem var undirstöðuloforð af hennar hendi og fyrsta boðorðið í hennar stefnuskrá, ef hún hefði getað staðið við það, hefði íslenzkt atvinnulíf staðið vel að vígi til þess að mæta þeim áföllum, sem nú hafa orðið. En það er nú öðru nær en svo hafi tekizt, heldur hefur allt verið fært í kaf með verðbólguflóðinu, sem yfir hefur dunið, en hæstv. ríkisstj. hefur verið úrræðalaus í því að stemma stigu við þeim vanda. Þess vegna er það eitt höfuðatriði í sambandi við þær ráðstafanir, sem nú þarf að gera, að finna haldbetri ráð gegn verðbólgunni, ná skynsamlegri og fastari tökum á stjórn efnahagsmálanna en verið hefur undanfarið, og kem ég að því ofurlítið síðar.

Ég nefndi það líka í gær, að þær aðferðir, sem hæstv. ríkisstj. hefur reynt til þess að vega á móti ofþenslu í þjóðarbúinu, hafa reynzt lamandi og skaðlegar fyrir atvinnulífið og þá ekki sízt sú stefna, sem upp hefur verið tekin og framkvæmd í lánamálum, þ. e. a. s. peningapólitíkin, sem hefur verkað eins og eitur í þessu sambandi. Skal ég ekki endurtaka það, sem ég sagði hér í gær um það, en mun koma með nokkur dæmi um það, hvernig þessi þróun hefur orðið.

Þá hefur það einkennt stefnu ríkisstj., að hún hefur gersamlega neitað að hafa nokkra forustu um uppbyggingu í atvinnulífinu. Það sýnir m. a. dæmið um það, hvernig farið hefur með togaraútgerðina, sem ég nefndi í gær. Á sömu árum og aðrar þjóðir hér í grennd við okkur hafa byggt upp nýja togaraflota og iðnað í sambandi við þann rekstur, svo að sá fiskur ryðst inn á markaðinn til keppni við okkar afurðir, hefur ríkisstj. hér setið aðgerðalaus og horft upp á það, að togaraflotinn hefur grotnað niður og er nú aðeins orðinn svipur hjá sjón. Í stað þess að hefjast handa um öflugar framkvæmdir í þessu máli í samráði við þá, sem þar hafa bezt vit á, eins og annars staðar hefur verið gert, hefur hér algerlega verið látið dankast. Ég vil einnig nefna, hvernig farið hefur um þorskveiðiflotann hér. Ríkisstj. hefur algerlega skellt skollaeyrunum við öllum skynsamlegum uppástungum, sem fram hafa komið um það að gera ráðstafanir til þess að fyrirbyggja, að þorskveiðiflotinn gengi stöðugt úr sér, og hafa forgöngu um framkvæmdir til þess að endurnýja þennan flota, m. a. til þess að sjá hraðfrystiiðnaðinum fyrir hráefni. Hæstv. ríkisstj. hefur algerlega skellt skollaeyrunum við öllu, sem gengið hefur í þessa átt, með þeim afleiðingum, sem nú blasa við í hráefnisskorti frystihúsanna og erfiðleikum þeirra með reksturinn, sem ekki stafar að neinu smávægilegu leyti af hráefnisskorti. Og þetta er vegna þess, hvernig búið hefur verið að þessum útvegi. Svo purkunarlaus var hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi, að hún lagði meira að segja sérstakar álögur á bátaútveginn til þess að standa undir hallanum af rekstri gömlu togaranna. Það voru hennar úrræði í vandamálum togaraútgerðarinnar og bátaútvegsins.

Till., sem fram hafa komið hvað eftir annað, meira að segja sumar frá stjórnskipuðum mönnum, til þess að ráða bót á vandamálum þorskveiðiflotans og þar með frystihúsanna á undanförnum árum, hafa verið hreinlega hunzaðar, og er skemmst að minnast í því sambandi á það, að fundur Landssambands ísl. útvegsmanna minnti rækilega á það, hvernig farið var með síðustu till., sem komu fram í þessu sambandi.

Þannig hefur verið búið að atvinnulífinu. Þannig hefur ríkt algert stjórnleysi og látið eins og þessi vandamál væru ekki til. Það hefur verið látið eins og þessi vandamál væru ekki til. Síðan er rokið upp á elleftu stundu, þegar stjórnin er raunverulega sprungin á öllu saman, allt er komið í strand, þá er rokið upp á síðustu stundu og sagt: Búskaparlagið er alveg í lagi, það hefur allt verið gert, sem í mannlegum mætti stendur, til þess að stjórna þessu skynsamlega, það er ekki um það að efast. Það þarf ekkert að enduskoða hjá okkur. Þar er allt í lagi. Það hefur allt verið gert eins vel og hægt var. Það er bara bull að vera að tala um, að það þurfi að endurskoða nokkuð í þessu tilliti eða skoða ástandið ofan í rótina. Vandkvæðin stafa bara af því, að það hefur fallið verð á síldarlýsi og öðrum afurðum. Stjórnin hefur allt í eins góðu lagi og verið getur, og þannig hefur það verið og verður áfram, því er óhætt að treysta. Það, sem þarf að gera, er, að almenningur taki á sig 750—800 millj., til þess að hægt sé að halda áfram í bili útborgunum fyrir ríkissjóð, og síðan kemur hitt á eftir, sem snertir atvinnulífið og sjálfan aðalskellinn, því að það er ekki svo sem eins og þessar 750—800 millj. eigi að fara upp í tap atvinnulífsins. Þær eiga að fara til þess, að ríkissjóður geti haldið áfram að borga út. Síðan kemur hitt á eftir. Þetta vinnulag segja þeir að sé hið eina, sem kemur til greina, og það þurfi ekkert að skoða. Þeir einu, sem þurfa að endurskoða, eru þeir, sem taka laun. Almenningur verður að endurskoða sitt heimilishald, en ríkisstj. þarf þess ekki, ekki ríkisbúskapinn, ekki stefnuna í atvinnumálum, ekki stefnuna í efnahagsmálum, þar er allt í lagi. Þetta er boðskapur þeirrar ríkisstj., sem nú situr með þetta allt saman algerlega í strandi og háði kosningabaráttuna á s. l. vori á þeim grundvelli, að allt stæði á traustum grunni. Verðstöðvunarstefnan væri komin í framkvæmd og hefði leyst vandann og það væri kosið um að halda þessari verðstöðvunarstefnu áfram.

Ég hef aðeins nefnt örfáa þætti í sambandi við atvinnumálin. En ég vil nefna hérna aðeins nokkur dæmi um það fleiri en ég hef gert, hvernig þessi atvinnumálastefna og peningamálastefna hefur komið niður fyrir atvinnulífið. Ég nefni aðeins örfá einstök atriði af mýmörgum, sem mætti nefna í þessu sambandi.

Það er gefið út hér rit, sem heitir Tímarit iðnaðarmanna. Í 1. hefti þessa árgangs af þessu riti er rætt um ýmis málefni iðnaðarins og ýmis einstök fyrirtæki í landinu. Það er rætt m. a. um fyrirtæki, sem heitir Bílasmiðjan, og því er lýst þar, hvernig nokkrir menn hafa af miklum myndarskap efnt til þessa fyrirtækis og ætli sér að halda þessum rekstri áfram, ef skilyrði verði til þess. Ég ætla ekki að lesa þessa grein, en ég ætla að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, eina mgr., sem sýnir ofurlítið, hvernig þessi lánastefna hæstv. ríkisstj., sem ég hef verið að lýsa,

hefur komið niður í sambandi við þetta fyrirtæki. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað Sameinuðu bílasmiðjuna snertir, er mjög vafasamt, hvort eigendur hennar telja ástæðu til að brjótast áfram sömu braut og hingað til, ef enginn skilningur verður sýndur á þörfum fyrirtækisins, þegar svo mikið er í húfi.“ Það er í sambandi við uppbyggingu fyrirtækisins, sem þeir sýna fram á, að verði að eiga sér stað, annaðhvort að byggja fyrirtækið meira út eða hætta. Síðan segir: „Varðandi þetta atriði er t. d. rétt að minnast á, að eigendur fyrirtækisins, 40 talsins, starfa allir við það, og fyrirtækinu hefði ekki vaxið fiskur um hrygg eins og raun ber vitni, ef upprunalegu eigendurnir 6 hefðu ekki lagt allt sitt í að vinna að því sem mest og koma því á sem traustastan grundvöll. Eins og fyrirtækið er í dag, kostar það 15.3 millj. kr., en eina lánið, sem það hefur fengið, nemur 2.5 millj. frá iðnlánasjóði. Í Noregi mundi slíkt fyrirtæki hafa fengið 80% stofnkostnaðar að láni, en auk þess hefði það fengið að láni allt að 50% að ársrekstrarútgjöldum sem rekstrarfé.“ Þetta er það, sem þeir hafa að segja um þetta.

Enn fremur er meira um þessi efni. Þeir nefna, að það sé verið að bjóða út strætisvagna fyrir Reykjavíkurborg og það hafi borizt mörg tilboð. Síðan segja þeir:

„Tilboð þessa íslenzka fyrirtækis mun vera með þeim lægstu, en að einu leyti stendur það höllum fæti gagnvart erlendu keppinautunum. Þeir geta boðið allt að 7 ára lán. Slíka aðstöðu hefur Bílasmiðjan ekki. Hér mundi skipta afar miklu máli, að ríkisvaldið veitti aðstoð og gerði íslenzka fyrirtækinu kleift að bjóða sams konar lánafyrirgreiðslu.“

Þannig hefur lánastefnan, sem fylgt hefur verið, komið fram hjá þessu fyrirtæki, og þetta er lítið dæmi. Svona er þetta yfirleitt alls staðar því að lánasamdrátturinn, sem framkvæmdur hefur verið, hefur fyrst og fremst komið niður á atvinnulífinu.

Það hefur mikið verið talað hér um stálskipasmíði og talsvert gert í því sambandi á undanförnum árum. Og í þessu sama hefti af Tímariti iðnaðarmanna er rætt um þetta efni og þar segir m. a.: „Hér þarf ríkisvaldið að gera ráðstafanir til þess, að fótunum sé ekki kippt undan þessari iðngrein, áður en hún hefur náð nægum þroska til þess að standa á eigin fótum, og stórauka þarf lánsfyrirgreiðslu við stöðvarnar með lægri vöxtum og betri kjörum en nú eru í boði. Athugandi er, að fiskveiðasjóður taki erlend lán til þess að fjármagna smíði skipa í innlendum stöðvum, a. m. k. að einhverjum hluta.“ Það er búið að sýna fram á, að lánakjör þau, sem þess konar fyrirtæki eiga við að búa erlendis, eru ekki á nokkurn hátt sambærileg við það, sem hér tíðkast í iðnaðinum, og samkeppni nálega útilokuð, nema breytt sé um lánapólitík.

Þá vil ég gjarnan segja mönnum, hvernig ástatt er í þessum efnum á Austurlandi, þar sem atvinnurekstur hefur byggzt upp hröðum skrefum í sambandi við aukna síldarsöltun og síldarbræðslu. Þar hafa komið á laggirnar margar síldarverkunarstöðvar, en þær hafa nálega engan aðgang átt að stofnlánum og nú síðast ekki einu sinni að rekstrarlánum, því að eitt af þeim úrræðum, sem hæstv. ríkisstj. greip til framan af þessu ári, þegar fór að breytast verðlag á útflutningsvörum erlendis og gert var ráð fyrir minni umsetningu, var sem sé að herða enn meira að í lánapólitíkinni en nokkru sinni áður hafði verið gert. Þá var því bætt ofan á það, sem fyrir var, að þessar stöðvar á Austurlandi áttu engan aðgang að rekstrarlánum. Í allt sumar hefur verið unnið að því að reyna að bæta úr þessu og þá sérstaklega með það fyrir augum, að þessar stöðvar verða að leggja í verulega fjárfestingu, ef á að vera hægt að taka á móti síldinni nú í haust, síldinni, sem allir bíða eftir með öndina í hálsinum og þjóðarbúskapurinn á að byggjast á. Það er ekki hægt að salta þessa síld úti, eftir að komið er haust og kominn er vetur. Og það er ekki einu sinni nóg að byggja yfir söltunarrennurnar og fólkið, sem er að salta, heldur verður einnig að koma upp húsum fyrir síldina, eftir að hún hefur verið söltuð, því að hún verkast ekki, þegar komin eru frost, og framleiðslan stöðvast því og getur eyðilagzt. En hvernig sem farið hefur verið að og hversu miklu liði sem boðið hefur verið út í allt sumar til þess að reyna að fá fyrirgreiðslu í þessu efni, hefur hún ekki fengizt. Afleiðingin er svo sú, að ýmsar af síldarsöltunarstöðvunum á Austurlandi hafa ekki getað komið sér upp þeirri aðstöðu, sem þarf til þess að salta síld, þegar kominn er vetur. Og það mun þýða stórkostlegt framleiðslutjón, gífurlegt framleiðslutjón, eins og nú horfir með síldveiðarnar. Og þó máttu menn vita það eftir spám síldarsérfræðinganna, fiskifræðinganna, að síldin mundi koma í haust einmitt að Austurlandinu og það mundi þurfa að nýta hana þar, eftir að komið var fram á vetur. Ef hér hefði verið ríkisstj., sem hefði stjórnað skynsamlega og skilið þessi mál, hefði verið unnið að því af alúð í allt sumar með þessum framleiðendum á Austurlandi að búa allt sem bezt í haginn til þess að taka á móti síldinni í haust, þannig að ekkert færi til spillis. En þetta er aðeins lítið dæmi um það stjórnleysi og það tómlæti, sem ríkt hefur í málefnum atvinnuveganna og við súpum nú seyðið af.

Í þessu sambandi get ég t. d. líka minnzt á, að vitanlega hefur þurft að byggja upp margs konar þjónustufyrirtæki fyrir útgerðina á Austurlandi í sambandi við þá miklu breytingu, sem orðið hefur þar, þar sem nálega allur bátafloti landsmanna, sem síldveiðar stundar, hefur haft þar athvarf sitt á sumrum nú undanfarið og fram á vetur. Þar hefur þurft að koma upp netagerðum og margs konar öðrum þjónustufyrirtækjum fyrir útgerðina. Hvernig hefur svo verið búið að þessum atvinnurekstri og þessari uppbyggingu? Ég þekki t. d. eina netagerð, sem hefur orðið að byggja yfir sig, því að það er ekki hægt að vinna úti við síldarnætur, þegar komið er fram á haust og fram á vetur, það er óhugsandi. Hefur þarna orðið að leggja í 5—6 millj. kr. kostnað, en fengizt stofnlán í kringum 1.3 millj. kr. Dregur fyrirtækið svo á eftir sér skuldahalann og hefur nálega ekkert rekstrarfé, og menn geta ímyndað sér, hvort þetta muni vera hagfellt fyrir reksturinn og hagfellt fyrir þá þjónustu, sem þarf að

inna af hendi fyrir flotann. Þetta er aðeins lítið dæmi um þá vitleysu, sem viðgengst, og þá algeru ringulreið, sem ríkir í atvinnulífinu vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið í blindni í lánamálum landsins og öðrum efnum.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á einn búhnykk, sem hæstv. ríkisstj. hefur fundið upp og snertir landbúnaðinn, lánamálin til landbúnaðarins, en það er, að stofnlánadeildir landbúnaðarins voru þvingaðar til þess að taka upp þá stefnu að lána aðeins til einnar framkvæmdar í senn á hverju búi. Þetta var ein ráðstöfunin, sem gerð var. Vegna þess að stjórnin gafst upp við að útvega fjármagn til stofnlána í landbúnaðinum, þá var stofnlánadeildin þvinguð til þess að taka upp þessa stefnu. Menn sjá svo hér um bil, hve viturlegt þetta er, en á hinn bóginn alveg einkennandi fyrir það, sem hefur verið að gerast í hverjum krók og hverjum kima í okkar þjóðarbúi undanfarið. Ef byggt er fjárhús og hlaða, sem menn vilja auðvitað byggja samtímis og í einu lagi, eins og allir heilvita menn skilja, því að það er hagfelldast, þá hefur verið lánað út á annaðhvort fjárhúsið eða hlöðuna. Og þetta er náttúrlega fyrst og fremst gert í því skyni að reyna að koma í veg fyrir of mikla fjárfestingu í þessari grein, þvinga menn með fjármagnsskorti til þess að byggja fjárhúsið fyrst og hlöðuna á eftir, eða fjósið fyrst og hlöðuna á eftir o. s. frv. Þetta er einkennandi fyrir þá vitleysu, sem hefur orðið afleiðingin af algeru stjórnleysi í fjárfestingarmálum. Hæstv. ríkisstj. og hennar menn hafa ætlað sér að stjórna þjóðarbúinu með ráðstöfunum í peningamálum einum saman, með einum saman ráðstöfunum í peningamálum, með því að passa það, að ekki færu of miklir peningar út úr bankakerfinu. Þetta hefur átt að vera hagstjórnartækið. En að það hvarfli að þessum aðilum, að það muni vera skynsamlegt að miða útlánapólitík bankanna og peningamagnið, sem er í umferð, við þarfir atvinnulífsins fyrir rekstrarfé, nei, það kemur ekki til, að hvarflað hafi að þeim, að það væri skynsamlegt að láta slíkt ráða útlánastefnunni. Þó stendur í lögum um Seðlabankann, og það er ein af hans skyldum að sjá um, að það sé í umferð hæfilegt peningamagn til þess að sjá um rekstrarfjárþarfir framleiðslunnar. Það er beinlínis ein af skyldum Seðlabankans. Það hefur eingöngu verið miðað við einhverjar formúlur, sem hafa verið búnar til á hné sér um það, hve mikið ætti að vera til af peningum. Ég minntist á það hér í gær og skal ekki endurtaka það nú, að þessi peningapólitík hefur auðvitað alls ekki leitt til þess að stöðva verðbólguna, eins og ég hef margtekið fram, en hún hefur á hinn bóginn verkað eins og eitur í atvinnulífinu.

Í sambandi við þessi mál get ég ekki stillt mig um að minna á það einu sinni enn, að það hefur ekki skort aðvaranir í þessu efni frá samtökum framleiðenda. M. a. rakst ég á hér alveg nýlega eina aðvörunina enn frá sölusamtökum hraðfrystihúsanna, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í blaðinu Frost:

„Aldrei er of oft lögð áherzla á það, að það verður að endurskoða lánamál hraðfrystihúsanna hið allra fyrsta með það fyrir augum, að í þeim efnum búi íslenzkur hraðfrystiiðnaður við sambærileg kjör og erlendir keppinautar.“

Það er alveg sama, hvar litið er. Það er alls staðar þetta sama, en hæstv. ríkisstj. skellir skollaeyrunum við því öllu saman. Það er líka angi af þessum sama hugsunarhætti og þessari sömu stefnu, þegar hæstv. fjmrh. kom hér fram á Alþ. og lýsti því yfir, að það væri ekki fjárhagsgrundvöllur fyrir því að nota stóru vegavinnuvélarnar og þess vegna yrði að hætta við lagningu varanlegra vega. Þegar Keflavíkurvegurinn var búinn, uppgötvuðu þeir frá þessu sama sjónarmiði, sem ég hef hér verið að lýsa, að þær yrðu að liggja, vélarnar, það væri ekki hægt að halda áfram að leggja vegina, af því að það vantaði fjárhagsgrundvöll fyrir því. Hvernig hugsa þessir menn? Er ekki skynsamlegt að nota þessar vélar og setja það peningamagn í umferð, sem þarf til þess, að þær geti gengið? Það eru örfáir menn, sem vinna við vélarnar, en þær geta leyst stórkostleg verkefni. En vélarnar eru stöðvaðar, af því að það vantar fjárhagsgrundvöll til þess að reka þær! Það vantar fjárhagsgrundvöll fyrir því að nota þær, og þeim er lagt, en menn halda áfram að eyðileggja bílana sína á vegunum, hrista þá sundur, níða þá niður, og þjóðarbúinu blæðir. En þetta er talið gott búskaparlag. Það sé engin ástæða til þess að endurskoða þetta. Það sé allt í lagi. Einhver einhvers staðar í apparatinu hefur ákveðið, að t. d. endurkaup í Seðlabankanum verði að vera svona, þau megi ekki nema meiru út á afurðirnar. Einhver hefur einhvers staðar komizt að þessari niðurstöðu. Hvort menn hafa fengið þá vitrun í draumi eða hvernig hún er fengin, veit maður ekki, eða hvort þetta er tilviljun. Ég veit ekki, eftir hvaða leiðum svona niðurstaða er fengin, sem síðan á að miða allt við. En að það sé hugsanlegt að miða peningapólitíkina við það, hvað skynsamlegt er að aðhafast í landinu, það kemur ekki til mála, hvað skynsamlegt er að gera, hvernig skynsamlegt er að nota vinnuaflið og það vélaafl, sem hægt er að hafa ráð á. Svo er okkur sagt, að það auki svo og svo mikið verðbólguna, ef það væru nú t. d. eitthvað aukin útlán úr Seðlabankanum, t. d. til þess að vegavinnuvélarnar gætu verið í gangi, það muni hafa svo vond áhrif á verðbólguna. En við sjáum nokkurn veginn, hvernig farið hefur um verðbólguna, þótt þeirra aðferðir hafi verið notaðar.

Þá get ég ekki stillt mig um að minnast á eitt atriði í viðbót úr tímariti, sem heitir Iðnaðarmál, og það er í eins konar leiðara í 1. og 2. hefti 1967. Þetta er ekki langt. Ég ætla að lesa úr þessu ofurlítið, með leyfi hæstv. forseta, en þetta, sem hér stendur, segir mikla sögu um það, hvernig stjórnin er á okkar atvinnumálum og okkar þjóðarbúi. Með leyfi hæstv. forseta stendur hér, og fyrirsögnin er: Hægfara framfaramál:

„Samkv. lögum er Iðnaðarmálastofnun Íslands ætlað forustuhlutverk hér á landi í stöðlunarmálum. Tilgangur stöðlunar er, eins og flestum er kunnugt, að setja samræmdar reglur um stærðir, gerðir og gæði ýmiss konar varnings, um prófunaraðferðir, um samskiptihagsmuni, aðallega í viðskiptalífinu, um merkjatákn ýmiss konar o. s. frv. í þeim tilgangi að takmarka fjöl-

breytileik og auðvelda viðskipti í hagkvæmnisskyni. Það verður að viðurkennast, að óhóflegur seinagangur hefur orðið á setningu staðla hér á landi, og fer ekki á milli mála, að það hefur orðið dýrt spaug, t. d. í sambandi við þróun byggingariðnaðarins. Nægir að benda á sem dæmi, að varla er byggt svo hús, að ekki þurfi að gera sérteikningar af öllum gluggum, panta gler eftir sérmáli o. s. frv. Það skeður ósjaldan, að starfsmenn IMSÍ (þ. e. Iðnaðarmálastofnunar Íslands) þurfi að útskýra fyrir aðilum, sem skynja, hvert stórmál hér er um að ræða, hverju þessi seinagangur sætir. Virðist því ekki úr vegi að skýra á þessum vettvangi frá orsökinni. Hún er einfaldlega sú, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki tekizt að ráða verkfræðing að stofnuninni á þeim launakjörum, sem tilskilin eru samkv. launastiga opinberra starfsmanna, til þess að helga sig stöðlunarmálum. Hefur staðið við svo búið síðan á miðju ári 1961, en þá neyddist stofnunin til að leggja á hilluna allmörg verkefni, sem að var unnið um þær mundir, öll á sviði byggingariðnaðar. Stöðlun er umfangsmikil og tímafrek starfsemi, sem verður að byggjast upp á traustum og varanlegum grundvelli. Það er því skilyrði, að stuðzt sé við haldgóða, fræðilega þekkingu og raunhæfa reynslu sérfræðinga, sem geta helgað sig verkefninu. Þar til tekst að skapa nægilega álitleg skilyrði fyrir hæfa starfskrafta til þess að sinna þessu sérhæfða verkefni, sem stöðlun er, er hætt við að íslenzkum stöðlum muni fara hægt fjölgandi."

Síðan kemur, og það leyfi ég mér að biðja menn að hlusta vel á: „Hvert tjón hlýzt af drætti og seinagangi stöðlunar, má e. t. v. meta út frá þeirri forsendu, að Þjóðverjar telja, að stöðlun í byggingariðnaði geti haft í för með sér allt að 40% sparnað."

Undir stendur S. B., sem ég hygg að sé framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Ég veit ekki, hvort menn hafa nokkra tilhneigingu til þess að ómerkja orð þessa manns, sem hefur verið falið þetta trúnaðarstarf, en hann segir, að þessi trassaskapur og vesaldómur að hafa ekki ráðið verkfræðing í 6 ár til þess að sinna þessu verkefni sé svo alvarlegur, að Þjóðverjar telji, að stöðlun geti haft í för með sér allt að 40% sparnað í byggingariðnaðinum. Um minna mundi muna. En þetta sýnir hér um bil, hvernig stjórnin er í okkar þjóðarbúskap og með hvaða myndarskap eða hitt þó heldur er tekið á hinum þýðingarmestu málum, því að sannleikurinn er auðvitað sá, að það er ekki hægt að leysa vanda atvinnulífsins til frambúðar né kjaramál hér, nema unnt sé að ná nýjum tökum á íbúðarhúsabyggingunum. En hér upplýsir framkvstj. þessarar ríkisstofnunar, sem að þessu þýðingarmikla verkefni vinnur, að þarna hefur ekkert verið gert í 6 ár, vegna þess að stjórnin hefur ekki haft myndarskap til þess að leysa það mál að ráða einn eða fleiri verkfræðinga, hefur sett fyrir sig einhverjar kreddur í launamálum. Er nú ekki von, að ríkisstj., sem stendur á þennan hátt að málum, geri einfaldlega kröfur til þegnanna um það, að þeir taki sig á og endurskoði sinn rekstur, taki á sig allt, sem taka þarf, og segi jafnframt, að ekkert þurfi að skoða og engu að breyta í þeirri stefnu, sem hún hefur framfylgt.

Sannleikurinn er sá, að við höfum búið við upplausn í þessum efnum og stjórnleysi á undanförnum árum, og þegar þessi dæmi eru skoðuð og mýmörg, sem mætti taka um það, hvernig þessi mál hafa farið úr hendi, sannfærast vitanlega allir skynsamir menn um, að það væri hægt að vinna stórvirki með því að breyta um stefnu, ganga í kjarna þessara mála og taka upp nýja stefnu í fjárfestingarmálum, atvinnu- og peningamálum. Það er ekkert ábyrgðarleysi að gera ráð fyrir því, ég legg áherzlu á, að það er alls ekkert ábyrgðarleysi að gera ráð fyrir því, að á þann hátt mætti leysa mjög mikið af þeim vanda, sem við nú stöndum frammi fyrir.

En það þarf að sjálfsögðu stórfelld átök til stuðnings atvinnulífinu, það þarf að breyta algerlega um vinnuaðferðir. Í stað þess afskiptaleysis og stjórnleysis, sem ríkt hefur, verður að koma jákvæð stefna, sem byggist á því, eins og ég hef marg-margtekið fram undanfarin ár, að taka upp kröftugt og varanlegt samstarf ríkisvaldsins og einstaklingsframtaksins í öllum aðalgreinum þjóðarbúsins og ekkert síður í þjónustugreinunum, eins og íbúðarmálum og öðru slíku. Og síðan verður að nota ríkisvaldið og nota peningastofnanirnar til þess að skjóta nýjum stoðum undir atvinnulífið. Þetta á við bæði í iðnaði, sjávarútvegi, landbúnaði, íbúðarmálum og öðrum höfuðgreinum þjóðarbúsins, og ég hika ekkert við að fullyrða, að það er lífsnauðsyn að taka verulegan hluta af gjaldeyrissjóðnum í þágu þessarar uppbyggingar og þessarar endurreisnar, áður en síðasta pundið eða síðasti dollarinn verður borgaður fyrir tertubotna.

Það, sem ég er að segja um þetta, hef ég ekki fundið upp. Ég er að ræða um leiðir, sem víða eru farnar, þar sem sæmilega er stjórnað, sem víða eru farnar að meira eða minna leyti. Og eftir þessum leiðum hefur víða tekizt að komast hjá skaðlegri verðbólgu, einmitt eftir þessum leiðum: Með því að taka upp áætlunarbúskap, sem er byggður á þessum undirstöðum, sem ég hef verið að rekja, og með stjórn á fjárfestingunni og forustu og samstarfi í atvinnumálum af þessu tagi, sem ég hef minnzt á. Einmitt með þessum aðferðum hefur tekizt í mörgum löndum að halda verðbólguvextinum innan hóflegra takmarka, m. a. í viðskiptalöndunum í kringum okkur. Dæmin eru ólygnust um þetta, t. d. á Norðurlöndum, og í þessum löndum hefur tekizt að láta tímakaupið, kaupgjaldið, hækka smátt og smátt miðað við vaxandi þjóðartekjur. Það væri rétt fyrir menn að bera þetta saman við þá þróun, sem er hér hjá okkur.

Það er alveg víst, að ýmsar af þeim þjóðum, sem hafa náð að stjórna þessum málum farsællega, hafa ekki á undanförnum árum búið við jafnhagstæð skilyrði á margan hátt og við. En hér er okkur ætlað að trúa því, að hversu skynsamlega sem farið væri að, sé ekki hægt að koma því svo fyrir, að íslenzkir atvinnuvegir geti greitt þau laun, að menn geti lifað af dagkaupinu. Okkur er ætlað að trúa því, að það séu ekki til peningar til þess að hagnýta skynsamlega framfaramöguleika og alls ekki nein leið til þess, að

þau fyrirtæki geti fengið rekstrarfé, sem afkomu okkar er þó ætlað að byggjast á. Þá er líka verið að telja okkur trú um, að við höfum ekki ráð á því að byggja skóla eins og þarf, við höfum ekki ráð á því að byggja spítala og við höfum ekki ráð á því að leggja vegi og ekki einu sinni ráð á því að nota þær stórvirku vegavinnuvélar, sem til eru í landinu, eins og ég gat um áðan. Okkur er sagt, að nú verði að fara að skera niður og herða ólina og fyrsta skrefið sé þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ég tel mig hafa sýnt fram á, að það verður að taka algerlega nýja stefnu. Hitt er svo annað mál, að það er vitanlegt, að núv. hæstv. ríkisstj. getur ekki haft forustu fyrir því að taka slíka stefnu, því að hún er trúlaus á, að það sé til nokkur önnur leið en sú, sem hún hefur reynt með þeim árangri, sem fyrir liggur. Og hún játar, að hún sé trúlaus á það, hún játar það. Hún heldur því fram gegnum þykkt og þunnt, að það verði að fara sömu leiðina áfram og nota sömu úrræðin.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, sem ég hef sagt áður í þessari ræðu, að ég legg megináherzlu á, að ríkisstj. geri annaðhvort að taka þetta frv. til baka eða leggja því við akkeri, en í staðinn snúi menn sér að því að leysa málefni atvinnulífsins og kjaramálin síðan í framhaldi af því. En til þess að farsæl vinnubrögð geti komið til greina í því sambandi, er fyrsta atriðið, að þessi ríkisstj. víki, að hún segi af sér, enda hefði hún að sjálfsögðu átt að gera það í stað þess að leggja fram frv., sem hér liggur fyrir. Henni var skylt að gera það. Það var siðferðileg skylda hennar að gera það, vegna þess að hún hefur ekkert umboð til þess að leggja inn á þá kjaraskerðingarbraut, sem hún nú hugsar sér að byrja að feta. Það kjörfylgi, sem stjórnarflokkarnir fengu í vor, var miðað við, að hér yrði áfram framkvæmd verðstöðvunarstefna. Því var beinlínis lofað í kosningunum, og hæstv. ríkisstj. hefur enga heimild til þess að fara þveröfugt að við það, sem hún hét í kosningunum. Hæstv. forsrh. var að tala um, að það hefði verið vilji þjóðarinnar í vor, að stjórnin héldi áfram að starfa, og stjórnarflokkarnir hafi fengið meiri hl. Ég skal ekkert fullyrða þetta. Það virtist eftir kosningaúrslitunum, að svo væri. En ég fullyrði, að þetta er ekki vilji þjóðarinnar núna. Ég fullyrði, að það er vilji meiri hl. þjóðarinnar núna, að stjórnin fari frá.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir frv. þessu í gær, ræddi hann aðallega um vanda atvinnuveganna og þjóðarbúsins, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar mundu lækka í ár eftir einstæðar mettekjur síðustu ára og búast mætti við því, að þjóðartekjurnar lækkuðu um nokkra hundraðshluta, og sparaði hæstv. forsrh. hvergi svarta litinn í lýsingum sínum. Voru þær lýsingar í algerri andstöðu við þær rósrauðu glansmyndir, sem þessi sami hæstv. ráðh. og flokkur hans drógu upp fyrir kosningarnar í sumar, þegar því var hátíðlega heitið, að stjórnarflokkarnir mundu, ef þeir héldu völdum, halda óbreyttu gengi og óbreyttu verðlagi í landinu og tryggja batnandi lífskjör launafólks.

Þessar gagnstæðu lýsingar stafa ekki af því, að síðan kosið var hafi gerzt neinir þeir atburðir, sem réttlæti svo alger umskipti. Ástæðan er einvörðungu óheiðarleiki í málflutningi, bæði fyrir kosningar og nú. Ég tel ekki ástæðu til þess, að umr. um frv. það, sem hér liggur fyrir, breytist í almennar stjórnmálaumr., þótt hæstv. forsrh. legði málið þannig fyrir. Þó þykir mér rétt að minna á örfáar meginstaðreyndir í tilefni af ræðu hans.

Þótt vissulega hafi orðið mikið verðfall á ýmsum útflutningsvörum okkar í samanburði við það metverð, sem við höfum notið um skeið, er hitt engu að síður staðreynd, að meðalverð útflutningsafurðanna er nú hærra en það var, þegar viðreisnarstjórnin tók við völdum. Enda þótt hæstv. forsrh. tali mikið um erfið aflabrögð í ár, er það staðreynd, að horfur eru á, að þetta ár verði eitt af betri aflaárum í sögu þjóðarinnar. Að þjóðarbúinu steðjar því enginn sá vandi, sem hæstv. ríkisstj. taldi sig ekki geta leyst, þegar hún tók við völdum, og taldi sig raunar hafa leyst til hlítar með gengislækkunum sínum og viðreisnarkerfi. Vandi ríkisstj. ætti raunar að vera þeim mun minni sem hún hefur seinustu árin notið mestu velgengni í sögu þjóðarinnar. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa vaxið örar en í flestum löndum öðrum, og við höfum notið svo hagstæðra viðskiptakjara, að okkur hafa ár eftir ár áskotnazt milljarðar kr. af þeim ástæðum einum, án þess að við höfum þurft að leggja nokkuð á móti.

Snemma á þessu ári klifaði Morgunblaðið, málgegn hæstv. forsrh., á því, að Íslendingar væru nú komnir í hóp fjáðustu þjóða heims, væru í 4. sæti að því er varðar þjóðartekjur á mann, á eftir Bandaríkjunum, Sviþjóð og olíuríkinu Kuwait. Þótt verðlag á útflutningsvörum okkar hafi nú um sinn þokazt í átt við það, sem það var í upphafi viðreisnar, ætti þetta fjáða þjóðfélag sannarlega ekki að þurfa að ráðast sérstaklega á tekjulægstu þegna sína, allra sízt þar sem það er alkunn staðreynd, að dagvinnutekjur eru hér lægri en í nokkru nálægu þjóðfélagi með hliðstæðan efnahag.

Þótt engum detti í hug að vefengja, að verðlækkanirnar séu stórfellt vandamál, er langstærsti vandinn efnahagsstefna ríkisstj. Meðan allt lék í lyndi, gróf hún undan útflutningsatvinnuvegunum með óðaverðbólgustefnu sinni, svo að þeir voru komnir í þrot og urðu að hirða sívaxandi upphæðir úr ríkissjóði, áður en kom að nokkrum verðlækkunum á afurðum okkar. Þegar á síðasta ári, meðan verðlag var enn þá hátt, var augljóst að stefna hæstv. ríkisstj. fékk ekki staðizt við íslenzkar aðstæður. Það markaðsþjóðfélag, sem hún ætlaði að festa í sessi hérlendis, braut í bága við sjálfar undirstöður efnahagskerfisins. Engu að síður heldur ríkisstj. enn fast við stefnu sína. Meginástæðan til þess, að nú er sótt að launafólki af fullkomnu tillitsleysi, er sú, að ríkisstj. vill halda áfram því sóunar- og spillingarkerfi, sem mótað hefur allt efnahagslífið, innflutning, fjárfestingu og hvers konar rekstur. Hæstv. ríkisstj. hefur hvorki að sakast við erlenda markaði né duttlunga sjávardýra, hún hefur við sig eina að sakast.

En eins og ég sagði áðan, fjallar það frv., sem hér liggur fyrir, engan veginn um þann vanda atvinnuveganna, sem hæstv. forsrh. gerði að umtalsefni. Það snýst einvörðungu um það viðfangsefni hæstv. ríkisstj. að láta tekjur og gjöld standast á í fjárl. Frv. felur ekki í sér nein ný bjargráð á sviði atvinnumála, engar ráðstafanir til að firra atvinnuleysi og neyð, sem hæstv. forsrh. talaði svo fjálglega um. Öllu heldur er þetta frv. sönnun þess, að á því sviði er ekki um neina stefnu að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj.

Það, sem í þessu frv. felst, er aðeins mjög stórfelldar og ranglátar álögur á launafólk til þess að standa undir fjárlagaútgjöldum, sem eru komin yfir 6000 millj. kr. Ég mun því fyrst og fremst ræða það efni, sem hér á að vera til umr., ákvæði frv. sjálfs og þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur framkvæmt í sambandi við þær. En áður en ég vík að efnahagsatriðum þessara ráðstafana, vil ég vekja athygli á atriði, sem er mjög veigamikið og afdrifaríkt. Þessar nýju ráðstafanir marka ný tímamót í samskiptum ríkisstj. og verkalýðssamtakanna. Í þeim samskiptum urðu, sem kunnugt er, fræg kaflaskil í júní 1964. Fram að þeim tíma hafði viðreisnarstjórnin reynt að beita verkalýðssamtökin valdboði og hörku. Kjarasamningar, sem gerðir voru 1961, voru ógiltir með nýrri gengislækkun. Haustið 1963 var hið háa Alþ. látið fjalla um lagafrv., sem bannaði eðlilega starfsemi verkalýðssamtakanna og var komið allt að endanlegri samþykkt, þegar stjórnarvöldin glúpnuðu fyrir mjög einbeittri andstöðu verkafólks úr öllum stjórnmálaflokkum. Upp úr þeim átökum þróaðist sú nýja stefna, sem kennd hefur verið við júní 1964 og stjórnarblöðin hafa einatt gumað af. Þau hafa talið ríkisstj. það til verðleika, að hún hafi haft náið samstarf við verkalýðshreyfinguna síðan, og hæstv. forsrh. lagði meira að segja á sig í nokkur ár að leika það hlutverk, sem honum mun einna fjarskyldast, reyna að birtast þjóðinni sem mildur landsfaðir og mannasættir í deilum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda.

Meginatriðið í júnísamkomulaginu 1964 var ákvæðið um kaupgjaldsvísitölu. Með því endurheimtu launamenn mjög veigamikil þjóðfélagsleg réttindi, og þau ákvæði hafa síðan verið traustasti hornsteinn allra kjarasamninga, sem gerðir hafa verið í landinu. En með þeim ráðstöfunum, sem þegar eru komnar til framkvæmda og koma eiga til framkvæmda á næstunni, er ríkisstj. að svíkja júnísamkomulagið, hún er einhliða að rifta öllum kjarasamningum á Íslandi, hún ætlar að hafa af launafólki 15 umsamin vísitölustig. Og ríkisstj. hafði ekki einu sinni þann hátt á, sem óhjákvæmilegur er talinn í heiðarlegum samskiptum manna, að segja júnísamkomulaginu upp, að tilkynna verkalýðssamtökunum það, sem til stæði, með hæfilegum fyrirvara og taka upp viðræður og samráð. Ríkisstj. faldi fyrirætlanir sínar fram til hinztu stundar. Hæstv. forsrh. kvaddi til sín stjórn Alþýðusambands Íslands örfáum klukkustundum áður en hann flutti boðskap sinn hér á þingi og nokkrum klukkustundum eftir að fyrsta verðhækkunarskriðan var dunin á þjóðinni. Framferði af slíku tagi er ósæmilegt og verðskuldar þunga dóma. Hitt er svo augljóst mál, að eftir þessa reynslu verður verkalýðshreyfingin að tryggja sér meira öryggi en ein saman ráðherraloforð, næst þegar hún kann að gera samninga við stjórnarvöldin. En slíkir samningar eru auðsjáanlega ekki á dagskrá hjá ríkisstj. um þessar mundir. Hún hefur tekið upp þá fyrri afstöðu sína að reyna að beita verkalýðshreyfinguna valdboði, og verkalýðshreyfingin hefur tilkynnt, að því verði ekki unað. Því blasa nú við okkur örlagarík þáttaskil, ef þetta frv. verður samþ.

Að vísu stóð hæstv. forsrh. hér í ræðustólnum í gær og reyndi enn að leika hlutverk hins sanngjarna landsföður. Hann ítrekaði með mörgum tilbrigðum, að hann væri vissulega reiðubúinn til samninga við verkalýðshreyfinguna áfram, það kæmi vel til mála að breyta einu og öðru í áformum ríkisstj. Hann sagði, að þær stórfelldu verðhækkanir, sem þegar eru komnar til framkvæmda, væru í rauninni aðeins tilboð til verkalýðshreyfingarinnar. Hann væri til viðtals um að breyta þeim álögum, ef aðrir kostir byðust. Þetta er sú samningsaðstaða, sem hæstv. forsrh. vill hafa. Hann vill ekki ræða við verkalýðshreyfinguna fyrir fram. Hann vill ekki semja við hana á jafnréttisgrundvelli. Hann vill fyrst tryggja sér valdið og ekki aðeins sýna það, heldur beita því, eins og þegar hefur gerzt með verðhækkunum á hversdagslegustu neyzluvörum. Þá heldur hæstv. ráðherra, að hann hafi tryggt sér yfirburði í hvers konar samningum og viðræðum við launafólk. Þetta er sú herstjórnarlist, sem byggð er á valdinu, þar sem sá öflugi býður hinum máttarminni samninga í skjóli yfirburða sinna, að hann geti keypt af sér einn kost með því að fallast á annan. En þessi valdstefna hæstv. ráðherra er leikaraskapur. Hann hefur ekki það vald, sem hann þykist hafa. Verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur áður sannað honum, að hún lætur ekki setja sér neina lítillækkandi kosti.

Eigi að taka þessi óljósu tilboð hæstv. forsrh. alvarlega, ber honum einnig að gera grein fyrir því, hvað í tilboðunum felst. Hvað er hann í raun og veru að bjóða? Í hverju eru samningsatriðin milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. fólgin? Niðurgreiðslurnar eru ekki samningsatriði. Verkalýðshreyfingin vefengir á engan hátt rétt stjórnarvalda til þess að greiða niður vöruverð eða hætta því. Eftir að hin svokallaða verðstöðvunarstefna var tekin upp í fyrrahaust, hækkaði almennt verðlag um 12 vísitölustig. Ríkisstj. vó þær verðhækkanir upp á pappírnum með því að greiða niður valdar vörutegundir. Verkalýðshreyfingin fór ekki fram á þær niðurgreiðslur, enda voru þær þannig framkvæmdar, að þær fölsuðu vísitöluna stórlega og skertu raunverulegt kaup verkafólks, eins og ég mun rekja síðar. Það er ekki brot á neinum samningum við verkalýðshreyfinguna, þótt ríkisstj. hafi nú hætt þessum niðurgreiðslum sínum; það er hins vegar brot á verðstöðvunarlögum, sem áttu að gilda til loka þessa mánaðar. Það er ekki heldur neitt brot á samningum við verkalýðshreyfinguna, þótt stjórnarvöldin ákveði að hækka hitaveitugjöld, sjúkrasamlagsgjöld, tryggingariðgjöld, póst, síma, hljóðvarp, sjónvarp, ferðalög til útlanda, fasteignaskatta, brennivín og tóbak. Verkalýðs-

hreyfingin getur ekki hermt upp á hæstv. ríkisstj. neinar vanefndir af þeim ástæðum. Samningsatriðið milli verkalýðshreyfingarinnar og hæstv. ríkisstj. er eitt og aðeins eitt, ákvæðið um vísitölutrygginguna á kaup. Ef ríkisstj. ákveður að velta enn einni óðaverðbólguskriðu yfir þjóðina, getur verkalýðshreyfingin aðeins hermt upp á hana eitt loforð, loforðið, að verðbólgan skuli bætt með vísitölugreiðslum á kaupið. En það er einnig drengskaparloforð, gefið hátíðlega af hæstv. forsrh. í júní 1964. Ber að skilja tilboð hæstv. forsrh. svo, að hann sé reiðubúinn til samninga um að standa við þetta loforð sitt? Eða vill hann fá verkalýðshreyfinguna til að fallast á, að hann megi svíkja loforð sitt, eftir að hann er búinn að því? Þetta er það einfalda atriði, sem hæstv. ráðh. þarf að gera grein fyrir, skýrt og skilmerkilega.

Ég sagði áðan, að niðurgreiðslur hæstv. ríkisstj. á hinu svokallaða verðstöðvunartímabili hefðu haft þann tilgang að skerða raunverulegt kaup launamanna og með þeim hefði hæstv. ríkisstj. verið að sniðganga júnísamkomulagið á markvissan hátt. Aðferð ríkisstj. hefur verið sú að nota veilur í sjálfum vísitölugrundvellinum til þess að hafa af launafólki hluta af þeim launauppbótum, sem fólust í júnísamkomulaginu. Landbúnaðarvörur hafa sem kunnugt er mikil áhrif á núverandi vísitölugrundvöll. Það er tiltölulega ódýrt að halda vísitölunni í skefjum með því að greiða niður verð á búvörum. Hafi orðið almenn verðhækkun í landinu, getur ríkisstj. vegið hana upp með því að endurgreiða hluta hennar í lækkuðu verði á kjöti, mjólk eða kartöflum. Þetta hefur verið meginuppistaðan í hinni svokölluðu verðstöðvun. Erfitt er að gera sér grein fyrir því, hversu mikla fjármuni ríkisstj. hefur haft af launafólki með þessari hagræðingu á vísitölunni, m. a. vegna þess, að nýja vísitalan, sú sem ætlunin er að lögfesta með þessu frv., hefur alls ekki verið birt, þótt hún hafi verið reiknuð út ársfjórðungslega síðan snemma á árinu 1966. En með því að bera saman vísitölurnar tvær hefði verið hægt að fá býsna fróðlegar vísbendingar um þessi atriði. Mér þykir rétt að greina frá því í þessu sambandi, að fyrir nokkrum vikum fór ég þess á leit við hagstofustjóra, að hann skýrði mér frá því, hvernig nýja vísitalan hefði breytzt á þessu svokallaða verðstöðvunartímabili. Nokkrum dögum síðar greindi hagstofustjóri mér frá því, að hann teldi sér sem embættismanni óheimilt að skýra mér frá þessum staðreyndum og væri það einnig afstaða kauplagsnefndar. Það er auðvitað algjörlega fráleit afstaða hjá stjórnarvöldunum að dylja þessar staðreyndir fyrir alþingismönnum og öðrum, og því hef ég lagt hér fram á hinu háa Alþingi fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um þessi atriði En mér þykir rétt að fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann svari þessum spurningum nú þegar í sambandi við 1. umr. um þessi mál. Mér þykir það raunar furðuleg vinnubrögð að ætlast til þess, að Alþingi Íslendinga lögfesti nýjan vísitölugrundvöll, án þess að grundvöllurinn sé prentaður með frumvarpinu sem fylgiskjal.

Hins vegar má fá nokkrar almennar hugmyndir um þær falsanir á verðlagi, sem felast í niðurgreiðslunum, með öðru móti. Kostnaður ríkisstj. af því að greiða niður hvert vísitölustig hefur verið um 30 millj. kr. Þar sem framfærsluvísitalan er nú 195 stig, kostar það því ríkissjóð um 60 millj. kr. að koma í veg fyrir 1% hækkun á kaupgjaldi. Erfitt er að meta, hversu mikil öll launafúlgan í landinu er, en maður fer allavega ekki með neinar ýkjur með því að meta hana á 12—15 milljarða kr. Sé miðað við þá tölu, mundi 1% hækkun á kaupgjaldi færa launafólki í heild 120—150 millj. kr. Það hefur sem sé kostað ríkissjóð 60 millj. kr. að koma í veg fyrir, að kaup hækkaði um 120—150 millj. Launafólk hefur bótalaust verið svikið um sömu upphæð og niðurgreiðslunum nemur og vel það. Síðan hin svokallaða verðstöðvunarstefna hófst, hafa niðurgreiðslurnar verið auknar um 12 vísitölustig. Samkvæmt þessum tölum hafa launamenn því orðið að leggja á sig bótalaust á því tímabili um eða yfir 400 millj. kr. Það er sú undirstaða, sem síðan á að bæta nær 800 millj. kr. kaupráni ofan á samkv. þessu frv.

Raunar eru vísitölufalsanir ríkisstj. viðurkenndar á ákaflega skýran hátt í grg. með þessu frv., sem hér liggur fyrir. En þar segir svo á bls. 8 og 9, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt núgildandi vísitölugrundvöllur hafi þannig reynzt allréttur mælikvarði á heildarverðbreytingar undanfarinna ára, gildir allt öðru máli um þær breytingar, sem nú eru ráðgerðar. Þessar breytingar eru fyrst og fremst fólgnar í lækkun niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og verulegri verðhækkun þeirra afurða, sem af lækkun niðurgreiðslnanna leiðir. Sökum þess, að landbúnaðarafurðir eru hlutfallslega miklu þyngri í núgildandi vísitölugrundvelli en svarar til þeirra neyzluvenja, sem nú eru ríkjandi meðal launþega, eru þessar verðbreytingar of hátt metnar í núgildandi grundvelli. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að þær séu nokkurn veginn rétt metnar samkvæmt nýja grundvellinum."

Ríkisstj. segir sem sé berum orðum, að núgildandi vísitala hafi verið ágæt, meðan verið var að auka niðurgreiðslurnar, því að þá höfðu þær svo blessunarlega mikil áhrif til lækkunar. Grundvöllurinn sé hins vegar ótækur, þegar dregið sé úr niðurgreiðslunum. Þá skipti allt öðru máli, þá hækki vísitalan allt of mikið og því sé nauðsynlegt að nota nýjan grundvöll við slíkar aðstæður. Þetta er kaldrifjuð viðurkenning á óheiðarleika í samskiptum við launafólk.

Fróðlegt er að gefa því gaum, hvers eðlis þær álögur eru, sem felast í frumvarpi og framkvæmdum ríkisstj. þessa dagana. Það hefur í orði verið ríkjandi stefna á Íslandi um alllangt skeið, að opinberar álögur bæri að leggja á menn eftir efnum og ástæðum, þótt mikill misbrestur hafi einatt orðið á framkvæmdinni. Sú var tíð, að allverulegur hluti af tekjum ríkissjóðs var fenginn með stighækkandi tekju- og eignasköttum, en þessi hluti hefur sífellt farið minnkandi um skeið, og munar þar ekki minnst um handarverk hæstv. ríkisstj. Sú stjórn tók í staðinn upp mjög stórfelldan söluskatt og rökstuddi hann m. a. með því, að einnig hann legðist á fólk eftir efnum og ástæðum, menn ykju neyzlu sína með bættum efnahag. Sú kenning á nokkurn rétt á

sér innan þröngra takmarka. En hvernig er því varið með þær álögur, sem nú hafa komið til framkvæmda og koma til framkvæmda nú á næstunni: hækkun á mjólk og mjólkurafurðum, kjöti, kjötvörum og kartöflum, allt frá þriðjungi og upp undir 100%, hækkun á farmiðum til útlanda, áfengi og tóbaki, pósti og síma, hljóðvarpi og sjónvarpi, almannatryggingagjöldum, sjúkrasamlagsgjöldum og hitaveitu? Ekki borða menn meira af dilkakjöti, þótt þeir hafi rúman efnahag. Ekki auka menn við sig mjólkurdrykkju og kartöfluát, þótt þeir hafi háar tekjur. Öllu heldur mun mega segja, að fólk með góðan efnahag *auki fjölbreytni í mataræði sínu og dragi úr* þessum þjóðlegu neyzluvörum. Vörur þær, sem stjórnarvöldin snarhækka, eru vafalaust mest notaðar á heimilum láglaunafólks og erfiðisvinnumanna. Á þá eru lagðar þyngstar byrðar, ekki hlutfallslega, heldur í krónum og aurum. En fyrst og fremst jafngilda þessar álögur hreinum nefsköttum, og t. d. hin stórfellda mjólkurhækkun sér fyrir því, að enginn sleppur, frá börnum í vöggu til gamalmenna.

Sama máli gegnir um flestar aðrar af hinum nýu álögum: sjúkrasamlagsgjöld, tryggingaiðgjöld, hitaveitu, hljóðvarp, sjónvarp. Allt eru þetta nefskattar, sem mönnum er gert að bera án tillits til efnahags, og sama hugsunin er í allri skattheimtunni. Þeir, sem til útlanda fara, eiga að greiða sömu upphæð, hvort sem þeir skreppa til nágrannalanda eða fara í lúxusferðir umhverfis hnöttinn. Við hækkun á eignarskatti af fasteignum er ekki gerður neinn eðlismunur á venjulegu íbúðarhúsnæði og lúxusvillum eða verzlunarhöllum. Með skattheimtu af þessu tagi er verið að hverfa aftur til löngu liðinna tíma, meðan Sjálfstfl. hét enn þá Íhaldsflokkur og nefskattar þóttu sjálfsögð stefna. Ég held, að jafneindregin afturhaldssjónarmið við álögugerð hafi ekki komið fram á Íslandi áratugum saman. Fjáröflunarstefna af þessu tagi mundi ekki þykja frambærileg í nokkru nágrannalandi okkar um þessar mundir.

Ég undrast ekki svo mjög, þótt ráðamenn Sjálfstfl. séu nú að hverfa til hinnar fornu nefskattastefnu íhaldsins. Þess hefur séð merki, eftir að hæstv. forsrh. tók við forustu þess flokks, að hann vildi sveigja flokk sinn frá þeim sósíaldemókratísku viðhorfum, sem Ólafur Thors innrætti honum um skeið. En ég verð að játa, að hin skilyrðislausa aðild Alþfl. að þessum ráðstöfunum vakti undrun mína.

Í kosningunum í sumar tapaði Sjálfstfl. verulegu fylgi, einkanlega hér í Reykjavík, í kjördæmi hæstv. forsrh. Alþfl. jók hins vegar fylgi sitt allmyndarlega, ekki sízt í Reykjavík. Ein meginástæðan til þess, að innbyrðisaðstaða stjórnarflokkanna breyttist á þennan hátt, er vafalaust sú, að Alþfl. hélt því fram, að hann hefði gætt hinna félagslegu sjónarmiða í stjórnarsamstarfinu, hann væri málsvari hinna afskiptu og tekjulágu, hann mildaði hina hörðu peningapólitík viðreisnarinnar í þágu almennings. Tap Sjálfstfl. annars vegar og sigur Alþfl. hins vegar styrkti að sjálfsögðu mjög stöðu Alþfl.-ráðh. innan ríkisstj. Nú gafst þeim tækifæri til að sveigja stjórnarstefnuna nær þeim hugmyndum, sem boðaðar eru í stefnuskrá flokksins. Enginn efi er á því, að fylgismenn Alþfl. ætluðust til slíkra verka af ráðh. sínum, ekki sízt það nýja fylgi, sem flokknum bættist í kosningunum. En nú sjá menn árangurinn: afturhaldssamari fjáröflunarstefnu en dæmi eru um hérlendis áratugum saman, afturhvarf til gamla nefskattafyrirkomulagsins, sem brautryðjendur Alþfl. börðust gegn af hvað mestri einbeitni. Samkv. þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. er nú að framkvæma, skyldi maður ætla, að Sjálfstfl. hefði unnið yfirburðasigur í kosningunum í sumar, en Alþfl. hefði orðið svo vesæll, að hann skrimti aðeins sem próventukarl á höfuðbóli íhaldsins.

Mér er spurn, og ég vænti þess, að málsvarar Alþfl. svari þeim spurningum: Hvar sjást áhrif Alþfl. í þessum svokölluðu efnahagsráðstöfunum? Hverju komu ráðh. Alþfl. sérstaklega til leiðar í samræmi við boðskap sinn um félagslega stefnu? Er það e. t. v. í sambandi við tryggingarnar, þar sem breytingarnar eru fólgnar í því einu, að iðgjöld til trygginga og sjúkrasamlaga hækka til muna, en viðskiptavinir trygginganna eiga að bera bótalaust stórfelldar hækkanir á þeim hversdagslegu matvælum, sem halda lífinu í tekjulægsta fólki á Íslandi?

Hæstv. viðskmrh. hefur raunar þegar lýst yfir því, að þessar efnahagsráðstafanir með nefskattasniði séu einhver mesti gleðiatburður, sem gerzt hafi í sögu Alþfl. S. l. föstudag spurði blaðamaður Alþýðublaðsins hann, hvort þessar álögur hefðu verið samþykktar einróma í miðstjórn Alþfl. Og svar hæstv. ráðh. var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þau rúmlega 25 ár, sem ég hef nú starfað í Alþfl., hefur einhugur í flokknum aldrei verið meiri. Er þetta eitthvað annað heldur en ástandið á Alþb.-heimilinu. Ekki þykir mér ólíklegt, að þeir Alþb.-menn, sem áður voru í Alþfl., sjái nú, að það var misráðið að yfirgefa Alþfl., hvort sem þeir treysta sér til að snúa við eða ekki."

Hæstv. ráðh. telur sem sé, að Alþfl. hafi nú loksins fundið ráðið til þess að hefja sig yfir þann ágreining, sem hefur staðið flokknum fyrir þrifum áratugum saman, og töfralyfið er sú einfalda ráðstöfun að hækka brýnustu matvæli með nefskattafyrirkomulagi meira en dæmi eru til í sögu þjóðarinnar. Þegar sú stefna kemur til framkvæmda, skilja allir Alþfl.-menn, hve ágreiningurinn er léttvægur í samanburði við framkvæmd hugsjónanna. Og hæstv. ráðh. gerir sér vonir um, að þegar þeir menn, sem hafa verið reknir úr Alþfl. á undanförnum áratugum eða hafa sagt skilið við hann, taki að kaupa mjólk og kjöt og kartöflur á nýja Alþfl.-verðinu, skilji þeir loksins villu sinna vega og hverfi heim sem iðrandi syndarar.

Víst lýsa þessi ummæli hæstv. ráðh. mikilli sigurgleði. En ég hygg, að það ljúfa andrúmsloft, sem ráðh. finnur umlykja sig, sé ekki frá Alþfl. komið, heldur frá aðalfundi Verzlunarráðs Íslands, þar sem hæstv. ráðh. kynnti þessar ráðstafanir af mikilli ánægju. Ég tel ekkert vafamál, að þar hafi verið fullur einhugur um það, að stefna Alþfl.-ráðh. væri rétt. Hitt vita allir, að bilið á milli ráðh. Alþfl. og launafólksins í Alþfl. hefur stöðugt verið að breikka á undanförnum

árum. Um langt skeið hefur tekizt í verkalýðssamtökunum góð og vaxandi samvinna milli Alþfl.-manna og Alþb.-manna, m. a. í hörðum átökum við hæstv. núv. ríkisstj. Það er þegar komið fram, að forustumenn Alþfl. í verkalýðshreyfingunni meta þær stórfelldu árásir á lífskjörin, sem nú koma til framkvæmda, á hliðstæðan hátt og Alþb.-menn. Þeir hafa þegar tekið þátt í yfirlýsingum af hálfu verkalýðshreyfingarinnar um, að slíkum árásum verði ekki unað, þ. á m. á sjómannaráðstefnu þeirri, sem Sjómannasambandið boðaði til nú um helgina. Og vel mætti hæstv. viðskmrh. leiða hugann að því þingi, sem Samband ungra jafnaðarmanna hélt hér á síðasta ári, og ályktunum, sem þar voru gerðar. Áhugi á sósialistískum úrræðum og sósialistískri baráttu hefur á undanförnum árum verið að glæðast mjög meðal yngri manna í Alþfl. Og ég hygg, að hæstv. ráðh. eigi eftir að reka sig á það, að í þeim hópi er ranglát skattheimta ekki talin gleðiefni, ekki sá endanlegi sigur Alþfl., sem ráðh. telur, að bundið hafi endi á allar deilur og ágreining. Mér þykir vissulega allt benda til þess, að fólkið í Alþfl. og Alþb. muni halda áfram að jafna forn ágreiningsefni sín, en sú eining verður ekki sameiginleg gleði yfir fráleitri skattheimtu, heldur sameiginleg barátta gegn henni og þeim forustumönnum, sem nota völd og kosningasigra til að bregðast einföldustu grundvallarstefnuatriðum flokksins.

Hæstv. viðskmrh. sagði í ræðu sinni á aðalfundi Verzlunarráðs Íslands, að þjóðartekjur mundu trúlega dragast saman í ár um 4—5% á mann. Hinar nýju álögur ríkisstj. mundu nema 4—5% kjaraskerðingu samkv. nýju vísitölunni, þeirri sem ríkisstj. vill nú nota. Þessar tölur sanni, að ríkisstj. sé aðeins að skipta réttlátlega niður á þegnana þeirri minnkun á sameiginlegum aflafeng, sem sé óumflýjanleg staðreynd. En slíkir talnareikningar á blaði eru afar fjarri veruleikanum sjálfum. Ef afli minnkar eða verðlag á útflutningsvörum okkar lækkar, hefur það bein og tafarlaus áhrif á atvinnuvegina og afkomu þess fólks, sem þar vinnur, án nokkurrar milligöngu ríkisstj. Lækkun á verði fiskafurða og síldarafurða birtist þegar í stað í lækkuðu kaupi sjómanna. Samdráttur hjá atvinnufyrirtækjum kemur þegar í stað fram í minni vinnu og lækkuðum ráðstöfunartekjum verkafólks. Þau kreppumerki, sem hafa einkennt efnahagslíf Íslendinga um eins árs skeið og vel það, hafa þegar höggvið stór skörð í ráðstöfunartekjur verkafólks, miklu stærri skörð en þau 4—5%, sem hæstv. ráðh. talar um. Það hefur dregið úr eftirvinnu, næturvinnu, helgidagavinnu og yfirborgunum, en í slíkar greiðslur hefur verkafólk sótt mjög verulegan hluta af tekjum sínum, sumir allt að því helming. Í ályktun, sem Félag járniðnaðarmanna hefur sent hinu háa Alþ., er m. a. talið, að tekjur þeirrar stéttar hafi nú þegar skerzt um 25—30% vegna samdráttar á atvinnu, og fjölmargar aðrar starfsstéttir kunna að greina frá hliðstæðri þróun. Meðal verkafólks er mikill og rökstuddur uggur um það, að þessi samdráttur eigi eftir að magnast svo, að mönnum verði ætlað að lifa á dagvinnu einni saman eða búa jafnvel við atvinnuskort. Við þessar aðstæður er það sannarlega hvorki verkefni ríkisstj. né Alþ. að leggja á ráðin um það, hvernig verkafólki verði gert að bera sinn hlut af 4—5% lækkun á þjóðartekjum, heldur hvernig koma eigi í veg fyrir, að sú skerðing leggist margföld á launafólk, að ranglæti í tekjuskiptingu stóraukist.

Það vandamál er nú að komast á dagskrá á ómótstæðilegan hátt hjá verkalýðshreyfingunni að tryggja launafólki viðunandi heildartekjur fyrir dagvinnu eina saman. En það er staðreynd, sem allir viðurkenna, að launafólk getur ekki lifað af dagvinnutekjum sínum. Gerbreyting á því sviði er engin óraunsæ skýjaborg. Þjóðartekjur hafa á undanförnum árum hækkað tífalt meir en þeirri lækkun nemur, sem spáð er í ár, og alþjóðlegar skýrslur herma, eins og ég sagði áðan, að Ísland sé í hópi fjáðustu þjóðfélaga í heimi. Við eigum að geta tryggt launafólki sómasamlegar ráðstöfunartekjur fyrir eina saman dagvinnu, ekki síður en þau þjóðfélög umhverfis okkur, sem standa á svipuðu efnahagsstigi. Einmitt þegar kreppir að, ætti að vera sérstakt verkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðssamtaka að koma þeirri skipan á launamál, sem sjálfsögð er talin í nútímaþjóðfélögum umhverfis okkur, í stað þess að unnið sé að því að magna ranglætið og skerða stórlega hinn rýra kaupmátt dagvinnutekna, eins og gera á með þessu frv. og öðrum þeim ráðstöfunum, sem nú hafa dunið yfir.

En hvað eigum við þá að gera? spyrja hæstv. ráðh. og málgögn þeirra. Hver er stefna stjórnarandstöðunnar önnur en gagnrýni og niðurrif? Hvernig vilja stjórnarandstæðingar láta brúa bilið milli tekna og gjalda í fjárlögum? Hvar á að taka þau hundruð millj., sem vantar, til þess að jöfnuður náist?

Nú eru fjárl. ekkert einangrað fyrirbæri í þjóðlífinu, og það dæmi, sem ríkisstj. leggur fyrir Alþ., er afleiðing af stefnu hennar á undanförnum árum, óðaverðbólgu, ofvexti í þjónustustarfsemi og kaupsýslu, hnignun útflutningsatvinnuvega og iðnaðar, óskynsamlegri verðbólgufjárfestingu, spákaupmennsku og öðrum viðreisnarfyrirbærum. Við viðurkennum ekki, að sjálft dæmi ríkisstj. sé neinn óhjákvæmilegur atburður. Það er fyrst og fremst sjálfskaparvíti. Við Alþb.-menn höfum bent á það árum saman, að þannig mundi fara. Við höfum gagnrýnt stefnu ríkisstj. og bent á allt önnur úrræði. Lausn okkar er fólgin í þeirri baráttu, sem hér hefur verið háð, síðan viðreisnarstefnan hófst, í þeim till., sem við höfum flutt. Samt skal ég fúslega benda hæstv. ríkisstj. á, að hún gat hæglega leyst hið heimatilbúna dæmi sitt á allt annan hátt en þann að níðast sérstaklega á launastéttunum. Raunar gæti hvert skólabarn bent hæstv. ríkisstj. á skattheimtuleiðir, sem eru miklu réttlátari en nefskattar, og ef hæstv. viðskmrh. gengi hér í nokkrar verzlanir, mundu blasa við honum vörutegundir, sem fyrr bæri að hækka en brýnustu neyzluvörur, allt frá dönskum tertubotnum og kexi til lúxusbifreiða.

En ég skal benda hæstv. ríkisstj. á eina sérstaka tekjuleið, sem er nærtæk og réttlát. Þar á ég við ráðstafanir til að uppræta skattsvik á Íslandi. Fyrir nokkrum dögum var kaupmaður einn dæmdur fyrir skattsvik. Hann hafði m. a.

reynzt sekur um að hafa vantalið viðskipti sín til söluskattsframtals um rúmar 10 millj. kr. og stungið söluskatti af þeirri upphæð í sinn vasa. Fyrir dómstólunum er nú annað mál, þar sem einn lítill sælgætisframleiðandi í Reykjavík er ákærður fyrir að hafa stungið undan söluskatti, sem nam hvorki meira né minna en 7 millj. kr. Þessi mál eru eftirhreytur af starfsemi sérstakrar skattrannsóknadeildar, sem sett var á laggirnar 1964. Til hennar valdist dugmikill forstöðumaður, og hann hófst þegar handa um að kanna verkefni sitt. Deild þessi birti eina opinbera skýrslu um athafnir sínar, og þar var tvennt, sem vakti sérstaka athygli. Í fyrsta lagi reyndist furðuhá hlutfallstala brotlegra í hópi þeirra, sem rannsakaðir höfðu verið. Og í annan stað reyndust fjársvik þeirra mjög há, enda þótt hér væri aðeins um að ræða minni háttar kaupsýslumenn.

Í þeirri einu skýrslu, sem birt var, var greint frá því, að tekizt hefði að endurheimta svikna skatta, sem námu 35—40 millj. kr., allt frá minni háttar kaupsýslumönnum. Og brotin voru ekki sízt í því fólgin, að kaupsýslumennirnir höfðu stungið í eigin vasa söluskatti, sem þeir höfðu þegar innheimt hjá almenningi. Fljótlega tók það að vekja athygli, að rannsóknin virtist fyrst og fremst beinast að aðilum, sem ekki áttu neinn öflugan pólitískan bakhjarl í þjóðfélaginu, en meiri háttar kaupsýslumenn, hinir stóru og voldugu, virtust ekki þurfa að óttast slíkar rannsóknir. Á sama tíma tók það að kvisast, að forstöðumaður skattrannsóknadeildar væri mjög óánægður með starfsaðstöðu sína, hann teldi sig ekki fá þau vinnuskilyrði, sem óhjákvæmileg væru. Hann rækist á mjög annarlegar torfærur, um leið og hann tæki að nálgast hina miklu og voldugu kaupsýslumenn. Svo fór, að skattrannsóknastjóri sagði upp starfi sínu og ásamt honum 3 af 4 fulltrúum í deildinni. Síðan hefur verið næsta hljótt um starfsemi þessarar mikilvægu stofnunar.

Ég tel, að hinar mjög svo takmörkuðu athuganir skattrannsóknadeildar hafi sannað, að skattsvik eru hér ákaflega stórfellt fjármálafyrirbæri. Sömu staðreynd getur raunar hver maður lesið út úr skattaskýrslum, úr framtölum kaupsýslumanna um innheimtan söluskatt, úr skýrslum hagstofunnar um tekjuskiptingu milli starfsstétta samkv. framtölum þeirra sjálfra. Raunar eru fjársvikin stórfelldari en hér er vikið að. Um langt skeið hefur t. d. verið í rannsókn mál eins lítils innflytjanda, sem sagður er hafa falsað faktúrur um milljónaupphæðir til þess að hafa fé af ríkissjóði, og sömuleiðis eins lítils útflytjanda, sem sakaður er um hliðstætt atferli. Ég tel engum vafa bundið, að skattsvik og söluskattsþjófnaður og annar hliðstæður fjárdráttur nemi hundruðum millj. kr. á ári hverju, og svo að menn ætli ekki, að þetta séu neinar ýkjur úr mér, vil ég minna á, að hæstv. viðskmrh. komst að sömu niðurstöðu fyrir nokkrum árum. Aðeins heiðarleg innheimta á lögboðnum gjöldum hefði fært ríkissjóði meginhlutann af þeirri upphæð, sem hann segir sig skorta til þess að ná saman endum á fjárlögum.

Danir gerðu í ár breytingu á söluskattskerfi sínu, m. a. í þeim tilgangi að gera söluskattsþjófnað óframkvæmanlegan. Hefði ekki verið nær fyrir ríkisstj. Íslands að gera hliðstæðar ráðstafanir í stað þess að leggja byrðarnar á launafólk, sem er í senn sligað af verðbólgu og purkunarlausri fjárplógsstarfsemi?

Þær stórfelldu álögur, sem hér eru til umr., eru, eins og ég hef rakið, til marks um afar afturhaldssama skattheimtustefnu. Þær leggjast þyngst á þá, sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, m. a. á þá, sem þegar hafa fengið að kenna á samdrættinum af margföldum þunga. Þær hlífa gersamlega fjárplógsmönnum og gróðasöfnurum, þ. á m. þeim, sem hirða miklar fjárfúlgur ófrjálsri hendi ár eftir ár. Samt munu stjórnvöldin vænta þess, að almenningur láti sér nægja möglið eitt. Fyrir því er löng reynsla, að Íslendingar hafa mikið langlundargeð, og oft hafa landsmenn sætt sig við rangláta skattheimtu, ef fólk hefur talið, að fjármunirnir færu til að leysa brýn vandamál. En hér er ekki einu sinni um það að ræða, að verið sé að leysa þau vandamál, sem brýnust eru. Hinar nýju álögur koma, eins og ég sagði áðan, aðeins lagi á bókhald ríkissjóðs, svo að tekjur og gjöld standist á. Þetta frv. snertir á engan hátt þann stórfellda vanda, sem hvarvetna blasir við í þjóðfélaginu sjálfu, í efnahagsmálum og atvinnumálum. Enda þótt III. kafli frv. fjalli um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, er þar ekkert að finna annað en framlengingu á gömlum uppbótum. Í grg. sjálfri segir:

„Ríkisstj. telur hins vegar ekki tímabært að gera nú till. um nýjar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.“

Þarna er það sem sé boðað og sömuleiðis í framsöguræðu hæstv. forsrh., að bandormur sá, sem hér liggur á borðum þm., kunni að lengjast til muna eftir skamman tíma, þá komi nýjar álögur á almenning, e. t. v. enn frekara afnám á niðurgreiðslum á mjólk og kjöti, ellegar hækkun á söluskatti þeim, sem nú þegar er ærin tekjulind fyrir fjárplógsmenn. Samt mun enn meiri ástæða til að óttast, að ráðstafanir ríkisstj. í þágu þjóðlegra atvinnuvega verði takmarkaðar og árangurslitlar. Ríkisstj. hefur látið sjávarútveg og fiskiðnað drabbast niður á valdaskeiði sínu. Þann tíma, sem Alþfl. hefur farið með stjórn sjávarútvegsmála, hefur togurum fækkað um ⅓. Sá hluti bátaflotans, sem aflar hráefnis handa fiskvinnslustöðvunum, hefur dregizt stórlega saman. Sumar hinna fullkomnustu fiskvinnslustöðva landsmanna eru nú lokaðar. Allt hefur þetta gerzt á mestu veltiárum, sem þjóðin hefur lifað. Margt bendir til þess, að ráðh. ætli að gráta það þurrum tárum, þótt þessi þróun verði mun hraðari, þegar við örðugleika er að etja. Af mörgum ummælum, þ. á m. í hásætisræðu hæstv. forsrh., má marka það, að framtíðarhugmyndir ríkisstj. séu einvörðungu bundnar við erlenda fjárfestingu á Íslandi, hraðari alúmínframkvæmdir, sjóefnavinnslu á vegum útlendinga, olíuhreinsun á vegum Standard Oil og vafalaust erlend fyrirtæki í fiskiðnaði og jafnvel fiskveiðum. Allt bendir til þess, að hæstv. ríkisstj. ætli að hagnýta þá erfiðleika, sem hún auglýsir hvað mest, til þess annars vegar að breyta tekjuskiptingunni á Íslandi launastéttunum í óhag, eins og gert er með þessu frv., og hins vegar að breyta sjálfri gerð efnahagslífsins þannig, að

erlendir aðilar verði æ umsvifameiri á því sviði.

Hæstv. ríkisstj. getur því ekki með nokkrum rétti skírskotað til sanngirni og þegnskapar og þjóðhollustu eða annarra loflegra eiginleika, sem síður er að nefna í sambandi við nýja skattheimtu. Þegnskapur og þjóðhollusta er það eitt að hnekkja þessum stórfelldu og ranglátu árásum á lífskjör almennings og þeirri háskalegu framtíðarstefnu, sem í þeim felst. Ég veit, að það mun ekki gerast hér á hinu háa Alþingi. Sameinað stjórnarlið mun eflaust reiðubúið til þess að samþykkja þetta frv. En utan þingsalanna er til það afl, sem getur hnekkt þessari árás, launafólkið sjálft. Andstaðan við þessar ranglátu ráðstafanir nær langt inn í raðir stjórnarflokkanna sjálfra, og ef launafólk stendur saman án tillits til stjórnmálaskoðana, er það sterkasta þjóðfélagsafl á Íslandi, miklu sterkara en sú gjaldþrota ríkisstj., sem hér reiðir hátt til höggs.

Það eru ekki ýkjamörg ár síðan núv. ríkisstj. guggnaði á því að láta samþykkja árásarfrv. gegn verkalýðssamtökunum vegna þess, hversu öflug og víðtæk andstaðan var. Þeir atburðir geta endurtekið sig — og þeir þurfa að endurtaka sig. Þar eru ekki aðeins í húfi lífskjör launafólks og sómi verkalýðshreyfingarinnar, sem samningar höfðu verið brotnir á, heldur og sjálf heildarstefnan í efnahagsmálum og atvinnumálum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ef hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, væri kaupfélagsstjóri, en ekki leiðtogi stjórnarandstöðuflokks, og ef velta þess kaupfélags, sem hann stýrði, hefði í fyrra verið 60 millj. kr., en mundi í ár lækka niður í 45 millj. kr., mundi þá kaupfélagsstjórinn ekki telja ástæðu til neinna sérstakra viðbragða? Mundi hann ekki telja ástæðu til þess að grípa í taumana? Ég dreg það ekki í efa, að Eysteinn Jónsson mundi vera mjög samvizkusamur kaupfélagsstjóri, og þess vegna dreg ég ekki heldur í efa, að hann mundi auðvitað telja slík umskipti, slíka stórbreytingu á rekstraraðstöðu kaupfélagsins, ástæðu til þess að endurskoða allan rekstrargrundvöll þess.

Ef hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, væri forstjóri bæjarútgerðar, en ekki fyrsti frambjóðandi flokksins í höfuðstað landsins, og ef velta bæjarútgerðarinnar hefði í fyrra verið 60 millj., en félli í ár niður í 45 millj., mundi hann þá í raun og veru ekki telja ástæðu til nokkurra aðgerða? Ég efast ekki um, að hv. þm. Magnús Kjartansson mundi verða harðduglegur atvinnurekandi eins og formaður þingflokks hans, og þess vegna efast ég ekki heldur um, að hann mundi sannarlega telja ástæðu til róttækra aðgerða vegna slíkra gagngerðra umskipta. En þetta er það einmitt, sem hefur verið að gerast í sjávarútvegi Íslendinga frá því í fyrra og til ársins í ár. Það, sem þar hefur verið að gerast, er aðeins í hundraðfalt stærri stíl en tölurnar, sem ég nefndi.

Útflutningsverðmæti íslenzks sjávarútvegs var í fyrra um það bil 6000 millj. kr. Varlegar áætlanir, skynsamlegar áætlanir benda til þess, að það muni í ár verða 4500 millj. kr., m. ö. o.: velta íslenzks sjávarútvegs, tekjur íslenzks sjávarútvegs muni í ár verða um 1500 millj. kr. lægri en þær voru í fyrra. Þarf nokkurn skynsaman og ábyrgan mann að undra, að þeir, sem ábyrgð bera á stjórn landsins, telji ástæðu til að grípa til gagngerðra ráðstafana? Ríkisstj. vill hegða sér eins og hún er viss um, að Eysteinn Jónsson mundi hegða sér sem kaupfélagsstjóri og Magnús Kjartansson eða Lúðvík Jósefsson sem forstjóri bæjarútgerðar, og grípa strax eða eins fljótt og unnt er til nauðsynlegra ráðstafana.

Ég veit líka, að þeir hv. þm. Eysteinn Jónsson og Magnús Kjartansson eru mjög forsjálir og ábyrgir heimilisfeður. Ef ég nefni aðeins sem reikningsdæmi til þess að taka jafna og þægilega tölu, að þeir hafi í fyrra haft 300 þús. kr. í árstekjur, en svo lækki þessar tekjur í ár um 12—15 þús. kr., þ. e. meira en 1000 kr. á mánuði, mundu þeir í raun og veru halda útgjöldum sínum óbreyttum? Mundu þeir þá safna skuldum? Mundu þeir sem heimilisfeður vilja lifa um efni fram? Það mikið þykist ég þekkja til þeirra, að þessu leyfi ég mér að svara neitandi. Þeir mundu ekki í einkalífi sínu kjósa sér það hlutskipti, velja þá braut. En þetta er einmitt það, sem hefur gerzt í þjóðarbúskap Íslendinga. Þetta er það, sem gerzt hefur á Íslandi og snertir alla Íslendinga, alla einstaklinga íslenzks þjóðfélags. Allt bendir til þess, að kaupmáttur þjóðartekna muni í ár verða a. m. k. 4—5% minni en hann var í fyrra. Tekjur allra einstaklinga þjóðfélagsins munu í ár verða 4—5% minni en þær voru í fyrra, því miður, en þetta eru staðreyndir. Og þær hljóta að snerta hvern einasta einstakling í landinu.

Ég hef sannarlega ekki minnstu tilhneigingu til að draga fjöður yfir, að það, sem nú er að gerast, hlýtur að gerast, verður óhjákvæmilega að gerast, er nokkur kjaraskerðing hjá öllum almenningi, hjá allri íslenzku þjóðinni, er óhjákvæmileg. Hún er afleiðing þeirra gífurlegu breytinga, sem orðið hafa síðan í fyrra á verðlagi á útflutningsvörum landsmanna, og þeirri aflatregðu, sem því miður hefur átt sér stað á þessu ári. Ég teldi alveg rangt að gera minnstu tilraun til þess að draga fjöður yfir, að þessi breyting er svo mikil og hún hefur verið svo snögg, að óhjákvæmilegt er, að hún snerti hvert einasta heimili á landinu. En þeirri spurningu má þó varpa fram, hvort þessi kjaraskerðing, sem nú er að eiga sér stað, sé óbærileg, hvort kjör íslenzks almennings séu þannig, að hann geti, þó að kjaraskerðingin sé mikil, í raun og veru borið hana og samt sem áður haft sómasamleg eða sæmileg lífskjör á eftir. Til þess að mynda sér skoðun á þessu, rökstudda skoðun, er nauðsynlegt og eina leiðin, sem til þess er fær, er að athuga breytingar á kaupmætti tímakaups einhverra ákveðinna launastétta. Það eru til vandaðir útreikningar á breytingum á kaupmætti tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna síðan 1960. Ef kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna 1960 er talinn 100, — það er rétt að láta þess getið, að þær tölur, sem ég nefni um kaupmátt tímakaupsins, eru þannig fundnar, að miðað er við gömlu vísitöluna til áramóta 1967, en nýju vísitöluna á eftir, og er þetta tvímælalaust skynsamlegasta reikningsaðferðin, sem hægt er

að hafa, — ef kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna 1960 er talinn 100, þá hafði kaupmáttur tímakaups þessara stétta 1965 hækkað upp í 116, 16% meiri. 1966 hafði kaupmátturinn hækkað upp í 125, var hann 25% meiri en hann var 1960. Og 1. sept. s. l., þ. e. áður en þessar verðhækkanir komu til skjalanna, var kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna kominn upp í 128. 1. sept. s.l. var með öðrum orðum kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna 28% hærri en hann var 1960. Ég er að tala um kaupmátt tímakaupsins. Það er önnur saga, sem gjarnan má líka taka tillit til og ræða um, það er alveg rétt. Eftir að hækkanirnar eru um garð gengnar, allar þær hækkanir, sem ráð er fyrir gert í efnahagsfrv. ríkisstj., lækkar kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna niður í 122.5 stig, það lækkar m. ö. o. um 4—5%. Í gr. frv. er þessi lækkun nákvæmlega talin 4,38%. Það er rétt, — ég segi það enn og undirstrika, að það þarf að leggja áherzlu á það, geri enga tilraun til að skjóta mér undan sannleikanum um það efni, — að kaupmáttur tímakaupsins lækkar við þessar ráðstafanir um 4—5%. En eftir sem áður er vísitala tímakaups 122,5 miðað við 100 1960. Hún er m. ö. o. 22.5% hærri en hún var 1960. (Gripið fram í). Það er vegið tímakaup. Miðað við árið 1966, árið í fyrra, þá var vísitala tímakaupsins 125, verður hún eftir hækkanirnar aðeins lægri en hún var að meðaltali árið 1966, lífskjörin hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum fara aðeins niður fyrir það, sem þau voru 1966. En 1965 var vísitalan 116. Eftir kjaraskerðinguna, eftir hækkanirnar, verður kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna mun hærri en kaupmátturinn var fyrir 2 árum eða 1965. Ég segi það enn og aftur, að ég geri enga tilraun til þess að gera minna úr þeirri kjaraskerðingu, sem á sér stað, en rétt er og ástæða er til, en vil samt benda á, að eftir kjaraskerðinguna verður kaupmáttur tímakaupsins næstum eins hár og hann var að meðaltali 1966 og mun hærri en hann var 1965. (Gripið fram í.) Nú kann ég ekki að svara þessu, það liggja á borðinu hjá mér tölurnar, en ekki á blaðinu hjá mér. Það er mjög auðvelt að svara því.

Á annað atriði langar mig til að benda í þessu sambandi, og það er, hver breyting hefur orðið á hlutdeild launþega í þjóðartekjunum á undanförnum árum. Jafnvel þótt kaupmáttur tímakaupsins væri mun hærri eftir kjaraskerðinguna en fyrir 2 árum, hvað þá fyrir 6 árum, þá mætti segja, að kjaraskerðing nú væri ástæðulaus, óeðlileg, jafnvel ranglát, ef launþegar hefðu ekki fengið fulla hlutdeild í aukningu þjóðarteknanna á undanförnum árum eða m. ö. o. launþegar hefðu verið sniðgengnir við skiptingu þjóðarteknanna á undanförnum árum. Þá mætti með miklum rökum, með öllum rétti segja, að ástæðulaust væri núna, að nokkur kjaraskerðing yrði hjá þeim, þá ættu að vera til breið bök, sem gætu borið þann tekjumissi, sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir á þessu ári. En hverjar eru staðreyndirnar um þetta efni? Það eru til órækar skýrslur, óvefengdar skýrslur um breytingu atvinnu- og ráðstöfunartekna helztu launastétta á árunum 1960—65. Vegna þess, að hér er um vandmeðfarna útreikninga að ræða, ýmis álitamál, hvernig reikna beri, skal ég ekki halda mér við neina ákveðna tölu í þessum efnum, heldur nefna hámark og lágmark, ýmsa möguleika, sem geta komið til greina. Engin aðferð, sem þarna hefur komið til greina, hefur sýnt lægri útkomu, minni hækkun á atvinnu- og ráðstöfunartekjum launastétta en 33%. Sú aðferð, sem sýnir minnsta hækkun á ráðstöfunartekjum og atvinnutekjum helztu launastéttanna, sýnir 33% hækkun á 5 ára tímabilinu 1960—65, sú aðferð, sem sýnir mesta hækkun á þeim, sýnir 44% hækkun. Að meðaltali á ári er þetta frá í lægsta lagi 5.9% í hæsta lagi 7.6% hækkun á ári. Ég skal alveg láta liggja á milli hluta, hvor talan er réttari eða hvar á þessu bili sannleikurinn er. Það skiptir í þessu sambandi, sem ég hér tala um, ekki máli. En raunverulegar þjóðartekjur, — um það er ekki ágreiningur meðal sérfróðra manna, hvernig þær skuli reikna, — þær hafa á þessu sama tímabili aukizt um 32%. Þær jukust á 5 ára tímabilinu 1960—65 um 32%, eða um 5.7% á ári. M. ö. o.: lægsta reikningsaðferðin, sú aðferð, sem gefur launastéttum lægsta tekjuhækkun á þessu tímabili, sýnir örlítið meiri tekjuhækkun en varð á þjóðartekjunum. Sú, sem sýnir mesta tekjuhækkun, sýnir næstum þriðjungi meira eða 12% meiri hækkun á tekjum launastéttanna en urðu á þjóðartekjunum. Þetta tel ég taka af öll tvímæli um það, að launþegar hafa ekki aðeins fengið fulla hlutdeild í vexti þjóðarteknanna á undanförnum árum, heldur nokkru meira en það, hversu miklu meira skal ég ósagt láta.

Þetta eru þær gleggstu og beztu tölur, sem í þessu efni eru til, og þær tala skýru máli. Um það má svo á hinn bóginn auðvitað deila, hvort rétt hafi verið á undanförnum árum að deila allri aukningu þjóðarteknanna út á meðal þjóðarinnar, út á meðal allra launastétta, eins og gert hefur verið, en láta ekki sjóði safnast fyrir hjá atvinnufyrirtækjum af hinni miklu aukningu þjóðarteknanna. En á það vil ég benda, að ef framkvæmdin hefði ekki orðið þessi, hefði orðið mikil óánægja, sérstaklega hjá verkalýðshreyfingunni og samtökum launamanna yfir höfuð að tala. Og sízt situr það auðvitað á hv. stjórnarandstæðingum að deila á ríkisstj. fyrir það, að þessari stefnu skuli hafa verið fylgt. Hún er einmitt í fullkomnu samræmi við það, sem þeir sjálfir telja nú, að hefði átt að gera. En tvennt verður ekki gert fyrir sömu peningana. Tvennt verður ekki gert við sama tekjuaukann. Annaðhvort lendir hann í vasa launþeganna sem auknar tekjur þeirra eða þá að hann lendir í vasa atvinnufyrirtækja sem auknir sjóðir þeirra. Fyrri kosturinn hefur verið valinn hér á landi. Hinum gífurlega tekjuauka þjóðarbúsins á undanförnum 6—7 árum hefur verið varið þannig, að hann hefur komið fram sem tekjuauki launastéttanna, eins og tölurnar, sem ég nefndi, sýndu. Þess vegna hefur hann ekki getað komið fram sem auknir sjóðir atvinnufyrirtækja. Þess vegna eru ekki til þau breiðu bök, sem nú er kallað, eftir til þess að leggja byrðarnar á vegna tekjumissis sjávarútvegsins. Þess vegna stendur ís-

lenzkur atvinnurekstur og þá sérstaklega íslenzkir útflutningsatvinnuvegir ekki svo vel að vígi, að þeir geti tekið á sínar herðar þann tekjumissi, sem verðfallið og aflatregðan hefur haft í för með sér.

Ríkisstj. gerir það sannarlega ekki að gamni sínu að leggja jafnþungbærar álögur á þjóðina og gert er og verið er að gera um þessar mundir. Hún gerir sér algerlega ljóst, að öllum almenningi er þetta ekki léttbært. En áður en ríkisstj. tók þessar ákvarðanir fyrir sitt leyti, hafði hún athugað mjög gaumgæfilega og mjög vandlega allar hugsanlegar leiðir til þess að reyna að ráða fram úr þeim vanda, sem við er að etja á þessu stigi málsins, sem sagt að tryggja það, að ekki verði 750 millj. kr. halli á ríkisbúskapnum á næsta ári. Það komu sannarlega ýmsar leiðir til greina í þessu efni og koma enn, — leiðir, sem ríkisstj. athugaði mjög vandlega og þrautræddi við stuðningsflokka sína á hinu háa Alþingi.

Fyrsta leiðin, sem hefði getað komið til greina og sannarlega var hugsað mjög rækilega um, var að hækka söluskattinn. Það hefði auðvitað verið hægt að jafna allan væntanlegan halla á ríkisbúskapnum á næsta ári eingöngu með þeirri einföldu ráðstöfun að hækka söluskattinn sem því svarar. Ástæðan til þess, að ríkisstj. valdi þann kost ekki, var sú, að afleiðing þess hefði orðið almenn verðhækkun í landinu á svo að segja hverju einasta verðlagi, sem til er. Þær skipta tugþúsundum verðupphæðirnar, sem mundi þurfa að breyta, ef söluskatturinn væri hækkaður, og það er ekki á mannlegu valdi að koma í veg fyrir, þegar slík hækkun á tugþúsundum verðupphæða verður, að tryggja, að aldrei verði meiri verðhækkun en söluskattshækkunin ein gaf nákvæmlega tilefni til. Við sem erum kunnugir meðferð verðlagsmálanna, vitum vel, að hjá verðlagsnefnd hafa vikum, mánuðum, kannske árum saman legið beiðnir um ýmsar verðhækkanir, sem ekki hefur verið talin ástæða til að sinna. Ef söluskattur hækkaði verulega, mundu allar slíkar gamlar óskir, gamlar kröfur verða teknar upp að nýju, og erfitt að standa gegn þeim, og jafnvel þó að þeim yrði neitað, er erfitt að tryggja, að þeir, sem verðið ákveða, taki sér ekki það bessaleyfi að hækka verðið meira en söluskatturinn gæfi tilefni til. Ef söluskatturinn er hins vegar óbreyttur og meginstefnan er sú, að verðlag almennt í landinu skuli vera óbreytt, þó að það þurfi að hækka á ákveðnum, afmörkuðum tegundum vöru og þjónustu, vita menn, hvert verðið var, þegar það hefur verið óbreytt í langan tíma, og geta sjálfir fylgzt með því, að verðið hækki ekki. Við óttuðumst sem sagt, að í kjölfar mikilla hækkana á söluskattinum mundi fylgja almenn verðhækkunaralda, sem mundi ná yfir allt efnahagskerfið og jafnvel vara í marga mánuði, með því mundi verðbólguhjólið fara að snúast aftur. Þetta vildum við forðast. Töldum við sérstaklega launþegum mikils vert, að komið yrði í veg fyrir þetta.

Önnur aðferð, sem hægt hefði verið að grípa til að einhverju eða öllu leyti, hefði auðvitað verið sú að lækka mjög verulega nokkra stærstu rekstrarliði fjárlaganna. Allir vita, að stærstu rekstrarliðir fjárlaganna eru útgjöld til trygginga og útgjöld til skólamála. Við töldum hvorugt koma til greina. Við vildum ekki skerða bætur tryggingganna, við vildum ekki skerða framlög til skólamála, en þetta eru langstærstu rekstrarliðir fjárlaganna. Þriðji stærsti liður fjárlaganna er niðurgreiðslurnar, og niðurstaðan varð sú að lækka þær mjög verulega, um yfir 400 millj. kr. Sú lækkun, sem ráðgerð var, er þó ekki meiri en svo, að niðurgreiðslurnar lækka niður í það, sem þær voru 1. ágúst 1966. Þeir menn, sem núna tala um það sem óbærilega byrði, hversu mikið landbúnaðarvörurnar hækka vegna lækkunar niðurgreiðslnanna, hefðu einhvern tíma átt að nefna það á undanförnum 12 mánuðum, að það væri mikil kjarabót, hversu mikið landbúnaðarvörurnar lækkuðu þá vegna hækkunar niðurgreiðslnanna. Það hef ég aldrei lesið neitt um, hvorki í Tímanum né Þjóðviljanum, og ég hygg, að óhætt sé að leita þar alla daga þess árs, sem liðið er, það muni aldrei finnast neitt orð um það. Það, sem gerist núna, er þó ekki annað en það, að verðið á landbúnaðarvörunum hækkar um nákvæmlega jafnmikið og það lækkaði á undanförnu ári. (Gripið fram í). Breytingin til hækkunar núna er sú sama og breytingin til lækkunar hafði orðið á undanförnum 12 mánuðum. Þó að ég vilji enn undirstrika, að ég geri ekki tilraun til að gera of lítið úr áhrifum þessarar verðhækkunar, er þó rétt að benda á í þessu sambandi, að ef hún væri alveg óbærileg, þá hefði kjarabótin af verðlækkuninni líka átt að vera alveg stórkostleg, — alveg stórkostleg, — en þá þótti hún varla umtalsverð, verðlækkunin, en nú er verðhækkunin, jafnmikil, talin svo að segja alveg óbærileg.

Fjórða og síðasta leiðin, sem hægt hefði verið að grípa til, var að hagnýta ýmsa nýja tekjustofna, sem þó yllu ekki almennri verðhækkun í landinu, og þetta var það á hinu leitinu, sem gert er nú skv. stefnu ríkisstj. Það er ákveðin hækkun á áfengi og tóbaki, það eru lögð á ferðagjöld, það er hækkun á eignarskatti og þar fram eftir götunum, sem búið er að lýsa og ræða vandlega. M. ö. o.: það, sem gert er, er annars vegar lækkun niðurgreiðslnanna, sem veldur að vísu mikilli verðhækkun, en á mjög takmörkuðu sviði, og hins vegar hagnýting nýrra tekjustofna, sem ekki valda neinni almennri verðhækkun og hrinda því ekki verðbólguhjólinu af stað að nýju. Þetta tvennt er það, sem ríkisstj. hefur viljað gera og leggur til að gert verði. Og ég vil undirstrika, að þetta hefur hún gert að lokinni mjög vandlegri umhugsun. Ef þessar umr. hér og athugun Alþingis kynnu að leiða í ljós, að menn vildu heldur hækkun söluskattsins eða lækkun rekstrargjalda, eins og tryggingargjalda og skólakostnaðar, sem mér þykir afar ósennilegt, er ríkisstj. að sjálfsögðu reiðubúin til viðræðu um þessi efni. Hún vill gjarnan hlusta á allar skynsamlegar till., sem fram kunna að koma um þessi mál. En athugun hennar sjálfrar leiddi til þess, að þetta tvennt, sem ég lýsti, væri skynsamlegasta leiðin.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, undraðist það mjög, að áframhald stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl. og

þessar ráðstafanir skyldu vera samþykktar samhljóða í miðstjórn Alþfl. En þetta var nú engu að síður svo. Þessar ráðstafanir voru samþ. mótatkvæðalaust, og það er ekki nokkur vafi á því, að ástæðan til þess var sú, að það hafði verið gerð mjög rækileg grein fyrir þeim leiðum, sem til greina kæmu til þess að jafna væntanlegan halla á fjárlögum næsta árs. Það var engin rödd uppi um það, að það væri hægt að reka þjóðarbúskapinn með 750 millj. kr. halla á næsta ári. Ég hef heldur enga till. séð um það frá hæstv. stjórnarandstæðingum, hvernig þetta eigi að koma. Það var skylda okkar, sem erum í forustu Alþfl., að gera miðstjórninni grein fyrir því, hvaða leiðir kæmu til greina. Það gerðum við mjög ýtarlega, og að loknum ýtarlegum umr. og vandlegri athugun komst miðstjórn Alþfl. mótatkvæðalaust að þeirri niðurstöðu, að það, sem ríkisstj. styngi upp á, þ. e. sumpart lækkun niðurgreiðslnanna og sumpart hagnýting nýrra tekjustofna, væri skynsamlegasta leiðin út úr þessum vanda, sem við væri að etja. En ég efast ekki um, að miðstjórn Alþfl. væri það kært að fá til umr. og athugunar till. annarra aðila um aðrar leiðir í þessum efnum. Hún væri jafnfús til að ræða þær till., þær hugmyndir, eins og þær, sem við, ráðh. flokksins, lögðum fyrir hana á sínum tíma og hún féllst að lokinni vandlegri athugun algerlega og mótatkvæðalaust á. Hitt er svo ekki nema mannlegt, að hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni þyki það mjög súrt í broti, að það skuli koma fyrir í öðrum flokki, að afstaða sé tekin í stóru máli mótatkvæðalaust. Mér þykir það ekkert undarlegt, og ég get vel skilið hans persónulegu tilfinningar í því sambandi, eins og ástandið er í Alþb, sem ekki er aðeins tvískipt, heldur a. m. k. þrískipt. Það hefur verið minnt á lýsingar formanns Alþb. á hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni hér fyrir skömmu á hinu háa Alþ., og í morgun gat allur almenningur lesið lýsingu fyrrv. formanns Sósfl., Einars Olgeirssonar, væntanlega rétta lýsingu á Hannibal Valdimarssyni. Það er enginn vandi að fletta upp lýsingum annars hvors eða beggja þessara aðila hvors á öðrum, og þær eru með þeim hætti, að ég get afskaplega vel skilið, að það veki sérstaka athygli hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, þegar Alþfl. gerir einróma ályktun.

Að síðustu vil ég endurtaka, að sú stefna, sem ríkisstj. hefur markað í þessum till. sínum, er mörkuð að mjög vel yfirveguðu ráði. En engu að síður er það svo, að við gerum okkur allir algerlega ljóst, að ekki er víst, að við höfum fundið endanlega púðrið, að ekki er víst, að það, sem við höfum lagt til hér, sé bókstaflega það eina rétta í málinu. Og þess vegna vil ég taka undir þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. hér í gær, að að sjálfsögðu er ríkisstj. reiðubúin til þess að ræða við stjórnarandstöðuna og þá alveg sérstaklega við launþegasamtökin í landinu um það, hvort stjórnarandstaðan, hvort launþegasamtökin telja einhverjar aðrar leiðir frekar koma til greina og þá hverjar þær leiðir eru. Hér er um svo alvarleg tímamót að ræða í íslenzkum efnahagsmálum, hér hafa gerzt svo alvarlegir hlutir, að það er sjálfsagt að taka á þeim af fyllstu alvöru og af fyllstu ábyrgðartilfinningu, og það yrði að sjálfsögðu ekkert gert, nema því aðeins að allar leiðir hafi verið þrautkannaðar til þess að gera það, sem þjóðarheildinni er fyrir beztu, og það vill ríkisstj. gera.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara í einskisvert karp við hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað. Í þeirra málflutningi hefur lítið nýtt komið fram. Það var áberandi hjá þeim báðum hv. þm., að þeir vildu sem minnst gera úr þýðingu þeirra breyttu viðhorfa um tekjur okkar útflutningsatvinnuvega frá því, sem verið hefur, og virtist þó hv. 6. þm. Reykv. frekar viðurkenna, að þar hefði nokkurn vanda borið að höndum, heldur en hv. 1. þm. Austf., en báðir héldu því fram, að verðlækkunin væri þó ekki meiri en svo, að enn væri verðið sambærilegt við það, sem hefði verið í upphafi viðreisnartímabilsins, svo að ef ríkisstj. hefði haldið rétt á málum, þá væri þessi vandi auðleystur. En hv. þm. gleymdu því þá, sem var aðalatriði þessa máls, að þær auknu tekjur, sem hefur leitt af hækkuðu afurðaverði og aukinni veiði, hafa runnið til þess að bæta lífskjör alls almennings. Hv. viðskmrh. gerði grein fyrir því áðan, hverjir útreikningar eru fyrir hendi um það. Sjálfsagt er hægt að deila um það í einstökum atriðum, en það er ljóst, að þegar á heildina er litið, þá hafa lífskjör alls almennings raunverulega batnað a. m. k. frá því um rúman þriðjung upp undir helming frá því, sem var í árslok 1959. Það er greinilegt, að þessi stórkostlega breyting hefur orðið vegna þess, að þær miklu tekjur, sem til landsins hafa runnið, hafa komið öllum almenningi að gagni. Ef allar þessar tekjur hefðu eingöngu runnið til atvinnurekenda, þyrftu þeir vissulega nú ekki undan að kvarta, þótt þeir yrðu fyrir nokkrum áföllum í bili. En því fer fjarri, að svo sé. Nú hafa þeir að vísu einnig stórbætt sinn hag á þessu tímabili, en óhnekkjanlegt er, að launþegar, allur almenningur, hefur fengið til sín hlutfallslega meira en nemur hlutfalli þjóðartekna, sem sýnir, að atvinnurekendur hafa borgað launþegum hlutfallslega meira, hærri hluta af sínum tekjum en áður var. Þetta stendur óhagganlegt, og ef þessir hv. þm. vilja fallast á það, sem engum kemur til hugar, að almenningur í þessu landi ætti nú að taka upp sömu lífskjör og voru 1959 eða 1960, hefðu atvinnurekendur og atvinnuvegirnir ekki undan neinu að kvarta. Það eina, sem er hins vegar farið fram á, er, að menn hverfi nú um sinn aftur til þess ástands, sem þeir nutu í kringum árslok 1965 og ársbyrjun 1966 eftir hraðasta lífskjarabata, sem orðið hefur í sögu íslenzku þjóðarinnar, þann hraðasta og mesta.

Þetta er auðvitað höfuðstaðreynd, sem engan veginn verður fram hjá komizt. Um hitt þurfum við svo ekki að deila, að allir vildum við hafa getað komizt hjá því að bera fram slíkar till. Við vitum ofurvel, að það er ekki vinsælt og ekki æskilegt að þurfa að bera fram slíkar till. En þeir, sem bera ábyrgð á málefnum þjóðarinnar, verða að líta á hag þjóðarheildarinnar. Þeir verða að horfa til framtíðarinnar, gæta þess,

að þjóðarbúið lendi ekki í þrotum. Þeim nægir ekki útsmogin og neyðarleg illkvittni til þess að koma höggi á sína andstæðinga. Þeir þurfa að ráða málum til lykta og láta fyndna illkvittni sem vind um eyru þjóta, vita, að auðvitað eru ætíð til smámenni, sem reyna að nota sér vandræði þjóðarinnar til þess að koma höggi á þá, sem trausts hennar njóta og ábyrgð bera. Það fylgir eðli þess, að þjóðin treystir mönnum, að það eru nokkrir níðhöggar til, sem reyna að gera lítið úr því, sem vel er gert, og það er vissulega fróðlegt, að einn slíkur skuli nú hafa bætzt hér í hópinn í sölum Alþ.

Báðir þessir hv. stjórnarandstæðingar héldu því fram, að ég talaði nú mjög öðrum orðum um efnahagsmálin og þann vanda, sem væri okkur á höndum, heldur en ég hefði gert á s. l. vori. Ég vil einungis af því tilefni, með leyfi hæstv. forseta, vitna til þess, sem ég sagði í síðustu umr., sem voru háðar hér á Alþ. fyrir kosningarnar, síðustu ræðu, sem ég þá flutti hér í hinum almennu stjórnmálaumr. Þá sagði ég m. a.:

„Síðan á miðju s. l. ári hefur hraðfrystur fiskur farið lækkandi í verði, nú þegar yfir 10%, og óttast framleiðendur, — því miður að því er virðist ekki að ástæðulausu, — að lækkunin kunni að verða mun meiri. Á s. l. ári tóku síldarlýsi og síldarmjöl einnig stórkostlegum verðsveiflum, þannig að síldarlýsi lækkaði um 37½% frá því, að það var hæst á árinu, og síldarmjöl um 25%, og er þó rétt að geta þess, að lækkunin frá því verði, sem lagt var til grundvallar um vorið, var nokkru minni eða 29% og 15%. Hvar sem væri mundu þvílíkar verðlækkanir á aðalútflutningsvöru þjóðar vera taldar alvöruefni og raunar meira en það.

Hér er um að ræða atvik, sem engin íslenzk stjórn getur ráðið við. Markaðsverð erlendis er utan valdsviðs okkar, og er þó einnig í þessu efni rétt að hugleiða skammsýni stjórnarandstæðinga. Þeir láta eins og þessar verðlækkanir skipti ýmist litlu máli eða mundu vera vel viðráðanlegar, ef annarri efnahagsstefnu hefði verið hér fylgt. Ekki hafa þeir þó einu sinni haft tilburði í þá átt að gera grein fyrir, með hvaða undrum það hefði átt að verða. Samtímis tala þeir með ýtrustu fyrirlitningu og stóðugum aðvörunum um þátttöku Íslands í hinum miklu markaðsbandalögum, sem nú starfa hér í álfu. Ríkisstj. þarf engrar áminningar við um að gæta fyllstu aðgæzlu í þeim efnum, því að slíka aðgæzlu hefur stjórnin sannarlega sýnt. Fram hjá hinu verður ekki komizt til lengdar, að ein af orsökunum fyrir hinu lága verði á síldarlýsi og því, að háar sölur á ísfiski nýtast ekki sem skyldi, er, að við erum utan þessara bandalaga og njótum þess vegna ekki tollfríðinda af veru þar. Þessi vandi blasir nú þegar við og fer fyrirsjáanlega vaxandi."

Síðan minni ég á, að vöruútflutningur er rúmlega ¼ hluti af þjóðartekjum okkar og nær verðfallið til rúmlega ⅔ hluta af öllum okkar útflutningsvörum. Ef hið gífurlega aflamagn á síldveiðunum bætti ekki úr skák, mundi vandinn vera miklu meiri en hann þó er. Undir ræðulokin segi ég síðan:

afla og verðlags sem raun ber vitni, er ógerlegt að segja fyrir um það, hverjum úrræðum þurfi að beita á hverri stundu, en frelsið mun lengst af reynast bezta leiðarstjarnan. Jafnframt ber að keppa eftir að draga úr óvissu og sveiflum, og verður það ekki sízt gert með því að skjóta fleiri stoðum undir efnahaginn, hagnýta allar auðlindir landsins."

Þetta er í höfuðatriðum hið sama, sem við höfum verið að segja í okkar ræðum nú. En vandinn hefur reynzt miklu meiri en við gerðum ráð fyrir í vor, verðfallið hefur orðið varanlegra, miklu tilfinnanlegra, sbr. það, að þá var enn reiknað með síldarlýsisverði milli 50 og 60 pund. Nú er það komið niður í 36—37 pund og talið, að það sé engan veginn víst, að það staðnæmist þar. Talið er, að verðlækkun á hraðfrystum fiski sé meiri en nemur 10%. Framleiðendur halda því fram, að það sé nær 20%. Til viðbótar þessu kemur svo hin erfiða síldarvertíð, og þá tjáir ekki að vitna til þess, að það hafi mikið borizt á land hér í sumar. Það verður vitanlega að miða við tækin og kostnaðinn, sem hverju sinni er varið til þess að ná aflanum, og a. m. k. er það svo, að einn hv. þm., sem að vísu á ekki sæti hér í hv. d., en ég sé hér sitja, hefur skrifað undir bréf nýlega til ríkisstj. frá atvinnumálanefnd Norðurlands, þar sem talað er um aflabrest á síldveiðum, að því er ég bezt man. Og hygg ég, að þeir, sem til almennings þekkja, en eru ekki tilbúnir málsvarar verkalýðs og alþýðu þessa lands, líti sömu augum á og hv. þm. Björn Jónsson.

Þá hélt hv. 6. þm. Reykv. því fram og gerði það að aðaluppistöðu í sínu máli, að ég hefði brugðizt loforðum, sem ég hefði gefið verkalýðnum í hinu svokallaða júnísamkomulagi, og gerði þá, þegar hann var að leggja áherzlu á þetta, lítið úr þýðingu niðurgreiðslna og annars þess og fór um þær háðulegum orðum, sem hann raunar hefur gert í blaði sínu langa hríð. Hann hefur talið þær til lítillar blessunar fyrir launþega gagnstætt því, sem hann gerði svo í síðari hluta ræðu sinnar, þegar honum þótti það betur henta að snúa snældu sinni í þá átt. Það verður einnig að segja, að það lætur dálítið einkennilega í eyrum okkar, sem höfum fylgzt með blaðaskrifum þessa hv. þm., að hann skuli nú meta svo mikils júnísamkomulagið. Ég veit ekki nokkurn mann á Íslandi, sem hafi hatramlegar barizt gegn þeirri samningsgerð, og síðar hefur hann átt í kapphlaupi við hv. þm. Þórarin Þórarinsson og hv. þm. Eystein Jónsson um að gera sem allra minnst úr þýðingu þess fyrir launþega landsins, enda hefur það einmitt verið eitt af aðalárásarefnum þessa hv. þm. á hv. þm. Hannibal Valdimarsson, að hann beri ábyrgð á júnísamkomulaginu og því litla, sem þá hafi verið að lotið.

Nú veit ég það, að þessum hv. þm. er auðvitað sízt í huga að vilja láta illt af sér leiða. Hann heldur enn þá, að stjórnmál séu fyrst og fremst stráksskapur, leikaraskapur að reyna að stríða mönnum og annað slíkt. Hann á eftir að læra miklu betur af setu sinni á þingi, sem ég vona að vísu að verði ekki mjög löng. En jafnskarpur

lendir í góðum félagsskap. Ég veit, að hv. þm. vill auðvitað jafnvel og við aðrir, þó að hann hafi tekið upp þennan misskilning í sinni baráttuaðferð. En ég segi honum í fullri alvöru, að það er mesti misskilningur, að það greiði fyrir eða auki tiltrú að vera með svikabrigzl gagnvart sínum andstæðingum. Það er höfuðskilyrði þess að geta haft áhrif í lýðræðisþjóðfélagi og áttað sig á lýðræðislegum baráttuaðferðum, að menn geti með eðlilegu móti litið misjöfnum augum á málefni. Viðhorfin eru ólík, og það er ósköp eðlilegt, að sitt sýnist hverjum, og þess vegna höfum við frelsið, að við vitum, að menn geta allir, hver í góðri trú, haft sínar ólíku skoðanir. Og hvað sem um viðskipti mín við verkalýðshreyfinguna verður sagt, frá því að ég tók við því starfi, sem ég hef nú með höndum, hef ég reynt að gæta þess vandlega, að það yrði ekki með réttu á mig borið, að ég brygðist í einu né neinu þeim skuldbindingum, sem ég hef þar gengizt undir eða átt þátt í því, að gerðar væru. Og ég vil taka það alveg ótvírætt fram, að fullyrðingar hv. þm. um það, að ég hafi brugðizt og bregðist verkalýðshreyfingunni og sviki hana nú með því að leggja til, að áhrifum verðtryggingar sé frestað um sinn, en hún að vísu haldi svo áfram aftur, — þessar ásakanir eru gersamlega haldlausar og hljóta að vera byggðar á misskilningi, vegna þess að ég vil ekki trúa því, að hann hefji sinn þingferil hér með því að segja vísvitandi ósatt frá. Það er annað en sá stráksskapur, sem hann tíðkar í skrifum og menn geta skilið, en á raunar ekki heima, þegar alvarleg mál eru rædd hér á Alþingi.

Það kemur raunar glögglega fram, ef menn lesa júnísamkomulagið, að það er tímabundið og þar er ekki ætlunin að skuldbinda ríkisvaldið eða aðila til fastrar vísitölugreiðslu nema þann tíma, sem þeir samningar gildi, sem þá var verið að greiða fyrir, og raunar ekki nema því aðeins, að þeir samningar takist, án þess að grunnkaupshækkun verði. Slíkur er fyrirvarinn samkv. sjálfu júnísamkomulaginu. Ég hef fengið hér hjá skrifstofu þingsins það, sem ég þá sagði, þegar ég lagði frv. fyrir Alþingi hinn 20. okt. 1964, þá sagði ég þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Um einstakar greinar frv. sé ég ekki á þessu stigi ástæðu til þess að fjölyrða. Ég hygg, að miðað við þá ákvörðun að taka upp verðtryggingu launa sé þarna ekki um bein ágreiningsatriði að ræða, a. m. k. sem máli skipta. Á sínum tíma var það skýrt fram tekið, að skuldbinding um gildi þessara laga gilti að sjálfsögðu ekki lengur en þeir samningar eða samkomulag, sem frv. byggist á. Það þótti hins vegar ekki ástæða til þess að hafa neinn slíkan gildistíma ákveðinn í frv. sjálfu. Það verður að fara eftir aðstæðum, viðhorfum á hverjum tíma, hvað í þessum efnum er ákveðið.

Frá því að vísitala fyrst var hér upp tekin, hygg ég á árinu 1939, hefur um hana gilt margháttuð og mismunandi löggjöf. Hún veitir launþegum að vissu leyti tryggingu, það er óumdeilanlegt, en hins vegar hefur hún hættur í sér fólgnar varðandi of öran verðbólguvöxt, sem einnig kemur niður á launþegum eins og öðrum landsmönnum. Það er þess vegna hvorki hægt að segja, að verðtrygging eða vísitala skuli undir öllum kringumstæðum vera lögboðin né heldur að algert bann við þessu skuli að staðaldri vera í lögum. Það verður að fara eftir ástandi og horfum í efnahagsmálum hverju sinni, hvað tiltækilegt þykir í þessum efnum. Eins og á stóð 1960 vegna þeirra breytinga, sem þá voru taldar óhjákvæmilegar og leiddi af ástandi fyrri ára, þótti ekki fært að halda fyrri ákvæðum um vísitölubindingu kaups í lögum. Þessu fylgdi aftur á móti það, að kaupgjaldssamningar voru gerðir til mjög skamms tíma. Vinnufriður varð ærið ótryggur, og þegar það kom í ljós í vor, að það var skilyrði af hálfu verkalýðshreyfingarinnar fyrir samningsgerð, sem að öðru leyti þótti viðhlítandi og átti að standa til eins árs, að verðtrygging kaups væri tekin upp að nýju á þessu tímabili og bannið úr lögum numið, þótti ekki áhorfsmál, að rétt væri að verða við þeim óskum, enda hygg ég, að það sé almannadómur, að mikið hafi áunnizt með þeim vinnufriði, sem í vor tókst að semja um."

Þetta sagði ég orðrétt hinn 20. okt. 1964 í þessum stól. Og ég vil taka það fram, að í umr. á eftir tóku þátt tveir þm., sem voru aðilar að þessu samkomulagi og höfðu manna mest að því unnið af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og hv. þm. Hannibal Valdimarssonar. Þeir líta allt öðruvísi á þýðingu og gildi verðtryggingar heldur en ég, en þeir gerðu enga aths. við þessar yfirlýsingar mínar. Þeir eru þeim efnislega ósamþykkir, en þeir vissu, að þetta voru þær yfirlýsingar, sem ég gaf, áður en þessi samningur var undirritaður, þannig að hann var með öllum fyrirvara gerður um það, að eftir að árstími væri liðinn frá 5. júní 1964, væru menn frjálsir um ákvarðanir varðandi verðtrygginguna eins og önnur atriði, sem þá var samið um og ekki var sérstaklega fram tekið, að skyldu gilda til lengri tíma. Þetta er höfuðatriði, sem er nauðsynlegt að menn átti sig á. Nú get ég ákaflega vel skilið, og það er allt annað mál, ef menn segja þetta rangt, það sé verið að níðast á verkalýð og launþegum með því að afnema verðlagsvísitölu. Það er málefnaleg deila. En það greiðir ekki fyrir máli að blanda inn brigzlyrðum um svik og heitrof, þegar liggja fyrir alveg gagnstæðar yfirlýsingar, fullkominn fyrirvari um, að þetta verði að skoðast eftir aðstöðu hverju sinni.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Með þessu frv. og öðrum aðgerðum ríkisstj. eru lagðar á landsmenn 750 millj. kr., og eru álögurnar rökstuddar m. a. með óhagstæðu árferði og verðlækkunum á útflutningsafurðum á þessu ári, og frv. sjálft heitir „Frv. til l. um efnahagsaðgerðir". En hér er ekki um nýjar efnahagsaðgerðir að ræða, heldur eru landsmenn nú beðnir að taka upp budduna og greiða 750 millj. kr. á ári vegna þeirra aðgerða, sem ákveðnar voru og komu til framkvæmda fyrir tæpu ári. Þessar efnahagsaðgerðir hafa síðan í fyrrahaust verið greiddar af ríkissjóði. Þá strax var vitað og vakin athygli á, að ríkissjóður mundi ekki geta staðið undir þessum aðgerðum áfram, án þess að aflað væri nýrra tekna til þess, þótt ríkisstj. vildi dylja

það. Það er því ekki rétt, að sú mikla kjaraskerðing, sem frv. gerir ráð fyrir, orsakist af þeim áföllum, sem íslenzkur þjóðarbúskapur hefur orðið fyrir á þessu ári vegna aflabrests á vetrarvertíð og öðrum áföllum í sjávarútveginum. Það, sem hér er að gerast, er það eitt, að verið er að velta greiðslu á ársgömlum ráðstöfunum af ríkissjóði yfir á almenning. Þurfi nýjar efnahagsráðstafanir vegna áfallanna í sumar, verða þær áreiðanlega gerðar síðar. Það kom líka glöggt fram í ræðu hæstv. forsrh., að hann hefur sterkan fyrirvara um, að svo geti farið, að það frv., sem hér liggur fyrir, og þær ráðstafanir, sem jafnhliða hafa verið gerðar, leysi ekki þá erfiðleika, sem íslenzk efnahagsmál eiga við að etja. Hann sagði, að vel mætti vera, að frekari athugun gerði meiri ráðstafanir nauðsynlegar. Hæstv. forsrh. upplýsti einnig, að viðræður færu fram milli ríkisstj. og fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna. Það er einnig á allra vitorði, að eftir nokkra daga koma eigendur hraðfrystihúsanna saman á fund, og heyrzt hefur, að forustumenn í samtökum hraðfrystihúseigenda hafi látið það boð út ganga til hraðfrystihúsanna, að fulltrúar á þessum fundi verði við því búnir að taka ákvörðun um stöðvun á rekstri frystihúsanna, ef ekki fáist að þeirra dómi viðhlítandi lausn á rekstrarerfiðleikum frystihúsanna. Ef að vanda lætur, má einnig búast við, að útgerðarmenn stöðvi fiskiskipaflotann. Það hefur ekki farið fram hjá neinum í seinni tíð, að það eru ekki bara verkalýðsfélögin, sem beita verkföllum. Þvert á móti eru það atvinnurekendur, sem beita nú orðið stöðvun atvinnutækjanna til þess að knýja ríkisvaldið inn á sínar kröfur um skiptingu þjóðarteknanna, og finnst mér ríkisstj. vel megi taka það með í reikninginn nú, þegar hún undirbýr till. sínar um ráðstafanir í efnahagsmálum. Hvernig stendur á því, að þessi vandamál eru ekki tekin til athugunar og úrlausnar í einu lagi, þegar fyrir fram er vitað, að meiri vandi en hér er um talað er innan sjónmáls? Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði í sinni ræðu, að ríkisstj. á að draga þetta frv. til baka, því að það virðist einungis skapa ný vandamál.

Rökstuðningur ríkisstj. fyrir hinum nýju og þungbæru álögum á landsmenn er því fullkomin blekking, og veit hvert mannsbarn, hvernig á þessu stendur. Hér er á ferðinni hefðbundinn feluleikur núverandi stjórnarflokka í sambandi við undirbúning alþingiskosninga. Ríkisstj. hefur ákveðið, að lækka skuli niðurgreiðslur á helztu neyzluvörum landsmanna niður í það, sem var í ágústmánuði 1966. Þetta á að valda 410 millj. kr. lækkun á niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Það var ekki beðið með að lækka niðurgreiðslur, þangað til það frv., sem hér liggur fyrir, yrði rætt og afgreitt hér á Alþ., heldur er þetta þegar komið til framkvæmda og margar af helztu neyzluvörum almennings hafa nú þegar stórhækkað í verði. Iðgjöld til almannatrygginganna verða hækkuð um 63 millj. kr. á ári. Það er rétt að vekja athygli á því, að eitt af því, sem lagt var bann við að hækkaði í fyrrahaust með hinni svokölluðu verðstöðvun, voru gjöld til almannatrygginganna. Almannatryggingarnar töldu sig verða að fá hækkun gjaldanna í fyrra um rúmlega 50 millj., og auðvitað verða þeir peningar einhvers staðar teknir, ef ekki annars staðar, þá úr varasjóði almannatrygginganna, og þá verður lagt á menn til að safna nýjum varasjóði, þótt síðar verði. Þess vegna er hér vissulega leikinn sami blekkingaleikurinn og í öðrum þáttum þessa máls. Hækkun daggjalda á sjúkrahúsum og hækkun sjúkrasamlagsiðgjalda á að nema 40 millj. kr. á ári. Um þetta er svipað að segja og tryggingaiðgjöldin. Ríkissjóður tók á sig óhjákvæmilega hækkun daggjalda á sjúkrahúsum í nokkra mánuði fyrir og eftir kosningar, en nú telur ríkisstj. óhætt að færa þessar hækkanir yfir á almenning. Nú á að leggja söluskatt á póst- og símagjöld og sjónvarps- og útvarpsafnotagjöld, og er þetta áætlað 40 millj. kr. og tekjuaukning Pósts og síma á að verða 20 millj. Samtals nema þessar nýju álögur 60 millj. Tóbak og áfengi hefur þegar verið hækkað um 13%, og er áætlað, að sú hækkun nemi í auknum ríkistekjum um 60 millj. kr. Fasteignamat verður tólffaldað í kaupstöðum og í sveitum sexfaldað til álagningar eignarskatts, og á sú aukning að verða 62 millj. kr. Leggja skal nýjan skatt á farmiða til útlanda, er nemi 3000 kr. á hvern farmiða, og eru tekjur af því áætlaðar 60 millj. kr. Nýr vísitölugrundvöllur verður tekinn upp 1. marz 1968 samkv. frv., en þær verðhækkanir, sem frv. gerir ráð fyrir, og þær hækkanir, sem stafa af hækkuðu vöruverði í sambandi við lækkun á niðurgreiðslum úr ríkissjóði, verða ekki reiknaðar í hina nýju vísitölu, heldur eiga þessar hækkanir allar að bitna á almenningi sem hrein kjaraskerðing. Ríkisstj. er raunar svo hreinskilin að segja mönnum þetta, enda reiknar hún með, að 4 ár séu til næstu alþingiskosninga og óhætt sé að treysta því, að hinir reiðu kjósendur verði þá búnir að gleyma meðferðinni á sér nú og þeim svikum og skollaleik, sem leikinn var í sambandi við kjaramálin við síðustu alþingiskosningar og leikinn hefur verið við undanfarandi alþingiskosningar raunar tvennar áður. Samkv. útreikningi í grg. frv. mun verðlag hækka vegna þessara aðgerða um rúml. 7.5% miðað við núgildandi framfærsluvísitölu. Hækkun á vísitölu vöru og þjónustu mun hins vegar verða ⅕ meiri. Og þetta er sú kjaraskerðing, sem almenningur á að taka á sig bótalaust. Mest af þeim 750 millj., sem þannig er hellt yfir þjóðina, mun koma fram í auknum framfærslukostnaði hvers einstaklings. Auðvitað kemur þetta þyngst niður á þeim, sem lægst hafa launin, og fjölmennustu fjölskyldunum.

Það er á allra vitorði, að stefna ríkisstj. á undanförnum árum hefur leikið atvinnuvegi þjóðarinnar svo grátt, að alvarlegur samdráttur er þegar orðinn í fjölmennum og þýðingarmiklum atvinnugreinum, og þó að áberandi atvinnuleysi sé ekki enn orðið hér á Suðurlandi, er það staðreynd, sem menn verða að horfast í augu við, að yfirvinna hefur stórlega dregizt saman og hjá fjölda fólks alveg fallið niður, auk þess sem aðrir fjölskyldumeðlimir en heimilisfyrirvinnan hafa undanfarið átt erfiðara með að fá vinnu til að afla fjölskyldunni aukinna tekna en á undanförnum árum. Þess vegna verða fleiri og

fleiri að treysta á dagvinnulaunin ein saman. Þannig liggja fyrir upplýsingar um það frá Félagi járniðnaðarmanna, að tekjur járniðnaðarmanna hafi á s. l. ári minnkað um 25—30% vegna samdráttar í járniðnaðinum.

Hverjar eru svo tekjur manna samkv. kjarasamningum fyrir dagvinnu eina saman, sem þannig á að rýra, eins og nú er komið fram? Ég tel rétt að nefna um þetta nokkur dæmi.

Samkv. 2. taxta Dagsbrúnar er mánaðarkaupið í byrjun 8951 kr. með verðlagsuppbót, sem hækkar eftir 2 ár upp í 9399. Samkv. kjarasamningum Iðju eru byrjunarlaun 8546 á mánuði og hækka eftir 1 ár upp í 9137. Samkv. kjarasamningum rafvirkja hafa þeir byrjunarlaun 10178 kr. á mánuði, sem hækkar á 10 árum upp í 11861 kr. Hliðstæðir starfsmenn hjá ríkinu hafa laun sem hér segir:

Starfsmenn í 5. launaflokki 7995 kr. í byrjun, sem hækkar á 15 árum upp í 9862 kr. á mánuði. Og starfsmenn við iðjustörf í 4. launaflokki, byrjunarlaun 7683 kr., sem hækka á 15 árum í 9495 kr. Iðnaðarmenn samkv. 10. launaflokki: byrjun 9392 á mánuði og eftir 15 ár 11429 kr. Maður, sem vinnur samkv. 2. taxta Dagsbrúnar, hámarkslaunum, hefur í árslaun tæpar 113 þús. kr. miðað við dagvinnu. Hafi hann fyrir fjögurra manna fjölskyldu að sjá, eins og er reiknað með í vísitölufjölskyldunni, má reikna með því og ég tel það varlega reiknað, að 12 þús. kr. af tekjum hans fari til þess að greiða þær verðlagshækkanir og skattahækkanir, sem ríkisstj. leggur nú á menn. Þá verða eftir hjá þessari fjölskyldu 100 þús. kr. Framfærsluvísitalan í september, sem reiknuð er, áður en þessar verðlagshækkanir verða og þessar kjararýrnanir, 7.53%, gerir ráð fyrir, að neyzla fjögurra manna fjölskyldu sé 129162 kr. á ári. Má þar við bæta, að í þeirri vísitölu er reiknað með húsnæðiskostnaði 15351 kr. á ári fyrir fjögurra manna fjölskyldu, en húsnæðisliðurinn í núgildandi vísitölu gerir það raunar að verkum, að menn hljóta að gagnrýna þessa vísitölu mjög. En nú gerir frv. um efnahagsaðgerðir, sem hér liggur fyrir, ráð fyrir því, að tekinn verði upp nýr vísitölugrundvöllur og að sú vísitala gangi í gildi 1. marz n. k., þegar búið er að koma þeirri kjaraskerðingu á, sem nú er áformuð. Í grg. frv. í sambandi við hinn nýja vísitölugrundvöll er rætt um mikla breytingu, sem orðið hafi á neyzlu manna á árunum 1954—1965. Auðvitað hefur neyzla manna breytzt á svo mörgum árum og menn hafa getað leyft sér meira með því að vinna óhóflegan vinnutíma. En heldur ríkisstj., að neyzluvenjur manna verði hinar sömu eftir þessa kjaraskerðingu og þær voru fyrir? E. t. v. fækka hæstv. ráðh. ekki ferðum sínum til útlanda, en það er áreiðanlegt, að allur þorri annarra landsmanna verður að neita sér jafnvel um brýnustu lífsnauðsynjar og mun alls ekki verða mjög stór viðskiptavinur ríkissjóðs í sambandi við farmiðaskatt, því miður. Ég er ekki einn af þeim, sem telja það vera neina goðgá, þótt launþegar landsins geti veitt sér það að ferðast til annarra landa í fríum sínum til þess að afla sér fróðleiks og ánægju. Ég tel þeim peningum alls ekki illa varið, sem notaðir eru til ferðalaga, og það eigi hreint ekki að vera forréttindi ráðh. og efnamanna að ferðast og sjá sig um í heiminum. Sannleikurinn er sá, að með þessum farmiðaskatti eru lagðar óhóflegar hömlur á frelsi manna og þessum hömlum er ekki beitt gegn þeim efnameiri, heldur hinum, sem af litlum efnum ferðast, og það ætti ríkisstj. að hafa gert sér ljóst, að ekki eru allar ferðir skemmtiferðir til útlanda. Erindi manna til útlanda eru mörg og þar á meðal eru ferðir námsmanna og sjúklinga milli landa. Og margt fleira mætti telja.

Í sambandi við meðferð þessa máls vil ég gagnrýna það, að upplýsingar um nýja vísitölugrundvöllinn skuli ekki fylgja þessu frv. Ég tel það óhjákvæmilegt, til þess að alþm. geti áttað sig á þessu máli, að þeim gefist kostur á að kynna sér þennan nýja grundvöll og þá ekki síður þá skýrslu, sem hefur verið gerð um hina nýju neyzlurannsókn. Sjálfur hef ég fengið í hendur frá hagstofunni upplýsingar um hinn nýja vísitölugrundvöll, en hagstofan sá sér hins vegar ekki fært að afhenda mér skýrsluna um neyzlurannsóknina. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., að hún sjái um, að alþm. fái í hendur bæði nýja vísitölugrundvöllinn og skýrsluna um neyzlurannsóknina, og þá ekki síður, að hún sjái til þess, að skýrslan um neyzlurannsóknina verði birt almenningi. Það er þeim mun nauðsynlegra, að hin nýja neyzlurannsókn verði birt opinberlega, sem nú er breytt um form á vísitölunni. Eins og kunnugt er, eru í núgildandi framfærsluvísitölu einstakir kostnaðarliðir birtir í krónutölum, og þannig liggja bæði grundvöllurinn og breytingarnar á einstökum liðum fyrir opinberlega í krónum. Í þeirri till., sem mér var fengin í hendur af hagstofunni, er ekki gert ráð fyrir að birta neinar krónutölur, heldur einungis hvern kostnaðarlið vísitölunnar í hundraðshlutum framvegis. En samkv. upplýsingum, sem ég fékk hjá hagstofunni í dag, er gert ráð fyrir í þeim till., sem nú liggja fyrir um vísitölugrundvöllinn, að neyzla vísitölufjölskyldunnar sé 235 þús. kr. á ári. Mega menn þá sjá væntanlega, hverjum erfiðleikum það muni valda fyrir þær fjölskyldur, sem ekki hafa eftir þessar ráðstafanir nema 100 þús. kr. úr að spila til lífsframfæris á ári. Í nýja vísitölugrundvellinum er gert ráð fyrir, að húsnæðisliður vísitölunnar vegi 16.21%, en í núgildandi framfærsluvísitölu gildir hann 10.69%. Samkv. þessu og þeim tölum, sem ég nefndi áðan um heildarneyzlu vísitölufjölskyldunnar, ætti húsnæðiskostnaður í nýja vísitölugrundvellinum að verða kr. 38093.50.

Það er furðudjarft af ríkisstj. að koma nú fram með þessar ráðstafanir. Þó þarf enginn að furða sig á þessu í sjálfu sér, því að núv. ríkisstj. virðist aldrei hafa séð aðra lausn á vanda efnahagsmálanna en þá að leggja byrðarnar á almenning, en hlífa hinum efnameiri. Ill var hennar fyrsta ganga í kjaramálum, og það virðist ætla að sannast, að erfitt verði fyrir stjórnarflokkana að hverfa frá þeirri röngu stefnu, sem þeir hafa fylgt. Samt var eins og eitthvað rofaði til hjá ríkisstj. um skilning á þessum málum gagnvart verkalýðshreyfingunni á árinu 1964. Sá skilningsauki kom auðvitað ekki til af öðru

en því, að ráðh. sáu, að verkalýðshreyfingin var of sterk til þess, að hægt væri fyrir ríkisvaldið að knésetja hana. Skilningsaukinn var hins vegar ekki meiri en svo, að aldrei hefur afstaða ríkisstj. verið verri en einmitt það sama ár gagnvart þeim stéttum, sem ekki hafa verkfallsrétt, þegar opinberum starfsmönnum var með lögleysum og ofbeldi synjað um þann rétt, sem þeir áttu lögum samkv. til kjarabóta. Í upphafi stjórnartímabilsins gerði núv. ríkisstj. þá miklu skekkju að framkvæma tvær stórfelldar gengislækkanir og afnema um leið rétt launþega til verðlagsuppbóta á laun sín. Það var raunar of seint séð, en samt sá hæstv. forsrh. það sjálfur 4 árum seinna, að þarna var ekki hyggilega að farið og kunni ekki góðri lukku að stýra að knýja í gegn efnahagsráðstafanir, stórfellda kjaraskerðingu gegn vilja alls þorra landsmanna og gegn ákveðinni andstöðu launþegasamtakanna. Slíkar aðfarir verða ekki þau bjargráð, sem þeim kann að vera ætlað að verða. Þetta viðurkenndi hæstv. forsrh., þegar rætt var um frv. til l. um verðtryggingu launa haustið 1964. Hann sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er ég hygg er það óumdeilanlegt, að við vanda efnahagsmálanna verður ekki ráðið, nema skilningur alls almennings á bæði orsökum og úrræðum sé fyrir hendi. Ég veit ekki um neitt málefni, sem síður stoði að löggjafinn einn, Alþ. og ríkisstj., taki ákvarðanir um, ef þær styðjast ekki við glöggan skilning alls almennings á nauðsyn þeirra aðgerða, sem hverju sinni eru ákveðnar.“

Þessi ummæli hæstv. forsrh. eru rétt, og hann hefði átt að rifja þau vel upp í huga sér, áður en ríkisstj. greip til þeirra úrræða, sem hér eru komin fram í frv.-formi.

Ég þykist vita, að í þessum umr. verður sunginn sami söngurinn og oft áður, að vandi sá, sem nú er við að etja í efnahagsmálum, sé að kenna of háu kaupgjaldi og kröfuhörku launþegasamtakanna. Sannleikurinn er hins vegar sá, að síðan núv. ríkisstj. kom til valda og fór að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar, hefur hún séð til þess, að verðlagið hefur sífellt hækkað meira en kaupgjaldið. Það eru ekki launþegasamtökin, sem bera ábyrgð á því, að verðbólgan hefur magnazt ár frá ári, heldur er þar um að kenna rangri stjórnarstefnu, sem stjórnarflokkarnir hafa fylgt þau tvö kjörtímabil, sem þeir hafa setið að völdum.

Undanfarin ár hefur verið mikið góðæri hér á landi og þjóðartekjurnar vaxið meira en dæmi eru til í sögu þjóðarinnar þangað til á síðasta ári, er vöxtur þjóðarteknanna minnkaði allverulega. Ef allt hefði verið með felldu um stefnu ríkisstj. og framkvæmd hennar á undanförnum árum, hefði átt að verða hér stórfelld aukning á kaupmætti tímakaupsins. En í þessu efni hefur orðið sú öfugþróun, að þrátt fyrir óvenjulegt góðæri, metafla ár eftir ár og síhækkandi verðlag á útflutningsafurðum landsmanna allt fram á síðasta ár hefur kaupmáttur tímakaups verkamanna í almennri vinnu ekkert aukizt frá því 1. marz 1959. Á hinum Norðurlöndunum hefur þróunin gengið í þá átt, að kaupmáttur launa hefur sífellt farið vaxandi og hagur almennings batnað, og þó hafa þessi lönd einnig átt við efnahagsvandamál að fást eins og hér.

Hér á landi er almennur, samningsbundinn vinnutími 44 klst. á viku, en raunverulegur vinnutími víðast hvar miklu lengri, vegna þess að kaupmáttur dagvinnukaupsins hefur ekki aukizt og launamenn þeir, sem til þess hafa haft aðstöðu og heilsu, hafa unnið miklu lengur viku hverja. En jafnframt því, sem kaupmáttur tímakaups hefur stöðugt farið vaxandi á hinum Norðurlöndunum, er þar nú verið að stytta vikulegan vinnutíma niður í 42½ klst., og sums staðar á vinnuvikan að styttast enn meira í áföngum, niður í 40 klst., og hefur þegar verið samið um það í Finnlandi að vinnutíminn styttist í 40 klst. árið 1970. Þannig er þróunin, þar sem íhaldsstjórnir fara ekki með völd. Af hálfu talsmanna ríkisstj. hefur að undanförnu verið rekinn taumlaus áróður, sem í því er fólginn, að þjóðin hafi lifað um efni fram og verði nú að súpa af því seyðið og þarna sé skýringin á vandamálunum ásamt aflabresti og verðlækkunum á íslenzkum afurðum erlendis. Blöð stjórnarflokkanna hamra á þessum áróðri, og útvarpið hefur í sumar verið notað miskunnarlaust til einhliða pólitísks áróðurs, eins og það sé orðið einkafyrirtæki ríkisstj. Ráðh. eru hlaupandi á milli alls konar funda og þinga, haldandi áróðursræður til þess að koma þeim á framfæri í fréttum útvarpsins.

Hverjir hafa lifað um efni fram í þessu landi? Eru það launamenn og bændur? Halda menn, að verkamenn, bændur, iðnaðarmenn, verzlunarmenn, opinberir starfsmenn hafi haft þann auð handa á milli, að þeir hafi lifað umfram efni þjóðarinnar? Nei, launamenn hafa yfirleitt ekki þrátt fyrir mikil aflabrögð þjóðarinnar getað veitt sér mikið umfram brýnustu lífsnauðsynjar og sumir varla það. Á þessum árum hafa launþegar landsins stritað nótt með degi og með því mörgum tekizt með dugnaði að koma sér upp eigin íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína þrátt fyrir lánsfjárskort og okurvexti. Allt þetta fólk hefur lifað við sinn deilda verð og hefur orðið að drýgja tekjur sínar með hóflausri yfirvinnu. Almenningur hefur borgað þunga skatta, og skattarnir hafa orðið miklu þyngri en þurft hefði að vera, af því að slælegt eftirlit hefur verið með framtölum til skatts og undandráttur stórkostlegur. Launþegar færast ekki undan að greiða réttmæta skatta. En það er hart fyrir þá að verða að una því að greiða stórar fjárhæðir árlega vegna undandráttar annarra. Vissulega hefur þjóðin orðið fyrir fjárhagslegum erfiðleikum á síðasta ári og þessu ári. En skyldi það vera nokkuð nýtt, að aflaleysisár komi hér og verðfall verði á einhverju af afurðum okkar um lengri eða skemmri tíma? Ef rétt hefði verið stjórnað á undanförnum aflaárum, þar sem hvert happið hefur komið eftir annað, bæði hvað magn og verð á afurðum snertir, hefði það vissulega ekki þurft að verða erfið glíma að fást við þau vandamál, sem nú eru fyrir hendi.

Ég sagði, að almenningur hefði borgað þunga skatta. En stjórnarvöldin hafa eytt þessum fjármunum illa. Þau hafa sólundað miklum og óvenjulegum þjóðarauði í stjórnleysi og vitleysu.

Hverjar eru framkvæmdir ríkisins á undanförnum árum? Hvar er uppbygging atvinnuveganna á vegi stödd? Hvernig er komið fyrir iðnaðinum? Og hvar fá menn fé í dag, lánsfé, til atvinnufyrirtækjanna? Hvernig er ástandið í vegamálum? Stefna ríkisstj. hefur verið að halda okurvöxtum af lánum jafnt til nauðsynlegs atvinnurekstrar og framkvæmda sem til annars. Og hvernig er svo hagnaði bankanna varið? Stórbyggingar eru reistar fyrir bankastarfsemina, og bankaútibú þjóta upp eins og gorkúlur. Seðlabankinn keypti litla lóð fyrir 10 millj., sem hækkaði allt lóðaverð í bænum upp úr öllu viti. Það kostar kannske ekki mikla fjármuni miðað við heildarútgjöld þjóðarinnar. En óviðkunnanlegt er það, að Seðlabankinn skuli nú gefa út sinn árlega kreppuboðskap úr dýrlegum veizlum, sem haldnar eru nokkrum ráðamönnum.

Það mætti kannske á einfaldan hátt nefna sem dæmi um stjórnarfarið, að fyrir alþingishúsið hefur verið keypt hurð, sem kosta mun 700—800 þús. kr., og það lak með henni, og það er ekki hægt að loka henni.

Í ritstjórnargrein í aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, er mönnum bent á, að þegar þeir vegi og meti aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum, sé gagnlegt fyrir hvern og einn að spyrja sjálfan sig þessarar spurningar: Hvernig mundi ég bregðast við, ef tekjur mínar stórlækkuðu skyndilega á einu ári? Mundi ég halda áfram sömu eyðslu og áður? Mundi ég lifa um efni fram og safna skuldum? Síðan segir, að auðvitað svari hver og einn þessari spurningu neitandi, auðvitað geri hver einstaklingur, sem stendur frammi fyrir stórlækkun tekna sinna, ráðstafanir til þess að draga úr eyðslu og neita sér um margt, sem menn áður leyfðu sér. Hæstv. viðskmrh. bar fram svipaða spurningu hér áðan til formanna stjórnarandstöðunnar, hvað þeir mundu gera, Og þetta eru auðvitað hárrétt svör, sem Morgunblaðið gefur, að auðvitað mundu hyggnir menn reyna að draga eitthvað við sig, en safna ekki skuldum. En við skulum velta þessari spurningu svolítið meira fyrir okkur. Hvað mundi heimilisfaðir gera fyrst undir þessum kringumstæðum? Mundi hann byrja á því að biðja fjölskyldu sína að draga við sig mat og aðrar nauðsynjar? Vafalaust mundu fæstir gera það. Flestir mundu byrja á því að spara í bili eitthvað annað, t. d. selja bílinn sinn, og hætta í bili að halda veizlur t. d. Þannig ættu stjórnarvöldin líka að fara að, áður en þau segja almenningi að þrengja kost sinn svo mjög sem nú er gert.

Mönnum er það ljóst, að þjóðarbúskapurinn hefur orðið fyrir áfalli vegna aflabrests og verðfalls. Og áfallið veldur strax erfiðleikum, af því að illa hefur verið stjórnað og til einhverra ráða þarf að grípa til björgunar. En launþegar sjá enga ástæðu til þess að taka þær byrðar einir á sig. Það, sem gera þarf fyrst, er að breyta um stjórnarstefnu og m. a., að stjórnarvöldin sjái um rétta álagningu og innheimtu þeirra skatta, sem lög standa til að þegnarnir greiði, en á það skortir áreiðanlega mikið nú. Ríkisstj. hefur neitað launamönnum um réttlátan hlut í tekjum góðærisins. Hún hefur sjálf með rangri stefnu komið atvinnuvegunum í kaldakol og gert þá óviðbúna því að mæta aflabresti og erfiðu árferði, sem jafnan þarf að gera ráð fyrir í okkar landi. Hún hefur stöðugt kynt verðbólgueldinn. Ekkert nema mesta góðæri, sem komið hefur yfir þetta land, hefði getað haldið svona ríkisstj. á floti jafnlengi og raun er á orðin. Og engin ríkisstj. hefur orðið almenningi í þessu landi dýrari en þessi. Það er gagnslaust að gera ráð fyrir því, að hún bjargi málum. Það er sjálf stjórnarstefnan, sem þarf að breytast. Þessi og aðrar ríkisstj. þurfa að læra það í eitt skipti fyrir öll, að landinu verður ekki stjórnað af viti án samráðs við launastéttirnar, eins og hæstv. forsrh. raunar var búinn að gera sér ljóst á árinu 1964, þó að hann sé búinn að gleyma því nú.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. vék hér í ræðu sinni áðan að tveimur atriðum, sem mig langar til að gera hér nokkuð að umræðuefni af þeirri ástæðu. Annars vegar var fsp. frá honum, sem hann beindi til mín og óskaði eftir, að ég svaraði hér í umr., ef ég hefði aðstöðu til, varðandi nýju vísitöluna og ræddi um hana nokkuð í því tilefni efnislega. Það hefur verið útbýtt hér á Alþ. í dag fsp. frá hv. þm. um þetta efni, sem ég að sjálfsögðu hefði svarað á sínum tíma, en ég hef ekkert á móti því að gera það nú. Hann óskaði gjarnan eftir því, ef svar fengist við því hér í umr.

Hann kvað hafa gengið mjög illa að fá upplýsingar um þessa vísitölu og hefði raunar verið synjað um upplýsingar um einstök atriði varðandi hana, er hann hefði spurt eftir því fyrir nokkru. Ég tel ekki, að það hafi verið neitt óeðlilegt, þó að það hefði verið synjað slíkra upplýsinga. Þetta mál var í rauninni óafgert. Þessi vísitala, eins og menn vita, var reiknuð út samkv. samkomulagi, sem gert var við verkalýðssamtökin 1964. Þá var ákveðið að láta fara fram nýja athugun miðað við neyzluvenjur almennings, eins og þær væru taldar hafa breytzt, því að gamla vísitalan var augljóslega orðin mjög úrelt og grundvöllur hennar, og var ákveðið, að þetta skyldi unnið af kauplagsnefnd með aðstoð hagstofunnar. Meðan ekki var tekin nein ákvörðun um það, hvað yrði um þessa vísitölu eða hvað við hana yrði gert, var ekki talin ástæða að hefja neinar opinberar umr. um hana og ekki talið heppilegt á neinn hátt, og af þeim sökum voru ekki gefnar út neinar sérstakar upplýsingar um málið. Það er rétt, að það voru reiknaðar breytingar af kauplagsnefnd í fróðleiksskyni, en ekki vegna þess, að það hefði neina efnislega þýðingu varðandi kaupgreiðslur eða aðra viðmiðun við vísitölu, þar sem þessi vísitala hafði ekki verið lögfest. En það vitanlega breytir eðli málsins, þegar nú hefur verið ákveðið að lögfesta þessa vísitölu, og það má vel segja, að það hefði átt að prenta þennan grundvöll sem fskj. með frv. Ég skal á engan hátt andmæla því. Það hefur ekki verið ætlunin að fela neitt í þessu efni, og vitanlega geta bæði þm. og að sjálfsögðu n. þingsins, sem fá þetta mál til meðferðar, fengið allar þær upplýsingar varðandi vísitöluna, sem til staðar eru. Svo sem hv. síðasti ræðumaður gat hér um, voru honum látnar í té þær

upplýsingar, sem hann bað um varðandi vísitöluna á þessu stigi málsins. Og ég tel sjálfsagt og raunar útilokað að leyna þeim upplýsingum fyrir Alþ., enda þjónar það engu. Hitt er, eins og ég áðan sagði, vafasamt mál að vera að hefja umr. um slíkar athuganir, meðan þær eru á umræðustigi. Verkalýðshreyfingin hafði ekki gert upp hug sinn um það, hvort hún óskaði eftir því að lögfesta þessa vísitölu eða ekki, það er rétt. Það hefur ekki staðið á ríkisstj. að fá hana lögfesta. Það var rætt um það þegar í fyrravetur, þegar vísitalan var tilbúin, hvort ekki væri rétt, að hún yrði innleidd, og af hálfu verkalýðshreyfingarinnar hefur ekki verið látin í ljós nein ákveðin skoðun um það, hvorki neikvætt né jákvætt, sem kannske er ekki von, vegna þess að það er mikið vafamál, hvernig þessi vísitala kemur til með að líta út og hvaða áhrif hún hefur hverju sinni. Hitt er engum efa undirorpið, að hún er miklu réttari mælikvarði á neyzlugrundvöllinn og neyzluvenjurnar, eins og það er í dag.

Varðandi fsp. sjálfa skal ég upplýsa það, að það var byrjað að reikna grunninn frá febrúarmánuði 1966, þá var byrjað að reikna vísitöluna eftir þessum nýja vísitölugrundvelli til fróðleiks eingöngu, og það hefur verið lokið útreikningi frá 1. febr. 1966 til 1. maí 1967. Lengra er þeim útreikningi ekki komið. Það er búið að safna gögnum yfir síðasta ársfjórðug, en það er ekki búið að vinna úr þeim gögnum enn þá. En frá 1. febr. 1966 til 1. maí 1967 hefði þessi vísitala hækkað um 7.1%. Til samanburðar má geta þess, að núgildandi vísitala hefur hækkað á þessu stigi um 6.5%, þannig að miðað við þennan tíma er sjáanlegt, að nýja vísitalan hefði á engan hátt reynzt launþegum óhagstæðari en sú gamla. Hitt er annað mál, að þetta dæmi kann að koma öðruvísi út nú, vegna þess að það er rétt, sem hér hefur komið fram, að vissar vörutegundir vega meira í gamla grundvellinum heldur en nýja, þannig að það er ekki víst, að þetta dæmi komi alltaf eins út. Nú er því haldið fram, að ástæðan til þess, að það sé lagt til að lögfesta nýju vísitöluna nú, sé að auðvelda þessar nýju efnahagsráðstafanir og sé í rauninni þarna verið að koma aftan að launþegum og taka upp einhverjar blekkingar í framtíðinni, sem geri mögulegt að halda frekar í horfinu. Ég held, að það sé ákaflega erfitt fyrir nokkurn mann að segja í dag, hvort þetta hefur nokkra þýðingu í þessa átt, — ákaflega erfitt. Það þótti tvímælalaust rétt, úr því að þessi vísitala liggur fyrir, að hún yrði lögfest og notuð sem grundvöllur. Þar sem ákveðið er að festa grundvöllinn í 100 og byggja síðan á þessum vísitölugrundvelli, þá var það aðeins eðlileg aðgerð af hálfu ríkisstj., að því er okkur fannst, að miða þá við þá vísitöluna, sem síðast hefur verið reiknuð og talin er vera eðlilegust viðmiðun. En þessi nýja vísitala hefur bæði kosti og galla frá sjónarmiði stjórnvalda og launþega. Það er miklu fleira, sem hefur áhrif á þessa vísitölu heldur en vísitöluna núna. Og það er m. a. eitt, sem menn kannske mættu hafa í huga, sem álíta að þetta sé eitthvert tilræði við launþegasamtökin, að nýja vísitöluna er í rauninni ógerlegt að greiða niður, vegna þess að hvert vísitölustig kostar óhemjufé, það kostar á annað hundrað millj., ef á að greiða niður hvert vísitölustig, vegna þess einmitt að skiptingin er á allt annan veg. Búvörurnar vega ekki nálægt því eins mikið í nýju vísitölunni og þeirri gömlu, þannig að það væri ekki hægt að hafa þær aðferðir, sem sumir telja hæpnar og hafa talið og það síðast hv. fyrirspyrjandi, að þessi aðferð væri notuð til þess að ná af mönnum með nokkrum brögðum, að greiða niður, og ylli því, að kaupið lækkaði í rauninni mun meira en sem svaraði því, sem þetta kostaði ríkissjóðinn. Og það má til sanns vegar færa. En einmitt út frá þessum sjónarhóli held ég, að það sé ekki hægt að segja, að ríkisstj. sé með þessu að auðvelda sér einhvern eftirleik í þessu máli. Mér finnst sjálfsagt, að þetta mál sé skoðað fullkomlega niður í kjölinn, og ég veit ekkert, hvort það verður talið svo mikið grundvallaratriði af hálfu ríkisstj., að það þurfi endilega að halda fast við það, ef verkalýðshreyfingin telur það vera sér eitthvert sérstakt tilræði að innleiða þessa nýju vísitölu. Við höfum alls ekki litið svo á og það er ekki hugsun okkar með þessum tillögum.

Hitt atriðið, sem ég vildi gera hér sérstaklega að umtalsefni, voru ummæli hv. þm. um skattarannsóknirnar og orð hans, sem hnigu í þá átt, að ríkisstj. mundi hafa sett eitthvað fótinn fyrir þessar rannsóknir og hefði ekki mikinn áhuga á, að þeim yrði fram haldið. Það má vafalaust deila á núv. ríkisstj. fyrir marga hluti, enda hefur það verið óspart gert, en varðandi þetta efni held ég, að verði ekki á hana deilt. Það er staðreynd, að það er í fyrsta skipti í tíð núv. ríkisstj., sem hafa verið gerðar kerfisbundnar ráðstafanir til þess að uppræta skattsvik, og fyrstu róttæku aðgerðirnar í því sambandi hafa séð dagsins ljós þessi síðustu árin, frá því að skattrannsóknadeildin tók til starfa á árinu 1964. Og það má kannske þykja tíðindum sæta, að sá dómur, sem hv. þm. vitnaði í í skattsvikamáli, mun vera sá fyrsti, sem upp er kveðinn, og hygg ég þó, að enginn láti sér til hugar koma, að skattsvik séu ný bóla hér á Íslandi. Þau hafa áreiðanlega átt sér miklu lengri aldur en tíð núv. ríkisstj. Þau eru gamalkunn, og m. a. er það eitt, sem hefur valdið erfiðleikum í sambandi við skattamálin nú, að menn telja, að það hafi verið gengið of harkalega til verks með hliðsjón af því, að þetta hafi verið búið að láta líðast í áratugi. Að vísu var þetta alltaf bannað, það vita allir, og við því lagðar refsingar, en þessum refsingum var aldrei beitt.

Engu að síður var skattrannsóknadeildin sett á laggirnar, og ég vil, að það liggi hér alveg skýrt fyrir, að það hefur engin tilraun verið gerð til þess að hindra starfsemi hennar á einn né neinn hátt. Það er rétt hjá hv. þm., að til forstöðu þeirrar deildar valdist hinn prýðilegasti maður, og það hefur verið mikið happ, að hann valdist til þessarar forustu vegna sinna hæfileika og sinnar sérstæðu menntunar, því að það var mikið vandamál að leggja grundvöllinn að þessu starfi, þar sem um algert brautryðjendastarf var að ræða. Ástæðan til þess, að hann hætti þessum störfum, er á engan hátt neinn ágreiningur milli hans og rn. eða mín sem fjmrh., enda hefur það

skýrt komið fram. Menn geta hætt störfum af ýmsum ástæðum, og það er engum efa bundið, að það var ekki neitt sældarstarf í litlu þjóðfélagi að fást við mál eins og þessi. En það fór hins vegar svo, að þrátt fyrir ítrekuð tilmæli mín taldi skattrannsóknastjóri sér ekki mögulegt eða fært að halda starfi sínu áfram. Ég lagði áherzlu á það, að ég mundi beita mér fyrir lagabreytingum, ef þyrfti, ef það yrði til þess að gera það mögulegt, að hann sæti áfram í sínu starfi og vildi áfram gegna því. Hann taldi það ekki geta breytt neinu um sína ákvörðun. Að öðru leyti tel ég ekki viðeigandi hér að fara að ræða um okkar viðskipti í þessum efnum, en eins og ég sagði, hefur það legið skýrt fyrir, að það hefur enginn ágreiningur átt sér stað, og þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram, vegna þess að því hefur verið haldið fram og það nú síðast af hv. 6. þm. Reykv., að afsögn skattrannsóknastjóra bendi til þess, að honum hafi verið settir einhverjir erfiðir starfskostir eða starfsskilyrði, og jafnframt á það bent, að starfsmenn skattrannsóknadeildarinnar hafi sagt upp störfum um leið. Það er rétt, að þeir gerðu það, en það var af allt öðrum ástæðum, þó að vissu leyti tengt afsögn Guðmundar Skaftasonar að því leyti, að a. m. k. einn eða tveir þessara manna sögðu upp vegna þess, að þeir höfðu farið í þessi störf til þess að afla sér réttinda sem löggiltir endurskoðendur, og meðan þeir vissu ekki, hvort væntanlegur skattrannsóknastjóri uppfyllti þau skilyrði, að þeir gætu áfram stundað nám sitt hjá honum, vildu þeir hafa opna leið til að fara.

Til allrar gæfu hefur fengizt nýr maður til þess að gegna þessu starfi, sem að vísu er engin reynsla af enn þá, en er reyndur endurskoðandi, og ég geri mér beztu vonir um, að hann geti tekið þar við, sem Guðmundur Skaftason hætti, og aukið, en ekki minnkað það starf sem þarna er um að ræða, því að ég tek undir það með hv. 6. þm. Reykv., að hér er um hið þýðingarmesta mál að ræða. Það er engum efa bundið, að það eru auðvitað stórfelld skattsvik í landinu, bæði í tekjuskatti og vafalaust verulegt undanskot í söluskatti, sem nú er verið að gera sérstakar athuganir til að kanna. En ég er ósköp hræddur um, að það sé hæpið að ávísa á það fé til þess að leysa það fjárlagadæmi, sem hér er við að stríða. Það er ásetningur okkar að halda þessum athugunum áfram, sem hafnar hafa verið nú síðustu árin í sambandi við skattamálin, og reyna að koma þeim í eðlilegt horf.

Það er rétt og skiljanlegt, að þjóðfélagsborgararnir krefjist þess, að það sé látið réttlæti yfir alla ganga í þessum efnum. Það var reynt að víkja að því hér áðan, að það mundi hafa verið sérstaklega erfitt að fást við þá stóru, og var naumast öðruvísi hægt að skilja það en það hefði verið haldið yfir þeim hlífiskildi. Það er mikill misskilningur. Það hefur engin viðleitni verið í þá átt. En hitt get ég sagt, að það eru miklu minni ástæður til að halda, að stór fyrirtæki sviki undan skatti, heldur en lítil, og það er vegna þess einfaldlega, að þeirra bókhald er svo flókið og þar eru svo margir menn, sem koma við sögu, að það er skoðun skattayfirvalda, að það séu miklu minni líkur til þess, að þar eigi sér stað skattsvik. Það hefur vissulega komið til álita einnig um hin stærstu fyrirtæki, hvort þar væri ástæða til þess að gera sérstakar aðgerðir, og hafa farið fram athuganir á þessum málum. Við skulum gera okkur grein fyrir, að það, sem hefur komið fram í dagsljósið, er fyrst og fremst þar, sem hafa fundizt sakir á menn, þannig að menn mega ekki taka það sem hlutfall um skattsvik á Íslandi, þó að það séu teknir 22 af 23, eins og sagt var í upphaflegri skýrslunni, sem birt var. En það merkir auðvitað ekki, að það sé hlutfallið á milli skattsvika og réttra framtala, heldur eru ótalmargir aðrir, sem hafa verið kannaðir, og kemur þá á daginn, að ekki þykir ástæða til nánari rannsóknar.

Hv. þm. sagði og að því er mér skildist sem nokkra vísbendingu enn um, að hér væri farið að draga í land, að það hefði aðeins verið birt ein skýrsla um árangur af starfi skattarannsóknadeildarinnar. Hún var upphaflega birt að tilhlutan rn. vegna umr., sem þá voru í blöðum um starfsemi skattarannsóknadeildarinnar, að það heyrðist lítið frá henni. M. a. hygg ég, að það hafi komið fram ábending um það frá blaði hv. þm. Ég taldi sjálfsagt, að slík grg. yrði birt. Síðan hefur það verið venja mín, bæði í fyrra og mun einnig verða nú, að birta grg. um þetta í fjárlagaræðu, og það er ekki ætlunin að leyna einu né neinu í þeim efnum.

Þetta vildi ég nú láta koma hér fram vegna þess, að ég tel, að hér sé um ákaflega þýðingarmikið mál að ræða og nauðsynlegt, að fólk trúi því, að það sé ekki verið að draga úr þeirri starfsemi, sem sett var í gang á þessu sviði og ég er hv. þm. gersamlega sammála um að þarf að halda áfram af fullum krafti. Það er auðvitað hægt að gera þetta tortryggilegt, ef menn vilja, en þá getum við, sem að þessum málum stöndum, engan veginn varið okkur fyrir því, og það verður þá að ráðast, hvort menn trúa þeim fullyrðingum eða ekki. En þetta er sem sagt kjarni málsins og það rétta í málinu, sem ég hef hér sagt.

Hv. þm. minntist á eitt atriði enn. Hann sagði, að Danir hefðu tekið upp verðaukaskattinn til þess að forðast m. a. undanskot á söluskatti, að breyta því kerfi. Þetta er nú ekki rétt. Ástæðurnar til þess, að verðaukaskatturinn var tekinn upp í Danmörku, eru af allt öðrum toga spunnar, og Danir höfðu alls ekki söluskattinn í því formi, sem við höfum hann, þannig að undanskot á söluskatti þar var í rauninni ekki heldur fyrir hendi, því að það var heildsöluskattur, sem þeir höfðu, en ekki smásöluskattur, eins og við höfum hér. Hitt er annað mál, sem er nauðsynlegt fyrir menn að íhuga hér, ef eru uppi hugmyndir um það að taka upp verðaukaskattinn, — við höfum fylgzt vel með því máli hér, — að verðaukaskatturinn leggst fyrst og fremst á neyzlu almennings. Fyrirtækin borga yfirleitt ekki þann skatt. Og ástæðan til þess m. a., að Danir taka upp þennan skatt, er, að þetta skattkerfi er gildandi í Efnahagsbandalagslöndunum, og þeir telja sér óumflýjanlegt, ef þeir gerast aðilar að Efnahagsbandalaginu, að skapa dönskum framleiðsluatvinnuvegum, sérstaklega dönsk-

um iðnaði, þann skattalétti, sem leiðir af því að taka upp verðaukaskattinn. Svíar hafa verið með þetta lengi í athugun, og starfsbróðir minn þar sagði við mig, þegar ég spurði hann að því, hvernig stæði á því, að þeir hefðu ekki innleitt þennan skatt, að það stæði í þeim að taka 1600 millj. sænskra kr. af fyrirtækjunum og leggja það á almenning, sem mundi leiða af þessari skattaálagningu, þannig að hér er um mál að ræða, sem þarf vitanlega að skoða miklu betur, og hingað til höfum við a. m. k. verið í miklum vafa um það, hvort þetta væri heppilegt eða ekki.

Þar sem fjárlagaumr. eru nú á næsta leiti, tel ég ekki ástæðu til þess að fara að ræða sérstaklega þetta frv., sem hér liggur fyrir, þó að það sé að vísu rétt, að það er veigamikill þáttur í fjárlagaafgreiðslunni og leiðir af þeim ráðstöfunum, sem hefur orðið að gera til þess að jafna hallann á fjárl. Það hefur auðvitað margt komið hér fram, sem væri fróðlegt að minnast á. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. hafa rætt það ýtarlega. Kjarni málsins er ljós og raunar ekki umdeildur, að það vantar 750 millj. kr. til þess að jafna halla á fjárl. Það er að vísu fordæmi fyrir því, að þessum vanda hafi verið mætt á annan hátt en ríkisstj. nú gerir. Honum var mætt, hliðstæðum vanda, í tíð vinstri stjórnarinnar með því að leggja fjárlagafrv. fyrir Alþ. með raunverulega stórfelldum halla og með þeim rökstuðningi, að ríkisstj. hefði ekki haft tíma til þess eða aðstöðu til þess að bera sig saman við stuðningsmenn sína um úrræði til þess að leysa þennan vanda, og þess vegna yrði að varpa því á herðar Alþingis. Við deildum á þær aðferðir, sem þá voru hafðar og ég tel fjarri öllu lagi, að ríkisstj. geti komið sér undan vandanum með því að varpa honum þannig yfir á herðar Alþingis, þó að það sé að vísu þess hlutverk að lokum að taka endanlegar ákvarðanir. Við töldum útilokað með öllu að leggja fjárlagafrv. fyrir Alþ. án þess að gera ákveðnar till. um það, hvernig ætti að jafna þennan halla. Eins og því hefur verið lýst af hálfu ríkisstj. er það svo annað mál, að við höfum ekki með þessu endilega haldið því fram, að þetta væru þau einu réttu úrræði og alls ekki gæti annað komið til mála. Við gerum okkur fullkomlega grein fyrir nauðsyn þess, að sem breiðust samstaða gæti orðið um lausn þessa vanda. En til þess að sú samstaða geti orðið, verða auðvitað þeir, sem eru andvígir okkar till., að játa þær forsendur, sem hlýtur að verða að byggja á, sem sé að þessi vandi er fyrir hendi og fram hjá honum verður með engu móti komizt með óljósum fullyrðingum og vafningum. Þetta er tvímælalaust vandinn, sem við eigum við að stríða í dag, og spurningin er þessi aðeins, hvernig á að mæta honum og það með ákveðnum úrræðum. Það er ekkert gagn fyrir þjóðina að heyra óljósar fullyrðingar og bollaleggingar, sem ekki eiga sér stoð í neinum veruleika. Það er hægt að hafa gagn af því að rökræða vandann og koma með ákveðnar leiðir aðrar, sem hugsanlegar væru og sjálfsagt er þá að taka til athugunar. Það er auðvitað algerlega óviðunandi og í rauninni sjálfsögð krafa, sem bæði þjóð og þing hlýtur að gera til sinnar ríkisstj., að hún leggi fram sínar ákveðnu till., hvað sem mönnum svo sýnist um þær að öðru leyti. Og þetta er skylda, sem ég tel að rkisstj. hafi ekki brugðizt og það sé ekki hægt að saka hana fyrir það, þó að hún leggi þessar till. sínar fram. Það er tvímælalaust hennar skylda.

Hvort svo með þessu er ráðizt sérstaklega á launþega og hina efnaminni í þjóðfélaginu og farnar hinar verstu leiðir, íhaldsúrræði og annað þess konar, sem minnzt hefur verið á í þessum umr., það er auðvitað fróðlegt að gera sér grein fyrir því og nauðsynlegt. En menn geta náttúrlega ekki í senn haldið því fram, sem er auðvitað staðreynd, að þjóðartekjur hafi vaxið meira en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar, að allur atvinnurekstur sé í kaldakoli og þar af leiðandi sé þjóðartekjurnar ekki að finna þar og að hagur almennings hafi ekki batnað neitt og þar af leiðandi hafi hann ekki fengið þessar þjóðartekjur. Einhvers staðar hlýtur þetta fé að vera, fram hjá því verður aldrei komizt. Og þegar talað er um það, að með þessum till. ríkisstj. sé verið að hlífa hinum efnameiri, en samtímis haldið fram í hinu orðinu, að nú sé svo búið að öllum atvinnurekstri í landinu, að bæði iðnaður, sjávarútvegur og landbúnaður séu svo hart leiknir, að það þurfi stórfelldar aðgerðir þeim til handa, a. m. k. sjávarútveginum og raunar einnig iðnaðinum, hvar eru þá þessir efnameiri, sem haldið hefur verið hlífiskildi yfir og hafa dregið til sín allt þetta fé? Almenningur hlýtur að gera kröfu til, að menn á Alþ. ræði þetta og geri skilmerkilega grein fyrir því.

Kjarni málsins er auðvitað sá, að það er vandi okkar í dag og það má kannske saka ríkisstj. fyrir að hafa ekki staðið betur í ístaðinu að þessu leyti, — vandi okkar í dag er sá, að við höfum dreift út öllum þjóðartekjunum, jafnóðum og þær hafa skapazt. Það má segja með réttu, að það hafi verið óeðlilega hátt verðlag á sjávarafurðum núna síðustu 2 árin og hefði verið gætt fyllsta aðhalds í því og skynsemi, hefði ekki átt að dreifa úr þessu fé. Þá hefði átt að leggja það til hliðar, til þess að atvinnuvegirnir gætu mætt verðfallinu, þegar það kæmi, og það er ekkert vit í að fara að miða lífsvenjur sínar við þessar háu tekjur. Því miður hefur þetta ekki gerzt. Það hefur ekki tekizt að halda í þetta fé, og sannast sagna hefur ekki borið á stuðningi af hálfu hv. stjórnarandstæðinga eða aðfinnslum frá þeirra hendi um það, að ríkisstj. skyldi ekki gera ráðstafanir til að halda þessu fé til hliðar, nema síður sé.

Þetta er ástæðan fyrir þeim vanda, sem við stöndum andspænis í dag. Við höfum deilt þessu fé upp. Við höfum hagað lífsvenjum okkar í samræmi við þessar auknu tekjur, og þess vegna auðvitað verður það tilfinnanlegt, sem við erum að gera í dag. Hefðum við haldið þessu til hliðar, verðhækkunum síðustu 2—3 ára, stæðu auðvitað atvinnuvegirnir allt öðruvísi að vígi, en þá hefði fólk ekki heldur getað notið þessara hlunninda, sem leitt hefur af dreifingu þessarar hækkunar teknanna. Um þetta má auðvitað endalaust ræða, en þetta hygg ég, að sé kjarni þess vanda, sem við eigum við að glíma, og það er svo mikið í húfi fyrir þjóðina nú að mæta þessum vanda-

málum á réttan hátt, að það gagnar lítið, þó að við förum að bera sakir hver á annan í því efni að hafa haldið illa á málum.

Það er auðvitað ekkert einstakt nú í dag, ef maður hirðir um það að fara að rekja fortíðina, að það sé lagt til að skerða vísitölu. Það var upphaf vinstri stjórnarinnar, fyrsta ráðstöfunin, að skerða vísitölu, og síðasta ráðstöfun hennar var till. um stórfellda skerðingu vísitölu, og skyldi maður þó halda, að það hafi ekki stafað af slæmri stjórn, eins og haldið er fram, að nú stafi þessi skerðing vísitölu eingöngu af slæmri stjórn, og vinstri stjórnin bjó sannarlega ekki við neitt slæmt árferði. Það var bezta árferði, sem komið hafði þá, árið sem hún fór frá völdum. Þetta má auðvitað á benda, og þetta veit öll þjóðin. En það gagnar lítið að vera að karpa um þetta, það leysir ekki vandann, heldur að horfast í augu við hann, eins og hann blasir við. Við getum skemmt okkur við að saka hver annan um að hafa haldið óskynsamlega á málum á þessum og þessum tímabilum. En það, sem þjóðin þarf í dag, er skynsamleg úrræði og eins breið samstaða og hægt er til þess að leysa þann vanda, sem augljóslega stafar ekki af verkum neinnar ríkisstj., heldur af óviðráðanlegum ástæðum, stafar af þeim vanda, sem verðfall og aflabrestur hefur skapað. Þessi vandi er ekki svo stórfelldur, miðað við þá aðstöðu, sem við höfum í dag, að við komumst ekki yfir hann með þokkalegu móti. En hann getur orðið okkur þungt áfall, ef við bregðumst ekki við vandanum með réttum hætti.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Höfuðefni þess frv., sem hér er nú til umr., eru nýjar álögur, sem nema 750—800 millj. kr. Það má eiginlega segja, að nú séu kosningavíxlar viðreisnarinnar fallnir. Þetta var fyrirsjáanlegt í vor, og þetta sögðum við stjórnarandstæðingar þá að mundi koma, en þá var annað hljóðið í stjórnarherbúðunum en nú er.

Hæstv. fjmrh. var að enda við að segja, að það væri ekki umdeild þessi tala, sem hér er talað um, 750 millj. kr. Ég verð nú að segja það, að ég hef hvergi séð sundurliðun á því, hvernig þessi áætlun er byggð upp. Út af fyrir sig hef ég þó ekki aðstöðu til að deila um sjálfa töluna. Stærsti hluti þessara aðgerða er afnám á niðurgreiðslum á nauðsynjavörum almennings og er talinn nema 410 millj. kr. á ársgrundvelli. Hér er um að ræða allar brýnustu nauðþurftirnar: mjólk, kjöt, kartöflur, og þetta á að gerast án allra bóta, fólk á að taka á sig þær byrðar, sem þessu nemur. Eins og er margbúið að taka fram hér, kemur þetta harðast niður á láglaunafólki og barnafjölskyldunum, vegna þess að þetta fólk notar langstærsta hluta tekna sinna til að kaupa þessar brýnustu nauðsynjar. Ég vil segja það strax, að ég tel, að með þessu sé rofinn grundvöllur allra kjarasamninga. Skv. gildandi lögum og samningum ætti fólk að fá 8% kauphækkun til að mæta þeim verðhækkunum, sem þessar ráðstafanir fela í sér. Hér er um að ræða eins vel frágengna hluti í þeim efnum og hægt er að hafa. Af þessu leiðir, að ég hlýt að líta svo á, að þessar ráðstafanir séu í rauninni stríðsyfirlýsing gagnvart verkalýðshreyfingunni, sem hún hljóti að svara á sínum tíma. Afleiðingin hlýtur að verða nýr ófriður á vinnumarkaðinum, nýtt ófriðartímabil. Ég held, að það sé eins gott fyrir ráðamenn þjóðarinnar að hafa þetta í huga, eins og sú aðvörun, sem hæstv. forsrh. gaf hér í gær, að ef samningsaðilar á vinnumarkaðinum ætluðu að nota sér samningsfrelsið, yrðu þeir að hafa í huga afleiðingar þess. Á sama hátt mundi ég vilja segja, að hæstv. ráðh. ættu einnig að hafa þetta í huga nú. Það má segja, að þessar ráðstafanir séu því sárari einmitt fyrir láglaunafólkið og raunar alla launþega vegna þess, að þær koma til viðbótar og í kjölfar minnkandi tekna, sem orðið hafa hjá vinnandi fólki á þessu ári vegna samdráttar í atvinnulífinu. Það er kannske ekki mjög gott að mæla þetta nákvæmlega, a. m. k. ekki enn sem komið er, og þetta er mismunandi nokkuð eftir starfsgreinum og landshlutum. En við vitum það mætavel, að meira að segja hér í Reykjavík, á suðvesturhorninu, þar sem atvinna hefur verið langjöfnust og mest á undanförnum árum, lifðum við það þó á s. l. vetri, að menn voru atvinnulausir. Og atvinnuástandið fram eftir þessu ári var þannig, að mjög erfiðlega gekk t. d. skólafólki að fá sér vinnu fram eftir sumrinu. Það bar einnig á þessu nú síðsumars, en má segja, að örlítið hafi breytzt aftur í augnablikinu, þannig að aukin eftirspurn hefur verið eftir vinnuaflinu.

Hæstv. forsrh. sagði í gær, að hér væri ekki aðeins um að ræða álögur á launþega, atvinnurekendur hefðu þegar orðið fyrir búsifjum áður, og sagði síðan það, sem reyndar fleiri hafa hér endurtekið, að launþegar verði nú að taka á sig byrðar og þeir hafi á undanförnum árum fengið aukna hlutdeild í þjóðartekjunum og meiri en áður. Það voru lesnar hér upp tölur áðan, sem ég ætla síðar aðeins að koma að, en af þessu tilefni hjá hæstv. forsrh. vil ég aðeins segja: Hvernig halda menn, að þessar mjög auknu þjóðartekjur séu til komnar? Það er aðallega tvennt, sem áreiðanlega þar ræður mestu. Það er sú mikla framleiðsluaukning, sem hér hefur orðið á síðari árum, annars vegar og mjög góð og hagstæð viðskiptakjör. En halda menn, að svo mikil framleiðsluaukning sem hér hefur orðið verði einvörðungu til á þann hátt, að síldarútvegurinn nær tökum á mjög góðri tækni? Svona einfalt er málið ekki. Þetta er fyrst og fremst vegna þess, að vinnandi fólk í landinu hefur lagt á sig óhemjumikil aukastörf, fyrir þetta hefur fólkið auðvitað fengið sín laun og hærri laun, vegna þess að þetta er unnið á dýrari tíma sólarhringsins en venjuleg störf eru annars unnin. Auðvitað hefur þetta aukið tekjur launafólksins, en það hefur líka staðið undir þeirri gífurlega miklu aukningu á þjóðartekjunum, sem orðið hefur. Þegar nú sjáanlegt er, að þjóðartekjur verða minni vegna verðfalls, vegna minni afla, hefur það auðvitað það í för með sér, og það höfum við þegar orðið varir við, að atvinna verður minni, dregst saman, tekjur verkafólksins verða lægri. Það er þess vegna engan veginn rétt að segja, að atvinnurekendur hafi þegar orðið fyrir búsifjum, einvörðungu þeir. Þetta á ekkert síður við um launafólkið, alls ekkert síður. Svo vitum við einnig, að hér

er um byrjun að ræða. Það er í raun og veru verið að taka á máske aðeins litlum hluta þess stóra vandamáls, sem vissulega blasir við, og ekki ætla ég að draga úr því út af fyrir sig, enda sagði hæstv. forsrh. í ræðu sinni í gær, að hann vildi hafa allan fyrirvara um, að frekari ráðstafanir og róttækari þurfi að gera, — sagði að visu, að enn væru ekki rök fyrir hendi fyrir þeim ráðstöfunum, en bæði hann og aðrir auðvitað sjá, að að þessu kemur, ef áfram stefnir eins og nú horfir. Og síðan er boðað í sömu ræðu, að hæstv. ráðh. séu til viðræðna um samninga eða úrræði við stjórnarandstöðuna, innan þings og utan, eins og það var orðað, og ekki sízt við launþegasamtökin.

Okkur er nú boðið upp á samninga. En athugum ofurlitið, hvað gerzt hefur áður. Þá vil ég fyrst aðeins koma að því, að þegar um er að ræða samninga, gilda ákveðnar grundvallarreglur, sem sumpart eru skrifaðar í viðkomandi samninga eða eru óskrifuð lög, sem samningsaðilar fara eftir. Í þeim samningum, sem verkalýðshreyfingin gerir, eru ævinlega uppsagnarákvæði, fyrirvarar, og í sjálfri meðferð málanna eru lágmarks kurteisisvenjur, megi kannske orða það svo, sem báðir aðilar telja sig skuldbundna af og fara eftir, dytti ekki annað í hug, jafnvel þó að hart sé á tekizt. Nú vita það allir, að ríkisstj. þessa lands hefur verið mjög veigamikill aðili að samningum stéttarfélaganna undanfarin ár, afgerandi aðili, og nú mætti spyrja: Á þessi aðili að vera algerlega undanþeginn þeim leikreglum, sem sjálfsagt er og allir telja að sjálfsagt sé að eigi að vera gildandi í þessum viðskiptum aðilanna á vinnumarkaðinum? Ég tel, að svo ætti ekki að vera. Ég álit, að hún ætti að vera háð þessum reglum og í raun og veru sé allt annað aldeilis fráleitt.

Júnísamkomulagið hefur allmikið komið hér á dagskrá. Með samkomulaginu í júní 1964 var verðtrygging að nýju tekin upp á kaup. Þetta var þríhyrndur samningur, samningur milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. og atvinnurekendanna. Þetta var bundið í sjálfu samkomulaginu. Það er rétt, sem hér var sagt áðan af hæstv. forsrh., að þetta samkomulag var gert til eins árs. Ég man ósköp vel hans yfirlýsingar, bæði meðan á sjálfum samningunum stóð og eins, sem hann endurtók hér, þegar sjálft frv. kom til meðferðar Alþingis nokkrum mánuðum síðar. Þar var rétt með farið og ég ætla ekki að fara neitt að segja, að hann segi nú annað í þessu efni en hann sagði þá. En athugum eðli júnísamkomulagsins ósköp lítið nánar. Júnísamkomulagið og verðtryggingin á kaupið er alger forsenda og grundvöllur allra samninga, sem síðan hafa verið gerðir. Ef við getum ekki treyst því, að þegar við gerum samning, — við skulum taka samninginn 1965, sem við þá gerðum, við gerum aftur samning 1966, ríkisstj. veit nákvæmlega innihald þess samnings, áður en hann er undirritaður, ef hún hefði talið, að með því væri júnísamkomulagið frá 1964 brotið og úr gildi fallið vegna okkar verknaðar, hefði náttúrlega verið skylda hennar að segja okkur það þá. Engar slíkar athugasemdir komu fram, og aðilar, atvinnurekendur og verkalýðshreyfingin, gera með sér samninga á grundvelli júnísamkomulagsins. Þetta endurtekur sig nákvæmlega ári síðar, 1966. Hefði júnísamkomulagið og verðtryggingin ekki verið í gildi, hefði ekki komið til mála, að verkalýðshreyfingin hefði samið um það kaup, sem hún samdi um 1965 og 1966, það hefði orðið allt annað. Menn geta talað hér um formsatriði. Það er rétt, júnísamkomulagið er gert til eins árs, en að minum dómi er það í gildi á þennan hátt enn í dag, enda lögin í fullu gildi. Nú er með þessum lögum grundvöllurinn, sem byggt hefur verið á í samningum síðan 1964, tættur í sundur. Ef ríkisstj. hefði talið, að þessi grundvöllur stæðist ekki lengur, hefði samkv. öllum leikreglum í þessum efnum átt að koma til verkalýðshreyfingarinnar og segja henni það með nægum fyrirvara, í stað þess að kalla okkur á fund sama dag og búið er að framkvæma meginefni þessa frv. — ekki til þess að ræða við okkur hugsanlegar breytingar, heldur til þess að tilkynna okkur orðinn hlut. Þegar svona er að farið, vil ég ekki vera að tala um drengskap og drenglyndi í framkomu við verkalýðshreyfinguna. Það er allt annað og allt önnur lýsingarorð, sem þar ættu við. Síðan getur hæstv. forsrh. talað um ræður manna hér sem útsmogna og neyðarlega illkvittni, þegar þessi mál eru rædd. En ég vil segja það, að þegar þannig hefur verið komið fram við verkalýðshreyfinguna eins og nú er gert, er í raun og veru eftirleikurinn ekki vandasamur, og ef einn samningsaðili, því að það er ríkisstj. tvímælalaust í þessum efnum, sem ég nú hef rætt, telur sig geta upp á eindæmi gert hvað sem er til þess að umturna grundvelli gerðra samninga, getur það náttúrlega ekki verið réttur hans eins, það er útilokað, þá hljóta aðrir aðilar að hafa svipaðan eða sama rétt og telja sig geta beitt honum. Nú er, eins og ég sagði áðan, þegar svona er komið, okkur boðið upp á viðræður og einhvers konar samninga um þessi mál. Það er búið að gera ráðstafanirnar, málið komið á dagskrá hér á þingi, sjálfsagt búið að handjárna allt stjórnarliðið til þess að fylgja því eftir með þeim hraða, sem venjulega er hafður á svona málum hér í þinginu. Það er samningsaðstaðan, sem okkur er boðið upp á. En enda þótt svona sé, mun verkalýðshreyfingin, sem komið hefur fram að minum dómi sem ábyrgur aðili hér í þjóðfélaginu, samt sem áður áreiðanlega taka til yfirvegunar þetta tilboð, strax og við höfum til þess aðstöðu.

Hér hefur komið einnig á dagskrá nýi vísitölugrundvöllurinn. Það mál er ekki heldur laust við júnísamkomulagið. Það var eitt af ákvæðum júnísamkomulagsins, sem aðilar voru sammála um, að það skyldi í fyrsta lagi safnað gögnum að nýjum vísitölugrundvelli og hann reiknaður út. Það var hins vegar ákveðið líka í þessu samkomulagi, að þessi nýi grundvöllur skyldi ekki vera látinn taka gildi, nema samkomulag væri um það milli samningsaðila. Það stóð hins vegar líka í þessu júnísamkomulagi, það verð ég að játa: „á samningstímabilinu", sem var eitt ár, — hann var reyndar naumast tilbúinn og alls ekki tilbúinn á samningstímabilinu, svo að það var ekki um það að ræða að gera hann gildandi. En síðan hefur oftar en einu sinni verið rætt um

þennan grundvöll, menn hafa mikið brotið heilann um hann en það hefur aldrei komið til mála og aldrei hef ég heyrt það af hálfu hæstv. ráðh. og allra sízt hæstv. fjmrh., sem við höfum kannske átt mest viðskiptin við í þessu efni, annað en það þætti sjálfsagt, að um það væri samkomulag, hvort og hvenær þessi grundvöllur ætti að taka gildi. Nú er þetta hins vegar sett fram sem orðin staðreynd, án samráðs við samningsaðila.

Nú ætla ég ekki að fara að deila um þennan grundvöll út af fyrir sig. Það vita auðvitað allir, að neyzlan er allt önnur í dag en hún var á árunum 1953 og 1954, þegar gamli grundvöllurinn var lagður. Að vísu hefur hann á þeim tíma, sem síðan er liðinn, tekið allmiklum breytingum, svo að það er alls ekki rétt að segja, að það sé nákvæmlega sami grundvöllurinn og þá var lagður, neyzluvörur orðnar aðrar og aðrar neyzluvörur nú inni í þeim grundvelli en voru þá. En hvað um það, það er enginn efi á því, að neyzlan er gjörólík núna, og ég teldi, að það væri rétt allra hluta vegna, að við hefðum sem allra, allra réttasta verðlagsvísitölu í landinu. En eins og málum hefur verið háttað, hefur þetta um leið oft verið viðmiðun og beinn mælikvarði á kaupgreiðslubreytingar vegna breytinga á verðlaginu, og þegar maður hugsar um nýjan vísitölugrundvöll í ljósi þess, að hann ætti að mæla verðuppbætur á kaup í samræmi við breytt verðlag, er ekki að furða, þó að menn staldri við og hugsi sig um. Gamli vísitölugrundvöllurinn, útgjaldaupphæðin í þeim grundvelli í dag er tæp 130 þús. kr. Þessi nýi grundvöllur, sem nú er talað um og reyndar þetta frv. gerir ráð fyrir að taki gildi um áramót, er á allt annan veg. Útgjaldaupphæðin í þeim grundvelli er færð til verðlagsins í dag, 246 þús. kr., að frádregnum fjölskyldubótum. Ef maður hefur þetta í huga sem kaupgreiðslumæli, og það er ekki til þess, eins og hæstv. forsrh. sagði hér í gær, að vera að halda einhverju, sem villandi er, ekki vegna þess, það er vegna þeirra áhrifa, sem þetta kynni að hafa fyrir það fólk, sem ég a. m. k. tel mig vera fulltrúa fyrir, þá má spyrja: Er sú neyzla, sem nú er miðuð við kvartmilljón kr. útgjöld, í meira samræmi við kaupgetu þess fólks, sem hefur um 115—120 þús. kr., skulum við segja, fyrir dagvinnu sína, — er það í meira samræmi við getu þess til að kaupa vörur og þjónustu heldur en sú vísitala, sem er með útgjaldaupphæðinni 130 þús. eða mjög nálægt því að vera kannske það sama og tekjur þessa fólks eru? Þetta er vandamál, — og ég ætla ekki að fara að fullyrða það, að sá gamli grundvöllur sé betri, — en þetta er vandamál, sem ekki nær nokkurri átt að fleygja frá sér lítt hugsað, heldur verður að skoða það mjög nákvæmlega. Þetta er vandinn, sem við er að eiga í þessu efni.

Þá er náttúrlega ekki minna atriði, hvenær og hvernig þessi nýi grundvöllur yrði látinn taka gildi, ef menn yrðu sammála um það. Og það sjá náttúrlega allir, að undir þeim kringumstæðum, sem honum er nú ætlað að taka gildi, er það ekki hagkvæmt fyrir verkalýðshreyfinguna. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að ég tel þetta mjög harða árás á launafólkið og verkalýðshreyfinguna.

Varðandi fullyrðingar um það, að launþegar hafi fengið svo og svo mikla aukna hlutdeild í þjóðartekjunum, kauphækkanirnar hafi orðið slíkar, þá vil ég segja það, að sú skýrsla, sem hæstv. viðskmrh. var hér að lesa upp áðan, sannfærir mig a. m. k. ekki um það. Hér er um að ræða gamlan kunningja, sem kom mikið á dagskrá í fyrravetur í sambandi við skýrslur til hagráðs. Menn muna þá tíma. Það er aðeins tvennt, sem ég vil vekja athygli manna á í sambandi við þær tölur, sem hann nefndi hér áðan, án þess að ég ætli að ræða þær neitt nákvæmlega. Í fyrsta lagi: Þetta er miðað við áramótin 1960. Mér fyndist nú, að hæstv. viðskmrh. hefði átt að fara ofurlítið aftar, hefði átt að byrja, þegar stjórn hans flokks sat að völdum. En ef ég man rétt frá þessum umræðum í vetur, þá held ég, að ef í staðinn fyrir að miða þetta við 1. jan. 1960, þá væri það í upphafi miðað við tímabilið 1. marz 1959, þá sé það um 10 stig, sem munar. Hvers vegna? Vegna þess, að þá var hin mikla kjaraskerðing framkvæmd. Það er náttúrlega hægt að fá fínar tölur út úr þessum hlutum, ef menn fyrst lækka án þess að bæta það á neinn hátt og láta menn hafa það og setja svo töluna á 100, eins og þarna er gert, og láta menn hafa ofurlítið af þessu aftur, sem var tekið, og segja svo: Sjáið þið nú bara, hvað þið hafið fengið mikið! Það er ekki neitt smáræði, sem þið hafið fengið í auknum þjóðartekjum. — Raunverulega er það þetta, sem þessar tölur, sem hér var verið að lesa upp áðan, gera. Í öðru lagi er stytting vinnutímans á árinu 1965 reiknuð sem bein kauphækkun og kaupmáttur tímakaupsins hækkaður sem því nemur. Það er algjörlega villandi að gera þetta á þennan hátt. Atvinnurekendur reikna þetta sem bein útgjöld fyrir sig, og þeirra mat var, að þarna hefði verið um 9% kauphækkun að ræða. Á sama hátt gerir hæstv. viðskmrh. hér. En maður, sem vinnur dagvinnuna eina, og jafnvel þó að hann vinni töluverða yfirvinnu, fær nákvæmlega sama kaup og hann hefði haft áður, en hann er aðeins styttra að vinna fyrir því, hann vinnur aðeins færri klukkutíma. En kaupupphæð hans er nákvæmlega hin sama. Þetta er aðeins tvennt, sem ég vildi benda á núna, og ég hygg, að þegar búið sé að taka tillit til þess hvors tveggja, þá sé kúfurinn farinn af. Og ég efast um, að við hefðum á árinu 1965, a. m. k. ekki í byrjun ársins 1965, staðið jafnfætis því, sem við stóðum í marz 1959 eða í árslok 1959, — alls ekki jafnfætis því. Það skal ég hins vegar játa, að frá því að við gerðum samkomulagið 1964 og gjörbreytt var um stefnu gagnvart verkalýðshreyfingunni í samningamálum, þá hefur sú kauphækkun, sú lítilfjörlega kauphækkun, sem síðan hefur verið samið um, — grunnkaupshækkanirnar eru ekki miklar, — þá hafa þær nýtzt betur vegna verðtryggingarinnar, og síðan hefur kaupmáttur aukizt. Þetta er rétt, en það er fyrst og fremst á því tímabili, sem það hefur farið fram. Þessu á nú að rifta.

Ég ætla ekki að tefja tímann hér lengur, en aðeins að segja, að það er ákaflega margt, sem nauðsynlegt væri hér að minnast á, og ekki sízt

það, hvernig í raun og veru ríkisstj. ætlar að fara að því að tryggja það, sem ég er sammála hæstv. forsrh., að er algert grundvallaratriði, það er að tryggja sjálfa atvinnuna. Um það höfum við lítið fengið að heyra. En mér sýnist, að sú stefna, sem hér er farið inn á, verði ekki til þess og verki ekki til þess. Þetta ásamt því, sem hlyti að koma á eftir, sjálfsagt að sömu leiðum, mundi ég telja, að stuðlaði á margan hátt frekar að samdrætti, áframhaldandi samdrætti í atvinnulífinu, og þar af leiðandi enn minnkandi atvinnu.

Með þessu frv. er ráðizt á garðinn, þar sem hann er lægstur, svo stórmannlegt sem það nú er. Það er krafa okkar í verkalýðshreyfingunni, að áður en þetta verður gert, áður en það kemur til mála, að á slíkt verði hlustað, þá verði að koma við hjá þeim, sem mest hafa. Það er spurt, hvar gróðinn sé. Það er sjálfsagt dálítið erfitt að svara því nákvæmlega. En ef við athugum, á hvern hátt þeir lifa, sem ekki eru með hærri skatta en láglaunafólk, hvað þeir geta veitt sér, þá er ekki nokkur vafi á því, að mikill misbrestur er á, að allt komi fram, sem þeir afla sér. Það er krafa okkar, að það verði tekið á þessum málum, það verði séð um það, að framtöl verði á annan veg en þau hafa verið. Það á að vera hægt, þar sem það augljóslega blasir við. Við vitum ákaflega vel, að skattsvikin eru sennilega ofboðsleg í þessu landi, og færustu menn hafa oft og tíðum nefnt gífurlegar tölur í þessu sambandi, m. a. hæstv. viðskmrh. Á þessu verður að taka, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, og ríkisstj. stendur beinlínis frammi fyrir því, að launafólkið í landinu hlítir ekki svona lögum, meðan það er ekki gert, lögum eins og hér er nú verið að stofna til. Auðvitað þarf ríkissjóður að reyna að ná endunum saman í sínum fjárreiðum. En við skulum hafa í huga, að það eru fleiri sem þurfa að ná endum saman, og það eru ekki sízt alþýðuheimilin í þessu landi, sem eiga sífellt verr með það, og þess vegna er það að mínu viti hreinn ódrengskapur að ráðast einmitt á þá, sem allra sízt geta staðið undir þessum byrðum, eins og gert er með þessu frv.

Umr. frestað.

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er nú þegar orðið töluvert rætt, en það er reyndar engin furða um mál þess eðlis, sem það er, og ég dreg ekki í efa, að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa orðið til þess að skýra málið betur frá öllum sjónarmiðum.

Það eru í raun og veru í mínum huga mjög einföld atriði, sem mjög nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir í sambandi við málið og reyni ekki að draga fjöður yfir, og það eru meginorsakirnar, eins og hefur verið margskýrt af hálfu ráðh. hérna, til þeirra ráðstafana, sem nú hafa verið gerðar. Það eru fyrst og fremst þessar einföldu staðreyndir, að verðfallið á freðfiski í Bandaríkjunum er talið nema að því er sumir segja milli 10 og 20% eða við skulum segja um 15%, eins og nú er, og hófst á s. l. ári og hefur því miður ekkert dregið úr, og á öðrum mörkuðum um 10—12%. Á bræðslusíldarafurðunum nemur verðfallið miklu meiru eða allt frá 30% og á milli 50 og 60%, eftir því við hvað er miðað, en allavega 40—50% miðað við það, sem menn höfðu gert ráð fyrir á s. l. ári. Og menn sjá, hversu geigvænlega mikið þetta er, ef t. d. miðað er við verðlag í dag á helztu síldarafurðum og verð á bræðslusíldarafurðunum á árinu 1965, þá þýðir verðfallið það, að mjölið falli úr 9240 kr. á lest í ca. 5880 kr. eða um 36%, ef við þetta er miðað, og lýsi falli úr ca. 9100 kr. á lest fob. í ca. 3960 kr. á lest eða um ca. 56%. Þetta eru gífurlegar upphæðir, sem þjóðarbúið missir hér af og gerð hefur verið grein fyrir að skipta hundruðum millj. kr.

Það hagar þannig til á þessu ári, að engin síldarsöltun hófst hér á landi fyrr en komið var fram í októbermánuð. Það er ekki búið að salta eina einustu tunnu af saltsíld, þegar ríkisstj. er að undirbúa fjárlög og sínar efnahagsráðstafanir eða till. til efnahagsráðstafana. Nú hefur nokkuð úr rætzt, og menn binda vonir við það, að enn þá haldi áfram að rætast úr með saltsíldina, sem að sjálfsögðu hefur gífurlega mikið að segja, ekki aðeins hvað verðmæti snertir, heldur og að við getum staðið við samninga, sem við höfum gert að þessu leyti, þó að þeir séu með fyrirvara um, að það aflist. En auðvitað væri mikill hnekkir fyrir okkur sú niðurstaða, að Íslendingar hefðu ekki getað afhent neina saltsíld upp í þessa gerðu samninga, og gæti haft ófyrirsjáanleg áhrif í framtíðinni.

Mér finnst, að menn hafi ekki alveg gert sér grein fyrir því hér eða tæplega komið nægjanlega skýrt fram í umr., hversu skreiðarframleiðslan stendur höllum fæti hér á landi og hversu gífurlega erfiðleika þar er við að etja. Við fluttum út til Ítalíu, þar sem er bezti markaðurinn og verðið er bezt, 1965 3460 tonn, 1966 2050 tonn, og það er ráðgert í ár, að þangað seljist 1200 tonn. Og það er vegna þess, að veðráttan var svo erfið hér á s. l. vetri, að mikið af skreiðinni fraus, og við það verður hún óseljanleg á Ítalíumarkaðinum. En aðalmarkaðurinn að magni til, sem hefur verið í Afríku, hefur, eins og kunnugt er, að mestu leyti lokazt, og þannig er það. Í júlí og ágúst og september 1965 voru send til Nígeríu 1415 tonn af skreið, en í júlí og ágúst og september til Afríku í ár 231 tonn. Við liggjum nú með birgðir af skreið í landinu, Afríkuskreið, upp á 6600 tonn, þegar komið er fram í september, og heildarframleiðslumagnið af skreið á þessu ári er 7800 tonn. Og þetta er að verðmæti um 200 millj. kr., og við sjáum, hvaða þýðingu það eitt út af fyrir sig hefur, en einnig hitt, að Seðlabankinn og viðskiptabankarnir lána út á þessa skreið 70%, og eru bundnar 60 millj. kr. í þessum verðmætum hjá þeim mönnum, sem stunda skreiðarframleiðsluna, og algerlega borin von um, hvenær eða hvort þessi atvinnugrein yfirhöfuð fær greitt, því að enda þótt menn tengi vonir við það nú, að þeirri borgarastyrjöld, sem útilokaði þennan markað fram til þessa á þessu ári, kunni að ljúka, hvernig verður þá ástandið að henni lokinni,

hvernig verður möguleiki fyrirtækja þar og þjóðarinnar, sem hefur keypt þessa vöru, að kaupa hana og greiða hana og við hvaða verði? Og ekki má gleyma því, að frá því í maímánuði og hingað til hefur algerlega tapazt þetta neyzlutímabil, og hvaða aðstöðu höfum við til þess að vinna þetta upp? Hér er þess vegna um gífurlega mikla örðugleika í sambandi við þessa atvinnugrein að ræða og alveg ósýnt í dag um það, hvað fæst út úr þeim verðmætum, sem svo gífurlega miklir fjármunir hafa verið festir í.

Í heild er áætlað, að útflutningsverðmæti ársins 1967 verði e. t. v. um 25% minni en s. l. ár eða á annað þús. millj. kr. og e. t. v. allt að 1500 millj. kr. Það hljóta auðvitað allir að viðurkenna, að þetta er geigvænlegt áfall fyrir þjóðarbúskapinn og þetta krefst sérstakra ráðstafana. Mönnum er ljóst, að það er ekki hægt að komast hjá því, þegar svona horfir, að gera sérstakar ráðstafanir og horfast af einlægni og alvöru framan í erfiðleikana. Það er að vísu svo, að hér í þingsölunum virðast vera menn, sem finnst þetta engu máli skipta, þetta sé bara sáralítið, sem ekki sé umtalsvert, og þó er þar fremstur í flokki formaður Framsfl., hv. 1. þm. Austf., og honum hefur að vísu fylgt í þessari skoðun hv. þm. Kristján Thorlacius, sem lagði hér orð í belg í gær. Þetta eru smámunir, sem engu máli skipta, segja þessir menn. Stundum segja þeir, að það skipti einhverju, en gera sem allra minnst úr því, og allt er þetta því að kenna, segja sumir hv. þm., hvernig komið er, hve illa hefur verið stjórnað, hvað ríkisstj. hefur staðið illa í istaðinu, og það er þvaðrað um, að það hafi verið svikizt aftan að þjóðinni og þjóðinni hafi verið sagt ósatt og nú sé þjóðin að borga kosningavíxla. Þetta er síendurtekið, sem er allt meira og minna út í hött og gersamlega útilokað hjá þessum mönnum að færa orðum sínum stað.

Ríkisstj. núv. hefur hvorki fyrr né síðar sýnt neina tilraun til þess að blekkja þjóðina eða verið gerð nokkur tilraun til þess í málflutningi stjórnarsinna, eins og látið hefur verið liggja að, fyrir kosningar að segja hlutina eða láta líta út fyrir, að hlutirnir væru öðruvísi en þeir í raun og veru eru. Það er sagt, að það sé annað hljóð í okkur nú en fyrir kosningar og þá höfum við verið að miklast yfir viðreisninni og enda þótt eitthvað gæfi á bátinn, þyrfti ekkert að óttast. Sannleikurinn er sá, að það kom margoft fram, eins og komið hefur fram hér, sérstaklega í ræðu hæstv. forsrh., að við lýstum allt öðru yfir, og spurningin er um það, hvort framsóknarmenn hafi verið svo miklu framsýnni en allir aðrir hér á landi, að þeir hafi séð fyrir, að borgarastyrjöld mundi geisa í Nígeríu með þeim afleiðingum fyrir skreiðarframleiðslu og skreiðarsölu okkar, sem ég nú hef lýst, að síld mundi engin veiðast á venjulegum slóðum allt sumarið, en 700—800 km norður í hafsauga, að engin söltun mundi verða allt sumarið og ekki fyrr en í október, að verðfallið á síldarafurðum, lýsi og mjöli, mundi stöðugt halda áfram að aukast stórlega og að ekkert, nema síður væri, rættist úr freðfiskmarkaði okkar. Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur ætli, að framsóknarmenn hafi verið svo framsýnir að sjá fram á þetta öðrum fremur. En einmitt vegna þess, að menn gátu ekki séð fram á þessa hluti, hvernig þeir mundu verða, ekki séð þá fyrir, voru fyrirvarar um það hjá okkur fyrir kosningar og á s. l. vetri strax, að vitaskuld yrði að mæta nýjum viðfangsefnum með nýjum úrræðum, og einmitt varað við því, að ef verðfallið héldist til lengdar, yrði að gera sérstakar ráðstafanir til þess að mæta afleiðingum þess. Við sögðum, sjálfstæðismenn, fyrir kosningarnar: Vegna þess að viðreisnin hefur lánazt vel, efnahagur þjóðarinnar er traustur og við eigum verulegan gjaldeyrisvarasjóð, þá erum við nú betur undir það búnir að mæta þeim erfiðleikum, sem að steðja og nú er vitað um, og þeim örðugleikum, sem þá þegar höfðu að steðjað. Ríkisstj. hafði þá þegar gert ráðstafanir til stuðnings atvinnuvegunum, fyrst og fremst með verðstöðvuninni í nóv. 1966, sem átti að gilda frá ágústmánuði sama ár. Það er sagt, að það hafi ekki verið aflað fjár til þeirra niðurgreiðslna. Það er að því leyti rétt, að það voru ekki lagðir á nýir skattar til þess að mæta þessum niðurgreiðslum. En það var hægt að mæta þeim vegna þess, hversu hagur ríkissjóðs var þá góður og tekjuafgangur mikill á árinu 1966, eins og margsinnis hefur verið tekið fram. Ríkisstj. hafði einnig þá þegar gert ráðstafanir til þess að bæta upp fiskverðið um áramótin til útvegsmanna og sjómanna, sem áætlað var að mundi nema um 100 millj. kr., og einnig að leggja 100 millj. kr. í verðjöfnunarsjóð, sem gert var ráð fyrir í ráðstöfunum til stuðnings sjávarútveginum, eins og hv. þm. er kunnugt um. En þó að slíkar ráðstafanir hafi þurft að gera, sem oft hefði verið erfitt að komast yfir og hefur reynzt erfitt að komast yfir slíkar ráðstafanir án þess að leggja á nýja skatta, var það hægt eins og á stóð og vegna þess, hve fjárhagur landsins einmitt var traustur eftir viðreisnartímabilið, sem þá hafði staðið um 7 ára skeið. Engar grundvallarbreytingar þurfti að gera í sambandi við innflutningsfrelsi og frelsi í viðskiptum, en á öðrum tímum hefði sennilega ekki verið hægt að mæta svona áföllum, eins og þá þegar voru komin fram, nema með einhverjum alvarlegum ráðstöfunum í því sambandi, kannske að takmarka innflutning, takmarka gjaldeyri, setja á höft o. s. frv.

Við sögðum og gerðum grein fyrir því og lýstum því fyrir fólki, að vegna þessara ástæðna, vegna trausts fjárhags og góðrar efnahagsafkomu, væri hægt að mæta erfiðleikunum um skeið a. m. k. án eysteinskra harðræðisráðstafana, hallærisráðstafana, svo sem innflutningshafta og leyfafargans opinberra úthlutunarnefnda. Við leyfðum okkur hins vegar þá bjartsýni að vona, að úr þessu mundi rakna, en sögðum þá um leið, að nýjum viðhorfum yrði að mæta með nýjum úrræðum á hverjum tíma. Og ef erfiðleikarnir eða verðfallið og við skulum segja aflatregða, eins og þá var á vetrarvertíðinni, héldi áfram, gætum við engu að síður byggt á traustum grunni. Og það er hverju orði sannara. Við ættum nýjan fiskiskipaflota, sem við vorum búnir að endurnýja á undanförnum árum, og þyrftum ekki að verja fjármunum til þess að halda áfram endurnýjun á honum í bili, ef á bjátaði, við ætt-

um nýjar vélar og verkfæri í landinu í miklu ríkari mæli en nokkru sinni áður, við ættum fleiri byggingar og meiri nýrækt heldur en þjóðin hefur nokkru sinni áður búið við og fjárfestingin almennt hefði aldrei verið eins mikil í landinu og á undanförnum árum. Við það hefði hafið göngu sína stóriðja í landinu fyrir tilverknað viðreisnarstjórnarinnar gegn andmælum stjórnarandstöðunnar, en einmitt vegna stóriðjunnar, væntanlegrar stóriðju og hinna stærstu rafvirkjana eða raforkuframkvæmda, sem við höfum staðið í, í tengslum við hana mundum við á komandi árum vera betur undir það búnir að mæta skakkaföllum í rekstri annarra atvinnugreina okkar en ella mundi vera. Þetta hefur orðið deginum ljósara þegar á þessu ári, sérstaklega í sambandi við vinnumarkaðinn, hvað þessar stórframkvæmdir hafa haft mikla þýðingu að því leyti. Það kemur til með að hafa enn meiri þýðingu í sambandi við áframhaldandi byggingar þessara stórframkvæmda. Landið fær þegar nokkurn gjaldeyri og mun fá meiri gjaldeyri í sambandi við byggingar á álbræðslunni, þar sem vinnuaflið og allt annað, sem keypt er hér innanlands, efni og annað, er borgað í erlendum gjaldeyri, og stórframkvæmdir eins og við Búrfellsvirkjunina er hægt að ráðast í og halda áfram og ljúka án þess að nota til þess nokkuð af þeim gjaldeyri, sem atvinnuvegirnir afla, vegna þess að til þess eru notuð erlend lán, sem okkur tókst að fá á erlendum peningamarkaði eingöngu vegna þeirra samninga, sem við höfðum gert um álbræðsluna, og þess raforkusamnings, sem við í því sambandi gátum lagt á borðið með okkur, þegar óskað var eftir þessum erlendu lánum, en eins og kunnugt er, stendur raforkusalan til ÍSAL undir öllum afborgunum og vöxtum af hinum erlendu lánum til hinnar stóru Búrfellsvirkjunar.

Ég sagði áðan, að formaður Framsfl. eða hv. 1. þm. Austf. hefði sagt, að erfiðleikarnir séu raunar engir, bara lítilræði, aðeins röng stjórnarstefna, og til þess að færa þessum orðum sínum stað, hefur hann sí og æ vitnað í það, að í raun og veru sé verðið á útflutningsafurðum okkar eiginlega ekkert lægra nú en það var, — ég held, að hann hafi nefnt árið 1962, eða eins og stundum hefur verið orðað: um það bil í byrjun viðreisnarinnar. Við höfum margsinnis sýnt fram á, talsmenn ríkisstj., að á sama tíma hefur hið aukna verðlag orðið til þess, að almenningur hefur búið við meiri hagsæld en áður og almennt kaupgjald hefur hækkað í landinu stórkostlega á undanförnum árum, þannig að ef við miðum við tímakaup, hvort sem er verkamanna eða annarra hér á þessu landi, annarra launamanna, hefur það hækkað um og yfir 100% frá því 1962. Þetta háa kaupgjald verða atvinnuvegirnir nú að borga með því verðfalli, sem orðið er, og sjá allir, hversu miklir erfiðleikar hljóta að verða því samfara. En þegar útflutningsframleiðslan hefur fallið svona gífurlega í verði eða af öðrum ástæðum er óseld, eru menn nú beðnir um aðeins að falla frá kauphækkun, sem nemur annaðhvort 4.5% eða 7.5% eftir því, við hvaða vísitölu verður endanlega miðað. Það er enginn að tala um það, að menn skeri niður kaup sitt um helming núna til þess að skera það niður í það sama, sem það var 1962. Og það er furðulegt, að menn skuli láta sér detta í hug að tala um, að það sé í raun og veru ekkert verðfall, ef verð á einhverjum tíma nú getur samsvarað verði á útflutningsvörum fyrir svo og svo mörgum árum, og taka ekkert tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa hér innanlands á sama tíma, og einnig þess tilkostnaðar í einu og öllu með miklu dýrari og kostnaðarsamari tæki til þess að afla þeirra verðmæta, sem dregin eru í þjóðarbúið. Það verður að teljast eðlilegt, að krafa sé gerð til þess, að stjórnarandstæðingar geri grein fyrir úrræðum sínum, þegar mál eins og þessi eru rædd, og hvað þeir mundu vilja gera, því að væntanlega er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að úr rætist á erlendum mörkuðum fyrir það eitt, að framsóknarmenn og Alþb.-menn tækju hér við stjórnartaumunum. En allt það, sem við höfum heyrt í því sambandi, hver væru úrræði stjórnarandstöðunnar, er þokukennt og þó hvergi nokkurs staðar nálægt því eins þokukennt og í margendurteknum yfirlýsingum og ræðum hv. 1. þm. Austf. Mér er ómögulegt að verjast því, að í raun og veru er ekki hægt að kalla það annað en það, sem á vondri íslenzku er kallað snakk, það sem við höfum heyrt frá þessum gamalreynda þm. um það, til hvaða úrræða hann vildi grípa eða hans flokkur.

Þegar hæstv. forsrh. gerði grein fyrir hinum nýja málefnasamningi stjórnarflokkanna, hélt hv. 1. þm. Austf. tölu á eftir eða ræðu, og hún birtist í Tímanum daginn eftir og með 5 dálka fyrirsögn um það, að það yrði að endurreisa atvinnuvegina frá grunni. Það er mikið átak að endurreisa atvinnuvegina frá grunni. En ef maður fer í gegnum þessa ræðu, er aldeilis ómögulegt að átta sig á nokkrum sköpuðum hlut, sem máli skiptir í sambandi við það, hvernig þessi hv. þm. ætlar sér að beita nýjum úrræðum eða sá flokkur, sem hann veitir forustu. Ég tek hér nokkrar setningar upp úr þessari ræðu, og það er öll ræðan í raun og veru, allt efni ræðunnar, og það, sem ég segi núna, er allt saman tilfært eins og þar stendur. Hv. þm. segir:

„Við teljum, að ríkisstj. fylgi í grundvallaratriðum rangri stefnu, álítum þessa ríkisstj. þar að auki allt of veika, teljum hana alls ekki njóta trausts, viðhorfið til ríkisstj. alveg tvímælalaust hafa breytzt verulega frá því um kosningar og endurskoða þurfi þjóðarbúskapinn frá rótum.“ Það er gott að endurskoða þjóðarbúskapinn frá rótum, en hvernig? Að því er ekki vikið með einu einasta orði. „Meginkjarni nýrrar stefnu verður að vera endurreisn íslenzkra atvinnuvega.“ Með hvaða hætti? Það er ekki verið að víkja að því. „Endurskoða verður hverja starfsgrein, leggja áherzlu á nýjungar og stuðning við íslenzkt framtak.“ Það er kannske fallegt, en þessi hv. þm. hefur nú ekki haft orð á sér fyrir að vera mjög nýjungagjarn. „Að heildarendurskoðun allra meginþátta þjóðarbúsins sé lífsnauðsyn“ o. s. frv.

Þetta er ræðan, þetta er stefnuyfirlýsing formanns Framsfl. hér í þingsölunum um það, hvernig þeir ætli að ráða fram úr þeim erfið-

leikum, sem þjóðin stendur augliti til auglitis við. Það þýðir mikið að traktera þm. á slíku góðgæti. Og ég gæti náttúrlega alveg eins leyft mér að segja, að ég held bara, að það hljóti að vera svo, að þjóðin hafi miklu minna traust á þessum hv. þm. nú en fyrir kosningar, alveg með sama rétti og hann fullyrðir, að hún hafi minna traust á ríkisstj. nú en fyrir kosningar. Og ég held, að það sé miklu sennilegra, að þessum málum sé þannig komið. (Gripið fram í: Eigum við að prófa?) Ja, hv. þm. gæti gert till. um það, ef hann óskar. Ég fyrir mitt leyti er alveg óhræddur við það að ganga til kosninga núna miðað við þau úrslit, sem voru í síðustu kosningum. En það er bara gagnslaust fyrir formann þingflokks að vera með svona gaspur eins og þetta og telja sig hafa aðstöðu eða möguleika til þess að fullyrða eitthvað um það, að aðrir hafi minna fylgi heldur en þeir höfðu á þessu og þessu tímabili og þess vegna eigi menn að segja af sér, ríkisstj., eins og hann segir. Ég held, að þessi hv. þm. hafi alveg nóg að gera að gæta sins eigin fylgis.

Svo hefur þessi hv. þm. reynt að sýna nokkra tilburði til þess að færa þeim orðum sínum stað, að fylgt sé rangri stjórnarstefnu, og kom það einkum fram í ræðunni í gær. Hann nefndi ýmis atriði, sem snúa að iðnaðinum sérstaklega og mér þykir þá ekki ástæðulaust að víkja að. Hann tók nokkur dæmi sem sýnishorn þess, hvernig ástandið væri á þjóðarbúinu og hversu illa væri stjórnað og hversu miklu meiri tilþrifa væri þörf. Hann fór t. d. að tala um iðnfyrirtæki eins og Bílasmiðjuna og vitnaði í einhver blaðaskrif annarra manna, því að ég efast um, að hann viti nokkuð, hvar Bílasmiðjan er niður komin eða hvers konar atvinnustarfsemi hún rekur, um það, að það væri hroðalega farið með þetta iðnfyrirtæki og öll þau lán, sem þetta stóra iðnfyrirtæki hefði fengið í bönkum landsins, væru um 2½ millj. kr. Auðvitað er þetta allt saman fjarri sanni. Og ef hv. þm. hefði nokkuð viljað við hafa að kynna sér það, hefði hann auðvitað getað fundið það út, en ekki gleypa svona staðhæfingar, hvort sem þær eru í blöðum eða tímaritum. En sannleikurinn er sá, að Bílasmiðjan, sem heitir nú Sameinaða bílasmiðjan, er eitt af myndarlegustu og verklegustu iðnfyrirtækjum hér í bænum. Hún hefur nýlega reist eitt glæsilegasta iðnaðarstórhýsi hér fyrir innan Elliðaárnar, og ég gæti sýnt þessum hv. þm. það eða bent honum á, hvar það væri, svo að hann gæti farið og skoðað þetta eymdarfyrirtæki, sem hefur ekki fengið nema 2 millj. kr. að láni. En Sameinaða bílasmiðjan hefur í sínum atvinnurekstri sameinað nokkra aðila, sem unnu aðallega að yfirbyggingu bifreiða, og það vill nú svo til, að ég held, að það séu fá fyrirtæki, sem ég hef einmitt haft meiri og beinni afskipti af heldur en einmitt á þessu sumri, að þessi Sameinaða bílasmiðja fengi aðstöðu til þess að byggja yfir hina fjölmörgu strætisvagna og langferðabíla sem endurnýjast þurfa hér á landi vegna breytingarinnar yfir í hægri akstur. Þetta var boðið út, þessi verk, á erlendum markaði, og þá bárust fjöldamörg tilboð frá mörgum löndum, bæði um bílana í heild eða bílagrindur og yfirbyggingar, og Sameinaða bílasmiðjan tók þátt í þessari samkeppni og það kom í ljós á sínum tíma, að um verð og gæði var hún algerlega talin samkeppnisfær við erlenda aðila. Hún stóð nú ekki hallari fæti en það varðandi bifreiðayfirbyggingar. Hins vegar var gífurlega mikið fjármagn, sem til þess þurfti á skömmum tíma, og öll erlendu fyrirtækin buðu fram lánsfé til 5 eða 7 ára, og ef Sameinaða bílasmiðjan átti að geta tekið þetta að sér, þurfti hún að geta fengið aðgang að 60 millj. kr. láni nú á nokkurra mánaða tímabili, á þessu ári og næsta ári, 60 millj. kr., til þess að þessu leyti að geta boðið þeim aðilum, sem endurnýjuðu bílana, strætisvagna og langferðabíla, sömu lánskjör og bifreiðainnflytjendur gætu fengið á erlendum markaði.

Ríkisstj. skrifaði Sameinuðu bílasmiðjunni nokkru áður en tilboðin voru opnuð bréf, sem Sameinaða bílasmiðjan lagði fram við opnun tilboðanna, þar sem það var tekið fram, að það mundi ekki ráða úrslitum um tilboðin og bæri ekki að taka tillit til þeirra lánstilboða, sem boðin væru á erlendum markaði. En þetta þýddi, að ríkisstj. tók á sig þá skuldbindingu að afla Sameinuðu bílasmiðjunni þess mikla fjármagns, sem til þess þurfti, og hefur ríkisstj. átt gífurlega mikinn þátt í að gera það. Að miklu leyti hefur hún sjálf beitt sér fyrir því, að Seðlabankinn og viðskiptabankar hafa heitið aðstoð sinni í þessu sambandi. Að öðru leyti hefur verið heimilað að taka vissan hluta í erlendum lánum, veita vissa fresti á opinberum gjöldum, aðflutningsgjöldum í sambandi við það, hversu þetta ber brátt að og kemur fljótt til landsins, en mundi koma hægar í ríkissjóð með eðlilegum innflutningi. En þetta hefur ekki allt saman verið fyrirhafnarlaust, en það er einmitt eitt af þeim fyrirtækjum, sem ríkisstj. ásamt mörgum öðrum hefur lagt sig í líma við að styrkja í sinni uppbyggingu. Og svo kemur þessi hv. þm., af því að hann virðist lítið vita, hvað er að gerast hér í bænum í iðnaði sem öðru, og ætlar að nota það sem grýlu á ríkisstj., að það sýni, hversu aumlega sé stjórnað, t. d. hvernig búið hafi verið að fyrirtæki eins og Bílasmiðjunni, sem nú heitir Sameinaða bílasmiðjan og er sameinað fyrirtæki nokkurra fyrirtækja á þessu sviði.

Alveg sama varð uppi á teningnum. Næsta dæmi, sem hv. 1. þm. Austf. tók, var stálskipasmiðjurnar, og það var eitt lítið dæmi, eins og hann orðaði það, hve illa væri búið að atvinnugreinunum, hvernig farið hefði verið að við stálskipasmiðjurnar. En svona er þetta yfirleitt alls staðar, sagði þessi hv. þm. Stálskipasmíði var nú, held ég, engin í þessu landi, meðan þessi hv. þm. var og hét og hafði nokkur völd í landinu. En hins vegar er það svo, að það hefur einmitt fyrir tilstuðlan ríkisstj. verið veitt veruleg aðstoð beint og óbeint til þess að koma upp þessari iðngrein hér á Íslandi á nokkrum undanförnum árum. Það hafði verið byggt einstaka stálskip, en nú er hér að rísa atvinnugrein, sem lofar góðu og hefur þegar sýnt, að hún hefur hæfni og möguleika til þess að keppa við það, sem við höfum áður keypt af fiskiskipum á

erlendum markaði, og þó að annað væri talið en fiskiskip. En það var 1964, þá áttum við samráð um það, sjútvmrh. og ég sem iðnmrh., að tekin var upp áætlunargerð af Efnahagsstofnuninni og í samráði við stálskipasmiðjurnar og þá dráttarbrautirnar reyndar um leið, hvað ætla mætti, að þörf væri fyrir mikla uppbyggingu á þessu sviði á næstu árum, miðað við það, að við kepptum að því, Íslendingar, að verða sjálfum okkur nógir í byggingu fiskiskipa fyrst og fremst í fyrsta áfanga. Þessari áætlunargerð hefur svo verið fylgt og ríkisstj. á hverju ári síðan aflað fjár á framkvæmdaáætlun, sem gengið hefur til dráttarbrautanna og stálskipasmiðjanna til þess að byggja sig upp. Mér er ósköp vel kunnugt um það, að oft og tíðum hefur verið erfitt fyrir þessa aðila og fjármagnið hefur kannske ekki verið nægjanlega mikið, en hins vegar hefur á hverju ári verið aflað til þess eins og áætlanirnar sögðu til um, en þær hafa hins vegar farið úr skorðum. En engu að síður er það svo, að hér hafa risið upp myndarlegar skipasmíðastöðvar hjá Stálvík hf. í Arnarvogi og á Akranesi, á Ísafirði og á Akureyri. Og í þessum nýju skipasmíðastöðvum voru í smíðum, held ég, um s. l. áramót 6 skip, og þá var áætlað, að afkastageta þeirra mundi vera, ef það væri um að ræða 200—400 tonna báta, 6—7 báta eða slík fiskiskip á ári, sem mundi vera áreiðanlega um það bil helmingurinn af þeirri endurnýjunarþörf, sem við þurfum alltaf að huga að í þessu sambandi. En allar skipasmíðastöðvarnar hafa gríðarlega mikla stækkunarmöguleika, og það er stutt í land, ef vel árar og sama stjórnarstefna heldur áfram og verið hefur að undanförnu og sérstaklega í sambandi við uppbyggingu þessara atvinnugreina, að þær geti algerlega fullnægt okkar eigin þörf til að byggja upp og til þess að endurnýja okkar skipastól.

En það er svo með skipasmíðastöðvarnar, eins og aðra og allan almenning í þessu landi, að þær fara ekki varhluta af því, þegar útvegurinn verður fyrir öðru eins áfalli og nú er og þegar slíkt verðfall á sér stað á erlendum mörkuðum á afurðum sjávarútvegsins. Það verkar til þess, að það er engin eftirspurn í bili eftir byggingu nýrra skipa, og þá láta menn bíða þörfina á endurnýjun svo lengi sem þeir treystast til. Það er ekki nein eftirspurn eftir neinum nýjum skipum erlendis frá, og það var svo í sumar, að þá var ekki heldur seinni part sumarsins eftirspurn eftir smíðum skipa í hinum innlendu skipasmíðastöðvum. Stjórn Landssambands skipasmíðastöðva átti þá tal við mig sem iðnmrh. um þessi vandkvæði, og við ræddum þau í ríkisstj., og sjútvmrh. og ég tókum upp málið við fiskveiðasjóð, hvað hægt yrði að gera til þess að tryggja verkefni í bili þrátt fyrir erfiðleika í þessari nýju atvinnugrein, svo að hún yrði ekki fyrir þeim skakkaföllum að hafa ekki viðfangsefni í nokkra mánuði eða eitt ár, sem svo ung atvinnugrein mundi ekki þola. Að þessu hefur verið unnið síðan í júlímánuði í sumar, og það eru horfur á því, að það séu fyrir hendi verkefni fyrir skipasmíðastöðvarnar, en þó ekki, eins og sakir standa nú, nema til komi frekari aðstoð af hálfu opinberra aðila en hefur verið fram að þessu. En eins og kunnugt er, hefur fiskveiðasjóður lánað 75% út á innlenda skipasmíði, 67% hins vegar út á erlend skip, sem keypt hafa verið til landsins. En hins vegar, á sama tíma sem reynt er að efla íslenzku skipasmíðina og stuðla að því, að skipin séu smíðuð hér innanlands, verður auðvitað álagið á fiskveiðasjóð miklu meira en verið hefur. Hann er okkar öflugasti stofnlánasjóður hér á landi, en hann fer ekki heldur varhluta af því ástandi, sem er hjá útgerðinni, því að vanskilin eru gífurleg hjá fiskveiðasjóði núna og búizt við, þegar næsti afborganatími hjá fiskveiðasjóði er í nóvembermánuði, að þá verði mikil skakkaföll bæði á vaxtagreiðslum og afborgunum, og ríkisstj. hefur verið að hlutast til um það, að veittur yrði ársfrestur á afborgunargreiðslum vegna þeirra erfiðleika, sem nú steðja að þessari atvinnugrein. Það má þess vegna búast við því, að fiskveiðasjóður eigi mjög erfitt með og sé þess ekki megnugur að rísa undir hinni innlendu skipasmíði, sem reynt verður að efla af fremsta megni af hálfu ríkisstj., nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar í bili, og þá er í raun og veru ekki um annað að ræða en að hægt verði að afla þessum sjóði lánsfjár í bili, meðan svo stendur, og það hefur verið athugað og rætt innan ríkisstj. og verður unnið að því í samráði við stjórn fiskveiðasjóðsins.

Það er svolítið einkennilegt, að það skyldi endilega þurfa að vera Sameinaða bílasmiðjan og stálskipasmíðin í landinu, sem hv. 1. þm. Austf. tók sér fyrir hendur til þess að skamma ríkisstj. fyrir, að hún hefði reynzt ódrjúg til aðstoðar við, þar sem ég fullyrði, að það sé ekki sízt fyrir góða aðstoð frá ríkisvaldinu, sem þessi nýja atvinnugrein, skipasmíðarnar, hefur orðið til hér á landi á undanförnum árum, og yfirbyggingarnar á hinum mörgu strætisvögnum og langferðabifreiðum hefðu aldrei orðið hér innanlands nema fyrir tilverknað ríkisstj.

Ég vil hins vegar taka það fram nú, eins og ég hef oft endranær gert, að þeir menn, sem hafa forustuna í uppbyggingu stálskipasmíðanna hér á landi, hafa sýnt alveg óhemju dugnað og áræði og bjartsýni. Og þetta eru harðduglegir menn á öllum þessum skipasmíðastöðvum, sem hafa haft forgöngu um uppbyggingu þeirra, svo að þeir skera sig áreiðanlega úr, þó að margir atorkusamir og duglegir framkvæmdamenn hafi fyrr og síðar verið hér á landi og séu enn.

Ég veit ekki, hvort hv. 1. þm. Austf. var nokkuð heppnari, þegar hann tók þriðja dæmið, sem snerti iðnaðinn, til þess að sýna óstjórnina hér á landi, en hann tók sér fyrir hendur að lesa hér í Iðnaðarmálum, 1. og 2. hefti þessa árgangs, um stöðlun, sem svo er kölluð. En samkv. lögum er Iðnaðarmálastofnun Íslands ætlað forustuhlutverk hér á landi í stöðlunarmálum. Þessi stöðlunarmál eru þess eðlis, að það má segja, að þau tilheyri hagræðingarsviðinu, að með því að „standardisera", sem kallað er á erlendu máli, eða staðla, eins og það hefur verið íslenzkað, sé hægt að spara mikinn tilkostnað við ýmiss konar framkvæmdir. Svo fór hv. 1. þm. Austf. að lesa úr þessu tímariti og segir í því sambandi, með leyfi hæstv. for-

seta, að það sé nú ekki langt, sem hann ætli að lesa, en þetta, sem hér stendur, og þá kemur orðrétt: „segir mikla sögu um það, hvernig stjórnin er á okkar atvinnumálum og okkar þjóðarbúi". Ef við förum svo að lesa þetta, getum við náttúrlega lesið upp aftur það, sem hann las um stöðlunina. Það er efnislega, að það hafi gengið seint hjá Iðnaðarmálastofnuninni að beita áhrifum sínum til þess, að menn tækju sér fyrir hendur að staðla eða „standardisera" framkvæmdir. En sannleikurinn er sá, að Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur haft heimild til þess að ráða verkfræðing eða verkfræðinga til þess að vinna að þessum málum af hálfu ríkisstj., en hún hefur ekki getað aflað sér þeirrar sérfræðiþekkingar, sem hún hefur þurft í þessu sambandi. En það er, eins og hv. þm. las upp sjálfur, samkv. lögum Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem er ætlað forustuhlutverk hér á landi í stöðlunarmálum. Í þessari grein stendur t. d., sem er nokkuð upplýsandi af sérstökum ástæðum fyrir hv. þm., með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrstu íslenzku staðlarnir voru gefnir út í árslok 1963, og fjalla þeir um stærðir pappírs og umslaga. Á þessu ári verða svo gefnir út staðlar um leiðréttingu prófarka og frágang handrita."

Og svo er talað um útboð verka, og það er verið að ganga frá merkilegu frv. að stöðlum um útboð verka, sem stofnunin hefur beitt sér fyrir og á að geta komið til framkvæmda nú, áður en þessu ári lýkur. Það getur verið mjög æskilegt auðvitað að staðla stærðir pappírs og umslaga og koma á stöðlun í leiðréttingu prófarka og frágangi handrita. En ef það hefur dregizt, segir hv. 1. þm. Austf., að það segi mikla sögu um það, hvernig stjórnin er á okkar atvinnumálum og okkar þjóðarbúi. Þetta eru nú dæmin, prófarkir og umslög, sem ekki hafa verið stöðluð. Ef Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur ekki sýnt nógu mikinn dugnað í þessu sambandi, þá er því bara skellt á ríkisstj. og það er notað sem eitt af höfuðdæmunum um það, hversu rekstur þjóðarbúskaparins hafi farið illa úr höndum á undanförnum árum.

Hv. þm. og fleiri þm. stjórnarandstöðunnar hafa fyrr og síðar talað um stefnuna í lánsfjármálum, og það hefur enginn verið ólatari til þess en hv. 1. þm. Austf., að það hafi allt verið eyðilagt fyrir atvinnuvegunum hér á landi vegna hinnar miklu frystingar sparifjár. Áður hafi allt sparifé verið í umferð. Nú sé þetta bara lokað niðri í frystihólfum í Seðlabankanum. Ég held, að hann sé farinn að trúa þessu sjálfur, að það liggi bara einhver stórkostlegur seðlabunki hérna úti í Austurstræti í kjallara Seðlabankans og þurfi ekki annað en brjótast inn og hleypa þessum seðlum út, þá fari allt í ganginn aftur.

Sannleikurinn er sá í þessu sambandi, og vil ég þar nefna mjög einfalt dæmi, svo að menn átti sig betur á því en oft hefur áður verið, að útlánaaukning banka og sparisjóða síðan í árslok 1959, þegar viðreisnartímabilið hófst, og til síðustu áramóta nemur samtals þessi ár á viðreisnartímabilinu 5700 millj. kr., útlánaaukningin. En það er 360 millj. kr. meira en sparifjáraukningin á sama tíma. Hv. 1. þm. Austf. sagði: Áður var allt sparifé í umferð, og þá var allt í lagi, en af því að ríkisstj. hefur fryst sparifé, gengur þetta nú ekki betur en núna. — Hins vegar hafa bankarnir á þessum sömu árum lánað meira en nemur sparifjáraukningunni. Þetta hafa þeir getað gert, m. a. vegna þess, að á þessum tíma mun aukning veltiinnlána hafa numið nálægt 1000 millj. kr., sem eru allt annað en spariinnlánin og geta svifað til eða frá og viðskiptabankarnir hafa eðlilega ekki sama vald yfir og sparifénu. En það hafa þeir einnig getað gert með því, að þeir hafa sumir hverjir aukið skuldir sínar við Seðlabankann og nokkrir bankanna aukið skuldir sínar við útlönd. En þetta segi ég til þess, að menn geri sér grein fyrir því, að enda þótt það hafi verið reynt að hafa hemil, — og það höfum við ekki dregið neina dul á, — hemil á útlánaaukningunni, hefur útlánaaukningin verið svona gífurlega mikil, að hún er umfram sparifjáraukninguna í heild á þessu tímabili sem nemur nærri 400 millj. kr. Ég veit ekki, hversu heilbrigt hefði verið að sleppa lausari taumnum að þessu leyti heldur en er, því að menn verða að gera sér grein fyrir því, að það eru fjöldamargar framkvæmdir hér á landi, sem verða fyrst og fremst að grundvallast á sparifjáraukningunni í landinu. Það eru margar framkvæmdir, sem hægt er að byggja upp á heilbrigðan hátt með því að fá til þess erlent lánsfé og hefur verið gert, og sérstaklega þær framkvæmdir, sem annaðhvort skapa nýjan gjaldeyri eða spara gjaldeyri, en á ýmsum öðrum sviðum þykir frá efnahagslegu og fjárhagslegu sjónarmiði ekki óhætt að taka erlent lán til margs konar framkvæmda og þau verði fyrst og fremst að takmarkast eða þá að aukast eftir því, hvernig fer um sparifjáraukninguna í landinu.

Um lánsfjármál iðnaðarins hefur oft og tíðum verið talað hér og ekki sízt í þessum umr., og það er sagt, að iðnaðurinn hafi verið hnepptur í einhverja lánsfjárkreppu og þess vegna hafi hann dregizt svo mikið saman. Það hefur aldrei verið hægt að sýna fram á þennan samdrátt í iðnaðinum hér í þingsölunum, svo að nokkurt mark væri á takandi, og hagskýrslur sýna það 1966 í nóvembermánuði, að það hefur verið stöðugur vöxtur í heild í iðnaðinum eins og öðrum atvinnugreinum allt frá 1960, en mismunandi mikill og hægari síðari árin, eins og kunnugt er, — samdráttur á einstökum greinum, en nýjar iðngreinar hafa komið upp og mikill vöxtur á sumum sviðum iðnaðarins. Og menn þurfa ekki annað en keyra hér inn Hringbrautina eða Miklubrautina og sjá hina miklu Iðngarða. Það hefur aldrei nokkurn tíma fyrr eða síðar verið önnur eins gróska í uppbyggingu iðnaðarbygginga, eins og gefur að líta á þessum stað og annars staðar í bænum reyndar, einnig fyrir innan Elliðaár, því að uppbyggingin er það mikil, að hún hefur ekki lengur pláss í bænum hérna megin við Elliðaárbrýrnar, heldur er farið upp fyrir, og þar er Sameinaða bílasmiðjan, sem hv. 1. þm. Austf. ætti að huga að næst, þegar hann fer í skíðaferð, því að hann mun þá líklega aka fram hjá henni. Þetta er stór og mikil iðnaðarbygging ásamt mörgum öðrum iðnaðarbyggingum nýjum, sem þar hafa upp risið.

Iðnlánasjóður, sem er stofnlánasjóður iðnaðarins, hefur tekið stökkbreytingum í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Það er ekki þar fyrir, að iðnaðurinn þess vegna telji sig ekki þurfa meira lánsfé. En það er alveg eins og á öllum öðrum sviðum í atvinnurekstri okkar fátæka lands, þar sem lítið kapítal er og hefur verið, að enda þótt reynt sé úr að bæta og þó að úr rætist á vissum tímabilum, er eftirspurnin og hefur verið allóseðjandi á þessu sviði, og mér er alveg ljóst, að það verður að halda áfram að vinna að aukningu lánsfjár til iðnaðaruppbyggingar hér á landi, eins og unnið hefur verið á undanförnum árum, eftir því sem aðstaða okkar leyfir. Iðnlánasjóður, eða þessi stofnlánasjóður, hefur tekið þeim stökkbreytingum, að það eru sett um hann lög 1963, og það eru held ég fá lög, sem hafa tekið eins miklum og mörgum breytingum á fárra ára bili og einmitt iðnlánasjóðslögin, og allar breytingarnar miða við það að efla iðnlánasjóðinn. 1963 má segja, að séu ný grundvallarlög sett um iðnlánasjóðinn, þar sem hann er stórkostlega efldur. Svo eru breytingar aftur gerðar 1965 og 1966. Þá eru almennar lántökuheimildir hækkaðar úr 100 millj. í 150 millj., þá er stofnuð hagræðingarlánadeild í iðnlánasjóði með 150 millj. kr. lánsheimild, og þá er ákveðið, að árlegt framlag úr ríkissjóði skuli vera 10 millj. í staðinn fyrir 2 millj. kr. Enn er iðnlánasjóðslögunum breytt 1966. Þá eru almennar lánsheimildir hækkaðar upp í 300 millj. kr. Og það er alls ekki svo, að þessar lánsheimildir hafi ekki verið notaðar, því að ríkisstj. hefur á hverju einasta ári hlutazt til um, að í gegnum framkvæmdaáætlunina fengi iðnlánasjóður sérstakt aukið lánsfé til þess að endurlána í vaxandi iðnað hér á landi, og nemur það stórum upphæðum nú orðið. Þá er ákveðið einnig 1966, að ef hagræðingarlánadeildin bjóði út lán, skuli skuldabréfin vera skattfrjáls. Svo er enn breytt iðnlánasjóðslögunum 1967, og þá er stofnuð ný deild. Hagræðingarlánadeildin var stofnuð 1966, veiðarfæradeildin stofnuð 1967, hún er stofnuð með 11 millj. kr. stofnfé og tekjum af innflutningsgjaldi af veiðarfærum, og hún hefur lánsfjárheimild allt að 10 millj. kr. Nokkuð af þessari lánsfjárheimild hefur þegar verið notað til þess að girða fyrir það, að eina veiðarfæragerðin hér á landi þyrfti að leggja upp laupana, sem enn hefur staðið af sér það, sem allar aðrar veiðarfæragerðir fyrr og síðar hafa ekki getað staðið af sér hér á landi, því að þær hafa allar gefizt upp. En ríkisstj. hefur sett sér og hún vill vinna að því með festu að reyna að styrkja þennan veiðarfæraiðnað, sem er hér í landinu, og efla hann í framtíðinni, svo að við Íslendingar bæði séum menn til þess að búa til okkar eigin skip og búa til okkar eigin veiðarfæri.

Lánveitingar iðnlánasjóðs höfðu um s. l. áramót á undanförnum 4 árum aukizt um 710%. Iðnaðarbankinn hefur stóreflzt á undanförnum árum. Hann er sá banki, sem hefur safnað mestu sparifé á síðustu árum af öllum bönkunum hér á landi, og bendir ekki til vantrúar á iðnaðinum eða að iðnaðurinn sé algerlega peningalaus eða þeir, sem við iðnað hafa unnið á undanförnum árum, því að sennilega fær hann mest sitt fé frá iðnaðarfólki eða því fólki, sem tengt er við iðnaðinn. Iðnlánasjóður gat veitt í lán 1958—1962, á því 5 ára tímabili, 30 millj. kr., en á síðasta 5 ára tímabili og þegar þetta ár er talið með, ráðstöfunarfé hans á þessu ári, nemur sú sama upphæð 320 millj. kr. Ég hef hérna fyrir framan mig tölur, sem sýna, að ráðstöfunarfé iðnlánasjóðs var nokkrar millj. kr., að meðaltali 2.2 millj. kr., á árunum 1956—1959, fyrir viðreisn, 2.2 millj. kr., en ráðstöfunarfé iðnlánasjóðs mun nema um 130 millj. kr. á þessu ári, möguleikar hans til útlána. Og þar er talið bæði eigið fé og svo 34 millj. kr. lánsfé, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir að afla þessum sjóði til endurlána í íslenzkan iðnað.

Lausaskuldum iðnaðarins hefur verið breytt í föst og hagkvæmari lán á undanförnum árum, sem nema mun núna nærri 40 millj. kr. Endurkaup hafa hafizt á afurða- og framleiðsluvíxlum iðnaðarins, ekki í eins stórum stíl og margur mundi vilja, en m. a. af ýmsum ástæðum, þótt ekki væri nema formsástæðum, hefur það verið erfiðara en menn héldu, og það er skoðun mín, að það þurfi að skapa annað lánsform en endurkaupaformið, því að iðnaðurinn hafi, ef hann á að halda til jafns við aðrar atvinnugreinar, meiri þörf fyrir aukin rekstrarlán nú í bili heldur en flestar aðrar atvinnugreinar okkar.

Þó að þessu sé þannig komið, og ég skal ekki þreyta hv. þm. á lengri lestri um þetta, er sífellt verið að tala um hrun á þessu sviði. Það er tilviljun, ef sagt er frá nýjum iðngreinum í blöðum stjórnarandstæðinga, nýjum iðnfyrirtækjum, sem risið hafa upp, en það vantar ekki myndasmiðina, ef eitthvað bjátar á hjá einhverju fyrirtækjanna. En þetta sýnir bara innri mennina.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um iðnaðinn, en á fleiri sviðum á að umskapa þjóðfélagið, og þótti mér einna fróðlegast, þegar ég las í stefnuyfirlýsingu — skulum við segja — formanns Framsfl. á þinginu hér, eftir að nýjum málefnasamningi ríkisstj. var lýst, að Framsfl. ætlaði að beita sér fyrir heildarendurskoðun í heilbrigðismálum landsins. Sjálfur var hv. 1. þm. Austf. heilbrmrh., og mér er ekki kunnugt um nein afrek á því sviði í ráðherratíð hans, en hann gæti nú kannske upplýst okkur um það betur. Og þegar ég var að reyna að kynna mér og athuga, hvað hefði verið gert á sviði heilbrigðismála í tíð þeirrar ríkisstj., sem hann síðast sat í, vinstri stjórnarinnar, um 2½ árs skeið, er ekki hægt að finna þar nokkurn skapaðan hlut, a. m. k. ekki á sviði löggjafarinnar. Ég held bara, að það séu ekki ein einustu lög, sem gefin hafa verið út á sviði heilbrigðismála, sem ættu að stuðla að einhverri eflingu þeirra mála. Ég fann það ekki. En það er nokkuð öðruvísi um að litast á þessu sviði, þó að margt þurfi enn að vinna í þeim efnum, á tímabili viðreisnarstjórnarinnar. Það hafa verið sett ný sjúkrahúsalög, það hafa verið sett ný læknaskipunarlög, og það er unnið að endurskoðun, — það er ekki heildarendurskoðun, því að ég veit ekki, hvað menn meina með þessari heildarendurskoðun, en það geta kannske þeir sjálfir skýrt, sem þetta orð nota, — en það er þegar byrjað að vinna að endurskoðun á yfirstjórn

heilbrigðismála, eins og lýst var yfir í stjórnarsamningnum, og hef ég skipað 4 menn til þess að vinna að þeim málum í nánum tengslum við landlækni og ráðh. Þessi mál hafa verið töluvert undirbúin í dómsmrn., sem fer með heilbrigðismálin nú, og á næstunni verður unnið að þeim í samræmi við þá stjórnaryfirlýsingu, sem gefin hefur verið. Það er unnið kappsamlega að því að skipuleggja heilbrigðisstofnanir og gera framtíðaráætlanir í sambandi við Landsspítalann, stækkun landsspítalalóðarinnar og tengsl Landsspítalans við læknadeild háskólans. Á s. l. vori voru fengnir erlendir aðilar til aðstoðar, og þeir komu bæði hingað til lands og íslenzkir sérfræðingar á þessu sviði fóru til viðræðna og samráðs við þá erlendis. En þegar þessi áætlun liggur fyrir, sem unnin verður og þarf að vinnast í samráði við Reykjavíkurborg, má ætla, — og ég vona, að það verði fljótlega, að henni verði lokið, — að fyrir liggi framtíðarskipulag um það, hvernig Landsspítalinn og heilbrigðisstofnanir og kennslustofnanir í sambandi við hann eigi að byggjast upp í framtíðinni. Og þá mun þar gefa að líta áætlunargerð til 20—30 ára fram í tímann, þar sem margar af helztu heilbrigðisstofnunum landsins verða, bæði hluti af nýrri geðdeild og einnig kvensjúkdómadeild við stækkun fæðingastofnunarinnar og rannsóknastofnanir og margs konar stækkanir á þeim deildum, sem fyrir eru á Landsspítalanum, og skal ég ekki fara lengra út í þá sálma nú, en þannig er unnið að þessum málum.

Hér er nú starfandi á vegum Reykjavíkurborgar og ríkisins sænskur læknir í heilbrigðismálum almennt og verður hér um tveggja mánaða skeið, en þau mál hafa verið þannig vaxin hjá okkur, að ungir íslenzkir læknar hafa ekki lagt neitt fyrir sig að kynna sér eða stúdera, ef svo má segja, almenna heilbrigðisfræði, og prófessorinn í almennum heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands, það er svo ástatt, ef hans nyti ekki við, þá held ég, að það sé ekki neinn íslenzkur maður til að taka að sér þá kennslu, eins og nú standa sakir. Þetta einmitt felur líka í sér ýmiss konar heilbrigðiseftirlit, eins og sóttvarnir, ef koma upp smitandi sjúkdómar, og annað slíkt. Að þessu er unnið, og við eigum von á því á næstunni, að hingað komi 2 sænskir sérfræðingar, annar rekstrarfræðingur og hinn læknir, til þess að gera áætlun um yfirstjórn heilbrigðismálanna, um endurskoðun á rekstrarfyrirkomulagi Landsspítalans, og þá er hugsað, að það geti orðið fyrirmynd að bættu rekstrarfyrirkomulagi í öðrum sjúkrahúsum landsins, en það hefur verið unnið að því að undanförnu og er stefnt að því að bæta og koma á hagræðingu í rekstri sjúkrahúsanna. Það eru gífurlegir fjármunir, sem í þetta fara, og skiptir miklu máli að hagnýta sem bezt þessa miklu fjármuni, en við höfum því miður ekki haft af miklu að státa í því efni og fáa sérfræðinga á þessu sviði. Þess vegna höfum við talið okkur nauðsynlegt að leita aðstoðar erlendis frá. Og að öðru leyti höfum við haft í huga að reyna að mennta upp sérfræðinga á þessu sviði fyrir íslenzkar heilbrigðisstofnanir, sem mikil þörf er á. Það er langt komið samningu frv. um almennt heilbrigðiseftirlit í landinu, og geri ég ráð fyrir að geta lagt það bráðlega fyrir Alþingi, en það felur í sér mjög mikla endurskipulagningu á sviði þeirra mála í sambandi við heilbrigðisnefndir og starfsemi þeirra og almennt heilbrigðiseftirlit, samræmt heilbrigðiseftirlit um gjörvallt landið. Það er verið að ganga frá í rn. reglugerð um læknamiðstöðvar, hvernig þær skuli byggja upp og reka, en í nýju læknaskipunarlögunum er heimild til þess að setja upp læknamiðstöðvar í dreifbýlinu og annars staðar, og það virðist svo sem þetta falli vel í geð hinum yngri læknum og ætti ef til vill að geta stuðlað að því að bæta aðstöðuna til þess að fá lækna til þess að sinna hinni almennu heilbrigðisþjónustu, bæði úti á landi og einnig hér í Reykjavík. Og sannleikurinn er sá, að það er einnig í endurskoðun hin almenna læknaþjónusta utan sjúkrahúsa, sem nú þykir mjög ábótavant í Reykjavík, ekki síður en annars staðar á landinu. Það er auðvitað ýmislegt fleira, sem mætti til nefna, ég skal ekki gera það nú á þessum vettvangi, en þarna eru mörg járn í eldinum í sambandi við framþróun og eflingu á sviði heilbrigðismála. Til þeirra hefur verið varið miklu meiri fjármunum en nokkru sinni áður, og ég er þakklátur fjárveitingavaldinu og Alþingi fyrir það, hvað vel það hefur tekið í tillögur ríkisstj. að þessu leyti á undanförnum árum, en það er mörgum sinnum meira en hefur nokkru sinni verið á undanförnum árum, ef við tökum einhver önnur tímabil og vildum reyna að bera þau saman við það, sem nú er.

Allt það, sem ég hef sagt núna, er ekki í mínum huga til þess að draga nokkurn skapaðan hlut úr hinni miklu þörf á miklum átökum á sviði heilbrigðismálanna. Það er svo, að til þess að halda þessum málum í ákjósanlegu horfi og koma þeim í ákjósanlegra horf en er, þá þarf gífurlega mikla fjármuni og sennilega miklu meiri fjármuni en þm. almennt hafa gert sér grein fyrir, að til þessara hluta þurfi. En hinu get ég ekki kvartað undan, að þingið hefur ekki veigrað sér við að veita auknar fjárveitingar til heilbrigðismálanna á undanförnum árum og með þeim árangri, að okkur hefur auðvitað síðari árin skilað í þessum efnum meira áleiðis en áður og ella mundi verið hafa.

Þá hefur einnig verið talað um það af hv. stjórnarandstæðingum, að það þurfi að breyta fyrirkomulagi fjárfestingarinnar, og hv. 1. þm. Austf. vék að því í ræðu sinni og sagði, að það mætti ekki seinna vera að leggja til hliðar eitthvað af gjaldeyrisvarasjóðnum, til þess að hægt væri að kaupa fyrir hann vélar og tæki og annað slíkt til framleiðsluaukningar í landinu. Ritari Framsfl. sagði einhvern tíma í vetur, að það ætti að eyða honum öllum í einu til þessara kaupa. En nú á að leggja til hliðar eitthvað í þessu sambandi. Það er ekki nema góðra gjalda vert að leggja til hliðar af gjaldeyrisvarasjóðnum til þess að kaupa nytsamleg tæki til framleiðsluaukningar í landinu. En þegar menn segja þetta, þá verða menn að gera sér grein fyrir, hvað hefur verið að ske á þessum sviðum á undanförnum árum. Það hefur verið nýsköpun á þessu sviði, ekki í eitt skipti, eins og átti sér stað að lokinni síðustu heimsstyrjöld, þegar við Íslendingar höfðum safn-

að gjaldeyrisvarasjóði og ákváðum að verja þá 300 millj. kr. til nýsköpunar, heldur hefur verið hér nýsköpun á þessu sviði frá ári til árs og ár eftir ár á viðreisnartímabilinu.

Fjármunamyndun í vélum og tækjum á tímabilinu 1962—1965 er um 50% meiri en á fjögurra ára tímabilinu 1956—1959, miðað við sambærilegt verðlag bæði tímabilin. Fjármunamyndun í vélum og tækjum í landbúnaði er á þessu tímabili um 100% hærri á seinni tímabilinu, viðreisnartímabilinu, heldur en áður en viðreisnin tók við, í fiskiskipum 55% hærri, í iðnaðarvélum 38% hærri og í flokknum ýmsar vélar og tæki og þ. á m. vinnuvélar 62% hærri. Fjármunamyndunin eða nýsköpunin, sem við getum líka kallað svo, frá ári til árs í fiskiskipum, vélum og tækjum, í landbúnaði og iðnaði, flutningaskipum, flugvélum, bifreiðum, til atvinnurekstrar, rafvirkjunar og rafveitna, hefur aldrei verið meiri en á síðasta tímabili. Og ef við tökum árin 1964, 1965 og 1966 og miðum við verðlag ársins 1965 til þess að fá eðlilegan samanburð í verðlaginu, þá verður að færa niður verðlagið frá 1966 eða krónutöluna og upp frá 1964. Þá er fjármunamyndunin á þessum sviðum, sem ég nefndi, eða nýsköpunin árið 1964 1994 millj. kr., árið 1965 er hún 1660 millj. kr., og árið 1966 er hún 2001 millj. kr. En það er með sambærilegu verði meira en bæði árin til samans, árin 1957 og 1958, þegar vinstri stjórnin var hér við völd. Við höfum sem sagt á viðreisnartímabilinu einkennilegar tölur, því að við höfum þarna þrisvar sinnum 2000 millj. um það bil, þetta eru tæpar 2000 millj. öll þessi ár. Við eignuðumst gjaldeyrisvarasjóð, sem nam 2000 millj. kr. Við byggðum upp á fáum árum fiskiskipastól fyrir 2000 millj. kr. Og við keyptum vélar og tæki til framleiðsluaukningar í iðnaði, landbúnaði, sjávarútvegi og samgöngum fyrir um 2000 millj. kr. Það getur vel verið, að hv. 1. þm. Austf. finnist þurfa að endurskoða þetta allt frá rótum, en það verður tæplega endurskoðað til þess að auka það mikið frá því, sem verið hefur á undanförnum árum, því að það hefur sannarlega aldrei verið önnur eins gróska í uppbyggingu og fjármálamyndun á þessu sviði, og það er m. a. af þessum ástæðum og öðrum, sem við, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, stöndum miklu betur að vígi núna en nokkru sinni áður til þess að mæta aðsteðjandi erfiðleikum.

Ég er hæstv. fjmrh. alveg sammála, eins og hann sagði í gær, að okkar ráðstafanir verða hvorki betri né verri fyrir það, hvort öðrum hefur tekizt betur eða verr við að leysa vandkvæði þjóðfélagsins, þegar þeir áttu að ráða. Það er alveg rétt. En það er hins vegar afskaplega freistandi, ég neita því ekki, að minna kempurnar, sem nú standa hér með gorgeir og segja þjóðinni, að það þurfi að fela þeim forsjá ríkisbúskaparins, til þess að vel fari, að minna þá á, hvernig þeim tókst til, þegar þeir höfðu töglin og hagldirnar og höfðu völdin í þjóðfélaginu. Þar er nú ákaflega auðvelt að fara fljótt yfir sögu og gefa þó nokkuð skýra mynd. Það var nefnilega í ágústmánuði, eftir að vinstri stjórnin tók við völdum, að þá voru gefin út bráðabirgðalög um festingu verðlags og kaupgjalds, — þá var ekkert verið að hafa fyrir því að bíða eftir, að þing kæmi saman, til þess að leggja það fyrir, — og með þeim forsendum, að þetta verði að gera í skyndi, meðan athugun fer fram á varanlegri lausn efnahagsvandamálanna. Ég gæti vel trúað því, að ýmsir hafi sætt sig við þetta, hugsað sem svo: þetta er andskoti dugleg stjórn og röggsöm, sem setzt hefur á laggirnar. Hún ætlar að koma með varanlega lausn á efnahagsvandamálunum, og við skulum láta það gott heita, þó að hún festi bæði kaupgjaldið og verðlagið, ekki bara verðlagið, eins og við höfum verið að gera, heldur kaupgjaldið líka. — Að vísu hafði forseti Alþýðusambandsins, hv. 9. þm. Reykv. (HV), sagt fyrir kosningarnar eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „Alþýðusambandið aðvarar af fyllstu alvöru. Kjósið umfram allt ekki yfir ykkur gengislækkun og kaupbindingu.“ Það var nú ekki í næsta mánuði, sem hún skall á, nei, tveim mánuðum seinna. „Kjósið ekki yfir ykkur kauplækkun og lífskjaraskerðingu.“ Það var skammt í hana. „Það er bjargföst skoðun núverandi stjórnar Alþýðusambands Íslands, að nú ríði verkalýðshreyfingunni lífið á að eignast svo sterkan þingflokk á Alþingi, skuldbundinn af stefnuskrá Alþýðusambandsins, að gengislækkun, lögbindingu kaups og vísitöluskerðingu eða nýju skattaflóði verði ekki með neinu móti komið fram á Alþingi.“ Það varð til sterkur flokkur, Alþb., á þingi, og það sem meira var, það skapaðist meiri hluti á Alþingi, sem þessir aðilar, sem nú eru að gagnrýna okkur, áttu sæti í, þar sem þeir fóru með ríkisstjórn og áttu sæti í henni. En allt þetta kusu þeir yfir sig sjálfir þann stutta tíma, sem þeir voru við völd. Þeir framkvæmdu ekki gengislækkun hreinskilnislega gagnvart fólkinu. Nei, nei, það voru bara lagðir ýmsir pinklar ofan á gjaldeyrinn eftir því, til hvers átti að nota hann, þá átti að borga aukalega skatta, og það vissi í raun og veru enginn, hvað mörg voru gengi á íslenzkri krónu. En allt voru þetta álögur á fólkið og ekkert nema gengislækkun, og þess vegna var gengisbreytingin hjá viðreisnarstjórninni, þegar hún tók við, í raun og veru að mestu leyti bara rétt skráning á genginu, eins og það þá var orðið, eftir þá skrumskælingu, sem átt hafði sér stað á undanförnum árum.

Fyrir kosningarnar hafði sami hv. þm. sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Við teljum það glapræði, að nokkur meðlimur í verkalýðshreyfingunni kjósi frambjóðanda nokkurs þess flokks, sem ekki megi fulltreysta til andstöðu við þessi óþurftarmál verkalýðsins.“ En þau áttu nú öll eftir að líta dagsins ljós.

En menn eru að fárast hér yfir því, að við leggjum til, að vísitöluhækkun komi ekki til að hafa áhrif á verðlagsuppbætur á laun og þar með valda fólkinu kjaraskerðingu. Þetta hefur verið sagt hreinskilnislega, við höfum ekki verið með þennan loddaraleik eins og ég var að vitna hér til áðan. Við höfum sagt það hreinskilnislega, og það þykir mikið glapræði af okkur. En þegar þetta frv. kom fyrir Alþingi á sínum tíma, 1956, um festingu verðlags og kaupgjalds, þá sagði hv. 9. þm. Reykv. og núverandi forseti Alþýðusambandsins: „Ég sé nú, að allir keppast um að

viðurkenna, að verðlags- og kaupgjaldsstöðvunin hefur verið fyllilega tímabær, eins og ástandið var. Og nú sé ég, að því er lýst yfir mjög áberandi, að allir vilji mikið á sig leggja, til þess að takast megi að framkvæma algera verðlags- og kaupgjaldsstöðvun. Og ég fagna því.“

Ég held, að hann ætti nú að fara að lesa þessi gömlu vers sín, og okkur gæti þá kannske bætzt eitt atkvæði, þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, kemur til atkvæða.

Ég hef auðvitað enga löngun til þess að vera að ýfa upp gömul sár í þessu sambandi, en eins og ég sagði áðan, þá er varla hægt að lá manni, þó að hann freistist til þess að láta það koma fram og minna þá fólk á, svo að það geti séð það, hvernig þessir hv. stjórnarandstæðingar töluðu og hegðuðu sér í svipuðum málum og hér liggja fyrir, þegar þeir sjálfir báru ábyrgðina.

Eftir festingu verðlagsins og kaupgjaldsins í ágústmánuði með brbl. kom þingið saman, og þá kom hv. 1. þm. Austf. með sín fyrstu fjárlög í þeirri stjórn. Fjárlagaræðan gekk mest út á það að skamma fyrrv. fjmrh., hvað hann hefði verið búinn að koma öllu í mikið öngþveiti hér og fjármálastjórnin hefði farið illa úr hendi, en þessi fyrrv. fjmrh. var sami maðurinn, Eysteinn Jónsson. Látum það gott heita. En þá lagði hann fjárlagafrv. fyrir með stórkostlegum greiðsluhalla, sem við vildum ekki láta henda okkur og töldum, að það væri skylda ríkisstj. að ganga frá fjárlagafrv. þannig, að það væri ekki á því greiðsluhalli, en hann lagði sitt fyrsta frv. fyrir með stórkostlegum greiðsluhalla og sagði um það svo, með leyfi hæstv. forseta: „Varð því að semja frv. til fjárlaga, áður en ákvarðanir hafa verið teknar um heildarráðstafanir í efnahags- og framleiðslumálum.“ Nei, varð honum þetta á, blessuðum, að leggja fram frv., áður en heildarráðstafanir í efnahags- og framleiðslumálum væru gerðar? Enn fyrirgáfu menn vist þessari ríkisstj. að því leyti, að þetta væri nú allt að koma, því að varanlegu úrræðin væru á næstu grösum. En það beið nú, leið og beið. Það komu að vísu efnahagsráðstafanir í desembermánuði 1956, sem hespað var í gegnum þingið á nokkrum sólarhringum. Það var fjáröflun til útflutningssjóðs, og þá var breytt útflutningsbótakerfinu og lagðar á nýjar álögur vegna bæði útflutningssjóðs og ríkissjóðs. Það var talið, að þessar álögur mundu nema a. m. k. — og það er áreiðanlega varlega reiknað — 130 millj. kr. vegna útflutningssjóðs í viðbót við gamla bátagjaldeyriskerfið og rúmum 100 millj. kr. vegna ríkissjóðs, eða samtals um 230 millj. kr. Þetta voru fyrstu pinklarnir, sem voru lagðir á þjóðina, þessar 230 millj. kr. En hvað mundu þær vera í dag? Í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar núv. stjórnarandstæðingar stýrðu fjármálum, fyrst og fremst hv. 1. þm. Austf., samanborið við þjóðarframleiðsluna árið 1956, sem nam 5128 millj. kr., þá mundi þessi upphæð samsvara um 1100 millj. kr. Menn fjargviðrast að vísu nú og fárast yfir álögum, sem við teljum og ekki hefur verið vefengt að nemi um 750 millj. kr. En jólagjöfin sæla, ef hún á að berast saman við þetta, miðað við þjóðartekjurnar þá og nú, þá mundi hún hafa numið 1100 millj. kr. Þá var búið að gera tvennt með brbl., að festa kaupgjald og verðlag og þá voru felld niður sex vísitölustig, sem launþegarnir voru búnir að vinna sér rétt til. Og þessi niðurfelling var varanleg. Hún svaraði til rúmlega 3% kjaraskerðingar, hreinnar og beinnar karaskerðingar, og þá var ekkert farið í grafgötur með það.

Þetta var gert í ágúst, og í desember var þessum 1100 millj. kr. bætt ofan á landsfólkið, en eins og ég sagði, menn bjuggust við varanlegu úrræðunum og þá mundi aftur batna. En svo leið árið 1957, þinginu lauk og engin varanleg úrræði komu. Svo kom hv. 1. þm. Austf., þáv. fjmrh., með fjárlagafrv. fyrir 1958 á haustþingi 1957. Það er ekki margt merkilegt við það frv. nema yfirlýsing, sem fylgdi því í grg., en hún gleymist ekki fljótlega, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta, að ríkisstj. telur sér engan veginn fært að ákveða það, án þess að náist samstarf við þingflokka þá, sem hana styðja, hvernig leysa skuli þann vanda, sem við blasir í efnahagsmálum landsins, þ. á m. hvernig mæta skuli þeim mikla halla, sem fram kemur á fjárlagafrv. Enn er fjárlagafrv. lagt fram með stórum halla. Ríkisstj. hefur ekkert tækifæri haft til þess að ráðgast við flokka sína á Alþingi um fjárlagafrv. né viðhorfið í efnahagsmálunum, eins og það er nú eftir reynsluna á þessu ári, — ekkert tækifæri haft til þess að ráðgast við sína flokka, og þá var ríkisstj. búin að sitja í 15 mánuði. Ætli þessar kempur væru líklegri til að leysa þann vanda, sem nú er, heldur en þann, sem þeir sjálfir ætluðu að glíma við 1956, 1957 og 1958 og fórst svona höndulega við? En því má ekki gleyma, að tilraun til varanlegrar úrlausnar kom í maímánuði 1958 og var þá kölluð bjargráð. Með því að glugga í skýrslur stjórnarinnar sjálfrar og grg. fyrir þeim efnahagsráðstöfunum, sem þá voru gerðar, og miða við það, sem þeir sjálfir sögðu, þá var talið, að lagðar væru á þjóðina 430 millj. kr. byrðar. Um þetta voru að vísu mjög miklar deilur og sjálfstæðismenn héldu því fram á þingi, að álögurnar væru miklu meiri, jafnvel 800 millj. kr. En ég ætla ekki að fara að rifja þá deilu upp og lítil von til þess, að úr henni rakni núna, svo að ég tek bara lægstu töluna, þessar 430 millj. kr., og dreg svo frá henni vissar upphæðir, nauðsynlega tekjuaukningu vegna 5% launahækkunar hjá útflutningssjóði og ríkissjóði, þannig að byrðarnar verða þá, eins og þær lægst verða taldar, 344.3 millj. kr., en eins og ég sagði, töldum við sjálfstæðismenn á þingi þá, að þær væru miklu hærri, raunverulega miklu hærri. En það er þessi upphæð, sem ríkisstj. sjálf, þáv. ríkisstj. taldi að um væri að ræða. Þjóðarframleiðslan 1958 er talin hafa verið 6388 millj. kr. á verðlagi þess árs. Álögurnar 1958 voru því 5.4% af þjóðarframleiðslunni, og samsvarandi tala 1967 mundi vera 1280 millj. kr. M. ö. o.: fyrst jólagjöfin í desember 1956 1100 millj. kr. og 1300 millj. kr. álögur í maí 1958. Og þá erum við komnir upp í 2400 millj. kr. og reiknað þó lágt og miklu lægra en margur annar mundi vilja gera.

Þetta minni ég aðeins á til þess að bera saman, hvað þykir boðlegt af hv. stjórnarandstæðingum, sem gagnrýna okkur nú, þegar þeir sjálfir

eiga að bera ábyrgð á stjórnarráðstöfunum. En það fylgdi böggull skammrifi. Forsætisráðherrann þáverandi, Hermann Jónasson, gerði hreinskilnislega grein fyrir því, að þetta mundi ekki duga og það þyrfti annað og meira að koma til, ef allt ætti ekki að kollvarpast hjá ríkisst. En þetta annað og meira kom aldrei til, og þess vegna lýsti forsrh. hér yfir, á þessum stað, 5. des. 1958, að það væri ekki samstaða um nein úrræði í efnahagsmálum innan ríkisstj. og hún hefði beðizt lausnar, eða hann hefði beðizt lausnar fyrir sig og rn. sitt.

Þetta er náttúrlega ekki mjög skemmtileg saga, og það er leiðinlegt að vera að tefja tíma þingsins á að rifja þetta upp. En ég endurtek það, sem ég sagði: Enda þótt það geri hvorki betri né verri okkar tillögur nú, þá er nokkurs virði a. m. k., að almenningur geri sér grein fyrir því, hvaða ferill liggur að þessu leyti eftir þá menn, sem nú gagnrýna stjórnina svo hlífðarlaust sem þeir gera.

Og þá er eitt, sem hefur verið sagt, sem ég vil að lokum minnast á, að ríkisstj. eigi alla sökina, því að hennar stefna hafi verið verðbólgustefna og aldrei hafi óðaverðbólgan verið meiri í þjóðfélaginu en í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Við skulum fyrst athuga fyrra atriðið, hvort það hefur verið hennar stefna að auka verðbólguna í landinu.

Núverandi ríkisstj. og ríkisstj. frá 1959, viðreisnarstjórnin, *sem má telja sömu ríkisstjórnir*, þó að breytingar hafi orðið á mönnum, gerðu ítrekaðar tilraunir til þess, margítrekaðar tilraunir til þess að halda niðri verðlaginu, eins og kunnugt er. Og þegar verðbólguvöxturinn varð meiri en góðu hófi gegndi 1963, þá greip stjórnin til þess, sem hún taldi örþrifaráð. Þá hafði kjaradómur fallið og opinberir starfsmenn höfðu fengið verulega leiðréttingu á sínum launum til hækkunar, og töldu allir, að sanngjarnt væri, að laun þeirra hækkuðu. Allir töldu sanngjarnt, að þeir fengju þessar launahækkanir, áður en kjaradómurinn féll, til samræmis og lagfæringar við það, sem verið hafði hjá öðrum stéttum, því að opinberir starfsmenn hefðu dregizt langt aftur úr og sýnt mikið langlundargeð. En dómurinn var ekki fyrr fallinn en allir sögðu: Nú viljum við fá sams konar hækkun, — sömu menn sem áður höfðu viðurkennt, að það væri rétt, að embættismennirnir fengju lagfæringu, og þeir ættu hana skilið vegna þess, hvað þeir væru orðnir langt aftur úr. Þá reis þessi gífurlega kauphækkunaralda í landinu og verðhækkunaralda um leið, eins og venjulega hefur verið hjá okkur, og ég skal ekki fara út í þá sálma, við hvern er að sakast, en kaupgjaldið hækkaði á árunum 1963—1966 að meðaltali, almennt kaupgjald í landinu, yfir 30%, einhvers staðar milli 30% og 40%. Og þetta er svo ótrúleg almenn kauphækkun, að það má furðu gegna, að þjóðarbúskapurinn skyldi hafa staðið það af sér. Það þykir mikið og komið að hættumerkinu hjá nágrannaþjóðum okkar í Vestur-Evrópu a. m. k., þegar almennar kauphækkanir fara yfir 3% á ári, og það er einmitt leiðin til að koma verðbólgunni upp, að hinar almennu kauphækkanir séu sem mestar, því að þá fylgir verðlagið á eftir. Við hitt er ekkert að sakast, þó að miklar kauphækkanir séu á sérstökum sviðum, sem hafa ekki sambærileg áhrif á hið almenna verðlag og þar af leiðandi ekki verðbólguaukandi eins og slíkar almennar kauphækkanir sem hér var um að ræða. Þá greip, eins og ég sagði, ríkisstj. til neyðarúrræða og vildi binda kaupgjald og verðlag til áramóta, þegar þingið kom saman í októbermánuði, — til áramóta, á meðan væri verið að athuga frekari úrræði á þessu sviði. Það var ekki að tala um að binda kaupgjald og verðlag til áramóta, veita nokkurn frest á því, og um þetta hófust miklar deilur hér á Alþingi, og það var svo síðasta verk forsrh. Ólafs Thors hér á þingi að láta ekki til skarar skríða, en ganga inn á það, að ekki yrði afgreitt endanlega við síðustu umr. í seinni d., þetta frv., í trausti þess, að frjálsir samningar næðust við fulltrúa launþeganna eða launþegasamtökin í landinu. Það urðu sættir í málinu í desembermánuði, samkomulag á milli vinnuveitenda og launþegasamtakanna, en þær sættir voru langt fyrir ofan það, sem ríkisstj. taldi þá og hafði aðvarað bæði samtökin um, vinnuveitendasamtök og launþegasamtök, að fært væri, eins og á stóð, og þetta mundi leiða af sér gagnráðstafanir, eins og það gerði, því að fyrsta verk ríkisstj. 1964, eftir áramótin, sem hún var neydd til, var að leggja á söluskattinn, og það má með sanni segja, að fulltrúum bæði vinnuveitenda og launþega hafi verið þetta svo ljóst, að þeir hafi í raun og veru með sínum samningum í desembermánuði, fyrir áramótin, ákveðið hækkun söluskattsins. Það fólst efnislega í þeim samningum, sem þá voru gerðir.

1964 átti ríkisstj. gott samstarf við launþegasamtökin og atvinnurekendasamtökin um júnísamkomulagið svokallaða, sem hafði þann megintilgang að draga úr verðbólgunni, og svipaður samningur var gerður 1965, þó að hann væri ekki eins gagngerður og júnísamkomulagið að þessu leyti, sem gert hafði verið 1964. Ríkisstj. átti engan hlut að samningum, sem gerðir voru 1966, kaupgjaldssamningum og hækkunum á kaupi, en 1966 fær ríkisstj. lögfest verðstöðvunarfrv. til þess að draga úr verðbólgu í landinu.

Ég minni aðeins á þessi atriði til að sýna fram á það, að æ ofan í æ hefur ríkisstj. á þessu tímabili, frá 1959, miðað ráðstafanir sínar við það að draga úr verðbólgunni. Hitt höfum við aldrei dregið neina fjöður yfir og viðurkennum, að okkur hefur ekki tekizt að ná þeim árangri, sem við hefðum óskað. En öllum ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur borið fram og mörgum óvinsælum til þess að hefta verðbólguna, hafa andstæðingar okkar, stjórnarandstæðingar, alltaf verið á móti. Þeir hafa viljað hækka vexti og auka enn þá meira útlán og margt fleira þar fram eftir götunum, sem allt hefði eðli málsins samkvæmt leitt til bullandi verðbólgu fram yfir það, sem verið hefur á undanförnum árum.

En hver er svo þessi óðaverðbólga, sem aldrei hefur verið meiri en í tíð núv. ríkisstj.? Ef við lítum yfir farinn veg, þá sjáum við eftirfarandi til vitnis um það, að á tímabilinu frá 1. jan. 1964 og fram í maímánuð, eftir að áhrifin af hinum miklu kaupgjaldshækkunum á árinu 1963,

sem ég vék að áðan, komu fram, þá verður mesta verðbólguaukning, sem hér hefur átt sér stað í tíð viðreisnarstjórnarinnar, — mesta verðbólguaukning, og á ársgrundvelli mundi sú verðbólguaukning hafa numið 29.8%. Það var þess vegna alveg voðinn vís. Og þegar menn hafa þetta í huga, þá sjá menn betur, hversu þýðingarmikið júnísamkomulagið sama ár var, sem byggðist á því að veita að vísu verðlagsuppbót, en í þeirri veru að grunnkaupshækkanir ættu sér ekki stað. En í tíð þeirrar stjórnar, sem ég talaði um áðan, vinstri stjórnarinnar, þá getum við tekið það tímabil hennar, sem verðbólguaukningin er mest, þ. e. frá júní 1958 og til nóv. 1958, þá er hún 35.5% á ársgrundvelli, svo að við komumst ekki með tærnar þar, sem fyrirrennarar okkar höfðu hælana, að þessu leyti, þó að þeir tali um þá mestu óðaverðbólgu, sem nokkru sinni hafi verið, í tíð núv. ríkisstj. Frá því í maímánuði, — og það er rétt, að menn hafi það í huga, að það hefur gengið skaplegar að halda niðri verðbólgunni á því tímabili, — frá því í maímánuði 1964 og þangað til nú 1. okt., þ. e. meginhlutann af árinu 1964, 1965, 1966 og það sem af er þessu ári, þá er hækkunin á ári á ársgrundvelli á verðbólgunni 6.5% Ég held, að hún hafi ekki í annan tíma á jafnlöngu tímabili verið minni frá því 1950. Þetta hef ég líka leitt fram í dagsljósið, til þess að það komi fram, hvað raunverulegt er í þessu, en sé ekki hlustað sí og æ á stagl um einhverja ægilega óðaverðbólgu, sem aldrei hafi átt sinn líka hér á landi. Svo þegar farið er að kryfja þetta til mergjar, þá eru þetta bara staðlausir stafir, sem stangast á við allan raunveruleika í þessu máli.

Herra forseti. Ég tel eflaust, að þær umræður, sem fram hafa farið um þetta mál, hafi orðið til þess að upplýsa marga þætti þessa máls og ýmissa annarra mála. Og tillögur ríkisstj. í þessu frv. eru ekki æskilegar, það vita menn, þegar þarf að gera tillögur, sem valda öllum almenningi kjaraskerðingu, og þær koma vissulega illa við marga. En hjá því verður ekki komizt, eins og nú horfir, því miður, að okkar dómi. Ríkisstj. hefur, eins og hv. þm. er kunnugt, tjáð sig reiðubúna til viðræðna við stjórnarandstöðuna, bæði innan þings og utan, eins og það var orðað, ef það mætti leiða til lagfæringa í þessum málum og hagræða eitthvað þeim tillögum, sem hér er um að ræða. En meginefni málsins er, að við víkjum ekki frá því að afgreiða hallalaus fjárlög á þinginu með einu eða öðru móti. Ef menn vilja, að eitthvað af þeirri tekjuöflun falli niður, sem gert hefur verið ráð fyrir, þá mega menn ekki búast við, að hægt sé að fallast á það, öðruvísi en að samkomulag verði þá um aðrar leiðir til tekjuöflunar. Kannske finnst mönnum þetta annarlegt, að ríkisstj. leggi fram tillögu og segi svo: Hvað hafið þið til málanna að leggja? Eigum við að athuga, hvort við getum eitthvað komið þessu betur fyrir? En þetta er auðskiljanlegt, vegna þess að ríkisstj. hafði þá skoðun, að hún yrði sjálf að gera sínar tillögur og mæta óvinsældum og aðkasti, sem af því kynni að leiða, það væri hennar skylda, og í því hefur hún engu leynt og enga blekkt. Þegar þær tillögur liggja fyrir, þá er hún hins vegar reiðubúin til þess að hlýða á tillögur til úrbóta á því sviði, og ef það mætti lagfærast í samkomulagi við stjórnarandstöðuna, mundi okkur þykja mjög vænt um það, og þá mundu stjórnarandstæðingar hljóta af því verðugt lof.

Ég skal svo ljúka máli mínu með því að segja, að þessar ráðstafanir, eins og ég hef margtekið fram, eru vissulega ekki æskilegar fyrir almenning. En eins og ástandið er, komumst við ekki hjá því að horfast í augu við hið alvarlega ástand. Við eigum að leyfa okkur að vona, að úr rætist, að verðbreytingar verði til bóta á hinum erlendu mörkuðum, áður en langt um líður, og við ættum einnig að geta gert okkur vonir um betra árferði, bæði til lands og sjávar, og þá er aðstaða okkar Íslendinga þannig, að við þurfum engu að kvíða. Og mín skoðun er sú, að við hefðum kannske, þegar öllu er á botninn hvolft, aðeins haft gott af því að glíma við nokkra örðugleika til þess að festa okkur betur á svellinu í þeirri framtíðarsókn, sem við munum halda áfram til aukinna hagsbóta fyrir allan almenning í þessu landi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þeir endurtaka það hér, hæstv. ráðherrar, að þeir bjóði stjórnarandstöðunni, innan þings og utan, til viðræðna um þær till., sem ríkisstj. hefur nú lagt fram í efnahagsmálum, og þeir undirstrika það mjög, að ríkisstj. sé öll af vilja gerð til þess að vilja fallast á breytingar á þessum tillögum, ef stjórnarandstaðan eða fulltrúar frá almannasamtökum í landinu vildu benda henni á einhver hagfelldari úrræði en þau, sem hún hefur gert tillögur um. Svo þegar umræður eiga að hefjast á milli ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar um þessi mál, þá fáum við ræðu eins og þá, sem hér var verið að ljúka við að flytja af hæstv. dómsmrh., sem er furðulegt karp fram og til baka um hluti, sem gerðust fyrir 10 árum, útúrsnúningur og ranghverfingur þar á hlutum. Þetta er nú eiginlega ekki aðgengilegt, að ætla að hefja efnislegar umræður við ríkisstj. um þær tillögur, sem hún hefur nú lagt fyrir í efnahagsmálum, ef ræða á málin á þessum grundvelli.

Ræða sú, sem hæstv. dómsmrh. flutti hér, gæti auðvitað gefið tilefni til þess að tala hér langt mál um það, hvað var að gerast í efnahagsmálum þjóðarinnar á árunum 1957 og 1958, og það þyrfti mikið að leiðrétta af því, sem hann sagði hér um það, sem þá gerðist, bæði varðandi lagasetningu og þó alveg sérstaklega viðvíkjandi þeim brbl., sem hann gerði hér að talsverðu umtalsefni, um stöðvun á verðlagi og kaupgjaldi, sem gerð var haustið 1956. Ég skal ekki fara langt út í það að þræta við hæstv. ráðh. um þessi mál, það hefur í rauninni afskaplega lítið gildi, það hefur verið gert svo oft áður. Ég vil aðeins minna á, að það, sem þá var gert í þessum efnum, var gert með fullu samkomulagi við verkalýðssamtökin í landinu og gert á þeim grundvelli, að þau höfðu sannfært sig um, að það, sem þá var verið að gera í þessum efnum, gat ekki skaðað þau á neinn hátt eða meðlimi þeirra. Þetta liggur ótvírætt fyrir. Það er því allsendis ósambærilegt við það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera nú, þegar hún flytur hér tillögur

um það að skerða umsamið kaup, að hnekkja þeim grundvallarreglum, sem um hefur verið samið í kaupgjaldssamningum, og lækka kaup með lögum, enda hefur ríkisstj. auðvitað veitt því athygli, að nú fær hún svo að segja einróma **mótmæli frá forustumönnum verkalýðssamtakanna** í landinu gegn þessum fyrirætlunum og það skiptir í rauninni engu máli, hvort forustumenn í verkalýðssamtökunum eru stuðningsmenn ríkisstj. og hafa verið það fram til þessa eða í andstæðingaflokki, allir mótmæla þeir þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum í efnahagsmálum. Þetta hefur ekki getað farið fram hjá hæstv. ríkisstj. En þrátt fyrir öll þessi einkennilegu ræðuhöld langar mig samt til þess að gera tilraun til að fá hæstv. ráðh. til þess að ræða við mig um nokkur þau atriði varðandi þær efnahagsmálatill., sem hér liggja fyrir, sem ég tel að skipti hér alveg höfuðmáli.

Þeir byrja, ráðh., gjarnan á því, eins og hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. líka, á því að útlista það með mörgum orðum, hvað hafi komið fyrir þjóðarbúskap Íslendinga nú að undanförnu. Það er bent á það, að verðfall hafi orðið mikið á útfluttum frosnum fiskafurðum, og það er rétt, það hefur orðið talsvert mikið. Það er bent á, að það hafi orðið allmikið verðfall á bræðslusíldarafurðum, og tölur eru jafnvel nefndar í þessum efnum, tölur, sem eiga auðvitað lítið skylt við það, sem er hið rétta í málinu, en eigi að síður liggur það fyrir, að mikið verðfall hefur orðið á útfluttum bræðslusíldarafurðum. Hæstv. dómsmrh. nefndi hér t. d., að verðfallið væri svo iskyggilegt, að verð á lýsi hefði fallið úr 9100 kr. á tonn niður í 3960 kr. á tonn. Ég get fullvissað hæstv. ráðh. um, að það tímabil hefur aldrei komið fyrir, að framleiðendur á þessum vörum á Íslandi hafi búið við þetta verðlag, sem hann nefndi, — yfir nokkuð það tímabil, sem teljandi er. Þessar tölur eru því auðvitað mjög villandi. Sem betur fer, lítur ekki einu sinni dæmið þannig út í dag, að við Íslendingar séum að framleiða lýsi, sem muni verða selt, þegar litið er á heildina, fyrir þetta lágmarksverð, sem hér var nefnt. Hér er aðeins verið að grípa tölur, sem eru í námunda við það allra hæsta, sem við höfum fyrr og síðar selt þessa vöru á út úr landinu, að vísu örlítið magn, en fjarri því að vera nokkurt meðaltal, og grípa síðan aðra tölu, sem er nokkuð nærri því að vera það lægsta verð, sem við höfum nokkurn tíma fengið fyrir lítinn slatta fluttan út af þessari vöru, en gefur vitanlega ekki neina rétta mynd af því, hvaða verðbreytingar hafa orðið fyrir framleiðsluna á heilu ári eða einhverjum eðlilegum starfstíma. Ég nefni þetta ekki til þess að draga á neinn hátt úr því, að verðfallið, sem gengið hefur yfir á okkar þýðingarmiklum útflutningsvörum, er mjög tilfinnanlegt, það er mjög mikið og þeir aðilar, sem standa að framleiðslu á þessum vörum, hafa auðvitað orðið fyrir miklu áfalli vegna þessa verðfalls. Það er því í rauninni enginn ágreiningur á milli mín og hæstv. ráðh. um, að það hafa steðjað erfiðleikar og steðja erfiðleikar að okkar útflutningsatvinnuvegum vegna verðfalls, sem gengið hefur yfir á framleiðsluvörum útflutningsatvinnuveganna, og það er alveg óþarfi af þeim að gera meira úr þessu verðfalli en raunverulega er, það er nóg samt. Það er líka rétt, sem hæstv. dómsmrh. minntist hér, á, að það er þungbært auðvitað fyrir framleiðendur, að aðalskreiðarmarkaður okkar hefur lokazt nú um tíma, þó að ég búist nú við því, að flestir, sem þar þekkja til, búist við, að það greiðist úr þeim hlutum, áður en langt um líður. En vitanlega veldur þetta útflutningsatvinnuvegunum erfiðleikum.

En hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. er sérstaklega að telja þetta fram, um erfiðleika útflutningsatvinnuveganna, og ræða jöfnum höndum um minni aflafeng á síldveiðum og þorskveiðum og lægra verðlag á framleiðsluvörunum, — hvers vegna er ríkisstj. að telja þetta sérstaklega fram í sambandi við þær till., sem hún er nú að gera í efnahagsmálum? Rétt eftir að hæstv. forsrh. hafði talið allt þetta upp, sagði hann í framsöguræðu sinni fyrir því efnahagsmálafrv., sem hér er á dagskrá, að engin rök lægju enn fyrir um það, að nauðsynlegt væri að veita atvinnuvegunum meiri stuðning en þeir njóta nú í dag. Þetta sagði hæstv. forsrh. í sinni ræðu, og það er greinilega fram tekið hér í efnahagsmálatill. ríkisstj., að það sé alls ekki gert ráð fyrir því, að einn einasti eyrir af þeirri fjáröflun, sem hér er verið að leggja grunninn að, upp á 750 millj. kr., eigi að renna til stuðnings þeim atvinnuvegum, sem orðið hafa fyrir miklu áfalli, bæði vegna minni afla og lækkandi verðlags á erlendum mörkuðum. En fyrst efnahagsmálatill. ríkisstj. fjalla alls ekki um það að veita útflutningsatvinnuvegunum meiri stuðning en þeir hafa notið, hvers vegna þá allur þessi lestur um áfall útflutningsatvinnuveganna? Sannleikur málsins er sá, að það er mín skoðun og okkar Alþb.-manna, að meginvandamálið, sem nú er að glíma við í efnahagsmálum þjóðarinnar, sé einmitt sá mikli vandi, sem hefur verið að ágerast að undanförnu og náði auðvitað hámarki núna, þegar verðfallið verður mest á útflutningsvörunum, það sé vandamál útflutningsatvinnuveganna. En ríkisstj. gerir hér engar till. um að leysa þessi vandamál, heldur gerir ríkisstj. hér till. um, að það þurfi að afla ríkissjóði tekna til viðbótar við það, sem hann hefur áður haft, upp á 750 millj. kr. á ári. Hvað hefur gerzt hjá ríkissjóði? Hefur ríkissjóður tapað einhverjum tekjum fram til dagsins í dag? Nei, hann hefur ekki tapað þeim. Ég hygg, að tekjur ríkissjóðs fram til dagsins í dag séu meiri en þær hafa nokkurn tíma áður verið, og það væri rétt, að hæstv. fjmrh. upplýsti þá það, ef það væri ekki rétt, sem ég segði í þessum efnum. Ég veit ekki annað betur en innflutningur til landsins fram til dagsins í dag hafi farið vaxandi og ríkissjóður hefur fengið þær afgreiðslur varðandi sína tekjustofna svo að segja á hverju einasta ári á undanförnum árum, að tekjur hans hafa verið auknar með nýjum tekjustofnum, og síðast var það í ársbyrjun 1966, að þá voru tekjustofnar ríkissjóðs stórlega auknir. Það var bæði létt af ríkissjóði ýmsum útgjöldum, sem hann hafði áður fengið tekjur til að standa undir, og hann fékk einnig nýja tekjustofna. Og hver var síðan útkoman á árinu 1966? Útkoman varð sú, að

tekjur ríkissjóðs fóru um 900 millj. kr. fram úr ráðgerðum tekjum á fjárlögum, — um 900 millj. kr. fram úr ráðgerðum tekjum. Tekjuafgangurinn varð auðvitað mikill, og af því gat auðvitað ríkissjóður mjög auðveldlega veitt sjávarútvegi landsins nokkurn stuðning, tiltölulega mjög lítinn stuðning frá því, sem áður hafði verið, borið saman við stórauknar tekjur ríkissjóðs. En ríkisstj. segir, um leið og hún dregur upp myndina af því, að útflutningsatvinnuvegirnir hafi orðið fyrir miklu áfalli, hún segir, að þjóðartekjurnar muni minnka um 4—5%, og það má vel vera. Þá segir ríkisstj.: En þá verða allir landsmenn að herða ólina, þeir verða að taka á sig nokkra kjaraskerðingu, vegna þess að þjóðartekjurnar minnka. Þá væri eðlilegt, að menn byrjuðu á því að spyrja: Á þá ekki ríkissjóður líka að draga eitthvað svolítið úr sínum útgjöldum? Ef þjóðartekjurnar minnka, er þá óeðlilegt, að ríkissjóður spari eitthvað, að hann dragi eitthvað úr sínum miklu útgjöldum? Nei, þvert á móti. Fjárlagafrv., sem liggur fyrir, gerir beinlínis ráð fyrir því, að ríkið eyði meiru en nokkru sinni fyrr, það hækki sín útgjöld án þess að auka stuðninginn við þá atvinnuvegi landsmanna, sem nú eru að komast í þrot. Og því fer alls fjarri, að það sé reynt á nokkurn einasta hátt að draga úr óstjórnlegri eyðslu ríkissjóðs á mörgum sviðum, sem verið hefur. Áfram á eyðslan að haldast, og áfram eiga útgjöldin að hækka. Viðbrögð ríkisstj. sjálfrar eru því þau, að hún segir: Við, fyrir hönd ríkissjóðs, við tökum engan þátt í því að færa niður nein útgjöld. — Hún vill aðeins fá meiri tekjustofna en hún hefur haft áður. En hins vegar gerir ríkisstj. till. um það, að ýmsir landsmenn eigi að taka á sig verulega auknar byrðar.

En nú er rétt í þessum efnum að virða nokkuð fyrir sér, hvað hefur verið að gerast og hvað er að gerast í þjóðarbúinu, þegar það kemur fyrir, að heildaraflaverðmætið lækkar í verði, aflinn minnkar og verðið lækkar á hverri einingu. Hvað hefur verið að gerast? Jú, ríkisstj. hefur bent á það, að síðasta vetrarvertíð hafi verið óhagstæð, afli hafi þá minnkað um 16%. Það er rétt. Síðasta vetrarvertíð var óhagstæð vegna mjög óhagstæðrar veðráttu. Það er ekki hægt að kenna aflanum þar um sérstaklega, nema síður sé, en það er rétt, heildaraflamagnið reyndist um 16% minna en á vertíðinni á undan. En hvað gerist, þegar aflinn á vetrarvertíð fellur um 16%? Hvað gerist þá? Ekki efast ég um það, að hæstv. ríkisstj. veit um það, að um leið og það gerist, fellur niður kaup sjómannanna, sem vinna á vetrarvertíðinni, um 16%, þeir eru upp á aflahlut. Kaupið þeirra minnkar um 16%. Og hún hlýtur líka að hafa gert sér grein fyrir því, að þeir menn, sem eiga að vinna úr þessum afla í landi, verkafólkið, vinnan hjá því minnkar líka, líklega um 16% eða nærri því. En þá er nokkurn veginn víst, að tekjur þess fólks munu minnka um enn þá meira, vegna þess að þetta kemur þannig út, að yfirvinna verður minni en hún var áður. Þessir aðilar taka því á sig þarna áföll, og þessi framleiðslufyrirtæki, sem þarna eiga hlut að máli, útgerðin, sem hefur orðið fyrir minni afla og óhagstæðari vertíð, hefur minna handa á milli. Hún getur ekki ráðizt í ýmsar þær framkvæmdir, sem hún réðst í áður. Atvinna dregst saman hjá því fólki, sem hefur unnið í þjónustu þessara framleiðslugreina. Það er þetta, sem hefur þegar gerzt. Fjöldi manns hefur þegar tekið þetta á sig og býr nú við miklu minni tekjur á þessu ári en það hafði á árinu á undan. Og hvað er það, sem hefur verið að gerast í þjóðarbúi okkar á þessu ári, þegar síldaraflinn hefur reynzt minni en hann hafði reynzt mestur áður, eins og á árunum 1966 og 1965? Kaup sjómannanna hefur stórum lækkað frá því, sem áður var, bæði vegna þess, að verðið á síldinni er lægra en það var og aflinn minni. Ég hygg, að á mjög mörgum síldveiðiskipum sé ástandið þannig, að sjómennirnir hafa í dag um helmingi minna kaup en þeir höfðu á sama tíma í fyrra. Til eru eflaust skip, þar sem kaupið hefur ekki lækkað alveg svona mikið. En það eru líka til önnur skip, þar sem kaupið hefur fallið enn þá meira niður. Þessir aðilar hafa verið að taka á sig vandann og eru búnir að því. Og hvað er að segja um síldariðnaðinn í landinu, sem hefur orðið að taka á sig þessi miklu áföll af verðfallinu á síldarlýsi og síldarmjöli? Vitanlega er þar um stórfelldan samdrátt að ræða. Tekjur þeirra manna, sem vinna við síldariðnaðinn, hafa stórum lækkað, og afkoma síldariðnaðarfyrirtækja hefur gjörbreytzt. En hvað hefur ríkisstj. gert til þess að bæta úr fyrir þessum þýðingarmiklu starfsgreinum? Hvað hefur hún gert? Ekkert. Hreinlega ekkert. Hún er ekki með neinar till. enn, og hæstv. forsrh. segir það hér beinum orðum, að það liggi ekki rök fyrir því, að það þurfi neitt að gera, frekar en nú sé gert með lögum til stuðnings þessum starfsgreinum. En þó þylur hann hér upp öll áföllin, sem þessi atvinnugrein hefur orðið fyrir. Ég veit vel, að það er nokkur hætta á því, að tekjur ríkissjóðs geti á vissum liðum orðið minni á árinu 1968 vegna lækkandi tekna í þjóðfélaginu, eða hjá mörgum þjóðfélagsþegnum. En ég álít, að þær áætlanir, sem gerðar eru um lækkandi tekjur ríkissjóðs á hinum ýmsu liðum, séu allsendis óraunhæfar, nema ríkisstj. ætli að halda sér við það að gera ekkert í málefnum atvinnuveganna. En þá munu þær áætlanir, sem ríkisstj. gerir í núverandi fjárlagafrv., líka reynast rangar, því að þá eiga tekjur ríkissjóðs eftir að hrynja enn meira en gert hefur verið ráð fyrir. Það er því vonlaust með öllu fyrir ríkisstj. að ætla að sannfæra nokkurn mann um það, að till. hennar til sérstakrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð og það í því formi, sem þær till. eru gerðar, séu réttlætanlegar vegna þeirra áfalla, sem útflutningsatvinnuvegir þjóðarinnar hafa orðið fyrir og þeir sérstaklega, sem eru í nánustum tengslum við útflutningsatvinnuvegina. Það er líka alveg augljóst mál, að till. ríkisstj. um stórfelldar nýjar álögur mundu ekki síður koma við þá aðila, sem þegar eru búnir að taka á sig í mjög ríkum mæli kjaraskerðingu vegna efnahagsáfallanna, heldur en aðra landsmenn. Þegar ríkisstj. leggur fram till. um það, að verð á kjöti, mjólk, kartöflum og öðrum landbúnaðarafurðum skuli stórhækka, kemur það vitanlega til með að bitna á t. d. síld-

veiðisjómönnunum, ekki síður en öðrum í landinu. Þeir verða að borga fæðið sitt sjálfir. Þetta á því að koma sem viðbótarálag á fórnir þeirra. Og það er meira að segja þannig, að allmikið af þeim álögum, sem ríkisstj. nú gerir till. um, kemur til með að leggjast af talsverðum þunga á þau atvinnufyrirtæki landsmanna, sem nú eru að komast í þrot. Í ýmsum tilfellum verður útgerðin í landinu t. d. að greiða fæðiskostnað, vegna sinna starfsmanna. Hún þarf því að borga þar enn þá hærri reikning en áður. Við skulum t. d. taka fiskiðnaðinn í landinu, frystihúsin í landinu, sem nú þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Hér er verið að gera ráð fyrir því að stórhækka á þessum fyrirtækjum eignarskatt, með því að það á að tólffalda fasteignamatið á öllum þeirra eignum. Auðvitað mundi slík skattlagning íþyngja þessum fyrirtækjum enn frá því, sem orðið er. Og hverjir koma til með að greiða stórhækkuð símagjöld, útvarpsgjöld o. s. frv.? Að vísu næstum allir einstaklingar í landinu, en einnig þau fyrirtæki, sem nú eiga við mesta erfiðleika að stríða. En það er greinilegt, að ríkisstj. hirðir ekki um það. Hennar takmark er aðeins eitt í þessum efnum, og það er: Ríkissjóður þarf á meiri tekjum að halda. Það er sem sagt gamla sagan upp og upp aftur, sem hér hefur verið að gerast á undanförnum árum, sífelldar till., svo að segja á hverju einasta ári, um það, að ríkissjóður þurfi á nýjum tekjustofnum að halda, m. a. vegna þess, að ríkisstj. er ekki til viðtals um það að skera niður ríkisútgjöldin að neinu leyti, — ekki að neinu leyti. Ég veit, að þegar minnzt er á það að skera niður ríkisútgjöldin, þá koma hæstv. ráðh. og spyrja: Viljið þið láta lækka skólakostnað? Viljið þið láta lækka kostnað ríkisins af tryggingamálum í landinu? En slíkar spurningar eru í rauninni alveg út í hött.

Ráðh. geta ekki gert sig svo einfalda að reyna að halda því fram, að þegar ríkisútgjöldin eru komin yfir 6 milljarða hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum, sé ekki hægt að draga úr þeim kostnaði, þegar þjóðarbúið verður fyrir áföllum, ef vilji er fyrir hendi. Við Alþb.-menn höfum þing eftir þing bent á ýmsa liði, en vitanlega verður það aldrei á færi þeirra, sem ekki hafa hér öll gögn í höndum, að koma með útfærðar till. í öllum greinum um það, hvar eða hvernig skuli spara í öllum ríkisrekstrinum. Ég hef ekki aðstöðu til þess að segja um það, að í tiltekinni stofnun, sem nú er með 100 menn í sinni þjónustu, væri réttmætt að færa það starfslið niður í 90 eða niður í 80. En ég er sannfærður um það, að ef þessi mál eru athuguð á eðlilegan hátt, er hægt að draga úr þessum kostnaði, og það er þörf á að gera það, þegar þannig árar a. m. k. eins og nú. Við höfum, Alþb.-menn, prófað vilja ríkisstj. í þessum efnum í nokkrum smærri atriðum nú á nokkrum þingum, og það hefur alltaf farið á sömu leið. Við höfum t. d. flutt till. um, að það ætti að duga eitt sendiráð á Norðurlöndum í staðinn fyrir þrjú. Við höfum m. a. flutt um það till. vegna þess, að menn úr öllum flokkum hér á Alþ. hafa verið að gefa yfirlýsingu um, að þetta væri eðlilegt. Á þennan hátt má spara nokkrar millj. En hvernig hefur farið með þessar till. okkar? Þær hafa verið drepnar á hverju einasta þingi. Við höfum bent á, að það sé vitanlega alger óþarfi að halda uppi rándýru sendiráði hjá NATO. Stundum hafa þessi sendiráð verið tvö í einni höfuðborg í Evrópu. En ríkisstj. hefur ekki verið til viðtals um neinn slíkan sparnað. Við höfum bent á, að það nær vitanlega engri átt að eyða í lögreglukostnað á Keflavíkurflugvelli, — þar hljóta okkar menn að vera að passa Kanann, sem þar er, sem átti hins vegar að passa okkur, — eyða um 10 millj. kr. í það á ári. En ríkisstj. er ekki til viðtals um neinar slíkar till. Það væri vitanlega hægt að benda svona á fjöldamarga liði. Ég tel t. d. enga ástæðu til þess að vera að gera ráð fyrir því á fjárl. næsta árs að eyða yfir 30 millj. kr. bara í lóðakaup hérna í miðbænum eða í lendur hér í nágrenni Reykjavíkur. Ég held, að slík kaup hefðu átt að bíða, þar til þá að verðið á sildarafurðunum hefði farið nokkuð upp aftur.

Þannig mætti telja fjölmarga liði í útgjöldum ríkisins, en ríkisstj. hefur ekki verið til viðtals um það að tala þar um neinn sparnað. Þvert á móti eykur hún útgjöldin frá ári til árs.

Við Alþb.-menn höfum líka bent á það, að ríkissjóður, ef hann þarf á meiri tekjum að halda, ætti að gera svolítið meira úr þeim tekjustofnum, sem hann hefur samkv. lögum. Það er opinbert leyndarmál, að það eru býsna háar fjárhæðir, sem eru lagðar á landsmenn í formi söluskatts, sem aldrei koma inn í ríkissjóðinn. Á það hefur verið bent í þessum umr., að nú fyrir stuttu var eitt verzlunarfyrirtæki hér í Reykjavík dæmt fyrir það að hafa stolið undan söluskatti umsetningu hjá sér, sem nam 10.2 millj. kr. Og það hefur einnig verið upplýst í þessum umr., að annað fyrirtæki hér í borginni er nú ákært af opinberum aðilum fyrir að hafa stolið á undanförnum árum upphæð, sem nemur rúmum 7 millj. kr. af söluskatti, sem lagður hefur verið á landsmenn. Ríkisstj. gæti ábyggilega drýgt tekjur ríkissjóðs til mikilla muna frá því, sem nú er, ef hún vildi taka á þessum málum t. d. með álíka mikilli festu og hún vill taka á því að leggja álögur á fátækasta fólkið í landinu samkv. þeim till., sem hún flytur nú.

Auk þess höfum við Alþb.-menn bent á það, að ef þarf að grípa til enn aukinna tekjustofna fyrir ríkið, á fremur að velja tekjustofna af þeirri gerð, að hækkaðar séu álögur á óþarfa innflutningi og á lúxuseyðslu, en að hækka verð á mjólk og kjöti. En ríkisstj. vill ekki ræða við okkur um þessi mál. Það eina, sem okkur er boðið upp á, er: Komið þið með 750 millj. til viðbótar í ríkiskassann. — Og þá virðist ekkert annað koma til greina en einhverjir alveg nýir tekjustofnar og helzt álögur, sem fela í sér almenna kauplækkun vinnandi fólks í landinu.

Já, ég geri þá hlé á máli mínu eftir ósk hæstv. forseta. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði fyrr í minni ræðu rætt hér nokkur atriði þessa máls, og sérstaklega það, að mér sýnist, að með þeim till., sem ríkisstj. hefur boðað í efnahagsmálum nú, snerti hún í rauninni harla lítið við aðalvandamálinu,

sem nú blasir við í okkar efnahagsmálum, en það er að gera till., sem mættu leiða til þess að tryggja rekstur okkar aðalatvinnuvega og halda þannig uppi fullri framleiðslu í landinu og fullri atvinnu. Till. ríkisstj. fjalla í rauninni ekki um þetta efni, heldur um fjárhagsafkomu ríkissjóðs í þrengri merkingu. Ég tek það fram, að ég hef ekki aðstöðu til þess að leggja neinn fullnaðardóm á það, hvort þörf er á því að leggja ríkissjóði til nýja tekjustofna frá því, sem nú er. Það kann að vera, að það sé þörf á því, ef það þykir nauðsynlegt að reikna með því, að þeir tekjustofnar, sem ríkissjóður hefur aðallega byggt á til þessa, bregðist mjög tilfinnanlega á árinu 1968 vegna samdráttar í atvinnulífi landsins. En ég held, að það, sem þarna skiptir alveg höfuðmáli, sé, að gerðar verði nægilega öflugar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þennan samdrátt í atvinnulífinu. Það er ekkert um það að villast, að vissar greinar útflutningsframleiðslunnar hafa hér orðið fyrir miklu áfalli og þeim greinum verður að koma til aðstoðar. En sem sagt, till. ríkisstj., fjalla ekki um þetta atriði.

Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hefur mér fundizt einnig þess gæta allt of mikið í málflutningi, einkum frá hálfu ríkisstj., að talað sé um þau vandamál, sem við er að glíma, með allt of almennum og óljósum orðum. Það hefur t. d. mikið verið talað um þjóðarbúið og þjóðartekjurnar og þjóðina, og vegna þess að talið er líklegt, að tekjur þjóðarbúsins lækki nokkuð á árinu 1967, á yfirstandandi ári, frá því, sem þær hafa hæstar orðið áður, vilja menn draga þá ályktun, að nú eigi allir landsmenn eða, eins og sagt er, þjóðin að lækka sín lífskjör sem þessum heildartekjumismun nemur. Þetta má til sanns vegar færa. En þá þurfa menn bara að hafa það í huga, að þjóðin í þessu tilfelli er engin ein persóna. Þjóðin í þessu tilfelli samanstendur auðvitað af mismunandi atvinnustéttum, margvíslegum atvinnurekstri og mörgum stofnunum í landinu. Þjóðartekjurnar skiptast á milli þessara aðila, og því fer vitanlega víðs fjarri, að þeim sé skipt nákvæmlega jafnt á hvert nef. Það getur því vel farið svo, og þannig hefur þetta einmitt farið, eins og ég hef verið að leiða athygli að, að þó að þjóðartekjurnar falli frá því, sem þær hafa hæstar orðið, um jafnvel 4—5%, getur þetta áfall dreifzt mjög mismunandi niður á einstaklingana í þjóðfélaginu. Og það er enginn vafi á því, að þessi tekjuminnkun hvílir á einstaklingum þjóðfélagsins núna mjög misjafnlega. Auðvitað er því eðlilegt, að nokkurt tillit sé tekið til þess, ef þarf að dreifa byrðum, hvernig ástatt er hjá hinum ýmsu aðilum í þjóðfélaginu. Ég er t. d. ekki í neinum vafa um, að það er ekkert, sem kallar á það þrátt fyrir þau áföll, sem þjóðarbúskapurinn hefur orðið fyrir, að ráðstafanir séu gerðar til þess að lækka umsamið tímakaup verkamanna eða umsamið dagvinnukaup þeirra. Ráðstafanir, sem fara í þá átt, efast ég ekkert um, að eru rangar og fá ekki staðizt í framkvæmd. Ég álít hins vegar, að það séu ýmsir aðilar í þjóðfélaginu, sem vel geti tekið á sig byrðar frá því, sem verið hefur, a. m. k. um stuttan tíma. En till. þær, sem ríkisstj. leggur fram og miða að því að eiga að afla ríkissjóði aukinna tekna, miða greinilega að því að leggja álögurnar á vinnandi almenning í landinu og mundu ábyggilega dreifast þannig, að álögurnar hvíldu með langmestum þunga á hinum tekjulægstu.

Það er alveg augljóst mál, að samkv. till. ríkisstj. er ekki gert ráð fyrir því, að ýmsir veigamiklir aðilar í þjóðfélaginu taki hér á sig neinar byrðar. Ég vil t. d. nefna kaupsýslustéttina yfirleitt, t. d. innflytjendur, heildsala. Þeir búa við þau miklu réttindi að mega ákveða álagninguna á vörum sínum svo að segja sjálfir. Og þrátt fyrir verðstöðvun er þeim málum komið þannig fyrir, þrátt fyrir verðstöðvun nú á tímabili, að ef t. d. verður lækkun á verði erlendis fá kaupsýslumenn rétt samkv. lögum til þess að hækka sína álagningu, ef þeir vilja. Ég þykist vita, að á það muni verða bent, að það sé líklegt, að kaupsýslumenn fái kannske eitthvað minna á árinu 1968 fyrir sín störf, vegna þess að þá muni verða einhver samdráttur í umsetningu þeirra. En þá er ekki ófróðlegt að benda á það, hverju ríkisstj. hefur svarað því, þegar á það hefur verið bent á undanförnum árum, að kaupsýslustéttin í landinu, hafi m. a. verið að stórauka tekjur sínar með vaxandi innflutningi og aukinni umsetningu. Hverju hefur því verið svarað þá af hálfu stjórnarflokkanna? Jú, því hefur verið haldið fram: það þarf alls ekki að vera, að kaupsýslustéttin hafi fengið neitt meira fyrir verk sín, þó að umsetningin hafi vaxið, vegna þess að hún hefur þá þurft að auka við sig starfsfólki og borga meira í starfslaun og haft meiri kostnað við það. — Ef þessi röksemd hefur verið rétt og ef það hefur verið rétt að halda þessu fram fram til þessa, mundi auðvitað af þessu leiða það, að þó að það yrði nokkur samdráttur í umsetningu í landinu og minni innflutningur, mundu kaupsýslumenn yfirleitt bregðast þannig við, að þeir mundu segja upp sínu starfsfólki, þeir mundu fækka starfsmönnum, velta af sér vandanum, en gætu eftir sem áður haldið öllum sínum gróða. Ég held, að kaupsýslumenn hafi alla aðstöðu til þess eftir sem áður að tryggja sér álíka mikinn hluta af þjóðartekjunum og þeir hafa náð til sín á síðustu árum, þrátt fyrir þær till., sem ríkisstj. gerir nú um lausn á efnahagsmálum. Ég held því, að það megi slá því föstu, að till. ríkisstj. muni að sáralitlu leyti skerða hag þessara milliliða, og þannig er þessu einnig farið um marga aðra milliliði, sem vitað er að hafa tekið til sín á undanförnum árum stóran hluta af þjóðartekjunum. Þeir hafa alla aðstöðu til þess að gera það áfram í ekki minni mæli en var, og það eru því engar líkur til þess, að þær álögur, sem ríkisstj. nú hyggst leggja á þjóðina, komi til með að hvíla á þessum aðilum. Til þess að þeir hefðu verið látnir borga nokkurn hluta af þessum kostnaði, hefðu þurft að koma fram aðrar tillögur.

Ég hef áður bent á það, að ríkisstj. gerir ekki ráð fyrir því, að ríkissjóður sem slíkur taki hér neinn þátt í. Þvert á móti gerir ríkisstj. ráð fyrir því, að heildareyðsla ríkissjóðs verði meiri en nokkru sinni áður. Nú hefði í rauninni ekki

verið óeðlilegt að leggja til, að heildarútgjöld ríkissjóðs og ríkisstofnana hefðu t. d. verið færð niður af þessum ástæðum um sama hundraðshluta og talið er, að þjóðartekjurnar muni minnka um, eða t. d. um 5%. En væri það gert, mætti draga úr útgjöldum ríkisins og ríkisstofnana um hvorki meira né minna en 300 millj. kr. En þegar vandinn snýr að ríkisstj. sjálfri, vill hún bægja vandanum frá sér og segja: Ríkissjóður getur ekkert á sig tekið, við getum ekkert í þessum efnum. — En hún virðist reikna með því, að t. d. verkafólk í landinu, sjómenn og annað vinnandi fólk geti tekið á sig allan vandann í sambandi við fjárhagsvandamál ríkissjóðs og þar að auki þá miklu tekjuskerðingu, sem þessir aðilar hafa orðið fyrir alveg óumdeilanlega í sambandi við samdrátt í atvinnulífi landsmanna. Það er því ekki hægt að afgreiða þetta mál á þann tiltölulega einfalda hátt að segja: þjóðartekjurnar munu minnka um 4—5%. Hver maður í landinu verður að skerða sínar tekjur sem því nemur. — Það verður vitanlega, eins og ég hef sagt, að meta það á eðlilegan hátt, hvernig er aðstaða hinna ýmsu aðila í þjóðfélaginu til þess að taka á sig byrðar, hvernig er staðan fyrir, og svo verður vitanlega einnig að meta það, hvernig þær byrðar dreifast samkv. þeim till., sem fyrir liggja, að öllum líkindum, og þá held ég, að það sé enginn vafi á því, að þau gjöld, sem ríkisstj. hugsar sér að leggja nú á, mundu að miklum meiri hl. koma til með að hvíla á herðum launafólks í landinu.

Þessar almennu vangaveltur um þjóðartekjur og um þjóðina minna mig dálítið á það, þegar einn snjall maður af hálfu ríkisstj. tók sér það fyrir hendur fyrir nokkrum árum að sanna mönnum það, að allmiklar álögur, sem þá var verið að leggja á þjóðina í formi nýrra skatta á ýmsum sviðum, væru engar álögur og hér væri í rauninni um rangnefni að ræða. Auðvitað komu álögurnar þannig út, að þetta verkaði sem skattur á ýmsa borgara í landinu og þeir áttu að greiða miklu meira til ríkisins en áður. En þessi ágæti maður í stjórnarliðinu sneri dæminu þannig við, að hann sagði: Það á að ráðstafa öllum þessum tekjum til annarra þjóðfélagsþegna. Þar með er þetta millifærsla og engar álögur. — Þetta er vitanlega ætlað að villa um fyrir mönnum um hið eiginlega eðli málsins, og hið sama er í öllu þessu tali um það, að þjóðartekjurnar minnki, eins og hér hefur verið nefnt, og það skapi síðan röksemdir fyrir því, að allir þjóðfélagsþegnar taki á sig kauplækkun, sem þessu nemur.

Ég skal, eins og ég sagði hér í upphafi míns máls, ekki hefja hér neina þrætu við hæstv. ráðh. um það, hvað hefur verið gert af hinum ýmsu stjórnum á undanförnum árum í efnahagsmálum, það hefur í rauninni ekkert upp á sig í þessum efnum. En hitt vildi ég fá þá til þess að ræða hér um, eins og ég minntist á í upphafi míns máls, hvernig þeir hugsa sér að leysa þau stærstu og mestu vandamál, sem við eigum við að glíma í okkar efnahagsmálum og snerta afkomu útflutningsatvinnuveganna, sem hafa orðið fyrir þeim áföllum, sem hér hefur verið lýst. Ég tel, að það þurfi að gera ráðstafanir til þess að leysa vanda atvinnuveganna, m. a. með því að breyta í grundvallaratriðum um stefnu í efnahagsmálum frá því, sem verið hefur. Það er mín skoðun, að það sé ekki hægt að víkja sér undan því, að það þurfi að taka upp strangt verðlagseftirlit í landinu, og á þann hátt eigi að reyna að koma í veg fyrir það, að verðlag innanlands hækki meira en svo, að sá atvinnurekstur landsmanna, sem verður að keppa á erlendum vettvangi, hafi samkeppnisaðstöðu. Ríkisstj. hefur hins vegar haldið uppi allt annarri stefnu í þessum málum. Hún hefur haldið því fram, að verðlagningarákvæði ættu að vera sem minnst í gildi. Afleiðingin af þessari stefnu hefur orðið sú, að m. a. þegar framleiðsla hefur orðið mikil í landinu, tekjur hafa orðið miklar, hefur auðvitað orðið mikil eftirspurn á vörum og þjónustu í landinu á mörgum sviðum, og það hefur ekki verið auðvelt að fullnægja þessari eftirspurn í öllum greinum, sbr. húsnæði o. fl. En þá hefur einmitt eftirlitsleysið í sambandi við verðlagningarmálin innanlands leitt til þess óhjákvæmilega, að verðlagið innanlands hefur gengið úr skorðum og hækkað langt umfram það, sem atvinnuvegir landsins fá staðizt til lengdar. Því er þetta eitt grundvallaratriðið, sem þarf að taka upp í efnahagsmálum landsins. Annað grundvallaratriði, sem líka þarf að taka upp, er, að ríkisvaldið verður að taka í sínar hendur stjórn á innflutningsmálum, á ráðstöfun á gjaldeyri þjóðarinnar og á fjárfestingarmálum. Það nær auðvitað engri átt að láta það viðgangast undir orðinu frelsi, að við séum að eyða tugum og hundruðum og jafnvel þúsundum milljóna í óþarfan innflutning, á sama tíma og gjaldeyristekjur þjóðarinnar bregðast að nokkru leyti. Og það nær auðvitað engri átt, að fjármunir þjóðarinnar séu notaðir þannig, að þeir séu festir í ýmsum framkvæmdum, sem ýmist eru ónauðsynlegar eða verða um alllangan tíma á því stigi, að þær geta ekki komið þjóðarbúskapnum að neinu gagni. Það á ekki að verja fjármunum þjóðarinnar á þennan hátt. Það kostar of mikið. Þessu þarf að breyta. Hér er einnig um grundvallaratriði að ræða, sem ríkisstj. hefur ekki viljað fallast á. Hún hefur viljað hafa sinn hátt á, og því höfum við búið við það skipulagsleysi, sem allir þekkja.

Auk þessara atriða höfum við Alþb.-menn æ ofan í æ bent á fjölmörg atriði, sem mætti gera útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar til stuðnings. En þau atriði eru flest þannig, að þau koma ekki heim og saman við kennisetningar ríkisstj. í efnahagsmálum. Við höfum t. d. bent á, að það sé réttlátt og sjálfsagt að lækka vexti mjög verulega, einkum á lánum til útflutningsframleiðslunnar, frá því, sem nú er. Núna eru vextirnir í framkvæmd 9—10% á lánum til útflutningsframleiðslunnar og í mjög mörgum tilfellum 12%, en þeir vextir koma út í öllum þeim tilfellum, þar sem um vanskil er að ræða, vegna þess að vanskilavextirnir eru 12%. Og skýrsla hefur verið lögð um það m. a. fram hér á Alþ., sem sýnir, að vanskilaskuldir útflutningsframleiðslunnar eru gífurlega miklar og af þeim eru reiknaðir 12% vextir. Það liggur líka fyrir, að t. d. hjá einni okkar aðalsamkeppnisþjóð í sjávarútvegi, Norðmönnum, þar eru

vextirnir af þýðingarmestu sjávarútvegslánum á milli 3 og 4%. Um þetta er ekkert hægt að deila, þetta liggur fyrir. En þó að erfiðleikar steðji að okkar útflutningsatvinnuvegum, miklir erfiðleikar, mikið verðfall, jafnvel aflarýrnun, lemur hæstv. ríkisstj. höfðinu við steininn allan tímann og segir: Vextirnir skulu standa. Vextirnir mega ekki lækka. Álögurnar á framleiðsluna mega ekki minnka. — Við álítum, að það sé hægt að ná verulegum árangri strax í þessum efnum, ef hér væri breytt um stefnu.

Við höfum einnig bent á það, að það væri sjálfsagt að lengja stofnlán framleiðsluatvinnuveganna a. m. k. upp í það, sem stofnlánatíminn var fyrir viðreisn, en það var eitt af viðreisnarstefnuskráratriðunum að stytta lánstímann á stofnlánum hjá framleiðslufyrirtækjum. En vitanlega þýddi stytting stofnlána meiri afborganir, meiri útgjöld, erfiðari rekstur. En það þýðir ekki að minnast á þessa till. við stjórnarherrana. Þeir halda sig við sínar gömlu kenningar og neita að framkvæma þessa tillögu.

Við höfum einnig bent á, að vitanlega þarf að gera ráðstafanir til þess, að gagnleg framleiðslufyrirtæki, sem m. a. framleiða fyrir erlendan markað, geti fengið eðlileg stofnlán. En það er fjarri því, að þau hafi fengið það. Mjög mörg framleiðslufyrirtæki, sem nú eiga m. a. í miklum fjárhagserfiðleikum, hafa ekki fengið nema lítið brot af stofnkostnaði fyrirtækjanna með eðlilegum stofnlánakjörum. Ráðstafanir í þessa átt mundu strax bæta.

Þá höfum við einnig bent á það, að það sýnist alveg sjálfsagt að fella niður að mestu leyti útflutningsgjöld, sem nú eru á útfluttum afurðum, a. m. k. í þeim tilfellum, þar sem stórkostlegt verðfall hefur orðið á erlendum markaði á þeim vörum. Er nokkurt vit í því að halda enn uppi útflutningsgjöldum t. d. á bræðslusíldarafurðunum, sem hafa fallið svona mikið í verði, — útflutningsgjöldum, sem nema á milli 9 og 10%, þegar allt er talið? Keppinautar okkar í Noregi borga svo til ekkert útflutningsgjald af þessum vörum. Hér er vitanlega verið að íþyngja framleiðslunni alveg úr hófi fram. Ég veit, að því er haldið fram, að talsvert mikill hluti af þessu útflutningsgjaldi renni á óbeinan hátt til sjávarútvegsins, m. a. til þess að standa undir ákveðnu vátryggingakerfi fiskibátaflotans og togaranna. Við því er það að segja, að þetta er vátryggingakerfi, sem á engan sinn líka í vitleysu og hvað það er dýrt og óhentugt á allan hátt og enginn tryggingafræðingur fæst til þess að mæla bót og erlendur sérfræðingur, sem leitað var umsagnar hjá, lagði til, að yrði lagt niður hið fyrsta. Það á vitanlega að leggjast niður, og hér á að taka upp nýtt form á, og það er vissulega hægt að afla nauðsynlegra tekna til þess að standa undir þessum útgjöldum í rekstri fiskiskipa með öðrum hætti en slíku útflutningsgjaldi sem þessu. Og það er engin ástæða til þess að halda uppi þessu háa útflutningsgjaldi, eins og nú er gert, einnig á þeim afurðum, þar sem verðið hefur fallið stórkostlega á erlendum markaði, til þess að byggja upp lánasjóði í jafnríkum mæli og nú er gert, því að þótt sjávarútvegurinn hafi á undanförnum árum byggt upp sína lánasjóði, m. a. með skatti af útflutningi, er engin ástæða til þess að halda því áfram einnig þegar svo þrengir að í rekstri sjávarútvegsins sem nú gerir í ýmsum greinum.

En það er alveg sama, þó að till. séu um þetta fluttar hér á Alþ. eða á það sé bent. Ríkisstj. bifast ekki, hún hreyfist ekki. Hennar sérfræðingar eru á móti, og við sama ófremdarástandið skal sitja ár eftir ár.

Við höfum líka, Alþb.-menn, bent á það hvað eftir annað, að eitt af þýðingarmestu atriðunum til stuðnings íslenzkum sjávarútvegi er, að ríkisvaldið sjálft hafi forgöngu um það, að togarafloti landsmanna verði byggður upp að nýju. Til þess verða auðvitað tekin erlend lán, eins og jafnan hefur verið gert, þegar togaraflotinn hefur verið endurnýjaður, og það er hægt að fá þessi lán. Það er hægt að gerbreyta íslenzkri togaraútgerð, ef væri einhver forusta af hálfu ríkisvaldsins til þess að gangast fyrir því verki. Það er eina leiðin til þess að bjarga togaraútgerðinni frá því eymdarástandi, sem hún býr við nú í dag, og þetta er ein mikilvirkasta leiðin líka til þess að leysa hið stóra vandamál fiskiðnaðarins í landinu, sem er hráefnaskorturinn. En þó að á þetta hafi verið bent æ ofan í æ á undanförnum árum, hefur ríkisstj. látið þetta eins og vind um eyru þjóta og ekkert gert í málinu.

Ég skal svo einnig benda á það, að fyrir rúmu ári sat hér að störfum sérstök mþn., skipuð mönnum úr öllum flokkum hér á Alþ., sem fjallaði um vandamál hinna smærri vélbáta, og nefndin varð sammála um margvíslegar ráðstafanir, sem mætti gera þessum atvinnurekstri til hagsbóta. Ríkisstj. fékk álit n., en sjálf átti hún meiri hl. þeirra manna, sem í n. voru, sem stuðningsmenn sína, en hún hefur nálega ekkert framkvæmt af þeim till., sem n. gerði, nálega ekkert.

Þessi atriði og mörg fleiri, sem auðvelt væri upp að telja, mætti gera til stuðnings framleiðsluatvinnuvegunum í landinu, en sem sagt, það virðist ekki hafa passað í kramið varðandi stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Og síðast en ekki síst mætti svo benda á það, að þær almennu lánareglur, sem Seðlabankinn hefur ákveðið með samþykki ríkisstj. um rekstrarlán til atvinnuveganna, eru þess eðlis, að þær hljóta að torvelda eðlilegan rekstur góðra fyrirtækja stórlega. Og á þetta er bent á hverju ári af þeim mönnum, sem þekkja til í rekstri þessara framleiðslufyrirtækja, en árangur til úrbóta verður enginn.

Ég álít því, að það sé í rauninni alveg tómt mál fyrir ríkisstj. að halda áfram að klifa á því, bæði hér á Alþ. og í blöðum sínum, að við í stjórnarandstöðunni komum aldrei fram með neinar till., engar till. til þess að leysa vandamál sjávarútvegsins eða atvinnuveganna, engar till. um það, hvernig mætti halda betur á ríkisbúskapnum. Það hafa hér komið fram margar till., sem ríkisstj. hefur ekki viljað ræða við stjórnarandstöðuna. En það, sem óneitanlega hefur þjarmað að okkar útflutningsatvinnuvegum, er hin ranga stefna ríkisstj. í efnahagsmálum. Á meðan svo stóð, að aflinn fór vaxandi hjá sjávarútveginum frá ári til árs og verðlagið á

erlendum mörkuðum hækkaði gífurlega frá ári til árs, þoldu atvinnuvegirnir þessa röngu stefnu, þá lifðu þeir þetta af, a. m. k. allir sterkari þættirnir. En þegar á móti blæs, þegar dálítið dregur úr aflanum frá því, sem hann hafði mestur orðið áður, og þegar verulegt verðfall skellur á hjá sumum útflutningsgreinunum, rekst allt í harðan hnút undireins. Það er því fullkomlega rétt, sem við Alþb.-menn höfum sagt. Sá vandi sem nú steðjar að okkar útflutningsatvinnuvegum, er tvíþættur. Hann er annars vegar vegna óhagstæðrar þróunar á erlendum mörkuðum og hins vegar vegna alrangrar stefnu, sem hér hefur verið haldið fram í efnahagsmálum, — stefnu, sem er okkar útflutningsatvinnuvegum sérstaklega óhagstæð.

Ég á sæti í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um afgreiðslu þessa frv., og skal því ekki hér við 1. umr. ræða málið öllu lengur, þó að mörg tilefni hafi hér verið gefin til þess, að það yrði rætt á jafnvel enn breiðari grundvelli en gert hefur verið. Ég læt því máli mínu lokið um frv. nú, en vil aðeins segja það að lokum, að ég tel, að þær aðgerðir, sem áformaðar eru með því frv., sem hér er til umr., muni ekki ná tilgangi sínum. Þær leysa engan vanda. Mér sýnist, að miklu líklegra sé, að ef þessar ráðstafanir verði framkvæmdar, muni þær innan skamms auka á vandann, gera vandamálið enn þá stærra en það er. Ég hef enga trú á því, að þó að ríkisstj. mæli svo fyrir í lögum, að það skuli reynt að hafa af láglaunafólki í landinu 7—8% í kaupi, komist ríkisstj. upp með slíkt. Ég held, að íslenzk verkalýðssamtök séu svo sterk, að þau velti þessu af sér og það fari eins með þessa dýrtíðaröldu, sem stjórnin reisir, og aðrar, sem hún hefur horft á rísa hér eða staðið beinlínis fyrir að risu hér, þær skella yfir okkar útflutningsatvinnuvegi fyrr eða síðar og auka á heildarvandamálið, sem þarf að leysa í okkar efnahagsmálum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar hæstv. dómsmrh. var að tala hér í dag, var mér ekki vel ljóst, hvaða mál væri á dagskrá, hélt á tímabili, að þetta væru heilbrigðismál. En síðar virtist mér málflutningur hans benda til þess, að nú væru hafnar almennar stjórnmálaumr., svonefndar eldhúsdagsumr., en þá hefði náttúrlega samkv. gamalli venju átt að útvarpa umr. frá fundinum.

Hæstv. ráðh. kvaðst vona, að umr. hér um þetta mál yrðu til þess að gera mönnum auðveldara að glöggva sig á efni stjfrv., en ég held, að það verði alls ekki sagt um hans löngu ræðu, að hún hafi miðað í þá áttina.

Hæstv. viðskmrh. talaði hér í gær. Hann sagði, að þegar menn töluðu mikið um það, að lækkun á niðurgreiðslum á vöruverði væri kjaraskerðing, ættu þeir að hafa það í huga, að í fyrra hefðu niðurgreiðslurnar verið auknar og þá hefðu menn fengið kjarabætur. Við þetta er það að athuga, að eftir að niðurgreiðslurnar voru auknar í fyrra, fengu launamenn minni vísitöluuppbót á sín laun vegna þess að niðurgreiðslur voru auknar. Hins vegar horfir málið núna svo við, að þó að niðurgreiðslurnar séu minnkaðar og vöruverðið hækki, fá menn ekki auknar verðlagsuppbætur eða vísitöluuppbætur á sín laun. Ég fæ því ekki skilið þessa röksemdafærslu hæstv. viðskmrh.

Frv., sem hér liggur fyrir og flutt er af hæstv. ríkisstj., nefnist um efnahagsaðgerðir. Oft hafa slík mál áður verið nefnd ráðstafanir. Þetta nýja nafn er e. t. v. ekkert lakara. Það er ekki víst, að þetta frv. valdi sérstökum spjöllum á íslenzku máli, en sé svo, er það líklega það eina, sem hægt er að telja því til gildis.

Frv. er í sex köflum og greinafjöldinn 31. Hér kennir margra grasa, en ekki eru það skrauteða nytjajurtir. Einn kaflinn er um breytingu á ýmissi skattheimtu. Þar segir m. a., að margfalda skuli fasteignamat, áður en eignarskattur er reiknaður. Út af þessu vil ég spyrja hæstv. ríkisstj., hvenær megi vænta þess, að lokið verði við framkvæmd fasteignamatsins, sem unnið hefur verið að undanfarin ár, svo að það geti tekið gildi. Virðist vera seinagangur á þessu.

Ríkisstj. hefur gripið til þess ráðs að lækka mjög niðurgreiðslur á vöruverði og veldur þetta verðhækkunum á nauðsynjum almennings, svo sem mjólk og kjöti. Gera má ráð fyrir, að húsmæðrum hér í borginni og víðar hafi brugðið í brún, þegar þær komu í mjólkurbúðir morgun einn í vikunni sem leið og urðu að borga miklu hærra verð en áður fyrir mjólkina, vegna þess að búið var að stórlækka niðurgreiðslur á þeirri vöru.

Það eru fleiri drykkjarvöruverzlanir hér í höfuðborginni heldur en mjólkurbúðir samsölunnar. Ríkið rekur hér vínverzlun, og það opinbera hefur borgað niður verð á áfengi. En þær niðurgreiðslur hafa verið takmarkaðar við fáa af viðskiptamönnum verzlunarinnar. Það eru aðeins nokkrir fyrirmenn, aðallega ráðherrar og forsetar, sem hafa notið þeirra fríðinda að fá þar vín með niðurgreiddu verði. Ekkert hefur heyrzt um það, að þessar niðurgreiðslur hafi verið afnumdar eða lækkaðar. Ég geri ekki ráð fyrir þess vegna, að það hafi verið gert. Trúlega hefði stjórnin látið þess getið, ef hún hefði lækkað eða fellt niður niðurgreiðslur á víninu, um leið og hún lækkaði þær á mjólkinni. Í stað þess má gera ráð fyrir, að auknar verði niðurgreiðslur á víninu. Útsöluverð á áfengi hefur nýlega verið hækkað. Ekki mun það stafa af verðhækkun vörunnar erlendis, heldur í því skyni gert að afla ríkissjóði meiri tekna af vínsölunni. En séu þær reglur óbreyttar, sem gilt hafa um viðskipti ráðh. og forseta við áfengisverzlunina, sem ég geri ráð fyrir, mun niðurgreiðsla á áfenginu til þeirra aukin sem verðhækkuninni nemur, svo að þeir verði ekki fyrir skakkaföllum í því sambandi.

Oft hafa verið gerðar tilraunir hér á Alþ. til þess að láta fyrirmenninga borga sama verð og aðrir landsmenn borga fyrir áfengi, en það hefur ekki tekizt, vegna þess að þm. hafa staðið vörð um stjórnarherrana og staupin þeirra.

Ég held, að það hefði verið skynsamlegt að fella niður niðurgreiðslurnar á víninu, áður en farið var að hækka mjólkurverðið með lækkun á niðurgreiðslum. Hæstv. ríkisstj. virðist meta þetta á annan hátt. Myndin, sem hér blasir við

augum manna, er þessi: Mjög er dregið úr niðurgreiðslu á verði mjólkur, svo að menn verða að borga allmiklu hærra verð en áður fyrir þá nauðsynjavöru, og þyngst leggst sú verðhækkun á fjölmennustu heimilin alveg án tillits til greiðslugetu þeirra. En á sama tíma fá nokkrir fyrirmenn í þjóðfélaginu áfengi hjá ríkisverzlun með niðurgreiddu verði, og sennilega er nú verið að auka þær niðurgreiðslur.

Hvernig lízt mönnum á þessa smámynd af stjórnarfarinu?

Ef ráðh. og forsetar eiga mjög óþægilegt með að borga sinn drykk með peningum úr eigin vösum, svo að hið opinbera þurfi að hlaupa þar undir bagga, held ég, að réttara væri að gefa þeim lýsi heldur en áfengi. Ég veit, að störf ráðh. eru erfið, og gera má ráð fyrir, að alþingisforsetar hafi einnig nokkrar áhyggjur af þeim örðugleikum, sem nú steðja að þjóðinni. Þessir menn hafa því sennilega þörf fyrir góða hressingu á morgnana, þegar þeir rísa á fætur, áður en þeir taka til starfa. Og þá væri vissulega hollara fyrir þá að fá lýssissopa heldur en sumar aðrar drykkjartegundir.

Það er talið, að verðfall á lýsi eigi verulegan þátt í vanda sjávarútvegsins. Það er nú aðallega talað um síldarlýsi að vísu, en ég get vel búizt við, að það eigi við um fleiri lýsistegundir. En úr því að þessi vara hefur fallið mjög í verði, ætti ekki að vera tilfinnanlegur útgjaldaliður fyrir ríkissjóð, þó að hann gæfi ráðherrum og forsetum lýsisspón á morgnana og jafnvel á kvöldin líka. Lýsið er sjálfsagt langtum ódýrara en áfengið, og verði sú breyting gerð, sem ég hef hér rætt um, mundi það tvennt vinnast að bæta fjárhag ríkissjóðs og líkamlega heilbrigði stjórnarherranna. Og aðgerðir, sem miða að þessu tvennu, hljóta að teljast góðar.

Þingnefndin, sem fær frv. til athugunar, ætti að íhuga þetta.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. varð skapfátt um stund í ræðu sinni hér í gær. Hann sagði, að ég hefði hagað máli mínu af stráksskap og leikaraskap og haft í hyggju að stríða honum og valið orð mín af útsmoginni illkvittni, ef ég tók rétt eftir. Það er mikill misskilningur, að mér hafi verið nokkur stríðni í hug, þegar ég flutti mál mitt hér í gær og þaðan af síður illkvittni eða leikaraskapur. Ég talaði af fullri alvöru og færði málefnaleg rök fyrir skoðunum mínum, hvort sem hæstv. forsrh. er sammála þeim eða ekki. Það atriði í ræðu minni, sem gekk auðsjáanlega næst hæstv. ráðh., var mjög alvarlegur áfellisdómur vegna þess, að hann hefði einhliða brotið júnísamkomulagið frá 1964 með því frv., sem hér liggur fyrir, það samkomulag, sem síðan hefur verið hornsteinn alla kjarasamninga á Íslandi. Það var einnig ætlun mín, að hæstv. ráðh. fyndi, að ég tel hann eiga skilið mjög þunga siðferðilega dóma vegna þessa athæfis. Og hæstv. ráðh. fékk að heyra það síðar í umr. í gær, að hliðstæður dómur var kveðinn upp af hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðssyni, en hann var nánasti viðsemjandi hæstv. ráðh., þegar gengið var frá júnísamkomulaginu.

Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um það, að við eigum ekki að gera okkur leik að því að bera svikabrigsl hver upp á annan, þótt við heyrum til andstæðum stjórnmálaflokkum. Allir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa getað unnið saman, og ég tel, að þjóðfélagi okkar sé þannig háttað, að þeir verði að geta unnið saman, þegar þjóðfélagsaðstæður eru slíkar, að þess sé þörf. En þá þarf líka að vera unnt að treysta því, að menn standi við fyrirheit sín um grundvallaratriði. Menn verða að geta borið trúnaðartraust hver til annars. Ég tel, að hæstv. forsrh. hafi með því að rifta júnísamkomulaginu einhliða brugðizt þeim trúnaði, sem óhjákvæmilegur er til þess að tryggja samvinnu ólíkra flokka eða samvinnu verkalýðssamtakanna og ríkisvaldsins. Það eitt eru mjög alvarleg stjórnmálatíðindi, hvað sem líður öðrum þáttum þessa máls.

Mér virtist einnig, að hæstv. forsrh. fyndi það sjálfur, að málstaður hans er afar veikur að því er þetta atriði varðar. Hann viðhafði ekki aðeins þau ummæli, sem ég tilfærði áðan, hann sagði einnig, að ég væri smámenni og níðhöggur. Jafnlífsreyndur maður og hæstv. ráðh., Bjarni Benediktsson, bregst ekki þannig við, þótt hann telji sig verða fyrir stríðni eða illkvittni, ekki þótt hann telji sig verða fyrir röngu ámæli. Þannig bregðast viðkvæmir menn við, þegar komið er við auman blett á þeim, þegar þeir finna sjálfir, að þeir verðskulda þá dóma, sem kveðnir eru upp yfir þeim.

Ég skal viðurkenna það, að um leið og hæstv. ráðh. lét uppi þessi viðkvæmu styggðaryrði í minn garð, tók ég að festa meiri trúnað á, að hugur kynni að geta fylgt máli í umtali hans um viðræður og samninga, jafnt við verkalýðshreyfinguna og stjórnarandstöðuna. Á það mun nú væntanlega reyna á næstunni, hvort sá hugur fylgir máli, en ég vil minna hæstv. forsrh. á það, að það er aðeins eitt atriði í þessu lagafrv., sem er samningsbundið við verkalýðsfélögin, og það er atriðið um kauptryggingu, visitölutryggingu á laun. Það er samningsatriði, sem ákveðið var 1964 og hefur staðið síðan, en á að rifta nú. Og það er af þessum ástæðum, sem sakir eru bornar á hæstv. ríkisstj.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni, að júnísamkomulagið hafi verið tímabundið, og hann vitnaði í ummæli sín, þegar verðtrygging á kaup var lögfest, þess efnis, að hann teldi þau lög því aðeins standast, að tiltekin skilyrði önnur væru uppfyllt. Mér hefur aldrei dottið í hug að vefengja, að hæstv. ríkisstj. gæti eins og aðrir losað sig frá samningum, sem hún kann að hafa gert, ef hún telur nauðsynlegt. En sú aðferð ein er sæmileg að segja slíkum samningum upp með hæfilegum fyrirvara, t. d. ekki skemmri fyrirvara en tíðkast við gerð kjarasamninga. Ég vil minna á það, að á síðasta ári kom hæstv. ríkisstj. upp sérstakri stofnun til þess að geta rætt og samið við samtök launafólks, atvinnurekendur og stjórnarandstöðuna einmitt um vandamál af þessu tagi. Þessi stofnun nefnist Hagráð og lög um hana voru samþ. 2. maí í fyrra. Þar segir svo í 17. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal Hagráð, er sé vettvangur, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka geti haft samráð og skipzt á

skoðunum um meginstefnuna í efnahagsmálum hverju sinni.“

Það hefði verið augljós lagaskylda hæstv. ríkisstj. að láta Hagráð fjalla um þau stórfelldu vandamál, sem við erum að ræða um, og þar hefði verið tilvalið tækifæri fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að fá það samráð og þá samvinnu við samtök launafólks og stjórnarandstöðu, sem ríkisstj. kveður sig nú hafa hug á. En Hagráð hefur ekki verið kvatt saman til fundar mánuðum saman og meira en það. Mér er kunnugt um, að einstakir hagráðsmenn hafa farið fram á fund í ráðinu á þessu hausti til þess að fjalla um vandamál atvinnuveganna, en við þeim óskum hefur verið þverskallazt. Óskin um samráð og samvinnu er ákaflega siðborin, en við skulum vona, að engu að síður sé með henni nægilegt lífsmark.

Ekki veit ég, hvers vegna hæstv. viðskmrh. tók dæmi af því, hvað ég mundi gera, ef ég væri forstjóri fyrirtækis, t. d. bæjarútgerðar, og tekjur fyrirtækisins drægjust saman, eða ef ég fengi snögglega minni tekjur til heimilishalds míns, hvort ég mundi þá ekki sníða mér stakk eftir vexti. Ég hef öldungis ekki haldið því fram, að ekkert þurfi að gera í íslenzku þjóðfélagi, öllu fremur hið gagnstæða. Árum saman höfum við Alþb.-menn gagnrýnt stefnu ríkisstj. og bent á, að hún væri að leiða þjóðina út í alvarlega ófæru. Þetta kom afar greinilega fram í kosningunum í sumar. Þá var það stjórnarliðið, sem klifaði á þeim boðskap, að öll vandamál þjóðfélagsins væru leyst. Það vorum við Alþb.-menn, sem vöruðum þjóðina við því, að stjórnarliðið mundi einmitt ráðast í aðgerðir hliðstæðar þeim, sem nú á að gera. Við höfum ekki verið óraunsæir, heldur raunsæir í mati okkar og till. Við höfum einmitt lagt til, að þjóðin sniði sér stakk eftir vexti. En við mótmælum því, að sá stakkur sé einvörðungu látinn þrengjast að þeim, sem lægstar tekjur hafa í þjóðfélaginu.

Hæstv. viðskmrh. ítrekaði einnig hér í ræðustóli þá fyrri frásögn sína, að þessar álögur ríkisstj. hafi verið samþ. einróma í miðstjórn Alþfl. Mér hefði verið mikil forvitni á því að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort þetta sé í raun og veru svo. Hafa þessar till. nokkurn tíma verið lagðar fyrir miðstjórn Alþfl? Hæstv. ráðh. er því miður ekki viðstaddur hér, en vera má, að einhverjir af flokksbræðrum hans geti svarað þessari spurningu. En ástæðan til þess, að ég ber hana fram, er sú, að einn af kunnustu forustumönnum Alþfl., miðstjórnarmaður og að því er ég hygg framkvæmdastjórnarmaður, Jón Sigurðsson, hefur margsinnis undanfarna daga lýst eindreginni andstöðu við þessar till. Hann gerði það sem aðili að samþykkt A. S. Í., áður en till. komu fram, hann gerði það sem aðili að sjómannaráðstefnu og hann gerði það seinast í viðtali við Þjóðviljann, sem birtist í blaðinu í morgun. Og ég vildi gjarnan lesa upp kafla úr ummælum Jóns Sigurðssonar, eins helzta forustumanns Alþfl., með leyfi hæstv. forseta. Jón Sigurðsson segir þar:

„Mér finnst hins vegar þessar álögur koma þungt niður á tekjulægstu launþegunum í landinu, ekki sízt hjá barnmörgum fjölskyldum á slíku framfæri, fyrir utan hvernig slíkar álögur leggjast á gamalmenni með ellistyrkinn, sjúklinga eða örorkufólk. Ég hef ætíð verið á móti nefsköttum í þessu formi, þar sem ekki er tekið tillit til aðstæðna, og mér finnst verkalýðshreyfingin ekki geta samþ. fyrir sitt leyti slíkar álögur. Slíkt hefur líka ætíð verið afstaða Alþfl. á liðnum árum.“

Ég ítreka þessa spurningu mína: Hafa þessar álögur, eins og þær eru lagðar hérna fyrir Alþ., verið samþ. í miðstjórn Alþfl.?

Ég hafði mikið gaman af því, þegar hæstv. viðskmrh. fór að tala um tölur. Um leið og hann fer að tala um tölur, verða öll vandamál svo yndislega einföld og auðskilin. Með svo sem tveimur tölum getur hæstv. ráðh. sannað svo til hvað sem er. Og hann hefur alveg sérstakt dálæti á meðaltölum. Í gær bjó hann t. d. til einn meðaltalsmann úr öllum verkamönnum og öllum iðnaðarmönnum á Íslandi. Og þennan meðaltalsmann lét hann hafa í kaup vegið meðaltal af öllum hugsanlegum kauptöxtum í dagvinnu, eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu að meðtalinni styttingu vinnutíma og lengingu orlofs. Og síðan sannaði hæstv. ráðh., að þessi meðaltalsmaður með meðaltalskaupið hefði notið svo og svo mikillar hækkunar á kaupmætti tímakaupsins og áhrifin af aðgerðunum nú yrðu svo og svo lítil. Ekki skal ég draga í efa, að reikningslistir af þessu tagi geti gefið vissar upplýsingar, ef menn halda sig innan þeirra marka, sem heimilt er, og draga ekki af þeim of víðtækar ályktanir.

Ég ætlaði mér að segja hæstv. ráðh. sögu af manni, sem trúði of fast á meðaltal. Það var hagfróður maður og átti heima í Svíþjóð. Einhverju sinni fór hann í gönguferð um hérað, sem hann þekkti ekki og hafði tekið með sér ferðabók til þess að rata. Hann kom að löngu vatni og mjóu og sá, að hann þurfti að taka á sig mikinn krók, ef hann fylgdi bakkanum. Hann tók því upp ferðabókina og gáði í hana og sjá, þar stóð skýrum stöfum, að vatnið væri aðeins 20 cm djúpt að meðaltali. Ferðalangurinn var alls hugar feginn, hoppaði fram af bakkanum, sökk á bólakaf og hefur ekki sézt síðan. Samt er ekkert vafamál, að talan í ferðabókinni var nákvæmlega rétt, vatnið var aðeins 20 cm djúpt að meðaltali.

Haldi hæstv. ráðh. áfram að trúa í blindni á meðaltöl og draga jafnvíðtækar ályktanir af meðaltölum sínum og hann gerði hér í gær, óttast ég, að illa kunni að fara fyrir honum í þeim langdregna stöðupolli, sem nefnist íslenzk pólitík.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir skýr og málefnaleg svör við fsp. mínum og aths. Ég hefði samt viljað fá meira að vita um nýju vísitöluna. Hæstv. ráðh. greindi aðeins frá því, hvernig hún hefði breytzt frá 1. febr. 1966 til 1. maí í ár. Eins og ég gat um í ræðu minni í gær, var mér forvitni á að vita, hvernig hún hefði breytzt á hinu svokallaða verðstöðvunartímabili. Það hefði gefið nokkra vísbendingu um það, að hve miklu leyti þar var um sýndarleik að ræða, eins og ég rakti nokkuð í ræðu minni í gær. En væntanlega

greinir hæstv. ráðh. frá þessum staðreyndum, þegar búið er að reikna vísitöluna lengra fram en til maímánaðar í ár.

Mér þótti býsna fróðlegt að heyra hæstv. ráðh. greina frá því, að niðurgreiðslur hefðu orðið óframkvæmanlegar með öllu, ef nýja vísitalan hefði verið í gildi. Það kostaði á annað hundrað millj. að greiða niður hvert vísitölustig samkv. henni. Þar sem vísitölurnar tvær hafa breytzt ámóta mikið að undanförnu, hefði hin svokallaða verðstöðvun kostað nær milljarð kr. í stað þeirra 410 millj., sem ríkisstj. komst af með samkv. gömlu vísitölunni. Þau 33 stig, sem ríkisstj. borgaði niður til skamms tíma, kostuðu ríkisstj. 950 millj. kr. á ári samkv. gömlu vísitölunni. Samkv. þeirri nýju hefði það kostað á þriðja milljarð kr. Þessar staðreyndir sýna, að það er sízt ofmælt, sem ég sagði í ræðu minni um niðurgreiðslurnar og hvernig þær hafa verið vísvitandi notaðar til þess að skekkja myndina af raunverulegum kaupmætti launa. Ég vil taka það skýrt fram, að það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., þegar hann telur, að ég hafi gagnrýnt þá till., að nýja vísitalan verði tekin upp. Ég tel hana miklum mun nákvæmari og réttari mælikvarða en þá gömlu, þótt það sé vissulega rétt hjá hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðssyni, að hitt er álitamál, hvernig ber að hafa grundvöll kaupgjaldsvísitölu. Hitt gagnrýndi ég og gagnrýni enn, að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að vitna í gömlu vísitöluna, þegar hún greinir frá því, hvað niðurgreiðslurnar hafi haft mikil áhrif, en í nýju vísitöluna, þegar hún þarf að sanna, hvað afnám niðurgreiðslna hafi lítil áhrif. Þar er um að ræða gersamlega ósæmilegar talnablekkingar.

Hæstv. fjmrh. staðfesti frásagnir mínar um starfsemi skattrannsóknadeildar og vanda þeirrar stofnunar, eftir að forstöðumaðurinn og þrír samverkamenn hans sögðu upp störfum sínum á þessu ári. Mér var sízt í huga að væna hæstv. ráðh. um það, að hann hefði brugðið fæti fyrir starfsemi þeirrar stofnunar. En þótt hæstv. ráðh. sé röggsamur húsbóndi í rn. sínu, er hann ekki einn um hituna. Hæstv. ráðh. hefur vafalaust spurnir af því ekki síður en ég, að háð hefur verið langvinn og harðvítug barátta gegn starfsemi skattrannsóknadeildar af valdamiklum aðilum í þjóðfélaginu, aðilum, sem hafa mikil áhrif, ekki sízt innan Sjálfstfl., einmitt þeim, sem mest óttast starfsemi þeirrar stofnunar. Það er meira að segja talið, að ólgan meðal fésýslumanna út af þessu máli hafi verið ein af ástæðunum til þess, að fyrirrennari hæstv. ráðh. Magnúsar Jónssonar valdi sér hægari sess úti í Kaupmannahöfn. Hæstv. ráðh. gat ekki heldur komið með neina skýringu á því, hvers vegna hinn dugmikli forstöðumaður deildarinnar hætti störfum þrátt fyrir þrábeiðni ráðh., aðra en þá, að verkefnið væri erfitt og óvinsælt í svona litlu þjóðfélagi. Virðast mér þau ummæli hæstv. ráðh. vera staðfesting á því, að forstöðumaðurinn hafi orðið fyrir svo miklum örðugleikum í starfi sínu, að hann hafi talið aðstöðu sína algerlega óviðunandi. Ég tel það mikið alvörumál, að svo hefur til tekizt, einmitt vegna þess að hinar takmörkuðu rannsóknir, sem deildin hefur framkvæmt allt til þessa, eru óræk staðfesting þess, hversu stórfelld skattsvikin eru. Ég staðhæfði í ræðu minni í gær, að þar væri um að ræða upphæðir, sem nema mörgum hundruðum millj. kr. á ári, og hæstv. fjmrh. vefengdi ekki þá niðurstöðu. En þá er mér spurn: Er það nokkur hemja að ætla með stórfelldum álögum á hversdagslegustu matvæli launafólks að hirða þær upphæðir sem forréttindamenn ræna undan skatti? Er ekki einsætt, að hæstv. ríkisstj. ber að tryggja skattrannsóknadeildinni aukinn liðskost og stórbætta vinnuaðstöðu til þess að innheimta þær fjárfúlgur, sem þegar hafa verið lagðar á, jafnframt því sem gerðar væru þær lagabreytingar, sem gera söluskattsþjófnað óframkvæmanlegan.

Í lok ræðu sinnar í gær vék hæstv. fjmrh. nokkrum orðum að þeim almennu sjónarmiðum, sem borið hefur á góma í þessum umr., og spurði m. a., hvar gróðann væri að finna, þar sem kunnugt væri, að atvinnurekendur og launamenn kvörtuðu hvorir í kapp við aðra. En því fer mjög fjarri, að allir hafi haft ástæðu til þess að kvarta eða hafi kvartað á Íslandi á undanförnum árum. Ég hlustaði til að mynda ekki alls fyrir löngu á viðtal við mjög kunnan kaupsýslumann í ríkisútvarpinu, þar sem hann greindi frá því sérstaklega, hversu ánægjulegt hefði verið að starfrækja þvílíkan atvinnurekstur á Íslandi á undanförnum árum, þá hefði verið gullöld og gleðitíð. Um það atriði er raunin ólygnust, verzlunarhallirnar miklu, sem risið hafa hver annarri veglegri í höfuðborginni og dregið til sín hundruð og aftur hundruð millj. kr. Þar er um að ræða óvefengjanlega gróðasöfnun, sem hæstv. ríkisstj. hefur samt engan hug á að skattleggja. Samt er hin þjóðfélagslega sóun í þessum atvinnurekstri vafalaust miklum mun meiri. Þar er um að ræða óhemjulega yfirfjárfestingu og stórfellda sóun á vinnuafli. Þar er haldið uppi kerfi, sem er margfalt kostnaðarsamara en það þyrfti að vera. Hæstv. viðskmrh. hefur greint frá því, hvernig verzlun og kaupsýsla og bólgin bankastarfsemi hafa á undanförnum árum dregið til sín stærstan hlut af vinnuafli þjóðarinnar. Ríkisstj., sem leyfir sér að nefna framleiðni í sambandi við þær ráðstafanir, sem hér eru til umr., hefði sannarlega átt að beina athygli sinni að sóuninni og framleiðniskortinum í hvers kyns þjónustustarfsemi og verzlun. Þar fara auk gróða einstakra aðila í súginn árlega verðmæti, sem nema vafalaust mun hærri upphæðum en sú fúlga, sem hæstv. ríkisstj. telur sig þurfa til þess að jafna halla fjárlaganna.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði í rauninni ekki ætlað að taka til máls aftur við þessa umr., því að ég geri ráð fyrir því, að nægileg tækifæri gefist síðar til þess að ræða þau efni, sem hér hefur borið á góma, síðar á hv. Alþ., hvað sem verður nú um meðferð þessa frv. En það var þó örfátt í ræðu hæstv. dómsmrh., sem gefur mér tilefni til að segja fáein orð. Mér fannst ræða hans vera mjög óvönduð, því að hann gerði mér upp ýmislegt, sem ég hafði alls ekki sagt, og svaraði því, og við þann málflutning kann ég afar illa. Mér finnst, að slíkt ætti ekki að eiga sér stað. M. a. sagði hæstv. ráðh., að ég

hefði sagt, að vandinn væri enginn og ekkert þyrfti að gera. Þetta eru alger öfugmæli. Ég hef þvert á móti lagt áherzlu á, að vandinn væri mikill og margt þyrfti að gera, og ætla ekki að fara að endurtaka það hér, sem ég hef áður sagt um það efni, en aðeins leiðrétta þessa rangfærslu hjá hæstv. ráðh.

Það var auðheyrt, að hæstv. ráðh. var heldur illa við þau dæmi, sem ég hafði fært fram til þess að sýna, að lánastefna ríkisstj. væri mjög óheppileg fyrir atvinnulífið. Ég nefndi nokkur dæmi, og hann minntist á tvö þeirra, sem hann taldi mjög illa valin, og hann sagði raunar, að það, sem ég hefði haft eftir tímariti iðnaðarmanna um málefni Bílasmiðjunnar væri marklaust, og ég held, að hann hafi kallað það fleipur. Mér finnst þetta mjög harður dómur um þetta tímarit iðnaðarmanna, og ég trúi því ekki, að það eigi skilið þennan vitnisburð frá iðnmrh., — ég trúi því ekki. Það, sem ég upplýsti, var úr þessu riti, sem sé um það, að umrætt fyrirtæki hefði lagt í stofnkostnað upp á 15.3 millj. kr., en eina lánið, sem það hefði fengið í þessu skyni, hefði verið 2½ millj. Ráðh. mótmælti þessu í raun og veru ekki, en sagði aðeins, að ritið færi með fleipur.

Ráðh. gaf í skyn, að ég hefði talað um eymdarfyrirtæki. Þetta er hreinasta fjarstæða og undur, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að viðhafa slík orð. Ég sagði ekkert í þá átt. Ég ýjaði ekki í þá átt að gera lítið úr fyrirtækinu, heldur þvert á móti, enda er mér vel kunnugt um það, þó að hæstv. ráðh. haldi, að ég kunni ekki deili á því, að hér er um mjög myndarlegt fyrirtæki að ræða.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að einmitt þetta fyrirtæki hafði þurft að leita til sjálfrar ríkisstj. til þess að koma viðskiptum sínum áleiðis. Hvað sannar þetta? Það sannar það, sem ég sagði, að sú almenna lánastefna er þannig, leikur fyrirtækin þannig, að ef þau eiga að koma viðskiptum sínum eitthvað verulega áleiðis, verða þau að leita sérstaklega til yfirvaldanna. Þetta er einmitt ein sönnun enn fyrir því, að það er rétt, sem ég hef haldið fram, að þessi málefni þyrfti að endurskoða frá rótum í öllum aðalgreinum, vegna þess að það er ekki aðeins þetta fyrirtæki, sem þyrfti á sérstakri fyrirgreiðslu ríkisstj. að halda til þess að sjá málum sínum borgið, heldur eru þau mýmörg. En þetta fyrirtæki virðist hafa átt því láni að fagna að fá sérstaka fyrirgreiðslu, sem öðrum fyrirtækjum er ekki veitt, og þetta sýnir, að það var réttmætt, sem ég benti á. En þetta hefur gerzt síðan tímarit iðnaðarmanna gerði þessi mál að umræðuefni.

Alveg það sama er að segja um stálskipasmiðina. Það, sem ég sagði um hana, var upp úr þessu sama riti, og ég efast ekkert um, að það er alveg rétt, enda kom það fram hjá hæstv. ráðh., að þar hefur þurft á sérstakri meðferð að halda, til þess að málefni þessa iðnaðar gætu fengið nokkra þróun. Og það stendur vitanlega alveg ómótmælt, sem þeir lögðu áherzlu á í þessari grein og ég benti á, að það yrði að gera ráðstafanir til þess að stórauka lánsfyrirgreiðslu þessara stöðva með lægri vöxtum og betri kjörum en nú eru í boði, ef vel ætti að fara.

Hæstv. ráðh. minntist á þriðja atriðið og gerði það á þann hátt, að það er dálítið táknrænt einmitt fyrir það, sem ég tel, að eigi mikinn þátt í því, hversu ömurlega hefur gengið, og það var um stöðlunina. Hann gerði eiginlega grín að stöðluninni, hafði hana í flimtingum og það starf, sem að því lýtur. Hann sagði, að það væri undarlegt, að ég skyldi gera mikið úr þessu, því að það, sem hér hefði skeð, væri það, að það hefði tafizt að gefa út fyrirmæli um lestur prófarka og stærð á umslögum, og manni heyrðist á hæstv. ráðh., að það væri svo sem ekki skaði skeður, þó að einhver dráttur yrði á slíku, og bæri ekki neinn sérstakan vott um lélega stjórn á málefnum iðnaðarins eða á grundvallarmálum atvinnulífsins.

Þannig talaði hæstv. ráðh. um þetta, og þetta heyrðu hv. þm. í dag, hvernig hann tekur á þessu. En hvað var það, sem ég upplýsti? Var það þetta? Ég leyfi mér að benda á það aftur, hvað það var, sem ég upplýsti. Ég upplýsti, að forstöðumaður þessarar stofnunar, sem heyrir undir rn. þessa hæstv. ráðh., segir, að stöðlun hafi torveldazt mjög, og hann segir: „Virðist ekki úr vegi að skýra á þessum vettvangi frá orsökinni. Hún er einfaldlega sú, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki tekizt að ráða verkfræðinga til stofnunarinnar á þeim launakjörum, sem tilskilin eru samkv. launastiga opinberra starfsmanna, til þess að helga sig stöðlunarmálunum. Hefur staðið við svo búið síðan á miðju ári 1961, en þá neyddist stofnunin til að leggja á hilluna allmörg verkefni, sem að var unnið um þær mundir, öll á sviði byggingariðnaðar.“ Og síðan segir þessi forstöðumaður þessarar stofnunar: „Hvort tjón hlýzt af drætti og seinagangi stöðlunar, má e. t. v. meta út frá þeirri forsendu, að Þjóðverjar telja, að stöðlun í byggingariðnaði geti haft í för með sér allt að 40% sparnað.“

Þetta segir forstöðumaður þessarar ríkisstofnunar, sem heyrir undir ráðh. En hann kemur hér, hæstv. ráðh., og hefur störf þessarar stofnunar í flimtingum og segir að efni til, að það sé ekki svo sem mikill skaði skeður, þó að það hafi dregizt eitthvað að ákveða pappírsstærðir og fyrirkomulag prófarkalesturs. Þetta er kannske ekki svo lítið dæmi um, hvernig hlýtur að fara, þegar þeir, sem með stjórn þessara mála fara, hugsa eins og hæstv. ráðh. gerir og sést á því, sem hann lætur sér nú um munn fara. Hér er þó sannarlega ekki um neitt smámál að ræða, og myndarskapurinn er þessi, að það hefur ekki tekizt að leysa úr því síðan 1961 að fá sérfróðan starfsmann að stofnuninni. En verkefnið segir sjálfur forstöðumaðurinn, að sé þannig, að Þjóðverjar telji, að í byggingariðnaðinum geti það, ef vel tekst, munað allt að 40% af byggingarkostnaði, en byggingarkostnaður á Íslandi er eitthvert erfiðasta vandamál þjóðarinnar. En ráðh., sem á að sjá um þessi mál, kemur hér og talar eins og hann gerði í dag. Þetta mundi ég leyfa mér að kalla hneykslí.

Ég skal svo ekki framlengja hér þær almennu umr., sem hafa orðið um þetta frv. Ég vil aðeins benda á eitt enn, sem hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðh. öllum, og það er þetta, að verðbólgan hér stafi af því, að þjóðartekjunum hafi verið dreift, eins og menn sjá á því, að kaup-

gjald hafi hækkað mikið umfram framleiðslukostnað. Sannleikurinn er á hinn bóginn sá, og það er auðvitað aðalatriði þessa máls, að ef við lítum í nálæg lönd, hefur kaupmáttur tímakaups þar áreiðanlega vaxið meira en hér hjá okkur. En verðlag hefur hækkað miklu minna í þessum löndum og framleiðslukostnaður. Kaupmáttur tímakaups hefur sem sé áreiðanlega vaxið miklu meira. Þetta er vegna þess, að í þessum löndum hefur verið minni verðbólga og því meiri dreifing þjóðartekna en hér til almennings. Auðvitað er það ekki leiðin til þess að dreifa þjóðartekjunum að magna verðbólgu. Meginhlutinn af þeim framleiðslukostnaðarhækkunum, sem orðið hafa hér og hækkuðum launum í krónutölu er vegna verðbólgunnar. En raunverulegur vöxtur tímakaupsins er mjög lítill, raunveruleg aukning kaupmáttar tímakaupsins er mjög lítil. Ef stjórninni hefði tekizt það, sem hún sagðist ætla sér, þegar hún tók við, að koma hér á stöðugu verðlagi, því að það var hennar fyrsta boðorð, og að stöðva verðbólguna, hefði tímakaup hér ekki þurft að hækka neitt í áttina við það, sem orðið hefur að krónutali, til þess að dreifa þjóðartekjunum skynsamlega. Meginhlutinn af hækkuninni á kaupinu hér er því vegna verðbólgunnar, afleiðing af verðbólgunni. Þetta sýnir, að bezti grundvöllurinn til dreifingar á þjóðartekjunum, er sá, að hafa hemil á verðbólguþróun og kaupið geti hækkað nokkuð jöfnum skrefum. Það er þetta, sem gerzt hefur víða í kringum okkur, en hér hefur þeim mistekizt algerlega. Þetta snýr því alveg öfugt við það, sem hæstv. ráðh. vilja vera láta.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka mikinn þátt í þessum umr., enda gerist þess ekki þörf, því að fyrir málinu hefur verið gerð ýtarleg grein af hálfu ríkisstj., og hef ég þar litlu við að bæta. En það var hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, sem talaði hér áðan, sem gaf mér tilefni til að segja hér nokkur orð.

Hann vildi láta liggja að því, að hæstv. viðskmrh. hefði ekki farið nákvæmlega rétt með hér í gær, þar sem hann sagði, að málið hefði verið ágreiningslaust samþ. í miðstjórn Alþfl. Ég var þar sjálfur viðstaddur og vissi, hvernig málin voru þar afgreidd, og þar sem hæstv. viðskmrh. er ekki hér staddur nú og getur þess vegna ekki borið af sér sakir, skal ég fara um þetta nokkrum orðum.

Málið var rætt og lagt fyrir miðstjórnina á venjulegan hátt. Því var lýst þar í einstökum atriðum, alveg nákvæmlega, og að umr. loknum var samþ. að fela okkur ráðh. Alþfl. að fara með málið á þann hátt og á þeim grundvelli, sem lagt var til í till. ríkisstj. Þetta þýðir vissulega ekki það, að allir meðlimir miðstjórnarinnar væru ánægðir með þessa afgreiðslu út af fyrir sig, og þóttu ýmsum þetta harðir kostir. En þeir gerðu sér allir grein fyrir því, að hér var um mikið vandamál að ræða, þar sem ríkissjóð skorti 750 millj. kr. til þess að fá jafnvægi í fjárl., og það yrði að gera einhverja miður vinsæla hluti til þess að ná þar endum saman. Það voru ýmsar leiðir, sem hafa verið til umr. í ríkisstj. til þess að ná endunum saman og reyna að vinna að lausn málsins, og eftir að allir möguleikar, sem ríkisstj. kom auga á, höfðu verið athugaðir, var þessi kostur valinn, sem hér liggur fyrir í þessu frv. Og þó að menn séu ekki ánægðir með þær ráðstafanir, sem hér þarf að gera, hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta varð að gera af illri nauðsyn.

Það getur vel verið, að Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambands Íslands, hafi lýst því, annaðhvort í Þjóðviljanum eða annars staðar eða hvort tveggja, að hann væri ekki ánægður með þessar ráðstafanir, og það eru sjálfsagt margir, bæði Alþfl.-menn og aðrir, sem ekki eru ánægðir með þær. En þeir hafa bara ekki komið auga á aðra leið til þess að leysa vandann. Og ég vil í því sambandi benda á, að hér hefur af hálfu ríkisstj., af hæstv. forsrh. verið á það bent, að ef aðrar leiðir fyndust, sem léttbærari þættu, væri ríkisstj. opin fyrir því að hlusta á þær.

Hann vildi líka láta liggja að því, hv. þm., að þær tölur, sem hæstv. viðskmrh. nefndi um kaupmátt launa, hefðu ekki verið nákvæmar, getur maður sagt, vegna þess að þar væri um meðaltöl að ræða. En þær tölur, sem hann nefndi, voru meðaltal af tímakaupi verkamanna og iðnaðarmanna, ekki ákvæðisvinnukaupi, heldur tímakaupi. Og hann lýsti því, hvernig kaupmáttur þessa meðaltalstímakaups hefur aukizt. Hv. 6. þm. Reykv. bar engar brigður á það, að þetta væri rétt og nákvæmlega frá sagt, en hann vildi bara láta líta svo út, að af því að það væri meðaltal, væri það ekki réttur mælikvarði. En vissulega eru meðaltöl alveg jafngóð til þessara útreikninga eins og þó að teknir séu einstakir liðir þeirra upphæða, sem inn í meðaltalið ganga.

Ég skal svo ekki lengja umr. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, að það var samþ. í miðstjórninni án nokkurra mótmæla að fela okkur ráðh. flokksins að ganga frá málinu og á þann hátt, sem við höfðum lýst því, svo sem við gerðum allýtarlega, og eins hitt, að meðaltalið, sem hæstv. viðskmrh. nefndi um kaupmáttinn, er, að ég ætla, nákvæmlega rétt, enda hefur þeim tölum ekki verið mótmælt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna síðustu ummæla hv. 1. þm. Austf. vil ég einungis leggja áherzlu á það, að mestu máli skiptir, að óumdeilanlegt er, að á síðustu árum, þ. e. a. s. frá árslokum 1959 þangað til nú, hafa lífskjör almennings á Íslandi a. m. k. batnað um þriðjung og nálgast í mörgum tilfellum, að þau hafi batnað um helming. Ef menn miða verðlag nú við það, sem var í upphafi þessa tímabils á útflutningsvörum landsmanna, og segja: Vandinn er enginn, þarf ekki að vera neinn, vegna þess að verðlagið nú eftir þessar gífurlegu lækkanir er þó ekki lægra en var, — þá verða menn að líta á þá kostnaðarhækkun, sem atvinnuvegirnir hafa orðið fyrir við þennan lífskjarabata og hækkanir á verðlagi. Arðurinn af auknum afla og hagkvæmni hefur runnið til almennings jafnóðum. Einmitt þess vegna er óhjákvæmilegt, að skerðingin bitni á öllum almenningi. Fram hjá

því komumst við ekki, hvort sem við viljum eða viljum ekki. Þetta er óhagganleg staðreynd, sem ekki verður með neinu móti umflúin.

Hv. 6. þm. Reykv. var eitthvað sár við mig, eins og raunar kom fram í blaði hans í morgun, út af ummælum, sem hann taldi að ég hefði beint til sín hér í gær. Hann minnti mig þá á sögu af bónda, sem kærði til yfirvalds og sagðist hafa verið úti í haga með hund sinn, þá hefðu menn komið þar að og einn hefði hrópað: Skjótið þið helvítis hundinn, og hann átti við mig, sagði bóndinn. Hv. þm. tók til sín ummæli, sem ekki voru sérstaklega af mér tilfærð upp á hann, sumpart var ég raunar að vitna í hans eigin ummæli. En það gleður mig, að hann skuli skilja sína eigin skömm og taka það til sín, sem hans framkoma hér í gær átti skilið. Annað er það, að það var allt annar bragur yfir ræðu hans í dag. Hann hafði tekið sér til lærdóms þær umr., sem hér urðu. Hann reyndi að vísu enn að klóra í bakkann með það, að ég hefði á einhvern hátt brugðizt júnísamkomulaginu, og vitnaði því til styrktar í ummæli hv. 2. landsk. þm., *Eðvarðs Sigurðssonar, sem einmitt staðfesti* í einu og öllu það, sem ég hafði sagt, og sagðist vel muna eftir mínum fyrirvörum, áður en samningurinn var undirritaður, og yfirlýsingunni, sem ég gaf á Alþingi, þegar frv. var lagt fram, um, að verðtryggingin væri ekki skuldbindandi fyrir ríkisstj., nema þetta eina samningstímabil. Þetta er óhnekkjanlegt með öllu.

Hitt er svo allt annað mál, að hv. 2. landsk. þm. færði að því alveg fullgild rök, að vitanlega hefðu verkalýðsfélögin samið öðruvísi á undanförnum árum, ef verðtryggingin hefði ekki verið fyrir hendi. Þetta er viðurkennt af mér og hefur aldrei verið vefengt, og það er einnig óvefengjanlegt, að verðtryggingin er forsenda þeirra samninga, sem gerðir hafa verið, að svo miklu leyti sem nokkrir samningar eru fyrir höndum milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. En það er þá einnig rétt að minna á það í þessu sambandi, að frá því í okt. 1966 eru langflestir samningar lausir milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaganna, vegna þess að sumarið 1966 fengust verkalýðsfélögin ekki vegna óvissu, sem þau töldu vera fram undan, til þess að semja nema fram til 1. okt. og fengu þá almenna grunnkaupshækkun, a. m. k. Dagsbrúnarfélagið hér í Reykjavík, þar sem lágmarkið var 3½%. Það er einnig rétt að minna á það, að ríkisstj. var með réttu eða röngu ekki neinn aðili að þessum samningum og aðvaraði gegn gerð þeirra, vegna þess að hún taldi, að eftir atvikum væri slík samningsgerð, a. m. k. til svo skamms tíma, ekki hyggileg. Aðilar töldu engu að síður rétt að gera þá samninga. Ég hef aldrei ásakað þá eftir á fyrir það. Ég skildi ofurvel aðstöðu þeirra. En ríkisstj. kom þar hvergi við sögu nema með sinni aðvörun. Og það er enn til áherzlu þess, að samningsleg skuldbinding um verðtryggingu af hálfu ríkisstj. er auðvitað því frekar úr sögunni, í fyrsta lagi, þegar því er lýst yfir, að hún gildi einungis eitt ár, í öðru lagi, að hún gildi einungis, á meðan grunnkaup er óbreytt, og þegar síðan er farið að semja einungis til fjögurra mánaða, að vísu að 2 árum liðnum, og loksins eftir að allir samningar eru lausir á milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Hvernig er þá hægt að tala um, að það sé samningsrof, að aðili, sem hafði fyrir fram lýst yfir því, að hans skuldbinding í þessu efni stæði hvort eð er ekki nema um eitt ár, og það ár var liðið 5. júní 1965, og gerði aðra fyrirvara, að halda því fram, að hann einn væri bundinn, eftir að allir aðrir eru lausir við allar sínar skuldbindingar og engir samningar eru fyrir höndum? Nei, ásakanir um brigðmælgi og svik, þegar þannig stendur á, eru auðvitað gersamlega út í bláinn og fá ekki með neinu móti staðizt.

Hitt er svo rétt og liggur þegar í því, að samningar eru lausir, að það er viðbúið, að verkalýðshreyfingin noti sitt frelsi til þess að ná öðrum hlunnindum á móti verðtryggingunni, ef hún telur efni standa til þess. Það er alveg ljóst. En verðtrygginguna á ekki heldur að afnema fyrir fullt og allt, ég legg áherzlu á það. Og það á ekki að binda skv. því frv., sem hér liggur fyrir, samningsrétt verkalýðsfélaganna. Þau hafa sinn samningsrétt eftir sem áður, þau geta knúið fram kauphækkanir, ef þau hafa mátt til þess og ef þau telja það rétt. En einmitt þess vegna er mikilsvert, ekki vegna þess, að ríkisstj. hafi gengið á bak nokkrum loforðum, hvorki í heild né ég sem hennar forsrh., heldur vegna efnis málsins, þá er mjög mikilsvert, að það sé reynt að ná samkomulagi við verkalýðsfélögin um þetta mikla vandamál, sem hér er um að ræða.

Og það var einmitt það sérstaklega eftirtektarverða í ræðu hv. 2. landsk. þm., sem skar sig mjög úr ræðum allra annarra hv. stjórnarandstæðinga, ekki einungis það, að hann viðurkenndi, að ég hafði efnislega sagt satt frá um það, sem mig og hv. 6. þm. Reykv., flokksbróður hans, greindi á, þó að hv. 2. landsk. þm. segði, að vegna þess að júnísamkomulagið væri þannig úr sögunni, væru verkalýðsfélögin óbundin, — það er allt annað mál, — að hann lýsti því skýlaust yfir, að hann teldi rétt að reyna samninga milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. Þetta er sú þýðingarmesta yfirlýsing, sem fram hefur komið í umræðunum af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, og er vissulega þess verð, að eftir henni sé tekið. Hv. þm. lýsti því enn fremur yfir, að hann teldi, að hér væri við mjög mikla og alvarlega erfiðleika að etja, sem hann á engan hátt vildi gera lítið úr, gagnstætt því, sem aðrir hv. stjórnarandstæðingar höfðu gert. Og hann sagði loksins það sama, sem ég lagði á höfuðáherzluna af hálfu ríkisstj., að það, sem fyrst og fremst vakir fyrir okkur, er að forðast atvinnuleysi, og hv. þm. sagði einmitt, að það, sem mestu máli skipti og réði úrslitum, væri: Er hægt að koma í veg fyrir atvinnuleysi eða ekki? Það er vegna þess, að við erum sannfærðir um það, að þær till., sem við hér leggjum fram, eru, eins og á stendur, forsenda þess, að fram hjá þessu böli verði komizt, sem ég fagna því, að samkv. þessari yfirlýsingu séu vonir til þess, að samningaviðræður verði reyndar milli ríkisvaldsins og verkalýðshreyfingarinnar. Hitt legg ég áherzlu á, að það var auðvitað ekki hægt fyrir fram að hefja slíkar viðræður vegna þess, hvers eðlis þær ráð-

stafanir voru, sem óhjákvæmilega þurfti að mati stjórnarinnar að gera og lýstu sér með þeim aðgerðum, sem í þessari viku hafa verið framkvæmdar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að þræta frekar um það, sem hér hefur verið um deilt. Eins og menn hafa sagt, verður vafalaust að mörgu af því vikið síðar á þinginu. Aðalatriðið er auðvitað þetta, að menn festi sig ekki í gömlum deilum eða annarlegum efnum eins og því, sem við vitum að er æðsta hugsjón Framsfl., a. m. k. hins virðulega formanns hans, að koma núverandi ríkisstj. frá. Þetta getum við skilið. Þetta er lögmætt og eðlilegt hugsjónamál hv. 1. þm. Austf. En þetta skiptir ekki öllu máli né ágreiningur okkar um ótalmörg önnur efni. Aðalatriðið er það nú: Kunnum við að bregðast við mesta áfalli, sem íslenzkt efnahagslíf hefur orðið fyrir frá árinu 1931? Það er það, sem við verðum eftir dæmdir. Ef okkur tekst að leysa þann vanda í sameiningu, opnar það leið fyrir margs konar öðru samstarfi í þjóðfélaginu, það skulum við gera okkur ljóst. En þeir, sem skorast undan að leggja lið að lausn þess vanda og reyna að magna hann, þeir munu einnig dæma sig úr leik, ekki einungis hér á þingi að þessu sinni, heldur um framvindu þjóðmálanna um langt árabil.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Nd., 19. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, BBen, BGuðm, BrS, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BF, SB.

nei: GJ, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HV, IG, JSk, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, VH, KTh, ÁÞ.

3 þm. (JÁ, EmJ, HS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 56 og 57, 58).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um efnahagsaðgerðir á þskj. 57 og eins og fram kemur, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. leggur til, að frv. á þskj. 57 verði samþ., en minni hl. leggur til, að frv. verði fellt.

Fjhn. hefur haft málið til meðferðar nú um nokkurn tíma, og til n. komu til viðræðna þeir aðilar, sem fjallað höfðu um samningu frv., til þess að ræða við n. og skýra einstök atriði, sem nm. höfðu fsp. um. En þeir voru þeir Klemenz Tryggvason hagstofustjóri, Davíð Ólafsson bankastjóri og Jónas H. Haralz forstjóri Efnahagsstofnunarinnar. Eftir að nál. höfðu verið gefin út, bárust erindi til n., annars vegar frá Samlagi skreiðarframleiðenda og hins vegar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem n. mun athuga á milli 2. og 3. umr., þar sem þessi erindi höfðu ekki borizt fyrir afgreiðslu málsins.

Efni þess frv., sem hér er til 2. umr., er skipt í fimm kafla. I. kafli frv. fjallar um nýjan vísitölugrundvöll, og fyrir nokkru var útbýtt á Alþingi fréttatilkynningu frá kauplagsnefnd og hagstofunni um nýja vísitölu framfærslukostnaðar. Í þessari fréttatilkynningu er gerð grein fyrir því, sem á var talið vanta í sambandi við grg. með frv., og ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þær breytingar, sem hér er gert ráð fyrir að eigi sér stað, en það er gert ráð fyrir í frv., að á næsta ári, 1. marz 1968, taki gildi ný vísitala, sem yrði með grunntölunni 100, og gert er ráð fyrir því í þessu frv., að sú hækkun, sem orðið hefði vegna hækkunar landbúnaðarvöruverðs og annarra ráðstafana í þessu frv. og í fjárl., hækkun á vísitölunni, sem því næmi, félli niður. Í II. kafla frv. er gert ráð fyrir áframhaldandi verðstöðvun á næsta ári. III. kaflinn fjallar hins vegar um atriði, sem Alþ. hefur áður fjallað um, þ. e. a. s. ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og hér teknar inn þær greinar, og þær fjárhæðir, sem hér um ræðir, eru svo einnig inni í fjárlagafrv. Í IV. kafla frv. er gert ráð fyrir því, að lögfest verði heimild til þess að leggja á 3000 kr. farmiðagjald fyrir þá, sem ferðast til útlanda. Og í V. kafla frv. er gert ráð fyrir breyttri skipan á ýmissi skattheimtu, þ. e. a. s. margföldun fasteignamats til eignarskatts, breytingu á lágmarksskattgjaldseign úr 100 þús. í 200 þús. og að felld verði niður undanþága frá söluskatti af pósti og símaþjónustu.

Fjhn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, eins og ég gat um áðan. Meiri hl. n. flytur hins vegar brtt. við frv. á þskj. 58 og leggur til í sínu nál., að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem þar eru lagðar til.

Við 1. umr. þessa máls gat forsrh. þess í sinni ræðu, að ekki hefði verið mögulegt að hefja viðræður við launþegasamtökin um efni þessa frv., og gat þess, að ríkisstj. væri reiðubúin til þess að hlusta á till. og ræða við þá aðila, ef þess yrði óskað. Sú ósk kom fram, og viðræður áttu sér stað við nefnd skipaða af Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Eins og hv. þdm. er kunnugt, leiddi ekki til samkomulags af þeim viðræðum, en ríkisstj. fór þess á leit við fjhn., að n. flytti brtt. við frv., sem væru byggðar á því tilboði, sem ríkisstj. gaf þessari n. um breytingar á frv.

1. brtt. er þess efnis, að á eftir 5. gr. komi ný gr., sem yrði þá 6. gr. og greinanúmer breyttust samkv. því, og gr. hljóðaði þannig.

„Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að kaupgreiðsluvísitala, eins og hún hefur verið reiknuð samkv. 5. gr., skuli hækka um 1 stig í hvert skipti hinn 1. maí og 1. nóvember 1968 og hinn 1. maí 1969.

Á árinu 1968 skuli lögboðnar bætur lífeyristrygginga samkv. l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og síðari breytingum á þeim l. hækka um 5%. Hækkun fjölskyldubóta skal þó bundin við bætur vegna barna umfram eitt í hverri fjölskyldu.

Hækkun samkv. 2. mgr. þessarar gr. skal greidd að fullu úr ríkissjóði.

Eigi skal greiða tekjuskatt né útsvar af hækkun fjölskyldubóta samkv. 2. mgr. þessarar gr.“

Þessi brtt. er í samræmi við það tilboð, sem fram kom af hálfu ríkisstj. í viðræðum við nefnd ASÍ og BSRB.

Þá er 2. brtt. 1. málsl. 15. gr., sem þá verður 1. gr., orðist svo:

„Sjóður sá, sem um ræðir í 15. gr., greiðir verðbætur á frystar fiskafurðir, framleiddar á árinu 1967 og 1968, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og á frystar rækjur, framleiddar á tímabilinu október—desember 1967 og á árinu 1968.“

Það hefur orðið mikið verðfall á frystum rækjum á þessu ári miðað við verðlag, sem var á árinu 1966. Það mun láta nærri, að það verð, sem nú er unnt að fá fyrir frystar rækjur, sé ⅓ til ¼ lægra eftir því, hvort um væri að ræða óskelflettar eða skelflettar rækjur. Þegar vandræði stöfuðu af þessum hlutum á Vestfjörðum fyrir nokkru, var gert samkomulag um, að þessi atriði, sem hér um ræðir, yrðu tekin inn í verðjöfnunarsjóðinn, og er þessi till. flutt samkv. því.

3. brtt. er við 19. gr., sem þá er orðin 20. gr., og hún er umorðuð. Lagt er til, að hún hljóði þannig:

„Hver sá einstaklingur, sem fer frá Íslandi til annarra landa, skal greiða gjald til ríkissjóðs, sem nefnist farmiðagjald, samkv. ákvæðum 21.—25. gr.

Undanþegnar gjaldskyldu eru lögskráðar áhafnir skipa og loftfara svo og börn undir 7 ára aldri. Enn fremur erlendir ferðamenn og útlendingar við atvinnustörf á Íslandi. Þó eru hinir síðarnefndu því aðeins undanþegnir gjaldskyldu, að dvalartími þeirra sé skemmri en eitt ár.“

Meginbreytingin við 19. gr., sem hér er lagt til að verði, er, að þeir aðilar, sem hingað koma í atvinnuleit, verði ekki skyldir til farmiðagjaldsins, nema þeir dveljist hér lengri tíma en eitt ár, þ. e. a. s. ef hingað kæmu sjómenn á vertíð, sem dveldust hér aðeins í 3—4 mánuði, þá er ekki gert ráð fyrir því, að þeir greiði nefnt farmiðagjald.

Síðan er við 31. gr. eðlileg breyting, að í stað 1. nóvember er lagt til, að heimild til að leggja á farmiðagjald miðist við 1. janúar 1968.

Efnahagsmál eru það viðfangsefni, sem öll stjórnvöld og þeir, sem stunda rekstur, hafa ævinlega að glíma við. Það skiptir ekki máli, hvort vel árar eða á móti blæs. Þegar vel árar, er viðfangsefnið, hvernig þjóðfélagsþegnarnir bezt fá notið þess ábata, sem fyrir hendi er, hversu mikið eigi að fara til skiptanna og þá hvernig skipta eigi, og svo hitt, hversu miklu skal óskipt og lagt til hliðar til þess að mæta áföllum. Þegar illa árar, er viðfangsefnið, hvernig bregðast eigi við vandanum og komast yfir þau tímabil á sem léttvægastan hátt. Auðvitað væri æskilegast, að varasjóðir væru ævinlega svo gildir, að aldrei þyrfti að þrengja að. Slíku er ekki að fagna og ekki að búast við því, að sú uppfinning eigi sér stað, sem leysa mundi efnahagsmál einstaklinga eða heilla þjóða fyrir alla framtíð.

Festa og stöðugleiki í stjórn er tvímælalaust ein af undirstöðum jafnvægis í efnahagslífi einnar þjóðar. S. l. 8 ár hefur sama stjórnarstefna ríkt í landi voru, en svo langt og samfellt stjórnarsamstarf hefur ekki átt sér stað fyrr. Um mjög góðan árangur þeirrar efnahagsstefnu, sem fylgt hefur verið, verður ekki deilt. Þegar hins vegar slíkar aðstæður skapast sem nú eru, stendur ekki yfirleitt á því, að hv. stjórnarandstæðingar láti í sér heyra, og við slík tækifæri vill oft þannig verða, að reynt er að láta þá hluti, sem liðnir eru, gleymast undir kringumstæðunum, þannig að ákvarðanir séu teknar án fyrirhyggju og samhengislaust við það, sem áður hefur skeð. Ár eftir ár höfum við hlustað á hv. stjórnarandstæðinga halda því fram, að allt sé að sigla í strand. En þeir þurfa að vera í atkvæðasmölun hjá öllum stéttum þjóðfélagsins. Þess vegna vantar æðioft mikið á, að nokkurt samræmi sé í fullyrðingum þeirra, og sé þeim fylgt eftir og fullyrðingarnar látnar svara hver annarri, sjáum við bezt, hvílíkan leik hér er verið að leika.

Við höfum heyrt það hér í sölum Alþ., að launþegar hafi ekki fengið það, sem þeim hafi borið. Og það er verið að sliga atvinnuvegina. Það er stórkostlegur samdráttur í framkvæmdum á vegum hins opinbera. Það eru allt of þungar álögur ríkissjóðs á hendur borgurunum. Það er engin fyrirhyggja til að mæta erfiðu árferði. Það er stórhættulegt að safna gjaldeyrisforða. Þegar mikill afli berst á land, er þar ekki um að ræða rétta stjórnarstefnu, sem stuðlað hefur að því, að slíkt væri hægt, nei, en þegar aflabrestur er og verðfall á erlendum mörkuðum, er valdhöfunum kennt um. Þá eru það auðvitað þeirra verk, sem valda þeim hlutum.

Það er ekki úr vegi að athuga örlítið þær aðstæður, sem nú eru, svo og hvernig hlutirnir voru 1960, þegar núverandi stjórnarsamstarf var myndað. Hefur þjóðarframleiðslan staðið í stað þennan tíma eða hefur hún bara aukizt eins og hún jókst á mann 5 árin þar á undan? Á þessu árabili hefur hún aukizt um 5.7%, en 5 árin þar áður aðeins um 1%. Fá launþegar minna í sinn hlut í dag eða hafa fengið á undanförnum árum heldur en áður? Þjóðarframleiðslan, eins og ég sagði áðan, var að meðaltali 5.7%, en launþegar hafa fengið í sinn hlut 5,9% í minnsta lagi og í mesta lagi eftir útreikningsaðferðum 7.6%, eða að meðaltali 6.8% meiri ráðstöfunartekjur en áður. Hefur kaupmáttur tímakaupsins aukizt eða minnkað? Hann hefur aukizt frá því 1960 um 28%. Hefur fiskaflinn aukizt eða minnkað? Hann er 514 þús. tonn 1960, rúm 1200 þús. tonn 1966. Hefur heildarútflutningsverðmætið minnkað? Það er 3000 millj. 1961, 6050 millj. 1966 og hefur hækkað um 14% að meðaltali frá árinu 1960. Gjaldeyrisvarasjóðurinn er 1. jan. 1961 126 millj., en um síðustu áramót um 1900 millj. Og hvernig er svo viðskiptajöfnuðurinn, sem aldrei hafði verið hagstæður frá stríðslokum og fram til þess tíma, að núv. stjórnarstefna tók við? Strax á árinu 1961 er viðskiptajöfnuður þjóðarbúsins hagstæður, hann er hagstæður 1962, hann er hins vegar með halla 1963 og 1964, en hagstæður aftur 1965. Sé hins vegar verðmæti útflutningsvörunnar, sem í landinu er, tekið í staðinn fyrir útflutningsframleiðsluna, kemur í ljós, að vöruskiptajöfnuðurinn er hagstæður öll árin að undanskildu árinu 1963.

Það er ekki hægt að mæla gegn því, að árið 1965 er eitt bezta ár í sögu þjóðarinnar, bæði hvað snertir aflabrögð og þróun verðlags á erlendum mörkuðum. Það er því algert öfugmæli, þegar hv. stjórnarandstæðingar í nál. sínu í sambandi við frv. þetta segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tíð núv. ríkisstj. hefur á ýmsan hátt verið illa búið að atvinnurekstrinum. Hagstjórnaraðferðir hennar hafa reynzt mörgum þjóðnýtum atvinnufyrirtækjum fjötur um fót. Hér er mikil þörf breytinga og nýrrar stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum.“

Það er engum til góðs, að vandinn sé falinn. Það er heldur engum til góðs, að um hrein öfugmæli sé að ræða, þegar skýrt er frá staðreyndum. Það er öllum ljóst, að við höfum við vandamál að glíma í dag. Það er spurningin, hvernig við leysum þann vanda, þannig að við komumst út úr honum með sem minnstum byrðum fyrir þjóðfélagsþegnana. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa lagt fram ýmsar till. til lausnar aðsteðjandi vandamálum hjá atvinnuvegunum fyrr á þessu ári og á því síðasta og þar áður. Og ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar munu halda áfram að gera athuganir á stöðu atvinnuveganna, og jafnskjótt og hún telur rétt, að lagðar séu fram till. þeim til aðstoðar, verða þær að sjálfsögðu lagðar fram.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, felst tvennt, annars vegar stuðningur við atvinnuvegina og hins vegar till. til þess, að ríkissjóður verði á árinu 1968 hallalaus, og þess vegna till. til skattheimtu í frv. Það hlýtur hverjum manni, sem á einhvern hátt vill gera sér grein fyrir eðli þjóðmálanna, að vera það ljóst, að fjárhagur ríkisins verður að vera í góðu lagi. Ef hann er það ekki, hvernig fer þá um hitt?

Ég sagði áðan, að við hefðum við mikið vandamál að stríða, og á það hefur réttilega verið bent, að það ástand sem nú hefur skapazt, er með þeim hætti, að það eru margir áratugir síðan annað eins hefur komið yfir íslenzku þjóðina. Það er þess vegna engan veginn þjóðfélagsborgurunum til góðs, að á þessum málum sé þannig haldið, að það, sem áunnizt hefur, hverfi og verði að byrja upp á nýtt. Við höfum á undanförnum árum búið við bætt lífskjör, og til þess að slíkt megi halda áfram, verður einmitt að taka á þessum vandamálum núna með þeim hætti, að ekki verði eyðilagður sá grundvöllur, sem lagður hefur verið.

Að sjálfsögðu hafa stjórnarflokkarnir engan áhuga á því að leggja þær byrðar á þjóðina, sem ástæðulaust er að gera. Hins vegar þegar þannig árar, eru stjórnarflokkarnir óhræddir að segja þjóðinni, hvernig málin standa og hvað þeir leggja til, að þjóðfélagsþegnarnir axli undir þessum kringumstæðum.

Till. þær, sem fluttar eru hér sem brtt. í samráði við ríkisstj. og samkv. hennar tilboði, eru einmitt til þess að reyna að milda hlutina, og það hefðu auðvitað allir kosið, að upp úr þeim umr. hefði komið það samkomulag, sem við hefðum getað allir saman sætt okkur við. Við skulum vona, að það ástand, sem nú varir í þessum málum, þurfi ekki að vara mjög lengi. Þetta er tímabundið, þetta er aflabrestur, þetta er verðfall á útflutningsafurðum okkar. Við skulum vona, að með hækkandi sól verði hér góð vertíð og á komandi ári verði hækkun á verðlagi á okkar útflutningsafurðum, og ef við í dag erum menn til þess að horfast í augu við vandann og leysa hann á þann skynsamlegasta hátt, sem við getum, munum við njóta í framtíðinni góðs af þeim breyttu tímum, sem við allir vonum að komi hér innan ekki mjög langs tíma.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 56 er birt nál. okkar, sem skipum minni hl. fjhn. í þessu máli. Í minni hl. eru auk mín 2 hv. þm. Austurl., 4. og 5. þm. þess kjördæmis. Við leggjum til, að þetta stjórnarfrv. verði fellt. Ég vísa til þess, sem stendur í nál. okkar um málið. Ég þakka hv. frsm. meiri hl. fyrir það, að hann las dálítið upp úr okkar nál., en það hefði raunar mátt vera meira.

Í alþingiskosningunum á næstliðnu vori töluðu frambjóðendur stjórnarflokkanna m. a. mikið um 3 atriði: verðstöðvun, gjaldeyrisvarasjóð og verzlunarfrelsi.

Hvað er svo að frétta af þessari þrenningu?

Um verðstöðvunina er það að segja, að sjálf hæstv. ríkisstj. hefur nýlega viðurkennt, að það hafi verið rétt, sem við stjórnarandstæðingar sögðum um svonefnd verðstöðvunarlög, sem stjórnarfl. settu fyrir einu ári, að þar var aðeins um leiksýningu að ræða, sem sett var á svið fyrir kosningar í því skyni að blekkja kjósendur, en þetta hefur stjórnin viðurkennt með því að grípa til gamalla laga frá 1960 og fyrirskipa stöðvun samkv. þeim, þegar gildistími laganna frá í fyrra rann út. Verðstöðvun hæstv. stjórnar var sem kunnugt er framkvæmd með þeim hætti, að varið var fé úr ríkissjóði til þess að dylja vöxt dýrtíðarinnar fram yfir kosningar, og með verðstöðvun af þessu tagi sögðu frambjóðendur stjórnarfl., að atvinnuvegunum hefði verið bjargað, svo að rekstur þeirra væri á traustum grunni þrátt fyrir nokkra erfiðleika, er stöfuðu af verðfalli á ýmsum útflutningsvörum. Rétt var það, að nokkurt verðfall hafði orðið á sumum útflutningsvörutegundum, en þær höfðu áður hækkað mjög í verði. En fáum mánuðum eftir að kosningarnar eru afstaðnar er svo dýrtíðinni sleppt lausri og landsmönnum sendur reikningurinn yfir kostnað við kosningaævintýrið. Hann birtist í stjórnarfrv. sem hér er til umr.

Og svo var gjaldeyrisvarasjóðurinn önnur meginstoðin að sögn þeirra stjórnarflokksmanna. Þeir töluðu mikið um hann fyrir kosningarnar. Þetta var mikill sjóður. Mig minnir, að þeir nefndu 2000 millj. Vegna þessa stóra sjóðs, sögðu þeir, að verzlunarfrelsi gæti haldizt, vöruinnflutningur til landsins gæti gengið óhindrað, þó að lækkun yrði á útflutningstekjum í bili af völdum verðfalls á afurðum og minni afla. Og áfram var haldið í sumar að kaupa vörur frá útlöndum, m. a. iðnaðarvörur, sem vel hefði mátt framleiða hér heima, og greiðslur teknar úr gjaldeyrisvarasjóðnum. Alltaf mátti gefa út ávísanir á hann.

Mér kom gjaldeyrisvarasjóðurinn í hug, þegar ég las eina vísu í norðlenzku blaði, sem mér barst í hendur í vikunni sem leið. Yfirskrift hennar er: Egg ríkisstjórnarinnar. Höfundurinn nefnir sig Grím, og vísan er svona, með leyfi hæstv. forseta:

Stjórnin vor er furðu fær,
flestu snýr hún þjóð í hag:
Úr egginu, sem hún át í gær,
ungann steikir hún í dag.

Mér virðist, að þeir stjórnarflokksmenn tali heldur minna um gjaldeyrisvarasjóðinn nú í seinni tíð heldur en þeir gerðu í vor sem leið. Ef til vill hefur hann eitthvað rýrnað, því miður, enda vöruskiptajöfnuðurinn við útlönd óhagstæður eftir fyrstu 8 mán. ársins um nálægt því 2000 millj. kr. Vera má, að stjórnin sé búin að éta mikið af egginu, svo að unginn úr því, sem kemur á pönnuna hjá henni, verði heldur í minna lagi.

En þá er gripið til þess ráðs að fá lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til þess að kaupa fyrir vörur, m. a. kökur og epli frá Dönum, því að ekki kaupa þeir vörur af okkur á móti því, sem við kaupum af þeim.

Og þá er það verzlunarfrelsið. Enn eru sömu hömlur á útflutningi, sem hér hafa lengi verið. Og þrátt fyrir gjaldeyrisvarasjóðinn og stóra lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur ríkisstj. fyrir nokkru sett á innflutningshöft í nýrri mynd, þó að hún hafi áður bannsungið þau hátt og lengi, m. a. í síðustu kosningum. Þannig er hæstv. ríkisstj. að hrekjast fyrir stormum og straumum, vesalingurinn. Og ýmsar tilskipanir hennar, t. d. á viðskiptasviðinu, eru mjög furðulegar. Þannig bannar hún mönnum að flytja til útlanda til sölu þar myndir af einum merkasta Íslendingi, sem uppi hefur verið, Jóni Sigurðssyni forseta. En hins vegar leyfir hún, að fluttar séu út myndir af mikilhæfum 19. aldar Norðlendingi, Tryggva Gunnarssyni, alþm., bónda, smið og bankastjóra, og reynt að selja þær þar. En vegna mikils framboðs má nú búast við, að myndirnar af Tryggva kunni að falla í verði á erlendri grund, jafnvel enn meira en mjöl og lýsi.

Það var stór þáttur í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á öldinni sem leið og upphafi þeirrar, sem nú er að líða, að ná verzluninni úr höndum útlendinga. Og samvinnufélögum og einstökum kaupsýslumönnum varð vel ágengt í því efni. En nú lítur út fyrir, að smásöluverzlunin sé aftur að færast úr landi. Árlega fer margt manna til útlanda, að því er virðist aðallega þeirra erinda að ganga þar í búðir til að kaupa fatnað og ýmsan annan varning og flytja heim með sér. Nærri má geta, hversu hagkvæm slík verzlun er þjóðinni — eða hitt þó heldur. En stjórnarvöldin hér heima eiga stóran þátt í þessu sölubúðarápi til útlanda. Þau hafa gefizt upp við að innheimta tolla og söluskatt af varningi, sem þannig er keyptur og fluttur inn, en ef þetta fólk væri látið borga aðflutningsgjöld, eins og aðrir innflytjendur verða að gera, mundi það ekki sjá sér eins mikinn hag í því að ganga fram hjá innlendum verzlunum og skipta við smásala í öðrum löndum. Þessi vesaldómur yfirvaldanna veldur að sjálfsögðu tekjurýrnun hjá ríkissjóði. Og nú þykist ríkisstj. hafa fundið ráð til að bæta ríkissjóði tapið að einhverju leyti. Hún ætlar að leggja á svonefndan farmiðaskatt. Sá skattur á að vera þannig, að þeir íslenzkir ferðamenn, sem aldrei fara inn fyrir dyrastafi á útlendum verzlunum og eyða litlum peningum á ferðum sínum, eiga að borga jafnháan farmiðaskatt og hinir, sem aðallega fara til að verzla og flytja inn vörur án þess að borga aðflutningsgjöld af þeim. Stjórnin vill umfram allt halda áfram að veita þeim forréttindi, sem hafa aðstöðu til að rápa í sölubúðir í öðrum löndum.

Við höfum oft heyrt nefnt júnísamkomulag. Það var samningur, sem gerður var milli ríkisstj. og stéttasamtakanna fyrir fáeinum árum. Stjórnarfl. hafa fram að þessu túlkað þetta samkomulag sem einn af merkustu viðburðum þjóðarsögunnar. En nú gerir stjórnin allt í einu tillögur um að rifta þessu fræga samkomulagi og stofnar til ófriðar í því sambandi.

Við, sem skipum minni hl. fjhn., viljum ekki eiga hlut að þessu og leggjum til, að frv. verði fellt. Enda er það svo, að þó að þetta frv. verði samþykkt, er eftir sem áður óleystur sá vandi, sem nú steðjar að undirstöðuatvinnuvegum okkar. Í frv. er gert ráð fyrir, að framlengd verði núgildandi lög um aðstoð við sjávarútveginn, en allir vita, að það er algerlega ófullnægjandi til að sjá útgerðinni borgið og tryggja rekstur fiskiðnaðarstöðvanna. Nú þegar er búið að loka mörgum frystihúsum og stöðvun vofir yfir hinum. Landbúnaðurinn er þannig á vegi staddur, að bændur eru tekjulægsta stétt þjóðfélagsins, og stjórnarstefnan er búin að leika iðnaðinn svo grátt, að þar hefur orðið mikill samdráttur og enn meiri yfirvofandi, ef áfram verður haldið á sömu braut. Stjórnin hefur alls ekki hirt um að búa þannig að innlendri iðnaðarframleiðslu, að hún geti þolað samkeppni við erlendar iðnaðarvörur. Og stjórnarfl. hafa veitt útlendu stórfyrirtæki, sem er að hefja rekstur hér, mikil fríðindi, sem innlend fyrirtæki fá ekki að njóta. Þannig er það eitt af stefnuskráratriðum núv. stjórnar, að Íslendingar skuli vera 2. flokks menn í sínu eigin þjóðfélagi.

Hér þarf að taka upp nýja stjórnarstefnu og það án tafar til þess að koma innlendri framleiðslustarfsemi á réttan kjöl og tryggja landsmönnum þar með viðunandi lífskjör. En þetta verður vitanlega ekki gert undir forustu núv. hæstv. stjórnar. Hún neitar að yfirgefa þá óheillagötu, sem hún hefur gengið, hún getur því ekki leyst vandann, sem við er að fást, og hana skortir líka traust þjóðarinnar til að standa fyrir málum. Stjórnarfl. fengu að vísu lítið eitt meira en helming atkvæða í kosningunum í vor. Þennan litla meiri hl. fengu þeir með því að beita miklum blekkingum, sem nú hafa verið afhjúpaðir, að nokkru leyti af þeim sjálfum, og aðgerðir stjórnarinnar nú á haustdögum ásamt því frv. hennar, sem hér liggur fyrir, hafa mælzt mjög illa fyrir hjá almenningi og vafalaust orðið til að rýra fylgi stjórnarfl. Má því telja mjög sennilegt, og er þá ekki of mikið sagt, að sá litli meiri hl., sem stjórnarfl. höfðu í síðustu alþingiskosningum, sé nú rokinn út í veður og vind.

Hin nýja stjórnarstefna, sem þjóðin hefur mikla þörf fyrir, verður að byggjast á víðtæku samstarfi stjórnmálaflokka og stétta. Og núverandi stjórn á að segja af sér, því að hún ræður ekki við verkefnin, sem brýn þörf er að leysa. Ef hæstv. ráðherrar hafa þann manndóm og kjark, sem þarf til þess að segja af sér, eftir hrakreisurnar og þau óhöpp, sem röng stefna þeirra hefur valdið, ættu þeir að gera það. Hér gef ég þeim hollt ráð. Geri þeir þetta, munu eftirmæli þeirra í þjóðarsögunni verða lítið eitt

skárri en þau hljóta að verða, ef þeir reyna að rorra í stjórnarstólunum eitthvað lengur.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Meginefni þess frv., sem hér liggur nú fyrir til 2. umr., er það, sem fram kemur í I. kafla frv., en þar er gert ráð fyrir því að breyta þeim reglum, sem í gildi hafa verið nú um nokkurt skeið varðandi útreikning á kaupi eftir vísitölu, þ. e. a. s. að umsamið kaup í landinu skuli gjarnan breytast í réttu hlutfalli við breytingar á verðlagi. Í þessu frv. er að því stefnt að raska þessum megingrundvelli, sem í gildi hefur verið, og nú er gert ráð fyrir því, að allmiklar verðlagshækkanir, sem eiga að ganga yfir og menn vita um að muni ganga yfir, eigi ekki að koma fram í kaupgjaldsvísitölu. Launþegar í landinu eiga ekki að fá þessar verðhækkanir bættar. Þetta er meginkjarni þessa frv., sem hér liggur fyrir.

En þetta frv. er hins vegar í nánu sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað að undanförnu og sérstaklega komu fram í grg. hennar með fjárlagafrv. Í grg. fyrir þessu frv. skýrir ríkisstj. frá því, að telja megi, að þær verðhækkanir, sem vitað sé um að muni ganga yfir á næstunni vegna þessara efnahagsráðstafana ríkisstj., muni hækka verðlag í landinu sem nemi um 7½%, miðað við þá vísitölu, sem mælt hefur verið eftir fram til þessa. Ríkisstj. gerir sem sagt ráð fyrir því í sínum till., að kaupmáttur launa verði lækkaður samkv. þessu frv. sem nemur a. m. k. 7½%.

Það er enginn vafi á því, eins og hér hefur komið fram í umr. áður, að það má búast við því, að sú kaupskerðing, sem yrði samkv. þessu frv., yrði nokkru meiri en sem nemur 7½% hjá þorranum t. d. af verkafólki í landinu eða öllum þeim, sem búa við eitthvað lægri tekjur en meðaltekjur. Það stafar af því, að þær verðhækkanir, sem hér er um að ræða, eru þess eðlis, að þær koma til með að hvíla þyngst á þeim, sem nota meginhlutann af útgjöldum sínum til nauðsynlegra hluta, eins og t. d. til þess að kaupa sér matvæli eða verða að greiða þá nefskatta, sem hver og einn er skyldugur að greiða, en þeir eru jafnháir á þann tekjulága og þann tekjuháa. Útgjöldin mundu því verða tiltölulega meiri samkv. þessum verðhækkunum á t. d. fjölskyldu, sem hefur aðeins 180 þús. kr. kaup eða 200 þús. kr. kaup, heldur en á fjölskyldu, sem hefði t. d. 400 þús. kr. kaup. Það er því mjög hætt við því, að bein kjaraskerðing samkv. þessu frv. yrði fyrir flest alþýðufólk í landinu mun meiri en sem nemur 7½%. Ég hygg, að það mundi verða nær því að tala um kjaraskerðingu, sem næmi a. m. k. 10—12% en 7½% hjá því fólki, því að því er nú þannig varið, að till. ríkisstj. miða alveg sérstaklega að því að breyta verðlagi á þeim vörum, sem á þennan hátt hafa mest að segja fyrir venjulegt heimili.

Þessar till. um jafnmikla tilfærslu og hér er um að ræða eru auðvitað rökstuddar af ríkisstj. Hún verður skiljanlega að koma með sín rök fyrir því, hvernig stendur á því, að hún grípur til slíkra till. sem þessara. Og þá kemur í ljós, að það, sem ríkisstj. hefur helzt fram að færa, er það, að atvinnuvegir landsins, einkum og sérstaklega útflutningsatvinnuvegirnir, hafi nú orðið fyrir miklu áfalli, bæði vegna minnkandi afla og eins vegna verðfalls á útflutningsvörum landsmanna. Maður skyldi því halda, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, beindust að því að bæta þeim upp tjónið, sem hafa orðið fyrir því. En þó að ríkisstj. noti þetta sem röksemdir fyrir því, að nú þurfi að skerða kaupmátt launa í landinu, verður hún þó að játa, að hún ætlar ekki að nota þá fjárhæð, sem hún ætlar að afla sér, í þeim tilgangi að bæta afkomu þeirra atvinnuvega í landinu, sem orðið hafa sannanlega fyrir allmiklum áföllum. Ríkisstj. tekur beinlínis fram í grg. sinni fyrir þessu frv., að ekki sé gert ráð fyrir því, að neitt af þeim tekjum, sem hér er um að ræða, eigi að renna til aukins stuðnings við þá atvinnuvegi, sem hér hafa orðið fyrir nokkru áfalli.

Það þarf svo ekki heldur að minnast á það, að hér er ekki heldur um það að ræða, að það eigi að nota þá fjárhæð, sem hér er um að ræða, til þess að veita því fólki stuðning, sem líka hefur orðið fyrir miklu tekjutapi vegna þess, hvernig gengið hefur með okkar útflutningsframleiðslu. Nei, það kemur mjög skýrt fram hjá ríkisstj., að sú fjárhæð, sem hún sækist eftir að fá, á að renna í ríkissjóð til þess að standa þar undir þeim útgjöldum, sem ríkissjóður hafði áður fengið tekjustofna til að standa undir. Og þá kemur líka í ljós, að gert er ráð fyrir því, að útgjöld ríkissjóðs eigi á næsta ári að vera mun hærri en þau hafa nokkurn tíma áður verið. Það er sem sagt ekki meiningin að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Þó að það eigi að draga stórkostlega úr tekjum heimilanna í landinu, þá segir hæstv. fjmrh., að hann þurfi á meiri tekjum að halda, hann ætli að eyða meiru á næsta ári en hann gerði á árinu í fyrra og árinu í ár. Þar er ekki um það að ræða, að hann sjái nokkurn einasta möguleika á því að færa niður nokkur útgjöld. Hér er því um það að ræða, að ríkisstj. metur kringumstæður þannig, að nú sé hægt að leggja á þjóðina nýja skatta eingöngu til þess að auka við tekjur ríkissjóðs, án þess að hér sé um það að ræða, að hagur þeirra verði bættur, sem hafa sannanlega orðið fyrir áföllum. Og þegar ríkisstj. er um það spurð, hvað hún hugsi sér að gera í vandamálum atvinnuveganna, verst hún allra frétta og segir, að það liggi ekki enn þá fyrir, hvort það þurfi að koma til aukastuðnings eða ekki eða hvað mikill sá stuðningur þurfi þá að vera.

Nú sér það auðvitað hvert mannsbarn, að þannig er orðið ástatt í atvinnulífi landsmanna, að ef ekki á illa að fara, verður að koma þar til breytt stjórnarstefna atvinnuvegunum til stuðnings eða aukinn stuðningur, því að annars er alveg fyrirsjáanlegt, að atvinna í landinu stórkostlega dregst saman og þá auðvitað bresta tekjur ríkissjóðs líka, ef á að sýna atvinnuvegunum algert skilningsleysi. Hér er því, eins og sagt hefur verið, ekki tekið raunhæfum tökum á þeim vandamálum, sem fyrir liggja. Aðalvandamálið er um það, hvernig á að leysa vandamál atvinnulífsins í landinu. Og þá er auðvitað komið að því, sem hæstv. forsrh. margendurtók hér í ræðu sinni fyrir þessu máli við 1. umr. Hann sagði,

að það væri auðvitað höfuðnauðsyn, ef hægt ætti að vera að leysa mikil vandamál, að gera sér grein fyrir því, í hverju vandinn lægi og hvernig stæði á erfiðleikunum. En það er einmitt þetta, sem ég álít að hæstv. ríkisstj. fáist ekki til eða hafi ekki fengizt til að vilja gera sér grein fyrir fram til þessa.

Vandi atvinnuveganna er tvenns konar eða hann stafar hér af tveimur meginástæðum. Annars vegar er um að kenna þeirri stjórnarstefnu, sem hér hefur verið haldið uppi og er enn haldið uppi gagnvart atvinnulífinu í landinu, sem leggur þungar byrðar á atvinnulífið. Hins vegar er svo um það að ræða, að nokkrar greinar atvinnulífsins hafa orðið fyrir áfalli vegna breyttra ytri viðskiptaskilyrða. Það er þessi vandi, sem þarf að fást við.

Ég vil í þessu sambandi minna á nokkur atriði enn einu sinni um þennan raunverulega vanda, sem við er að fást í efnahagslífi þjóðarinnar. Við Alþb.-menn höfum bent á það nokkrum sinnum, að sú stefna í peningamálum, sem haldið hefur verið uppi, sé atvinnulífi landsmanna óhagstæð. Hér er haldið uppi vaxtapólitík, sem þýðir útgjöld fyrir þá, sem þurfa að taka fé að láni, í langflestum tilfellum hjá sjávarútveginum er hér um að ræða vexti, sem nema 9—10%, og í allmörgum tilfellum þurfa sjávarútvegsfyrirtæki að greiða 12% vexti, en það er vegna ákvæðanna um dráttarvexti, er mjög mörg útgerðarfyrirtæki verða nú að greiða svo að segja allt árið, dráttarvexti af aðallánum sínum við sína viðskiptaaðila. Þessi vaxtapólitík leggur óhæfilegar byrðar á framleiðsluatvinnuvegi og skapar okkar útflutningsatvinnuvegum miklu þyngri skilyrði en samkeppnisaðilar okkar hafa hér í nálægum löndum. Á það hefur verið bent, að t. d. í Noregi er mjög algengt, að vextir til útgerðarinnar eða fyrirtækja, sem starfa í beinu sambandi við útgerðina þar, séu frá 3¾% til 5½%, eða vextirnir eru hér fyllilega helmingi hærri. En hvað þýðir að minnast á þetta við hæstv ríkisstj., að hér eigi að verða breyting á, þegar þyngir í hjá atvinnuvegunum? Það virðist ekki þýða neitt. Þetta er hér endurtekið ár eftir ár af okkur í stjórnarandstöðunni, að á þessu þurfi að verða breyting. En ríkisstj. fæst ekki til að gera þessa breytingu, hún heldur sér í sína gömlu, röngu stefnu.

Þá höfum við einnig bent á, að það var eitt meginatriðið í stefnu viðreisnarinnar í upphafi að breyta lánafyrirkomulaginu til atvinnuveganna, þ. e. a. s. að lán, sem höfðu verið um margra ára skeið, til 20 ára; stofnlán til nýrra fiskiskipa, voru færð með lögum niður í 15 ár, og stofnlán, sem höfðu verið til 15 ára, voru færð niður í 12 ár. Á þennan hátt er verið að íþyngja atvinnuvegunum með afborganir af lánum, gera útgjöldin á ári hverju mun meiri en eðlilegt er. Leiðréttingar í þessum efnum hafa ekki fengizt enn. Hið sama er að segja um rekstrarlán til atvinnuveganna. Þau eru öldungis of lítil, það vita allir, sem til þekkja, og þau há eðlilegum rekstri mjög verulega. En ríkisstj. heldur sér fast í sínar gömlu formúlur í þessum efnum og veldur því atvinnuvegum okkar erfiðleikum. Hér hjá okkur gilda alveg óeðlilega há útflutningsgjöld. Hár skattur er lagður á útflutningsframleiðslu, algjörlega ósambærilegur við það, sem hann er í nálægum löndum. Þótt á það hafi verið bent ár eftir ár, að það sé sjálfsagt að lækka þessi útflutningsgjöld og breyta því vátryggingarfyrirkomulagi, sem haldið hefur verið hér við í mörg ár, og það sé álit allra þeirra, sem þekkja til um vátryggingarmál, að það kerfi, sem er haldið uppi með þessum útflutningsskatti, sé mjög óhagstætt og fjárfrekt og það eigi að breyta því, fæst ríkisstj. ekki til að breyta þessu heldur.

Það er í þessum efnum, sem ég hef nú nefnt, sem þarf að breyta um stefnu. En svo þarf vitanlega ekki síður að breyta um stefnu í þeirri meginpólitík ríkisstj., sem fram hefur komið í verðlagsmálum í landinu. En stefna ríkisstj. í verðlagsmálum hefur leitt til þess, að verðlag hér innanlands hefur hækkað miklu meira en í nálægum löndum, en það hefur skiljanlega valdið okkar atvinnuvegum miklum rekstrarerfiðleikum og beinlínis leitt til þess, að ekki hefur verið hægt að halda uppi framleiðslu í sumum greinum. En ríkisstj. hefur haldið sér við það, allt fram til þess að hún greip til verðstöðvunarinnar, sem á aðeins að vera bráðabirgðafyrirkomulag, að hún hefur leyft hér frjálsa verðmyndun í landinu, en hún hefur sannanlega leitt til stórfelldrar álagningarhækkunar og stórkostlegrar hækkunar á milliliðakostnaði í landinu. Um þetta liggja fyrir alveg ótvíræðar tölur, og ég skal víkja að því nánar síðar. En þrátt fyrir það, að ríkisstj. viti, hvað hefur verið að gerast í þessum efnum í landinu á undanförnum árum, heldur hún enn í öllum meginatriðum í þessa úreltu stefnu sína í verðmyndunarmálum. Hún hefur stefnt að því að gera verðlagseftirlit í landinu svo að segja óvirkt með þeim afleiðingum, sem við þekkjum. Svipað er að segja um stefnu stjórnarinnar í fjárfestingarmálum. Hún veit, að það stefnuleysi, sem þar hefur ríkt, hefur orðið atvinnuvegum landsmanna mjög þungbært. Allt of mikið af fjármagni þjóðarinnar hefur nú farið í fjárfestingu, sem ekki kemur þjóðinni að gagni. Í allt of mörgum tilfellum þekkjum við, að um margra ára tímabil standa fasteignir hálfkláraðar og engum til gagns, en fjármunir hafa verið bundnir í slíkum framkvæmdum vegna skipulagsleysis. Auk þess hefur svo verið ráðizt í margvíslegar framkvæmdir, sem auðvitað eru ekki þjóðhagslega hagstæðar. Skipulagsleysið í fjárfestingarmálum hefur því leitt til þess, að fjármagni þjóðarinnar hefur verið ráðstafað mjög óheppilega og gegn hagsmunum undirstöðuframleiðslunnar í landinu. Ég býst t. d. við því, að mönnum muni þykja það alleinkennilegt að heyra, að tölur, sem Efnahagsstofnunin hefur birt um fjárfestingarframkvæmdir í landinu á undanförnum árum, segja m. a., að á árunum 1962—1966, eða á 5 árum, festi þjóðin í byggingarframkvæmdum á vegum verzlunar- og skrifstofufyrirtækja í landinu álíka mikið fjármagn og á sama tíma var fest í öllum fiskiðnaði landsmanna, þar með talið í sambandi við alla hina miklu síldarvinnsluuppbyggingu, sem átt hefur sér stað á þessum árum. Heildarfjárfestingin í verzlunarhúsum og skrifstofuhúsum á þessu tímabili var 1 milljarður 353 milljónir kr., en í öllum fyrirtækjum varð-

andi vinnslu sjávarafurða var fjárfestingin 1361 milljón, eða rétt um það bil sama fjárhæðin. En á þessu tímabili gerðist það, að við urðum að byggja okkur upp svo að segja nýjan síldariðnað, jafnt á vegum síldarsöltunar sem á vegum síldarbræðslu, á austurhluta landsins, þar sem slík mannvirki voru nálega engin til áður, en þau höfðu aðallega verið til í öðrum landsfjórðungum. Þetta varð að byggja upp vegna gífurlega mikillar framleiðslu þar, og í þetta hefur því verið eytt talsvert miklu fjármagni, en eigi að síður var eytt eins miklu í það að byggja verzlunar- og skrifstofuhús í landinu á þessu sama tímabili.

Ef litið er t. d. á það fjármagn, sem farið hefur í uppbyggingu fiskiskipaflotans, þess glæsilega flota, sem mikið er nú talað um um þetta leyti, — vissulega hafa verið keypt mörg fiskiskip og góð fiskiskip og afkastamikil, sem hafa sannarlega lagt vel í þjóðarbúið á þessu tímabili, — en fjárhæðin, sem notuð hefur verið til þess að eignast þessi skip, er rétt um það að vera álíka mikil og sú fjárhæð, sem notuð hefur verið á þessum sömu árum til þess að koma upp verzlunar- og skrifstofuhúsum í landinu, ekki meiri en svo.

Auðvitað hefur þetta ekki verið hagkvæmt. Auðvitað hefur hér verið haldið illa á spilum. En það er skipulagsleysið í fjárfestingarmálum, sem hefur leitt þetta af sér, sem veldur allri þjóðarheildinni hér ómældum útgjöldum. En ríkisstj. hefur haldið sér við sína stefnu eða öllu heldur stefnuleysi í þessum efnum og vill ekki frá þessu víkja. Hún heldur sér við það, að áfram skuli gilda hér stefnuleysi í fjárfestingarmálum, stefnuleysi í verðlagsmálum í sambandi við verðlagseftirlit. Hennar eina breytta stefna er þá sú nú, að hún telur, að nú sé tækifæri til þess að ganga enn þá lengra í þá átt að reyna að skerða kaup almennra launþega í landinu. Það er þessi stefna, sem þarf að breyta. Ef henni væri breytt, stjórnarstefnunni í þessum efnum, mundi það vera gífurlegur stuðningur við atvinnuvegi landsmanna. Það kann vel að vera, að það þurfi að koma meira til vegna sérstakra áfalla til stuðnings atvinnuvegunum, en þá er auðvitað sjálfsagt að athuga, hvernig það skuli gert. En sú ríkisstj., sem vill ekki gera sér grein fyrir því, að þetta er vandamál dagsins, leysir í rauninni engan vanda.

Ég sagði fyrr í minni ræðu, að stefna ríkisstj. t. d. í verðlagsmálum hefði verið þjóðinni dýr á undanförnum árum. Ég skal víkja nokkru nánar að þessu máli.

Við vitum, að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því, að fjöldamargar vörutegundir, sem voru háðar verðlagseftirliti, hafa nú verið teknar undan öllu verðlagseftirliti og ákveðið hefur verið, að álagning á þeim væri orðin frjáls. Og hið mikla vöruframboð hefur svo átt að tryggja, að það væri réttlátt verð á þessum vörutegundum. Og þótt mikið hafi verið rætt og ritað um ýmsar breytingar í fjármálalífi þjóðarinnar á undanförnum árum, hefur ekkert fengizt birt opinberlega um það, hvernig hafi farið um verðlagsþróunina í þessum efnum. Því hefur verið haldið leyndu. En í einstaka tilfellum, þegar ríkisstj. hefur þó orðið við því að tala við fulltrúa launþegasamtakanna í landinu, hafa þeir fengið svona takmarkaðar upplýsingar um það, hvað hafi verið að gerast í verðlagsþróuninni. Og ég hef hér í minum höndum nokkrar upplýsingar, sem fengizt hafa á þennan hátt. Í rauninni er alveg furðulegt, að maður skuli þurfa að vera að pukra með þetta eins og einhver leyniplögg. Árum saman var það svo, að það var opinbert mál, að það var ákveðið með valdboði, að heildsalar máttu leggja tiltekna prósentu á tiltekna vörutegund og smásalar máttu leggja ákveðinn hundraðshluta á sömu vörutegundir. Þetta var ekkert launungamál, og maður getur ekki séð, að það sé nein ástæða til þess að fara með þetta með nokkru pukri. En hvernig hefur þetta svo breytzt, eftir að frelsið tók við? Ég er með hérna svolítið hrafl úr þessum skýrslum, sem ég hef komizt yfir. Ég skal nefna hér nokkur dæmi.

Hér eru t. d. vörur, sem hafa verið gefnar alveg frjálsar í álagningu, og það verðlag, sem hér er um að ræða, er miðað við árið 1965. Ég hef ekki skýrslur, sem eru nýrri varðandi þessi mál. En síðustu verðlagsákvæði, sem í gildi voru varðandi þessar vörur, giltu fyrir árið 1960. Hér eru t. d. nefndir nýir ávextir. Þá var ákveðið, að í heildsölu árið 1960 mátti hæst leggja á nýja ávexti 11%, en árið 1965 sýndi reynslan, að meðaltalið var ekki lengur orðið 11% álagning hjá heildsölum, heldur var hún komin upp í 18.9%. Niðursoðnir og þurrkaðir ávextir, hámarksálagning var 7.5%, en á árinu 1965 var hún komin upp í 18.3% bara í heildsölu. Hér eru hreinlætis- og snyrtivörur. Hámarksálagningin var 9.5%, en hún var komin upp í 23.3% bara í heildsölu. Ytri fatnaður karla og unglinga og barna, hámarksálagningin var 8.5%, en árið 1965 var hún komin upp í 15.7% í heildsölu. Ytri fatnaður kvenna, hámarksálagningin var 9.5%, en var komin upp í 14.2% í heildsölu árið 1965. Ýmiss konar annar fatnaður, hámarksálagningin var 9%, en var komin upp í 22.3% árið 1965. Þetta eru nokkur sýnishorn.

Álagningarhækkunin var auðvitað ekki eingöngu í heildsölunni. Þessar sömu vörur fengu svo viðbótarálagningarhækkun líka í smásölunni. T. d. var það svo með nýja ávexti, þar var til viðbótar við heildsöluálagninguna 36% álagning í smásölu, en hún var komin upp í 44.3%. Ytri fatnaður karla og unglinga og barna, þar var hámarksálagningin í smásölu 21%, en var komin upp í 42.8%. Og ytri fatnaður kvenna, þar var álagningin 27%, en var komin upp í 52.6%. Svo að maður taki hér dæmi um byggingarvörur, hefur álagningin hækkað úr 27% upp í 44.7% og í öðru tilfelli úr 27% upp í 43.2% í smásölu. Það fer því ekkert á milli mála, að á þessu tímabili hefur álagningarprósentan bæði í heildsölu og smásölu stórkostlega hækkað. Á þetta hefur hér margsinnis verið bent. Ríkisstj. leggur kollhúfur, vill ekkert í þessum málum gera.

Við þetta bætist svo auðvitað það, sem menn vita, að svo hefur auðvitað innflutningur til landsins og heildarvörusalan í landinu stórkostlega aukizt á þessu tímabili, sem ætti í flestum tilfellum einnig að hafa gefið verzlunarstéttinni auknar tekjur. En auðvitað eru stórauknar framkvæmdir og umsvif á vegum verzlunar- og viðskiptaaðila í landinu á undanförnum árum bein

afleiðing af því, að þessir aðilar búa við miklu betri kjör nú en þeir bjuggu við áður fyrr. Afleiðing þessa hefur einnig orðið sú, að verzlunarfyrirtækjum hefur stórfjölgað langt úr hófi fram, sem hefur dregið til sín vinnuafl á óæskilegan hátt frá atvinnuvegum landsins. En það er ekki aðeins þetta, sem hefur verið að gerast, heldur hefur einnig þróunin orðið sú, að í peningamálum hjá ýmsum opinberum aðilum, eins og bönkum, hefur þróunin orðið sú, að lánsfé hefur gengið í miklu ríkara mæli til verzlunarinnar í landinu en til atvinnuveganna, — í miklu ríkara mæli. Samkv. skýrslum, sem gefnar eru út af opinberum aðilum, kemur t. d. í ljós, að á 6 ára tímabilinu frá 1961—1966 höfðu bankaútlán í landinu skipzt þannig á milli nokkurra helztu greina atvinnulífsins, þ. e. a. s. aukin útlán bankakerfisins í landinu, — þar er ekki talað um útlán stofnlánasjóða, heldur hinna almennu banka, allra bankanna, — á þessu tímabili jukust útlánin til sjávarútvegsins hjá bankakerfinu um 850 millj. kr. samkv. skýrslum Seðlabankans. En til verzlunarinnar í landinu jukust útlánin ekki um 850 millj., heldur um 1157 millj. Þróunin hefur einnig verið þessi í ráðstöfun á því fjármagni, sem þjóðin á yfir að ráða, fyrir þá pólitík, sem ríkt hefur í þessum efnum. Það er í þessum efnum, sem við í stjórnarandstöðunni segjum: Í þessum efnum þarf að breyta um pólitík. Það þarf að veita atvinnuvegunum aukinn stuðning, aukið fjármagn, en það þarf hins vegar að gæta að því, að ýmsir milliliðir, sem hafa sérstöðu í efnahagskerfinu, dragi ekki til sín óeðlilegan hlut og þeir haldi ekki þannig á málum, að verðlag í landinu hækki úr hófi fram, sem vitanlega leiðir af sér hækkun á kaupgjaldi á eftir og síðan aukna erfiðleika fyrir útflutningsatvinnuvegi landsins. En það ber sem sagt ekki á því, því miður, enn í dag, að ríkisstj. vilji viðurkenna þessar staðreyndir, sem liggja fyrir, og vilji taka tillit til þeirra í því að breyta um stefnu í grundvallaratriðum.

Ríkisstj. heldur sér svo mjög við það, eins og menn þekkja, þegar þessi mál eru rædd, að hún segir í sífellu: Ja, hinir flokkarnir hafa engar till., við erum þeir einu, sem höfum till. — Þetta segir hún vegna þess, að í hennar augum er t. d. í þeim vandamálum, sem nú er við að glíma, ekkert till. annað en það að koma með 750 millj. kr. og leggja þær í ríkiskassann. En það er bara ekki það vandamál, sem við er að glíma. Þegar við í stjórnarandstöðunni bendum á þessi atriði, sem ég hef hér gert að umtalsefni, er verið að benda á till. um það, hvernig eigi að haga stefnunni á annan veg, á þann veg, sem gæti komið efnahagslífi þjóðarinnar að gagni. Í þeim viðræðum, sem fram hafa farið nú að undanförnu, á milli fulltrúa launastéttanna í landinu og ríkisstj. um till. ríkisstj. til þess að afla ríkissjóði nýrra tekna, sem nema 750 millj. kr., bentu fulltrúar launastéttanna á ýmis ráð til þess að leysa þann vanda, sem um væri að ræða. Þeir bentu m. a. á það, eins og við hér í stjórnarandstöðunni höfðum gert áður, að þann vanda, sem um væri að ræða hjá ríkissjóði, — sem vitanlega er mjög erfitt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að gera okkur fulla grein fyrir, því að við höfum ekki haft aðstöðu til að fylgjast þar með innri málum, — er vitanlega hægt að leysa á þann hátt að leitast við að færa nokkuð niður ýmis útgjöld hjá ríkissjóði, en þar hafa útgjöldin farið síhækkandi á undanförnum árum nú í langan tíma.

Við Alþb.-menn höfum á hverju þingi nú í mörg ár flutt nokkrar till. um lækkun á ýmsum útgjaldaliðum fjárl. Við höfum tekið það fram, þegar við höfum flutt þessar till., að við vildum nota þessar till. sem prófstein á það, hvort ríkisstj. væri til viðtals um það að reyna að halda útgjöldum ríkissjóðs nokkuð í skefjum. En þessar till. okkar hafa ekki fengið hér neinar undirtektir. Við höfum t. d. talið, að það væri algerlega óþarft að eyða í kringum 10 millj. kr. á ári í það að halda uppi lögregluliði á Keflavíkurflugvelli. Við álítum, að húsbændurnir á því heimili geti kostað þetta sjálfir, en við þurfum ekki að vera að útvega þar lögreglu til þess að passa þá, sem áttu í rauninni að passa okkur, að okkur var sagt. En við höfum ekki fengið neinar undirtektir undir þetta. Íslenzka ríkið er alltaf látið borga þennan kostnað, og hann hækkar frá ári til árs. Við höfum lagt fram till. á hverju ári nú í nokkur ár um það að sameina sendiráð Íslands á Norðurlöndum, þar sem flestir viðurkenna að mundi hæglega duga okkur að halda uppi einu myndarlegu sendiráði, og á sínum tíma komu fram viðurkenningar, ég held frá mönnum úr öllum flokkum, á því, að þetta væri vel tiltækilegt. En þó að við höfum flutt um þetta till. og á þennan hátt mætti spara nokkrar millj. kr. eða milljónatugi, sér hæstv. fjmrh. sér aldrei færi að verða við svona sparnaði. Það er engin leið til. Þess í stað bæta menn nú við einu nýju sendiráði enn, hjá NATO, og á nú þar að auka við kostnaðinn stórlega frá því, sem áður var. Við höfum einnig bent á það, að það sýnist vera alveg ástæðulaust núna, einmitt þegar þrengir að hjá ríkissjóði, að gera þá ráð fyrir því, að það þurfi að afla sérstakra tekna í ríkissjóð til þess að standa undir lóða- og eignakaupum hér í Reykjavíkurborg eða hér úti í Viðey, sem nema líklega í kringum 30 millj. kr. á einu ári. Auðvitað mættu þessar greiðslur bíða. Það er ekki bein nauðsyn á því að leggja álögur á landsmenn til þess að ná í tekjur í þessu skyni.

Svona mætti auðvitað nefna fjöldamargt annað. Á því leikur auðvitað heldur enginn vafi, að þegar útgjöld ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eru komin í rúmlega 6000 millj. kr. á ári, rúmlega 6 milljarða, væri enginn vandi að færa niður útgjöldin um 100—200 millj. kr., án þess að nokkuð þyrfti um koll að detta, ef það væri vilji fyrir hendi til þess að taka þannig á málunum. Það er enginn vafi á því, að það mætti draga úr starfsliði í mörgum greinum, þar sem það skilar harla litlum árangri í ríkisbúskapnum. En sem sagt, það tekst heldur illa til með sparnaðinn. Í þeim fáu tilfellum, sem ríkisstj. hefur boðað það, að hún ætlaði sér að spara, eins og t. d. þegar hún kom á nýju fyrirkomulagi í sambandi við álagningu tekju- og eignarskatts, hefur það farið svo, að kostnaður við hið nýja skipulag hefur orðið margfalt meiri en gamli kostnaðurinn var. En þó að bæði við í stjórnarandstöðunni og fulltrúar

launasamtakanna hafi farið fram á það, að ríkisstj. reyndi að draga úr vanda ríkissjóðs á þann hátt að spara nokkuð útgjöld á fjárl., hefur ríkisstj. hrist höfuðið við öllum slíkum till. og ekki fengizt til viðtals um það.

Þá er einnig á það að benda, að á fjárl. ríkisins eru allmiklar fjárhæðir til ýmissa beinna stofnframkvæmda, og eftir því sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í framsögu sinni fyrir fjárlagafrv,. gat hann þess meira að segja, að nú væri gert ráð fyrir því að kosta nokkrar slíkar stofnframkvæmdir á vegum ríkisins af árlegum tekjum ríkissjóðs, þó að þær hefðu áður verið kostaðar af lánsfé. En vitanlega þýðir slíkt það í framkvæmdinni, að það er verið að auka á vanda ríkissjóðs, því að vel er hægt að halda þannig á **málum, sérstaklega þegar** þrengir að með fjárhag, þá er hægt að halda þannig á málum að vinna að ýmsum byggingarframkvæmdum fyrir lánsfé, en ætlast ekki til þess, að beinar árlegar tekjur komi inn í ríkiskassann til þess að standa undir slíkum framkvæmdum. En ríkisstj. hefur ekki heldur fengizt til þess að ræða um þessa leið.

Þá höfum við í stjórnarandstöðunni bent ríkisstj. á það, að það megi ábyggilega drýgja tekjur ríkissjóðs verulega frá því, sem verið hefur, á þann hátt að breyta um fyrirkomulag á innheimtu á söluskatti og tekju- og eignarskatti. Það fer ekkert á milli mála, að það er skotið undan mjög verulegum fjárfúlgum af álögðum söluskatti, — söluskatti, sem fyrirtæki eru búin að leggja á landsmenn og landsmenn eru búnir að borga, en aldrei kemur í ríkissjóð. Ýmis dæmi liggja fyrir til sönnunar þessu, en ríkisstj. telur þó ekki fært að breyta þessum innheimtureglum á þann hátt, að hægt sé að áætla, að innkomið fé fyrir söluskatt og fyrir tekju- og eignarskatt sé áætlað eitthvað dálítið hærra en er gert í því frv. til fjárl., sem fyrir liggur nú.

Við hinu var svo kannske ekki að búast, að ríkisstj. vildi á það fallast, að ef síðar þyrfti að afla ríkissjóði enn frekari tekna, yrði frekar valin sú leið að skattleggja innflutning á óþarfavörum en að velja þar til brýnustu lífsnauðsynjar, eins og stjórnin hefur gert. Hún hefur mjög haldið fast í þá pólitík sína að hafa allan innflutning og síðan verðmyndunina sem allra frjálsasta og hefur því verið á móti öllum leiðum til að afla fjár með því að skattleggja eyðslu eða óþarfavarning meira en annað.

Það er enginn vafi á því, að það vandamál, sem við er að glíma hjá ríkissjóði, væri hægt að leysa eftir öðrum leiðum en þeim, sem gert er ráð fyrir í till. ríkisstj. Og það er heldur enginn vafi á því, að það væri hægt að mæta mjög kröfum útflutningsframleiðslunnar í landinu með því að taka upp breytta stjórnarstefnu. Og þá væri líka líklegt, að hægt væri að komast yfir þau tímabundnu vandamál, sem við stöndum frammi fyrir nú varðandi okkar útflutningsframleiðslu.

En það er ekki annað að sjá en hæstv. ríkisstj. ætli þrátt fyrir allt það, sem á undan er gengið, að halda sér fast við sínar till. Nú leggur hún áherzlu á það að drífa þetta frv. í gegn í þinginu og gera það að lögum, þó að það liggi fyrir, að samtök launafólksins í landinu hafi tilkynnt ríkisstj., að þau muni ekki þola slíka lagasetningu sem þessa, **þá muni þau grípa til síns samtakamáttar og knýja fram launahækkun,** sem þessari verðlagshækkun nemur. En hvað hugsar ríkisstj. sér þá að gera, þegar verkalýðssamtökin í landinu svara slíku frv. sem þessu með kauphækkun? Ríkisstj. veit, að valdið er launþegasamtakanna í þessum efnum. Hún veit, að þau geta hæglega hækkað kaupið sem þessum álögum nemur, og þau hafa ákveðið að gera það. Hún segir þá, að frv. verði gert að lögum. Verkalýðssamtökin hækka kaupið með verkföllum. Hvað hefur ríkisstj. leyst? Hvernig mundi þá fara um rekstur okkar atvinnuvega, þar sem vandinn er æðimikill fyrir? Jú, það gæti verið, að ríkisstj. gæti huggað sig við það að segja: Ja, ég hef alltaf fengið mínar 750 millj. kr. í ríkissjóð, þó að atvinnuvegirnir verði síðan að standa undir hærra kaupgjaldi, — og hennar hugsun nái ekki lengra en svo, að hún sætti sig við það að fá þennan tekjuauka í ríkiskassann. En getur það verið, að ríkisstj. hafi ekki gert sér grein fyrir áframhaldinu, hvað hlýtur að gerast á eftir? Jú, það mátti lesa það hérna um daginn, að ef svona færi, þá gripi ríkisstj. bara til gengislækkunar. Já, segjum það, það er eins líklegt, að þá kæmi gengislækkun næst á eftir. En ef sú gengislækkun yrði framkvæmd á eitthvað líkan hátt og gengislækkanir hafa verið framkvæmdar að undanförnu, þá býst ég við því, að ríkisstj. gerði enn ráðstafanir til þess að skerða eitthvað launakjör launastéttanna í landinu með gengislækkuninni, að binda kaupið á einn eða annan hátt, leyfa því ekki að hækka til samræmis við verðhækkanir, sem fylgdu í kjölfar gengislækkunarinnar. Og hvað mundi gerast þá? Verkalýðssamtökin mundu ábyggilega einnig svara þeirri kjaraskerðingu á sama hátt. Hvað leysir ríkisstj. undir þessum kringumstæðum? Ekkert. Hún aðeins lemur hausnum við steininn, hún leysir engan vanda. Það, sem ríkisstj. þarf að gera sér grein fyrir í þessum efnum, er, að alveg sérstaklega eins og nú er ástatt í okkar efnahagsmálum, þá verða þessi vandamál ekki leyst nema í fullu samráði og samstarfi við launastéttirnar í landinu. Núverandi ríkisstj. hefur ekkert afl og enga getu til þess að koma fram kjaraskerðingaráformum sínum gegn vilja launþegasamtakanna í landinu. Hún ræður ekki við þessi mál. Hún getur auðvitað með því að þráast valdið þjóðarbúskapnum miklu tjóni. En hún á vitanlega að viðurkenna staðreyndir í þessum efnum og haga sér samkvæmt því. Og þá eru menn komnir að þeim meginkjarna, að þessi mál verða ekki leyst, aðalvandamálin verða ekki leyst nema með því að taka hér upp nýja stjórnarstefnu. Gamla stjórnarstefnan hefur gengið sér til húðar, hún fær ekki staðizt, eins og nú er komið. Sannleikurinn er sá, að þessi gamla og ranga stjórnarstefna gat druslazt áfram, á meðan ytri aðstæður í efnahagslífi þjóðarinnar voru sérstaklega hagstæðar, á meðan aflinn hélt áfram að vaxa mikið frá ári til árs og meðan útflutningsverðið á okkar afurðum hækkaði gífurlega frá ári til árs. Þá stóðu atvinnuvegirnir það af sér, þó að stjórnarstefnan væri þeim óhagstæð. Þá jafnvel þoldu okkar atvinnuvegir að borga 10% vexti, þá þoldu þeir að búa hér við verri lánskjör

en hliðstæðir atvinnuvegir í öðrum löndum, þá þoldu þeir meiri verðhækkun hér innanlands og tilsvarandi auðvitað meiri kauphækkun hér innanlands en þekktist í okkar samkeppnislöndum. Þá gátu atvinnuvegirnir borið þetta. Að vísu báru þeir það þannig, að þeir báru sig illa. En um leið og þessu tímabili er lokið, þegar jafnvel aflinn minnkar nokkuð, þó að hann sé mjög góður, — því að við skulum gera okkur grein fyrir því, að árið í ár er eitt af allra mestu aflaárum, sem við höfum þekkt, þar eru aðeins toppárin eins og 1965 og 1966 betri, og við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að þegar litið er á heildina, þá er verðið á okkar útflutningsafurðum ekki vont, það er gott, það er rétt, að það er mjög lélegt á bræðslusíldarafurðum, en meira að segja verðið, sem við búum við á frosnum fiski, verður að teljast gott í dag, en það er auðvitað ekki eins gott og það var á árinu 1965, þegar það fór upp í algjört hámark, — en þá kemur það í ljós, að þegar á reynir á þennan hátt, þegar þyngir nokkuð í hjá atvinnuvegunum, þá standast þeir ekki stjórnarstefnuna, þá stenzt hún ekki lengur. Þetta er kjarni málsins, sem stjórnarvöld landsins verða að viðurkenna, því fyrr því betra.

Frsm. meiri hl. fjhn. gerði hér grein fyrir brtt., sem ríkisstj. leggur til að gera á frv. Mér finnst, að þær brtt. séu alveg lýsandi dæmi um það, hvað ríkisstj. er sein til að skilja þann vanda, sem við er að glíma. Hún virðist vera búin að átta sig á því, að þjóðin tekur illa till. hennar um kjaraskerðingu upp á 7½% eða meira. Hún er búin að átta sig á því, og þá vill hún milda þetta örlítið. Og hvað er það, sem á að gera? Jú, það er það, að í staðinn fyrir að í fyrri tillögunum var gert ráð fyrir því, að launafólk skyldi bera verðhækkanirnar bótalaust, sem talið var að mundi nema í kringum 7½% kauplækkun, en þá kemur ríkisstj. með brtt. sína og segir: Við skulum nú ekki hafa það alveg svona, heldur skulum við breyta því örlítið, og þá þannig: Launafólk skal bera kjaraskerðingu, nákvæmlega jafnmikla og áður var lagt til, 7½% fyrstu 6 mánuðina eða þar um bil, en næstu 6 mánuði þar á eftir skal kjaraskerðingin nema 1% minna, eða þá ef maður heldur sig við þarna 7½%, þá á það að vera 6½%. Og svo næstu 6 mánuði þar á eftir á þetta að vera 5½%, miðað við núverandi vísitölu. Nú sjá vitanlega allir, að á þessu er sáralítill munur og á upphaflegu till., því að það var þó a. m. k. sagt, þegar upphaflegu till. voru settar fram, að þessi kauplækkun upp á 7½% væri auðvitað fyrst og fremst hugsuð sem bráðabirgðakauplækkun, sem breyttar aðstæður gætu haft áhrif á. En þarna hugsar hún sér það, að kauplækkun standi a. m. k. yfir í 1½ ár í öllum aðalatriðum og algjörlega fyrstu 6 mánuðina. Hér er sem sagt um mjög smávægilega breytingu að ræða, mjög smávægilega.

En ríkisstj. bætir hér nokkru við. Hún leggur nú til, að fjölskyldubætur hækki um 5% með öðru barni og fleirum í fjölskyldu. Það mun nema hækkun í kringum 180 kr. eða svo á barn á ári, — 180 kr. á barn á ári. Það er ekkert smáræði. Enda þótti ríkisstj. vissara að taka það einnig fram, að þessi upphæð, það skyldi fara svo sérstaklega með hana, þegar væri farið að reikna út skatta og útsvör hjá þessu fólki, sem fengi þessar 180 kr., að það ætti ekki að reikna útsvar eða skatta á þessar 180 kr., það skyldi vera undanþegið útsvars- og tekjuskattsálagningu. Og þá höfðu menn það. Þeir hlutu nú að gera eitthvað úr þessu.

Sú ríkisstj., sem heldur, að þetta hafi einhver áhrif á launþega í landinu, svona kákbreytingar eins og þessar eru, hefur ekki skilið það, hvað hér er um alvarlegt mál af hálfu launþega að ræða og mikilvægt mál í sambandi við afkomu þeirra. Þessar breytingar eru vitanlega sáralítils virði, og það virðist vera, að hæstv. ríkisstj. eigi býsna langt í land að komast alla leið til botns í þessu vandamáli og skilja það, að hún á að breyta hér til um þessar till. sínar, þannig að hún taki þær alveg til baka og leiti annarra ráða.

Eins og frv. er og gert er ráð fyrir því, að það verði samþ., með þessum brtt. meiri hl., er auðvitað alls ekki víst, að sú kjaraskerðing, sem hér yrði um að ræða, yrði bundin við þessi 7½% eða þær verðhækkanir einar, sem upp hafa verið taldar til þessa. Hér er gert ráð fyrir því, að á tilteknu tímabili skuli allar þær verðhækkanir, sem fram koma á því tímabili, falla fyrir utan kaupgjaldsvísitölu. Hér getur vitanlega verið um að ræða aðrar verðhækkanir til viðbótar. Það er t. d. ekki ósennilegt, að einhverjar þær ráðstafanir verði gerðar til stuðnings útflutningsatvinnuvegunum á tímabilinu fram undir áramót, sem geti leitt af sér einhverjar verðlagshækkanir. En þá mundu þær einnig eiga að ganga þannig yfir, að launþegar fengju ekki bætur út á þær verðhækkanir.

Ríkisstj. talar stundum um það, þegar rætt er um efnahagsmál, að þróunin á undanförnum árum hafi orðið sú, að launþegar hafi fengið fyllilega sinn hluta af vaxandi þjóðartekjum. Það er auðvitað erfitt, því er ekki að neita, að finna fulla og glögga skýringu á því, hvernig vaxandi þjóðartekjum hefur raunverulega verið ráðstafað á undanförnum árum, og auðvitað er enginn vafi á því, að þjóðartekjunum hefur verið skipt nokkuð misjafnlega á milli hinna einstöku starfshópa í þjóðfélaginu, og því skal ekki neitað, að verkamenn og sjómenn og iðnaðarmenn og annað vinnandi fólk hefur fengið verulega hækkaðar árstekjur á undanförnum árum, mjög verulega hækkaðar árstekjur. Það fer heldur ekkert á milli mála, að þessar hækkuðu tekjur stafa að mjög verulegu leyti af aukinni yfirvinnu og auknu vinnuálagi, því að þegar gerðar hafa verið athuganir á því, hvernig kaupmáttur launa eða tímakaupsins hefur breytzt á undanförnum árum, þ. e. hins umsamda kaups, kemur í ljós, að kaupmáttur tímakaupsins, hins umsamda tímakaups hefur ekki vaxið, svo að teljandi sé, á undanförnum árum. Í riti, sem gefið er út af kjararannsóknanefnd, en að þeirri nefnd standa fulltrúar bæði launþegasamtakanna í landinu og atvinnurekenda, hafa fulltrúar launamanna og fulltrúar atvinnurekenda orðið sammála um sérstakan grundvöll varðandi útreikninga á því, hvernig kaupmáttur tímakaupsins hefur þróazt á undanförnum árum. Og í nýlega útkomnu riti frá þessari kjararannsóknanefnd er einmitt birt tafla um breytinguna

á kaupmætti tímakaupsins. Og á bls. 12 í þessu riti segir, að sé kaupmáttur hins almenna tímakaups settur 100 í marzbyrjun 1959, hafi kaupmáttur tímakaupsins breytzt á þennan hátt á árunum á eftir og fram til þessa árs. Sem sagt, kaupmáttur hins almenna tímakaups er talinn 100 1. marz 1959, 1960 er hann talinn 91.2 eða hafði þá lækkað, árið 1961 85,9 eða hafði enn lækkað, árið 1962 84.4 og hafði enn lækkað, árið 1963 85 og hafði þá hækkað lítillega aftur, árið 1964 86.7, árið 1965 93.3 og árið 1966 97.7, og á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs var kaupmátturinn kominn í 100. En kaupmáttur í fiskvinnu hafði hins vegar hækkað örlítið meira og kaupmáttur hins umsamda tímakaups í hafnarvinnu hafði hækkað lítillega meira en þetta. Þessar tölur sýna það, að í góðærinu á undanförnum árum, þegar þjóðartekjurnar hafa stórvaxið, hefur þróunin eigi að síður orðið sú, að kaupmáttur hins umsamda tímakaups hefur hækkað sáralítið og meginhluta þessa tímabils hefur hann legið undir því, sem hann var í marzmánuði 1959. En hitt er svo aftur rétt, að heildartekjurnar hafa vaxið og vaxið verulega, sem stafar, eins og ég segi, m. a. af stóraukn vinnuálagi og auðvitað miklum aflafeng sjómanna, sem hefur hækkað kaup þeirra mikið. En það ber líka að athuga, að sú kauphækkun, sem verkamenn, iðnaðarmenn og sjómenn og um leið bændur landsins, en þeirra kaup er miðað við kaup þessara stétta, — sú kauphækkun, sem þessir aðilar hafa vissulega fengið á undanförnum árum með auknu vinnuálagi og auknum afla, sú kauphækkun er ekki fastumsamin, þannig að hún getur hreyfzt með breytilegu árferði, og það er einmitt það, sem hefur verið að gerast nú á yfirstandandi ári. Þegar afli t. d. síldveiðiskipanna er minni nú í ár en hann var í fyrra, hefur auðvitað aflahlutur sjómannanna á síldveiðunum stórminnkað. Og mér er sagt það af kunnugum mönnum, að það muni láta nærri því, bæði vegna verðlækkunar á síldinni og eins vegna minnkandi aflamagns, að sjómenn almennt séu með helmingi lægra kaup í ár en þeir voru með í fyrra. Þessir aðilar hafa því tekið á sig stórar og miklar byrðar. Svipað er að segja um kaup verkamanna, sem vinna t. d. að fiskframleiðslunni í landinu. Kaup þeirra er stórmiklu minna í ár en það var í fyrra, vegna þess að um samdrátt í atvinnunni er að ræða, og þessi samdráttur er að ganga hér yfir verulega í iðnaðinum líka. Vitanlega er það eina, sem hér er hægt að ganga út frá sem föstu í þessum efnum hjá þessum aðilum, hið umsamda fasta tímakaup og þó því aðeins, að atvinnan sé full.

Það er vitanlega ekkert sanngirnismál að ætla sér að gera ráðstafanir til þess, að kaup, sem hefur sannanlega lækkað á þessu ári, kaup bæði verkamanna og sjómanna hefur lækkað í krónum talið, kaup þeirra verði gert rýrara í framkvæmd með hækkuðu verðlagi í landinu, eins og ríkisstj. gerir ráð fyrir í sínum till. En aðalatriði þessara mála er auðvitað það, sem ég vék að fyrr í minni ræðu, að ekkert vandamál verður leyst með því að reka þetta mál í gegn, sem ríkisstj. gerir nú kröfur um. Hún stendur enn þá frammi fyrir sömu vandamálunum og hún stóð í þingbyrjun, þó að hún knýi þetta frv. í gegn. Ef ekki tekst að fá samkomulag við launþegasamtökin í landinu um aðgerðir í efnahagsmálum, leysist vandinn ekki. Ég er því á þeirri skoðun, að ríkisstj. ætti enn að leggja þetta mál á hilluna og láta það bíða og hún ætti enn að reyna að nota þann tíma, sem hún hefur yfir að ráða, til þess að átta sig betur á eðli vandamálsins og leita eftir eðlilegu samkomulagi um það, sem gera þarf, og þá er það auðvitað fyrst og fremst það, að það þarf að finna ráð til þess að tryggja fulla atvinnu í landinu, tryggja fullan rekstur þeirra atvinnutækja, sem þjóðin á, fulla framleiðslu í landinu, og þetta verður að gerast á þeim grundvelli, að það kaup, sem um hefur verið samið, fái að standa áfram, það verði ekki skert.

Ég hygg, að það hafi komið greinilega fram hjá fulltrúum verkalýðssamtakanna, og það hefur einnig komið fram í umr. á Alþ. hjá okkur, sem erum í stjórnarandstöðu, að allir þessir aðilar eru til viðræðu um það að finna ráð til þess að leysa vandann. En það er rétt, menn geta haft mismunandi skoðanir á því, hvernig eigi að leysa vandann, og þá þarf vitanlega að gefa sér tíma til þess að átta sig á eðli vandans, eins og hæstv. forsrh. sagði í sinni framsöguræðu. Það þarf að átta sig á því, að eðli vandamálsins liggur m. a. í rangri stjórnarstefnu. Og það þarf að breyta um í þeim efnum. Öðruvísi tekst ekki að leysa þennan vanda.

Ég skal nú láta máli mínu lokið að þessu sinni, en vil að lokum beina þeirri áskorun til hæstv. forsrh., að hann sjái og hann viðurkenni það, að að ætla halda áfram á þann hátt, sem ríkisstj. stefnir nú að, leysir ekki vandann. Hann þarf að leita nýrra ráða, ef ekki á að stefna hér í algert öngþveiti.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur við 1. umr. þessa máls gert allýtarlega grein fyrir skoðunum sínum á því efnahagsástandi, sem nú er ríkjandi í landinu. En það er ekki aðeins, að hæstv. ríkisstj. hafi gert það við þessa umr. Málgögn hennar hafa flutt þann boðskap alllengi að undanförnu, vikum og mánuðum saman, nema bara í vor í kosningunum. Þá var það ekki þessi túlkun á efnahagsmálunum, sem þjóðin fékk að heyra. Þá var það allt annað. Þá voru lesnar fyrir þjóðinni, alveg eins og lesið er upp úr blárri bók, lýsingarnar á hagsældinni, góðu lífskjörunum, verðstöðvuninni, gjaldeyrisvarasjóðnum og svo trausta og örugga grundvellinum undir atvinnulífi þjóðarinnar. Svo þegar hæfilegur tími var liðinn frá kosningunum, var blaðinu flett við, eins og gengur og gerist, þegar menn lesa og farið að lesa hinum megin. En þar stóð allt annað. Þar stóð þetta, sem við heyrum núna um efnahagsástandið.

Innihaldið í túlkun hæstv. ríkisstj. nú er í fáum orðum þetta: Aflabrestur og verðhrun á helztu útflutningsvörum sjávarútvegsins hafa skapað neyðarástand í landinu. Leita verður aftur til 1931 og áranna þar á eftir til þess að finna tímabil, sem sé sambærilegt yfirstandandi tímabili um efnahagserfiðleika. Verkamenn, sjómenn og launamenn yfirleitt hafa fengið meiri hlut af aukningu þjóðarteknanna en aðrir. Og þess vegna verður

nú að skera niður lífskjörin með þeirri tillögu hæstv. ríkisstj. að leggja um 750—800 millj. kr. byrðar á landsfólkið bótalaust, þ. e. a. s., það á að afnema verðtryggingu launa, slíta vísitölu kaupgjalds úr sambandi við vísitölu verðlags. Þetta held ég, að sé nokkurn veginn aðalinntakið í túlkun hæstv. ríkisstj. á efnahagsástandinu, eins og það er nú.

Nú hefur hæstv. forsrh. (ég ætla, að það hafi verið hann) lagt nokkra áherzlu á, að það sé nauðsynlegt að gera sér sem allra bezta grein fyrir, af hverju þetta ástand stafar. Ég er honum sammála um það. Það er full ástæða til þess. Ef ástæðurnar eru þær, að við getum eitthvað ráðið við þær, á náttúrlega þjóðin að gera það. Ef ástæðurnar eru hins vegar utan að komandi, sem við ráðum ekki við, er erfitt um vik fyrir okkur. En mér skilst þó, að hæstv. ríkisstj. sé búin að gera sér grein fyrir þessu, eiginlega alveg út í æsar. Að hennar dómi eru ástæðurnar tvenns konar. Það er annars vegar aflabresturinn og verðhrunið, en það er hins vegar of há laun í landinu og þau verða þess vegna að lækka, enda er verið að því núna.

Ég vil sérstaklega gera það að umtalsefni, sem hæstv. forsrh. lagði áherzlu á: Af hverju stafa þessir erfiðleikar? Það er fyrsta skilyrðið til þess að geta brugðizt rétt við á eftir. Þessar byrðar, sem nú á að leggja á þjóðina, um 750—800 millj. kr. á einu ári, eru allþungar byrðar. En það, sem er þó einna merkilegast við þetta frv., er, að það á ekki að gera þetta til þess að veita aukinn stuðning atvinnuvegunum, þó að nú eigi að leggja um 19—20 þús. kr. byrðar að meðaltali á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, það á ekki að vera til þess. Þetta er þó að mínum dómi bara fyrsti áfangi, — fyrri áfangi skulum við segja, kannske fyrsti áfangi í þeim ráðstöfunum, sem þarf að gera. Við eigum væntanlega von á öðrum áfanga, áður en langt um líður, þegar loks verður farið að snúa sér að atvinnuvegunum. Hversu miklar byrðar þá verða lagðar á þjóðina til viðbótar þeim, sem nú eru ráðgerðar, um það skal ég engu spá.

Hæstv. ríkisstj. telur, að ein meginástæðan fyrir ástandinu í efnahagsmálum nú sé m. a. aflabrestur. Mér dettur í hug afgreiðsla fjárl. í fyrra. Þá voru stórauknar alls konar uppbætur og niðurgreiðslur fyrir næsta ár, svo að heildarupphæð þeirra var áætluð um 1700—1800 millj. á árinu 1967. Var það vegna aflabrests? Nei, það held ég ekki. Það var enginn aflabrestur orðinn í fyrra. Og þó að hæstv. ríkisstj. sé vitur, hefur hún varla séð það fyrir í desember í fyrra, hvernig mundi aflast 1967. Ekki hafa þær ráðstafanir verið til þess að mæta aflabresti, svo að eitthvað hefur nú bjátað á, áður en aflabresturinn kom til.

Það er öllum ljóst, að aflabrestur hefur orðið á þessu ári, og hann hefur sínar afleiðingar. En þetta er engin nýjung í atvinnulífi Íslendinga, að fiskafli gangi í bylgjum. Það hefur svo verið frá fyrstu tíð, og það mun verða svo áfram. Ég vil nefna sem dæmi, að 1935 var fiskafli landsmanna 16% minni en árið áður, 1941 var fiskaflinn 25% minni en árið áður, 1945 var fiskaflinn 34% minni en árið áður. Svona hafa bylgjurnar gengið. Samt gerðist ekkert neyðarástand í þjóðfélaginu á þessum árum, ekkert hallæri. Þá kom engin till. fram um það að skera niður lífskjörin, og engum held ég, að hafi dottið þá í hug að leggja 19—20 þús. kr. byrðar á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Hæstv. ríkisstj. telur, að það þurfi að leita aftur til 1931 og áranna þar á eftir til þess að fá sambærilegt ástand og nú er í efnahagsmálunum. Það er sjálfsagt farið að fyrnast sitt af hverju, sem gerðist á þessum kreppuárum, 1931 og þar á eftir, fyrir mönnum, þó man ég nú ýmislegt frá þessum tímum, eins og eðlilegt er.

Hvernig voru aflabrögðin þá borið saman við nú? Þetta eiga að vera sambærilegir tímar. Á 8 árum, 1931—1938, var fiskaflinn á ári að meðaltali 351 þús. smál. Hann var minnstur á árinu 1936 301 þús. smál., en mestur á árinu 1933 398 þús. smál., og meðaltalið á þessu 8 ára tímabili, þessu sambærilega tímabili, sem nú er, er 351 þús. smál. Hvernig eru þá aflabrögðin á yfirstandandi tímabili? Við skulum taka 8 ár líka, 1959—1966. Fiskaflinn á ári hverju að meðaltali er þessi 8 ár ekki 351 þús. smál., heldur 872 þús. smál. Minnstur varð fiskaflinn á þessu tímabili 1960, 593 þús. smál., en mestur varð hann í fyrra, 1966, 1240 þús. smál. Fiskaflinn hefur meira en tvöfaldazt síðan 1960. Ætli þetta sé sambærilegt við tímabilið 1931 og árin þar á eftir? En það er fleira að athuga um þessi tvö tímabil, sem hæstv. ríkisstj. hefur kosið sér að bera saman. Á þessum árum, fyrir meira en 30 árum, var aðalútflutningsvara sjávarútvegsins saltfiskur. Þá gerðist það, að saltfiskmarkaðir Íslendinga hrundu bókstaflega í rúst. Þá var beitt hinum furðulegustu aðferðum, m. a. til þess að reyna að selja saltfisk í Miðjarðarhafslöndum, aðferðum, sem ekki er hægt að ræða um enn í dag, — eða ætli enginn muni eftir nafninu Gismondi frá þessum árum? Er þetta sambærilegt við það, sem nú er? Hafa einhverjir markaðir hrunið hjá okkur núna? Nei, það er öðru nær. Þeir hafa aldrei verið Íslendingum jafnhagstæðir í sögu þjóðarinnar og á undanförnum árum. Ég vil nefna eitt enn í samanburði þessara tveggja tímabila. 1931 og á árunum þar á eftir geisaði heimskreppa um löndin, og hún kom sannarlega við atvinnu- og efnahagslíf Íslendinga ekki síður en annarra. Er einhver heimskreppa núna? Ég held ekki. Þegar farið er að bera saman þessi tvö tímabil, þá verð ég að segja: langt er nú seilzt til raka fyrir þessu frv.

En það er sjálfsagt að reyna að leita eftir ástæðunum fyrir því, að efnahagsástandið er svo bágborið sem það er nú. Ég held, að það verði ekki skýrt með því að bera saman þessi tvö tímabil.

Þá kem ég að öðru höfuðatriði í röksemdafærslu hæstv. ríkisstj. Það er verðhrunið á helztu útflutningsvörum sjávarútvegsins. Þar hafa orðið verðlækkanir á sumum tegundum útfluttrar vöru, tilfinnanlegar lækkanir, bæði í fyrra og á yfirstandandi ári, og það skapar erfiðleika, því er ekki að neita. En nú þurfum við ekki beinlínis á því að halda að taka bókstaflega allt, sem hæstv. ríkisstj. segir um þetta eða málgögn stjórnarflokkanna. Við höfum betri heimildir í

höndunum. Við höfum verzlunarskýrslurnar, þar sem kemur mjög glögglega fram, hversu mikið verðfall hefur orðið að undanförnu. Um þetta verðhrun skal ég nefna nokkur dæmi frá 5 ára tímabili, þ. e. a. s. árunum 1961—1966. Ég skal nefna 11 helztu tegundir útfluttra sjávarafurða og verðbreytingu á þeim á þessu 5 ára tímabili. Og auðvitað er þetta upp úr verzlunarskýrslunum. Ég skal viðurkenna, að þetta er ekki upp úr Morgunblaðinu eða Alþýðublaðinu, það er bara upp úr verzlunarskýrslunum.

Ísfiskur hefur hækkað í verði um 34.8% á þessum 5 árum. Skreið hefur hækkað í verði um 36.5% á þessum 5 árum. Fryst flök hafa hækkað um 53.3%, frystar rækjur og humar um 61.9%, óverkaður saltfiskur um 70.7%, hvalkjöt og hvalmjöl um 52.4%, saltsíld, sérverkuð, um 40%, fryst síld, ísvarin, um 20%, fiskimjöl og karfamjöl um 53.6%, síldarmjöl og loðnumjöl um 31% og síldarlýsi um 28.3%. Ég vek athygli á því, að innifaldar í þessum verðhækkunum eru allar verðlækkanirnar á s. l. ári. Já, vel hefur þjóðin verið búin undir verðlækkanir að hafa notið þessara verðhækkana allra, sem ég nefndi núna, í ofanálag á aflabrögð.

En það er ekki nema hálfsögð saga, þó að nefndar séu verðhækkanir á helztu útflutningsvörum okkar, ef maður ætlar að sýna rétta mynd af efnahagsástandinu. Þar verður líka að koma til útflutningsmagnið hjá þjóðinni á þessu sama tímabili og á þessum sömu útflutningstegundum. Það er útflutningsmagnið og útflutningsverðið, sem skapar það útflutningsverðmæti, sem sýnir einna réttasta mynd af ástandinu.

En hvernig hefur þá útflutningsverðmæti helztu sjávarafurða breytzt á þessum undanförnu árum, frá 1961—1966? Ég skal taka þessar sömu tegundir, sem ég nefndi. Ísfiskur hefur lækkað í útflutningsverðmæti á þessum 5 árum um 26,7%. Það er samdrátturinn í togaraútgerðinni, sem fyrst og fremst segir þarna til sín. Skreið aftur á móti hefur hækkað í útflutningsverðmæti á þessum árum um 11.8%, fryst flök hafa hækkað um 49.4%, frystar rækjur og humar um 307.6%, óverkaður saltfiskur um 43%, hvalmjöl og hvalkjöt um 30.6%, saltsíld, sérverkuð, um 70.4%, fryst síld, ísvarin, um 134.2%, fiskimjöl og karfamjöl hefur lækkað í verðmæti um 2.3%, síldarmjöl og loðnumjöl hefur hækkað að útflutningsverðmæti um 428.7% og síldarlýsi hefur hækkað um 548.7%.

Þannig er þá myndin af útflutningsverðmætinu á undanförnum 5 árum. Já, vel ætti þjóðin að vera undir það búin að þola einhverja rýrnun á verði og einhverja rýrnun á aflabrögðum. Nú er auðvitað hægt að svara því til, að þó að þetta sé allt rétt, þá afsanni það ekki neitt um verðhrunið, sem nú hefur orðið, af því að verðhrunið hafi orðið á árinu 1967. Það getur að vísu enginn sagt um það nú, hvert endanlegt útflutningsverð verður á sjávarútvegsvörum á þessu ári, á meðan árið er ekki liðið, ekki frekar en um aflabrögðin. En við getum þó borið verðið á fyrra helmingi þessa árs t. d. saman við það meðalverð, sem verið hefur á undanförnum árum, því að ef á að meta rétt verðhækkanir og verðlækkanir eða aflabrest og aflaaukningu, þá skiptir miklu máli, við hvað er miðað. Á að bera aflabrestinn saman við það ár, þegar fiskafli hefur orðið langmestur í sögu þjóðarinnar? Á að bera verðlagið, eins og það er fyrri helming þessa árs, saman við verð eins og það hefur hæst orðið nokkru sinni fyrr? Er nú ekki öllu réttari mynd að bera þetta hvort tveggja saman við það, sem verið hefur að meðaltali nokkur undanfarin ár? Mundu nokkur kalla það neyðarástand, við skulum segja hjá bónda, sem heyjaði eitt árið álíka mikið og hann hefði heyjað undanfarin 5—6 ár eða ef búsafurðirnar væru álíka miklar og þær hefðu verið á undanförnum árum? Mundi nokkurt hallæri vera hjá útgerðarmanni, ef afkoma fiskiskipa hans væri mjög svipuð og hún hefði verið á undanförnum árum, sérstaklega ef það hafa nú verið einhver uppgripaár? Það skiptir ekki svo litlu máli. En ég skal bera saman þessar sömu tegundir útfluttra sjávarafurða, sem ég nefndi, — bera saman verðið á þeim á fyrri helmingi yfirstandandi árs við það, sem verið hefur á þeim að meðaltali 1961—1966.

Ísfiskur er 10.4% hærri í verði á fyrri helmingi yfirstandandi árs en hann var að meðaltali undanfarin 5 ár. Skreið er 3.5% hærri. Fryst flök, sem verðhrunið hefur víst komið mjög við, eru 10.2% hærri fyrri helming þessa árs en var að meðaltali undanfarin 5 ár, frystar rækjur og humar 8,9% hærri, óverkaður saltfiskur 30.8% hærri, hvalkjöt og hvalmjöl 35.2% hærri, saltsíld, sérverkuð, 14% hærri, fryst síld, ísvarin, 9.9% hærri, fiskimjöl og karfamjöl 2.3% hærra, en síldarmjöl og loðnumjöl 0.5% lægra, — þarna er verðhrun, 0.5% lægra á fyrri helmingi þessa árs en að meðaltali á þessum 5 s. l. árum, — og síldarlýsið 2.2% lægra. Þannig held ég að ég hafi gert sæmilega grein fyrir, hversu mikið þetta verðhrun er á helztu útflutningsvörum sjávarafurða. Þrátt fyrir það endurtek ég það, að þær valda verulegum erfiðleikum, þessar verðlækkanir. Það gera þær, þrátt fyrir góðærið að undanförnu, þrátt fyrir það, að þjóðin hefði átt að vera það sterk að geta þolað þetta, því að annað eins hefur hún orðið að þola hér áður.

Eins og kemur fram í þessu yfirliti, sem hér hefur verið gert, eru það 9 tegundir útfluttra sjávarafurða af þeim 11 tegundum, sem ég nefndi, sem eru í hærra verði, sumar í miklu hærra verði á fyrri helmingi yfirstandandi árs en þær hafa verið að meðaltali á undanförnum 5 uppgripaárum. Ein tegundin er ½% lægri og önnur rúmlega 2% lægri. Þetta er þá verðhrunið. Þetta er neyðarástandið, sem frv. er rökstutt með. Ég held, að þetta sýni það, að sveiflurnar, sem nú hafa orðið bæði í aflabrögðum og verðlagi, séu sízt meiri enn sem komið er en stundum hafa gerzt áður fyrr, án þess að valda nokkru neyðarástandi.

En hvernig er þá ástatt hjá helztu atvinnuvegunum núna? Það er víst ekki nein ástæða til að draga fjöður yfir það, að það er alvarlegt, — þrátt fyrir undangengin ár með allri þeirra velsæld er ástandið þar alvarlegt. Fjöldamörg fyrirtæki eru að komast í greiðsluþrot. Ýmsum fiskvinnslustöðvum er búið að loka eða er í þann veginn verið að loka. Og hvernig stendur þá á þessu, að höfuðatvinnuvegir Íslendinga þola ekki

meiri mótbyr en nú hefur orðið, þola mótbyrinn svo miklu lakar en áður? Ég dreg þær ályktanir af þessu, að höfuðástæðurnar geti ekki verið aflabresturinn eða verðhrun. Það hjálpar til sannarlega og veldur erfiðleikum, en það getur ekki verið höfuðástæðan. Hver er hún þá? Hæstv. ríkisstj. nefnir hana ekki, nema að því leyti sem hún víkur að því óbeint, að það sé vegna of hárra launa hjá verkafólki og launafólki. Ég held, að það þurfi ekki að vera að fara í neinar grafgötur með það, hver ástæðan er. Það veit þjóðin öll. Það er verðbólgan, sem er búin að grafa grunninn undan höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar. Þessa hlið málanna kærir hæstv. ríkisstj. sig ekki um að ræða neitt sérstaklega, ekki a. m. k. ótilneydd. Þó hefur það komið fyrir, að hún hefur ekki komizt hjá því að minnast á verðbólgu. Ég minnist þess, að hæstv. dómsmrh. drap á það við 1. umr. þessa máls, að verðbólgan hefði verið svo mikil á vinstristjórnarárunum t. d., að hún hefði vaxið á 2 mánuðum, bara í júnímánuði og nóvembermánuði 1958, um 35.5%. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar kominn ræðu minni, þegar kaffihlé var gert, að ég ræddi verðbólguna, áhrif hennar á efnahagsmálin, en jafnframt drap ég á það, að hæstv. ríkisstj. ræddi ekki svo mjög um verðbólgu ótilneydd, þótt það hafi komið einstöku sinnum fyrir. En áður en ég vík að því nánar, þykir mér rétt að benda á upphaf nál. meiri hl. hv. fjhn., sem ég kalla æði merkilegt. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú stefna í efnahagsmálum, sem fylgt hefur verið frá upphafi stjórnarsamstarfs Alþfl. og Sjálfstfl. 1959, hefur leitt til þess, að vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna hefur verið mjög ör.“

Það er þá stefnan, sem hefur gert það að verkum, að þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla hafa vaxið. Það kalla ég enga slaka stefnu, þegar hún getur þetta. Nú vita allir, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa skapazt af aflabrögðum og háu verðlagi erlendis. En þarna segir, að stefnan hafi komið þessu til leiðar. Mikil dásamleg stefna er þetta! Hún ræður þá við aflabrögðin, stefnan, og hún ræður við verðlagið! Hún bara færir okkur aflann, og hún færir okkur verðlagið! Ef þetta er svona, af hverju er stefnan þá að kippa að sér hendinni með þetta? Af hverju halda þeir ekki bara áfram að láta stefnuna færa okkur þetta, fyrst hún hefur gert það undanfarið?

Ég vék að því, að hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu sinni við 1. umr. þessa máls, að verðbólgan á vinstristjórnarárunum hefði vaxið svo t. d., að í júnímánuði og í nóvembermánuði 1958 hafi hún vaxið um 35.5%. (**Dómsmrh.**: Á ársgrundvelli.) Á hvað? Já, á ársgrundvelli. Nú höfum við í höndunum viðunandi upplýsingar um þetta, þar sem við höfum Hagtíðindin með vísitölu verðlagsins frá þessum árum. Hvað segja þau? Þau segja, að 1. júní 1958 er verðlagsvísitalan 193 stig, en 1. júlí, mánuði seinna, er hún 199 stig. Hún hefur þá hækkað í þessum júnímánuði um 6 stig eða 3.1%. Þá kemur hinn mánuðurinn. Þessi vísitala var 1. nóv. 1958 219 stig, en 1. des. 220 stig. Hún hækkaði í þeim mánuði um 1 stig. Þarna eru þeir komnir, þessir 2 mánuðir, þar sem hækkunin átti að hafa verið. Þessi hækkun í nóv. nemur þá 0.45% eða í þessum tveimur mánuðum til samans 3.55%. Ég sé enga skýringu á þessu dæmi hjá hæstv. ráðh., aðra en þá, að hann hafi bara sett kommuna á vitlausan stað í dæminu. Hann hefur fengið út 355, skellir kommunni fyrir framan aftasta stafinn og fær þannig út 35.5%, en átti að vera 3.55%. (**Dómsmrh.**: Ég sagði aldrei þetta. Ég sagði, að vísitalan hefði vaxið um 35% á ársgrundvelli.) Ég gætti nú að þessu í ræðunni og þar stendur, að í júnímánuði og í nóvembermánuði 1958 hafi verðbólgan vaxið þetta? (**Dómsmrh.**: Á ársfjórðungi.) Á ársfjórðungi? (**Dómsmrh.**: Já.) Það er alveg sama. Það er í þessum tveimur mánuðum. Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur ekki verið að reikna rangt vísvitandi, en það getur komið fyrir á beztu heimilum, að menn setji kommur vitlaust. Já, það eru 3.55%, þessi 35.5%.

Verðbólgustefnan hefur nú fengið að drottna, eins og menn vita, og hún hefur komið mörgum fésýslumanninum frekar vel, mönnum, sem hafa ýmiss konar höndlun með höndum, því er ekki að neita. En þessi stefna er ákaflega dýr, og hún heimtar sitt endurgjald alveg refjalaust, og nú er komið að skuldadögunum. En þá rís spurningin: Hver á að borga hlutfallslega mest? Hæstv. ríkisstj. er búin að svara þessu fyrir sig. Það er verkafólk og launafólk almennt, það á að borga brúsann, það hefur grætt svo. Og hlutfallslega verða þeir að borga mest, sem lægst hafa launin og flesta hafa að fæða og klæða, um það er ekki að villast. Og hæstv. viðskmrh. kom með mjög merkilegar tölur um gróðann hjá launafólki, eins og hér hefur verið drepið á og hv. frsm. meiri hl. fjhn. hefur svo endurtekið í ræðu sinni, að kaupmáttur tímakaups hafi vaxið frá 1960—1966 um 28%. Mér er ókunnugt um, hvernig þetta hefur verið reiknað eða hver hefur reiknað þetta. Ég er hræddur um, að Efnahagsstofnunin hafi ekki gert það, því að hún hefur reiknað út kaupmátt tímakaups áður og birt opinberlega. Það er einhver ný stofnun sjálfsagt, sem hefur reiknað þetta út. Því síður veit ég, hvaða stéttir eða starfshópa í þjóðfélaginu hæstv. ríkisstj. hefur tekið inn í þetta dæmi, hvort þar eru t. d. meðtaldir síldarsjómennirnir, sem höfðu mjög góðar tekjur hér á undanförnum árum, hvort þarna er blandað öllu saman, dagvinnutekjum, eftirvinnu, næturvinnu, helgidagatekjum, yfirborgunum á kaup, styttingu vinnuvikunnar o. s. frv. Það er ómögulegt að finna neitt út úr þessum tölum hæstv. ráðh., nema fá einhverja vitneskju um það, hvernig þær eru fengnar. Ég veit meira að segja ekki, nema þetta sé tekið að einhverju leyti eftir skattframtölum, tekjur manna teknar þar upp, og svo er farið að deila og deila í dagvinnutíma yfir árið, en þá gætu hreinlega verið þarna með tekjur eiginkonunnar og barnanna, því að þær koma þar oft, og þá vandast nú málið, ef svo er. En ég er ekki að segja, að þetta sé, ég veit ekkert um þetta. En eitt veit ég, að ef þetta á að heita kaupmáttur tímakaups verkafólks í dagvinnu skv. kjarasamningum, er það rangt, þá eru það blekkingar.

Eins og hv. 4. þm. Austf. sagði hér áðan, þá hafa verið birtar skýrslur um kaupmátt tímakaups og það nýlega fyrir undanfarin ár, sem

reiknaður hefur verið út af kjararannsóknanefnd, og enginn ágreiningur um, að grundvöllur þess reiknings muni vera sá réttasti, sem sú nefnd telur að hægt sé að hafa. Þarna eiga hlut að máli fulltrúar atvinnurekendanna í landinu og Alþýðusamband Íslands. Þessar skýrslur sýna það, að kaupmátturinn hefur svo að segja staðið í stað yfir allt þetta tímabil. Kaupmáttur tímakaups í dagvinnu skv. kjarasamningum hjá einstaka hópum hefur aðeins vaxið, hjá öðrum staðið í stað eða aðeins lækkað. En við eigum auk þess fleiri skýrslur af þessu tagi. Með frv. einu, sem flutt hefur verið hér á Alþingi undanfarin ár, var prentað fylgiskjal, þar sem var greint frá kaupmætti tímakaups í dagvinnu skv. kjarasamningum, reiknað af Torfa Ásgeirssyni hagfræðingi Efnahagsstofnunarinnar. Þar kemur svo að segja alveg það sama út og komið hefur út hjá kjararannsóknanefnd, þó að reikningsaðferðin sé ofurlítið önnur. Þeirri skýrslu mótmælti enginn hér á hæstv. Alþingi. Og það mun enginn maður voga sér að neita því, að kaupmáttur tímakaups í dagvinnu skv. kjarasamningum hefur svo að segja staðið í stað frá 1959. En til þess að dreifa athyglinni er ágætt að blanda saman í eitt dæmi einhvers konar óvenjulegum tekjum, sem sýna alls ekki neitt tímakaup í dagvinnu skv. kjarasamningum. Ég held því, að það sé að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur, ef nú á að láta þetta fólk borga verðbólgureikninginn. Það hljóta að vera einhverjir aðrir aðilar í þjóðfélaginu, sem þola það öllu betur. Og verðhækkanirnar, sem hæstv. ríkisstj. er búin að demba yfir þjóðina, eru ekkert smáræði. Verðhækkanirnar á landbúnaðarafurðunum frá því verði, sem var í septemberlok, eru t. d. þessar: Kjöt hækkar um 27%, mjólk um 30%, smjör um 66%, ostur um 25% og kartöflur yfir 90%. Það munar um minna. Allt eru þetta daglegar neyzluvörur manna, daglegar neyzluvörur, sem erfiðast verður fyrir þær fjölskyldur að kaupa, þar sem börnin eru flest. Og svo fylgir þann við verðlagsuppbót vegna þessara hækkana. Er nú að undra, þó að mótmælum rigni yfir ríkisstj. vegna þessara ráðstafana? Ég held, að það hafi ekki komið fram, að einn einasti aðili í landinu hafi mælt þessum ráðstöfunum bót, ekki nokkur. Ég hef ekki tekið eftir því, að nokkur einasti maður hafi opinberlega a. m. k. mælt með þessum ráðstöfunum. Útlitið er þá ekki betra en svo fyrir hæstv. ríkisstj. í þessu máli en það, að hún hafi jafnvel ekki nokkurn til þess að styðja sig í þessu nema 32 hv. þm.

Ég skal ekki að öðru leyti rekja þær hækkanir, sem nú hafa verið ákveðnar eða eru ákomnar, frekar en ég hef gert. Þó ætla ég að víkja að einni aðeins, — það er verst, að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur. Hæstv. ríkisstj. hefur hækkað áfengi og tóbak í verði um 13%. Menn veita því athygli, að hækkunin á þessari vöru er ekki helmingur af því, sem mjólkin og kjötið eru látin hækka. Þetta er ekki nema fimmti parturinn af þeirri hækkun, sem sett er á smjör, og ekki nema sjöundi parturinn af hækkuninni, sem kom á kartöflur. Og hvernig ætli standi á því, að svona er farið mjög vægilega í sakirnar, þegar um áfengið er að ræða? Jú, það kom fram hérna við 1. umr. Hæstv. ríkisstj. er hrædd við, að það kynni að draga úr neyzlunni, ef það verður hækkað meira, — það kynni að draga úr neyzlunni. Hún er hins vegar ekkert hrædd við það, þó að smjör t. d. hækki um 66%, að þá dragi eitthvað úr neyzlunni, — eða þá að hún telur, að það geri miklu minna til. Það var að vísu höfð sú tylliástæða með, að ef hækkunin yrði meiri en þetta, kynni það að ýta undir smygl. Það er nú líka hægt að smygla smjöri. En ég er ákaflega hræddur um, að það verði erfitt fyrir hæstv. ríkisstj. að útiloka smygl með verðlaginu einu, og ef hún ætlaði sér eitthvað að draga úr smygli, þá held ég, að hún verði að lækka áfengið alveg stórkostlega í verði. Það sýnir „Ásmundarútgerðin", sem við höfum nýlega fréttir af. Þeir menn, sem þar voru að verki, vissu væntanlega ekkert um þessa 13% hækkun, sem stóð til, hún var ekki heldur komin til, þegar þeir lögðu á hafið.

Þetta er ekki stórt atriði, það skal ég játa, en heldur er það ógeðfellt, þ. e. a. s. ekki að hækka áfengið, það var ekkert við það að athuga, en það er ógeðfellt að treysta sér ekki til að hækka það nema um lítið brot af þeim hækkunum, sem er skellt á mestu nauðsynjavörur manna.

Verðstöðvun hefur verið mjög ofarlega á baugi hjá hæstv. ríkisstj. frá því í fyrra að lögin voru um hana sett. Sérstaklega bar mikið á boðskap verðstöðvunarinnar í kosningunum í vor. Nú sýnir það sig, alveg sérstaklega núna, að þessi lög um verðstöðvunina frá í fyrra voru alveg forlátalög. Þau voru svo vel úr garði gerð, lögin, að það gerði ekkert til, þó að þau féllu úr gildi, þau verka fyrir það og jafnvel betur en áður. Það er með þessi lög dálítið líkt og ýmsa mæta menn, þeir eru ekki metnir að verðleikum fyrr en þeir eru dauðir, og lögin eru dauð. Þessi lög höfðu líka þann kost, og það er alveg sérstakt, að meðan þau voru í gildi, var hægt að demba yfir þjóðina verðhækkunum á lífsnauðsynjarnar bara eftir vild og sakaði lögin ekki nokkurn skapaðan hlut, eins og gert var í síðasta mánuði. Það eru ekki allir, sem geta samið svona lög. Í skjóli þessara laga er svo að koma á nokkurs konar verðstöðvunarlögmál í landinu, það sér maður á þessu frv. Þetta verðstöðvunarlögmál virðist vera í höfuðatriðum þannig, það skal vera verðstöðvun í níu mánuði á árinu, en verðhækkanir í þrjá. Við lifum núna þetta 3 mánaða tímabil verðhækkananna, svo fáum við 9 mánaða tímabil verðstöðvunar eftir áramótin. Þannig mun þetta vera hugsað, að það endurtaki sig á hverjum 12 mánuðum, 9 mán. tímabil og 3 mán. tímabil. Þó er ein undantekning frá þessu lögmáli. Það er, ef kosningar fara fram. Þá er reglan dálítið öðruvísi. Þá er verðstöðvun 9 mán. fyrir kosningar, 3 mán. eftir þær, svo verðhækkun 3 mán. og svo koll af kolli. Enginn veit enn þá, hvernig þetta lögmál gefst, því að það er eiginlega engin reynsla komin á þetta enn, en hún kemur sjálfsagt, áður en langt um líður.

Ég skal að lokum víkja að aðeins einum skatti í þessu frv. til viðbótar því, sem ég hef áður sagt, en það er farmiðaskatturinn. Þessi skattur virðist ekki ætla að verða miklu vinsælli en verðhækkanirnar á matvælunum, eftir því sem mér hefur skilizt. Þó er þessi skattur allt annars

eðlis og meinlausari, og ég ætla alls ekkert að jafna honum saman við verðhækkanir á matvælum, þó að ég telji hins vegar, að það hefði þurft að haga honum á annan veg. En í sambandi við þennan skatt, sem ég hef nokkrar áhyggjur af, finnst mér ákaflega hart til þess að vita, ef þessi skattur kynni að verða til þess að binda Flugfélagi Íslands mjög þunga bagga. En það eru mjög miklar líkur á því, að skatturinn verði til þess, að mjög dragi úr flugferðum Íslendinga til útlanda. Og ef það verður svo, bitnar það mjög á Flugfélagi Íslands, því að það hefur flutt svo að segja undantekningarlaust alla þá Íslendinga, sem flugleiðis hafa farið til nágrannalandanna í Evrópu. Verði mikill samdráttur í þessum farþegaflutningum, kemur það mjög illa við Flugfélag Íslands. Ég sagði, að ég teldi þetta allt annars eðlis og meinlausara heldur en hækkanirnar á matvælum, enda er það skiljanlegt, það geta flestir neitað sér um að fara til útlanda, þó að það sé vont að þurfa kannske að gera það, en það neitar sér enginn um að kaupa í matinn. Þrátt fyrir það, þó að sumt mæli með að leggja á skatt af þessu tagi, þá megum við ekki skaða eitt af allra merkustu og þörfustu fyrirtækjum þjóðarinnar í samgöngumálum. Flugfélag Íslands hefur af frábærum myndarskap og fyrirhyggju byggt upp flugsamgöngur, kerfi flugsamgangna innanlands, og hefur alla tíð verið tilbúið til að taka upp fastar áætlunarferðir til hinna ýmsu byggðarlaga í landinu, jafnóðum og flugvellir hafa komizt þar upp. Það er Flugfélaginu fyrst og fremst að þakka, ásamt flugvöllunum, að það hefur bókstaflega orðið bylting í flugsamgöngum okkar hér innanlands. En jafnframt þessu hefur svo Flugfélagið starfrækt utanlandsflugið með ágætum milli Íslands og Evrópulanda. Það vita allir, að innanlandsflugið er ekki gróðavegur, þar mun frekar hafa verið um tap en gróða að ræða. En utanlandsflugið ætla ég, að hafi staðið fyrst og fremst undir innanlandsfluginu. Það væri því illa farið, ef þessi skattur yrði til þess að spilla rekstrarafkomu þessa merka og ágæta fyrirtækis.

S. l. sumar keypti Flugfélag Íslands þotuna Boeing 727, einn glæsilegasta og fullkomnasta farkost, sem þjóðin á. Síðasta Alþingi samþykkti ríkisábyrgð félaginu til handa til að kaupa þotuna, og sú ríkisábyrgð var samþykkt hér á hæstv. Alþingi í einu hljóði. En þar fylgdi böggull skammrifi. Það fylgdi skilyrði þessari ríkisábyrgð. Það fylgdi það skilyrði, að þotan skyldi hafa flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli, en ekki Reykjavíkurflugvelli. Hvorki ég né aðrir gerðu athugasemdir við þetta skilyrði, þegar samþykkt var ríkisábyrgð. Ég leit svo á, að þetta skilyrði væri óhjákvæmilegt af einhverjum tækniástæðum eða öryggisástæðum, og gerði engar athugasemdir við það. Ég hef síðan kynnt mér þetta mál nokkuð, og ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að það séu ekki sjáanlegar nokkrar frambærilegar ástæður fyrir því að leggja þessa kvöð á Flugfélagið, en þessi kvöð mun nema um 10 millj. kr. aukaútgjöldum fyrir félagið á ári, og það munar um minna. Ég óska sérstaklega eftir því, að hæstv. ríkisstj. láti Alþingi í té upplýsingar um, hvers vegna þessi kvöð var lögð á félagið. Græðir nokkur á því, að það hefur verið gert? Ég hef heyrt þá tilgátu, að Reykjavíkurflugvöllur muni ekki hafa getað fullnægt þotunni, að flugbrautirnar væru ekki nógu sterkar fyrir þotuna eða jafnvel ekki nógu langar. Þetta er hrein ímyndun. Reykjavíkurflugvöllur fullnægir þotunni algjörlega, það hef ég fengið fulla vissu um. Auk þess hefur stærsta braut flugvallarins, norður-suðurbrautin, verið endurbætt stórlega í sumar, þar hefur verið skipt um jarðveg, þar sem þess þurfti með, og nýtt slitlag lagt á alla brautina. Þetta var ekki gert vegna þotunnar, því að hún fær ekki að lenda þarna, heldur vegna hinnar almennu umferðar flugvéla um völlinn. Eftir því sem ég hef bezt fengið að vita, er það hvorki styrkleiki flugbrauta, lengd flugbrauta né nokkrar öryggisástæður, sem valda því, að þessi kvöð hefur verið á félagið lögð. Ég vil því beina því til hæstv. ríkisstj., að þetta atriði verði endurskoðað og aflétt kvöðinni á Flugfélaginu, ef mögulegt er. Og þá væri ekki síður nauðsynlegt að gera það, ef fargjaldaskatturinn á nú að koma í ofanálag, sem kynni að hnekkja afkomu þessa merka og ágæta fyrirtækis, Flugfélags Íslands. Ég vænti þess fastlega, að hæstv. ríkisstj. taki það til athugunar, því að varla mun nokkur maður vilja viljandi leggja stein í götu þessa þarfa fyrirtækis.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ef ræða skal vandamál, verðum við að byrja á að mynda okkur raunhæfar skoðanir um hlutina, sem við ætlum að fást við, því að annars verður vandinn ekki leystur. Ástandið er þannig í dag, að yfirvinna hefur minnkað hjá launþegum yfirleitt og yfirborganir hafa að mestu leyti horfið. Sjómenn koma núna af vertíðinni, meginþorri þeirra hefur ekki nema sem svarar tryggingu. Við þurfum því ekki að blekkja okkur á því, að kaupgeta almennings í landinu eða þeirra, sem ekki hafa föst laun, sé ekki mun minni en venjulega. Það er þess vegna ekkert undrunarefni, þegar nýjum sköttum er bætt á, jafnmiklum og gert er beint og óbeint með þessum ráðstöfunum, að um þá sé talað og óánægja myndist hjá þeim, sem eiga að greiða þá. Og það er gert ráð fyrir, að þetta nemi um 750 millj. kr. alls, lækkaðar niðurgreiðslur og nýir skattar. Og ef reiknað er með, að þjóðin sé 200 þús., þá nemur þetta sem svarar 3750 kr. á hvern einstakling eða 18750 kr. á 5 manna fjölskyldu. Og nú er ekki þannig, að þjóðin hafi greitt litla skatta fyrir, þeir voru orðnir allháir áður, og heildarskattarnir nema núna skv. fjárlagafrv. um 6 milljörðum. Ef það er reiknað á hvert nef, nemur það um 30 þús. á einstakling eða 150 þús. á 5 manna fjölskyldu. Nú er það vitanlegt, að það borga ekki allir jafnt, en þjóðin þarf þó að borga þetta. Það er sumt af þessum sköttum lagt á reksturinn og atvinnuvegina, en gjaldþol þeirra verður eðlilega minna, eftir því sem þeir eru meira skattpíndir. En það leysir út af fyrir sig engan vanda að deila um þetta. Við þurfum að sjá leiðir til að leysa málin, og þá brá nú svo við, að ríkisstj. óskaði eftir við launþegana, að þeir kæmu með einhverjar tillögur. En ríkisstj. er bara ekki vön að gera þetta. Yfirleitt hefur

aldrei verið tekið eftir því, sem stjórnarandstaðan hefur sagt. Má vera, að það hafi verið misviturt, — ég skal ekkert halda því fram, að það hafi allt verið af viti, sem stjórnarandstæðingar hafa slegið fram í efnahagsmálum, — en það hefur yfirleitt aldrei verið á það hlustað.

Ég hef oft bent hér á ýmislegt, sem ég álít að hefði mátt fara öðruvísi og hægt væri að spara, en aldrei verið hlustað á það. Og í seinni tíð hef ég hætt þessu. Nú, ég hef raunar ekki verið beðinn um það, en af því að ríkisstj. óskaði eftir því að fá einhverjar tillögur um það, hvaða leiðir aðrar hægt væri að fara, þá skal ég nefna nokkur atriði, sem mér hefur dottið í hug.

Ég skal taka það fram í byrjun, að ég álít þá leið, sem ríkisstj. ætlar að fara, illfæra, ég vil ekki segja ófæra. Við heyrum það hér hjá þeim, sem telja sig málsvara vinnustéttanna, sem eru ekki einn flokkur frekar en annar satt að segja, því að launafólkinu er skipt í alla flokka, að þeir hóta verkfalli hér, ef frv. verður samþykkt. Nú er það ekki þannig, að í þessu frv. felist óskapleg skattaaukning. Aðalatriðið er það, að þar eru gerðar ráðstafanir um aukin útgjöld, án þess að vísitalan hækki, sem þeir telja brot á júnísamkomulaginu fræga. Og ég verð að viðurkenna það, að ég tel líka, að það sé brotið blað í þeim samningum. Ég hef raunar aldrei haft neinar sérstakar mætur á þeim samningum, ég skal játa það, en ég hefði álitið rétt af ríkisstj. samt, — það má vera, að hún hafi gert það, áður en hún lagði þetta frv. fram, — að ræða um þetta við þá menn, sem hún gerði samkomulagið við, júnísamkomulagið. Ég skal ekki fullyrða, hvort það hefur verið gert, en samkomulag hefur a. m. k. ekki náðst. Nú er vitanlega ekki nema eðlilegt, að ríkisstj. spyrji þessa aðila að því, hvað þeir vilji þá gera. Og ég álít, að þeir ættu einhverju að svara viðvíkjandi því. Málið verður að leysa, við sjáum það sjálf. Það er engin lausn á málinu að hækka skatta og fara svo í verkfall, lækka svo gengi, fara svo kannske aftur í verkfall og lækka svo aftur gengið. Nú vitum við, að gengið er rangt skráð, og vandinn væri í raun og veru ekki mikill, ef þyrfti ekkert að leysa nema þetta. En þetta er bara byrjunin. Og ef á að leysa byrjunina á þann hátt að skapa verkföll og vinnustöðvun í landinu, getur eftirleikurinn orðið erfiður.

Við vitum, að fyrr og síðar hefur mönnum yfirsézt, og það er ekkert mannlegt, sem getur orðið án yfirsjóna. Ég get ekki fallizt á það, sem hv. 1. þm. Reykn. tók fram hér áðan, að fjármálastjórn ríkisstj. væri með þeim ágætum, að hún væri óumdeilanleg, þeir væru yfir allt mannlegt hafnir, þannig að þetta væri allt gott og ekki ástæða til að finna að neinu. Ég get ekki tekið undir þetta. Við getum farið langt aftur í tímann og bent á yfirsjónir, sem gerðar hafa verið í fjármálum hér á landi. Eignakönnunin fyrsta var t. d. glappaskot. Menn ruku til og eyddu fé sínu í allt mögulegt. Það er sennilega eitt vitlausasta verk, sem gert hefur verið. Alþingi í raun og veru lýsti því yfir á eftir, því að skömmu seinna voru samþykkt lög um, að ef menn vildu eiga sparifé, þá þyrftu þeir ekki að telja það fram. Stóreignaskatturinn var líka vitleysa, — þetta gerðist áður en núv. ríkisstj. tók við völdum, — því að þar voru þeir menn skattlagðir, sem ekki voru berir fyrir, atvinnurekendur, sem voru að basla við að festa fé sitt og gátu ekki falið það. Þetta var yfirleitt ekki greitt, og eftir ótal málaferli náðist einhver lítill hluti af þessu. Þetta sjáum við eftir á, og var raunar hægt að sjá það strax, að þetta var vitleysa. Gengislækkunin 1960 var of mikil. Ég benti á það þá. Þeir komu á of mikilli skriðu, verðsveiflan var of mikil, fólkið hætti að spara, kjaraskerðingin var of mikil, það hlaut að leiða af sér kauphækkun, sem kom 1961, þá var gengið aftur fellt.

Vaxtahækkunin er með verri vitleysum, sem gerðar hafa verið. Hún átti að vera til þess, að sparifé ykist í landinu, en það hefur aldrei verið meiri ákafi í að eyða peningum heldur en síðan þetta var gert. Fólkið treystir ekki verðgildi peninganna, og verðfall peninganna varð meira en nam vöxtunum. Þess vegna náði vaxtahækkunin ekki markmiði sínu. En hún hefur átt mikinn þátt í að auka verðbólguna í landinu, bæði hvað snertir iðnað og útgerð og jafnvel landbúnað líka. Þetta fer allt í gengið. Báturinn, sem kostar 10 millj. kr., verður að borga 250 þús. meira í ár í vexti, þó að maður sleppi dráttarvöxtunum, heldur en hann þurfti. 20 millj. kr. bátar ½ millj. meira. Ef hægt væri að höggva skarð í þetta með afborgunum, myndaðist vonin um að geta staðið í skilum. Nú er það þannig með útvegsmenn, að það er vitað mál, að þeir geta alls ekki borgað, hvorki vexti né afborganir, í haust. Og þegar hesturinn leggst undir of þungum höggum, reynir hann ekkert að bjarga sér.

Auk þess hefur hverjum skattinum verið bætt ofan á annan á þessa atvinnuvegi, það er hlaðið á þá sköttum. Ég taldi upp 25 skatta á útgerðinni í fyrra hér og gleymdi þó einum, það er söluskattur á tryggingagjöldunum af bátunum. Tryggingafélögin eru þannig leikin, að þau geta ekki borgað tjónabæturnar, bara geta það ekki. Þannig er nú fjármálastjórnin, sem 1. þm. Reykn. segir að sé óaðfinnanleg á allan hátt. Ég efast um, að það hafi komið fyrir áður, jafnvel í kreppunni, að tryggingafélög hafi ekki getað borgað tjónabætur, en þannig er ástandið í dag. Og svo eru þessi tryggingagjöld skattlögð með 7½% söluskatti, sem lendir beint á einstaklingunum, því að á mörgum bátum eru tryggingagjöldin orðin svo há, að útgerðarmaðurinn og útgerðarfélögin verða að borga sjálf hluta af því, því að það er takmarkað, sem þessi sameiginlegi sjóður borgar.

Annað atriði er skipulagslaus fjárfesting, sem hefur verið hér og hefur verið okkur mjög skaðleg. Það má bara benda á síldarverksmiðjurnar hálfkláruðu á Austfjörðum. Það má benda á það, að það er alltaf verið að kaupa ný og ný skip, rándýr, þó að sérfræðingar okkar spái því, að síldaraflinn fari minnkandi. Það vita það allir, sem hafa vit á útgerð, að það verður ekki ágóðavænlegt að sækja norður á Svalbarða síld og koma með hana í hálfgerðri klessu í land. Sama er að segja um frystihúsin, það hefur verið skipulagslaust, og það raunar áður en þessi stjórn tók við, ekki nógu vel skipulagt, og það er hrein

vitleysa að ætla að reka óþarflega mörg frystihús, þau eru það dýr í rekstri. Og á þeim stöðum, þar sem erfiðust er aðstaðan, þá verður ríkið helzt að taka eitt frystihús á viðkomandi stað og sjá um rekstur á því. Það er gersamlega útilokað að fá menn til að leggja upp aflann, nema tryggt sé að fá hann borgaðan. Fólkið flýr þessa staði, og þeir leggjast þá meira og minna í auðn, ef ekki er nein fiskvinnslustöð, sem getur greitt aflann, og ef útgerðarmennirnir eiga ekki tryggt að fá hann greiddan. Þess vegna getur það átt sér stað, að það sé, þó að ég sé ekkert að halda sérstaklega upp á ríkisrekstur, — það er t. d. á Siglufirði rekið af ríkinu, rekið af síldarverksmiðjunum frystihús, og þess vegna er það rekið og þess vegna treysta menn sér til þess að leggja þar upp, og það eru fleiri staðir, þar sem ríkið þyrfti vafalaust að taka að sér rekstur frystihúsanna. Þetta er svona á öllum sviðum. Þetta er svona í iðnaði líka. Ef einhver maður setur upp iðngrein, þá er annar maður viss með að setja hana upp við hliðina eða skammt frá, þannig að það er keppt um þennan takmarkaða markað, sem til er í landinu. Þetta þarf vitanlega að skipuleggja líka. Ef til vill er einhver vísir að þessu, byrjað að hugsa um þetta og skipuleggja þetta núna, en það er bara of seint, þó að það megi segja betra seint en aldrei. Iðnaðinn þarf vitanlega að skipuleggja, ekki sízt ef hann er eingöngu fyrir innanlandsmarkað, eins og er í flestum greinum hjá okkur, þegar útveginum er sleppt. Það má segja um landbúnaðinn líka, hann er ekki nógu vel skipulagður. Það er í raun og veru ekkert vit í því að skipuleggja ekki framleiðsluna. Við þurfum að miða þetta við þarfir þjóðarinnar og við möguleikana á að afsetja það, og þannig mætti lengi telja.

En ef við komum nú að þessum vanda, sem þarf að leysa í dag, þá er það það, hvernig á að jafna fjárlögin, þannig að það verði ekki halli á þeim. Og þá sé ég ekki nema eina leið, — ég tel þessa leið ófæra, sem ríkisstj. ætlar að fara, eða illfæra, vægast sagt, — og það er það, að ríkisstj. verður að lækka útgjöld ríkisins. Við skulum segja, að það sé einhver atvinnurekandi, hann lifir hátt með sína fjölskyldu, og svo minnka tekjur hans, hann kemur til fólksins, sem vinnur hjá honum, t. d. nokkurra launþega, og segir við þá: Öll sú tekjuskerðing, sem ég verð fyrir, þið verðið að taka hana á ykkur, ég spara ekkert við mig eða mína fjölskyldu. — Vitanlega yrði það fólk ekki ánægt. Það er ósköp eðlilegt, á meðan þjóðin finnur, að ekki er reynt að spara á neinu sviði neitt að gagni, að þá sé hún ósköp óánægð að bæta þessum byrðum á sitt bak, þegar illa stendur á eins og núna, að það hefur stórdregið úr launatekjum þeirra, sem eiga að lifa á tímakaupi sínu eða mánaðartryggingu eins og sjómennirnir. Það er ekkert óeðlilegt, að fólkið fari fram á, að eitthvað sé reynt að spara í ríkisrekstrinum. Og ég held, að ríkisstj. hefði átt að eyða sumrinu í að brjóta heilann um, hvað hægt væri að gera á því sviði, en ekki að skipa einhverjum undirmönnum sínum að semja nýtt frv. finna einhver ráð, til þess að þessi eyðsla geti haldizt.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ríkisstj. sjálf hafi nú skrifað þetta frv. eða fundið út allt þetta, sem gera á, því að það er þarna eitt atriði, sem er af talsverðu viti, í þessum till. öllum saman, — þeir hafa þess vegna einhvern góðan koll einhvers staðar í fjölskyldunni, — og það er þessi farmiðaskattur, hvernig honum er fyrir komið. Satt að segja er það sá skattur, sem ég get helzt verið með af þessu öllu saman. Sannleikurinn er sá, að við vorum farin að lifa um efni fram. Það var meira en ríkisbúskapurinn, það var talsverður hluti af þjóðinni. Það var eytt meira í ferðalög til útlanda en nam öllum tekjum af saltsíld í landinu, og þó hefur sennilega aldrei komið fram töluvert mikið af því, sem eytt hefur verið, ekki á neinum skýrslum. Og Íslendingar voru kunnastir í stórverzlunum erlendis fyrir óhemjueyðslu. Og kaupmennirnir sögðu: Nú verðum við að taka það fram, sem við eigum, nú eru Íslendingar að koma. — Við vorum orðnir frægir fyrir eyðslu. Það er allt vel um það að fólkið ferðist, en það þarf bara að vera geta til þess að borga. Ég er ekki að segja, að það sé hent miklum peningum í óþarfa, því að maður getur sagt, að þetta sé allt heldur til bóta, en það verður bara að vera hægt að greiða það. Það má vera, að það sé ekki hrein vitleysa, þessir 6 milljarðar, neitt af því, sem eytt er, það sé þarft og gott á vissan hátt. En það þarf bara að vera geta til þess, og við þurfum ekki að ímynda okkur, þó að þessi vandi sé leystur, að byrðunum sé lokið, sem þarf að hlaða á fólkið. Gengið er rangskráð eða var, — ég hef athugað það með mönnum, sem höfðu vit á því, voru inni í atvinnurekstri talsvert, í fyrravetur, og þá álitum við, að það væri rangskráð um ca. 30%, og ekki hefur það minnkað síðan, því að þegar farið er að borga með öllum útflutningsvörum, þá er gengið rangt. Það þýðir ekkert að blekkja sig. 400 millj. a. m. k. fyrir utan ábyrgðir og allt slíkt var borgað í fyrra með útflutningnum, og það þarf miklu meira núna, því að frystihúsin eru að gefast upp. Það er óhjákvæmilegt að reka frystihúsin á hagkvæmari hátt en gert er.

Það er hægt að benda á mörg mistök í fjármálastjórninni, sem geri fólkið óánægt. Það er t. d. hægt að benda á gjaldeyriseftirlitið. Hvernig í ósköpunum getur það skeð, að einn útflytjandi geti látið hverfa tugi milljóna, þannig að ekki sé gerð grein fyrir því? Hvers konar eftirlit er þetta hjá bönkunum í gjaldeyrismálum? Þeir líta betur eftir því, þegar þeir eru að lána okkur, eitt eða tvö hundruð þúsund í það að reka bátana, þá þurfum við að veðsetja aleiguna. Einhver sterkustu útgerðarfyrirtæki eða fiskvinnslustöðvar í landinu riða við fyrir þetta, fyrir svona töp.

Það er talsvert erfitt verk að benda á einstök atriði, sem hægt væri að spara. Ég skal benda á nokkur. Vitanlega má alltaf um það deila. Ég hef farið yfir fjárlögin, en fyrir mann, sem ekki hefur aðstöðu til þess að kynna sér þetta alveg ofan í kjölinn, þá er erfitt náttúrlega að taka einstakar stofnanir og benda á: Þennan starfsmann er hægt að spara o. s. frv. Til þess þarf maður að vera alveg gjörkunnugur því. En ég álít, að það sé hægt að spara á flestum liðum fjárlaganna, ef það er tekið verulega föstum

tökum. Vitanlega er ómögulegt að spara, án þess að það komi við einhvern. Það má vel vera, þar sem eru fleiri en einn flokkur, sem ráða, að það sé erfitt að komast að samkomulagi. En það er þó færari leið heldur en sú að skella þessu á bak launþeganna, öllum þeim byrðum, sem gert er með þessum ráðstöfunum og gera verður síðar. Hv. 4. þm. Austf. benti hér á nokkur atriði, en út af fyrir sig kom hann ekki með atriði, sem ráða úrslitum, en nokkur þeirra áttu fullan rétt á sér, eins og að spara eitthvað í sendiráðunum. Ég skal bara benda hér á bílaeign ríkisins í bænum. Ég er alveg sannfærður um, að það mætti spara mikið fé, ef það væri höfð sérstök bílastöð, hún þyrfti ekki að vera sérstaklega stór, sameiginlegir bílar fyrir alla starfsmenn ríkisins, jafnvel ráðherrana líka, sem þyrftu að nota bíla, allar ríkisstofnanirnar. Það mætti spara stórfé á því. Það mætti fækka bílunum og fækka mönnunum. Má vera, að það sé ekki eins þægilegt fyrir þessa aðila eins og hafa bílstjóra bíðandi eftir sér með bílinn, en ódýrara yrði það fyrir þjóðina. Ég er alveg sannfærður um, að það mætti spara eitthvað af starfsliði í stjórnarráðinu. Ég held, að það sé farið ósköp rólega þar að sumu. Ef byrjað væri efst, þá mundi fólkið taka eftir því og yrði fúsara að leggja einhverjar byrðar á sig. En fólkið talar um ferðalög ráðherranna og ýmsa óþarfaeyðslu. Jafnvel þó að það nemi ekki þeim upphæðum, að það eitt skipti miklu máli, þá er þetta fordæmi, sem getur haft sína þýðingu viðvíkjandi skoðunum fólksins.

Einn af hæstu útgjaldaliðunum er skólakerfið og menntamálin. Við vitum, að það þarf að mennta fólkið, það er allt vel um það, en ég er sannfærður um, að það mætti spara mikið fé með því að skipuleggja þessi mál miklu betur en gert er og haga náminu þannig, að það yrði praktískara en það er núna. Ég held t. d., að menntaskólanámið hjá okkur sé alls ekki praktískt. Ég held, að það séu lærð of mörg tungumál, það væri nóg að læra tungumál einnar stórþjóðar og hafa þar frjálst val, og menntaskólinn sé jafnvel of langur. Skólafólkið er orðið þreytt, jafnvel þegar það kemur úr menntaskólanum, og þar sem er langskólanám í háskólanum, þá eru þetta orðnir uppgefnir menn í mörgu tilviki. Enda skulum við taka eftir því, að það eru ekki langskólagengnu mennirnir, sem bera uppi þjóðfélagið í dag. Þeir bera ekki þungann af atvinnurekstrinum og öðru slíku. Þetta eru orðnir þreyttir menn, og það sem verra er: Það er verið að prédika, að sem flestir þurfi að verða stúdentar, og miða menningu þjóðar við sem flesta stúdenta. En stúdentsmenntun er ekki sérstaklega praktísk menntun. Við þurfum að hafa hagnýta menntun. Við þurfum vitanlega að hafa almenna menntun, en við þurfum líka að leggja áherzlu á að hafa hana hagnýta og koma skólakerfinu þannig fyrir, að það verði sem ódýrast. Það er t. d. ekkert vit í því með landsprófið að dreifa því eins og gert er. Það þarf að hafa fleiri saman og þá betri kennara þar. Það er staðreynd, að það eru margir nemendur, sem ekki ná landsprófi, bara af því að það er ekki nógu góð kennsla, og af því m. a. kemur, að það er mjög misjafnt, hvað margir ná landsprófi í hinum einstöku skólum í prósentum talið. Tvímælalaust er það að mestu leyti kennslunni að kenna. Við skulum ekkert vera að blekkja okkur á þessu, að í skólakerfinu gætum við stórsparað peninga, ef við rækjum það á hagnýtari hátt. Fólkið náttúrlega þarf að mennta sig, en það þarf að fá sanna menntun, en ekki einhvern páfagaukslærdóm.

Fjölskyldubætur með tveimur börnum væri hægt að afnema án þess að þrengja kosti þeirra, sem erfiðasta hafa aðstöðuna. Eins og réttilega hefur verið tekið fram, kemur það, sem gert er með þessum verðhækkunum á lífsnauðsynjum, þyngst á stærstu fjölskyldurnar. Á þann hátt væri hægt að spara talsvert á annað hundrað millj. Og ef launþegar hafa viðunanlega vinnu og viðunanlegt kaup, er engum heilbrigðum manni vorkunn að sjá fyrir tveimur börnum, og það hafa menn getað fram að þessu. Það á þá eftir að verða verra en það er, ef það er ekki hægt. Og það verðum við að athuga með allri þessari skattpíningu á þjóðina, að það er aldrei alheimt í þessu kerfi að innheimta skatta og greiða svo aftur stórar fjárhæðir. Það tapast þá alltaf eitthvað í leiðinni og til þeirra kannske, sem sízt hafa þörf fyrir það.

Það er ekki nema takmarkað, sem hægt er að innheimta af sköttum. Og þið verðið að gera ykkur það ljóst, að 1965 gat þjóðin greitt þessa skatta, en í ár, þegar kreppir að með atvinnu og verðið lækkar á útflutningsafurðum, þá er ekki hægt að innheimta svona mikla skatta, því að þegar innflutningsgjald eða álagning á einhverri vörutegund verður úr hófi fram, þá fara menn að smygla. Og þið skuluð athuga það, að svona snögg hækkun eins og varð á smjörinu núna, það er ekkert vit í því að hækka eina vörutegund svona allt í einu, ekki raunar alveg um helming, en yfir 60%. Þetta verður að smákoma. Og annað það, að þegar varan er orðin mjög dýr, meira að segja þótt það sé smjör, þá er haft fyrir að smygla því. Jafnvel kjöti hefur verið smyglað hér á landi og er jafnvel enn. Það er takmarkað, hvað hægt er að leggja á vöru, og það rak ríkisstj. sig á hér á árinu, þegar Gunnar Thoroddsen kom með lækkanir á úrum o. fl. Það var farið að smygla þeim. Þau voru ekki flutt inn, þegar tollurinn var svona hár, á annað hundrað prósent. Þá byrja menn að smygla. Það er öllum mögulegum hlutum smyglað, meira að segja matvælum, ef þau eru of dýr. Það var byrjað að smygla smjörinu, þegar það var tölurvert á annað hundrað krónur kílóið, og það meira að segja í stórum stíl. Þetta verðum við að gera okkur ljóst.

Ég skal játa það, að niðurgreiðslurnar voru orðnar miklar, og ég álít jafnvel, að það væri rétt að lækka sumar þeirra, jafnvel á mjólkinni, niðurgreiðslurnar voru orðnar fullmiklar þar, og það var náttúrlega farið að leiða af sér, að engan veginn var tryggt, að þær hafi verið rétt framfærðar. Og það voru ýmsir farnir að kaupa mjólk, sem framleiddu mjólk, af því að niðurgreiðslurnar voru svona miklar. Smjörið er tvímælalaust óviturlegt að hækka svo mikið. En það var þá hægt að lækka aðrar vörur. Það er t. d. ákaflega skoplegt að leggja söluskatt á kjötið og fiskinn, sem við kaupum. M. ö. o.:

Ríkið greiðir háar niðurgreiðslur á kjötið, en skattleggur það um 7½%, alla söluna, fyrir utan svo skatt til bændahallar og fleiri kúnstir, sem eru nú lagðar á þetta allt saman, sem neytendur og framleiðendur borga í félagi. Ég álít, að það væri miklu viturlegra að afnema þennan söluskatt á þessum nauðsynjum, eins og fiski og kjöti, og lækka þær á þann hátt í verði. Þetta er bara skrípaleikur, að innheimta söluskatt af þessu og borga svo aftur háar niðurgreiðslur. Og þó að mjólkin hefði verið hækkuð dálítið í verði, ef þessar vörur hefðu annaðhvort lækkað eða staðið í stað, þá hefðu neytendur varla gert mikinn uppsteyt út af því, og mjólk er síður smyglað en smjöri og kjöti.

Viðvíkjandi því, sem hægt væri að lækka, þá eru margir fleiri liðir. Það eru t. d. atvinnuleysistryggingarnar. Ég held það séu um 170 millj., sem eru lagðar í þær núna af bæjarfélögum, atvinnurekendum og ríkinu sjálfu. Það er náttúrlega alveg sama fyrir fólkið, ef útsvörin lækkuðu. Það er ekkert betra að borga útsvörin heldur en borga þetta allt til ríkisins. Þetta er gersamlega að sliga bæjarfélögin. Og nú horfir þannig við með útsvarsgreiðslur, að ég sé engin ráð fyrir sjómennina að greiða þær. Flestir eru þeir með tryggingar, þurfa að borga fæðið sitt, ég sé ekki, að það verði neitt afgangs upp í útgjöld, þannig að það verði alveg greiðsluþrot fyrir bæjarfélögin um innheimtu á útsvörum hjá ýmsum sjómönnum, þannig að það væri sannarlega þörf á því að létta eitthvað byrðum af þeim. Ég sé ekki annað en allir aðilar geti nú sætt sig við það, að atvinnuleysistryggingasjóður hefði 90 millj. í vaxtatekjur á ári, ef gert er ráð fyrir, að verði borgaðar úr honum 5, þó að útgjöldunum væri létt af fólkinu hvað þetta snerti. Þetta er fjárplógsstarfsemi, og það hefur verið hrein árátta hjá þessari ríkisstj. að pína þessa atvinnuvegi, leggja skatt ofan á skatt, þangað til þeir sligast, og þeir eru þegar að gera það. Það er greiðsluþrot hjá útgerðinni. Og iðnaðurinn er þannig á vegi staddur, að það er á takmörkum, að sum fyrirtæki séu starfrækt.

Í viðbót við þetta allt saman er opnað fyrir öllum innflutningi. Verzlunarstéttin heimtar þetta sjálfsagt. Ég veit ekki, hvað annað vakir fyrir ríkisstj. en að þóknast henni. Við urðum ekki varir við vörulækkanir verulega af þessu, enda væri hægt að halda vöruverðinu í skefjum með ströngu verðlagseftirliti innanlands. Það er gott og blessað með allt frelsi, en við verðum að vera færir um að taka á móti því frelsi. Við verðum að haga atvinnurekstri okkar hér innanlands þannig, að við getum keppt við erlend iðnfyrirtæki. Og þó að það sé hár innflutningstollur á hér um bil öllum iðnaðarvörum, þá er það nú þannig, að íslenzku fyrirtækin geta illa keppt við það, enda er ekkert, sem tryggir það, að þessum erlendu fyrirtækjum sé ekki stórhjálpað af ríkisvaldinu með hagkvæmum lánum og annarri slíkri fyrirgreiðslu, sem ég hygg að þessi fyrirtæki hér, sem eru nú að reyna að basla eitthvað við útflutning, hafi ekki notið nema að takmörkuðu leyti.

Það er hægt að taka ótal liði aðra í fjárlögunum. Það væri svo velkomið, að ég væri nokkra daga uppi í Stjórnarráði og benti þeim á ýmislegt, ef ég fengi aðgang að plöggum. Ef ríkisstj. vildi vera svo lítillát að notfæra sér eitthvað af því, þá mundi ég alltaf vera fús til þess. Það er nú hent 10 millj. í skógrækt til ekki nokkurs skapaðs hlutar. Við eigum að fá héruðunum skógræktarmálin í hendur. Það er bara hrein vitleysa af ríkinu að vera að skipta sér af þeim málum, enda gagnslaust frá hagfræðilegu sjónarmiði. Menn geta gert sér það til gamans, það er gott og blessað. Svo ætla þeir að fara að braska við að kaupa eitthvert horn af Viðey með steinhúsi. Ég held það hefði ekki legið beint á því.

Viðvíkjandi skattheimtunni, þið munið það nú hér á árunum, þegar Gunnar Thoroddsen var fjármálaráðherra og ætlaði að fara að spara á öllum mögulegum hlutum, m. a. skattheimtunni, að færa þetta í stórkerfi. Áður var það nú þannig, að bændurnir unnu við þetta fyrir ekki neitt, ég held þeir hafi haft 100 kr. á dag. Þeir höfðu gaman af þessu og æfðu sig í reikningi á þessu. Svo var það allt fært saman, margfaldur kostnaður og miklu vitlausara, það er nú það versta.

Það má spara á öllum mögulegum hlutum. Ég skal segja ykkur, í bæði sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálum má stórspara, án þess að það geri útvegsmönnum eða bændum nokkurn skapaðan hlut til, bara með dálitilli hagsýni. Og það væri heldur engin goðgá að fresta framkvæmdum eitt eða tvö erfið ár. Það mundi engum gera til. Við getum tekið tollgæzluna á Keflavíkurflugvelli, tollgæzla og lögreglustjórn kostar 17 millj., og mér er sagt af ferðamönnum, sem fara í gegn þarna, að það sé ekki litið í töskurnar þeirra. Ég held það væri betra að hafa þá heldur færri og þeir litu einstaka sinnum ofan í töskurnar. Vitanlega er ekki hægt að spara allt þetta, en ég er sannfærður um, að þarna er eitthvað hægt að spara. Úti um allt land eru lögregluþjónar, sem meiri hluta ársins hafa ekkert að gera. Við þurfum að hafa löggæzlu á samkomum, og það er hægt að fá menn dag og dag til þess. En þarna eru þeir. Það er búið að stórfjölga þessu hjá núverandi stjórn, og ég sé ekki, að þeir hafi nokkurn hlut að gera, nema eitthvað að rekast í fólki alveg að ástæðulausu. Jafnvel dýralæknar og héraðsráðunautar, það mætti fækka þeim.

Ýmislegt gætum við rekið af miklu meiri hagsýni en við gerum. Viðvíkjandi landbúnaði gætum við rekið súgþurrkunina af miklu meiri hagsýni en við gerum. Súgþurrkunarkerfi geta verið ákaflega ódýr, kosta hér um bil ekki neitt, í hæfilega mjóa hlöðu, og það er hægt að nota sama blásara við fleiri hlöður meira að segja, blása inn heyinu með honum líka, ef það er einn blásari. En menn setja þetta upp með margföldu verði miðað við það, sem þarf að vera. Og þetta er styrkt og borgað að mestu leyti. Við þurfum að hafa einhverja hagsýni í þessu. Peningshúsin eru orðin svo dýr, að þetta eru að verða hallir, með 2 metra háum kjöllurum. Þetta er gott og blessað. En það er bara engin þjóð í heiminum, sem leyfir sér að byggja þannig yfir rollurnar, og það er hægt að gera þetta miklu ódýrara. Viðvíkjandi sjávarútveginum eru fjöldamargir liðir, sem mætti spara og fresta framkvæmdum.

Og þannig er þetta á öllum mögulegum sviðum. Það væri náttúrlega engin goðgá, þó að það væri sagt við þá, sem hafa stærstu túnin, í eitt ár: Við getum ekki borgað ykkur jarðabætur núna. — Satt að segja mundi það ekki gera nokkurn skapaðan hlut til fyrir þá, sem hafa stór tún, því að það er ekki túnastærðin hjá mörgum, sem gerir það, að ekki hefur verið nóg af töðu, heldur hitt, að túnin eru ekki í nógu góðri ræktun. Ég er ekki að segja, að þetta sé allt saman gott og blessað, að gera þetta. En það verður eitthvað að gera, og við verðum að athuga það, að ef við ætlum að leysa vandamálið, þá verðum við að taka sameiginlega á okkur byrðarnar. Það er ekki hægt að leggja allt á eina stétt.

Sem sagt, það er engin leið að telja neinum trú um það, við teljum ekki fólkinu trú um það, að á 6 milljarða fjárlögum, sem hafa hækkað, — án þess að ég vilji vera með nokkra illkvittni út í þessa ríkisstjórn, þó að við tökum tillit til fólksfjölgunar, þó að við tökum tillit til gengisbreytingarinnar, þá hafa útgjöld um það bil tvöfaldazt í tíð þessarar ríkisstj., — og það er ekki hægt að ímynda sér það, það er ekki hægt að telja nokkrum einasta manni trú um það, ef þetta er tekið föstum og skynsamlegum tökum, að það sé ekki hægt að spara mörg hundruð millj. Og það er þarna, sem við eigum að byrja á að spara. Svo þegar búið er að gera það, sem hægt er af þessu, þá er hægt að koma til fólks og segja: Nú verðið þið að taka á ykkur meiri byrðar. — Og þá mun það frekar gera það möglunarlaust.

En það er engin lausn á málinu að fara í eitthvert skatta- og verkfallsstríð, að ríkisstj. skattleggi launþegana og launþegarnir geri verkfall. Við leysum ekki nokkurn vanda með því. Sannleikurinn er sá, að ástandið hjá okkur er þannig núna, að við þolum ekki verkföll. Og hvað sem launþegar segja, þá vita þeir það sjálfir, að efnaminni fjölskyldur hafa engin ráð á að vera í löngu verkfalli. Það þurfa allir að borða. Útsvörin hafa síhækkað. Það er ekki nóg að verja til félagsmála hálfum öðrum milljarði, það þarf einhvers staðar að taka þetta. Og við vitum, að það er gengið hér miskunnarlaust í bæjunum að fólkinu, ef það borgar ekki sín útgjöld, ef það borgar ekki rafmagnið, er lokað fyrir það, ef það borgar ekki útsvörin, þá er farið heim til þess og skrifaðir upp húsmunirnir eða gert lögtak í húsmunum, það er engin miskunn. Ég er alinn upp í sveit og ekki vanur við svona innheimtuaðferðir, en mér hálfofbýður þetta, ég segi það eins og það er. En vera má, að það sé ekki hægt annað. En þetta verður fólkið að borga. Og það vita bæði launþegar og atvinnurekendur, að fólkið er ekki fært um að fara í verkfall og þjóðin þolir ekki löng verkföll. Þó að ríkisáætlunin um fjárlögin sé eitthvað jöfnuð, þá eru ótal vandamál eftir. Hitt vitum við svo ósköp vel, það vita allir vitibornir menn, að gengið er rangt skráð. Við vitum, að það er bara tímaspursmál, hvenær það lækkar. Mín skoðun er sú, að ríkisstj. biði róleg og lofi launþegum að hækka kaupið og svo komi gengislækkun á eftir. Og það verður sagt við launþegana: Þetta er ykkur að kenna. Þið berið ábyrgð á þessari gengislækkun. En sannleikurinn er sá, — maður er ekkert að blekkja sig á því, — að þó að kaupið hækki ekki neitt, þá verður að viðurkenna, að gengið er rangt skráð, og það er ekki hægt að reka þjóðarbúskap með röngu gengi í mörg ár. Gengið var of mikið lækkað 1960. Það kom skriðunni af stað. Og svo kom vaxtahækkunin. Það varð ekki til þess, að fólkið sparaði, heldur til þess, að það eyddi meiru, og nú er gengið aftur orðið rangt skráð. Ég er á móti gengislækkunum af óþörfu. En hitt skal ég játa, að það er ekki hægt að reka þjóðfélag með röngu gengi. Það er ekki hægt að gera fjármálin heilbrigð með því. Þess vegna er það aðeins tímaspursmál, 1—2 missiri, þá hlýtur gengið að lækka, nema það stórhækki verð á útflutningsafurðum okkar, sem ekki eru beinar líkur til, því að verðið 1965 var óeðlilega hátt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki átt þess kost að fylgjast með umr. í þinginu um þessi alvarlegu mál, sem hér eru og hafa um skeið verið til umr., og ástæðan til þess er sú, að þetta mál hefur þótt mjög snúa alvarlegum fleti að verkalýðssamtökunum og þau hafa mjög í sama mund og umr. hafa farið fram um þessi mál innan þingsalanna verið að fjalla um málin innan sinna vébanda, og þar hef ég þrátt fyrir mína þingskyldu ekki komizt hjá því að vera. Mér er því allt of lítið kunnugt um, hvað fram hefur komið í umr., og kann því að vera, að ég dvelji við ýmis þau atriði, sem þegar kynnu að teljast fullrædd. En þó hygg ég, að ég haldi mig aðallega við þær hliðar málsins, sem sérstaklega snúa að verkalýðssamtökunum.

Það eru höfuðúrræði hæstv. ríkisstj. samkv. því frv., sem hér er til meðferðar, að gera ráðstafanir til þess, að brýnustu lífsnauðsynjar almennings hækki í verði. Það er augljóst mál, að það verkar á sama hátt og kaup launþega sé lækkað. Og það er öllum skiljanlegt, að slíkt er viðkvæmt mál. Aðferðin hjá hæstv. ríkisstj. við það að hækka þessar brýnustu lífsnauðsynjar almennings er að fella niður niðurgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi af ríkissjóði frá því á síðari hluta árs 1966 og fram að þessu, og er talið, að sú upphæð, sem ríkissjóður ætlar að létta af sér með þessu móti, sé um eða yfir 400 millj. kr. Þetta kemur auðvitað niður á landslýð öllum. En hvernig víkur því við, að sérstök ástæða er fyrir lægst launaða fólkið í landinu að kveinka sér sérstaklega undan þessu? Það er af því, að eftir því sem menn eru tekjulægri, eftir því fer meiri hluti af tekjum fólksins til þess að kaupa þessar brýnustu lífsnauðsynjar, sem hækka í verði við ráðstafanir ríkisstj., niðurfellingu niðurgreiðslnanna. Það hefur verið margsinnis á það bent, og mér virðast viðbrögð ríkisstj. sanna það, að hún fellst á þau sjónarmið, að þessar ráðstafanir, sem í frv. felast, bitna einna þyngst á láglaunafólki og stærstu fjölskyldunum í landinu, þ. e. a. s. barnmörgu fjölskyldunum. Og með viðurkenningu á þessu er í raun og veru viðurkennt, að þessi skattlagning á láglaunastéttirnar komi ranglátlega niður. Hækkunin á neyzluvöru, sem enginn kemst hjá að kaupa og sízt barna-

fjölskyldurnar, mjólkinni, þar er um að ræða 2 kr. hækkun á hvern lítra. Það þarf ekki að vera stærri fjölskylda en meðalfjölskylda, svona 5 manns í heimili, til þess að þarna sé um að ræða kaup á 5 mjólkurlítrum, sem hækka hver um sig um 2 kr., eða það er 10 kr. útgjaldaaukning á dag, á einum mánuði 300 kr. Þetta er kannske ekkert þungbært fyrir þann, sem er slíkur hátekjumaður, að hann verji ekki nema 10—15% af öllum tekjum sínum til þess að kaupa lífsnauðsynjar. En það getur verið erfiður baggi að taka á sig þarna 300 kr. aukin útgjöld fyrir barnmargar fjölskyldur. Hvert kjötkíló átti samkvæmt þessu að hækka um 6 kr. nú. Ég býst við, að meðalfjölskylda komist varla af með minna af kjöti og kjötvörum heldur en svo sem 20 kg á mánuði, og ef sú áætlun væri eitthvað nærri sanni, þá væri þarna um að ræða 120 kr. útgjaldaaukningu á einum mánuði vegna kjöts og kjötvara. Kartöflur eru lífsnauðsynjavara á borði hvers manns, ekki sízt hinna efnaminni, og ég geri ráð fyrir, að meðalfjölskylda komist varla af með minna en 15 kg af kartöflum á mánuði, og hvert kíló af kartöflum átti að hækka um 6 kr. samkvæmt þessum ráðstöfunum. Þetta mundi þýða 90 kr. útgjaldaaukningu á einum mánuði. Ostar áttu að hækka um 25 kr. kg, segjum, að meðalfjölskylda noti um 2 kg á mánuði af þeirri vöru. Það mundi þýða 50 kr. útgjaldaaukningu. Smjörið átti að hækka um 43.20 kr. kg, og segjum, að meðalfjölskylda noti af þeirri dýrmætu vöru um 5 kg, það mundi þá þýða 216 kr. útgjaldaaukningu. Ég vil viðurkenna það, að tóbak og tóbaksvörur eru ekki lífsnauðsyn, en almenn neyzluvara samt orðin, svo að þau heimili eru miklu færri, sem hafa ekki einhver útgjöld af þeirri neyzlu, og þó að ég færi þar mjög hóflega í sakir, af því að hér er ekki um brýna lífsnauðsyn að ræða, og segði, að meðalfjölskylda keypti sér einn pakka af sígarettum á dag, þá næmi þetta samt með 13% hækkun á verðinu um 120 kr. Enn fremur eiga sjúkrasamlagsgjöld að hækka samkvæmt þessu frv., og nú eiga hitaveitugjöld að hækka um 18%. Sá liður gæti varla numið minni upphæð en um 70 kr. En þetta samanlagt þýðir, að þær aðgerðir, sem nú er vitað um, og hækkunin á hitaveitugjöldunum, sem hefur fylgt þarna í kjölfarið, það þýðir, að þessar hækkanir, sem ég hef hér áætlað fyrir meðalfjölskyldu, eru um 1006 kr. á einum mánuði, þ. e. a. s. rétt um 1000 kr. útgjaldaaukning á mánuði. Og það er verulegt skarð í tekjur hins almenna verkamanns, svo mikið er hægt að fullyrða.

Það er því óneitanlegt, enda gerist enginn til þess að neita því, að frv. veldur mjög mikilli kjaraskerðingu fyrir láglaunafólk í landinu og kemur þungt niður á launþegastéttunum. Það er enginn, sem heldur því fram, að verkalýðshreyfingin eða forusta hennar hafi kveikt eld æsinga og mótþróa gegn þessu frv., þar er alveg um sjálfsíkveikju að ræða. Og sá, sem hefur kveikt þann eld, er vitanlega enginn annar en hæstv. ríkisstj. sjálf. Það er þess vegna hennar skylda að gerast slökkvilið á eftir, slökkva þá elda, sem ekki er hægt með öðru en að viðurkenna, að þarna er gengið of mikið á hlut hinna fátækari í landinu, ranglát leið valin, sem áreiðanlega er ekki fær. Það hefði verið rekið upp mikið ramakvein og það réttilega í landinu, ef hæstv. ríkisstj. hefði valið þá leið að segja: Erfiðleikarnir, sem steðja að þjóðinni, eru svo miklir og vandi atvinnuveganna svo alvarlegur, að við sjáum okkur ekki annað fært en lækka allt kaup, öll laun í landinu um 7½%. En samt fullyrði ég, að þetta hefði bæði verið drengilegri leið og hagkvæmari leið til launaskerðingar, umfram allt réttlátari leið. Með því að lækka allar launatekjur í landinu, jafnt ráðherralaun sem laun hinna tekjuhæstu manna í þjóðfélaginu og allt niður í þá launalægstu, þá hefðu byrðarnar lagzt allt öðruvísi á þjóðfélagsþegnana. Með þeirri aðferð, þótt hún hefði vafalaust þótt gífurlega fruntaleg og harkaleg, þá hefðu byrðarnar af aðgerðunum komið miklu réttlátlegar niður. Þeir hefðu orðið fyrir mestri tekjuskerðingu, sem hæstar tekjur hefðu í þjóðfélaginu, og hinir fengið miklu minni byrðar, sem lægst voru launaðir. En ég get ekki séð annað en álögurnar í því formi, sem þær eru í stjfrv., komi alveg þveröfugt niður, miklu fremur af meiri þunga á þá, sem minnst hafa að bíta og brenna.

Þegar hæstv. ríkisstj. hafði lagt þetta frv. fram, bauð hún það, að hún væri fús til að taka upp viðræður við aðila utan þings og innan og þá ekki hvað sízt við launþegasamtökin í landinu. Við hugleiddum það, hvort ekki væri rétt að taka þessu boði. Sumir í okkar samtökum voru því að vísu andvígir, en við grennsluðumst eftir því, hvort hæstv. ríkisstj. vildi þá, ef slíkar viðræður væru upp teknar, stöðva gang frv. gegnum Alþ., á meðan viðræður færu fram, því að við töldum ekki gerlegt að hefja slíkar viðræður með málið á ferð og flugi gegnum þingið. Hæstv. ríkisstj. féllst á þetta sem eðlilegt sjónarmið og veitti slíkan frest, og af því er það, að frv. hefur legið kyrrt í n., meðan viðræðurnar fóru fram.

Viðræðurnar, sem svo hófust, beindust að því að kynna sér, hvernig bakgrunnurinn væri bak við uppbyggingu fjárlagafrv., og alveg sérstaklega að skattamálunum sem tekjustofnum í frv., framkvæmdinni á þeim málum og því kerfi, sem þar er ráðandi. Við settum í þessa athugun tvær starfsnefndir, sem störfuðu nokkra daga og fengu alla þá fyrirgreiðslu, sem nm. óskuðu, og þegar við höfðum aflað okkur þeirrar vitneskju, sem fáanleg var á svo skömmum tíma, skiluðu þessar n. áliti og heildarnefnd Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambandið, sem að viðræðunum stóðu við ríkisstj., drógu upp heildarmynd af þessum niðurstöðum og gáfu ríkisstj. svar, sem síðan var rætt á sameiginlegum fundi viðræðunefndarinnar og ríkisstj.

Andsvar okkar við frv. fólst í raun og veru í 1. lið þess plaggs, sem við fengum þarna ríkisstj. í hendur, í þessum örfáu orðum: „Það er ófrávíkjanlegt af n. hálfu, að vísitala á laun haldist óslitin“. Aðferð hæstv. ríkisstj. til þess að koma byrðunum af verðhækkunum nauðsynjavaranna yfir á launþega og þeirra herðar var sú, að vísitalan átti að takast úr sambandi um ákveðið tímabil og launþegarnir þannig engar bætur að fá fyrir verðhækkanirnar á nauðsynjunum. Við töldum því í raun og veru málið allt

snúast um þetta eitt, að vísitalan yrði ekki tekin úr sambandi, hvorki um skamman tíma né til frambúðar.

Það er öllum hv. alþm. í fersku minni, hvernig vísitölukerfið var aftur tekið upp og viðurkennt. Það var gert, eftir að við höfðum búið við lögbann gegn vísitölu á kaup um nokkur ár og sú reynsla fékkst af því, að þá var atvinnulífið í landinu aldrei öruggt um það, hver þróun launamálanna yrði, eiginlega stundinni lengur. Gleggsta dæmið um þessa reynslu, sem atvinnulífið hlaut af hinu vísitölulausa tímabili, er árið 1963, þegar þrisvar sinnum varð að endurnýja kaupgjaldssamninga, þrisvar sinnum að breyta kaupgjaldi, og þetta skapaði atvinnuvegunum mikla óvissu, áreiðanlega mikið óhagræði og hefur vafalaust valdið atvinnulífinu tjóni vegna þeirrar óvissu, sem þetta ástand skapaði.

Í samkomulaginu vorið 1964 féllust allir aðilar, fulltrúar atvinnuveganna, fulltrúar ríkisvaldsins og fulltrúar verkalýðssamtakanna, á, að það væri skynsamlegra að láta þróun verðlagsins vera í tengslum við kaupgjaldið hverju sinni og að þarna myndaðist jafn og sígandi straumur, ef verðlagið hækkaði, yrði kaupgjaldið að koma þar á eftir með ársfjórðungslegu uppgjöri, og vitanlega sáu menn það, að þessi tenging verðlags og kaupgjalds ætti að leggja ríkisstj. þá skyldu á herðar að reyna að leggja sig alla fram um að hefta öran vöxt dýrtíðar, því að ef það tækist ekki, kæmi kaupið sjálfkrafa þar á eftir og mundi íþyngja bæði ríkissjóði, öllum ríkisstofnunum og atvinnuvegunum. Vísitölukerfið á þannig að vera hemill á hóflausa og taumlausa dýrtíð, og það að afnema vísitölukerfið mundi létta skyldum af ríkisstj. á hverjum tíma, en þar má sízt af öllu slaka á. Ég held, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki tekið þessa frumskyldu sína nógu alvarlega, að beita öllum ráðum til þess að draga úr dýrtíð, þó að hún vissi, að kaupgjald fylgdi þar ávallt á eftir, — ábyrgðarminni má ekki gera hana í þessu efni, — en svo mundi verða, ef vísitalan væri tekin úr sambandi, sem hún ætlar að vísu ekki að gera nema um takmarkaðan tíma.

Ég held því fram, að með meiri vinnufriði en um langt skeið annars, síðan vísitölukerfið var tekið upp, sé það staðfest, að atvinnuvegirnir hafi búið við meira rekstraröryggi einmitt síðan þetta kerfi var upp tekið og það sé þess vegna vandséð, hvort það sé gert atvinnuvegunum til eflingar eða hagsbóta að rjúfa tengslin milli kaupgjalds og verðlags. Hins vegar er það kunnugt, að verkalýðshreyfingin hefur litið á þetta samkomulagsatriði frá því í júní 1964 sem undirstöðuatriði í allri samningagerð frá þeim tíma. Þegar það ber svo að í sambandi við ráðstafanir, sem leiða af sér miklar hækkanir á brýnustu lífsnauðsynjum almennings, að kippa á vísitölukerfinu úr sambandi, er ekki nema eðlilegt, að gegn því sé risið.

Samkv. vísitölukerfinu, sem í gildi er enn í dag, mundu þessar verðhækkanir, sem þarna leiddi af stjórnmálaaðgerðum ríkisstj., hvorki meira né minna en valda 7½—8% kjaraskerðingu. Og það er — ég segi tilfinnanlegt, það er meira en það, það er ekki frambærileg leið út úr ógöngum, sem hæstv. ríkisstj. er í, því að það er fjarri því, að vinnulaunin í landinu séu nægilega há til þess, að meðalfjölskylda geti haft framfæri af dagvinnutekjunum, eins og viðurkennt er. Þá list kunna engir, hvorki utan þings né innan, og það verður aldrei skotið rökum undir það, að tekjur hins almenna verkamanns á Íslandi séu svo óhófslega háar, að þær megi skerða og hægt sé að framfleyta meðalfjölskyldu á lægri tekjum. Það er ekki hægt af tekjum af dagvinnu einni, enda hefur mjög mikill hluti af tekjum verkafólks á undanförnum árum byggzt á tekjum af yfirvinnu, helgidagavinnu og næturvinnu.

Var þá ekki verkafólk nokkuð vel undir það búið einmitt nú að taka á sig þessa kjaraskerðingu, sem í frv. felst? Nei, sérstaklega ekki, af því að mjög margir einstaklingar innan verkalýðssamtakanna hafa orðið fyrir þeim samdrætti, sem veldur þessum aðgerðum. Mikill hluti íslenzkrar sjómannastéttar er ráðinn upp á hlut. Hlutasjómennirnir eiga helming aflaverðmætisins, sem inn á skipið kemur. Þegar aflabrestur verður, bitnar það á engum fyrr en á sjómanninum. Þegar verðlækkun verður á afurðunum, verður enginn fyrir því höggi fyrr en sjómaðurinn. Í þessum tilfellum hefur sjómannastéttin því orðið fyrir þeim áföllum fyrst allra, sem hæstv. ríkisstj. segir, að ríkissjóður hafi nú orðið fyrir og þurfi að bæta sér upp með þessum stjórnmálaaðgerðum. En verkafólk, hefur það orðið fyrir nokkurri kjaraskerðingu fram að þessu? Jú, það er alkunnugt og vitað, að á síðasta ári hefur orðið samdráttur í vinnu, þannig að menn hafa nú miklu óstöðugri vinnu en áður víða á landinu og þar sem þrýstingur var mestur á vinnumarkaðinum til skamms tíma hefur ákaflega mikið dregið úr yfirvinnu og nætur- og helgidagavinnu. Þar með er fallin niður sú vinnan hjá fjöldamörgum verkamönnum, sem var borguð með álagi, bezt borguð, ýmist 50 eða 100% álagi, og af þessu er mikið skarð fyrir skildi um tekjuöflun verkafólks. Þetta vissum við ósköp vel, og við höfum nú í höndum í Alþýðusambandinu úr ýmsum landshlutum átakanlegar skýrslur um það, hvernig atvinnulífið hefur dregizt saman á árinu 1967. Þar er útlitið í atvinnumálum ekkert glæsilegt mjög víða eftir þeim skýrslum að dæma. En það er líka nýkomin út skýrsla frá kjararannsóknanefnd, sem skipuð er fulltrúum bæði frá vinnuveitendum og verkalýðssamtökum, og þar er talað um vinnutímann og segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, að það kemur í ljós, að eftirvinna og næturvinna hefur minnkað mjög mikið á árinu 1967 í fiskvinnu og næturvinna minnkað verulega við afgreiðslustörf, bæjarvinnu, verksmiðjuvinnu og slippvinnu. Þarna eru talin upp nokkuð mörg starfssvið, þar sem dregið hefur mjög úr yfirvinnu og yfirvinnutekjum hjá almennu verkafólki. Það er þá enn fremur og ekki síður kunnugt, að iðnaður og iðja hafa dregizt mjög saman á undanförnum mánuðum, og það fólk, sem að iðju og iðnaði vinnur, er fjöldamargt, því að iðnaðurinn hefur nú samkv. nýjustu skýrslum á sínu framfæri um 35% af íbúum landsins og þannig fleiri en nokkur annar

atvinnuvegur hefur á sínu framfæri. En varðandi iðnverkafólk og iðnaðarmenn í landinu segir í skýrslu kjararannsóknanefndar, að yfirvinna sé mun minni við skipasmíði og viðgerðir, við alla málmsmíði, trésmíði og húsgagnagerð á fyrsta ársfjórðungi ársins 1967 heldur en á sama ársfjórðungi á árinu 1966. Og nú, þegar hefur liðið lengra á árið, hefur áreiðanlega þróunin verið í sömu átt, enda hefur það borið við nú á síðustu mánuðum *sumarsins og að haustinu*, að nokkuð mörg iðnfyrirtæki með allmikinn fjölda fólks í þjónustu sinni hafa orðið að rifa seglin og sum iðnfyrirtæki orðið gjaldþrota. Og við það hefur fólk í sumum tilfellum algerlega misst atvinnu sína.

Í viðræðunum við ríkisstj. létum við síðan koma fram í nokkrum töluliðum ábendingar um það, hvað við teldum hægt að gera til þess, að farsællegri leiðir væru fundnar til þess að brúa bilið í fjárlagafrv. heldur en þær, sem fælust í till. ríkisstj. N. taldi, að auka mætti verulega tekjur ríkissjóðs með auknu skattaeftirliti og betri skattheimtu. Könnunin, sem fram fór um þetta atriði, gerði það að verkum, að við vorum alveg eins sannfærðir að henni lokinni og áður um það, að skattheimtan væri ekki í góðu lagi og skattaeftirlitið því síður. Við gerðum athugun á söluskattinum. Það gerðu sérfræðingar Efnahagsstofnunarinnar líka. Við vorum sannfærðir um það, áður en athugunin fór fram, og þá ekki síður að henni lokinni, að það væru mikil vanhöld á innheimtu söluskatts, þess söluskatts, sem landslýðnum er gert að greiða, og það væri miklu minni upphæð, sem kæmist til skila inn í ríkissjóðinn, heldur en lagt væri á með þessu skattgjaldi. En sérfræðingar ríkisstj., það skal upplýst og ekkert undan dregið, að þeir voru á allt annarri skoðun. Þeir gerðu athugun á þessu og kváðust komast að þeirri niðurstöðu, að þessi skattur skilaði sér mjög vel. Niðurstaðan var á blöðum, sem okkur voru sýnd, sú, að af honum mundu skila sér meira en 95%. Ég get ekki ímyndað mér annað en að þetta sé þá einhver sá skattur, sem bezt innheimtist. Það væru um 4.2%, sem líkur væru til, að misfærist af þessum skatti, sögðu niðurstöðutölur Efnahagsstofnunarinnar. Þeir sögðu, að innheimta hans hefði batnað mjög ár frá ári að undanförnu, og töldu sig vera búna að ná þessum árangri. Ef þetta er *svona, er almenningsálitið í landinu að því er* varðar söluskatt og söluskattsinnheimtu mjög á villigötum, það verð ég að segja.

Nú vita allir, að söluskatturinn er mesti tekjustofn ríkissjóðs og nemur eitthvað 1300 millj. á liðnu ári. Niðurstaða efnahagsmálasérfræðinganna varð því sú, að með 4.2% vanheimtu gæti verið um 50—55 millj. kr. vanheimtu að ræða, samt það. En ef þetta væri nú svo, að það væri ekki meira en 90% af álögðum söluskatti, sem skilaði sér og 10% misfærust á leiðinni til ríkissjóðs, væri þetta um 130 millj. kr. Og það verð ég að segja, að mér finnst það ekki ólíklegt. Jafnvel gæti ég vel ímyndað mér, að það væri ekki meira en 80% af álögðum söluskatti, sem kæmist til skila í ríkissjóðinn, og ef það væri þannig 20%, sem vanheimtist, væri það á 3. hundrað millj. kr.

Og við erum þeirrar skoðunar í forustu verkalýðssamtakanna, að það beri að gera annaðhvort ráðstafanir til bættrar innheimtu eða til þess að breyta skattheimtukerfinu, til þess að þessi tekjustofn, stóri og mikli tekjustofn skili sér betur, og það beri að ná árangri í því, áður en farið sé að skattleggja bita og sopa ofan í fátækt fólk. Við upplýstum, að við hefðum spurnir af því, að til væru peningakassar eða vélar, sem *notaðar væru í okkar nágrannalöndum*, sem geymdu í sér innsiglaðar upplýsingar handa skattayfirvöldum, þannig að ekki væri hægt að dylja, hvað í gegnum vélina hefði farið, og ef skattayfirvöld hefðu þá árvekni að fylgjast þarna með og veita eftirlit, færi ekkert á milli mála. Enn fremur bentum við á það, að við hefðum meiri trú á því, að söluskatturinn væri lagður öðruvísi á, innheimtur á annan veg, tekinn við tollafgreiðslu af öllum innflutningi til landsins, og enn fremur tekinn af innlendu framleiðslunni við verksmiðjudyr. Í þessum tilfellum báðum teldum við, að mun væri hægt að komast nær því að fullheimta þennan skatt, eins og hann væri á lagður, og e. t. v. að taka svo upp peningakassa með þeim útbúnaði, sem ég áðan lýsti, a. m. k. varðandi öll fyrirtæki, sem veltu yfir ákveðið lágmark. Það má vel vera, að það þætti ekki ómaksins vert að leggja söluskatt á viðskipti manna á milli og hjá hinum smæstu fyrirtækjum. *En með þessum lið töldum við, að við værum að* benda á möguleika til betri innheimtu á þeim sköttum, sem nú hvíla á landslýðnum, og það bæri að gera allt, sem hægt væri, til þess að koma slíkri innheimtu í lag, annaðhvort með auknu eftirliti eða breyttu skattakerfi. Það er og vitað, að vanhöld á tekjuskatti fara að nokkru leyti í kjölfar þess, að stolið sé af söluskatti og þegar söluskatturinn innheimtist betur, mundu lokast ýmsar dyr til þess að svíkja ríkissjóðinn um hluta af tekjuskatti.

Þá eru í þriðja lagi háværar grunsemdir um það, að nú upp á síðkastið sérstaklega hafi mjög aukizt tollsvik eða svik á tollgreiðslu gegnum það, að kaupsýslumenn hafi flutt íslenzka peninga úr landi og notað þær upphæðir til þess að borga niður faktúrur og koma sér þannig hjá í gegnum álagningarfrelsið hér heima að borga réttan toll til ríkissjóðs. Enn fremur er talið, að umboðslaun greidd erlendis í erlendum gjaldeyri séu e. t. v. notuð í stórum stíl til þess að borga niður faktúrur í því skyni að sleppa líka við tollgreiðslur til ríkisins. Hvort tveggja svona svindilbrask verður auðvitað að reyna að uppræta, og svo mikið er víst, að þetta virðist ekki hafa tekizt enn þá. Ef það er rétt, að um 300 millj. kr. hafi komið heim aftur til Seðlabankans á þessu ári og fjöldi manns sé við talningu á því fé, virðist það vera ekki allt saman frá ferðafólkinu, sem hefur að einhverju leyti fengið skipt íslenzkum peningum erlendis. Það gæti ekki oltið á slíkum upphæðum.

Þá var það og niðurstaða okkar starfsnefndar og einnig viðræðunefndarinnar við ríkisstj., að n. teldi unnt að spara verulegar upphæðir á gjaldabálki fjárl. Við það atriði hafa ýmsir dvalið, þ. á m. síðasti ræðumaður, og ég efa ekki, að það er hægt. Á fjárlfrv. upp á 6 milljarða kr.

munar strax um sparnað, þótt ekki næmi nema 2—3% á gjaldabálkinum. Það munar verulega um það. Og það hlyti að vera hægt, ef ríkissjóður sjálfur vildi þrengja að sér í svipuðu hlutfalli og hann krefst þess, að aðrir þrengi að sér vegna utanaðkomandi erfiðleika. Það er ríkissjóði skylt.

Í þessu sambandi má minna á, að það væri engin goðgá á samdráttartímum, þó að ríkisstj. kæmist að þeirri niðurstöðu, að það hefði þrengt svo að landslýðnum, að það væri ekki hægt að innheimta með sköttum allt það, sem ríkissjóður þyrfti að taka á gjaldabálk fjárl. Það hefur verið gert áður að taka lán til vissra framkvæmda, og það mætti vel verja það að taka t. d. við skulum segja 200 millj. kr. lán til þess að standa undir framkvæmdum, sem væru á fjárlagafrv. og taldar svo bráðaðkallandi, að ekki væru tiltök að fresta þeim.

Þá var það í fjórða lagi krafa n., að verðlagsákvæði yrðu gerð viðtækari og verðlagseftirlit bætt. Við fengum upplýsingar um það frá verðlagsstjóra eða verðgæzlustjóra, að álagning á vörur hefði síðan 1959 mjög hækkað, frá því að viðtækum vöruflokkum var sleppt undan verðlagsákvæðum. Og þegar við bárum saman álagninguna á þeim vörum, sem eru undir verðlagsákvæðum, og hinum, sem sleppt er undan þeim, kom í ljós, að kaupsýslan hefur tekið sér nokkuð frjálslegt sjálfdæmi um álagninguna á þýðingarmiklum vöruflokkum og álagningin er í þeim tilfellum yfirleitt orðin miklu hærri en þar, sem verðlagsákvæðin leggja hömlur á verðlagninguna. Við báðum síðan hagstofuna að athuga, hvort það mundi verða merkjanlegt í vísitölunni, ef álagningarreglur yrðu nú settar í svipað horf og á árinu 1959 á þessum frjálsa innflutningi. Og það kom í ljós við skyndiathugun hagstofunnar, að það var talið geta valdið 2—2.4% í vísitölunni til lækkunar, ef álíka ströng verðlagsákvæði yrðu látin taka yfir meginþorrann af þessum vísitöluvörum. Við töldum, að þarna væri réttlætanlegt, þegar væri svo mjög gengið á hlut launastéttanna, að kaupsýslustéttin tæki á sig byrðar í sambandi við þessar ráðstafanir. Það má vel vera, að kaupsýslan telji sig búa við mikla erfiðleika og hafi ekki of rúmt um hönd, en hún hefur fengið að skapa sér mikið olnbogarými, og þegar þrengir að, er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að einnig verði komið við á þeim bæ.

Í fimmta lagi lagði nefndin áherzlu á, að það yrði að gera ráðstafanir til þess að efla innlenda iðnframleiðslu með það fyrir augum að auka atvinnu í landinu og atvinnutekjur vinnandi fólks, en einnig til þess að bæta hag ríkissjóðs með eflingu iðnaðarins, og taldi, að það ætti ekki að horfa í það að takmarka innflutning á þeim iðnvarningi, sem unnt væri að framleiða með jafngóðum árangri í landinu sjálfu. Við teljum það ekki verjandi að hrúga inn í landið erlendum iðnaði á svipuðu gæðastigi og Íslendingar geta framleitt sjálfir, þegar við erum í vandræðum með að láta gjaldeyristekjur þjóðarinnar duga fyrir því, sem nauðsynlegra er, og þetta ætti því að þjóna í raun og veru margföldum tilgangi, bæði atvinnulega séð að því er snertir tekjumöguleika ríkissjóðs og til þess að draga úr óþarfri eyðslu eða litt verjandi eyðslu á dýrmætum gjaldeyri til kaupa á erlendum iðnvarningi. Það hafa að vísu ýmsir sagt, einkanlega fyrir síðustu kosningar: Aldrei höft, engar hömlur, engin höft. — En þeir menn hafa bara talað yfir sig. Á góðæris- og velgengnistímum er kannske hægt að draga alla slagbranda frá og auka frelsið, en þegar að þrengir, er ekki aðeins hyggilegt, heldur bara sjálfsagt að þrengja svolítið að og leyfa mönnum ekki t. d. í þessu landi að kasta gjaldeyri í að kaupa erlendar kökur eða niðursoðnar síldarvörur eða annað því líkt, sem þjóðin á á sínu matborði sjálf nægtir af.

Að lokum lét svo n. í ljós, og það hefur ekki verið látið liggja í láginni af talsmönnum og málgögnum hæstv. ríkisstj., að við teldum síður en svo háskalegt, miðað við núverandi samdráttarhorfur, þótt einhver halli yrði á fjárl. næsta árs. Það hefur ekkert verið talið óhyggilegt í góðæri, að hið opinbera og sérstaklega ríkissjóður tæki til sín í sköttum í góðærinu jafnvel meira en nauðsynlegt þyrfti til þess að reka ríkisbúskapinn og léti jafnvel sumar upphæðir af þeirri tekjuöflun ekki fara út í efnahagskerfið aftur, heldur verða þar um kyrrt sem sjóðmyndanir t. d. En alveg nákvæmlega er á sama hátt réttlætanlegt, þegar að kreppir, að taka ekki af gjaldþegnunum fulla skatttheimtu til þess að standa undir öllum nauðsynlegum rekstri þjóðarbúsins, heldur slaka þá þar til og láta eitthvað á vanta um fulla gjaldheimtu.

Þessu hefur hæstv. ríkisstj. algerlega neitað sem möguleika, en til hans ætluðumst við heldur ekki að þyrfti að grípa, nema því aðeins að ekki tækist að ráða svo fram úr tekjumöguleikum ríkissjóðs með þeim ráðstöfunum, sem við höfum bent á, eða öðrum færum leiðum, að endar næðu saman.

Þessar till. okkar af hendi verkalýðssamtakanna hafði ríkisstj. hjá sér um vikutíma, en þegar hún hafði athugað þær, gaf hún okkur svör, og svörin voru á þá leið, að á þessar till. okkar og ábendingar var ekki litið, og eftir stóð þá þessi óhagganlega afstaða okkar ófrávíkjanlega, að vísitala á laun skyldi haldast óslitin. Hæstv. ríkisstj. hefur í sameiginlegri fréttatilkynningu, sem út var gefin að viðræðunum loknum, lýst till. sínum á þann veg, að ríkisstj. vilji gera þá breytingu á stjfrv., að í stað þess að engin hækkun verði á hinni nýju kaupgreiðsluvísitölu vegna lækkunar á niðurgreiðslum og annarra aðgerða, hækki þessi vísitala um 3% og komi hækkunin til framkvæmda í þremur jöfnum áföngum, hinn 1. júní n. k., í lok næsta árs, um áramótin 1968—1969, og í þriðja áfanga 1. júní 1969. Þarna er sem sé boðið, að í stað þess að allar ráðstafanir ríkisstj. áttu að bitna á gjaldþegnunum bótalaust, vísitalan alveg að takast úr sambandi, er þarna boðið að láta koma 3 vísitölustig á 1½ ári. Ekki er þarna að því vikið, að það var einnig í tilboði ríkisstj., að hin nýja vísitala, sem talið er, að næmi um 4% kjaraskerðingu, ef hún kæmi til framkvæmda, móti því, að gamla vísitalan næmi 7½% sem kjaraskerðingu, þá var það látið fylgja, að þarna ætti að taka tvö atriði út úr vísitölunni nýju, út úr þeim nýja grundvelli, þannig að sá vísitölugrundvöllur yrði í byrjun skertur um rúmlega 1%.

En auk þessa bauð svo ríkisstj. að hækka ellilífeyri um 5%, örorkulífeyri um 5% og fjölskyldubætur með tveimur börnum eða fleiri um 5%. Þetta er í raun og veru viðurkenning á því, að ellilífeyrisþegar og öryrkjar og barnmargar fjölskyldur verði þungt fyrir barðinu á þeim till., sem í frv. felast, og þarna skuli veita nokkrar bætur, og á því er sízt vanþörf. Og 5% hækkun tekur sig nokkuð vel út á pappír, því er ekki að neita. En hvað er þetta í krónutölu? Hvað er mikil hjálp í þessu fyrir barnmargar fjölskyldur og fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja? Ég komst að þeirri niðurstöðu, að meðalfjölskylda mundi verða fyrir barðinu á um 1000 kr. aukaútgjöldum á mánuði, ef kjaraskerðing frv. kæmi óbreytt, en öryrkinn fengi og ellilífeyrisþeginn, — það er víst sama upphæð, rúmlega 2700 kr. á mánuði, sem ellilífeyririnn nemur, — öryrkinn mundi fá og ellilífeyrisþeginn um 138.25 kr. á mánuði til þess að standa undir hinum auknu útgjöldum við kaup lífsnauðsynjanna. Það má segja, það er viðleitni til þess að draga úr kjaraskerðingunni gagnvart þessu fólki.

Þá kem ég að hækkun fjölskyldubótanna um 5% hjá fjölskyldu, sem hefur 2 börn á framfæri sínu. Hvað er það í krónutölu, 5% af fjölskyldubótunum? Það eru 16.50 kr. á mánuði. Fyrir þá upphæð er hægt að kaupa nokkur hundruð grömm af kjöti, og það er hægt að kaupa tæpa tvo lítra af mjólk á einum mánuði fyrir þessa hækkun. En samt sem áður, þetta er boðið til þess að taka sárasta broddinn af því höggi, sem ríður ekki hvað sízt á hinum tekjulægstu í þjóðfélaginu skv. upprunalegum tillögum ríkisstj.

Endurgreiðslan á vísitölustigunum þremur á 18 mánuðum, ég kemst að þeirri niðurstöðu, að hún mundi skila svona 50 kr. á mánuði að meðaltali á næstu 13 mánuðum, sú endurgreiðsla, miðað við verkamannatekjur.

Þegar þetta tilboð lá fyrir viðræðunefnd alþýðusamtakanna núna 9. nóv., báðum við um stutt fundarhlé og komumst fljótt að niðurstöðu um það, að við gætum ekki fallizt á, að þetta væri fullnægjandi fyrir okkar umbjóðendur, og svöruðum þessu tilboði neitandi. Það varð því ekki annað séð en að viðræðurnar milli ASÍ og BSRB annars vegar og ríkisstj. hins vegar, þótt þær hefðu tekið langan tíma, hefðu orðið tilgangslitlar. Þó er ekki því að neita, að ýmislegt hefur fengizt upplýst við þessar viðræður og ríkisstj. hefur gert breytingar á sínu upphaflega frv., þó að við teljum það ekki snerta kjarna málsins, sem sé órofna vísitölu. Við lýstum því samt yfir fyrir hönd verkalýðssamtakanna, að við vildum fallast á, að grundvöllur hinnar nýju vísitölu yrði tekinn upp óskertur og tengdur beint við gömlu vísitöluna, eins og hún var seinast birt, án þess að nokkurt vísitölulaust tímabil myndaðist. Þetta var okkar upphaflega afstaða skv. okkar fyrsta svari, og þetta var það, sem við stóðum á, þegar upp var staðið. Þegar svona stóðu sakir 9. nóv., varð samt að ráði, að ræðst skyldi við um þau atriði, sem höfðu verið til umr., eða önnur atriði, eftir því sem efni stæðu til. Þannig lauk þessum viðræðum okkar ekki með neinum hurðarskellum eða látum, heldur hné hurð að stöfum og a. m. k. þessi þáttur umræðnanna, um afstöðu til þessa frv., virðist vera búinn.

Þegar málin stóðu svona, taldi miðstjórn ASÍ rétt að kalla saman eins víðtæka ráðstefnu og unnt væri með skömmum fyrirvara, og það gerðum við, og ætluðum þar að standa reikningsskap á því að hafa hafnað tilboðum ríkisstj., veita fulltrúum verkalýðsfélaganna víðs vegar af landinu, sem gætu komið til þessarar ráðstefnu, upplýsingar um það, sem gerzt hefði í viðræðunum, og síðan fá vitneskju um það, hvað þessir forustumenn verkalýðssamtakanna teldu nú nauðsynlegt að gera. Þessi ráðstefna kom saman í gær og tók þessi mál til meðferðar. Þegar sýnt var, hver mundi verða efnisleg niðurstaða ráðstefnunnar af þeim umræðum, sem fóru fram í gærkvöld fyrir kvöldverð, þótti það vera skynsamlegt að draga upp efnisatriði þau, sem rakinn meiri hl. var fyrir á ráðstefnunni, og kjósa 5 manna nefnd til þess að ganga á fund ríkisstj. og gera henni grein fyrir því, hver verða mundi niðurstaða þessarar ráðstefnu, áður en endanlegar samþykktir hefðu verið gerðar, þannig að ríkisstj., sem hafði óskað eftir því, að viðræðum við hana væri ekki með öllu slitið, stæði ekki frammi fyrir gerðum hlut. Þetta var svo gert. Okkur var 5 falið að ganga á fund ríkisstj., og sú viðræða fór fram í morgun. Við ræddum þar um þessi mál, gerðum henni grein fyrir, hvernig ályktun ráðstefnunnar mundi verða í öllum meginatriðum. Ríkisstj. lét það í ljós, að hún gæti ekki gengið að því, að vísitölukerfið héldist óslitið, þar með var hafnað okkar meginafstöðu í gegnum allar þessar umr., en hún byði, að nánar yrði athugað, hvort hægt væri að lækka eitthvað vísitölu með því að þrengja álagningarreglur í kaupsýslunni. Það telur hæstv. ríkisstj. ekki fullkannað enn þá. Enn fremur bauð hæstv. ríkisstj. það, að viðræður gætu farið fram t. d. við hæstv. fjmrh. um það, hvort leiðir fyndust til að draga eitthvað úr gjaldabálki fjárlaga. Þessar athuganir geta því farið fram enn. En þegar þessi svör lágu fyrir, tók ráðstefnan aftur til starfa klukkan 2 í dag og ræddi málið áfram, eins og það þá blasti við, og gerði síðan sínar samþykktir, sem eru fólgnar í ályktun, sem ég tel rétt, af því að hún varðar niðurstöðu þessa máls og afstöðuna til þess frv., sem hér er til umr., að lesa, með leyfi hæstv. forseta.

Ályktunin er á þessa leið:

„Ráðstefna ASÍ um efnahagsmálaaðgerðir ríkisstj., saman komin í Reykjavík dagana 13. og 14. nóv., gerir eftirfarandi ályktanir:

1) Ráðstefnan ítrekar þá grundvallarafstöðu sína til málsins, að vísitala á laun haldist óslitið.

2) Ráðstefnan lýsir sig samþykka gerðum viðræðunefndarinnar og staðfestir þá afstöðu að hafna tilboði ríkisstj. sem ófullnægjandi með öllu.

3) Þar sem ríkisstj. hefur tekið frv. sitt um aðgerðir í efnahagsmálum til afgreiðslu í þinginu án þess að fullnægja þeirri grundvallarkröfu verkalýðssamtakanna, að vísitölukerfið haldist órofið, mælir ráðstefnan eindregið með því við sambandsfélögin, að þau með nægilegum fyrirvara fyrir 1. des. n. k. boði til vinnustöðvana, hvert á sínu félagssvæði, þannig að þau hinn

1. des. verði búin til allsherjarverkfalls til að knýja fram þá meginkröfu, að launakjör haldist óskert, hafi ekki fyrir þann tíma náðst samkomulag um lágmarkskröfur samtakanna.

4) Ráðstefnan felur miðstjórn ASÍ að hafa á hendi forustu um undirbúning nauðsynlegra aðgerða og tilnefna nefnd til að koma sameiginlega fram fyrir hönd samtakanna, eftir því sem félögin veita umboð til þess. Enda telur ráðstefnan, að við núverandi aðstæður sé eðlilegt og nauðsynlegt, að samningar fari fram sameiginlega.“

Þetta er sú niðurstaða, sem ráðstefnan komst að seinni partinn í dag.

Það er auðséð af þessari ályktun, að á það er fallizt, að engar launahækkunarkröfur séu gerðar, að gengið sé inn á að taka upp hinn nýja vísitölugrundvöll, þó að hann mæli launþegum nú við þessa breytingu, eins og hana ber að, minna en gamla vísitalan, og haldið fast við þá kröfu, sem viðræðunefndin hefur alltaf staðið á, að vísitala á laun haldist óslitið. Þessa kjaraskerðingu, sem hér er um að ræða, fellst ráðstefnan á, að verkalýður landsins taki á sig í viðbót við þær fórnir, sem ég hef áður gert grein fyrir og ég tel að bæði sjómenn, verkafólk og iðnaðarmenn hafi þegar tekið á sig við samdrátt atvinnulífs og lækkun afurðaverðs. Það er að vísu rétt, að þau högg ríða ekki jafnt á öllum launþegum landsins, þar er nokkur mismunur á, en mikill hluti af okkar umbjóðendum í ASÍ verður þó áreiðanlega fyrir þeirri kjaraskerðingu, og því neita sjálfsagt fáir.

Okkur er það vel ljóst, að hér er mjög mikil alvara á ferðum. En verkalýðshreyfingin neitar því, að hún hafi sýnt óbilgirni í þessu máli. Hún gerir ekki kröfur, ekki einu sinni um að halda sínu að fullu, heldur hefur boðizt til þess að taka á sig nokkrar byrðar í viðbót við þær, sem þegar hafa á henni lent, vegna þróunar atvinnulífsins. Og það er vissulega rétt, enginn græðir á verkföllum, en málin geta staðið þannig, að menn vilji ekki aðeins berjast fyrir hagsbótum, heldur líka fyrir heiðri sínum. Og við teljum það, að við verðum að berjast fyrir heiðri verkalýðssamtakanna, þegar byrðar fáist ekki lagðar réttlátlega á þegnana og aðrir verði undanþegnir að bera sameiginlegar byrðar, en þeim, sem minnst burðarþolið hafi, ætlað að standa þar undir meginþunganum.

Þetta er niðurstaðan, og útlitið er ekkert bjart. Það verður að segjast, að það voru uppi raddir á okkar ráðstefnu um að gera strangari kröfur en þetta, fallast jafnvel ekki á það, sem við höfðum þó boðið, að nýi vísitölugrundvöllurinn yrði upp tekinn. En ofan á varð að sætta sig við þá kjaraskerðingu og gera engar kröfur um kjarabætur eða aukinn kaupmátt launa frá því, sem nú er. En allir voru einróma samtaka um það, að það bæri að slá órofa skjaldborg um óskertar launatekjur verkafólks, og við það hygg ég að óhætt sé að reikna með að verði staðið.

Ég þarf sjálfsagt ekki að taka það fram eftir þennan lestur minn og það, sem ég hef hér sagt, að ég mæli það í fullu umboði verkalýðssamtakanna, og það geri ég með góðri samvizku sem þm. líka, að taka undir till. minni hl. fjhn. um, að frv. verði fellt.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., 15., nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Nú er liðinn tæpur mánuður, síðan frv. þetta var til 1. umr. hér í hv. þd. Á þessum tíma hafa farið fram viðræður milli sameiginlegrar viðræðunefndar frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og ríkisstj. hins vegar, þar sem kannað var, hvort grundvöllur væri fyrir breytingum á þessu frv., sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Nú er þessum viðræðum lokið, og hafa þær ekki leitt til samkomulags. Ég vil leggja áherzlu á, að í viðræðum þessum var full samstaða um öll atriði milli Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það er athyglisvert með afstöðu launþegasamtakanna í þessu máli, að hún hefur verið mótuð á fullkomlega stéttarlegan hátt. Launamenn úr öllum stjórnmálaflokkum standa saman um stefnuna í þessu mikilsverða máli fyrir alla launþega í landinu. Þessi stefna hefur verið mörkuð af mjög fjölmennum hópi forustumanna launþegasamtakanna.

Það kom svo glöggt í ljós sem verða má, að launamenn sætta sig ekki við þær efnahagsráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir. Sjaldan eða aldrei hafa launþegasamtökin í landinu staðið svo einhuga saman um nokkurt mál sem þetta. Stjórn ASÍ og síðar tvær fjölmennar ráðstefnur, sem Alþýðusambandið boðaði til, stjórn BSRB og síðar aukaþing BSRB, svo og fjölmörg launþegafélög landsins hafa einum rómi lagzt gegn þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hyggst knýja fram með þessu frv. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt opinberlega eina einustu rödd úr hópi launamanna, sem mælir þessum aðgerðum bót, og er það sannarlega óvenjulegt í okkar landi, þar sem svo skiptar skoðanir eru venjulega um landsmálin. En launþegasamtökin hafa ekki látið við það sitja að mótmæla. Þau hafa í þeim viðræðum, sem fram hafa farið undanfarið, lagt fram jákvæðar till. um, hvernig unnt sé að leysa þann vanda, sem frv. fjallar um, með öðrum hætti en þar er gert ráð fyrir.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu þeirrar n., sem launþegasamtökin tilnefndu til viðræðna við ríkisstj., að það sé ófrávíkjanlegt, að vísitala á laun haldist óslitið. Þetta er grundvallaratriði, sem launamenn hafa löngu gert sér ljóst, að ekki má hvika frá. Vísitalan er sjálfur verðmælirinn og raunar álíka gáfulegt að taka hana úr sambandi og þegar þeir láta stöðva klukkuna í franska þinginu, til þess að fjárlagafrv. verði afgreitt fyrir tilskilinn tíma. Það hefði verið miklu heiðarlegra að koma beint framan að mönnum og krefjast tiltekinnar launalækkunar heldur en þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir. Þá hefðu menn þó vitað, að hverju þeir gengju og hvað þeim var ætlað að taka á sig. Með ráðstöfunum ríkisstj. er verið að framkvæma stórfellda kjaraskerðingu. En ríkisstj. biður ekki um tiltekna kauplækkun, heldur á að taka verð-

mælinn úr sambandi nokkurn tíma, og á meðan eiga að verða svo og svo miklar verðhækkanir, sem geta orðið miklu meiri en stjórnarvöldin hafa þegar tilkynnt um.

Nú er tæpur mánuður liðinn, eins og ég sagði áðan, síðan þetta frv. var til 1. umr., og ekki er nema 1½ mánuður þangað til vetrarvertíð á að hefjast. Hefur ríkisstj. á þessum mánuði gert sér nokkra grein fyrir því, hvað hún ætlar að taka til bragðs, til þess að útgerðin stöðvist ekki um áramót, m. a. vegna þess að fyrir liggur nú yfirlýsing frá eigendum hraðfrystihúsanna um, að þeir muni stöðva rekstur frystihúsanna um áramót, nema til komi gengislækkun eða aðrar þær aðgerðir í efnahagsmálum, sem bjargað geti rekstri frystihúsanna að þeirra dómi? Allir vita, að með þeim 750 millj., sem nú er verið að leggja á þjóðina, er aðeins verið að bjarga gömlum hengingarvíxli, en fram undan bíða úrlausnar hin raunverulegu vandamál atvinnuveganna. Eiga landsmenn að trúa því, að ríkisstj. landsins viti ekki sitt rjúkandi ráð, hvað til bragðs eigi að taka eftir 6 vikur til þess að koma atvinnuvegunum af stað? Hæstv. forsrh. viðurkenndi það við 1. umr., að frekari athuganir gætu gert frekari ráðstafanir nauðsynlegar. Ég held, að sá maður finnist varla, sem trúir því, að stjórnarvöldin séu ekki enn búin að gera sér ljóst, hvernig þessi mál standa.

Menn gera sér grein fyrir því, að atvinnuvegir okkar hafa orðið fyrir áfalli vegna verðfalls og erfiðleika við síldveiðarnar, en almennt vona menn, og það gerir ríkisstj. líka og segist hafa ástæðu til þess að vona, að verðlagið muni fara fremur hækkandi en lækkandi á næstunni. Ef þær vonir rætast, er hér um tímabundna erfiðleika að ræða, sem ekki hefði raunar átt að vera vandasamt að mæta eftir hvert góða árið á fætur öðru undanfarið.

Ég vil þá víkja að þeim leiðum, sem viðræðunefnd launþegasamtakanna benti á til þess að mæta þeim halla á fjárl., sem efnahagstill. ríkisstj. miða að.

Nefndin lýsti því yfir, að hún væri reiðubúin til að ganga til samkomulags um, að tekinn yrði upp hinn nýi vísitölugrundvöllur, sem efnahagsmálafrv. gerir ráð fyrir, enda yrði vísitalan ekki skert, en tengd núverandi vísitölu miðað við þá síðustu framfærsluvísitölu, sem birt hefur verið. Rök n. fyrir þessu tilboði voru þau, að hinn nýi vísitölugrundvöllur mundi í framtíðinni vera réttlátari mælir á verðlagsbreytingarnar og því launþegum hagkvæmt, að hann verði tekinn upp, þegar fram í sækir, þótt þeir tapi á því í bili 3½%. Þarna var vissulega komið mjög langt til móts við ríkisstj. og verulegum útgjöldum létt af ríkissjóði og atvinnuvegunum. Á móti átti að koma aukin trygging launþega fyrir réttari verðlagsuppbót framvegis en hingað til.

Þá taldi viðræðunefndin, að auka mætti verulega tekjur ríkissjóðs með auknu skatteftirliti og betri skattheimtu. N. fékk upplýsingar um, að svo til ekkert bókhaldseftirlit væri hér á landi, og í ljós hefur komið, að hér mun í raun ekkert eftirlit vera með gildi innkaupsreikninga innfluttra vara, en slíkt eftirlit tíðkast víða erlendis, t. d. í Danmörku. Eftirlitsleysið í sambandi við innkaupsreikningana opnar víðar gáttir til tollsvika, sérstaklega á þeim vörum, sem ekki eru háðar verðlagsákvæðum.

Þótt ekki sé unnt að leggja nein sönnunargögn fram um það, bendir allt til þess, að undandráttur á söluskatti og tekjuskatti nemi afgerandi fjárhæðum fyrir afkomu ríkissjóðs. Í löndum, þar sem eftirlit með skattheimtu er talið miklu meira en hér hjá okkur, er þó talið, að skattsvik í sambandi við tekjuskatt nemi ekki undir 15%, og má þar nefna t. d. Danmörku. Og nærri má geta, hvort það er ekki mun meira hér á landi í sambandi við innheimtu beinna skatta, þar sem ekkert bókhaldseftirlit getur talizt og vitað er, að framkvæmd skattheimtu er öll í slappasta lagi.

Í viðræðum þeim, sem fram hafa farið undanfarið, hefur komið í ljós vilji stjórnarvaldanna til þess að ræða um leiðir til þess að koma betra skipulagi á skattamálin, en ríkisstj. segist ekki hafa trú á því, að slík úrræði verki nægilega fljótt. Ég vil leggja áherzlu á, að ég tel, að eftirlit með innheimtu söluskatts og annarra lögboðinna skatta og tolla sé slíkt grundvallaratriði í sambandi við efnahagsmálin og þá sérstaklega í sambandi við kjör launþega, að þau mál beri að taka miklu fastari tökum en nú er gert og megi vænta af því raunhæfra kjarabóta fyrir launamenn í þessu landi. Það er á almannavitorði, að þau skatthlunnindi, sem löggjafinn hefur veitt fyrirtækjum, eru misnotuð, og er slíkt vafalaust algengara vegna skorts á eftirliti með bókhaldi fyrirtækja. Á undanförnum árum hafa verið gefin út vísitölutryggð spariskírteini í allstórum stíl, og eru þessi spariskírteini skattfrjáls og undanþegin framtalsskyldu. Þarna hefur verið veitt undanþága, sem augljóslega opnar möguleika til undandráttar á fleiri sviðum. Hér eru árlega gefin út handhafaskuldabréf í stórum stíl, og þessi verðbréf, sem bera venjulega vexti í samræmi við almenna bankavexti, ganga kaupum og sölum með miklum afföllum frá nafnverði þeirra, sennilega oft 35—40% afföllum. Engum dettur annað í hug en handhafaskuldabréfin séu jafnframt notuð til undandráttar á skattframtölum. Satt bezt að segja hníga öll rök að því, að almannarómur hafi rétt fyrir sér um það, að árlega séu framin hér skattsvik í mjög ríkum mæli. Þetta hefur óhjákvæmilega þær afleiðingar, að þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem ekki vilja eða geta dregið undan skatti, greiða þau opinberu gjöld, sem annars ættu með löglegum hætti að koma í hlut skattsvikaranna. Auk þess gerir þetta opinberar hagskýrslur rangar og á auðvitað að valda því, að allar upplýsingar um afkomu fyrirtækja séu teknar með mikilli varúð, því að þær eru vissulega byggðar á skattframtali hlutaðeigandi aðila. Hvernig sem á málið er litið, er óhjákvæmilegt, að gert verði stórt átak til þess að bæta eftirlit með framtölum og tryggja betur en nú er gert skattheimtu og tollheimtu. Það mundi áreiðanlega valda því, að sú ofsköttun, sem hrjáir almenning í dag, gæti lagazt verulega og bætt þó hag ríkissjóðs og aukið virðingu manna fyrir framkvæmd laga, sem er þó ekki þýðingarminnsta atriðið.

Viðræðunefndin taldi, að unnt væri að spara umtalsverðar fjárhæðir á gjaldabálki fjárl., og þó

að nefndin teldi sig ekki hafa tíma né aðstöðu til að benda þar á einstök atriði, vil ég þó nefna hér eitt atriði, en það er varðandi lántökur til framkvæmda ríkisins. N. taldi mjög eðlilegt, að í stað þess t. d. að greiða stofnkostnað pósts og síma af eigin fé stofnunarinnar, væri tekið lán til þessara framkvæmda, en áætlað er á fjárlagafrv. fyrir næsta ár, að þessar framkvæmdir nemi á því ári tæplega 150 millj. kr. Er ástæða til þess á svona tíma, að slíkar fjárhæðir séu staðgreiddar? Ég held ekki.

N. benti á, að með viðtækari verðlagsákvæðum, þ. e. a. s. fleiri vörutegundir væru teknar undir verðlagsákvæði, og auknu verðlagseftirliti mætti breyta verðlagsþróuninni almenningi í hag. N. sýndist það alveg augljóst af þeim gögnum og upplýsingum, sem hún fékk í hendur, að þróunin hefur verið mjög í þá átt, síðan verðlagið var gefið frjálst í ríkara mæli en áður, að álagning verzlana hafi farið sífellt hækkandi, og athugun, sem hagstofan gerði fyrir n., bendir til þess, að þessi hafi reyndin einnig orðið að því er tekur til neyzluvara, er hafa áhrif á vísitöluna.

N. lagði áherzlu á, að innlend iðnaðarframleiðsla yrði efld. Þannig mætti auka atvinnu og vinnutekjur og þar með tekjur ríkissjóðs og halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum út á við. Í þessu skyni skyldi takmarkaður innflutningur á þeim vörum, sem unnt væri að framleiða með jafngóðum árangri í landinu sjálfu.

Þá lét viðræðunefndin í ljós, að hún teldi síður en svo háskalegt, miðað við núverandi samdráttarhorfur, þó að einhver halli yrði á fjárl. næsta árs.

Ríkisstj. taldi sig ekki geta fallizt á það grundvallaratriði í till. viðræðunefndar Alþýðusambandsins og BSRB, að vísitala launa héldist óslitið. Að öðru leyti gengu till. ríkisstj. í svipaða átt og þær brtt., sem fyrir liggja á þskj. 58 frá meiri hl. fjhn. Viðræðunefndin taldi, að þessar till. væru mjög veigalitlar til þess að draga úr þeirri stórfelldu kjaraskerðingu, sem launþegum er ætlað að taka á sig, og því algerlega óaðgengilegar, og var þeim því hafnað. Ég segi það alveg eins og er, að ég er alveg undrandi á því, að ríkisstj. skuli ætla að keyra þetta mál í gegnum þingið með sínum nauma þingmeirihluta, þegar það nú liggur ljóst fyrir, að verkalýðshreyfingin mun ekki una þessum ráðstöfunum og verkalýðsfélögin ætla sér í verkfallsaðgerðir, verði málið keyrt í gegn.

Hv. frsm. meiri hl. lýsti því hér, hvað launþegar hefðu fengið mikið í sinn hlut á góðæristímanum. Það er sama, hve margar skýrslur verða birtar um tekjur launþega á undanförnum árum, þá hrekja þær ekki þá staðreynd, að þeir, sem höfðu góðar tekjur á þessu tímabili, öfluðu þeirra að verulegu leyti með mikilli eftirvinnu og yfirborgunum. Nú hefur hvort tveggja minnkað verulega, og sú samdráttarstefna, sem mörkuð er af ríkisstj. með þessum efnahagsaðgerðum, mun valda því, að yfirborganir og yfirvinna hverfa úr sögunni. Menn verða því að láta sér nægja dagvinnukaupið til framfæris. Það dugði mönnum ekki áður, hvað þá heldur eftir þá kjaraskerðingu, sem efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafa í för með sér.

Alvarlegast er ástandið í atvinnumálunum. Í þeim upplýsingum, sem viðræðunefnd ASÍ og BSRB fékk, kom fram, að fjárlagafrv. er byggt á því, að um verði að ræða samdrátt í byggingarstarfsemi og því sem næst stöðnun í innlendum iðnaði og þjónustustarfsemi og minnkaða eftirspurn eftir vinnuafli, þótt ekki sé reiknað með auknu framboði vinnuafls vegna fólksfjölgunar. Á slíkri samdráttarstefnu er áætlun fjárlagafrv. byggð samkv. þeim upplýsingum, sem viðræðunefndin fékk, og ekki er að furða, þótt menn óttist, að slík stefna geti hreinlega leitt til atvinnuleysis. Með þessu á m. a. að varðveita gjaldeyrissjóðinn, sem mikið var gumað af fyrir kosningar, að ætti að bjarga þjóðinni, ef að kreppti. Að dómi launþegasamtakanna verður að grípa til annarra ráða til að varðveita jafnvægi þjóðarbúskaparins út á við. En ríkisstj. fylgir í þessum efnum sömu stefnu og hún hefur frá upphafi fylgt, — stefnu, sem þegar er búin að koma atvinnuvegum landsins á kné.

Það, sem nú er mest aðkallandi, er endurreisn atvinnuveganna. En til þess að slík endurreisn geti átt sér stað, þarf að breyta um stefnu og taka upp aðrar starfsaðferðir en núv. ríkisstj. gerir. Launþegasamtökin hafa lýst yfir, að þau séu reiðubúin til samvinnu um þessi mál, og þau hafa í ályktunum bent á ákveðnar leiðir í þessum efnum. Á árinu 1966 voru sett lög um hagráð. Samkv. þeim 1. eiga þar sæti tveir ráðh. tilnefndir af ríkisstj. Auk þeirra tilnefna eftirtaldir aðilar hver einn fulltrúa í hagráð: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag ísl. iðnrekenda, Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, Landssamband ísl. verzlunarmanna, Samband ísl. sveitarfélaga, Sjómannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Stéttarsamband fiskiðnaðarins, stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþ., Verkamannasamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands.

Í 17. gr. l. um hagráð segir: „Stofna skal hagráð, er sé vettvangur, þar sem fulltrúar stjórnarvalda, atvinnuvega og stéttarsambanda geti haft samráð og skipzt á skoðunum um meginstefnuna í efnahagsmálum hverju sinni.“ Og áfram segir, með leyfi hæstv. forseta, í 19. gr. l. um hagráð: „Meginverkefni hagráðs skal vera að ræða ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Efnahagsstofnunin skal leggja fyrir hagráð tvisvar á ári, í apríl og október, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þ. á m. varðandi framleiðslu, fjárfestingu, greiðslujöfnuð, afkomu atvinnuveganna og verðlags- og kaupgjaldsmál. Þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir ríkisstj. skulu lagðar fyrir hagráð.“ Síðar í greininni segir, að skýrsla um umræður í hagráði skuli jafnan send ríkisstj. og sömuleiðis ályktanir, sem gerðar kunna að vera. Samkvæmt lögunum á Efnahagsstofnunin að leggja skýrslur fyrir hagráð tvisvar á ári, í apríl og október, eins og ég las hér áðan.

Í upphafi þessa þings var af hálfu ríkisstj. gerð grein fyrir því, að vegna erfiðleika, sem steðjuðu

í efnahagsmálum þjóðarinnar, yrði óhjákvæmilegt að gera róttækar aðgerðir í efnahagsmálum, sem mundu valda mikilli kjaraskerðingu hjá almenningi. Nú skyldi maður halda, að slíkar aðstæður í efnahagsmálum hefðu orðið til þess að flýta fremur en seinka því, að skýrsla, sem Efnahagsstofnuninni ber lögum samkvæmt að leggja fyrir hagráð í október hvert ár, yrði þar fram lögð og rædd og það samráð haft við hagráð um efnahagsmálin, sem hafa ber lögum samkvæmt um heildarstefnuna í þeim málum. En því fór víðs fjarri, að þetta væri gert, og það er fyrst fyrir síðustu helgi, að þessi skýrsla var lögð fram. Umræður um hana hófust í hagráði í fyrradag, eða 13. nóv. Það er fyrst eftir að frv. ríkisstj. um efnahagsaðgerðir hefur legið tæpan mánuð fyrir Alþingi, að formaður hagráðs, hæstv. viðskmrh., sér ástæðu til þess að ræða efnahagsmálin og tillögur ríkisstj. við fulltrúa atvinnuveganna og stéttarsamtakanna, sem sæti eiga í hagráði. Það er augljóst mál, að það hefur hreint ekki verið ætlunin að leggja lögboðna skýrslu Efnahagsstofnunarinnar fyrir hagráð, fyrr en þessar efnahagsaðgerðir hefðu fengið fullnaðarafgreiðslu á Alþ. Mér er spurn: Til hvers er verið að stofna nefnd eins og hagráð, ef ekki á að hafa samráð við hana, þegar eins stendur á og nú?

En hér er raunar nákvæmlega eins að unnið og um aðra þætti í afgreiðslu þessa máls. Ríkisstj. leggur frv. fyrir Alþ., og raunar höfðu afdrifaríkir þættir í efnahagsráðstöfununum þegar komið til framkvæmda, er málið kom til 1. umr. hér í hv. deild. Þá hafði verið hætt við niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, sem teknar voru upp eftir 1. ágúst 1966, og þar með verið hækkað verðlag á fjölmörgum þýðingarmestu neyzluvörum almennings. Þegar málið var til 1. umr., lýsti hæstv. forsrh. yfir, að ríkisstj. væri reiðubúin að ræða við hvern sem væri um breytingar á frv. og tiltók sérstaklega launþegasamtökin. Þegar til kastanna kemur, er ríkisstj. ekki reiðubúin að ræða um annað en minni háttar breytingar. Það hljómar ákaflega fallega, að menn séu viljugir að hlusta á sjónarmið annarra og ræða við þá um mál, en öllu verra er, ef ætlunin hefur aldrei verið að taka neitt tillit til þeirra sjónarmiða, sem viðræðuaðilinn ber fram. En það væri sannarlega fróðlegt og gagnlegt fyrir hv. Alþ. að heyra, hvað fulltrúar atvinnuveganna í hagráði hafa um þessi mál að segja. Og hvað halda menn, að þeir segi um þessi mál? Eru þeir sammála því áliti, sem fram kemur í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar? Og vel á minnzt, ég bað forstjóra Efnahagsstofnunarinnar um eintak af skýrslu hennar um efnahagsástandið og fékk hana greiðlega. En þau skriflegu boð fylgdu með, að skýrslan væri trúnaðarmál, a. m. k. meðan umræður færu fram um hana í hagráði. Þannig er á þessum málum haldið. Á meðan Alþ. er að afgreiða efnahagsfrv., sem hæstv. forsrh. segir að sé til að rétta við hag þjóðarinnar eftir áfall, sem eigi sér ekki fordæmi síðan í heimskreppunni miklu, þegar Íslendingar misstu í einu vetfangi markaði fyrir svo til alla útflutningsframleiðslu sína, þá er skýrsla efnahagssérfræðinga ríkisstj. leyniplagg, sem ekki má birta almenningi. Ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstj., að hún lyfti leyndinni af og sjái jafnframt til þess, að umr. um efnahagsmálin í hagráði verði hraðað og Alþ. send skýrsla um þær umr., til þess að skýrt komi fram álit bæði Efnahagsstofnunar ríkisins og fulltrúa atvinnustétta í hagráði, áður en þetta frv. verður afgreitt í hv. deild.

Það hefur komið fram í ræðum hæstv. ráðherra, að ríkisstj. og sérfræðingar hennar geri sér enn ekki ljóst, hvort frekari ráðstafanir þurfi að gera en frv. gerir ráð fyrir vegna rekstrar ýmissa greina sjávarútvegsins á næsta ári. Þó er, eins og ég sagði áðan, ekki nema einn og hálfur mánuður þangað til vetrarvertíð á að hefjast. Það er víst ekkert vafamál, að forsvarsmenn atvinnuveganna eru ekki þeirrar skoðunar, að ekkert þurfi annað að gera en þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir og tilkynntar hafa verið hér á Alþ. í byrjun þessa þings. Ég vil ekki trúa því, fyrr en á reynir, að ríkisstj. ætli sér að ana út í fullkomna ófæru um málefni þjóðarinnar með því að samþykkja þetta frv. Er vonandi, að þar komi til, áður en lýkur, ráð hinna gætnari manna og ábyrgari í hópi þm. stjórnarflokkanna. Ég vænti þess og trúi því, að sú órofa samstaða, sem skapazt hefur milli ASÍ og BSRB, og sá einhugur, sem mér virðist ríkja um þetta mál meðal allra launþega, verði til þess að koma í veg fyrir þá vísitöluskerðingu, sem felst í frv. ríkisstj.

Ég vil að lokum taka undir það, sem fram kemur í nál. hv. minni hl. fjhn., að þetta frv. ber að fella.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að láta í ljós með örfáum orðum mikla undrun mína á ummælum hv. síðasta ræðumanns um starfsemi og fundarhöld hagráðs. Hann vitnaði í lögin um hagráð með því að lesa úr þeim nokkrar setningar, en ekki þá setningu, sem máli skiptir í því sambandi, sem hann ræddi um, en þar segir í 19. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta: „Efnahagsstofnunin skal leggja fyrir hagráð tvisvar á ári, í apríl og október, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þ. á m. varðandi framleiðslu, fjárfestingu, greiðslujöfnuð, afkomu atvinnuveganna og verðlags- og kaupgjaldsmál.“ Þetta hefur ávallt verið gert, síðan hagráð tók til starfa. Nú í lok október lagði Efnahagsstofnunin fram ýtarlega skýrslu um öll þau mál, sem gert er ráð fyrir að hún leggi fyrir hagráðið. Og nú fyrir nokkrum dögum var fundur í hagráði til þessa að ræða þessa skýrslu, eins og gert hefur verið ávallt í mánuðinum eftir að Efnahagsstofnuninni ber að leggja skýrsluna fram. (Gripið fram í.) 30. október og var send út þá, hún var send út sama daginn og hún var dagsett. Það tekur væntanlega 2—3 daga, að hún berist í hendur hagráðsmanna. Það hefur verið föst venja, að hagráðsmenn hefðu skýrsluna til athugunar í viku til 10 daga. Hér er um mikið lestrarefni að ræða og algjörlega eðlilegt og ekki gagnrýnt, að fundur sé haldinn um þetta u. þ. b. viku til 10 dögum eftir að skýrslan er lögð fyrir hagráðið. Enn fremur hefur það verið samkomulagsatriði í hagráði frá upphafi, að skýrslurnar

skyldu ekki birtar, meðan þær væru til umr. í hagráði sjálfu. Þetta hef ég haldið, að hv. þm. vissi, a. m. k. hefði hann átt að vita það. Hann hefði ekki átt að viðhafa það orðbragð, sem hann viðhafði hér áðan um þetta efni. Fundur hagráðs í þetta skipti er með nákvæmlega sama hætti og hann hefur verið frá stofnun hagráðs, nákvæmlega eins og lög um hagráð gera ráð fyrir. Þess vegna læt ég enn í ljós mikla undrun mína á þm. og ummælum hans, sérstaklega vegna þess, að honum á að vera kunnugt um allt þetta, sem hann fór með rangar staðhæfingar um.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, ber hæstv. ríkisstj. glöggt og ótvírætt vitni, eftir hvaða formúlu er stjórnað, hvaða hugarfar þeir menn hafa, sem línurnar leggja. Það er ef til vill ekkert undrunarefni, þótt íhaldsflokkur eins og Sjálfstfl. er skuli miða allar sínar stjórnarathafnir við hagsmuni þeirra, sem fjármagnið hafa, án tillits til nokkurs annars. En hitt ætti að koma mönnum spánskt fyrir sjónir, að Alþfl., sem þykist vinna undir merki jafnaðarstefnunnar, skuli standa einhuga að þessari stjórnarstefnu, að þeirra jöfnuður sé fólginn í því að gera þá ríku ríkari og þá fátæku enn fátækari. Finnst ekki hv. alþm. það hörð og ömurleg örlög, þegar svo er komið fyrir merkisberum Jóns Baldvinssonar og Héðins Valdimarssonar, að í athöfnum sínum skuli enginn á þessu landi vinna hatrammara á móti grundvallarstefnu flokksins en þeir sjálfir? Það góða, sem þeir segjast vilja gera, það gera þeir ekki, en það illa, sem þeir þykjast fyrst og fremst berjast á móti, það gera þeir og fylgja einhuga að eigin sögn. Ekki vil ég trúa því, að það sé af illvilja eða dómgreindarleysi, að þeir fylgja verstu íhaldsstefnu, sem nokkurn tíma hefur bólað á í þessu landi, heldur mun það vera sanni nær, að góðu og mjúku sætin, þ. e. a. s. ráðherrastólarnir, og sú aðstaða, sem þeim fylgir, séu tekin fram yfir hugsjónir og fyrirheit, þegar svo er komið, að á milli þessa þarf að velja.

Hæstv. menntmrh. lýsti því yfir hér á hinu háa Alþ., að algjör samstaða væri um þetta frv. í Alþfl., já, samstaða um það að leggja á nýja nefskatta án þess að koma með neinar tillögur um, að þeir efnameiri í þjóðfélaginu yrðu látnir leggja meira til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins en þeir gera nú. Þessir háu herrar viðurkenna, að í landinu viðgangist stórfelld skattsvik, að söluskattinum sé ekki skilað nema að nokkru leyti, en þó eru litlir tilburðir til þess að bæta úr þessu. Það eru víðar en í Indlandi til heilagar kýr, sem ekki má ýja við, hvað þá meira, og því er eina úrræðið að seilast inn á hvert matarborð á landinu til þess að ná fjárl. saman. Eftir því sem munnarnir eru fleiri, sem foreldrarnir þurfa að sjá farborða, því mun meira skulu þeir þurfa að fá að bera af byrðunum, sem stjórnarherrarnir telja nú, að til þurfi til að ná endunum saman við afgreiðslu fjárl. Það er eins og mig minni það, að hér áður fyrr væru opinber gjöld lögð á eftir efnum og ástæðum, þeir efnameiri í þjóðfélaginu væru látnir bera hlutfallslega meira en þeir efnaminni. En eftir þessari nýju jafnaðarstefnu hæstv. ríkisstj. er þessu alveg snúið við. Nú er ekkert farið eftir efnum og ástæðum, heldur lagt jafnt á hvert mannsbarn og þannig íþyngt fyrst og fremst þeim, sem sízt skyldi, þ. e. a. s. barnafjölskyldunum.

Það er nú komið í ljós, svo að varla verður um villzt, að boð hæstv. ríkisstj. til verkalýðsfélaganna um viðræður um efnahagsmálafrv. var ekki til þess að semja um breytingar á því til að draga úr áhrifum þess á barnmörgu fjölskyldurnar, ekki til þess að fá tillögur um aðrar leiðir til þess að ná fjárl. saman, heldur til þess að geta sagt það eftir á, að launþegasamtökin hefðu fengið sitt tækifæri til að benda á aðrar léttbærari leiðir fyrir meðlimi sína, sem þó verkuðu þannig, að fjárl. yrðu afgreidd hallalaust, en auðvitað ekki tekizt það. Enn fremur var kærkomið tækifæri að koma á svona viðræðum undir þessu yfirskini til að reyna að koma af stað óeiningu innan launþegasamtakanna, ef með þeim hætti mætti hindra aðgerðir af þeirra hálfu.

En staðreynd er, að kjaraskerðingin, sem felst í þessu frv., leysir ekki að neinu leyti vanda atvinnuveganna, heldur fremur eykur þá, a. m. k. landbúnaðarins og iðnaðarins, því að versnandi lífskjör fjölmennustu stéttanna í landinu hljóta að hafa áhrif á allt viðskiptalíf í landinu. Sú staðreynd blasir nú við, að þrátt fyrir þessa lífskjaraskerðingu er enn óleystur sá vandi, sem útflutningsframleiðslan hefur við að stríða, og allir, sem eitthvað skilja á annað borð, vita það, að ýmsir helztu þættir hennar stöðvast á næstu mánuðum, nema eitthvað komi til. Það hlýtur því að vera krafa þjóðarinnar til hæstv. ríkisstj. að fá skýr og undanbragðalaus svör við því, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að tryggja það, að útflutningsframleiðslan stöðvist ekki. Á þjóðin von á enn meiri álögum eftir nokkrar vikur? Ætla hæstv. ráðherrar að auglýsa úrræðaleysi sitt fyrir þjóðinni með því að látast ekki vita um þann háska, sem blasir við? Hafa ekki frystihúsaeigendurnir nú nýverið tilkynnt t. d., að um áramótin muni þeir loka frystihúsunum við óbreytt ástand? Nú reynir á samtakamátt launþega og bænda og þá ekki síður á forustu þessara samtaka. Hæstv. ríkisstj. skal ekki treysta því, að það sé alveg sama, hvað hún gerir, hvað ranglátt og hve fjarstæðukennt sem það er, að henni haldist það uppi. Hún getur varla vænzt þess, að fátækustu stéttirnar í landinu, bændur og láglaunafólk, láti það óátalið og afskiptalaust, að lögð sé stórfelld kjaraskerðing á þá, á sama tíma og hin nýríka stétt landsins fær að halda öllu sínu, hvort sem hún hefur auðgazt á heiðarlegan eða óheiðarlegan hátt frá lögfræðilegu sjónarmiði. Öllu eru einhver takmörk sett, og ég fullyrði, að hæstv. ríkisstj. hefur farið langt fram yfir þessi takmörk nú. Slíkar byrðar sem þessar er óhugsandi, að þjóðin líði, að á sig séu lagðar, nema þeim sé deilt niður á borgarana af réttsýni eftir efnum og ástæðum og þjóðin hafi það á tilfinningu sinni, að ástandið í efnahagsmálum sé þannig, að hjá þeim verði alls ekki komizt. Nú hafa hæstv. ráðherrar við öll möguleg og reyndar ómöguleg tækifæri básúnað það á fjálglegan hátt, hvernig viðreisnarstefnan hafi reynzt þóðinni heillaríк. Að þeirra sögn hefur kaupmáttur launa stóraukizt á viðreisnartíman-

um, gjaldeyrisstaðan batnað, almenn velmegun aukizt, og þar sem hæstv. viðskmrh. er sérfræðingur í talnalestri og hagfræðingur að mennt, þá væri fróðlegt að sjá og heyra til hans hér á hinu háa Alþ., hvernig 5 manna fjölskylda eða 4 manna fjölskylda getur lifað af 10 þús. kr. launum á mánuði, og í því dæmi sé tekinn hinn raunverulegi húsnæðiskostnaður, eins og hann er í raun og veru, en ekki eins og hann er áætlaður í vísitölunni. Það er kominn tími til, að hæstv. ríkisstj. styðjist við staðreyndir og láti óskhyggjuna lönd og leið. Ef hæstv. viðskmrh. getur sýnt okkur það svart á hvítu, að þessi laun nægi meðalfjölskyldu, miðað við núverandi verðlag, þá er ef til vill ekki mikil ástæða til að kveinka sér undan viðreisnarstefnunni og nýju álögunum, en geti hann það ekki, þá kveður hann um leið upp harðari dóm yfir stjórnarstefnunni, því að ef viðreisnarstjórnin hefur farið þannig með allt okkar efnahagslíf, að framleiðslan geti með engu móti greitt kaup, sem nægi fyrir nauðþurftum meðalfjölskyldu, þá er það þyngri dómur en sá, sem stjórnarandstaðan hefur leyft sér að kveða upp yfir hæstv. ríkisstj.

Og hvað er þá orðið af öllu sjálfshólinu, sem hæstv. ráðherrar og skjaldsveinar þeirra kepptust um að útmála fyrir þjóðinni fyrir síðustu kosningar um auð og allsnægtir, sem að þeirra sögn var uppskeran af viturlegri stjórnarstefnu undanfarinna ára og mundi aukast og margfaldast, ef stjórnin fengi traust þjóðarinnar? Stjórnin fékk traust þjóðarinnar. Er uppskeran auður og allsnægtir, eins og lofað var? Var ekki líka minnzt á jafnari lífskjör, umfram allt frelsi, alls konar frelsi? Og hvernig er svo farið að því að jafna lífskjörin? Er það gert með því að taka eitthvað af þeim ríku og skipta því með einhverju móti á milli hinna fátæku? Nei, ekki alveg það. Hin nýja jafnaðarstefna, sem varð til þess að sameina Alþfl. í órofaheild undir leiðsögn heildsala og kaupmanna, er fólgin í því að gera þá fátæku fátækari, til þess að hinir ríku yrðu enn ríkari. Og frelsið er ekki ætlað þeim fátæku, enda hafa þeir sjálfsagt ekkert við það að gera. Frelsið í þessu landi er náðargjöf til þeirra ríku, það undirstrikaði hæstv. ríkisstj. rækilega, svo að ekki verður um villzt, þegar hún gaf út hinar nýju reglur um innflutning og gjaldeyrissölu nú á dögunum. Það er fjármagnið, sem skal drottna í þessu landi, þ. e. a. s. ef stjórnin ræður.

I. kafli þessa frv. felur það í sér, að sú hækkun, sem hefur orðið og kann að verða á vöruverði í landinu frá 10. okt. s. l. til janúarloka 1968, hafi engin áhrif á vísitöluna og verði því launafólk og bændur að þola það bótalaust. Felldar hafa verið niður niðurgreiðslur á vöruverði, sem teknar hafa verið upp eftir 1. ágúst 1966. Afleiðing þess varð sú, að kindakjöt hækkaði um 16 kr. hvert kg., mjólk um 2 kr., smjör 43.20.

II. kafli frv. er um verðstöðvun. 9. gr. frv. hefst þannig, með leyfi forseta:

„Verð á hvers konar vöru má ekki vera hærra en það var 15. nóv. 1966, nema til komi samþykki réttra yfirvalda. Mega þau þá ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstj.“

Felst ekki í þessari grein, að verð á landbúnaðarvörum megi ekki hækka, þrátt fyrir það þótt yfirdómur í verðlagsmálum landbúnaðarins kæmist að þeirri niðurstöðu, að bændum landsins bæri sú hækkun lögum samkvæmt. Er það virkilega meiningin, að hæstv. ríkisstj. ætli þannig að níðast á lægst launuðu stétt landsins með lagaboði, svipta hana lögboðnum tekjum sínum? Ætlar hæstv. landbrh. að sætta sig við slíka ráðstöfun? Sé svo, skora ég á hann að segja tafarlaust af sér, heldur en að þola slíkt.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefst verðlagsár landbúnaðarins 1. sept. ár hvert. Þar af leiðandi á verðlagningin á búvöru að vera tilbúin þá eða sem fyrst þar á eftir. Þetta hefur gengið að vísu misjafnlega og hefur margt komið til. 1965 var nýtt verð auglýst 22. sept., í fyrra 23. sept. En nú er kominn miður nóvembermánuður og ekkert verð enn verið auglýst á þessum vörum. Þetta ástand er alveg óþolandi fyrir bændastéttina, og verður með einhverjum hætti að girða fyrir það, að slíkt geti endurtekið sig.

Ég ætla ekki að ræða þessi mál meira að sinni, vil fá fyrst svör við spurningum mínum, hvort þetta frv., ef að lögum verður, hindrar verðhækkun á landbúnaðarvörum, kæmi það í ljós, að bændum bæri hækkun, sem ég efast ekki um, ef dæmt er eftir lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Ég get ekki stillt mig um að ræða ögn um þá fullyrðingu, sem kemur fram í grg., að landbúnaðarvörurnar vegi réttara skv. nýju vísitölunni en þeirri, sem nú gildir, þar sem neyzluvenjur þjóðarinnar hafi mjög breytzt. Við hvað er miðað, þegar hinn nýi vísitölugrundvöllur er fundinn, og hvernig er hann fundinn? Fjögurra manna fjölskylda á að hafa til ráðstöfunar 253064 kr., þegar búið er að borga tekjuskatt, útsvar og kirkjugjald og hluta af húsnæðiskostnaði, því að sá liður er langt frá því að vera raunverulegur, eins og hann er þarna settur, enda viðurkennt, að svo sé. Ef ríkisstj. ætlast til, að þjóðin taki þessa viðmiðun alvarlega og þær niðurstöður, sem þannig fást, eru eitthvað til að byggja á, er þá ekki eðlilegt, að þess sé fyrst krafizt af launþegasamtökunum, að ríkisstj. geri fyrst ráðstafanir til þess að tryggja það, að meðallaun þessara stétta séu það, sem við er miðað? Ef launin eru nú lægri, sem enginn vafi er á, og enn eiga þau eftir að lækka, ef ekki verður breytt um stjórnarstefnu, er sá grunnur, sem þarna er byggt á, ekki fyrir hendi og því útkoman alröng. Þessir aðilar, sem miðað er við, hafa ekki í dag um eða yfir 300 þús. kr. í meðaltekjur, þó að þeir hafi haft það kannske fyrir ári. Það er þungamiðjan í þessu máli. Þegar tekjur minnka að miklum mun, eins og nú hefur átt sér stað, verður fyrst og fremst sparað á öðrum liðum en matar- og húsnæðisliðum, og þá fara þeir að vega hlutfallslega meira í hinni raunverulegu vísitölu.

Það kann að vera, að nýja vísitalan sé réttari, séu ráðstöfunartekjurnar þær, sem þarna er miðað við. En þar sem tekjurnar eru nú miklu lægri, mun matarliðurinn vera réttari mælikvarði, eins og hann er í núgildandi vísitölu. Og það er hálf-

broslegt og gefur til kynna, hvernig siðferðisvitund valdhafanna er, þegar það er athugað, á hverju þessi nýja vísitala er byggð. Í fyrsta lagi er miðað við allt aðrar tekjur en eru hjá þjóðinni í dag. Í öðru lagi er stuðzt við 100 úrtök, mjög takmarkaðan tíma, — ég sagði 100 úrtök. Í þriðja lagi virðist húsnæðisliðurinn aðeins vera tilbúin tala í órafjarlægð frá öllu raunverulegu. En svo er því slegið föstu, að útkoman sé rétt. En hvers vegna er því slegið föstu? Það er vegna þess, að útkoman er hagkvæm fyrir hæstv. ríkisstj., annað skiptir hana ekki máli. En þegar við bændurnir eigum í hlut, er ekki hægt að byggja á líkum fjölda búreikninga, þó að þeir nái yfir miklu lengra tímabil, byggðir á raunverulegum tölum, en ekki hugsuðum, séu studdir vinnumælingum, þar sem fulltrúi neytendanna hefur frjálsar hendur um slíkar athuganir og hefur þekkingu á að gera slíkar athuganir. Hvað veldur slíku? Það kemur sér óþægilega fyrir hæstv. ríkisstj. Þess vegna má ekki viðurkenna, að vinnuliðurinn í verðlagsgrundvellinum sé nægilega vel undirbyggður, og má því ekki byggja kaup bændanna á slíku. Sá, sem er sterkari, hefur rétt fyrir sér, er sú siðfræði, sem felst í þessu, en hvað er rétt eða rangt virðist ekki skipta neinu máli.

Þegar hæstv. landbrh. lagði fram frv. sitt hér á hinu háa Alþ. um breytingu á framleiðsluráðslögunum, þá kom það þannig út í ræðu hans, að það væri nú fyrst á þessu ári, sem starfrækt væri hér búreikningaskrifstofa, og því væri á svo litlu að byggja um rekstrarkostnað og vinnumagn búanna. Það er búið að reka slíka búreikningaskrifstofu mörg ár og því fyrirsláttur einn að bera slíku við. Hitt er svo annað mál, að hún var endurskipulögð samkvæmt nýjum lögum um síðustu áramót. Og ef 100 úrtök nægja til að byggja á vísitölugrundvöll, þá ætti svipuð tala búreikninga að vera einnig grundvöllur til að byggja á vinnulið verðlagsgrundvallarins.

Mér er ljóst nú, eftir að þetta frv. um breytingu á framleiðsluráðslögunum var lagt fram hér á hinu háa Alþ. og eftir að hafa hlýtt á rökseмdir hæstv. landbrh. fyrir því, að nú á að búa til rökstuðning fyrir því, að í þetta sinn eigi ekki að fara eftir lögunum um að meta og virða vinnumagn grundvallarbúsins og verðleggja landbúnaðarvörurnar eftir því. Nú er sagt, að þetta sé ekki enn nógu vel rannsakað, ekki nógu vel undirbyggt. En er ekki alltaf hægt að segja það? Og er ekki full ástæða til þess að álykta af því, hvernig hæstv. ríkisstj. undirbyggir hinn nýja vísitölugrundvöll, sem að hennar sögn er hárréttur, og þegar hins vegar það er athugað, á hvaða grunni vinnuliður verðlagsgrundvallarins sé byggður, að það sé mikil hætta á því, að á valdatíma hæstv. ríkisstj. verði ekki verðlag samkvæmt gildandi lögum? Er ekki endalaust hægt að segja, að rétt sé rangt eða þetta og hitt sé ekki nógu vel undirbyggt, þegar stjórnað er út frá þeirri reglu, að sá, sem ræður, hafi alltaf rétt fyrir sér?

Lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. bera það með sér, að tilgangur þessarar lagasetningar hafi verið sá að tryggja bændastéttinni svipuð laun og launastéttirnar hafa á hverjum tíma. Öll blaðaskrif um þessa lagasetningu og ræður þeirra, sem að lagasetningunni stóðu, staðfesta þetta líka. Hver hefur svo reynslan verið? Meðaltekjur bændastéttarinnar hafa aldrei náð meðaltekjum viðmiðunarstéttanna, og þó hefur þetta bil aldrei verið meira en einmitt nú. Ef verðstöðvunarkaflinn í þessu frv. nær til þess að hindra, að bændur fái verðhækkun vegna aukins tilkostnaðar, og ekki á að taka neitt tillit til vinnumagnsins í vinnulið grundvallarins, eins og ræða hæstv. landbrh. gaf til kynna hér á dögunum, þá mun þetta bil enn aukast og setja ýmis byggðarlög í mikla hættu, að þau verði yfirgefin og fari í auðn. Hvers virði er þá þessi lagasetning bændastéttinni í heild, ef á að brjóta hana þannig niður eða sniðganga hana með málatilbúningi? Hvort er þetta landbúnaðarstefna hæstv. landbrh. eða hæstv. viðskmrh.? Ýmsum þykir nú þróunin hafa orðið sú í þessum málum, að það bendi frekar til þess, að hæstv. viðskmrh. ráði orðið mestu hvað snertir landbúnaðarmálin í ríkisstj. Sennilega vantar hann enn vinnuafl til að láta byggja banka og bankaútibú yfir allt peningaleysið. Og ef til vill ætlar hann að auka hagræðinguna í þessum peningastofnunum þjóðarinnar með því að fjölga þar enn um nokkra tugi, því að í bönkum og sparisjóðum vinna ekki nema rúmlega 2000 manns. Það er nú allt og sumt. Það hlýtur því að vera auðvelt að koma fleirum þar á jötu. Þjóðin lifir frekar á því heldur en á landbúnaði.

IV. kaflinn er um farmiðagjald. Það er gert ráð fyrir, að það skili ríkissjóðnum 60 millj. eða 8% af því, sem talið er að vanti til að ná saman hallalausum fjárlögum. Það má segja, að þessi skattur sé annars eðlis en flest það, sem hér er gert ráð fyrir að gera ríkissjóðnum til bjargar. Þarna er a. m. k. ekki seilzt upp á matarborð landsmanna. En á hitt ber að líta, að þessi skattur hittir fyrst og fremst eitt fyrirtæki í landinu, sem til þessa hefur haldið uppi mjög gagnlegri þjónustu fyrir landsbyggðina en þarna á ég við Flugfélag Íslands. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Flugfélag Íslands hefur haldið uppi föstum áætlunarferðum á alla helztu staði úti á landi. Þessi þjónusta hefur ekki staðið undir sér fjárhagslega, enda mun það fátítt erlendis, jafnvel hjá stórþjóðum, að innanlandsflug sé ekki styrkt af almannafé. En utanlandsflugið hefur skilað talsverðum hagnaði, og má segja að það hafi gert Flugfélaginu mögulega þá þjónustu, sem það hefur látið í té hér innanlands. En kunnugir telja, að með þessum farmiðaskatti sé kippt rekstrargrundvellinum undan Flugfélagi Íslands, og hlýtur slíkt að leiða af sér annaðhvort stórhækkuð fluggjöld hér innanlands eða miklu verri þjónustu, sérstaklega fyrir hina fámennari staði úti á landi, nema hvort tveggja komi til. Er þá orðinn hæpinn ávinningurinn af þessum skatti. Og hvað segir stjórnarformaður Flugfélags Íslands um þennan skatt, hv. 7. þm. Reykv., Birgir Kjaran? Er hann tilbúinn að samþykkja hann? Og verði hann lögfestur, eins og frv. gerir ráð fyrir, mundi það ekki hafa áhrif á þjónustu Flugfélagsins við landsbyggðina, annaðhvort með stórhækkuðum fargjöldum eða færri ferðum og lélegri þjónustu?

V. kaflinn er um breytingu á ýmissi skatt-

heimtu. Þar er m. a. ákvæði um að sexfalda fasteignamat á bújörðum sem undirstöðu til álagningar eignarskatts. Sízt mundi ég verða til þess að átelja skattheimtu eftir efnum og ástæðum. En hér er því miður ekki stuðzt við neinar raunverulegar eignir. Samfélagið hefur leikið bændur landsins þannig undanfarin ár, að jarðir þeirra eru nær óseljanlegar, sem er afleiðing af því, að bændur hafa um árabil verið lang tekjulægsta stétt landsins. Engin samræming hefur verið gerð á skráðu fasteignamati jarða, ef til vill nánast tilviljun ein um mat hverrar einstakrar jarðar og ósamræmi ótrúlegt. Ef þessi skattur verður lögfestur, er því hrein tilviljun, hvernig hann leggst á. Verður því í mörgum tilfellum tilbúin eign notuð sem undirstaða um ákvörðun skattsins. Í grg. með frv. segir m. a., með leyfi forseta: „Margvíslegar ráðstafanir geta hér komið til greina. Það skiptir hins vegar miklu, að þær aðgerðir, sem valdar eru, séu í sem mestu samræmi við hina almennu stefnu, sem fylgt hefur verið og ætlunin er að fylga.“ Hér er ekki farið dult með það, hvers er að vænta af hæstv. ríkisstj. og hafi einhver verið í vafa um hina almennu stefnu, þá ætti sá vafi að vera horfinn við tilkomu þessa frv. og öll vinnubrögð í sambandi við það og aðrar stjórnarathafnir þessa haustdaga, þegar aðstæðurnar gerðu það ekki lengur mögulegt að halda feluleiknum áfram, sem hófst fyrir rúmu ári, enda er nú langt til næstu kosninga og öllu óhætt. Nú er það fjármagnið, sem á að deila og drottna. Það er sú stefna, sem á að ráða. En er ekki verið að sigla hraðbyri inn í Efnahagsbandalag Evrópu leynt og ljóst? Er ekki forsendan fyrir því, að sú sigling takist og raunar sé möguleg, að lama okkar landbúnað og mikinn hluta iðnaðarins? Hvert er stefnt í þessum málum? Hvað segja okkar iðnaðarmenn? Hvað segja bændur landsins? Og nú er verið að skattleggja fátæktina, sbr. eignarskattinn á verðlausar jarðir. Ég verð að óska hæstv. landbrh. til hamingju með þá framkvæmd. Hún mun verða geymd ásamt fleiri rósum í hnappagati hans, ef landbúnaðarstefna sú, sem felst í þessu frv. og öðrum tilburðum núverandi valdhafa, nær fram að ganga. En vissulega á hæstv. landbrh. annað og betra skilið en að á minnisvarða hans verði skráð, þegar þar að kemur: „Síðasti landbúnaðarráðherrann á Íslandi.“ Ef við lendum í EBE, þá verður stutt í það, að mestallur landbúnaður leggist niður, og þá höfum við ekkert að gera lengur við landbúnaðarráðherra.

Ég er þess fullviss, að hæstv. landbrh. ber hag og viðgang bændastéttarinnar fyrir brjósti ekki síður en aðrir. En margt bendir til þess, að hann skorti þrek til að standa af sér þau öfl innan stjórnarflokkanna, sem stefna vilja þjóðarskútunni inn í Efnahagsbandalagið og kæra sig kollótt um afleiðingar þess fyrir okkar atvinnuvegi. Þeir mæna á erlent fjármagn og stóriðju, og engu er líkara en þeir hafi misst alla trú á land og þjóð. En nú vill svo gæfusamlega til, að nokkrir bændur eiga sæti hér á hinu háa Alþ., sem fylgja Sjálfstfl. að málum, og það eru einmitt þeir, sem ráða örlögum bændastéttarinnar í dag og ef til vill einnig örlögum þjóðarinnar allrar. Ef þeir standa vörð um stétt sína, þá heldur landbúnaðurinn hlut sínum og hæstv. landbrh. reisn sinni, annars ekki. En ef þeir bregðast stétt sinni, þá þurfa bændur landsins að fylkja liði með launþegasamtökunum í landinu og sýna þar í verki, að íslenzkir bændur láta ekki bjóða sér allt. Það getur orðið eina leiðin til bjargar.

Valtýr Guðjónsson: Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er kallað frv. til l. um efnahagsaðgerðir, en mætti eins kalla frv. til l. um refsiaðgerðir eða refsiráðstafanir gegn almenningi í landinu.

Flytjandi málsins, hæstv. ríkisstj., upplýsir í grg. frv., að ráðstafanirnar, sem þar eru ráðgerðar, muni hafa í för með sér a. m. k. 7% kjararýrnun fyrir almenning í landinu, og þá rýrnun á þessi almenningur að bera, unz betur árar, að sagt er. Aðrir telja, að þessi kjaraskerðing muni nema meira eða 10—12%.

Eftir allt það sólskin og heiðríkju, sem veðurspámenn hæstv. ríkisstj. bentu okkur á, að verið hefði í lofti efnahagslífsins s. l. 8 ár, alveg fram að kosningum, kemur það nokkuð flatt upp á almenning í landinu, að nú skuli þurfa að draga svo hatrammlega fyrir sól sem þetta frv. ber með sér. Að vísu hefur veðurlýsingin verið með öðrum hætti síðan um kosningar í sumar, en við minnumst þess enn með gleði, að alveg fram að þeim degi sást hvergi blika á lofti. Fólk er þess vegna almennt ekki búið að átta sig á hinni skyndilegu breytingu veðurfarsins og kannske sízt það fólk, sem var í góðri trú um það atriði, sem segir í 1. málsgr. nál. meiri hl. fjhn. um frv., en þar segir, í byrjun í 1. mgr., með leyfi forseta, að sú stefna í efnahagsmálum, sem fylgt hefur verið frá upphafi stjórnarsamstarfs Alþfl. og Sjálfstfl., 1959 hafi leitt til þess, að vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna hafi verið mjög ör, — einmitt þessi ár. Þessu fólki, sem ég var að tala um, dettur í hug og það heldur, að einmitt þessi eiginleiki stefnunnar hefði átt að vera nokkurn veginn einhlítur til þess að duga enn eins og hingað til, fyrst vöxturinn hefur byggzt á þessum eiginleika sérstaklega fram að þessu, og þess vegna trúir fólkið því ekki, að þörf sé á slíkum ráðstöfunum sem nú er verið að boða. Ég er hins vegar ekki frá því, að þörf sé á ráðstöfunum til viðreisnar þeirri viðreisn, sem fólst í leyndardómi áðurnefndrar stjórnarstefnu, og jafnvel meira að segja alveg án tillits til þess, að hallað hefur undan fæti með sölu á sumum íslenzkum afurðum á erlendum markaði.

Nú er svo komið að dómi hæstv. ríkisstj., að ganga verður í vasa almennings til þess að rétta hlutina við þrátt fyrir hina góðu stefnu og þrátt fyrir mikið góðæri. Um það er að ræða hér að rétta þar við reikning ríkissjóðs og reyna að hafa hann hallalausan. Það er það, sem fyrst og fremst er boðað í sambandi við frv. En það eru margir aðrir reikningar í landinu, sem líka þarf að rétta við. Flestir framleiðendur landsins til sjávar og sveita eiga og hafa átt í vök að verjast vegna sívaxandi erfiðleika undanfarin ár, vegna rangrar stjórnarstefnu eða stjórnleysis á veigamiklum þáttum efnahagslífsins. Þetta hefur orðið svo þrátt fyrir góðærið, þrátt fyrir eindæma örlæti íslenzkrar náttúru um aflabrögð og uppskeru

undanfarin ár. Framleiðslan, öflun hráefna og iðnaður er undirstaða þjóðarbúskaparins, eins og allir vita, og eftir því hvernig gengur um það, fer um afkomu almennings, þjóðarinnar og ríkissjóðs sjálfs.

Frv. það, sem hér er verið að fjalla um, snýst þó ekki um þessa undirstöðu. Það er þess vegna að mínum dómi miklu eðlilegra að fara að ráðum minni hl. fjhn. heldur en meiri hl. um afgreiðslu þessa frv. En í áliti minni hl. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Byrja þarf á því að gera sér grein fyrir stöðu atvinnuveganna og lagfæra rekstrargrundvöll þeirra. Það er eina leiðin til þess að tryggja næga atvinnu og landsmönnum lífvænlega afkomu. Í framhaldi af þeim lagfæringum ætti að mega vænta þess, að unnt yrði að ná samkomulagi við stéttasamtökin um kjaramálin."

Þetta segir minni hl. fjhn. í áliti sínu um frv. Á meðan ekki hafa verið lagðar fram svo mikið sem ráðagerðir um lagfæringar á rekstri undirstöðuatvinnuveganna, sýnist mér, að gagnslítið hljóti að vera að bæta hag ríkissjóðs með þeim hætti, sem þetta frv. um efnahagsráðstafanir felur í sér. Í þessum umr. er líka ítrekað búið að benda á þetta, að ekki sé nú vitnað til rökstuddra álitsgerða hvaðanæva að frá atvinnurekendum sjálfum og stéttasamtökum almennings. Hér hefur líka verið af ræðumönnum, sem talað hafa gegn frv., bent á ýmsar leiðir til þess að bjarga þessu spursmáli um reikningsuppgjörið eða reikningsuppsetningu á ríkisreikningnum, m. a. af forseta ASÍ sjálfum hér í gær. Ég lít líka þannig á það, að líklega sé miklu vandaminna fyrir ríkissjóðinn að gera sitt reikningsuppgjör upp þrátt fyrir ástandið heldur en um er að ræða hjá flestum öðrum, sem þurfa um rekstrarreikning að fjalla núna.

Um einstaka kafla þessa frv. skal ég ekki fjölyrða hér að þessu sinni. Um þá og frv. í heild hafa þegar farið fram ýtarlegar umr., og þær halda sjálfsagt áfram bæði hér í hæstv. Alþ. og eins úti um allt land.

Nú langar mig aðeins til að víkja hér að tveimur atriðum í frv.:

Í fyrsta lagi, að í 25. gr. þess er ráðgerð tólfföldun gildandi mats á fasteignum til skatts. Einhvers staðar kemur það nú niður eins og annað, sem ráðgert er þarna. Í kapitalistísku þjóðfélagi, eins og hið íslenzka þjóðfélag er enn að nafninu til, er dálítið lagt upp úr því, að eignamyndun einstaklinga og félaga geti orðið. Allir vita, hvernig komið er hlut þess fólks, sem safnað hefur sér peningaeign. Hún hefur farið sírýrnandi vegna verðbólgunnar og lækkandi gengis, og áhugi til söfnunar á peningum hefur því rénað mjög. Þetta kemur illa út á ýmsan hátt fyrir hið sameiginlega þjóðarbú. Nú á að seilast til þeirra, sem komið hafa yfir sig íbúð, myndað sér aðra fasteign, eru eigendur að jörðum. Það á raunverulega að rýra eignarhluta þeirra með stórfelldri skattlagningu, margfaldri, og draga um leið úr áhuga manna fyrir þessu, sem ég var að tala um, eignamynduninni. Að vísu verður því ekki neitað, að margir þessara manna, sem hér koma við sögu, eru þó miklu betur settir fjárhagslega en hinir, sem treyst hafa á lausafé sem eign, en þó ekki nærri allir. Nægir í því sambandi að benda á eldra fólk, sem litlar tekjur hefur, og auk þess marga láglaunamenn.

Í öðru lagi vil ég svo víkja að IV. kafla frv., sem fjallar um nýjan skatt, svokallaðan farmiðaskatt. Hann á að innheimta af öllum Íslendingum, sem komast vilja úr landi til þess að geta skoðað sig um víðar en hér heima. Skattur þessi er 3000 kr. á hvern miða. Það er nokkuð eðlislægt með mönnum að vilja færa sig úr stað. Við Íslendingar erum eyþjóð og því langt til annarra landa. Þess vegna kostar það miklu meira fé fyrir Íslending, ef hann vill sjá sig um í heiminum, heldur en með öðrum þjóðum gerist. En ég er ekkert í vafa um það, að þeim er þó jafnvel meiri þörf á þessu, að geta ferðast, heldur en einstaklingum annarra þjóða, jafnvel vegna einangrunarinnar, sem þeir hafa búið við. Skattur þessi verkar eins og átthagafjötur fyrir þá, sem ekki hafa gnótt fjár milli handanna. Og það er illt til þess að vita, ef svo fer, að fólk geti ekki leyft sér svo hollt gaman sem að ferðast um á erlendri grund, vegna þess arna, á sama tíma og almenningur allra menningarlanda eykur ferðalög sín með hverju ári sem líður og telur sér það menningarlega nauðsyn. Það ber um þetta atriði frv. eins og öll önnur atriði þess að sama brunni, að það er höggvið í þann knérunn, sem sízt skyldi.

Ég læt svo máli mínu lokið. En í heild verður það að viðurkennast, að frv. er á vissan hátt í algeru samræmi við þá stefnu, sem fylgt hefur verið af núv. ríkisstj. og þingmeirihluta og verður sjálfsagt enn um sinn. Það sjáum við auðvitað um leið, ef þetta frv. fer í gegn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þessar umr. hafa að ýmsu leyti verið mjög lærdómsríkar. En e. t. v. er eftirtektarverðast, hversu þar hefur skipt í tvö horn. Sumir hv. þm. hafa ýmist talað í gaman- eða fjarstæðutón, eins og þeir væru ekki kunnugir aðstæðum á Íslandi, hvorki nú né á síðustu árum, og fer ekki á milli mála, að í þeim hópi eru flestir hv. framsóknarmenn, einnig síðasti ræðumaður. Óneitanlega var nokkuð gaman að heyra ummæli hans eftir það, sem flokksbróðir hans hafði sagt á undan um það, að ekki væri tekið af þeim ríku, en þessi hv. þm. gerði það að sérstöku ásökunarefni á frv., að það væri einmitt verið að vega að þeim, sem safnað hefðu sér eignum og hefðu þar að auki efni á að fara til útlanda.

Þannig rekst eitt á annars horn hjá þessum hv. þm., og skal ég ekki elta ólar við það. Það er þó rétt að viðurkenna, að einn hv. þm., hv. 5. þm. Norðurl. e., talaði á allt annan veg um málið sjálft og virtist gera sér grein fyrir, að hér væri um raunveruleg vandamál að ræða. Hið sama verð ég að segja um þá hv. Alþb.-menn, sem hér hafa um þetta mál talað, að þó að ég sé þeim ekki sammála efnislega, þá játuðu þeir, að hér væri úr miklu vandamáli að leysa, og ræddu málefnalega bæði um vandann sjálfan og þær till., sem fram hafa verið bornar. Nú hefur það verið margtekið fram og þarf í sjálfu sér ekki frekari ítrekunar við, að á þessu síðasta ári og eftir því sem á árið hefur liðið hafa í vaxandi mæli komið í

ljós örðugleikar, sem við höfum ekki átt við að etja í sama mæli á undanförnum árum. Með þessu er engan veginn sagt, að ekki hafi bæði fyrr og síðar verið misæri á Íslandi, mismunandi mikill afli og misjafnt verðlag. Þetta er engin nýjung, það er alveg rétt, og það er einmitt af þessum sökum, sem við í ríkisstj. og okkar stuðningsmenn höfum talið það höfuðnauðsyn að skjóta fleiri stoðum undir íslenzkt atvinnu- og efnahagslíf, vegna þess að við vorum okkur einnig á góðæristímabilinu meðvitandi um, að erfiður dagur kemur eftir góðan og menn verða að hafa í mörg hús að leita, ef vanda ber að höndum. Einmitt þessi mismunandi skoðun á þörf á aukinni margbreytni í íslenzku atvinnulífi hefur verið eitt af helztu deiluefnum í íslenzkum stjórnmálum nú síðustu árin og er enn þá *mjög mikið deilumál*.

Ég hef sagt það annars staðar, en ég get ítrekað það hér, að hvort sem okkur gengur vel eða illa að leysa þann vanda, sem nú steðjar að okkur, hefur mér aldrei komið til hugar, að hann yrði auðleystur né hann yrði leystur án þess, að ríkisstj. yrði skömmuð í bak og fyrir. Það hefur mér verið alveg ljóst frá upphafi. Ég er hins vegar sannfærður um það, að við kröflum okkur fram úr þessum vandamálum með einum eða öðrum hætti, þjóðin í heild. Það mikilsverða er hins vegar, að við lærum af þessum örðugleikum, að við lærum það, að við megum ekki í jafnríkum mæli og á undanförnum árum treysta á einhæfa atvinnuvegi, að við verðum að nýta allar landsins auðlindir þjóðinni til heilla. Það er sá stóri frambúðarlærdómur, sem við eigum af þessum bráðabirgðaörðugleikum að leiða, jafnframt því sem við að sjálfsögðu verðum að leitast við að leysa þessa bráðabirgðaörðugleika á þann veg, að þeir verði alþjóð sem léttbærastir og leiði ekki til þess að torvelda um of sókn til betri tíma og bættra lífskjara, sem við allir að sjálfsögðu óskum þjóðinni til handa og enginn ágreiningur er um út af fyrir sig, þó að okkur greini á um leiðir. En fram hjá þeirri staðreynd verður ekki með nokkru móti komizt, ekki með neinum tölum, gamansemi, vísnaupplestri eða hverjum ráðum sem menn vilja þar viðhafa, — fram hjá þeirri staðreynd verður ekki komizt, að árið í ár mun, eftir því sem við sjáum í dag, veita okkur minni útflutningstekjur en síðasta ár, þannig að nema muni fjórðung til þriðjungs minnkunar. Og þetta eru meiri viðbrigði á einu ári en við höfum áður orðið fyrir á okkar starfsævi, þeirra sem nú eru á þingi, — meiri en voru á árunum 1930—1931. Það var upphaf kreppunnar miklu. En þau viðbrigði, sem við verðum nú fyrir, sýnast ætla að verða nokkru meiri eða í minnsta lagi ámóta mikil og þessi miklu viðbrigði, sem urðu upphaf kreppunnar.

Hitt er svo allt annað mál, og það sannaði hv. 1. þm. Vestf. glögglega í gær, að íslenzkt þjóðfélag þolir þessi viðbrigði nú miklu betur en við höfum þolað nokkur önnur viðbrigði í okkar sögu, bæði viðbrigðin frá 1930—1931 og önnur áföll, sem við höfum orðið fyrir. Við þolum þetta miklu betur vegna þess, hversu íslenzkt þjóðfélag í heild er nú orðið vel stætt. Og þrátt fyrir allt tal okkar um örðugleika, — og þessir örðugleikar eru mjög miklir og þeir lenda á þeim atvinnugreinum, sem við viðurkennum, að eru að vissu marki undirstöðuatvinnugreinar í okkar þjóðfélagi, afla þess gjaldeyris, sem er skilyrði þess, að við getum flutt inn lífsnauðsynjar frá öðrum löndum, þá verður þó munurinn á heildartekjum þjóðarinnar allt annar og miklu minni en *nemur tekjuminnkun þeirra*. Það var í sumar talað um, að sú rýrnun mundi nema 4—5%. Ég álít, að það sé of lágt metið. En það er einhvers staðar þar nærri, við skulum segja um eða yfir — sennilega yfir 5%, sem þjóðartekjurnar í heild rýrna. Og við erum ekki að tala um rýrnun á kjörum almennings samkv. því frv., sem hér liggur fyrir. Sú rýrnun má ekki verða nema milli 4 og 5% samkv. þeim mælikvarða, sem verkalýðshreyfingin nú hefur viðurkennt, að sé til *frambúðar og hagkvæmari fyrir sig en sá mælikvarði*, sem áður hefur verið fylgt. Og jafnvel sú kjaraskerðing gerir ekki meira að verkum heldur en að almenningur verði ámóta vel settur og hann var um áramótin 1965—1966. Það er þess vegna hér ekki verið að vísa til neinna sultar- eða hörmungartíma. Það er ekki verið að segja, að við komumst aftur niður í það eymdarástand, sem við vorum í á kreppuárunum miklu, og við biðjum allar góðar vættir um að forða okkur frá, að annað eins ástand skapist aftur. En viðbrigðin núna eru fyrir þessa atvinnuvegi, sem þarna eiga hlut að máli, sannanlega jafnvel meiri en þau voru í upphafi þessarar kreppu.

Nú er um að gera fyrir okkur að læra af reynslunni. Nú er um að gera fyrir okkur að láta ekki náttúruöflin blind og grimm ráða, heldur reyna að haga málum þannig, að þetta verði okkur að sem minnstum skaða og byrðarnar komi sem réttlátast niður. Alþýðusambandið telur, að þarna skorti töluvert á. Þegar borið er saman það, sem þarna ber á milli, skal ég ekki segja, hvort munurinn er eins mikill á þeirri raunverulegu lífskjaraskerðingu og ýmsir vilja vera láta. Ríkisstj. hefur borið fram þá till., að 3 stig verði bætt upp á 1½ árs bili, þannig að varanleg skerðing af þessum sökum verði ekki eins mikil og samkv. hennar upphaflegu till. Því hefur verið haldið fram og blákalt fullyrt, að í þessu fælist kaupbinding. Það hefur aldrei staðið til og er á misskilningi byggt. Á þeim fundi, sem þetta var borið fram við samtalsnefnd launþega Alþýðusambandsins og ríkisstarfsmanna, var það alveg fyrirvaralaust flutt af mér, — ekki settur neinn fyrirvari á þetta tilboð, þannig að fullyrðing eins þeirra, sem þar var staddur, um, að þetta hafi verið sett sem skilyrði um kaupbindingu af minni hálfu, sprettur ekki af því, sem ég sagði þar. Ég hygg hins vegar, að hann styðjist við ummæli manna, sem höfðu talað við mig utan fundar, og eitthvað blandazt í meðförum. *Hitt er rétt*, að við höfum gert ráð fyrir, að ef verkalýðsfélögin bættu sér upp þessa skerðingu, ef þau bættu sér þessa skerðingu upp með grunnkaupshækkunum, væri ekki líka hægt að borga uppbætur og vísitöluuppbót, og vænti ég, að allir hv. þm., sem um þetta mál vilja hugsa, geri sér fulla grein fyrir, að það er ekki sanngjarnt. Einmitt þess vegna er þetta sett sem heimild, en vitanlega er það byggt á því, að ef

menn una, — sem við skulum segja í dag, að séu ekki miklar líkur til, — ef menn una þeirri lagasetningu, sem hér er sett fram, án þess að grunnkaupshækkanir verði, sé það skuldbinding af hálfu ríkisvaldsins, að þetta skuli greitt. Um þetta má ekki vera neinn vafi, og efniságreiningur getur verið nægur á milli okkar, þó að við séum ekki að búa til ágreining algerlega að tilefnislausu. Eins vil ég algerlega mótmæla því, sem hér kom fram í umr. í dag, að þess mætti vænta samkv. þessum till., að skerðingin sökum vísitölubindingarinnar yrði mun meiri en gert er ráð fyrir í frv. Það hefur einmitt verið glögglega tekið fram, að þessi upptalning er gerð vegna þess, að ríkisstj. vildi láta það ljóst koma fram, hverrar skerðingar væri að vænta, og ef einhver ný skerðing yrði, kæmi hún launþegum til bóta. Þetta veit ég, að viðsemjendur mínir úr stjórn Alþýðusambandsins staðfesta, vegna þess að þetta hefur hvað eftir annað verið fram tekið og einmitt staðfest af formanni Alþýðusambandsins á fundi í stjórnarráðinu nú í vikunni, að um þetta var út af fyrir sig enginn ágreiningur.

Hitt er svo annað mál, að þeir segja, að hér sé um meiri skerðingu að ræða heldur en þeir telja sanngjarnt, að á launþega sé lögð. Það er allt annað mál. Það er efniságreiningur, sem er sjálfsagt að skoða til hlítar og ekki hafa neinar fullyrðingar um, fyrr en allar hugsanlegar leiðir eru kannaðar. En ég hef ekki talið fært, og ríkisstj. er um það sammála, að við höfum ekki talið fært, að ríkisstj. skuldbyndi sig til þess, að engin vísitöluskerðing kæmi til álita. Það væri að vísu hægt að ná samningum um það nú og sleppa út úr þeim vandræðum, sem eru í dag, með því að gefa slíkar yfirlýsingar. En ef slíkt ákvæði væri sett inn, sé ég ekki með nokkru móti samkv. neinni þeirri till., sem enn hefur verið nefnd, hvernig ætti að leysa vanda sjávarútvegsins eftir áramótin.

Það má vel vera, að það þurfi eitthvað meira til, en því hefur verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., að ef þetta frv. yrði samþ. og ef það næði efni sínu samkv. fram að ganga, mundum við hafa þær álögur, sem við teldum þörf á og umfram þyrfti að leggja til sjávarútvegsins með þeim hætti, að vísitöluákvæðið tæki þar til. Ef menn hins vegar neita þessu í dag, að slík skerðing gæti komið til greina, getur enginn stjórnandi eða sem ætlar að taka á sig ábyrgð á meðferð mála hér í framtíðinni, gefið slíka yfirlýsingu, vegna þess að hann fer í beina ófæru. Ég tel, að þetta frv. sé forsenda þess, að vandi útgerðarinnar verði leystur, það sé forsenda þess, og þótt það sé ekki öruggt, að allur vandi hennar sé þar með leystur, þá sé þetta stórt og mikilsvert skref áleiðis. Ef menn neita að stíga það skref eða gera það ónýtt, magna þeir vandann, og þá skiptir engu máli, hvort það er núverandi stjórn, samstjórn allra flokka, sem yrði kölluð þjóðstjórn eða hvaða nafni sú stjórn gengi undir, sem við tæki, að samkv. þeim till., sem enn hafa komið fram, sleppa menn ekki hjá einhverri svipaðri kjaraskerðingu og af þessu leiðir.

Með þessu segi ég engan veginn, að það sé endilega útilokað, að önnur en þessi leið ein komi til greina. Ég lýsi því enn og aftur yfir, að ég er reiðubúinn til þess, bæði meðan á meðferð þessa máls stendur og eftir á, hvenær sem menn fást til alvarlegrar viðræðu, að athuga ekki sízt við verkalýðshreyfinguna og hennar fulltrúa, en einnig aðra aðila, sem þar koma við sögu, alla þá möguleika, sem geta leyst vandann. En ég og ríkisstj. erum ófáanleg til þess að fallast á till., sem hljóta að auka vandann og stefna í algera ófæru.

Við skulum láta vera allar hótanir á báða bóga. Málið er allt of alvarlegt til þess. Við skulum bara nota þann tíma, sem við höfum, til þess að íhuga alla þá möguleika, sem eru fyrir hendi, öfgalaust, en með málefnalegum rökum og íhugun þeirra leiða, sem til greina koma, og kanna, hvort hægt sé að ná því, sem ná þarf. Út af fyrir sig er ríkisstj. ekki keppikefli að slíta vísitöluna í sundur, ef hægt er að ná því, sem þarf að ná, með öðrum hætti. Það skulum við kanna enn þá betur en okkur enn hefur tekizt.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði í gær, að ríkisstj. hefði ekkert viljað gera með till. viðræðunefndarinnar, formanns n., um þessa 6 punkta, sem voru settir í allt, og þá 5 punkta, sem settir voru til viðbótar þessu fyrsta óhnekkjanlega skilyrði varðandi vísitöluna. Ég vil ítreka það, sem við höfum marglýst yfir og kemur fram í hinni sameiginlegu stefnuyfirlýsingu, að ríkisstj. lagði til, að frekari viðræður færu fram um ráðstafanir til að bæta innheimtu söluskatts og skatteftirlits yfirleitt, og þetta er varðandi annan punktinn. Við erum fúsir til þess, ef verkalýðshreyfingin vill í raun og veru setja menn til þess að athuga með okkar fulltrúum þau vandamál, sem þarna þarf að leysa. Þá erum við fyllilega fúsir til þess að kanna það til hlítar. Hitt vil ég segja, að það leysir ekki okkar vanda, þó að menn fullyrði hér, að það muni skipta hundruðum millj., sem misfari vegna slaklegrar innheimtu söluskatts og tekju- og eignarskatts. Þetta eru fullyrðingar, sem enginn getur sannað. Hitt er hins vegar hægt að sanna og er óhnekkjanlegt, að innheimta þessara gjalda hefur farið batnandi og mjög batnandi hin síðustu ár, bæði varðandi söluskattinn og tekju- og eignarskatt. Og varðandi tekju- og eignarskatt er nú komið miklu strangara eftirlit heldur en var nokkru sinni áður, þ. á m. þegar okkar hv. stjórnarandstæðingar höfðu meiri áhrif í málefnum ríkisins og ríkisstj. en þeir hafa nú. Ég er ekki að ásaka þá fyrir þetta. Það er eðlilegt, að menn læri smám saman af reynslunni. En það er óhnekkjanlegt, að það er miklu strangara eftirlit heldur en var áður. Við viljum kanna það með öllum góðviljuðum mönnum, hvaða umframráðstafanir er hægt að gera. En við bendum jafnframt á, að hinir fróðustu menn telja, að það séu ekki rök fyrir því að telja, að afföll af söluskattinum séu nema nokkrir tugir milljóna. Þeir tala um 50 millj., það er mikil upphæð líka, en hitt vitum við, að fullkomin verður skattheimta aldrei. Það er talað um 5%. Það getur vel verið, að það sé meira, ég hef ekki þekkingu á þessu. En við erum reiðubúnir til þess að gera í þessu strangari ráðstafanir heldur en hingað til hafa verið gerðar, ef menn telja að athuguðu máli, að líklegt sé, að þær nái ætluðum tilgangi. En skriffinnskan ein stoðar þar ekki. Og það er

ljóst, að slíkar ráðstafanir verka ekki nema á löngu tímabili. Það þarf að herða smám saman að, það tekur langan tíma. Eins og ég segi, menn læra þarna af reynslunni. En það er eðlilegt, að þeir, sem ekki hafa undanskotsmöguleika, ætlist til þess, að þessar reglur gangi jafnt yfir alla, þó að við sleppum almennum siðferðisbollaleggingum og löghlýðni og öðru slíku.

Þá höfum við líka fallizt á að taka til athugunar, hvort spara mætti verulegar upphæðir á gjaldabálki fjárl., og við létum stuðning við þá viðleitni koma fram í viðræðum við n. á sínum tíma og lýstum enn yfir vilja okkar við menn frá Alþýðusambandinu s. l. þriðjudag um beina ósk um það, að þeir tilnefndu menn, sem athuguðu með okkur, hvað í þessum efnum væri hægt að gera. En það er hins vegar alveg vitað mál, að raunhæfur sparnaður kemst ekki á nema á löngum tíma. Það er hægt að gera samþykktir um að fella niður ákveðna styrki. Það er hægt að segja, að það eigi að spara svo og svo mikið. En ef það á að komast í framkvæmd og ekki verða glundroði úr, svo að verulegu nemi, þarf skipulagsbreytingar, og slíkt tekur sinn tíma. Fráleitt er, þegar menn eru að tala um það, að ríkið eigi að ganga á undan öðrum með sparnaði og það eigi að hafa hægara um vik heldur en hver einstakur að spara. Sannleikurinn er sá, að sparnaður hjá ríkinu kemur auðvitað fyrst og fremst fram í tvennu, annars vegar í lækkun launa eða í uppsögn manna eða þá, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. vildi, að lækka framlög til skóla, hann taldi, að það gæti betra skipulag komið þar til greina. Það má vel vera, að það mætti koma ódýrari skipulagi á skólana, en það verður ekki heldur gert á einni nóttu. Það tekur langan tíma. En flestir telja, að við þurfum að verja meiru til skóla en gert hefur verið. Og yfirleitt er það svo, að bæði hv. stjórnarandstæðingar, stjórnarstuðningsmenn og allir landsmenn vilja fá sín áhugamál fram. Þar á enginn sparnaður að koma til greina. Að vísu taldi hv. þm., að það mætti draga úr ræktun í sveitum. Ég hef séð hans stóra tún, og hann þekkir það vafalaust vel, að ræktun sé ekki bændum alltaf mjög arðsamleg, ef hún er úr hófi. Hann taldi, að það væri jafnarðsamlegt fyrir bændur að draga úr ræktunaraukningunni. Þarna vitnar hann til þess, sem hann þekkir og vill láta það lenda á sér eða sínum stéttarbræðrum. Það er virðingarvert. Þetta er sjálfsagt að skoða. En ábendingarnar verða að vera í alvöru og gerðar þannig, að það geti komið að raunhæfu gagni. Og þá verður það ekki gert, nema það komi einhvers staðar við. Það skulum við hafa alveg ljóst. Það kemur einhvers staðar við.

Það er að vísu hægt að vissu marki að taka lán til þess að standa undir vissum framkvæmdum. Það er sjálfsagt að athuga þetta einnig. En þá skulum við muna, að okkar vandræði nú, þessi stórkostlega minnkun á útflutningstekjunum, hafa ekki sízt verkað til þess, að eftirspurnin eftir lánsfé hefur stórkostlega magnazt, um leið og fé, sem kemur inn í bankana til þess að standa undir þessari auknu eftirspurn, er miklu minna en áður, þannig að það er miklu meiri samkeppni um lánsféð en verið hefur, og vitanlega verður að halda þannig á málum nú, eins og ég sagði, þegar ég lagði þetta frv. fram á Alþ., að við eigum frekar að hnika til þeim föstu reglum, sem menn fylgja venjulega, til þess að geta haldið atvinnuvegunum gangandi, heldur en höggva þar á eða skerða. Þetta mál er því vissulega ekki eins einfalt og ýmsir vilja vera láta. Það er auðvitað ætíð svo, að sitthvað fer í súginn, bæði hjá þessari ríkisstj. og öllum öðrum. Það má benda á, að þetta hefði verið hægt að spara og þetta. Venjulega eru það svo litlar upphæðir, að þær skipta engu máli. Aðalatriðið er, að ríkissjóður er til þess bæði að halda uppi lífsnauðsynlegri þjónustu fyrir almenning, til þess að annast framkvæmdir í landinu, sem enginn okkar vill án vera, og til stórkostlegrar tekjujöfnunar einnig, bæði í tryggingum og niðurgreiðslum, eins og nú kemur fram, þegar niðurgreiðslurnar hafa verið minnkaðar, alveg gagnstætt því, sem ýmsir hafa haldið fram til þessa, þegar þeir hafa sagt, að niðurgreiðslurnar væru eingöngu til þess að skekkja efnahagskerfið og kasta ryki í augu almennings.

Þá er einnig rætt um kröfu nefndarinnar, að verðlagsákvæði verði gerð viðtækari og verðlagseftirlit. Við höfum tekið undir, að þetta væri rétt að athuga. Ég vil hins vegar segja, að það hefur margt komið fram, sem sýnir grundvallaðan misskilning á eðli þessa máls eins og margs annars í þessum umr. Í fyrsta lagi er nú það, að bæði einstaklingsverzlun og samvinnuverzlun hafa á undanförnum árum talið, að hagur sinn væri allt of þröngur, og þetta hefur átt við bæði um smásöluverzlunina og innflutningsverzlunina. Og ég veit ekki betur en að bæði stærsti innflytjandinn, SÍS, og einn stærsti eða stærsti smásalinn í landinu, KRON, kvarti hástöfum yfir því, að sinn hlutur sé allt of þröngur. Og það eru margir, sem halda því fram, að ókyrrð hv. framsóknarmanna og tal um stefnubreytingu stafi ekki sízt af því, að þeir vilji á ný geta skapað SÍS forréttindaaðstöðu, svipað og það félag hafði áður, til þess að nýr blómgunartími geti þar hafizt, sem það virðist ekki hafa haft, meðan það hefur orðið að sitja við sama hlut og önnur fyrirtæki. Þetta skal ég ekki frekar rekja.

En það er engan veginn einhlítt, þó að á það sé bent, að álagningarprósenta hafi hækkað. Það er engan veginn einhlítt. Hvorki sannar það, að slíkt hafi ekki verið nauðsynlegt til þess að fá aukinn kostnað uppbættan, en einnig hitt, sem ætíð hefur verið lögð höfuðáherzla á af öllum málsvörum verzlunar í landinu, að þeir segja: Ef prósentuálagning er höfð, þá er það til þess að ýta undir óhagkvæm innkaup, — eins og við sjáum nú af því, sem gerðist ekki alls fyrir löngu í viðureign kaupmanna og fyrirtækisins Hagkaups. Vafalaust er Hagkaup ekki rekið sem neitt góðgerðarfyrirtæki. Vafalaust ætlar eigandi þess sér sinn ágóða af sínu fyrirtæki, ekki síður en aðrir. Vafalaust telur hann sig ná þeim ágóða með hagkvæmari innkaupum en aðrir, en út af fyrir sig ekki með lægri álagningarprósentu, a. m. k. ekki almennt. (Gripið fram í). Jú, jú, það er margt, sem þarna kemur til álita, og ég segi: Þetta skulum við skoða alveg til hlítar. Við skulum skoða þetta, ekki með lauslegum full-

yrðingum, ekki með því, að menn sitji saman yfir eina helgi og velti vöngum og segi, það má reikna svo og svo mikinn sparnað þarna. Það er margt fleira, sem þarna kemur til álita, og ef þetta á að verða að gagni, þá verður það að vera raunhæf ráðstöfun, en ekki tal.

Við sáum, að jafnvel hinum allra glöggskyggnustu mönnum, tölvísum, og þeim, sem vilja að þessu sinni ræða málin með rökum, eins og hv. 4. þm. Austf., — honum skauzt mjög, þegar hann fór að ræða um þessi mál. Hann talaði um það, að fjárfesting í verzlun hefði aukizt á síðustu 5—6 árum jafnmikið og fjárfesting eða fjármunamyndun í sjávarútvegi. Þarna sleppti hv. þm. að vísu því úr, að flestir mundu, þegar talað er um sjávarútveg, halda, að þar væru fiskvinnslustöðvar einnig meðtaldar, en þær eru ekki með í þessum tölum. Fjárfestingin þar hefur verið ámóta mikil og hvor hinna um sig. Þetta er það fyrsta, sem þarna kemur til athugunar. Enn fremur er svo það, að þegar um þessa fjárfestingu í verzlun er að ræða, þá kemur inn sitthvað annað undir þeim lið. Þar eru t. d. talin ný gistihús, hótel í landinu, þ. á m. í þessum tölum, sem hv. þm. nefndi, hið nýja Loftleiðahótel á Reykjavíkurflugvelli og fleiri sams konar byggingar um landið. En það eru ekki einungis hótelin, heldur líka olíustöðvar, sem taldar eru, þ. á m. hin mikla olíustöð eða geymir, sem var reistur á Austfjörðum ekki alls fyrir löngu. Þetta verður að hafa í huga. En þá er einnig á það að líta um báta, sem keyptir hafa verið erlendis frá, að þar hefur verðlag ekki hækkað eins mikið og hér innanlands, þar sem verðlag hefur hins vegar farið, eins og við vitum, því miður stórhækkandi, við játum allir meira en góðu hófi gegnir, svo að samanburður að þessu leyti á milli ára er ekki réttmætur, nema allt sé reiknað til fasts verðlags. Ef allt þetta er tekið með í reikninginn, þá lítur þetta dæmi allt öðruvísi út en hv. 4. þm. Austf. hélt fram. Mér er nær að halda, að þá sé fjárfesting í verzlun ekki nema kannske einn þriðjungur miðað við það, sem er í sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Nú má vel vera, að þetta sé engu að síður of mikil fjárfesting, ég skal ekkert um það segja. Hitt vitum við, að það var orðin mjög mikil þörf á byggingu verzlunarhúsnæðis hér í Reykjavík vegna þess, að allt aðrar fjárfestingarreglur hafa verið látnar gilda hér árum saman heldur en úti um land, sbr. kaupfélagahallirnar, sem reistar voru úti um land, á meðan bann var við slíkum byggingum hér í bænum. Þannig má segja, að á vissu tímabili hafi komið óeðlileg eða óvenjuleg þensla í þessar byggingar til þess að bæta úr þörf, sem hafði skapazt. Nú skilst mér, að sú þörf fari minnkandi, þannig að eftirspurnin sé mun minni en áður var. Í þessu sambandi er einnig rétt að minnast á, — það mátti kannske líka varðandi tekjur ríkissjóðs, það skiptir ekki máli, það, sem ég hygg, að hv. 9. þm. Reykv. hafi drepið á í gær, — hann taldi, að hér væri mjög mikið smygl, sem m. a. lýsti sér í því, að Seðlabankinn mundi á þessu ári hafa fengið íslenzka seðla erlendis frá, sem næmi 300 millj. kr., og taldi, að skýringin á þessu væri sú, að hér væri um stórkostlegt vörusmygl að ræða, sem hann bæði lagði í vissum tilfellum verzluninni til áfellis og í öðru lagi benti á, að ríkið gæti fengið stórauknar tekjur, ef komið væri í veg fyrir það. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, námu slík kaup Seðlabankans á tímabilinu 1. jan. til 31. ágúst 100 millj. kr., einungis 100 millj. kr. Það þótti óhæfilega há upphæð, og þess vegna var sett þessi regla um bann við útflutningi þúsund króna seðla, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. drap á í gamanræðu sinni hér í gær. En það hefur komið í ljós, að eftir að þessar reglur fóru að verka, hefur mjög verulega dregið úr þessum innflutningi, ef svo má kalla. Þarna er enn eitt dæmi þess, að nýjar og strangari reglur hafa verið settar og hafa haft nokkur áhrif, í þessu tilfelli veruleg áhrif.

Það er einnig rétt, að það komi fram, — það er alveg ástæðulaust að þegja um það, — að í því viðtali; sem ég og hæstv. sjútvmrh. áttum við fulltrúa yfirmanna á farskipum nú á dögunum, var það talin ein meginástæðan fyrir því verkfalli, sem þar hefur skollið á og er mjög annars eðlis en þau viðbrögð, sem verkalýðsfélögin í heild eru nú að tala um, það skal ég játa, en þar var talið, að ein af aðalorsökunum væri nýjar og strangari gjaldeyris- og tollareglur en áður. Þetta er aðeins eitt vitni þess, að sú viðleitni ríkisstj. að framfylgja lögum betur en áður hefur þegar haft mjög veruleg áhrif. Framhjá hinu skulum við ekki ganga, að auðvitað verða bæði hér á landi eins og annars staðar einhver lögbrot, menn hafa reynt að skjóta sér fram hjá skattalögum og annarri löggjöf, það hefur verið í öllum þjóðfélögum, frá því að þau fyrst mynduðust. Það er einungis vinur vor, Brynjólfur Bjarnason, sem trúir því, að ný manngerð sé sköpuð í Rússlandi, þar sem fólkið sé orðið algott. Það var eins og goodtemplarinn, sem fór þangað austur um árið og sagði, að Sovét-Rússar væru búnir að leysa vandamál áfengisins í eitt skipti fyrir öll. A. m. k. gera þeir það ekki með því að veita ekki áfengi, það vitum við, sem höfum heimsótt þá, jafnvel hér, að þeir eru háðir mannlegum breyskleikum alveg eins og við hinir, jafnvel þótt þeir hafi haft slíka siðameistara eins og Vishinsky og aðra mannvini til þess að kenna sér manngæzku

Varðandi iðnframleiðsluna er enginn ágreiningur okkar á milli um það, að að svo miklu leyti sem hægt er með jafngóðum árangri í landinu sjálfu að framleiða íslenzka vöru, á að gera það. Þar kemur hins vegar alltaf til mat, hvað er jafngóður árangur, og það má vel vera, að stjórnvöldin hafi ekki ætíð verið nógu fljót í vöfum með að breyta tollareglum, sérstaklega varðandi hráefni og fullunna vöru. Það er eitt af því, sem horfir til endurskoðunar og maður getur við mann sagt, það erum ekki við frekar en aðrir, sem undir þá sök erum seldir.

Varðandi 6. liðinn er aftur á móti það, að við höfum ekki talið verjanlegt, eins og sakir standa, — ég legg áherzlu á það, — að afgreiða fjárlög með tekjuhalla, vegna þess að slíkt mundi horfa til aukinnar eyðslu á okkar gjaldeyrisvarasjóði, sem þegar hefur mjög gengið á af þeim orsökum, sem ég hef áður gert grein fyrir og í raun og veru allir aðrir en nokkur hluti framsóknar-

manna viðurkenna, að séu til þess lagaðar að skapa stórkostlega örðugleika fyrir landslýðinn.

Ég tel þess vegna, að hv. 9. þm. Reykv. hafi sagt í sinni annars hófsömu ræðu í gær of mikið, þegar hann sagði, að ríkisstj. hefði ekkert viljað með þessar till. hafa. Það er ekki rétt. Hann gat þess að vísu líka í öðru sambandi, að við hefðum lýst því yfir, að við skyldum taka til athugunar bæði varðandi nánari skoðun á álagningu og útgjöldum ríkisins, svo að okkur ber ekki svo mikið á milli, þegar málið er skoðað ofan í kjölinn.

Ég endurtek það, sem ég sagði áður, að það getur engin ríkisstj., sem er sér vitandi um þá ábyrgð, sem á henni hvílir, fallizt á till., sem hún sér, að hljóti að leiða út í ófæru. Nú segja hv. stjórnarandstæðingar: En till. ríkisstj. leiða líka út í ófæru. — Ég segi: Ef það er svo, þurfum við að skoða þetta mál enn þá betur. Við þurfum að kanna það til hlítar, áður en til hins versta kemur, hvort hér eru einhverjar leiðir, sem gera fært að afstýra vandræðum í þjóðfélaginu, — ekki að afstýra því, að þjóðin taki á sig kjaraskerðingu, það er alveg vonlaust að tala um það sem möguleika. Hitt má skoða og verður að skoða, og við erum enginn of góður til þess að leggja okkur alla fram, og við eigum ekki að láta brigzl eða hótanir eða neitt verka á okkur til þess að draga úr þeim hug okkar að kanna: Er hægt að finna réttlátari leið til þess að jafna þessari byrði heldur en er í till. ríkisstj.? Við höfum ekki enn þá fengið þær till. frá hv. stjórnarandstöðu. Við færum fullgild rök að því, að hennar till. leysa ekki þann vanda, sem hér er við að etja, þó að þar sé um sumt, eins og ég hef sagt, vikið að málefnum, sem út af fyrir sig þurfa úrlausnar og verður að vinna að því, að lausn fáist á.

Ég játa, að það er rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. segir og raunar hv. 4. þm. Reykv. tók undir, að það eru sumir þjóðfélagsþegnar, sem þegar hafa orðið fyrir barðinu á þessum samdrætti. En það eru ekki allir. Það er ljóst, að sjómenn hafa þegar orðið fyrir barðinu á þessum samdrætti. En þá er að vísu þess að gæta, að fyrir alla þá, sem ekki eru eingöngu háðir kauptryggingu, hefur vísitölubinding ekki þýðingu. Við skulum minnast þess, að vísitölubindingin hefur ekki þýðingu fyrir þá. En fyrir launþega, sem hafa misst vinnu vegna samdráttar, er það rétt, að þeir hafa orðið verr úti en fastlaunafólk, sem gengur að sínu á þurru. Og ég segi, að það er mjög mikilsvert að fá slíka ábendingu einmitt frá formanni BSRB, að vekja athygli á þessum mikla mun, sem er hjá fastlaunafólki, sem heldur sínu, hvað sem atvinnuástandinu í landinu líður, og verkalýðnum, sem verður fyrir skerðingu. Nú tel ég, að því miður verði ekki komizt hjá skerðingu einnig fyrir verkalýðinn í auknum mæli við það, sem þegar er fram komið. En þetta er sjálfsagt að hafa í huga, og það er sjálfsagt að skoða málið í ljósi þessarar ótvíræðu yfirlýsingar og einmitt þess, sem er höfuðkjarninn í málssókn hv. stjórnarandstæðinga, þegar þeir tala með rökum á móti þessu frv.

Ég tel, að bæði þessi hugsun, sem þeir hafa varpað fram, og fleiri atriði geti fyllilega komið til íhugunar. Ég tel, að það sé nauðsynlegt, að þetta frv. gangi sinn gang í þinginu. Við urðum við þeirri ósk að stöðva málið — eða fresta því raunar mun lengur en upphaflega var farið fram á við okkur. En þær viðræður hafa ekki leitt til samkomulags En sem betur fer fóru þær fram í þeim anda, að við getum vel haldið áfram að tala saman um þann vanda, sem á okkur hvílir, og vanda, sem við sleppum ekki undan. Það stendur á sama, hvort einhver er í ríkisstj., hvort hann er utan stjórnar, hvort hann er með stjórninni eða á móti, hvort hann er hátekjumaður eða lágtekjumaður, undan afleiðingum þess áfalls, sem íslenzkt þjóðarbú hefur orðið fyrir, komast menn ekki. Viðurkenning á þessu hefur skýrlega komið fram í viðræðunefndinni, og ég tel þá viðurkenningu vera ákaflega þýðingarmikla. Ég tel það líka vinning, þó að það leysi ekki það vandamál, sem við verðum að leysa, að launþegar vilja nú taka upp nýju vísitöluna. Þeir gera það að vísu vegna þess, að þeir telja það sinn frambúðarhag, og það er skýrt tekið fram af þeim. En það stendur eftir óhaggað, að ef löggjöfinni væri ekki breytt, mundu atvinnurekendur nú þurfa að borga 3½% meira en þeir þurfa samkv. nýju vísitölunni, og það er strax vinningur, það gerir þetta dæmi léttara. (Gripið fram í). Það gerir dæmið léttara, það er ómótmælanlegt, en það gerir að vísu ýmsa örðugleika í framtíðinni, en sleppum þeim. En það er eftirtektarvert og sýnir, hverjir vilja leysa þetta mál og hverjir ekki, að hv. þm., sem talaði hér næstsíðast, réðst mjög harkalega á þessa nýju vísitölu, — mjög harkalega á hana og taldi, að þar væri valdboð, sem ríkisstj. væri að setja á til þess að níðast á verkalýðnum, — eftir að hann er búinn að heyra sjálfan forseta Alþýðusambands Íslands lýsa yfir því, að þetta sé verkalýðnum til frambúðar til hagsbóta, og eftir að jafnvel 4. þm. Reykv. er næstur á undan honum búinn að segja, að þetta sé launþegum til hagsbóta, þá sýnir þessi hv. þm., að hann var búinn að læra lexíuna, áður en hann fékk þessa upplýsingu, og segir, að þetta sé ein af kúgunarráðstöfunum ríkisstj. Það er ekki spanderandi mörgum orðum á slíka herra sannast að segja.

En þó að verkalýðshreyfingin viti, að hún er að vinna sér til hags, er engu að síður sjálfsagt að viðurkenna, að hún gerir þetta líka af því, að hún veit, að það er þjóðarþörf. Hún gerir það vegna þess, að hún veit, að það er þjóðarþörf og það er hennar eigin þörf að sporna við afleiðingum þeirra örðugleika, sem nú er við að etja.

Það sýnir svo skilninginn, sem sumir hafa á því, sem hér er um að ræða, að í Tímanum er fullyrt í morgun með mjög stórum stöfum, að ríkisstj. hafi neitað að taka við 4.4% kaupskerðingu eða kjaraskerðingu hjá verkalýðnum. Þarna hefur nú eitthvað blandazt um fróðleikinn eins og oftar hjá þessum hv. andmælendum frv. Við vitum, að það er nóg af mönnum, sem nú vilja koma illu af stað, sem vilja nota þessa örðugleika í annarlegu skyni. Ég er hins vegar sannfærður um það, að þó að okkur beri á milli, aðaltalsmönnum verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj., um lausn þessa vandamáls og hvernig hægt sé að koma fyrir sem réttlátastri skiptingu þessara

byrða, er okkur öllum ljós sú ábyrgð, sem á okkur hvílir, að þjóðfélagið lendi ekki í upplausn og ekki verði farið þannig að, að hörmungartímabil eins og á árunum 1930—1940 hefjist á ný á Íslandi. Þess vegna tel ég, að það sé ástæðulaust að gera meira úr því, sem okkur ber á milli, heldur en efni standa til, heldur beri enn að leita eftir leiðum til þess að kanna til þrautar, hvort hér hljóti að verða þau átök, sem allir munu tapa á.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þegar litið er á efnahagsástand íslenzku þjóðarinnar nú, eins og því er lýst af valdhöfunum, þá verður mér fyrst hugsað til þess, sem talsmenn og frambjóðendur þeirra flokka, sem stutt hafa núverandi ríkisstjórn í 8 ár og styðja hana enn, sögðu á s. l. vori í blöðum og á framboðsfundum, þegar þeir voru að leita eftir atkvæðum kjósendanna. Þá var viðlagið í viðreisnarsöngnum það, að þeir, sem vildu efast um traustan efnahag þjóðarinnar og blómlegt atvinnulíf, væru með hrunsöng og barlómsvæl, það væri allt í topplagi, blómlegt atvinnulíf á traustum fótum, fjörugt viðskiptalíf, bankar risu upp um allar byggðir eins og blóm í túni og gætu allir séð, að það bæri vott um almenna velmegun. Álit þjóðarinnar væri alltaf að styrkjast í augum þeirra, sem erlendis fylgdust með og vit hefðu á efnahags- og peningamálum, því að gjaldeyrissjóðurinn væri alltaf að gildna og væri þá orðinn um 2000 millj. kr. Nú, það fór eins og allir vita, eins og oftast vill verða, þegar fagurt er sungið, að menn renna á hljóðið, líkt og þegar sýrenurnar forðum seiddu til sín sjófarendur. En þá fyrst, þegar menn eru komnir svo langt, að ekki verður aftur snúið um sinn, þá sjá menn, að söngurinn kom úr hálsi þeirra, sem vildu villa um fyrir öðrum til þess að ná tökum á þeim. Þannig tókst stjórnarliðinu á síðasta vori að tæla meiri hluta þjóðarinnar til að trúa því, að hér væru fram undan gull og grænir skógar, sem þeir stjórnarliðarnir sjálfir hefðu skapað og þeir einir gætu viðhaldið. En nokkrum vikum eftir kosningarnar kom í ljós, að við, sem í stjórnarandstöðunni vorum og erum, höfðum í aðalatriðum sagt rétt fyrir um það, hvað koma mundi í ljós eftir kosningarnar.

Hvernig stendur nú á því, að svo skuli komið sem komið er? Þeirri spurningu þarf hver þjóðfélagsþegn að leita svars við. Stjórnarliðar hafa svarið á reiðum höndum. Þeir segja, að vond vertíð á síðasta vetri, minnkandi síldveiði og verðfall afurða eigi sökina, hins vegar sé þeirra efnahagsstefna, viðreisnin, hin eina og rétta stefna, sem allt gott beri að þakka og ein muni megna að rétta allt við aftur. Nú skal ég viðurkenna það eins og aðrir, að það hefur orðið verðfall á afurðum okkar erlendis og minni afli en í fyrra, og þess vegna neita ég því alls ekki, að það sé nokkuð mikill vandi á ferðinni. En sú þjóð, sem telur ekki nema 200 þús. sálir, en framleiddi á s. l. ári fyrir 24 milljarða kr. að markaðsverði og hefur í mörg ár haft hliðstæð framleiðsluafköst og um langt skeið hækkandi markaðsverð, þangað til það fór að lækka nú fyrir nokkrum mánuðum, hún ætti ekki að vera í vanda stödd, ef rétt stefna hefði ráðið í efnahagsmálum og dálítið meiri hagsýni verið beitt í þjóðarbúskapnum. Það er sárgrætilegt að sjá, hversu illa framleiðslutækin hafa verið notuð, þar sem sífellt er verið að leggja til hliðar dýr og góð skip t. d. og kaupa önnur í staðinn. Ekkert skipulag hefur verið á byggingu frystihúsa og fiskverkunarstöðva. Allir hafa mátt gera allt, sem þeim hefur dottið í hug, og peningar þjóðarinnar hafa farið í fjárfestingarframkvæmdir, sem áttu að verða gróðalind fyrir eigendurna, en þegar dálítið kreppir að, geta þessi fyrirtæki ekki veitt þá atvinnu, sem nauðsynleg er fyrir fólkið, vegna þess að þau bera sig ekki. Þetta hlýtur ávallt svo að fara, þegar meginatvinnurekstur landsmanna er byggður upp skipulagslaust og með það sjónarmið næstum eitt að leiðarljósi að mala eigendum sínum gróða í stað þess að hafa fyrst og fremst eða a. m. k. samhliða það markmið að veita fólki atvinnu því til lífsbjargar. Þegar þessum höfuð- og grundvallarsjónarmiðum er ekki fylgt eftir, þá mun svona fara ævinlega.

Það hefur oft verið lofað og prísað af hálfu stjórnarliða, að hér væri fullkomið viðskiptafrelsi og innflutningur hvers konar vara frjáls. Þetta hljómar mjög vel í eyrum, og þær raddir, sem þetta lofa, þykja fagrar En hræddur er ég um, að þetta hafi orðið þjóðinni alldýrt og allt hefði getað gengið, þó að hér hefðu ekki risið á svo fáum árum allar þær verzlunarhallir, sem sjá má, og þótt nokkuð minna hefði verið flutt inn af ýmsum vörum, sem íslenzkar hendur hefðu getað búið til, eins góðar eða betri en sumt af því, sem flutt hefur verið inn í landið

Það er gamalt og gott máltæki eða málsháttur, að hollur er heimafenginn baggi, og það tel ég, að sé sannmæli. Það væri gott núna að eiga í gjaldeyrissjóði, þó ekki væri nema helminginn af því fé, sem farið hefur út úr landinu fyrir kex og tertur og fatnað og annað þvílíkt, sem hægt var að gera hér með jafngóðu móti og annars staðar er gert, því að sannleikurinn er sá, að það er alveg furða með hinn unga íslenzka iðnað, hvað hann hefur á skömmum tíma tekið skjótum framförum og aðlagað sig að þeim aðstæðum, sem fyrir hendi eru hér. Ég tel víst, að þeir, sem hafa mest flutt inn í landið á undanförnum árum af hinum eftirsóttu útlendu vörum, er selzt hafa jafnharðan, hafi grætt allmikið. A. m. k. verður ekki annað séð, þegar litið er á allar stórbyggingarnar, sem þeir hafa reist yfir starfsemi sína. Það er satt að segja dálítið kaldranalegt frá mínu sjónarmiði, þegar lagðar eru fram tillögur um jafnmikla skerðingu á lífskjörum alþýðu manna, að ekkert skuli bóla á því, að þeir verði að skila einhverju aftur til þjóðarinnar, þegar erfiðleikar fara í hönd, sem mikinn gróða hafa haft af verzlun og viðskiptum við almenning á undangengnum árum og hafa fengið að nota sparifé þjóðarinnar til að koma undir sig fótum með því að reisa hús og hallir og kaupa og selja vörur með stórgróða.

Það er alleinkennilegt, að þegar núv. ríkisstj. á í einhverju stímabraki út af efnahagsmálum, þá er alltaf ráðizt á garðinn, þar sem hann er lægstur. Þá er farið að braska við að finna leiðir til að lækka í einhverju formi kjör þeirra, sem lægst laun hafa. Stundum er reynt að binda kaupið, eins og var hér 1963 og öllum er í fersku

minni. Þá var hæstv. ríkisstj. svo skynsöm að hætta við áform sitt. Nú er það í því formi, eins og kunnugt er, að álögurnar koma harðast niður á þá, sem lægst eru launaðir. Kauptaxti verkamanna getur ekki gefið í árstekjur, ef miðað er við 8 stunda vinnu alla virka daga ársins, nema eitthvað um 140 þús. kr. Þó er önnur stétt, sem er enn lægri í tekjum, en það eru bændurnir. Þeirra meðaltekjur munu vera innan við 100 þús. kr. á ári. Ég tel, að það hefði verið eðlilegra hlutverk fyrir ríkisstj. að finna leiðir til að hækka eða a. m. k. halda í horfinu tekjum þeirra stétta, sem hér hafa verið nefndar, heldur en að leggja til kjaraskerðingu af því tagi, sem þyngst kemur niður á þeim, sem minnst hafa.

Ég vil skjóta því hér inn og taka það fram, að hringlið með niðurgreiðslurnar á landbúnaðarvörunum er bændum mjög hættulegt, því að það getur valdið miklum sveiflum á neyzlu þessara vara. Stundum eru þessar vörur greiddar svo mikið niður, að það er gjafverð næstum því á þeim, en annað kastið er niðurgreiðslan mikið til alveg afnumin. Niðurgreiðslur eiga vitanlega fullan rétt á sér að vissu marki, og ég tel sjálfsagt fyrir hverja ríkisstjórn að beita þeim að einhverju leyti, þegar þörf er fyrir. En slíkt hringl sem hér hefur átt sér stað með þetta hlýtur að vera stórhættulegt og ekki sízt fyrir þá, sem framleiða þessar vörur til sölu.

Hér í þessum umræðum hefur ekki verið minnzt á það, sem þó er full ástæða til að minna á, að í okkar landi er fjöldi af öldruðu fólki, sem er hætt að geta unnið. Þetta fólk reynir að treina í sér lífþróttina með ellilífeyrinum sínum og er yfirleitt mjög þakklátt fyrir þann stuðning, sem það hefur fengið á þann hátt. En ég er hræddur um, að þegar þær ráðstafanir eru komnar í fullan gang, sem nú er verið að reyna að lögfesta hér á hinu háa Alþingi, þá verði lífskjör þessa aldraða fólks ekki þeirri ríkisstj. til sóma, sem er að lögfesta þessar tillögur.

Það hefur verið minnzt á það, sem alveg er rétt í þessum umr., að kjaraskerðingin verður því meiri hlutfallslega sem heimilin eru stærri. Það liggur í því, að slík heimili nota hlutfallslega meira af þeim vörum, sem niðurgreiðslur eru minnkaðar á. Við það bætist svo, að í flestum tilfellum eru fyrirvinnur slíkra heimila láglaunamenn, sem vísitöluskerðingin kemur þunglega við, auk þess sem hætt er við, að samdráttur í atvinnulífinu fækki vinnustundum þessara manna, og er þegar farið að bera verulega á því.

Afkoma bændanna er þannig, að þeir eru langtekjulægsta stétt vinnandi manna í landinu skv. skýrslum, sem gefnar eru út af hagstofunni, og bilið á milli þeirrar stéttar og annarra stétta hefur verið að breikka nú á síðustu missirum. Það er vitað, að bændastéttin hefur á undanförnum árum safnað lausaskuldum í stórum stíl, og er það nú að verða verulegt vandamál, hvernig þar er komið. Þar er hvoru tveggja um að kenna, erfiðleikum af völdum tíðarfars á sumum svæðum landsins og einnig versnandi afkomu vegna þeirrar efnahagsstefnu, sem hér hefur verið rekin. Og svo bætist nú þar á ofan mikið verðfall á ull og gærum og svo þær ráðstafanir, sem væntanlega með þessu efnahagsmálafrv. verða að lögum gerðar og ég geri ráð fyrir að bitna muni á bændum ekkert síður en öðrum.

Ég hef alltaf talið efnahagsmálastefnu ríkisstj. mjög óheppilega fyrir okkar þjóðfélag. Okkar þjóðfélag er ungt í vissum skilningi. Við stöndum ekki á gömlum og traustum grunni efnahagslega. Íslenzka þjóðin var eins konar hjálenda eða hjáleiga frá Danmörku fram á daga okkar, sem lifum enn. Hún var mergsogin í margar aldir, eins og tíðkast enn í dag um margar nýlenduþjóðir, sem verða að hlíta annarra yfirráðum. Við höfum orðið að gera svo að segja allt, sem gert hefur verið af varanlegum umbótum í þessu landi, á einum mannsaldri. Nágrannaþjóðir okkar ýmsar búa í dag og byggja efnahagsgrundvöll sinn á verkum, sem kynslóðir margra alda voru að skapa. Við þurfum því miklu fremur en aðrir að skipuleggja og ráða nauðsynlegum framkvæmdum og byggja á þann hátt trausta undirstöðu að efnahagslegu frelsi einstaklinga og þjóða. Sú ríkisstj., sem hér ræður nú, er haldin allt of mikilli trú á einhver blind lögmál, sem eigi að ráða. Þó að ég trúi því, að viss og öflug lögmál stjórni gangi himintungla, þá tel ég, að lögmálskenningar í sambandi við efnahags- og atvinnumál eigi engan rétt á sér. Ég veit, að baráttueðli manna og eigingirni veldur því, að þeir, sem ofan á verða, hrifsa það, sem þeir ná, en hinir máttarminni hafa minna og oftast of lítið, þegar þeir sem mestu ná, hafa of mikið og oft svo mikið, að þeir af þeim völdum bíða tjón á sálu sinni. Ég tel þess vegna, að stjórnmálamenn og löggjafarþing og ríkisstj. eigi að stjórna og miðla milli þegnanna þeim feng, sem þjóðarbúskapurinn gefur í arð, í stað þess að láta einhverja trú á lögmál peninga og samkeppni ráða þar úrslitum, hvernig og hvað mikið hver hreppir í sinn hlut. Ég hef ekki trú á gengisfellingum, og ég tel þær hafa valdið mikilli ógæfu í okkar landi og eiga mikla sök á því, hvernig ástandið er einmitt hjá okkur í dag, því að slíkar ráðstafanir hafa alltaf ýtt undir aukna eyðslu, æsing og óeðlilegan hraða og alls konar fjárfestingu og viðskipti, sem hollara hefði verið að vinna með minni hraða. Menn missa við slíkar sveiflur í peningamálum tiltrú til sparnaðar, og þeir telja réttast margir hverjir og allt of margir að lifa hátt og láta hverri stundu nægja sína þjáningu.

Á næstu árum tel ég, að þjóðin geti sparað mikið fé í sambandi við byggingu skrifstofu- og verzlunarhúsa, því að þar hefur svo mikið verið gert á síðustu árum, sem leitt hefur af sér gífurlegan kostnað fyrir þjóðina. Ég er líka viss um, að ef atvinnutækin verða nýtt betur en nú er, og á ég þar ekki sízt við fiskiflotann og fiskiðjuverin, þá má mikið spara og mikið græða frá því, sem nú er, og á þann hátt efla atvinnuvegina. Ég er líka viss um, að eitt nauðsynlegasta skipulagsmálið er það, að allir, sem veiða fisk úr sjó, verði að leggja megináherzluna á vörugæðin, en hætta að hugsa fyrst og fremst um að moka sem mestu magni í land á kostnað vörugæðanna. Ég tel víst, að löggjafarvaldið og ríkisvaldið verði að koma til í því máli og hafa forustu um nýja stefnu á þessu sviði. Ef skipulagshyggja tekur sér bólfestu í heilabúum þeirra, sem stjórna landinu, þá geta auðlindir landsins veitt næg verkefni

og öllum sæmileg lífskjör, um það þarf ekkert að efast.

Ég skal nefna það, sem ég tel, að ekki megi spara, því að það borgar sig ekki, þótt það sé gott að spara á mörgum sviðum, þá borgar sig ekki að spara á sumum sviðum. Og ég er ekki sammála Birni Pálssyni, hv. 5. þm. Norðurl. v., um, að það sé hægt að spara í skólamálum að nokkru ráði. Ég tel, að það megi ekki spara skólabyggingar, því að ég er viss um það, að fátt er okkar þjóð nauðsynlegra heldur en að leggja fé í það að mennta uppvaxandi kynslóð. Ég hygg, að það sé rétt, sem sagt hefur verið, að það sé einhver verðmætasta og bezta fjárfesting, sem hægt er að leggja í. Þess vegna álít ég, að þar megi ekki spara. Og ég álít líka, að við megum ekki spara á því sviði að byggja upp í landinu með vaxandi hraða vegi, góða vegi og góðar hafnir. Þessar framkvæmdir tel ég að verði að ganga fyrir, og þarna megum við ekki spara að öðru leyti en því að fara vel með fé við þessar framkvæmdir. Þá þurfum við einnig að leggja áherzlu á það að rækta landið okkar og græða auðnir og uppblásin svæði nýjum gróðri. Það eru verkefni, sem þjóðin á að leggja áherzlu á að mínum dómi.

Hér þarf einnig, til þess að þjóðinni geti vegnað vel, að efla iðnað eftir mætti og reyna að vinna sem mest alla hluti í landinu sjálfu. Ég man eftir því, þegar ég var að alast upp, að þá vegnaði þeim heimilum bezt, sem reyndu að búa sem allra mest að sínu og vinna alla hluti á heimilunum sjálfum eða eins mikið og hægt var. Það mun reynast nógu erfitt í okkar skóglausa og málmsnauða landi að kaupa efni í iðnaðarvörurnar, sem ekki eru til hráefni í hér innanlands, þó að við kaupum ekki einnig vinnuna frá öðrum löndum, sem til þess þarf að breyta hráefnunum í nauðsynlega og gagnlega hluti. Gamalt og gott spakmæli, sem við kunnum öll, segir, að verður sé verkamaður launanna. Ég hef aldrei vorkennt neinum manni að vinna, sem til þess er fær, því að ég álít, að vinnan sé frumskylda hvers manns og án hennar, hvort sem hún er andleg eða líkamlegs eðlis, væri lífið lítils virði og hamingjusnautt. Þess vegna er atvinnuleysi þungt böl í hverju þjóðfélagi, þar sem svo háttar til, að atvinnuleysi verður.

Ríkir menn og höfðingjar í fornöld gerðu marga af sínum verkmönnum að leysingjum, sem kallað var, þ. e. þeir gerðu þá frjálsa menn og gáfu þeim lönd. Það sýnir, hversu mikils þeir mátu vinnuna, að þeir vildu launa vel og stórmannlega veitta þjónustu. Viðreisnarstjórnin fékk á s. l. vori traust meira en helmings þjóðarinnar eða kjósenda. Hún launar illa liðveizluna, og henni ferst ekki stórmannlega að vilja nú klípa af skammti, sem ekki var of mikill fyrir hjá þeim, sem erfiðustu störfin vinna, og meira hjá þeim heldur en hjá hinum, sem hærri laun hafa og fínni störf vinna, þó að einnig þeim muni ekki veita af sínu.

Ég hlustaði á það hér í gær, þegar forseti Alþýðusambands Íslands, hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, las hér í þessum ræðustól samþykkt, sem ráðstefna Alþýðusambandsins gerði um afstöðu sína til þess frv., sem hér liggur fyrir. Mér fannst gæta í þeim tillögum, sem þar voru birtar, mjög nýstárlegs tóns, þar sem boðizt var til þess að taka á launþega, ef ég hef tekið rétt eftir, 3% eða rúmlega 3% kjaraskerðingu með því að taka upp nýju vísitöluna, sem birt hefur verið. Ef hæstv. ríkisstj. gengur ekki að slíku boði, en vill heldur taka áhættuna af verkföllum, þá er hún heillum horfin. Ríkisstj., sem vill heldur fara í stríð við allt þetta fólk, sem þarna stendur á bak við, henni er held ég ekki sjálfrátt. Hún bauð upp á víðtæka samvinnu og fær að mínu viti kostaboð hjá fjölmennustu stéttarsamtökum í landinu. Ég hygg, að þetta boð verði lengi í minnum haft fyrir það, hversu þar, í þessu tilboði, er komið vel til móts við óskir valdhafa, sem virðast í stjórnarstefnu sinni meta ýmislegt annað meir en hagsmuni vinnandi fólks í landinu. Ég álít, að efnahags-, atvinnu- og lífskjaramál alls almennings séu á því stigi nú, að það veitti ekki af að taka hverju því boði með þökkum, sem stjórn landsins fær um hjálp til þess að leysa vandann, og þess vegna undrast ég, ef boði Alþýðusambandsráðstefnunnar verður ekki tekið. Þá skil ég ekki, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir og hvernig hún hugsar sér að fara með annan sigur betri af hólmi eftir þennan leik fyrir sjálfa sig eða þjóðina, enda heyrðist mér hér áðan í ræðu forsrh., að það séu farnar að renna tvær grímur á hann í þessu efni, og væntanlega vægir hann til, enda er það eina leiðin, sem sæmandi er fyrir hæstv. ríkisstj., þ. e. að vægja til í þessu máli, það mundi verða stjórninni sjálfri, — ég er nú ekki fyrst og fremst að hugsa um hennar heiður, og þjóðinni til gagns og blessunar, ef þannig yrði farið að. Ég vil alvarlega skora á ríkisstj. að hugsa sitt mál vandlega, áður en hún hafnar þeirri leið.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þegar lagt var fram þskj. með brtt. frá meiri hl. fjhn. þessarar hv. deildar, láðist að koma þar með brtt., sem fjallaði um verðstöðvun á tímabilinu frá 1. nóv. til gildistöku frv. þessa, sem hér er fjallað um, ef að lögum verður. Ég leyfi mér því að flytja hér skriflega brtt., sem er samhljóða grein í verðstöðvunarlögunum frá því í fyrra. Á eftir 10. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Nú hefur á tímabilinu frá 1. nóv. 1967 og þar til lög þessi öðlast gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bága við ákvörðun ríkisstj. á grundvelli heimildar skv. 9. gr., og er þá slík verðhækkun ógild og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem það var 1. nóv. 1967."

Ég vil nota tækifærið hér og aðeins leiðrétta eða skýra það, sem ég sagði í ræðu minni í gær varðandi það, sem hv. 4. þm. Austf. kom síðar inn á, þ. e. a. s. kaupmátt tímakaupsins. Ég sagði í ræðu minni, að hann hefði aukizt um 28% frá því 1960, en hv. þm. kom hér með fréttabréf kjararannsóknanefndar og las þar upp tölur, sem hefði mátt skilja þannig, að það, sem ég fór með, hefði verið rangt og þær tölur, sem hann las upp, mundu víkja þeim, sem ég hélt fram. Hv. þm. las alveg rétt upp þær tölur, sem standa í þessu fréttabréfi. Var það grunnvísitalan miðuð við 100 1959. Hann las aðeins upp kaupmátt tímakaupsins í almennri vinnu. Hann lét hins vegar ólesnar

upp tölur frá hafnarvinnu, en þar kemur í ljós, miðað við það, sem hann las upp, að miðað við vísitöluna 100 1959 er 12.5% hækkun. Vísitalan á þessu ári, 1967, fyrsta ársfjórðungi er 112.5. Ef hins vegar er tekin vísitala kaupmáttar almennrar hafnarvinnu frá 1960 í þessari skýrslu, sem þá er 91.2, þá reiknast mér til, að hér sé um að ræða 23 eða 24% hækkun. Sé svo líka tekið með í reikninginn það, sem hér stendur, að þessi útreikningur sé án orlofs, þá er það ekki langt frá þeirri tölu, sem ég hélt fram í ræðu minni í gær. Mínar tölur byggðust að sjálfsögðu á því sjónarmiði, sem ég þar flutti, þ. e. a. s. þróun mála frá því 1960 eða frá þeim tíma, sem núverandi efnahagsstefna var upp tekin.

Í hagráðsskýrslu frá því í maí er skýrsla um kaupmátt tímakaupsins, og það er grundvallað á tölunni 100 1960.

Ég hef athugað framhald þeirra talna, útreiknað á sama hátt, þar er tekin inn orlofshækkun og yfirleitt allir þeir þættir í sambandi við tímakaupið, sem hægt er að reikna til tekna þeim aðila, sem það fær. Þá er meðalhækkun hjá verkamönnum, iðnverkamönnum og iðnaðarmönnum 27.9%, þ. e. a. s. 28. Hefði ég í gær áttað mig á því í mínum ræðuflutningi, að kvenhyllin væri kannske það, sem þá gilti, hefði ég átt að lesa upp tölur, sem eru hagstæðari í þessum málum, en það er um iðnverkakonur, en þær hafa fengið hækkaðan kaupmátt síns **tímakaups um 60%.** Meðalhækkun allra þessara aðila er 31.7%, miðað við grunntöluna 100 1960. Tölur þessar eru byggðar á skýrslu frá Efnahagsstofnuninni í vor sem leið og tölum reiknuðum út í framhaldi af því á sama hátt.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ummælum hæstv. viðskmrh. hér fyrr við þessa umr. — Í minni fyrri ræðu hér gagnrýndi ég það mjög, að skýrsla Efnahagsstofnunarinnar, sem lögum samkvæmt á að leggja fyrir hagráð í októbermánuði ár hvert og ræðast þar, skyldi ekki hafa verið lögð fram á réttum tíma, og benti á, að einmitt hefði verið sérstök ástæða til að ræða þar efnahagsmál þjóðarinnar nú og þá sérstaklega úrræði ríkisstj., sem eru nú til umr. í sambandi við frv. um efnahagsaðgerðir, en um þessar ráðstafanir var vitað, þegar Alþ. kom saman 10. okt. s. l. Hæstv. viðskmrh. varð illt við ummæli mín um þetta greinilega, og gaf þær upplýsingar, að skýrsla Efnahagsstofnunarinnar hefði verið gefin út í október, eins og tilskilið er í lögunum. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. viðskmrh. að því leyti, að á skýrslunni er dagsetningin 30. okt., utan á kápu skýrslunnar. En hitt er líka staðreynd, að skýrslan var ekki send meðlimum hagráðs fyrr en laust fyrir síðustu helgi og sumum þeirra ekki fyrr en eftir síðustu helgi. Þessu til sönnunar þykir mér rétt að segja frá því, að þessi skýrsla var lögð fram í kjaradómi í sambandi við málarekstur, sem þar fer fram nú um launakerfi opinberra starfsmanna, s. l. mánudag, 13. nóv., með þeim ummælum málflutningsmanns ríkisstj., Jóns Þorsteinssonar alþm., sem er flokksbróðir hæstv. ráðh., eins og kunnugt er, að hann hefði fengið skýrsluna í hendur s. l. laugardag, en með þeim ummælum Efnahagsstofnunarinnar, að það mætti ekki opna hana fyrr en á mánudag 13. nóv., því að fyrr en á mánudag mundu ekki hafa fengið hana allir meðlimir hagráðs, þ. e. 13. nóv. Þetta sannar ótvírætt, að þessi skýrsla hefur raunverulega ekki komið út fyrr en laust fyrir miðjan nóv. í staðinn fyrir október, svo að hæstv. viðskmrh. hefði vel getað sparað sér þau hneykslunarorð, sem hann lét sér um munn fara út af ummælum mínum, fyrr við þessar umr. Því má svo bæta við, eins og ég sagði áðan, að þessi skýrsla var send kjaradómi á mánudaginn var, en af hálfu formanns hagráðs er hún túlkuð enn sem trúnaðarmál, þannig að það megi ekki útbýta henni hér á Alþ., en það gildir greinilega annað um kjaradóm, og er skýrslan þá vissulega ekki trúnaðarmál fyrir fjölda fólks. Þannig fara stjórnarvöldin með trúnaðarmál, og þannig birtist virðingin við Alþ.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði um þetta atriði við fyrri umr., að ég beini því eindregið til hæstv. viðskmrh., að hann láti alþm. í té þessa skýrslu, áður en þessari umr. lýkur, og í framhaldi af því verði alþm. látin í té skýrsla um umr. í hagráði um þessa skýrslu, þegar þeim hefur verið lokið. Ég veit ekki betur en að næsta föstudag hafi verið boðaður framhaldsfundur um þessa skýrslu. Það væri sannarlega mjög gagnlegt og nauðsynlegt fyrir Alþ. að heyra um afstöðu fulltrúa atvinnuveganna og fulltrúa atvinnustéttanna í hagráði um ástand atvinnuvega í dag og þörfina fyrir aðgerðir þeirra vegna. — Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri, ég vildi láta þetta koma hér fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 63) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. frv. hæstv. ríkisstj., frv. til laga um efnahagsaðgerðir. Þetta frv. mætti harðri andstöðu þegar við 1. umr., bæði hér í hv. deild og einnig utan þings. Mjög fljótlega, eftir að málið hafði verið lagt fram, og eftir að í ljós komu þær aðgerðir, sem því fylgdu, þ. e. a. s. niðurfelling á nokkrum hluta af niðurgreiðslum á vissar vörutegundir, þá tóku að berast mótmæli frá ýmsum stéttahópum og félagasamtökum víðs vegar að af landinu.

Þegar málið hafði verið rætt hér í nokkra daga og stjórnarandstaðan hafði leitt að því full rök og það raunar verið viðurkennt af talsmönnum hæstv. ríkisstj., að þetta frv. og þær aðgerðir, sem því fylgdu, næðu skammt til að leysa þann vanda, sem við var að glíma, og einnig það hafði verið gagnrýnt harðlega, á hvern hátt átti að leysa þau takmörkuðu viðfangsefni, sem frv. fjallaði um, þ. e. a. s. með því að ráðast á garðinn, þar sem hann var lægstur, þá mun hæstv. ríkisstj. hafa orðið það ljóst, að það var ekki stætt á því að keyra þetta mál áfram í gegnum þingið með þeim hraða, sem upphaflega var ætlað, heldur mundi þurfa að athuga hlutina ögn nánar. Það var því orðið við þeim tilmælum stjórnarandstöðunnar að stöðva málið, a. m. k. um sinn, leggja því við stjóra, eins og einhver orðaði það, og hæstv. ríkisstj. bauð upp á viðræður um það, samninga

um einstök atriði málsins, bæði utan þings og innan. Launþegasamtökin urðu við þessum tilmælum. Þau settu sameiginlega samninganefnd á fót, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og formlegar viðræður hófust milli þessara aðila og hæstv. ríkisstj. mjög fljótlega, eftir að málinu var lagt. Þær hafa svo raunverulega staðið allt til þessa, eða svo að segja.

Árangur af þeim viðræðum, sem þegar hafa farið fram, er allsendis ófullnægjandi að dómi beggja aðila. Launþegasamtökin gerðu það þegar í upphafi að höfuðkröfu sinni, að ekki yrðu rofin tengslin á milli kaupgjalds og vísitölu, en á það hefur ríkisstj. ekki viljað fallast. Hún hefur hins vegar boðið viss boð, sem launþegasamtökin telja ófullnægjandi, eins og t. d. 5% hækkun fjölskyldubóta og fleiri bóta almannatrygginga. Launþegasamtökin telja, sem von er, að þær bætur nái skammt. Hækkun fjölskyldubótanna nemur líklega eitthvað um 25 aurum á barn á dag, og má öllum vera ljóst, hversu sáralítið það hefur að segja á móti þeim hækkunum, sem þegar hafa orðið. Og þar sem talað er um í till. ríkisstj., sem nú eru komnar fram á þskj., í till. meiri hl. fjhn., að þessi hækkun á bótum muni verða skattfrjáls, þá held ég, að það sé að flestra dómi nánast broslegt. Þannig standa málin í dag.

Einnig liggur það nú fyrir, þegar á þessari stundu, að það er hafið verkfall. Verkfall á kaupskipaflotanum stendur yfir, og það er mjög alvarlegt í sjálfu sér. Viðs vegar úti um land vantar olíu og auðvitað ýmsar fleiri verzlunarvörur, sem menn geta illa án verið, og það stendur á því að flytja afurðir landsmanna o. s. frv. Þá er það áreiðanlega vægt að orði komizt, þó að sagt sé, að útlit um vinnufrið almennt talað sé mjög ótryggilegt. En þegar mál sem sagt standa þannig, þá telur hæstv. ríkisstj. einmitt hæfilegan tíma til þess að taka aftur til við afgreiðslu frv. til 1. um efnahagsaðgerðir, þá telur hún hæfilegan tíma til þess að knýja fram þetta frv. sitt hér á Alþingi.

Meginefni þessa frv. er skipt í fimm kafla, Í I. kafla frv. er það raunverulega þungamiðjan að rjúfa um stund tengslin á milli vísitölu og kaupgjalds, að fella niður vísitölugreiðslu á kaup um stundarsakir, þ. e. a. s. á meðan tilteknar hækkanir eiga sér stað. Sumar eru þegar orðnar, aðrar boðaðar, eins og t. d. 18% hækkun á hitaveitugjöldum. Ef til vill má skilja orð hæstv. forsrh. áðan þannig, að þær hækkanir, sem verða kunna á tímabilinu, aðrar en þær, sem þegar eru orðnar, komi ekki þarna til greina og launþegar fái þær bættar. En ég segi: ef til vill, því að ég a. m. k. treysti mér ekki til að slá neinu föstu um það, hvernig hafi átt að skilja ummæli hæstv. forsrh. áðan, þótt ef til vill mætti skilja þau á þennan hátt. Það hefur komið í ljós og raunar ekki verið vefengt, þ. e. í grg. þeirri, sem frv. fylgir, að sá halli, sem launþegum er ætlað að bera, sé um 7.5%. Það hefur verið bent á það hér í þessum umr., að þó að ætla megi, að þannig verði það að meðaltali, þá fari það ekki á milli mála, að raunverulega verði hallinn nokkru meiri — og raunar æði miklu meiri hjá þeim tekjulægstu, sem minnst geta veitt sér, en þurfa að nota mestan hluta tekna sinna til allra brýnustu þarfa.

Fulltrúar launþegasamtakanna í samninganefndinni og hvarvetna þar, sem þeir hafa látið til sín heyra, leggja á það megináherzlu, að samband á milli vísitölu og kaupgjalds sé ekki rofið. Þeir vitna til þess, að þetta samband vísitölu og kaupgjalds var tekið upp í júnísamkomulaginu, samkomulagi, sem gert var milli þáverandi hæstv. ríkisstj. og launþegasamtakanna að undangengnum allmiklum og hörðum samningum.

Það er eiginlega nokkuð ljóst dæmi um stefnuleysi og hringlandaháttt núv. hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluta, hvernig staðið hefur verið að þessu máli. Því var í upphafi heitið í ágætri bók, Viðreisn, að kaupgreiðslur skyldu vera teknar úr sambandi við vísitölu. Þetta var gert og þá var því haldið fram, að þetta væri alveg höfuðnauðsyn og mundi hafa stórkostleg og heillavænleg áhrif á alla þróun efnahagsmála á Íslandi. Síðan er samið um að taka þetta samband á milli launa og vísitölu aftur upp í margnefndu júnísamkomulagi. Og það var nú ekki alveg að heyra á talsmönnum stjórnarflokkanna, að þar hefði verið um neyðarsamninga að ræða, heldur þvert á móti. Þetta samkomulag var af þeirra hálfu mjög lofað og því haldið fram, að það mundi orka mjög til blessunar á efnahagslífið, alveg eins og því hafði verið haldið fram í Viðreisn og í málflutningi fyrr, að hitt yrði til góðs, að rjúfa sambandið. Og nú kemur svo þriðja útgáfan af afstöðu stjórnarflokkanna til þessa sérstaka máls og líklega eins konar millistig á milli hinna tveggja, sem ég vék að áðan, og það er að taka vísitöluna úr sambandi um takmarkaðan tíma, á meðan vissar hækkanir fara fram, en tengja svo aftur eftir verðhækkanirnar.

Í þessum I. kafla eru svo ákvæði um það að taka upp nýja vísitölu. Hún hefur verið undirbúin fyrir nokkru, og meginmunurinn á uppbyggingu hennar og þeirrar gömlu er sá, að inn í nýju vísitöluna eru teknir fleiri neyzluflokkar en áður og þar hafa meiri áhrif ýmsir þættir neyzlunnar, sem kosta meira og voru ekki almennir áður. En aftur á móti matvörurnar og allar brýnustu nauðþurftir vega af þessum ástæðum minna í nýju vísitölunni heldur en þær gerðu í þeirri gömlu. Við þessu er út af fyrir sig ekkert að segja. Það er eðlilegt, að það þurfi að endurskoða uppbyggingu vísitölunnar öðru hverju, og mjög eðlilegt, að þess þurfi einmitt á þeim tímum, þegar miklar breytingar verða í lífsvenjum manna og háttum, eins og orðið hefur núna á síðustu árum.

Í II. kafla frv. er fjallað um verðstöðvun. — — Ég mun þá að ósk forseta og í samræmi við þann fundartíma, sem ákveðinn hefur verið, fresta minni ræðu og mun þá taka til að ræða II. kafla frv. síðar. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 16. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 7, n. 56 og 57, 58, 63, 64).

Vilhjálmur Hjálmarsson [frh.]: Herra forseti: Ég mun þá halda áfram máli mínu, þar sem ég varð frá að hverfa í gær, og vil þá víkja nokkrum

orðum að II. kafla efnahagsmálafrv., en sá kafli fjallar um verðstöðvun.

Saga þess máls er orðin með nokkuð sérkennilegum hætti. Þessi kafli er lítið eða ekkert breyttur frá þeim lögum, sem sett voru á s. l. vetri um verðstöðvun og voru þá í túlkun hæstv. ríkisstj. og talsmanna hennar ákaflega þýðingarmikil löggjöf, sem valda mundi tímamótum í efnahagsmálunum, því að með henni átti sem sé að stöðva verðþensluna. Þá var bent á það af hálfu stjórnarandstöðunnar, að um flest, ef ekki öll þau atriði, sem um ræddi í þeirri löggjöf, væri að finna ákvæði í heimildarformi í eldri lögum og því væri hér í raun og veru ekki um neitt nýmæli að ræða. Þessu var harðlega mótmælt og því haldið fram eftir sem áður af hálfu stjórnarliðsins, að hér væri um að ræða hina merkustu tímamótalöggjöf.

Það urðu samt ýmsar hækkanir á því tímabili, sem þessi merku lög stóðu, — þau eru nú úr gildi fallin, — en þeim var flestum mætt með því að greiða þær niður úr ríkissjóði, eins og kunnugt er. Hækkanir á verðlagi landbúnaðarvara voru greiddar niður. Svo voru einnig greiddar niður aðrar hækkanir, sem gátu komið inn í vísitölu, eins og hækkanir á rafmagni t. d. hér í Reykjavík. Þeim var mætt með því að greiða niður verð á landbúnaðarvörum, og þannig var framkvæmdin öll með nokkuð sérstökum hætti. En auk þess sem var greitt niður hygg ég, að á þessu tímabili hafi orðið töluverðar hækkanir á verði ýmissa vara, þó að það kæmi ekki inn í vísitölu. Ég hygg, að þær hafi kannske ekki verið stórvægilegar á hverjum stað, en samt sem áður verulegar, þegar allt kom til alls. Og þetta var hægt m. a. vegna þess, að verðlagseftirlit hefur ekki verið hér á síðari árum nema mjög takmarkað.

Svo gerðist það, meðan þessi löggjöf, sem sett var í fyrra, gilti enn, að mjög miklar hækkanir urðu á afurðaverði eftir mánaðamótin september —október, en þær urðu þó ekki fyrr en búið var að reikna út vísitöluna fyrir þann mánuð. En þær áttu sér þó stað eigi að síður, meðan verðstöðvunarlögin voru í gildi! Nú féllu þau úr gildi sínu á tilteknum degi, eins og kunnugt er, en þá var einfaldlega gefin út tilkynning frá stjórnarvöldum um það, að verðstöðvunin héldi áfram, eins og ekkert væri um að vera, þó að lögin væru úr gildi fallin! M. ö. o.: nú sannaðist það, sem sagt hafði verið við meðferð málsins á síðasta þingi, að þessi lagasetning þá var hreinn loddaraleikur og sjónarspil, settur á svið fyrir kosningarnar til þess að villa um fyrir mönnum.

Og nú er ætlazt til þess enn á ný að samþykkja þessi sömu ákvæði líkt og þau liggja fyrir í II. kafla frv.

Nú eru menn út af fyrir sig sammála um það, að æskilegt sé að stöðva verðþensluna og allt það. Eigi að síður eru í þessum II. kafla frv. ákvæði í 10. gr., sem eru að margra dómi mjög hæpin, þar sem eru ákvæðin um að takmarka miklu meira en áður hefur verið í lögum heimildir sveitarfélaganna til þess að leggja á og innheimta tekjur Engin sveitarstjórn hefur að vísu haft ótakmarkaðan rétt til þess að hækka álögur í sínu umdæmi. En það, sem hér er um að ræða, gengur miklu lengra, og þó að það kunni að vera ástæða til að setja slík ákvæði um stuttan og afmarkaðan tíma, er það áreiðanlega mjög hæpið, að það standist að fara nú að framlengja þessi ströngu ákvæði enn um óákveðinn tíma. Það er áreiðanlega mjög hæpið. Ég hygg, að þær sveitarstjórnir séu fáar, sem ekki reyna til hins ýtrasta — og þá ekki síður þegar þyngra er fyrir fæti og þrengra um hjá gjaldendum — að stilla álögum sínum í hóf. Og yfirleitt verður maður að álíta, að sveitarstjórnirnar hafi betri aðstöðu til þess að meta það, hvað raunverulega þarf á hinum ýmsu stöðum til þess að halda í horfinu, heldur en ríkisstj. eða þær stofnanir hennar, sem hún mundi vafalaust þá fela athugun þessara mála í hverju tilfelli.

Í III. kafla frv. er svo rætt um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og sá kafli á það sameiginlegt með II. kaflanum, að þar er eingöngu um að ræða ákvæði, sem áður höfðu verið tekin í lög. Þessi kafli er sem sagt framlenging á þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru snemma á þessu ári sjávarútveginum eða vissum greinum hans til aðstoðar. Það, að þá þurfti að gera slíkar ráðstafanir, sem felast í þessum kafla, er ákaflega glöggur dómur um það, hversu til tókst um efndir á þeim loforðum, sem sett voru fram í byrjun þess stjórnarsamstarfs, sem hér hefur staðið lengi, loforðunum um það að koma atvinnuvegunum á hreint. Það vita allir hv. alþm., að það er full þörf á þeim ráðstöfunum áfram, sem hér er fjallað um í III. kafla frv. Og einnig er vitað, að það þarf að gera meira. En því er bara ekki sinnt á þessu stigi málanna, það bíður.

Það væri í sjálfu sér ástæðu til að ræða nokkuð um einstök atriði í þessum kafla. Ég skal fara mjög stutt út í það. Í fyrstu gr. kaflans, þ. e. 11. gr. frv., segir:

„Á árinu 1968 er ríkisstj. heimilt að greiða allt að 100 millj. kr. sem verðbætur til viðbótar við það lágmarksverð á ferskfiski, öðrum en síld og loðnu, sem verðlagsráð sjávarútvegsins og yfirnefnd þess ákveða.“

Þarna er aðeins frávik frá því, sem áður var, en þá var þessi greiðsla ákveðin 8% og ekkert hámarksákvæði. Talsmenn stjórnarinnar í fjhn. þessarar hv. d. hafa skýrt þetta svo, að hér sé ekki um raunverulega efnisbreytingu að ræða, heldur aðeins formsbreytingu, en ég veit ekki, hvað skal um það segja. „Allt að 100 millj. kr.“ er orðalagið, og maður skyldi því halda, að það væri það, sem ætti að gilda, en ekki prósentreglan, eins og áður var. Undir meðferð málsins hafa einnig borizt erindi frá einum aðila, sem þessar ráðstafanir snerta, þ. e. skreiðarframleiðendum. Þeir eru uggandi út af því, að þær 10 millj., sem ætlaðar voru til verðuppbóta á útfluttri skreið og öðrum afurðum, eins og það er orðað, á árinu 1967, hafa þegar að miklum meiri hluta verið notaðar til að verðbæta aðrar afurðir samkv. gr., þ. e. a. s. saltfisk. Hins vegar liggur meginþorri skreiðarinnar enn óseldur, og það kynni því að fara svo, að ef skreiðin selst annaðhvort nú eða á næsta ári, þá væru ekki tiltækar til verðbóta á tveggja ára framleiðslu á skreið meira en ca. 12 millj. kr., ef réttar eru þær tölur, sem eru sagðar um þessa hluti.

Það er ýmislegt fleira í sambandi við þennan kafla, sem í ljós kemur við meðferð málsins, að er fremur lauslega frá gengið, auk þess sem þar er ritað, eins og ég sagði áðan, að fram undan eru óhjákvæmilegar og stórfelldar aðgerðir vegna sjávarútvegsins umfram það, sem um er fjallað í III. kafla þessa frv.

IV. kafli frv. fjallar svo um farmiðagjaldið. Hér er gerð tilraun til að skattleggja eyðsluna í utanlandsferðum. En þessi tilraun er að minni hyggju á margan hátt óhönduleg. Skatturinn leggst alveg jafnt á þá, sem fara af landi burt af litlum efnum að afla sér fróðleiks og fara oft styttri og ódýrari ferðir, og hina, sem fara langt, kosta miklu til, verzla í leiðinni oft fyrir háar fjárhæðir. Þetta er vitanlega óeðlilegt. Gjaldeyriseyðsluna á þessum sviðum þarf auðvitað að athuga. En ef vel ætti að vera, þyrfti að taka það mál allt öðrum tökum en hér er gert og fara miklu nánar ofan í þessa hluti.

Í V. og síðasta efniskafla frv. ræðir svo um ýmsa skattheimtu. Þar er í sumum gr. ekki um stórar upphæðir að ræða, en það er flest á eina bókina lært, þannig, að það eru nefskattar, hækkun á gjöldum, sem raunverulega má kalla nefskatta, og leggst þar af leiðandi hlutfallslega þyngra á þá, sem minna mega sín.

Um fasteignaskattinn gegnir þó væntanlega öðru máli, en einmitt ákvæðin um hann í frv. eru ákaflega hæpin á marga lund. Þar er gert ráð fyrir margföldun fasteigna til skatts í tvennu lagi. Það er sama prósenttala á öllum fasteignum öðrum en bújörðum í sveitum. Það er sama prósenttala notuð, hvort sem er í Reykjavík, þar sem fasteignir hafa a. m. k. til þessa verið seljanlegar á toppverði, sama hvort er þar eða á öðrum stöðum á landinu, þar sem líkt er ástatt, og svo annars staðar, þar sem engar fasteignir eru seljanlegar fyrir nokkurt fé, og því miður þekkist þannig ástand. Og það er raunar alveg sömu sögu að segja um sveitirnar, að það er reginmunur á verðmæti fasteigna í þeim sveitum, sem bezta hafa aðstöðu til markaðs, samgangna og búrekstrar, annars vegar og í hinum, sem eru dvínandi og þar sem engin fasteign er raunverulega seljanleg. En það er ætlað að láta alveg sömu reglu gilda á báðum stöðunum.

Í annan stað er svo þess að gæta í sambandi við þennan lið, að fasteignagjöldunum hefur verið ætlað í vaxandi mæli að vera tekjustofn sveitarfélaganna. Á þennan hátt er beinlínis skertur stórkostlega möguleiki sveitarfélaganna til þess að nýta þennan tekjustofn. Í grg.. sem hefur borizt Alþ., a. m. k. fjhn. þessarar hv. d., frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, er fjallað um þessi mál, fasteignaskattinn, frá sjónarmiði sveitarfélaganna á mjög greinargóðan og hlutlægan hátt að mínum dómi. Ég tel, að innlag sambandsins eigi í raun og veru erindi hér inn í þessar umr., og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa grg. sambandsstjórnarinnar, hún er ekki löng. Þar segir svo:

„Í tilefni af frv. því um efnahagsaðgerðir, sem lagt hefur verið fram á Alþ., vill stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga vekja athygli á eftirfarandi atriðum í frv., er snerta sveitarfélög landsins:

1) Frv. gerir ráð fyrir, að mat fasteigna til eignarskatts verði tvöfaldað frá því, sem nú er, þ. e. að það verði tólffaldað fasteignamat í stað sexföldunar nú. Stjórn sambandsins vekur athygli á því misræmi, sem þegar er orðið í þessu efni, þar sem óbreytt fasteignamat er lagt til grundvallar mörgum tekjustofnum sveitarfélaga og einungis þrefalt fasteignamat lagt til grundvallar eignaútsvarsálagningu. Telur stjórn sambandsins þessa stefnu varhugaverða og ósanngjarna gagnvart sveitarfélögunum og auk þess óhagkvæma við framkvæmd skattalaga. Síðast, en ekki sízt, telur stjórnin, að tólfföldun fasteignamatsins muni skerða mjög eða jafnvel útiloka möguleika sveitarfélaganna til meiri nýtingar fasteignaskattsins sem tekjustofns og draga úr möguleikanum á því að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, en í sambandi við umr. um það mál hefur verið rætt um fasteignaskattinn sem miðlunartekjustofn, en þá yrðu jafnframt að vera möguleikar á því að hækka hann í sumum sveitarfélögum.

2) Samkv. frv. mundu lögboðin útgjöld sveitarfélaga til almannatrygginga og sjúkratrygginga hækka, en jafnframt yrðu tekjustofnar sveitarfélaganna samkv. lögum bundnir, þannig að viðbótartekjur fengjust ekki á næsta ári til að mæta hinum auknu útgjöldum, og vitað er, að í mörgum sveitarfélögum muni útsvars- og aðstöðugjaldatekjur á næsta ári verða lægri en á þessu ári vegna minnkandi tekna margra. Er því séð fram á mikla erfiðleika í mörgum sveitarfélögum, ef frv. verður að lögum, og vandséð á þessu stigi málsins, hvernig bót verður á því ráðin. Ákvæði frv. virðast miða að því, að ríkissjóður verði greiðsluhallalaus á næsta ári, en stefna í öfuga átt hvað sveitarsjóðina snertir. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga leyfir sér að vænta þess, að Alþ. taki framangreind atriði til gaumgæfilegrar athugunar í sambandi við meðferð efnahagsaðgerðafrv."

Ég get ekki betur séð en þessar ábendingar séu allrar athygli verðar.

Ég hef nú farið nokkrum orðum um meginefni frv. En hvaða vanda leysir það svo, ef að lögum verður? Hvaða vanda leysir það ásamt þeim aðgerðum, sem því fylgdu, þ. e. niðurfellingu niðurgreiðslnanna? Kannske leysir það vanda atvinnuveganna, sjávarútvegsins, t. d. togaranna, landbúnaðarins, iðnaðarins. Ég held satt að segja, að það geri það ekki og komi í raun og veru ekki nálægt því, ekki neitt umfram það, sem áður var búið að gera á þeim vettvangi, og að í því sé ekkert nýtt varðandi atvinnuvegina, aðeins tekjuöflun fyrir ríkissjóðinn. Þó kemur það hér mjög fram í ræðum hæstv. ráðh., að atvinnuvegirnir séu illa staddir og það er eins og haft að rökum einmitt fyrir þessu frv., að þannig sé komið fyrir atvinnuvegunum. En frv. leysir bara í engu þeirra vanda, eins og ég sagði áðan, umfram það, sem áður hafði verið gert.

Kannske er vandinn minni en margir halda. Kannske leysist hann af sjálfu sér að einhverju leyti. Ég tók eftir því, að hv. frsm. meiri hl. fjhn. lauk framsögu sinni eitthvað á þá leið, þegar hann hafði talað um erfiðleika atvinnuveganna, að þetta væri tímabundið ástand, sagði hv. frsm., það er aflabresturinn, sem veldur því, það er

verðfallið, og við væntum batnandi aflabragða og hagstæðara verðlags með hækkandi sól. — Kannske þetta sé svona einfalt, að ekki þurfi annað en bíða og sjá hvað setur. En ég hygg nú, að það þurfi meira en hækkandi sól og allt það til þess að leiðrétta efnahagsöngþveitið á Íslandi, eins og það er í dag, og ég vil leyfa mér að rökstyðja þá skoðun með nokkrum dæmum og þ. á m. nokkrum tilvitnunum í forvígismenn atvinnuveganna, þeirra umsagnir.

Þá er eðlilegt, að fyrst sé vikið að sjávarútveginum. Hann er burðarás útflutningsframleiðslunnar. Allur þorri útflutnings okkar er sjávarafurðir. Á síðasta árabili hefur togaraútgerðin dregizt þannig saman, að það munu hafa verið seldir eða lagt um ⅔ togaraflotans, og eins og er í dag, virðist næsta lítill rekstrargrundvöllur fyrir þá, sem eftir eru. Síldveiðiskipin okkar mörg hafa á undanförnum árum og aldrei fremur en í fyrrasumar flutt gífurlega mikinn afla að landi. Og það hafa komið metaflaár hvert á eftir öðru. Ef allt hefði verið með felldu í efnahagsmálum þjóðarinnar yfirleitt, hefði vitanlega þessi útgerð, útgerð beztu síldveiðiskipa, átt að skila ofsalegum gróða. En mér er mjög til efs, að það hafi verið. Auðvitað hafa þau samt staðizt fram undir þetta, en þá ekki heldur nema þau beztu. Nú er svo komið, að einnig útgerð síldveiðiskipanna á í miklum erfiðleikum. Og þó væri það auðvitað fjarstæða að tala um aflabrest á síldveiðum á þessu ári, þó að afli sé minni en hann hefur verið á undanförnum metárum og dýrara verði keyptur. Alveg sömu sögu er að segja um útgerð hinna smærri báta, a. m. k. mjög víða. Um þetta ástand þarf ekki að hafa mörg orð. Um það er fjallað alveg fullum fetum og berum orðum í ályktun frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Þar segir m. a., að „brostinn er rekstrargrundvöllur bæði útgerðar og fiskiðnaðar.“ Þetta er í grg. aukafundarins frá 30. okt. Og þar er það talið óhjákvæmilegt, að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að skapa öruggan grundvöll fyrir rekstri sjávarútvegsins til að koma í veg fyrir „varanlegan samdrátt eða jafnvel stöðvun hans“. Í þessu áliti er einnig skorað á ríkisstj., eins og þar segir orðrétt, „að skipa nú þegar nefnd manna til þess að starfa með fulltrúum tilnefndum af stjórn L. Í. Ú. að því að gera till. um, hvernig ráða megi fram úr hinum miklu bráðaðkallandi vandamálum sjávarútvegsins“. Þetta segja sjálfir forvígismenn samtaka sjávarútvegsins og eru alveg ómyrkir í máli, og þetta kom raunar greinilega fram, þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir þessu frv. Hann fór í raun og veru ekki dult með það, að vænta mætti nýrra aðgerða um áramótin, þó að hann vildi ekki fullyrða um það. En það held ég, að honum hefði verið alveg óhætt að gera, að slá því föstu, að þess mundi þá þurfa.

Þetta, sem hér hefur verið sagt um útgerðina, á ekki síður við um ýmsar megingreinar fiskiðnaðarins. Það nægir í því sambandi og til fullrar staðfestingar á því að vitna til aukafundar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem var haldinn 23. okt. s. l. Þar voru ekki aðeins samþykktar skorinorðar ályktanir um stórfelld efnahagsvandræði frystiiðnaðarins, heldur var þar einnig samþykkt til áherzlu með yfirgnæfandi meiri hluta atkv. eða 31 atkv. gegn 6, en 3 höfðu setið hjá, að heimila stjórn Sölumiðstöðvarinnar að stöðva rekstur frystihúsanna innan samtakanna frá n. k. áramótum, og segir ályktun, að með tilliti til hins alvarlega rekstrarástands frystihúsanna heimili aukafundurinn stjórninni „að ákveða kaupstöðvun á fiski til vinnslu hjá hraðfrystihúsum innan samtakanna frá 1. jan. 1968, hafi ekki verið tryggður viðunandi rekstrargrundvöllur fyrir þann tíma.“ Þetta er um frystiiðnaðinn og þarf ekki nánari skýringar. Og það er ekkert betra uppi á teningnum, ef litið er á ástandið hjá ýmsum öðrum greinum í fiskiðnaðinum, hjá síldarverksmiðjunum og mörgum fleirum. Það hefur vissulega orðið verðfall á bræðsluafurðum, og það er enginn, sem hefur áhuga á því að draga fjöður yfir það, það hefur orðið verðfall, en það er þá ekki síður innlenda verðþenslan, sem orðið hefur á undangengnu árabili, verðþenslustefnan, sem er undirrótin að erfiðleikum þessarar útflutningsframleiðslu eins og annarra atvinnuvega.

Hver er svo staða íslenzks landbúnaðar í dag? Þar er sömu raunasöguna að segja, að verðbólguþróunin hefur þar komið mjög við sögu og eftirminnilega, þrátt fyrir það að landbúnaðarframleiðslan sé ekki flutt út í svo ríkum mæli sem sjávarvörurnar. Landbúnaðurinn hefur þó þurft að flytja út nokkurn hluta af sinni framleiðslu. Og bara á nokkrum árum af þeim tíma, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum, hefur þróunin orðið sú vaxandi útflutning landbúnaðarvara, að með þeim vörum, sem gáfu bezta raun í útflutningi fyrir nokkrum árum, þurfti að borga um 25% útflutningsbætur, til þess að fengist fyrir þær sama verð og á innanlandsmarkaði, þá er nú hlutfallinu allt að því snúið við. Slík hefur verðbólguþróunin orðið, því að á þessum vöruflokkum hefur ekki orðið stórfelld verðlækkun utanlands á þessu tímabili. Heildarniðurstaðan hefur orðið sú æ ofan í æ, að það hefur vantað nokkuð á og stundum mikið, að bændur bæru úr býtum þær tekjur, sem þeim voru ætlaðar í verðlagsgrundvelli hverju sinni. Þar keyrir þó fyrst um þverbak árið 1966, á s. l. ári, því að samkvæmt tekjuúrtaki hagstofunnar fyrir árið 1966 eru eigintekjur bændanna af búrekstri komnar niður í það að vera rétt um 100 þús. kr., í stað þess, að í verðlagsgrundvelli s. l. verðlagsár var svo til ætlazt, að þær yrðu hartnær 200 þús. kr. Nú getur í þessum útreikningum eins og öðrum ævinlega skakkað nokkru og það getur gætt nokkurs misræmis á milli ára, en í höfuðdráttum er óhætt að taka slíkar tölur, unnar af Hagstofu Íslands, alvarlega. Og þær sýna glögglega, hvað orðið hefur í þessu sambandi. Það eru því miður engar horfur á því, að afkoma bænda verði góð á þessu ári. Þvert á móti má búast við því vegna mikils tilkostnaðar á hörðu vori, að enn komi til stórfelldrar tekjuskerðingar hjá bændum. Það er líka sýnilegt, þó að ekki sé endanlega búið að ganga frá þeim málum, að það vantar svo að skiptir tugum milljóna á það, að útflutningsbætur nægi til þess að bæta upp útflutning landbúnaðarvara á s. l. ári að fullu til jafns við innlenda verðið,

til jafns við það verð, sem ákveðið var í grundvelli. Það vantaði einnig nokkuð á, að bændur fengju grundvallarverð árið þar á undan, m. a. vegna þeirra lækkana, sem þá voru gerðar á smjöri til þess að örva sölu þess af óhjákvæmilegri nauðsyn. Það fékkst bætt þá að mjög verulegu leyti, ég vil segja að mestu leyti. Það er hins vegar alveg ósýnt um það í dag, hvernig fer með s. l. verðlagsár, og horfurnar um, að útflutningsbætur hrökkvi á næsta ári, eru síður en svo góðar. Nú þegar er vitað, að slátrun í haust var töluvert miklu meiri en hún hefur verið áður. Og þær tölur sem nú þegar liggja fyrir, frá því að nýtt verðlagsár hófst 1. sept., um mjólkurframleiðsluna sýna það, að hún er verulega vaxandi. Hvort tveggja bendir til aukins útflutnings.

Það er fleira en þetta, sem sýnir, að þungt er fyrir fæti hjá íslenzkum bændum í dag. Ég hef ekki í höndum tölur um lausaskuldasöfnunina. En svo mikillar vitneskju hafa bændasamtökin getað aflað sér um þau mál, að mér er óhætt að fullyrða, að hún er mjög mikil, og það má því segja, að það hafi kannske aldrei síðan framleiðsluráðslögin komu til framkvæmda verið dekkra í álinn og lítið verr út með það en nú, að bændur bæru úr býtum tekjur til jafns við aðrar vinnandi stéttir, eins og það er orðað í þeim lögum, m. ö. o.: að bændur nytu þeirra kjara, sem bein lagaákvæði mæla fyrir um, að þeir skuli njóta.

Kannske er betur ástatt í íslenzkum iðnaði heldur en í þessum tveimur gömlu og grónu atvinnuvegum, kannske stendur hann eitthvað betur að vígi? Ég hygg, að það sé þó þvert á móti. Það er öllum kunnugt um háværar kvartanir iðnaðarins á iðnþingi í haust. Verðþenslan hefur einnig orðið iðnaðinum íslenzka þung í skauti. Stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda hefur í haust efnt til fundar með ýmsum greinum verksmiðjuiðnaðarins innan samtakanna til þess að kanna ástand og horfur. Og í fréttatilkynningum er síðan hiklaust talað um samdrátt og rekstrarerfiðleika og uppsagnir fólks í stærri og smærri stíl og uggvænlegar horfur fram undan og ekki dregin nein dul á það, að þessir aðilar óttast mjög um frekari samdrátt og fækkun starfsfólks. Nýlega hefur bæjarstjórn Akureyrar tekið í sama strenginn varðandi verksmiðjurnar á Akureyri, en sá iðnaður hefur, eins og kunnugt er, alveg úrslitaþýðingu fyrir atvinnulífið þar í bæ. Það má því segja, að hvert mannsbarn í landinu hafi vandræði iðnaðarins fyrir augunum og hver einasti þjóðfélagsþegn þekki af eigin raun fleiri eða færri einstök dæmi um samdrátt þann, sem þegar er orðinn eða fyrirsjáanlegur er hjá einhverju eða einhverjum einstökum iðnaðarfyrirtækjum.

Það mun ekki heldur fara á milli mála, að t. d. skipafélögin standi nú höllum fæti. Fragtir milli landa munu í stórum dráttum hafa verið miðaðar við heimsmarkaðsverð. Það stóð frekar lágt, þegar verðstöðvunin var sett á, og þau munu ekki hafa fengið leyfi til að hækka í samræmi við þær hækkanir, sem síðar hafa orðið á heimsmarkaði í þessari þjónustugrein, en þær munu hafa orðið nokkrar. Einnig þar, hjá þeim þýðingarmikla atvinnurekstri, siglingunum, er nú í dag vá fyrir dyrum.

Þannig er þetta, að hvarvetna og hvert sem litið er blasa við erfiðleikar atvinnuveganna, og hvert mannsbarn veit, að velgengni framleiðslunnar er um leið efnahagsleg velgengni þegnanna. En það frv., sem hér liggur fyrir og þegar hefur verið rætt allmikið um bæði við 1. umr. og 2., fjallar ekki um það að ráða bót á þessu ástandi — á þessum vandræðum, — umfram það, sem áður var búið að ákveða með lögum. Það má bíða eitthvað enn um sinn að dómi hæstv. ríkisstj. Þetta frv. fjallar aðeins um að fylla í skörð fjárlaganna og á þennan mjög svo óviðfelldna hátt, sem ég hef áður vikið að í minu máli og enn rækilegar hefur verið lýst af öðrum hv. dm. við þessar umr. Og það er satt að segja hart, að ekki skuli hafa verið, áður en gripið er til þess ráðs að íþyngja þeim, sem minnsta móguleikana hafa til að bera byrðarnar á þann hátt, sem ætlazt er til með þessu frv., og gert var með ráðstöfunum, sem því fylgdu, — það er satt að segja hart, að ekki skuli áður hafa verið sýnd veruleg viðleitni til þess að draga úr útgjöldum á einhverju sviði. En það er eins með það og með beinar ráðstafanir vegna atvinnuveganna, að það liggur ekkert á að dómi hæstv. ríkisstj., það má slá því á frest. Kannske er það þá líka svona, að þrátt fyrir hið erfiða ástand þurfi ekki aðgerðir í löggjöf eða stjórnarfarslegar vegna atvinnuveganna? Kannske er það rétt, sem kom fram í niðurlagi ræðu frsm. meiri hl. fjhn., að ástandið sé bara tímabundið, það sé bara verðfall og aflatregða og það batni með hækkandi sól?

„Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga
og sæta, langa sumardaga,“

segir Laxness. En stjórnarandstaðan segir, að þetta eigi ekki að bíða, aðgerðir vegna atvinnuveganna eigi ekki að bíða, þær þoli ekki bið og það nægi ekki sól og vor til þess að bæta ástandið. Það skiptir auðvitað miklu máli, hvorir hafa rétt fyrir sér, hvort það er rétt, sem ríkisstj. heldur ævinlega fram, að ekkert sé eða hafi verið við stjórnarstefnuna að athuga frá fyrstu tíð og fram til þessa dags. Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um það og leiða að því einstök dæmi, hvernig þessi stefna, stefna hæstv. ríkisstj., hefur reynzt atvinnuvegunum og hvernig að þeim hefur verið búið í ýmsum greinum.

Annars er það nú mála sannast, að mörgum þykir stefna ríkisstj. á ýmsan hátt mótsagnakennd. Menn eru ekki búnir að gleyma fyrirheitunum og yfirlýsingunum, sem þessi þingmeirihluti birti, þegar hann kom til valda, og meira að segja eiga margir enn þá geymda ágæta bók, sem þá var send öllum landsmönnum og kölluð „Viðreisn“, og geta þess vegna hvenær sem er rifjað upp fyrir sér og glöggvað sig á því, hvernig stefnan var boðuð og hvað þá átti að gera. Og áður en ég vík að einstökum dæmum um afstöðuna til atvinnuveganna sérstaklega, vil ég aðeins minna á örfá þessi atriði.

Þessi ágæta bók hefst með þessum fleygu orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Í stefnuyfirlýsingu þeirri. sem ríkisstj. birti, þegar hún tók

við völdum í nóv. s. l., taldi hún það höfuðverkefni sitt að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll," — traustan og heilbrigðan grundvöll, — og nú standa atvinnuvegirnir eins og hér hefur verið lýst af mér og öðrum, og það liggur ekkert á! Nú er þetta ekki lengur meginverkefnið, að því er manni skilst, heldur eitthvað annað. Í þessari bók segir einnig og feitletrað, að afnema skuli bótakerfið. Það er fróðlegt að bera þessi fyrirheit saman við t. d. það, sem við höfum fyrir okkur í sumum köflum þess frv., sem hér er til umræðu. Enn fremur segir í þessari bók, að tekjuskattur skuli felldur niður, það er ein fyrirsögnin. Kannske að það sé enn þá í þessu a. m. k. óbreytt afstaðan hjá hæstv. ríkisstj.? Hvað ætli sjómenn segi um þetta, þeir sem á s. l. ári öfluðu geysimikilla tekna, auðvitað við mikla áhættu og mjög mikið erfiði, eins og venja er í þeim atvinnuvegi, og færðu á land mikinn forða, — hvað ætli þeir segi um þetta atriði núna, þegar þeir eru að greiða upp í skattana sína frá því ári? Ætli þeim finnist tekjuskatturinn vera afnuminn alveg, eins og þó stóð í bókinni? Og svo segir þarna enn: „Það er skoðun ríkisstj., að það eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör." Þar átti ekki að hafa stjórnarafskipti, eins og gert var í tíð fyrri stjórnar, það átti ekki að hafa neitt samráð um þetta, heldur áttu þessir aðilar að semja sjálfir. Það er svo ekki nóg með það, að ríkisstj. og talsmenn hennar hafi þrásinnis snúizt gegn sínum eigin yfirlýsingum og gengið alveg þvert á yfirlýsta stefnu, heldur hafa í sumum greinum verið farnar margar veltur, eins og t. d. varðandi vísitölu á kaup, eins og ég kom að í fyrri hluta ræðu minnar í gær. Skal ég ekki fara um það fleiri orðum, en eins og ég sagði áðan tel ég það skylt, þegar málum er komið eins og þeim er komið í dag, að atvinnuvegirnir eru á heljarþröm að dómi forsvarsmanna og segja má, að

„það hriktir í bjálkum
og hríðar um gættir"

þjóðfélagsbyggingarinnar, þá er það í raun og veru skylt að kryfja það til mergjar, hvernig stjórnarstefnan hefur reynzt íslenzkum atvinnurekstri í 8 ár, hvort þar er allt með felldu og hvort það eru aðeins erlendar verðsveiflur og minnkandi sjávarafli, sem valda því, að í slíka sjálfheldu er komið sem nú er ljóst orðið, eða hvort langvarandi góðæri í útflutningsframleiðslu landsmanna. Það er skylt að taka það til meðferðar alveg sérstaklega og hvort það er eitthvað fleira, sem þarna kemur til.

Eins og ég hef áður vikið að, var fyrsta fyrirheitið: „atvinnuvegirnir á traustan grundvöll", og svo „að hefta vöxt verðbólgunnar". Það hefur margsinnis verið sýnt fram á það hér við þessar umr. og áður, bæði innan þingsala og utan, að verðbólguvöxturinn hefur aldrei verið örari en í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Þetta segir auðvitað sína sögu varðandi atvinnuvegina, bæði þá, er framleiða vörur til sölu úr landi, og eins þá, sem selja innanlands og nú hin síðari ár í harðri samkeppni við stórframleiðslu gróinna iðnaðarþjóða við tiltölulega lítla vernd af tollalöggjöf og mjög takmarkaðan stuðning á margan annan hátt. Um þetta mætti leiða mörg vitni og engu síður úr röðum stjórnarliða fyrr og síðar. Það er fyrst og fremst verðbólgustefna ríkisstj. og hinn skefjalausi innflutningur ásamt óverjandi skipulagsleysi í fjárfestingarmálum, sem í heild hefur orðið atvinnuvegunum að fótakefli. En það kemur auðvitað margt fleira til, og ég hef sjálfur haft fyrir augum á því svæði, sem ég er kunnugastur, talandi dæmi um ákaflega takmarkaðan skilning valdhafa á raungildi og þjóðfélagslegri þýðingu sumra hinna allra mikilvægustu atvinnugreina, og ég vil leyfa mér hér að bregða upp nokkurri mynd af þessu og þó aðeins stuttlega.

Á valdatíma núverandi stjórnarflokka gerist það, að allur þungi síldveiða við Ísland færist austur fyrir land og allur meginþungi síldarsöltunar og annarrar síldarvinnslu færist um leið til Austfjarðahafna. Á þessu sama tímabili margfaldast einnig síldaraflinn. Það hlaut því að vera gífurlegt átak og stórfelld uppbygging í síldariðnaði og margs konar þjónustustarfsemi, sem þurfti til þess, að það mætti takast að hagnýta öll þau feikilegu verðmæti, er að landi hafa borizt á þessu árabili á nýjum stöðum.

Uppbygging síldariðnaðarins á Austurlandi hófst nokkru áður en núverandi stjórnarflokkar komu til valda, ekki í stórum stíl, en uppbyggingin var þó hafin þá. En þessum byrjunaraðgerðum eystra var mætt af fullkomnu tómlæti og jafnvel beinum fjandskap hjá talsmönnum Sjálfstfl. og þeir beinlínis tóku fyrir uppbyggingu síldarverksmiðjanna fyrstu í Neskaupstað og á Vopnafirði, — tóku hana fyrir sérstaklega, og það var talað um pólitíska fjárfestingu í blöðum þeirra. Og stuðningur við þessar aðgerðir var talinn bera merki um sérstaka spillingu í efnahagsmálum. Þannig var skilningurinn þá. Allt þetta tal er mönnum enn þá í fersku minni austur frá, og það er geymt á sínum stað í blöðum þessara herra frá þessum árum, það er ekki annað en fletta upp á því, ef þeir vilja sannfærast um, hvort rétt er með farið. Og hefðu þá verið orðin stjórnarskipti, hefði þá ekki notið við stuðnings vinstri stjórnarinnar, sem fór með völd á þessum árum, hefðu menn sjálfsagt verið en þá vanbúnari að vinna gull úr síldinni, þegar hún lagðist af fullum þunga að austanverðu landinu, heldur en þeir þó voru. En þetta tal féll auðvitað niður og hefur ekki verið uppi haft á þeim vígstöðvum, síðan síldargengd við Austurland tók að vaxa að verulegum mun. En þótt það félli niður, var vissulega þungt fyrir fæti við áframhaldandi uppbyggingu eystra, og því fór fjarri, að valdhafarnir sýndu eðlilegan skilning þeim þýðingarmiklu athöfnum, sem þar fóru fram, því að þarna þurfti í raun og veru að gera fjölmargt í senn og á sem allra skemmstum tíma. Það þurfti að byggja síldarverksmiðjur víðs vegar og sömuleiðis söltunarstöðvar. Það þurfti að efla og sums staðar að reisa frá grunni netaverkstæði og mörg önnur þjónustufyrirtæki vegna síldveiðanna, beinlínis eða óbeinlínis, og það þurfti að gera hafnarmannvirki mörg og mikil, því að þótt Austfirðingar bjóði upp á góðar hafnir og góð hafnarskilyrði, geta þó ekki skipin lagzt þar að berum og bryggjulausum marbakka. Og þau hafnarmannvirki, er fyrir voru

og höfðu áður gegnt miklu minna hlutverki, þó að þau auðvitað hefðu þá eins og síðar það tvíþætta hlutverk, að þar fór fram út- og uppskipun á vörunum og svo löndun aflans, urðu nú alveg ófullnægjandi. Og enn hefði auðvitað þurft að greiða stórkostlega fyrir samgöngum á sjó og á landi og í lofti vegna þessarar stórfelldu þjóðlífsbreytingar, sem þarna átti sér í raun og veru stað.

En hvernig brugðust íslenzk stjórnarvöld við þessum mikla vanda og þessum stórfelldu verkefnum, þar sem svona mikil verðmæti voru í húfi fyrir þjóðarbúið, eins og allir vita að var og margrómað er í blöðum og útvarpi, — hvernig brugðust þau við? Ég veit, að ég þarf ekki að árétta það hér, að það, sem þarna var um að tefla, voru ekki nein sérmál Austfirðinga. Ef svo hefði verið, hefði ég ekki farið að draga þessi mál hér inn í þessar umr. Þetta voru hlutir, sem höfðu stórkostlega þýðingu fyrir þjóðarbúið í heild. En hver voru viðbrögð stjórnarvaldanna við þessum stórkostlegu verkefnum? Það er í raun og veru ein sorgarsaga frá upphafi til enda. Það var yfirleitt ekki auðvelt að fá stofnlán til síldarverksmiðja á Austurlandi allan tímann. Það var ekki heldur auðvelt að fá leyfi til að fara af stað með þær framkvæmdir á hinum ýmsu stöðum, heldur var þvert á móti þungur róður um þá hluti — þungur róður. Uppbyggingin varð svo ör á Austurlandi í þessum iðnaði sem raun ber vitni fyrst og fremst vegna þess, að aflinn var mikill, verðlagið hagstætt löngum, verksmiðjurnar möluðu gull fyrir sjálfa sig og þjóðarbúið og stjórnendur þeirra drógu út úr rekstrinum til uppbyggingarinnar á hverjum tíma miklu stærri fjárhæðir en eðlilegt var, og raunverulega hægt, því að einnig rekstrarlán til síldariðnaðarins hafa mjög verið numin við nögl. Og þau búa að þessu og búa nú við margs konar erfiðleika fyrir það, að þau hafa orðið að festa óeðlilega mikið fé í stofnkostnaði og ekki getað tryggt rekstrinn á þann hátt, sem hvert vel rekið fyrirtæki þarf að gera. Það hefur heyrzt og ekki sjaldan, að mönnum hafi verið nær að fara hægar í þessum efnum. En ég held, að slíkt tal falli um sjálft sig, ef litið er á tölurnar um þau verðmæti, sem þessi fyrirtæki eru búin að bjarga á undangengnum árum. Þá var ekki betri fyrirgreiðsla vegna söltunarstöðvanna, þvert á móti. Það eru nú nokkur ár síðan raunverulega var skrúfað fyrir öll stofnlán til þeirra, það er þó sá atvinnurekstur, sem nú um þessar mundir skilar kannske hvað beztum árangri.

Það var í sumar gerð út sendinefnd af Austurlandi til þess að ræða við valdamenn hér syðra um þessi mál, ræða við hæstv. ráðh., bankastjóra og aðra ráðamenn í peningamálum. Og málin voru lögð fyrir og borin fram ýmis rök, lagðar fram ýmsar skýrslur, og það var farið fram á það, að það yrði á einhvern hátt reynt að greiða úr fyrir þessum atvinnurekstri, m. a. í formi aukinna stofnlána. — Það er enginn vafi á því, að nógar eignir voru til að veðsetja, — eða þá í formi byrjunarrekstrarlána, því að í ár fengu þessi fyrirtæki, bræðslurnar og söltunarstöðvarnar, í raun og veru engin byrjunarrekstrarlán. Þetta var rætt hér töluvert ýtarlega, en árangurinn af þeim viðræðum varð næsta lítill, en þó urðu þær ekki alveg erindisleysa.

Það verður ekki betra upp á teningnum, nema síður sé, ef litið er til þess aðbúnaðar, sem þjónustufyrirtækin hafa notið hjá ríkisvaldinu og hjá peningavaldinu í þjóðfélaginu, eins og t. d. netagerðirnar. Það eru einmitt netagerðirnar og þörfin þar, sem gefur nokkuð glögga mynd af því, hvað þarna var um að vera og hversu stórkostleg átök þurfti að gera í skyndi. Þróunin í síldarnótunum hefur orðið mjög ör, og þarna gerist í raun og veru margt í senn. Næturnar stækka um helming og raunar miklu meira, fjölmörg skip eru hin síðari árin með tvær nætur í takinu. Nær allur flotinn sækir á Austfjarðamiðin, eins og ég hef þegar minnt á, og þurfa að fá þar þjónustu, og síldveiðarnar færðust fram á haustið og jafnvel veturinn, fram á þann tíma, þegar ómögulegt var að vinna nótavinnuna úti á bryggjum undir berum himni, eins og áður var þó hægt að verulegu leyti, meðan fyrst og fremst var um sumarsíldveiði að ræða. Þegar þetta er haft í huga, er ljóst, að það var óhugsandi að komast hjá stórkostlegri fjárfestingu, ef ekki átti að reka í strand, ef mögulegt átti að vera að sinna þessari þýðingarmiklu þjónustu fyrir flotann. Það hefði áreiðanlega ekki verið neitt óeðlilegt og engin goðgá, þó að ríkisvaldið hefði veitt öflugan stuðning til þess, að þjónustan við síldveiðiflotann fyrir austan yrði sem bezt og fullkomnust, og beinlínis útvegað fjármagn til eðlilegra stofnlána og stuðlað að því, að fyrirtækin fengju nægjanlegt rekstrarfé, en reynslan varð bara allt önnur, eins og ég hef þegar vikið að.

En þetta, sem þarna var að gerast, gerist einmitt á sama tíma og milliliðastarfsemi ýmiss konar, sem vissulega gefur margfalt minni tekjur í þjóðarbúið, þó að hún kunni að vera arðgæf fyrir einstaklingana, sem hafa stundað hana, — á sama tíma hefur þessi starfsemi, að því er virðist, haft greiðan aðgang að fjármagni, og þarf ekki að rekja það nánar hér í hv. d. Slík og þvílík stjórn peningamála — eða öllu heldur stjórnleysi — getur aldrei leitt til góðs, og hún fær auðvitað alls ekki staðizt, þegar til lengdar lætur. Það skýrir svo enn þá þá mynd, sem hér hefur verið brugðið upp af viðhorfi stjórnarvalda til mjög mikilvægs þáttar í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, hvernig þau hafa búið að ýmsum veigamestu þáttum hinna almennu þjónustumála á Austurlandi á þessum missirum, þ. e. samgöngumálunum, en þar er vissulega flest á eina bókina lært. Nýbyggingu veganna hefur miðað hægt. Þótt á þessum árum hafi verið tekin lán til ýmissa vegaframkvæmda og auðvitað nauðsynlegra annars staðar á landinu, þá sáu stjórnarvöldin enga ástæðu til þess að taka lán til að greiða fyrir samgöngumálum á Austurlandi. Þannig fór svo að segja ekki ein einasta króna af því lánsfé, sem varið hefur verið til vegamála á síðustu árum, og ég árétta það enn, sem ég sagði áðan, að hér var mikið í húfi, ekki eingöngu fyrir þennan landshluta, heldur fyrir þjóðina alla vegna þeirrar gífurlegu verðmætasköpunar, sem þarna átti sér stað. Viðhald veganna hefur verið ákaflega bágborið á þessum

slóðum. Mér er t. d. kunnugt um það, að á miðju sumri í sumar var nálega til þurrðar gengið, svo til alveg til þurrðar gengið það viðhaldsfé, sem átti að endast til ársins. Síðan hefur verið haldið fast í og nálega engin leyfi veitt til að gera nauðsynlegustu viðhaldsframkvæmdir, nema það hefur verið leyft að moka snjó af vegum nú í haust, sem auðvitað var með öllu óhjákvæmilegt, eins og á stóð.

Það er ekki betra um að litast varðandi strandsiglingarnar á þessar slóðir. Enginn landshluti á líklega meira í húfi, að strandferðaþjónustan sé góð, heldur en Austfirðingarnir. Og í þeim málum gerist það, að áður en farið er að undirbúa kaup á nýjum og hagkvæmari strandferðaskipum en þau eru, sem nú hafa verið í notkun og orðin gömul og óheppileg, þá eru skipin seld og með þeim afleiðingum, sem Austfirðingar þekkja bezt, en öllum mega þó vera ljósar. Og það er enn sláandi dæmi um algert sinnuleysi stjórnarvalda varðandi samgöngur á Austurlandi, hvernig búið hefur verið að Egilsstaðaflugvelli. Það eru engin einsdæmi, að þar lendi stærstu vélar Flugfélagsins, í innanlandsflugi, fullar af farþegum, með nálega 100 farþega. En þarna hefur aðbúnaðurinn verið slíkur, að það er búið að vera að dútla við það í 5—6 ár a. m. k. að koma þarna upp skýli fyrir afgreiðsluna, og á þeim tíma, sem uppgripin eru slík og ég var að lýsa og verðmætasköpunin, eins og hún hefur verið.

Maður er stundum að spyrja sjálfan sig og aðra, hvers vegna þetta hafi verið svona, hvort stjórnina hafi raunverulega skort getu til þess að gera átak í þessum málum. Ég held, að það hafi ekki verið, og ég held, að hana hafi raunverulega ekki heldur skort vilja til þess. En ég held, að það leyni sér ekki, að hana hafi skort skilning á viðfangsefninu. Það er a. m. k. svo mikið víst, að þegar þurfti að byggja veg fyrir kísilvinnsluna við Mývatn, þá voru til peningar. Ég felli engan áfellisdóm yfir þeirri framkvæmd, og þar hefur væntanlega verið reist myndarleg verksmiðja, sem á eftir að verða gagnleg fyrir okkar þjóðfélag og skapa verðmæti. En það breytir ekki því, að það þurfti einnig annars staðar að gera góða hluti. Og hér sást, hvað hægt er að gera, þegar skilningurinn er fyrir hendi.

Afstaða stjórnarvaldanna til þeirrar atvinnuuppbyggingar í síldariðnaði og skyldum greinum á Austurlandi, sem hin mikla síldveiði þar úti fyrir gerði að knýjandi nauðsyn fyrir þjóðarbúið, er sannarlega ekkert einstök, þó að ég minni á hana hér sem sláandi dæmi. Íslenzkur atvinnurekstur í heild hefur ekki verið hátt skrifaður nú um sinn í þeim herbúðum.

Ég gæti nefnt dæmi um iðnað óskyldan þessum, hversu þrengt er að allri uppbyggingu, eins og nú er komið málum. Mér er kunnugt um iðnfyrirtæki í vaxandi þorpi, ört vaxandi þorpi, sem ekki hefur enn komið því við að byggja yfir starfsemi sína. Þetta fyrirtæki er byggt upp af nokkuð mörgum mönnum, sem sjálfir eru í greininni og vinna störfin. Það hefur haft hug á því að koma sér upp byggingu yfir starfsemi sína. Mér er kunnugt um það, að í allt sumar hafa forsvarsmenn þessa fyrirtækis verið á höttunum eftir stofnláni til þessara framkvæmda, sem eru allt í senn stórkostleg nauðsyn fyrir þetta þorp til tryggingar atvinnu, bein nauðsyn fyrir byggðarlögin í kring, því að víða þar vantar þá þjónustu, sem þarna átti að veita, og auðvitað stórkostleg nauðsyn fyrir þetta unga fyrirtæki, sem er uppbyggt á þann hátt, sem ég gat um og verður að teljast mjög æskilegur. En þessar umleitanir hafa að langmestu leyti orðið árangurslausar allt til þessa.

Það virðist nú vera orðið alveg úrelt gamla orðtakið um að efla íslenzkan iðnað og allt að því bannorð hjá stjórnarvöldum. Ungur iðnaður Íslendinga er enn í mótun og á bernskuskeiði, þrátt fyrir nokkurra áratuga tilvist að vísu, ef borið er saman við langþróaðan iðnað nágrannalandanna. Og það segir vissulega sína sögu, hvaða skilning ríkisstj. hefur sýnt á þessum viðhorfum. Og erfiðleikar íslenzks iðnaðar undir stjórn þessarar hæstv. ríkisstj. voru sannarlega til komnir áður en fór að gæta verðfalls á íslenzkum útflutningsvörum og áður en síldin lagði lykkju á leið sína norðaustur fyrir Svalbarða.

Eins og ég vék að fyrr í ræðu minni, hefur íslenzkur landbúnaður vissulega og eigi síður en aðrar atvinnugreinar hlotið sinar búsifjar af verðbólgustefnu hæstv. ríkisstj. En það er einnig á þessum árum svo ótal margt annað í stjórnarstefnunni varðandi landbúnaðinn, sem hefur verið honum óhagstætt. Það mætti minna á ýmis einstök atriði í því sambandi, en ég skal aðeins fara stutt út í þá sálma. Það mætti minna á það, að það kostaði á sínum tíma langa baráttu hjá samtökum bænda að fá greiðslur vegna ræktunarinnar í landinu færðar til samræmis við hækkandi verðlag. Það kostaði langa baráttu. Í lánamálum landbúnaðarins hefur á undangengnu langvarandi góðæristímabili í útflutningsframleiðslunni og við sívaxandi þjóðartekjur vissulega á margan hátt miðað skammt og stundum horft aftur á bak. Ég minni á lánaskattinn, sem er lagður persónulega á bændurna gagnstætt því, sem gert er um gjöld til stofnlána annarra atvinnugreina. Ég minni á lánstímann, lánstíma stofnlánanna. Það var eitt fyrsta viðbragð núv. ríkisstj. að stytta hann úr 20 árum í 15. Það var hörfað frá því, og hann var lengdur aftur upp í 20 ár. Það er í sjálfu sér allt of stuttur lánstími í Stofnlánadeild landbúnaðarins, því að öllum, sem til þekkja, er það ljóst, að þróun í landbúnaði er og hlýtur alltaf að verða hæg, og það tekur sinn tíma að byggja hann upp svo sem þarf, til þess að arður fáist. Það hefur ekki heldur tekizt, þrátt fyrir alla velgengnina og vaxandi þjóðartekjur, að hækka hundraðshluta þessara lána. Og vextirnir, okurvextirnir, sem verið hafa þennan tíma og auðvitað komið hart við allan atvinnurekstur, koma ekki síst hart við landbúnaðinn, sem eins og ég sagði áðan, er þannig í eðli sínu, að þróun hans er hæg, og hann getur ekki gefið uppgripagróða. Af þessu leiðir auðvitað það, að rekstur þessa atvinnuvegar verður óhagstæðari og hann verður dýrari heldur en ella. Það hefur vissulega margt verið gert í landbúnaðinum, og á stórum svæðum hefur oft

á þessu tímabili verið gott árferði. Bændastéttin hefur lagt hart að sér í framfarabaráttunni, þegar á heildina er litið, og árangurinn komið í ljós í lengst af vaxandi framleiðslu, þrátt fyrir það að vinnandi höndum í sveitum fækki ár frá ári. En sá árangur hefði áreiðanlega orðið miklum mun meiri, ef bændastéttin hefði notið eðlilegrar fyrirgreiðslu í lánamálum sínum á undangengnu góðæristímabili.

Það vita allir, að samvinnufélögin íslenzku eru nátengd bændastéttinni, og það var bændastéttin, sem hóf merkið í þeirri starfsemi á sínum tíma. Og ég vil leyfa mér í framhaldi af þeim ummælum, sem ég lét hér falla um landbúnaðinn, að víkja örfáum orðum að ummælum hæstv. forsrh. hér í hv. d. í gær. Hann fór að tala um verzlunarhallir kaupfélaganna. Það er satt, að sum kaupfélög hafa byggt myndarlega yfir rekstur sinn. Önnur eiga það eftir, því miður. En mér er hvergi kunnugt um það, að það húsnæði, sem hér um ræðir og hæstv. forsrh. kallar verzlunarhallir, sé ekki nýtt til hins ýtrasta. Mjög víða, víðs vegar í kringum landið, eru kaupfélögin eitt meginþjónustufyrirtæki í verzlun og meðferð afurða. Allar eignir þeirra eru óumdeilanlega eignir fólksins sjálfs í byggðarlögunum. Það er fólkið, sem hefur byggt upp kaupfélögin, og þær eignir þeirra verða ekki frá því teknar. Þar er sá reginmunur á, að ef hagnaður verður í einkaverzlun, getur einstaklingurinn, eigandinn, flutt hann burt, og af því hafa mörg byggðarlög landsins fengið að súpa seyðið. En þegar fyrirtækin eru byggð upp á félagslegan hátt, verður hann ekki fluttur burt, heldur gengur annað hvort til félagsmannanna aftur sem arður, eða verður kyrr á stöðunum í eignum fyrirtækjanna. Hæstv. forsrh. talaði um versnandi afkomu Sambands ísl. samvinnufélaga, sem hann taldi stafa af því, að samtökin hefðu verið svipt sérréttindum. Þetta tal er alveg út í hött, og ég leyfi mér að vísa því algerlega á bug. Hitt mun mála sannast, að þessi stærsti aðili í verzlun á Íslandi hafi aldrei notið rétts hlutar í rekstrarlánum og í ýmissi fyrirgreiðslu til jafns við önnur verzlunarfyrirtæki, sem minna hafa umleikis og færri aðilar standa á bak við og fyrst og fremst færri aðilar njóta gróðans af. Það mun mála sannast.

Ég gat ekki heyrt það a. m. k., að það væri nein sérstök hryggð í tóninum hjá hæstv. forsrh., þegar hann minntist á erfiðleika Sambands ísl. samvinnufélaga. Ég gat ekki heyrt það. En það má rétt minna á það, að auk verzlunarreksturs ins, hins almenna verzlunarreksturs, hefur þessi félagsskapur annazt vinnslu og sölumeðferð á afurðum landbúnaðarins að langmestu leyti og með þeim árangri, að vinnslu-, dreifingar- og sölukostnaður á íslenzkum landbúnaðarvörum er lægri heldur en víðast hvar annars staðar. Og það er einnig rétt að minna á það, að í fjölmörgum byggðarlögum hafa einmitt samvinnufélögin verið traustasti hornsteinn atvinnulífsins og brjóstvörn fólksins á erfiðum tímum, já einkum, þegar að hefur kreppt. Og það er auðvelt að styðja þá staðhæfingu með mörgum dæmum, þó að það verði ekki gert hér. Það er augljós þjóðarhagur, að þessum almannafyrirtækjum vegni vel. Og það rennir enn stoðum undir áfellisdóminn yfir stjórnarstefnunni, að einnig þessi starfsemi skuli nú verjast í vök.

Ég vil svo leyfa mér að nefna enn eitt dæmi um undarleg viðhorf hæstv. ríkisstj. til innlends framtaks, en það er í sambandi við siglingarnar. Siglingarnar voru öldum saman í erlendum höndum. Það, að Íslendingar eignuðust sjálfir sín skip og væru ekki háðir erlendum aðilum um flutninga til og frá landi, var talið sjálfstæðismál á sínum tíma og ekki litið. Og þó að ég muni það ekki, þá eru þeir margir, sem muna þá hrifningu, þá stemmningu, sem var með þjóðinni, þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað til þess að leysa þennan vanda.

Það eru sjálfsagt einhverjir líka af eldri kynslóðinni, og auðvitað margir, sem muna það, sem við hinir höfðum aðeins lesið um, hvernig snúizt var við stofnun Eimskipafélagsins af þeim aðilum, sem þá önnuðust siglingar hér við land. Það var ekki hikað við undirboð á fröktum, og það átti að reyna að knésetja þetta íslenzka skipafélag þegar í byrjun. En íslenzkir aðilar sáu sóma sinn í því þá að bjarga þessu fyrirtæki yfir byrjunarerfiðleikana og skipta við það, þó að þeir gætu fengið vörurnar fluttar á ódýrari hátt í bili. Kannske er þetta eitthvað breytt núna, að siglingar séu ekki eins þýðingarmiklar fyrir þessa eyþjóð og þær voru þá. Ég held, að þær séu enn alveg í sínu sama og fulla gildi. Það eru smámunir, en þó finnst mér það alltaf ömurlegt að heyra dönsku talaða á stjórnpalli strandferðaskips Skipaútgerðar ríkisins, eins og verið hefur nú um missiris skeið, en það eru smámunir. Hitt var alvarlegra, þegar það gerðist á sínum tíma, að Hamrafellið var svipt olíuflutningum til Íslands á þeim tíma, þegar fraktin var lág og Rússar undirbuðu hið innlenda skipafélag. Það var alvarlegur hlutur, hvernig staðið var að þeim málum af hálfu valdhafa með þeim afleiðingum, að við urðum að láta af höndum, selja, þetta eina skip, sem annazt gat olíuflutninga til landsins. Olían er orðin stórkostlegur liður í okkar innflutningi, sem orkugjafi farartækja og iðnaðar og á heimilum og til margra hluta. Og það er engin tilviljun, að núna í farmannaverkfallinu er fyrsta neyðarkallið, sem kemur utan af landsbyggðinni, vegna þess að það vantar olíu. Það svona gefur auga leið, hvert gildi það hefði fyrir Íslendinga að ráða sjálfir yfir olíuflutningum til landsins að verulegu leyti.

Af því, sem hér hefur verið rakið, bæði af mér og mörgum öðrum stjórnarandstæðingum, er það ljóst, að stefna hæstv. ríkisstj. og viðhorf hennar gagnvart íslenzkum atvinnuvegum er alröng, ekki einasta hvað snertir viðbrögðin í verðlags- og efnahagsmálum, heldur einnig á mörgum, mörgum öðrum sviðum. Og þessi skoðun á sér vissulega einnig málsvara innan stjórnarflokkanna sjálfra. Eftir einum af kunnustu forystumönnum Alþfl. hafa nýlega verið höfð þessi ummæli: „Till. ríkisstj. virðast stefna að samdrætti í atvinnulífinu, en með því er boðið heim ægilegasta vágesti allra launþega, atvinnuleysinu. Engar till. liggja fyrir a. m. k. um þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að fyrirbyggja slíkar

afleiðingar svo sem heildarstjórn á fjárfestingunni og markvissar ráðstafanir til verndar á gjaldeyri gegn miður þörfum innflutningi. Á erfiðleikatímum er nauðsynlegt að taka fyrir óskipulega og óhagkvæma bindingu fjár, en beina hins vegar fjármagninu til uppbyggingar atvinnufyrirtækja, sem gefa gjaldeyristekjur eða eru gjaldeyrissparandi. Ekki eru kunnar neinar till. eða aðgerðir frá hendi ríkisvaldsins til að herða skattaeftirlitið, sem er þó að flestra dómi hin mesta nauðsyn, jafnvel er skattsvikurunum léttur róðurinn með útgáfu óframtalsskyldra spariskírteina."

Þessi rödd er ekki frá stjórnarandstæðingum, heldur úr stjórnarliðinu, og þessi rödd er ekki einstök núna um þessar mundir, ekki heldur í því liði. Daglega má heyra svona raddir, þar sem tveir eða fleiri menn hittast á biðstofum bankanna, skrifstofum fyrirtækja og á götum úti. Og hvað um samstöðuna í launþegasamtökunum? Ber hún vott um traust á stjórnarstefnunni? Nei, öðru nær. Hún er í raun og veru eitt samhljóða vantraust á stefnu eða stefnuleysi núv. hæstv. ríkisstj., og að álitsgerðum launþegasamtakanna standa menn úr öllum stjórnmálaflokkum.

Ég hygg, að það sé komið á daginn svo ljóslega, að um það þurfi ekki að deila, að það er og verður aldrei stætt á því fyrir okkur Íslendinga að taka í notkun hér á landi erlendar hagfræðikenningar nokkurn veginn hráar. Aðstæður okkar eru, þrátt fyrir þá þróun, sem orðið hefur hér á þessari öld, svo gersamlega ólíkar aðstæðum nálægra þjóða, sem búa að uppbyggingu í iðnaði, í atvinnulífi í heild og í sínu efnahagskerfi, sem varað hefur ekki örfáa áratugi, eins og hér, heldur árum saman og jafnvel öldum saman.

Það er líka enginn vafi á því, að í okkar fámenna þjóðfélagi, sem ekki telur fleiri íbúa heldur en sem svarar mannfjölda í einni götu í stórborg, verðum við að gæta að því að yfirbyggja ekki þetta litla þjóðfélag meira en góðu hófi gegnir með allt of viðamiklu og dýru stjórnkerfi. Ég fer ekki um þetta atriði mörgum orðum. Öllum er ljóst, hversu landið er stórt, hversu það er strjálbýlt og hversu margt í samgöngumálum okkar og fleiri greinum er tiltölulega miklu dýrara hér en með öðrum og fjölmennari þjóðum. Þessa atriðis hefur sjálfsagt ekki verið gætt eins og skyldi um langan tíma, ekki verið höfð nægileg varúð. En allra sízt hefur þessa verið gætt og nægileg varúð viðhöfð að þessu leyti nú, á valdatíma núv. hæstv. ríkisstj.

Enn er það, sem við áreiðanlega þurfum að gjalda varhuga við, Íslendingar, og gera okkur ljóst í tíma og er sannarlega mál til komið, og það er það, að íslenzk atvinnustétt, fólkið, sem vinnur að framleiðslustörfunum og hinum nauðsynlegustu þjónustuframkvæmdum, sem þeim eru tengd, það er svo fátt, að það getur ekki staðið undir stórri og fjölmennri eyðslustétt. En við vitum það, að dæmin blasa við víðs vegar, að nú þegar höfum við orðið með þessari þjóð æði stóran hóp af slíku fólki, fólki, sem hefur tekizt að koma sér í þá aðstöðu að afla sér mikilla tekna á ýmsan hátt og notar þær síðan til óhófseyðslu. Það hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað jafnfámenn þjóð og Íslendingar geta veitt sér fjölmenna eyðslustétt, ef væri hægt að nota það orðatiltæki í þessu efni.

Þetta, sem ég hef nefnt hérna, erlendu hagfræðikenningarnar, yfirbyggingin og óhófseyðslan, þetta eru allt atriði, sem fullkomin ástæða er til að vara núv. hæstv. ríkisstj. við. Og auðvitað fullkomin ástæða til fyrir alla þegna þjóðfélagsins að gera sér glögga grein fyrir. Það er svo annað mál, að þó að margt gangi nú úrskeiðis í okkar þjóðfélagi, fer því auðvitað fjarri, að við töpum trúnni á framtíð landsins og framtíð íslenzkra atvinnuvega. Því fer fjarri. Þessi þjóð hefur staðið af sér marga erfiðleika fyrr og síðar og hún gerir það enn. En vegna þess að stjórnarstefnan er röng, er ekki hægt að bíða og bíða þess, að „bráðum komi betri tíð með blóm í haga". Það þarf að snúast við vandamálunum í heild og taka þau til meðferðar frá rótum. En það er ekki gert í frv. hæstv. ríkisstj. um efnahagsráðstafanir, í því frv., sem hér liggur nú fyrir til umr. Því er aðeins ætlað að leysa hluta af þörfum ríkissjóðs á leiðinlegasta máta og að staðfesta nokkrar þær aðgerðir, sem áður hafa verið ákveðnar varðandi atvinnuvegina. Það er þess vegna óhætt að stöðva þetta frv. enn um sinn. Stjórnin stöðvaði meðferð þess í um það bil mánuð, og það er óhætt að hægja á því enn, og kennske verður það gert, og þannig mundi maður kannske mega skilja ummæli hæstv. forsrh. í gær. Hann flutti þá hér alllanga ræðu. Og mér virtist það ganga eins og rauður þráður í gegnum þá ræðu hans alla, þetta, að við viljum halda samningunum áfram, við viljum ræða við hvern, sem vill við okkur tala. Við erum allir af vilja gerðir. Og ég hygg, að það fari ekki framhjá neinum, að það hefur a. m. k. að nokkru leyti núna upp á síðkastið breytzt tónninn hjá stjórnarliðinu. Til skamms tíma voru algengar í skrifum Morgunblaðsins alls konar hótanir og bein fúkyrði til þeirra, sem leyfðu sér að álíta, að nauðsyn væri á allsherjarsamstöðu um lausn vandans. Og það var stöðugt minnt á það, hverjir valdið hefðu á Íslandi í dag, hverjir hefðu þingmeirihl. Það væri betur, ef einhver alvara fylgdi og ég sæi það rétt, að tónninn sé raunverulega breyttur.

Það er víst um það, að það er hægt að finna fleiri leiðir út úr þeim hluta vandamálanna, sem frv. þetta fjallar um, heldur en þær, sem þar greinir. Ábendingar launþegasamtakanna þar að lútandi hafa áreiðanlega ekki verið skoðaðar til neinnar hlítar, eins og raunar hæstv. forsrh. játaði í ræðu sinni í gær. Hann sagði, að það væri ekki hægt að komast til botns í slíkum málum á örstuttum fundum. Og auðvitað getur margt fleira komið til greina í sambandi við afgreiðslu fjárl. heldur en þær hugmyndir, sem þar var hreyft. Þessu frv. liggur þess vegna ekkert á. Það var lagt í salt við 1. umr. Ég held það væri hæfilegt að umsalta það núna. Það mætti þá við 3. umr. blóðskera það og vaska, og þá kannske yrði það orðið boðleg markaðsvara á eftir. En hitt þolir enga bið að snúa sér að vanda atvinnuveganna og virkja og sameina þar til átaka alla

nýtanlega krafta „innan þings og utan“, svo að notað sé orðalag hæstv. forsrh.

Ég mun nú stytta mál mitt, en ég vil að lokum aðeins segja þetta. Núv. stjórnarflokkar hafa setið að völdum í tvö kjörtímabil. Þeir hafa verið einráðir, og þeir hafa verið samhentir að því er virðist, og þeir hafa því getað mótað stefnu sína sjálfir. Lengst af þennan tíma hefur verið rakið góðæri í útflutningsframleiðslunni. Það hefur verið vaxandi afli lengst af og hækkandi verðlag. En stjórnarflokkarnir höfðu ekki vald á efnahagsþróuninni, og stefna þeirra gagnvart atvinnuvegunum var röng. Á öndverðu þessu ári mátti glöggt sjá, hvert stefndi, og raunar miklu fyrr. En við kosningarnar í vor var hafin ein hin mesta blekkingaherferð, sem um getur í íslenzkri stjórnmálasögu. Grunntónninn í þeirri herferð bergmálast glögglega í eftirfarandi ummælum aðalmálgagns stjórnarflokkanna, Morgunblaðinu, en þau birtust 29. apríl í vor, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðfallið, sem hefur orðið á 2/3 útflutningsframleiðslu landsmanna, hefur svo sem vænta mátti, skapað margvísleg vandamál, sem ríkisstj. og Alþ. hafa brugðizt við á þann hátt, að tekizt hefur farsællega að leysa þau tímabundnu vandamál, sem af því sköpuðust“. Og enn segir þar: „Það hefur réttilega verið á það bent, að vegna þess hversu viðreisnarstjórnin hefur styrkt efnahag landsmanna og efnahagskerfið í heild, hefur tekizt að leysa hin tímabundnu vandamál, án þess að það hafi leitt til kjaraskerðingar inn á við eða haftastefnu út á við, en óhætt er að fullyrða, að fyrir aðeins einum áratug hefði slíkt verðfall valdið hinum mestu búsifjum með þjóðinni“.

Hér fer ekkert á milli mála. Fyrir kraft viðreisnarinnar eru öll vandræði leyst, þjóðarskútan er komin inn fyrir skerjagarðinn. Þetta var tónninn fyrir kosningar. Og þetta hreif. Út á þennan málflutning vann stjórnarliðið meiri hl. sinn í kosningunum í vor, út á hann. Núna, aðeins örfáum mánuðum síðar, eru margar megingreinar atvinnulífsins að komast í þrot, og efnahagsmálunum í heild virðist stefnt í algert öngþveiti. Það er áreiðanlega langt síðan íslenzkir atvinnuvegir hafa verið fjær því en núna að eiga sér heilbrigðan rekstrargrundvöll. Skipbrot stjórnarstefnunnar blasir þannig við allra augum og er á hvers manns vörum, og hæstv. ríkisstj. ber einnig að viðurkenna þessar staðreyndir og hegða sér í samræmi við það, sem orðið er.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þetta mál er orðið það mikið rætt hér á hv. Alþ., að þess vegna hefði ég getað látið hjá líða að taka þátt í þessum umr. Það er í sambandi við kafla úr ræðu hæstv. forsrh. hér í gærkvöldi og ummæli, sem fram komu í framsöguræðu hv. 1. þm. Reykn. (MÁM), er hann talaði fyrir þessu máli hér í hv. Ed. Að þessum atriðum vil ég nú víkja.

Hæstv. forsrh. ræddi um það í ræðu sinni í gærkvöldi, að rétt væri að athuga ýmis þau atriði, er fram höfðu komið í umr. á milli hæstv. ríkisstj. og fulltrúa frá stéttarfélögunum. Við skulum skoða þetta, sagði hæstv. forsrh. Rétt er nú að víkja að þessu. Og hér talaði sá, sem kunni sína lexíu og ekki þurfti að fara að lesa sér til. Hæstv. ráðh. hefði samt átt að muna það, að á vegum hæstv. ríkisstj. eru tvær stofnanir. Önnur heitir Efnahagsstofnun og hin Hagsýslustofnun. Hlutverk þessara stofnana er m. a. að undirbúa fjárlög og verða ríkisstj. til ráðuneytis í sambandi við efnahagsmál. Rétt var nú samt að dómi hæstv. ráðh. að skoða betur ýmis atriði, þó að þessar stofnanir hefðu lagt sig fram að sjálfsögðu að vinna verkið og verið ríkisstj. til ráðuneytis.

Fyrsta atriðið, sem hæstv. forsrh. ætlaði að skoða, var skattheimtan og skatteftirlitið. Er nú hæstv. ráðh. búinn að gleyma því, að eitt af fyrstu boðorðum hæstv. viðreisnarríkisstj. var að taka skattamál þjóðarinnar til gagngerðrar endurskoðunar? Og hæstv. ríkisstj. hefur gert þetta. Hún hefur tekið skattamálin til sérstakrar meðferðar. Hún lagði niður allar skattanefndir í landinu í sparnaðarskyni. Og hver er svo árangurinn af þessari skoðun þeirra stjórnarherra? Árangurinn er sá, að kostnaður við álagningu skatta í landinu hefur sexfaldazt á tímabili núverandi valdhafa. Það er eini árangurinn, sem sýnilegur er frá því, sem áður var. Og svo kom hæstv. forsrh., eftir að hafa samþ. nokkrar skattstofur og með sína Efnahagsmálastofnun og hagsýslu og ætlaði að leita til fólksins í landinu um það, hvort ekki mætti finna einhver ráð í skattheimtunni, sem betur dygðu heldur en þessum aðilum hefði tekizt. Hér var um góða játningu að ræða hjá hæstv. ráðh., en mér fannst hann gleyma því, hvað þeir hefðu gert, stjórnarherrarnir, í þessu máli.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að nú væri betri innheimta á sköttum heldur en áður hefði verið. Hvaðan hafði hæstv. forsrh. þessar skýringar? Samkv. ríkisreikningi undanfarandi ára hefur þetta alltaf gengið á hinn veginn. Það hafa verið meiri eftirstöðvar af ríkistekjum ár frá ári heldur en ársins á undan. Og með samanburði á ríkisreikningi 1966 og 1965 eru um 20% meira útistandandi 1966 heldur en árið áður. Þetta er hin góða skattinnheimta, sem hefur farið mjög í vöxt að dómi hæstv. forsrh.

Það voru fleiri atriði, sem hæstv. forsrh. ætlaði að skoða, og það var sparnaður í ríkisrekstrinum, sem rétt væri að skoða betur heldur en enn hefði orðið. En man ekki hæstv. forsrh. eftir því, að tveir af ráðh. hæstv. ríkisstj., fyrrv. og núv. hæstv. fjmrh., hafa sameiginlega gefið þjóðinni 59 tölusett loforð um sparnaðinn? Hvað hefur orðið af framkvæmdum í þessum sparnaðarfyrirheitum? Heldur hæstv. forsrh., að það verði eitthvað raunhæfara, þó að þeir gefi nú stéttafélögunum í landinu fyrirheit um sparnað? Þeir aðilar, sem staðið hafa að ríkisstj. í 8 ár, gáfu fyrirheit um 59 sparnaðarloforð til framkvæmda, en hafa gleymt að framkvæma þau. Ætli efndirnar yrðu ekki svipaðar, þó að þeir gæfu nú ný fyrirheit um sparnað? En hæstv. forsrh. hefði átt að víkja nokkuð að útþenslunni, sem hefur orðið í ríkisbákninu hjá hæstv. núv. valdhöfum. Eitt af því, sem átti að spara í sambandi við fyrirheitin frá 1960, var í utanríkisþjónustunni.

Það átti að sameina sendiráðin á Norðurlöndum, og síðar var talað um sameiningu sendiráða í París. Og það var lítið lof sungið, þegar sú framkvæmd var gerð. En hvað hefur nú gerzt? Það eru orðin tvö sendiráð í Washington og sendiráðið í París vaknað upp hjá Atlantshafsbandalaginu í Brüssel á þessu ári, þannig að það hefur ekkert sendiráð verið lagt niður, heldur einu verið bætt við. Nú er það ljóst, að kostnaður við utanríkismál Íslendinga er að verða gífurlegur. Hann er á milli 70—80 millj. á því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ. Ekki var farið í lúsaleit í sambandi við undirbúning fjárlagafrv. nú, að reyna að spara á utanríkisþjónustunni, síður en svo. Það er ljóst, að sú stefna, sem fylgt er í utanríkismálum, verður þjóðinni óframkvæmanleg vegna þess, hve hún er dýr. Það er ekki hægt að halda uppi því kerfi sendiherra, sem nú er haldið uppi og stefnt er að hjá núv. valdhöfum, og ótal sendinefndum á ráðstefnur og alls konar þing eins og nú er gert. Við verðum að velja á milli, verðum að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, þar sem við tökum ákvörðun um það, hvora leiðina við ætlum að fara. Það er óframkvæmanlegt að fylgja þessum leiðum báðum. Og það breytir engu, þó að hæstv. ríkisstj. gefi nú stéttarfélögunum í landinu loforð um það, að hún ætli að endurskoða þetta. Hún hefur setið í 8 ár án þess að koma því í framkvæmd.

Ég vil líka minna á það, að áður en núverandi valdhafar komu í valdastólana, sögðu þeir, að það þyrfti ekki nema réttsýni og kjark til þess að koma sparnaði við. Nú virðist hvort tveggja skorta. Það hefur verið útþensla á ríkisbákninu á fleiri sviðum heldur en í utanríkisþjónustunni og skattstofunum.

Hvað segir sagan um dómsmálin í landinu? Síðan 1960, þegar fyrstu fjárlög viðreisnarstjórnarinnar voru afgr., hefur útþenslan í dóms- og lögreglumálum í landinu fjórfaldazt. Þannig hefur verið á þeim málum haldið, og hvað halda hv. alþm., að hafi aukizt kostnaðurinn við það að setja upp 3—4 borgarfógeta, borgardómara og borgarlögmenn hér í Reykjavík? Það eru orðnar æði margar skrifstofurnar hér í höfuðborg landsins, sem eru þiljaðar innan með harðviði á kostnað íslenzka ríkisins. Og mér þætti ósennilegt, að það væri hægt að sýna fram á það, að þó að íslenzka ríkið hafi keypt Borgartún 7 og sett þar upp sínar skrifstofur, hafi dregið úr leiguhúsnæði á vegum ríkissjóðs hér í bæ. Það hefur hver stofnunin á fætur annarri verið sett upp á vegum núv. valdhafa. Auk Efnahagsstofnunar má nefna Almannavarnir og saksóknaraembættið, og það hefur verið fjölgað í stjórnum eins og húsnæðismálastjórn, útvarpsráði og bankaráðum, einnig hefur bankastjórum verið fjölgað, af því að hæstv. ríkisstj. hefur þurft að koma sínum mönnum þar fyrir. Það gildir því lítið, þó að hæstv. forsrh. komi hér og segi eftir 8 ára setu í ríkisstj. með ótal ráðum og nefndum: „Það má nú taka einhverja daga í að skoða þetta“.

Þeir eru búnir að sitja það lengi í ríkisstj., þessir háu herrar, að ef þeir hefðu viljað skoða þetta í raun og sannleika, væri eitthvað af framkvæmdum orðið. En áhuginn fyrir að skoða fjármál ríkisins og fleiri vandamál hefur ekki kvalið núverandi valdhafa. Það má líka benda á það í sambandi við meðferð fjármála ríkisins nú, að við fjárlagaafgreiðslu í fyrra var hækkað til reksturskostnaðar fjölmargra embætta og stofnana um 30—50%. Það var bent á það af okkur Framsfl.-mönnum þá, að þetta væri framkvæmd, sem ekki mætti gera, það væri ekki hægt á einu ári, — þótt það sé ekki óvanalegt í efnahagsmálum, sbr. gengisbreytingar og annað slíkt, — að láta embætti og stofnanir fá 30—50% hækkun á sínum fjárreiðum. Enda er nú komið á daginn, að nú skortir ríkissjóð um 800 millj. kr. til þess að ná saman endum. Og það er ekki gengið á það lagið að leita eftir því við þessar stofnanir, sem svona vel var við gert í fyrra, að þær dragi úr sínum kostnaði. En það má koma við sparnaði á heimilunum, þar sem börnin eru flest og fólkið hefur tekjur aðeins til að kaupa mat og föt.

Þannig er stefna hæstv. ríkisstj. Þannig hefur hún verið, og þannig hefur hún færzt í aukana ár frá ári. Allt tal hæstv. ríkisstj. um sparnað hefur orðið aukin eyðsla í framkvæmdinni. Eitt af því, sem átti að spara, var kostnaður við launaðar nefndir og undirbúning mála. Það hefur aldrei verið greitt meira til þeirra mála heldur en einmitt nú á síðustu árum. Sama er uppi um ferðalög og veizlur hæstv. ríkisstj., þó að það væri eitt af gefnum sparnaðarfyrirheitum, að úr veizlum og ferðalögum skyldi dregið. Vita þeir, sem fylgjast með útvarpi, um ferðalög ráðamanna þjóðarinnar?

Ég tek undir það, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., að ég er ekki fylgismaður þess, að fjárlög verði afgreidd með greiðsluhalla. Það álít ég, að sé óskynsamlegt og þurfti heldur ekki að gera, ef vel er á þeim málum haldið. En ég vil líka benda á það, að það er síður en svo, að það sé neitt við þá stefnu að athuga, að stofnanir eins og Póstur og sími, sem fjárfestir um 150 millj. kr. á einu ári, taki lán til þeirrar fjárfestingar að einhverju leyti. Það er allt of mikið að ætlast til þess, að það sé hægt að taka út úr rekstri slíkrar stofnunar um 150 millj. á ári hverju til fjárfestingar. Það er eðlilegt að gera það með því að taka lán, sem síðar yrði borgað og dreifa þannig framkvæmdinni. Það þýðir ekkert fyrir núverandi valdhafa að fara að tala um það við þjóðina, að þeir skuli athuga það, hvort ekki megi sparnaði við koma. Reynslan sýnir það, að þegar þeir hafa talað um sparnað, hefur framkvæmdin orðið útþensla og eyðsla. Enda hefur svo farið, að frá því að þeir sömdu sín fyrstu fjárlög 1960 til þeirra fjárlaga, sem nú á að afgreiða, eru þau meira en fjórföldu. Það talar sínu máli.

Hæstv. forsrh. sagði: „Þjóðin verður að taka á sig einhverja kjaraskerðingu vegna þess ástands, sem orðið er“. Það er rétt. Ástandið í þjóðmálunum, m. a. fyrir ranga stjórnarstefnu, er orðið þannig, að þjóðin verður að taka á sig kjaraskerðingu. Og það gerir hún, þó að frv. ríkisstj. nái ekki fram að ganga. Það kom einnig fram í ræðu hæstv. forsrh., að nú hefur verulega dregið úr yfirvinnunni hér á landi, en það

er hinn langi vinnudagur, sem hefur skapað ráðstöfunartekjur fólksins í landinu. Það vita það allir, að af 8 stunda vinnudegi hefur hinn venjulegi borgari ekki nema til hnífs og skeiðar. Það er hinn langi vinnudagur, hin mikla vinna, sem hefur gert það að verkum, að fólk hefur búið við þau kjör, sem það hefur búið við.

Nú er hins vegar svo komið, að 8 stunda vinnudagurinn er víðast hvar að verða ríkjandi, einnig hjá þeim, sem eru í föstum störfum, en þeir hafa líka notið yfirvinnu í ríkum mæli. Þess vegna tekur hinn almenni borgari í landinu á sig kjaraskerðingu og er þegar farinn að gera það og mun gera það í ríkara mæli, þó að frv. ríkisstj. verði ekki að l.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni í gær, að það mundi vera skoðun stjórnarandstöðunnar, að till. ríkisstj. leiddu út í ófæru. Þetta er rétt. Það er skoðun stjórnarandstöðunnar, að till. ríkisstj. leiði út í ófæru. Og því má bæta við: Það er skoðun stjórnarandstöðunnar, að stefna ríkisstj. sé þegar búin að leiða út í ófæru og þess vegna er stjórnarandstaðan í andstöðu við þessa stefnu. Og hæstv. forsrh. þarf ekki að undrast, þó að menn, sem hafa þá skoðun, leggist gegn þessu frv. og stefnu hæstv. ríkisstj. Ég vil máli mínu til sönnunar, með leyfi hæstv. forseta, aðeins minna á, hvernig núv. hæstv. forsrh. lagði línuna um stefnuna, sem ríkisstj. ætlaði að fara, í áramótagrein, sem hann skrifaði og birtist 31. des. 1960, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Varnarveggurinn, sem reistur var í ársbyrjun 1959, var frá upphafi einungis hugsaður til bráðabirgða. Eftir var að marka efnahagsþróuninni nýjan farveg, svo að meira jafnvægi skapaðist og þar með rénaði hættan á því, að linnulitlar, nýjar verðbólguöldur sópuðu burtu miklu af því, sem hefur áunnizt í hléunum á milli þeirra. Það er þetta verk, sem núv. ríkisstj. tók að sér, þegar hún var mynduð í nóvember 1959. Það kann ekki góðri lukku að stýra, að sjávarútvegurinn, sem framleiðir nær allar útflutningsvörur þjóðarinnar, fær ekki staðizt nema með ríkisstyrkjum."

Þetta var stefna hæstv. ríkisstj. Þetta er stefnan, sem hv. 1. þm. Reykn. sagði í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. hér, að ekki verði deilt um góðan árangur af.

Þá höfum við það. Góður árangur af efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj., ekki er að efa það. Og svo er komið hér með frv. til þess að gera ráðstafanir í efnahagsmálum vegna vandræðanna. Nú segja þeir hv. stjórnarsinnar, að þetta stafi auðvitað af því, að árferði sé nú svo erfitt og langt frá því að vera eins og þeir höfðu nú ætlazt til, þegar þeir ákváðu sína stjórnarstefnu. En eins og kunnugt er, eru þeir ekki að stjórna í fyrsta skipti árið 1967. Þeir stjórnuðu líka á árunum 1964, 1965 og 1966, og það voru betri ár í sögu þjóðarinnar, heldur en nokkru sinni fyrr. Það var meiri afli, heldur en áður hafði þekkzt. Það var hærra verð á söluafurðum, heldur en nokkru sinni fyrr. Útflutningstekjur þjóðarinnar voru meiri, heldur en áður hafði verið. En samt var það nú svo, að í árslok 1964 þurfti að gera ráðstafanir með því að hækka söluskattinn úr 3% í 5%, vegna þess að ríkissjóðstekjurnar eða ríkissjóður náði ekki saman endunum. Og það var ekki látið við það eitt sitja. Það var farið að styðja atvinnuvegina líka á árinu 1964 í sambandi við breytinguna á söluskatti. Í ársbyrjun 1965 var farið enn á ný út til þess að styðja atvinnuvegina, og þá var það gert með því að taka 20% niðurskurð á verklegum framkvæmdum fjárl. Þessi upphæð, sem þá var flutt til atvinnuveganna, var um 120 millj. kr. Í ársbyrjun 1964 voru fluttar til atvinnuveganna um 200 millj. kr. Í ársbyrjun 1966 var svo haldið áfram, og þá voru fluttar 230 milljónir. Þetta var gert vegna atvinnuveganna, þrátt fyrir góðærin, þrátt fyrir aflametin, þrátt fyrir það, að verðlagið var betra en nokkru sinni fyrr. Og það sýnir kannske betur en margt annað stefnu hæstv. ríkisstj., að það þurfti 5 milljónir árið 1960 til þess að greiða landbúnaðinum útflutningsuppbætur, en nú þarf 248 millj., og ég hika ekki við að fullyrða, að afkoma landbúnaðarins var betri 1960 en hún verður 1968 eins og nú horfir. Þetta sýnir, hvernig dýrtíðarstefna hæstv. ríkisstj. hefur grafið grunninn undan atvinnulífinu í landinu. Það sýnir það líka, að 1960 þurfti ekki að styrkja sjávarútveginn, en nú er hann styrktur með ríkisframlögum svo hundruðum millj. nemur. Er það í samræmi við góðan árangur af stefnu hæstv. ríkisstj.

Þannig er þetta allt á eina bókina lært, stefna hæstv. ríkisstj., stefnan, þar sem fjármagnið hefur ráðið ferðinni og atvinnuuppbyggingin, fjárfestingin og annað hefur verið gersamlega stjórnlaust, hennar árangur hefur verið sá, að við stöndum í dag frammi fyrir miklum erfiðleikum í atvinnulífi Íslendinga, meiri erfiðleikum en kannske nokkru sinni fyrr. Við stöndum frammi fyrir því, að halli er á ríkissjóði, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar, og við stöndum einnig frammi fyrir því, þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar frá kosningunum í vor, að það er farið að taka gjaldeyrislán, af því að svo er á sjóðinn góða gengið. Og svo eigum við að hlusta á það rólega, að það sé sagt hér á hv. Alþingi, að ekki verði deilt um góðan árangur af efnahagsmálastefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta er góði árangurinn, sem ekki á að deila um. Og svo kemur hæstv. forsrh. og segir, að það megi skoða þetta og hitt eftir 8 ára setu ríkisstjórnarinnar, þegar allt gleymdist af fyrirheitunum, sem gefin voru, áður en þangað var farið. Það er varla hægt að hugsa sér meiri öfugmæli en þau, að tala um góðan árangur af efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj. um leið og frv. um aðgerðir í efnahagsmálum er rætt. Ég legg alltaf mikið upp úr því, sem er fyndið og skemmtilegt, og met þess vegna þennan þátt hv. frsm. á þann veg, að til skemmtunar megi verða. Þótt það verði að segja eins og er, að í svo alvarlegu máli sem þessu er varla hægt að halda skemmtun uppi.

Um það verður ekki deilt, að íslenzka þjóðin á við mikla erfiðleika að etja nú. Því veldur stjórnarstefnan, eins og ég hef þegar sýnt fram á, og því veldur einnig sú breyting, sem hefur orðið á íslenzku afurðaverði erlendis og aflatregða á s. l. þorskvertíð. Hitt er spurning, hvort

þetta frv., sem hér er til umr., leysi vandann. Og hvernig á að leysa vanda atvinnulífsins í landinu með því að leggja á þjóðina meiri álögur en áður hefur verið? Er það lausn vandans? Og ekkert af tekjum af þessum álögum á að ganga til atvinnuveganna, umfram það, sem áður var. Það er fjarri öllu lagi, að þetta frv. leysi vandann heldur hitt, að það mun auka hann.

Einn þátt frv. vil ég ræða sérstaklega, en það er sú ákvörðun hæstv. ríkisstj. að tólffalda fasteignaskattinn og taka tekjur af honum í ríkissjóð. Það hefur verið mikið til umræðu hjá sveitarfélögunum og ekki sízt í sambandi við þá hugsun, að við hverfum frá innheimtu skatta, eins og nú er, og að staðgreiðslukerfi. Það er mín skoðun, að það sé leið, sem við verðum að fara inn á í okkar skattheimtu. Árið í ár með mikilli tekjurýrnun frá því, sem áður hefur verið, mun sýna og sanna, bæði þeim, sem skattanna eiga að njóta, og hinum, sem þá eiga að greiða, að það er mjög varhugavert að ætla sér að innheimta skatta ári eftir, að teknanna er aflað. Til þess að koma þessu máli í framkvæmd hafa sveitarfélögin stefnt að því marki að gera fasteignaskattana mikið virkari en þeir eru nú í þeirra tekjum. Það er í raun og veru forsenda þess, að það verði hægt að koma þessari skattheimtu á, að fasteignaskattarnir verði notaðir. Með þeirri ákvörðun hæstv. ríkisstj., ef hún á að gilda áfram, verður ekki hægt að ganga á þennan tekjustofn, svo er að honum sorfið. Þess vegna verður hér að verða stefnubreyting, til þess að það sé hægt að hagnýta fasteignaskattana sem tekjustofna fyrir sveitarfélögin.

Það er líka annað atriði, er varðar sveitarfélögin í sambandi við þetta frv. Þegar hæstv. ríkisstj. kom með verðstöðvunarfrv. í fyrra og þau l., sem giltu nú til 1. nóv., var raunverulega það eina nýmæli í þeirri löggjöf, að sveitarfélögin máttu ekki breyta álagningarreglum sínum nema með samþ. hæstv. ríkisstjórnar. Önnur ákvæði laganna voru í gildandi l., eins og nú hefur komið á daginn. Það var svo, að sveitarfélög hafa að sjálfsögðu fylgt þessu. En þegar þeir gerðu sínar fjarstæðu áætlanir fyrir árið 1967, gerðu þeir m. a. ráð fyrir því, að óbreyttar væru þær greiðslur, sem þau þyrftu að inna af hendi, eins og t. d. framlag til Tryggingastofnunar ríkisins. Þegar hins vegar fór að líða á árið og fram kom reikningur frá Tryggingastofnun ríkisins, var hann um 20% hærri en árið áður. Sveitarfélögin höfðu ekki í sinni fjárhagsáætlun gert ráð fyrir þessu. Nú verða þau að mæta þessu á næsta ári, en eiga að nota sama tekjustofn og þau höfðu 1966. Sjá allir, hvernig þetta fer, auk þess sem það liggur nú fyrir, að sjúkratryggingar og dvöl á sjúkrahúsi muni hækka á næsta ári. Þessu geta sveitarfélögin ekki mætt, ef þau eiga að fylgja sömu reglum um útsvarsálagningu og þau gerðu 1966. Auk þess sem það er öllum ljóst, er til þekkja, að minnsta kosti úti um landsbyggðina, að ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að tekjur manna almennt verði eins háar og verið hefur og munu þess vegna ekki gefa eins háar álagningarreglur.

Frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., miðast við það eitt að leysa vanda ríkissjóðs, eins og það er uppsett, og auðvitað er sama hugsunin á bak við þetta frv. og alltaf hefur verið hjá núverandi valdhöfum, að hafa verulegan greiðsluafgang. Það tókst þeim mest árið 1966, þegar tekjur ríkissjóðs fóru nærri 9 hundruð millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Ég geri ekki ráð fyrir, að svo djarft sé teflt nú, en ég veit, að hugsunin á bak við þetta er einnig greiðsluafgangur. En hér er farið öfugt að. Fyrst er að tryggja afkomu atvinnuveganna, og afkoma ríkissjóðs verður ekki tryggð, nema afkoma atvinnuveganna sé á heilbrigðum grundvelli. Og það er ljóst þeim, sem vilja líta á þessi mál raunsæjum augum, að einmitt sú ákvörðun, sem tekin verður, þegar vandamál atvinnuveganna er leyst, gæti haft þau áhrif á tekjur ríkissjóðs, að þetta frv. hefði lítið um það að segja. Það gætu verið teknar þær ákvarðanir í sambandi við vandamál atvinnuveganna, að tekjur ríkissjóðs breyttust verulega við það.

Í sambandi við það, sem hæstv. forsrh. talaði um í gær, að nóg væri af mönnum, sem vildu koma illu af stað í sambandi við þetta frv., og lét í það skína að minnsta kosti, þegar hann talaði til sumra þm., að illvilji réði afstöðu þeirra, þá vil ég endurtaka það, sem ég sagði áðan, að þegar við höfum fyrir okkur reynslu af stefnu hæstv. ríkisstj. í góðærinu, þar sem hvert árið á fætur öðru varð að gefa með atvinnuvegunum, þverbrjóta þá stefnu, sem hæstv. forsrh. lýsti yfir í áramótagreininni 1960, um að ríkisstyrkir til aðalframleiðsluatvinnuvegarins væru óæskilegir, þegar við höfum þá reynslu af framkvæmd hæstv. ríkisstj. og sjáum fyrir okkur aðgerðirnar, sem stefnt er að með þessu frv., þarf engan illvilja til þess að vera í andstöðu við það. Það væri hins vegar að bregðast sjálfum sér að leggja slíku máli lið í hendur þeirrar ríkisstjórnar, sem maður treystir ekki.

Einn af frambjóðendum hæstv. ríkisstj. hafði það að mottói í ræðum sínum í vor á framboðsfundum, að ríkisstj. óskaði eftir því einu að vera dæmd af verkum sínum. Hvernig á dómur þjóðarinnar að vera um ríkisstjórn, sem ekki hefur getað stjórnað í mesta góðæri, sem yfir landið hefur gengið, og ríkisstj., sem leggur til að leysa aðsteðjandi vandamál nú, með því að þeir beri byrðarnar, sem minnsta hafa möguleikana til að bera þær? Ég er sannfærður um, að sá dómur, sem þjóðin á að dæma slíkum valdhöfum, á ekki að tryggja þeim valdasetu.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég gat um það í framsögu fyrir því máli, sem hér er til umr., að eftir að n. gaf út nál. bárust henni erindi frá þremur aðilum, og n. mundi skoða þau erindi og taka til meðferðar.

Eftir að fjhn. hefur verið á fundi, hefur meiri hl. fjhn. leyft sér að bera fram hér tvær brtt. Önnur er vegna erindis, sem var frá Samlagi skreiðarframleiðenda og er við 17. gr., þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Að á árinu 1968 heimilast að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir, eða aðrar útfluttar afurðir af öðrum

fiski en síld og loðnu, eftir reglum, sem sjútvmrh. setur.“

Eftir að hafa haft samband við sjútvmrh., leggur n. til, að fyrir orðin „eða aðrar útfluttar afurðir“ í þessari gr. komi: „og 8 millj. kr. á aðrar útfluttar afurðir“, þannig að þær 10 millj., sem í þessari gr. er talað um, verði eingöngu til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir.

Við brtt. á þskj. 58 flytur n. brtt. í sambandi við verðbætur á frystum rækjum. N. barst erindi þess efnis, að þessar verðbætur yrðu einnig látnar ná til framleiðslu á tímabilinu jan.—sept. 1967, sem að verulegu leyti væru útfluttar. Meiri hl. n. flytur því hér brtt. við brtt., þ. e. a. s. að fyrir orðin „framleiddar á tímabilinu okt.—des. 1967“ 2. tölulið 1. brtt. á þskj. 58, komi: „framleiddar á árinu 1967 og 1968, útfluttar eftir 1. okt. 1967“.

Síðan n. hélt fund sinn í morgun, barst henni erindi frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna varðandi frysta síld. N. hafði áður rætt þetta mál og meiri hl. hennar, að athuguðu máli taldi sig ekki geta undir þessum kringumstæðum flutt brtt., eins og hér er rætt um, þ. e. a. s. að frysta síldin yrði tekin út úr síldarafurðunum. Taldi n., að ræða þyrfti málið í heild, þannig að það kæmu til athugunar allar síldarafurðir, og þess vegna taldi hún sig á þessu stigi ekki geta flutt brtt. þá, sem hér er farið fram á, og eru því brtt. aðeins tvær. Þær eru skriflega fram bornar og legg ég þær hér fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 64 og 68) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til umr. í síðasta mánuði, vakti ég athygli á því, að það væri ekki aðeins fjárhagslegs eðlis, í því væru ekki aðeins fólgnar ranglátar álögur með nefskattafyrirkomulagi, sem legðust þyngst á þá þjóðfélagsþegna, sem hefðu erfiðasta afkomu fyrir. Ég benti á, að þetta frv. markaði einnig ný pólitísk þáttaskil í samskiptum ríkisstjórnarinnar við samtök launafólks. Með því væri bundinn endi á þá samvinnu stjórnarvalda og verkalýðssamtaka, sem einkennt hefur alla kjarasamninga síðan í júní 1964. Ríkisstj. hefði á nýjan leik horfið að hinum upphaflegu vinnubrögðum sínum að reyna að skammta verkafólki kaup og kjör með einhliða valdboði. Af því gæti ekkert hlotizt annað en ný og alvarleg átök í þjóðfélaginu, verkalýðssamtökin væru svo öflug, að þau létu ekki taka af sér ráðin á þennan hátt.

Þetta mat hefur nú sannazt í verki. Ráðstefna ASÍ samþykkti einróma í fyrradag að hvetja öll verkalýðsfélög til þess að búa sig undir það að taka þátt í allsherjarverkfalli, sem hefjist 1. des. En með þeirri ákvörðun birtist þetta vandamál okkur í nýju ljósi. Nú er ekki lengur um það að ræða, að alþm. samþ. með naumum meiri hl. að halda fast við þær stórfelldu hækkanir á mjólk, kjöti og kartöflum, sem þegar eru komnar til framkvæmda, að þm. ákveði alla hina nefskattana, sem í frv. felast, og að klipið sé utan að vísitölunni á ósæmilegasta hátt. Þeir þm., sem samþ. þetta frv., eru sjálfir að ákveða, að um næstu mánaðamót hefjist hér stórfelld og afdrifarík verkfallsátök með öllu því tjóni, sem slík átök hafa í för með sér, og öllum þeim pólitísku afleiðingum, sem af því munu hljótast. Það er orðinn margfalt meiri ábyrgðarhluti að samþ. þetta frv. nú, en þegar það var lagt fram í öndverðu, og það er frumskylda hverrar ríkisstjórnar að leggja raunsætt mat á ákvarðanir sínar og gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra.

Af þessum ástæðum hlustaði ég gaumgæfilega á ræðu hæstv. forsrh. á fundinum í gær. Þess mátti vænta, að í henni mundi felast mat ríkisstjórnarinnar á hinum nýju viðhorfum, vísbending um það, hvernig hún myndi bregðast við. En ég varð fyrir vonbrigðum. Ég gat ekki heyrt, að hæstv. ráðh. hefði gert sér ljóst, að nú er um að ræða ný og breytt viðhorf. Hæstv. ráðh. var að vísu venju fremur sléttmáll, nema helzt þegar hann minntist á Framsóknarmenn og Rússa, og virtist hann þó telja Framsóknarmenn sýnu lakari. En ég gat ekki fundið neina hugarfarsbreytingu undir mildu orðavali. Hann kvaðst halda fast við það sjónarmið, að frv. yrði samþ. í þeirri mynd, sem það hefur nú fengið. Hann taldi óhjákvæmilegt að skerða kjör alls verkafólks; hann sagðist staðráðinn í því að stýfa vísitölugreiðslurnar. Þrátt fyrir allt tal hæstv. ráðh. um það, að hann vildi halda áfram að íhuga gaumgæfilega allar þær till., sem fulltrúar launamanna hafa lagt fyrir ríkisstjórnina, hafnaði hann þeim lið fyrir lið. Ræða hæstv. ráðh. var í rauninni yfirlýsing um það eitt, að hann skorti enn sem komið er raunsæi til þess að gera sér grein fyrir hinum nýju viðhorfum. Þess vegna þótti mér ræða hæstv. ráðh. mikil tíðindi og alvarleg tíðindi.

Annars lagði hæstv. ráðh. sérstaka áherzlu á það í ræðu sinni, nú eins og fyrr, að draga upp ósanna mynd af þeim vanda, sem við okkur blasir. Í öðru orðinu hélt hann áfram að líkja vanda þjóðarinnar við neyðarástand það, sem hlauzt af upphafi heimskreppunnar miklu fyrir tæpum fjórum áratugum. Ég hef engan hug á því að draga fjöður yfir þau alvarlegu vandamál, sem hlotizt hafa af verðlækkunum og minnkandi afla í hlutfalli við tilkostnað, og það getur verið skynsamlegur búmannsháttur að mikla heldur fyrir sér vandamálin, en samlíkingar hæstv. forsrh. og annarra eru fráleitar ýkjur.

Efnahagsstofnunin hefur sem kunnugt er komizt að þeirri niðurstöðu, að vandinn í heild jafngildi því, að þjóðartekjur á mann kunni að dragast saman í ár um 4—5%. Í því sambandi skulum við minnast þess, að þjóðartekjur á mann hafa vaxið örar hér á undanförnum árum en í flestum löndum öðrum. Meðalvöxturinn hefur verið nær 6% á ári, eða svo sem 35% síðan 1961. Þrátt fyrir 4—5% samdrátt í ár verða þjóðartekjur á mann um 30% hærri en þær voru fyrir nokkrum árum og einhverjar þær hæstu, sem um getur í nokkru þjóðfélagi um þessar mundir. Það eru ósæmilegar öfgar að vitna til heimskreppunnar í því sambandi eða tala um neyðar-

ástand og sultaról, eins og dæmi hafa verið hjá áróðursmönnum Sjálfstfl.

Hins vegar skulum við gera okkur það ljóst, að þessi meðaltalsvandi segir ekki alla söguna. Samdrátturinn bitnar fyrst og af fullum þunga á útflutningsfyrirtækjunum, og þá ber að hafa í huga, að hann lendir beint og milliliðalaust á því verkafólki, sem hjá fyrirtækjunum vinnur, sjómönnum, landverkafólki og þeim, sem vinna hjá hvers kyns þjónustufyrirtækjum, sem starfa í þágu útflutningsatvinnuveganna. Það þarf ekki að gera neinar samþykktir hér á þingi, til þess að þetta fólk taki á sig þann vanda, sem hlotizt hefur af samdrættinum. Sá vandi hvílir þegar á því af miklum þunga og birtist í stórlækkuðum tekjum, rýrari atvinnu og sums staðar alvarlegu atvinnuleysi, eins og marka má af því, að nú hafa um 100 manns skráð sig atvinnulausa á Siglufirði. Ef félagsleg sjónarmið hefðu verið í fyrirrúmi hjá hæstv. ríkisstj., hefði hún lagt fyrir Alþ. þann vanda, hvernig ætti að rétta hlut þessara atvinnufyrirtækja og þessa verkafólks. Hvernig ætti að dreifa þeim vanda, sem hlýzt af 4—5% skerðingu á þjóðartekjum á mann um allt þjóðfélagið. En ekkert slíkt felst í þeim till. ríkisstj., sem hér eru til umræðu. Þar er á engan hátt fjallað um vanda útflutningsatvinnuveganna, þar fær það verkafólk, sem býr við skarðastan hlut, þá orðsendingu eina frá Alþingi, að það skuli greiða miklu hærra verð en áður fyrir brýnustu lífsnauðsynjar og nefgjöld, sem enginn fær undan skotizt, að útgjöld meðalfjölskyldu skuli hækka um meira en 1000 kr. á mánuði, eins og hv. 9. þm. Reykv., forseti ASÍ, gerði hér grein fyrir í gær. Hér er ekki verið að ástunda raunsæja niðurjöfnun á þeim vanda, sem steðjar að þjóðfélaginu, heldur er verið að auka misréttið á alvarlegastan hátt.

Ég sagði áðan, að hæstv. forsrh. hefði miklað þann heildarvanda, sem þjóðin á nú við að glíma. En í hinu orðinu reynir hæstv. ráðh. að gera sem minnst úr afleiðingum þessa vanda. Hann heldur því fram, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé lausnin á vandanum og klifar á því, að ekki sé nú um mikið að deila, þegar verkalýðshreyfingin telji sér nægja að fá 4% vísitölubætur, en ríkisstj. bjóði 3% á 1½ ári. Deilumálið sé því í rauninni aðeins 1% ásamt dálitilli tímaskekkju, og hvernig detti mönnum í hug að gera slíkan mun að einhverju örlagaríku atriði?

En þetta dæmi hæstv. ráðh. er ekki í neinu samræmi við veruleikann, það leysir engan vanda nema bókhaldsvanda ríkissjóðs. Með þessu dæmi er hæstv. ráðh. að reyna að beina athygli manna frá sjálfri þjóðmálabaráttunni, frá sjálfum stefnuágreiningnum um stjórn þjóðfélagsins og gera viðfangsefnið eingöngu að tæknilegu atriði, hvernig á að hnika til tekjum og gjöldum í einstökum atriðum. En lausnin á því dæmi er ekki lykill að nokkru vandamáli til frambúðar, ekki einu sinni vanda ríkissjóðs. Hæstv. ráðh. hefur síðustu vikuna spurt fulltrúa launafólks, hvernig eigi að leysa þetta dæmi. Og þeir hafa komið með sína lausn, sem stenzt í öllum atriðum, þótt hæstv. ríkisstj. vilji ekki á hana fallast. En ég vil leggja áherzlu á það, að enda þótt þessi lausn alþýðusamtakanna standist vissulega, mundi hún ekki heldur leysa neinn vanda til frambúðar, vegna þess að dæmið sjálft er rangt. Það er tilbúningur úr stjórnarráðinu, en ekki í samræmi við hin raunverulegu vandamál þjóðfélagsins. Það viðfangsefni, sem úr sker, er sjálf heildarstefnan í landsmálum, og verði henni ekki breytt, mun enginn vandi leysast nema skamman tíma.

Hæstv. ráðh. talaði í ræðu sinni um þjóðina og reyndi að draga upp mynd af því, að hann væri hér að reyna af algeru hlutleysi að leysa vanda þjóðarinnar. En hæstv. ráðh. er ekki fulltrúi neinnar þjóðar í forsætisráðherrastóli, hann er fulltrúi tiltekinna þjóðfélagsafla, hann er málssvari tiltekinna þjóðfélagskenninga, og athafnir hans hafa þær forsendur. Ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. telji sig vera að vinna þjóðinni gagn með því að berjast fyrir kenningum sínum og reyna að efla vissar stéttir í þjóðfélaginu, en engu að síður eru það þessar kenningar og þessir þjóðfélagshópar, sem móta athafnir hans, en ekki nein almenn og óskilgreind þjóðarumhyggja. Við skulum ekki gleyma því, að þessi ríkisstjórn var mynduð í alveg ákveðnum tilgangi. Hún setti sér það mark að koma hér á nútímalegu auðvaldsþjóðfélagi, þar sem lögmál markaðsins ættu að skera úr um þjóðfélagsþróunina, þar sem gróðahvötin átti að vera hreyfiaflið, og hæstv. ríkisstj. heldur enn fast við þessa stefnu. Efnahagsaðgerðir hennar eru ekki miðaðar við neinn óskilgreindan þjóðarhag, heldur það keppikefli, að hin svokallaða viðreisnarstefna fái haldið velli á Íslandi, þess vegna eru þyngstu byrðarnar lagðar á alþýðu manna í von um, að hin þunga yfirbygging viðreisnarinnar fái staðizt.

Þessi fastheldni hæstv. ríkisstj. við stefnu sína er þeim mun alvarlegri sem reynslan sjálf hefur þegar sannað, að hún fær ekki staðizt við íslenzkar aðstæður. Hugmyndirnar um markaðsþjóðfélagið, sem einkenna um þessar mundir þjóðfélögin umhverfis okkur, eiga alls ekki við á Íslandi. Markaðurinn hér er af eðlilegum ástæðum ákaflega smávaxinn og þröngur, og framboð og eftirspurn á þeim markaði ýtir á engan hátt undir þau atvinnufyrirtæki, sem okkur eru mikilvægust, sjávarútveg og fiskiðnað, því að framleiðsluvörur þeirra fyrirtækja fara á allt annan markað en þann íslenzka. Kenningin um hin frjálsu markaðslögmál hefur ekki orðið til þess að efla útflutningsatvinnuvegi okkar, heldur hefur hún grafið undan þeim, vegna þess að þeir aðilar, sem nutu frelsisins hér innanlands, hagnýttu það að sjálfsögðu til að soga til sín fjármagn frá útflutningsatvinnuvegunum, ekki síst með verðbólguþróuninni. Viðreisnin hefur jafnt og þétt grafið undan þeim meginstoðum þjóðfélagsins, sem hver íslenzk ríkisstjórn verður að vernda.

En árangur viðreisnarinnar hefur ekki orðið betri, þótt aðeins sé litið á þá aðila, sem hafa fengið að leika lausum halda á innlendum markaði. Íslenzkt þjóðfélag er ekki aðeins sérstakt að því leyti, að útflutningsverzlun okkar er ákaflega mikil, innanlandsmarkaðurinn er einnig svo smár, að það er fásinna að reyna að beita hér

aðferðum hundrað og þúsundfalt stærri þjóðfélaga. Allur þjóðarbúskapur Íslendinga jafngildir einu meðalfyrirtæki hjá stórþjóðunum, og eigi hin sundurvirku gróðaöfl að fá að hluta þjóðarbúskap okkar niður, verður hver eining svo smá, að ekki er hægt að koma við neinni hagræðingu eða framleiðni. Kostir gróðaskipulagsins fá alls ekki notið sín á Íslandi, við þekkjum aðeins gallana.

Hæstv. forsrh. tók í gær dæmi af neyzluvöruverzluninni og kvað það staðreynd, að ekki væri hægt að lækka álagningu á vörum, enda þótt þær hafi tvöfaldazt í verði að jafnaði á síðustu 6 árum, vegna þess að jafnt kaupmenn og kaupfélög kvörtuðu undan bágri afkomu. Ekki skal ég vefengja, að þær kvartanir hafi við rök að styðjast, en engu að síður er það staðreynd, að verzlunarkostnaður hér er miklum mun hærri en í nálægum löndum. Ástæðan er sú, að það er búið að ganga frá kerfi, sem er alltof kostnaðarsamt fyrir þjóðarheildina, þar er um að ræða yfirfjárfestingu og alltof mikla notkun á vinnuafli, og þess vegna þarf mun meiri fjármuni til þess að rísa undir kerfinu en nauðsynlegt væri, ef verzlunarskipulagið væri einfaldara og hagkvæmara.

Þegar svo er komið, að hver verzlun í Reykjavík annast aðeins þjónustu við nokkra tugi fjölskyldna að jafnaði, gefur auga leið, að hver fjölskylda verður að greiða býsna háar upphæðir fyrir þjónustuna. Og sama vandamálið blasir við á öllum sviðum. Við höldum hér uppi þreföldu dreifingarkerfi á olíum og bensíni, þrír tankar standa hlið við hlið út um allar jarðir, bílarnir elta hver annan út um holt og grundir, og samt er nákvæmlega sama varan í öllum tönkunum og öllum bílunum, keypt af ríkisstjórn Íslands og afhent þessum þríhöfðaða olíuþursi, ekki fyrst og fremst til gróðasöfnunar, heldur til stórfelldrar þjóðfélagslegrar sóunar.

Í gær skýrði framkvstj. Kassagerðar Reykjavíkur frá því í viðtali við Þjóðviljann, að hann hefði nú neyðzt til að segja upp verkafólki, vegna þess að annað fyrirtæki væri tekið til starfa á hinum þrönga íslenzka markaði. Markaðurinn nægði til að starfrækja eitt myndarlegt fyrirtæki á þessu sviði, en um leið og þau voru orðin tvö byrja örðugleikarnir, og þjóðin verður að leggja fram meira fé til þess að rísa undir kostnaðarsamara og óhagkvæmara kerfi.

Svo að enn eitt dæmi sé tekið, eru risin upp hér á landi svo mörg tryggingarfélög, að það þarf sérfræðinga til að koma tölu á þau. Þau búta hinn þrönga markað okkar niður í æ smærri einingar, þar til enginn skynsamlegur rekstrargrundvöllur er til lengur. En kostnaðinn af þessu útblásna og margtengda skriffinnskukerfi verða viðskiptavinirnir að borga. Ég gæti haldið áfram afarlengi að telja þess konar dæmi. Reynslan hefur á öllum sviðum orðið sú sama, jafnt í smáu sem stóru. Hafi einhver aðili reynt að safna gróða á einhverju verkefni, hefur verið stofnað nýtt fyrirtæki á sama sviði og síðan æ fleiri og þau grafið hvert undan öðru, þar til ekki voru lengur tök á neinum skynsamlegum eða hagkvæmum framkvæmdum. Kenning frumskógarins um úrval hins hæfasta, sem er kjarninn í kerfi auðvaldsþjóðfélagsins, hefur ekki einu sinni komið til framkvæmda á Íslandi. Aðstæðurnar eru svo þröngar, að allir verða að lokum jafn óhæfir.

Það er þessi meginstefna, sem nú er til óhjákvæmilegrar endurskoðunar á Íslandi, en ekki nein bókhaldsvandamál hjá ríkissjóði. Ef hæstv. forsrh. ætti til að bera þá umhyggju fyrir þjóðinni, sem hann ræddi um í gær, hefði mátt ætlast til þess, að hann tæki þessa gjaldþrotastefnu sína til óhjákvæmilegs endurmats. En það hefur hæstv. forsrh. ekki gert. Hann reynist vera svo mikill þráhyggjumaður, að hann tekur kenningakreddur sínar fram yfir allt annað. Megináhugamál hans hefur að undanförnu verið að tengja okkur við stærri efnahagsheildir, hleypa erlendum auðfélögum inn í landið, binda okkur við efnahagsbandalögin í Evrópu. Með því móti gerir hann sér vonir um, að hinn þröngi íslenzki markaður verði hluti af stórmarkaði, þá geti kenningarnar um markaðsþjóðfélag og nútíma kapitalistíska þróun komið að gagni hér á Íslandi. Hæstv. ráðh. tekur þannig þessar stjórnmálaskoðanir sínar langt fram yfir allar hugmyndir Íslendinga um sjálfstætt efnahagssamfélag. Hann er ekki að hugsa um þjóðina, heldur um pólitískar kennisetningar, og það hefur margsinnis komið fram í málflutningi hans, að hann hefur einmitt hug á að nota efnahagsörðugleikana nú til þess að knýja þjóðina til þess að sætta sig við það, að Ísland renni smátt og smátt inn í hina stærri heild. Einnig þau framtíðarmarkmið ber mönnum að hafa í huga, þegar hæstv. ráðh. reynir að halda því fram, að hér sé aðeins um eitt lítið bókhaldsdæmi að ræða.

Hæstv. ráðh. sagði hér í gær, að nóg væri af mönnum, sem vildu koma illu af stað og nota þessa örðugleika í annarlegu skyni. Ekki geri ég ráð fyrir, að hæstv. ráðh. eigi hér við siðferðilegt innræti andstæðinga sinna. Það illa og annarlega er eflaust það viðhorf, að núv. ríkisstj. eigi að fara frá völdum. En einmitt það er sú nauðsyn, sem nú er brýnust, vegna þess að það er sjálf heildarstefna ríkisstj., sem er í brennidepli, en ekki neitt útreikningsdæmi um afkomu ríkissjóðs. Sá vandi, sem við verðum að leysa, er fyrst og fremst pólitískur, og sá vandi verður ekki leystur nema núv. ríkisstj. fari frá og ný stjórnarstefna komi til öndvegis. Ég vil vara hæstv. forsrh. við því að túlka þessi ummæli mín þannig, að ég sé að hvetja til pólitískra verkfalla. Forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa haldið á málum af mikilli nákvæmni í samræmi við stéttarlegt hlutverk alþýðusamtakanna, enda er einhugur þar alger án tillits til stjórnmálaágreinings. Ég tala hér sem fulltrúi stjórnmálasamtaka, sem hafa frá upphafi varað við háskalegum afleiðingum viðreisnarstefnunnar og hafa nú dóm reynslunnar að bakhjarli. Þróun síðustu vikna og mánaða hefur sannað, að meiri hl. sá, sem ríkisstj. fékk í sumar á röngum forsendum, er farinn veg allrar veraldar. Og ef ríkisstj. tekur þá pólitísku ákvörðun að efna til allsherjarátaka við verkalýðssamtökin um næstu mánaðamót, mun einangrun hennar meðal

þjóðarinnar vaxa í sífellu. Vilji hæstv. forsrh. sýna í verki, að hann beri þá umhyggju fyrir þjóðinni, sem hann ræddi um í gær, getur hann sýnt það með því að gera landsmönnum dauðastríð viðreisnarstefnunnar sem léttbærast.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú orðið alllangar og miklar, og þar sem ég veit, að gert hefur verið ráð fyrir að ljúka þessari umr. nú í dag, mun ég nú ekki fara að hefja hér umr. að nýju um þau málefni, sem hér hafa að vísu fram komið og vissulega hefði nú verið ástæða til þess að víkja að. Ég ætla því aðeins að þessu sinni að gera hér stutta grein fyrir brtt., sem ég flyt við frv., og útbýtt hefur verið og er á þskj. 64. En í þessari brtt. legg ég til, að gerð verði lítils háttar breyting á 15. gr. frv. í samræmi við það, sem samtök frystihúsamanna hafa óskað eftir. En eins og kunnugt er, er verðjöfnunarsjóður sá, sem stofnaður hefur verið til verðjöfnunar vegna verðfalls á frystum fiskafurðum og var stofnaður á s.l. ári með samkomulagi við frystihúsamenn, — hann var stofnaður með þeim hætti í fyrra, að gert var ráð fyrir því, að úr sjóðnum yrðu ekki greiddar neinar bætur vegna verðfalls á síldar- og loðnuafurðum, þó að þar væri um frosnar fiskafurðir að ræða. Þessar afurðir voru undanskildar, þegar l. voru sett í fyrra, vegna þess að í þessum tilfellum var ekki um neina teljandi verðlækkun að ræða frá því, sem verið hafði um alllangan tíma. Nú hefur hins vegar orðið veruleg breyting í þessum efnum, og svo er komið, að það er þegar farið að draga mjög alvarlega úr frystingu á síld til útflutnings vegna verðfallsins og vegna rekstrarerfiðleika í þessum efnum, og það hefur ekki þótt tiltækilegt að lækka hráefnisverðið á síldinni í þessa framleiðslu vegna þarfa bátaútvegsins, og það er því kominn upp sams konar vandi í sambandi við þessa frystivöru eins og aðrar, og því sé ég ekki ástæðu til þess að halda þeim ákvæðum áfram í l. að banna það með öllu, að það megi taka tillit til þessa verðfalls á frosnum síldarafurðum, eins og er í l. frá því í fyrra.

Í minni till. er ekki gert ráð fyrir því, að því sé slegið föstu, að úr þessum sjóði verði greiddar verðbætur út á frosnar síldarafurðir, en hins vegar gert ráð fyrir því, að ráðh. hafi heimild til þess að ákveða að bætur úr þessum sjóði geti einnig komið á þessa vöru, ef sem sagt samkomulag yrði um það á milli ráðh. og framleiðenda. Hér er ekki um það að ræða að breyta á neinn hátt þeirri fjárhæð, sem á að skipta úr þeim verðjöfnunarsjóði, sem til er, en aðeins um það að ræða að gera mönnum kleift að halda uppi þessari framleiðslu alveg eins og í öðrum greinum. Ég tel það svo alveg sjálfsagt, að ráðh. hafi þessa heimild, og því flyt ég þessa brtt., sem er hér að finna á þskj. 64. En brtt. er þannig orðuð, að við gr. skuli bætast:

„Þrátt fyrir ákvæði í 14. og 15. gr., getur ráðh. ákveðið, að verðbætur úr sjóðnum nái einnig til frystra síldarafurða."

Þetta er sem sé till., sem mér þykir alveg sjálfsagt, að verði hér samþ. og í samræmi við óskir frystihúsamanna eða þær óskir, sem fram hafa komið í bréfi frá þeim til fjhn.

Ég skal svo láta máli mínu lokið að þessu sinni um þetta mál. Hér fara fram útvarpsumr. um það við 3. umr., og ég sé því ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. meira en orðið er að þessu sinni um stefnuna í efnahagsmálum almennt, en af skiljanlegum ástæðum hafa umr. hér um þetta mál fyrst og fremst verið á mjög breiðum grundvelli um stefnuna í efnahagsmálum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:18 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, SB.

nei: MK, SE, JK, StV, SP, VH, KTh, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, VG, JónasÁ, LJós.

Brtt. 58,1 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

6.—8. gr. (verða 7.—9. gr.) samþ. með 22:13 atkv.

9.—10. gr. (verða 10.—11. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 63,1 (ný gr., verður 12. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

11.—14. gr. (verða 13.—16. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 68,1 og 58,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 64 tekin aftur til 3. umr.

15. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

16. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 68,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

17. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

18. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 58,3 samþ. með 21:8 atkv.

19. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 21:17 atkv.

20.—24. gr. (verða 22.—26. gr.) samþ. með 21:14 atkv.

25.—28. gr. (verða 27.—30. gr.) samþ. með 21:18 atkv.

29.—30. gr. (verða 31.—32. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 58,4 samþ. með 21 shlj. atkv.

31. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:18 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Heilbrigðiseftirlit.

Á 50. fundi í Nd., 17. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. [90. mál] (stjfrv., A. 213).

Á 51. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það hefur valdið nokkrum áhyggjum á undanförnum árum, hvað á það skortir mikið, að til væri í landinu nægjanlega almennt og samræmt heilbrigðiseftirlit, og sums staðar hafa sveitarfélög haft forgöngu um að koma þessum hlutum mjög vel fyrir hjá sér, en annars staðar er á því brotalöm, og mjög mikil, og það má reyndar teljast eðlilegt miðað við það, hversu aðstæður og kringumstæður eru misjafnar í landi okkar. Þetta mál var sérstaklega til umræðu í dómsmrn. á s.l. vetri, og upp úr því var það svo, að ég skipaði nefnd þann 10. marz, þriggja manna, til þess að endurskoða l. nr. 35 1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir og gera till. eftir því, sem þurfa þykir til nýskipunar, sem stuðli að því að tryggja raunhæfa og hagkvæma framkvæmd heilbrigðiseftirlitsins á þessu sviði. Í þessari n. áttu sæti 4 menn, Benedikt Tómasson læknir sem skólalæknir og starfsmaður hjá landlækni, fulltrúi hans, sem var skipaður formaður n., og héraðslæknirinn í Hafnarfirði, Grímur Jónsson, bæjarfógetinn í Kópavogi, Sigurgeir Jónsson og Þórhallur Halldórsson framkvstj. heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík. N. tók þegar til starfa og vann mjög ötullega að þessu máli, og sé ég alveg sérstaka ástæðu til þess að láta í ljós þakklæti til n., hversu vel hún hefur unnið að mínum dómi að þessu máli á skjótum tíma til þess að gera, en þann 29. nóvember s.l. sendi n. ráðun. till. sínar í frv.-formi, og það eru þær till., sem hér liggja fyrir í þessu frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Hér er um nokkuð veigamikinn lagabálk að ræða, ef frv. yrði að l., en gerð er grein fyrir helztu nýmælum frv., sem fram koma í grg., á bls. 6, og vildi ég aðeins leyfa mér að fara yfir það með leyfi hæstv. forseta.

En það er í fyrsta lagi, að heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins, og sveitarfélögum er heimilt að sameinast um heilbrigðisnefnd með vissum takmörkunum. Í öðru lagi skal heilbrigðisnefnd öll kosin af sveitarstjórn. Það er, skylda lögreglustjóra og héraðslækna til setu í n. eru felldar niður. 3. Ákvæði er um vald heilbrigðisnefndar til stöðvunar á starfrækslu eða notkun hluta. 4. Héraðslæknir er gerður faglegur ráðunautur heilbrigðisnefndar. 5. Heimila má héraðsdýralækni að sitja heilbrigðisnefndarfund og 6. Kaupstaðir með 10 þús. íbúum eða fleiri skulu ráða sér sérmenntaða heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi, 1 eða fleiri eftir íbúafjölda. Í kauptúnum með 800 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, en undirbúningsmenntun og starfstími er ótiltekinn. Sveitarfélögum er heimilað með vissum takmörkunum að sameinast um heilbrigðisfulltrúa. Heilbrigðisnefndir annast undir umsjón héraðslæknis heilbrigðiseftirlit, þar sem ekki er heilbrigðisfulltrúi. 7. Komið skal á fót nýrri stofnun, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, er hefur undir stjórn landlæknis yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu. Hún tekur einnig að sér yfireftirlit samkv. l. nr. 24 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Í staðinn er felld niður heimild til laga til að fela yfirumsjónina sérstökum kunnáttumönnum, eins og þar stendur. Samkv. því verður starf sérstaks mjólkureftirlitsmanns lagt niður. Stofnunin tekur einnig að sér eftirlit með gisti- og veitingastöðum samkv. l. nr. 53 1963, og starf sérstaks eftirlitsmanns verður því lagt niður á því sviði. 8. Ráðh. setur heilbrigðisreglugerð fyrir allt landið. Þó er sveitarfélögum heimilað að fá settar sérstakar heilbrigðissamþykktir sem viðauka með tilteknum takmörkunum. 9. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er málamiðlunaraðili, ef ágreiningur verður milli sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar, en ráðh. fengið úrskurðarvald. 10. Ráðh. er heimilað að gefa út fyrirmæli samkv. till. landlæknis um brýna heilbrigðisráðstöfun, ef heilbrigðisnefnd fæst ekki til þess að láta málið til sín taka eða kemur því ekki fram. 11. Heilbrigðiseftirliti ríkisins er heimilað að stöðva starfrækslu eða notkun í brýnni nauðsyn og ef málið þolir enga bið. Heilbrigðisnefnd má skjóta slíkri ráðstöfun til úrskurðar ráðh. 12. Úrskurðaraðili er settur, ef ágreiningur verður milli heilbrigðisnefndar og annars aðila, sem fer með sams konar eftirlit. 13. Rannsóknastofnun ríkisins er gert skylt að annast rannsóknir á sýnishornum og 14. Viðurlög við brotum eru þyngd.

Ég skal nú víkja nokkrum orðum að þeim af þessum 14 liðum, sem ég tel mikilvægasta af nýmælunum, og það er þá í fyrsta lagi 7. liðurinn um Heilbrigðiseftirlit ríkisins. En um það er ákvæði í 8. gr. frv., sem segir m. a., að ríkið starfræki stofnun, sem nefnist „Heilbrigðiseftirlit ríkisins". Og Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur undir stjórn landlæknis yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu samkv. þessum l., heilbrigðisreglugerð og þeim ákvæðum annarra l. og reglna, er hollustuhætti varða og heilbrigðisnefndum ber að sjá um framkvæmd á. Og það er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um heilbrigðiseftirlit fjalla. Það skal stuðla að því, að haldið sé uppi skipulegri fræðslu um hreinlætishætti fyrir þá, sem fást við matvæli og aðra neyzluvöru, og ráðh. setur forstöðumanni og heilbrigðisráðunautunum starfsreglur. Svo er gert ráð fyrir því, að Heilbrigðiseftirlitið hafi aðalaðsetur sitt í Reykjavík, en þegar heilbrigðisráðunautum verður fjölgað, eins og heimilað er í l. mgr. 8. gr., er ráðh. heimilt að ákveða einum ráðunaut a. m. k. aðsetur í hverjum hinna þriggja landshluta, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Ekki skulu þó færri en tveir ráðunautar, auk forstöðumannsins, hafa aðsetur í Reykjavík.

Þegar að þessu marki væri komið, mundu vera aðalmenn Heilbrigðiseftirlitsins forstöðumaðurinn með tveimur aðstoðarmönnum eða

tveimur ráðun. hér í Reykjavik, en í landshlutunum, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, gætu þá verið sérstakir heilbrigðisráðunautar, sem tilheyrðu þessu Heilbrigðiseftirliti. Auðsjáanlega er tilgangurinn með þessu að fá eina yfirstjórn allra þessara mála um samræmdar og samstæðar reglur um heilbrigðiseftirlitið og framkvæmd þess um gjörvallt landið. Og þetta er sá liður, sem menn kannske reka augun í út frá því sjónarmiði, hvort ekki verði einhver heilmikill kostnaður af því að koma upp slíkri nýrri stofnun, eins og jafnan er að spurt, þegar slík nýmæli eru á ferðinni, og fyrir því er gerð grein á bls. 20 í grg., en um það segir, að stofnun Heilbrigðiseftirlitsins sé eina nýmæli frv., sem veldur ríkissjóði auknum útgjöldum. N. gerir svo nánar grein fyrir því, en telur, að ekki sé hægt á þessu stigi að ætla kostnaðinn nákvæmlega, en með hliðsjón af því, að rekstrarkostnaður mjólkureftirlitsins og veitingahúsaeftirlitsins er áætlaður samtals tæplega 930 þús. kr. í frv. til fjárl. fyrir árið 1968, en það er gert ráð fyrir að leggja þetta undir Heilbrigðiseftirlitið, þá ætti heildarreksturskostnaður heilbrigðiseftirlitsins varla að fara fram úr 1½ millj. kr., eða um 500—600 þús. kr. viðbót, og það er nú nánar gerð grein fyrir því að áliti n., á hverju hún byggir þessar niðurstöður sínar og það má sjáflsagt taka því með nokkrum fyrirvara, og óhjákvæmilegt er að efna til nokkurs kostnaðarauka, þegar um slík nýmæli er að ræða og yfirgripsmikla löggjöf, eins og hér um ræðir. En við, án þess að ég vilji fara nánar út í það, þekkjum það öll, hversu þessum málum er víða ábótavant, og gæti skipazt til betri vegar, ef á þeim væri samræmd heildarstjórn og samræmdar reglur, sem farið væri eftir.

Þá er annað nýmæli af þeim, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á, en það er ákvæði 9. gr. og 10. gr., að ráðh. setur með ráði landlæknis heilbrigðisreglugerð, og gildir hún fyrir öll sveitarfélög landsins, eftir því sem við getur átt. Og þar er einnig ákvæði um, að heimilt sé að setja sérstakar heilbrigðissamþykktir, er gilda fyrir einstök sveitarfélög, og loks er í 10. gr. talið upp í 23 liðum, hvað skuli vera hin almennu ákvæði slíkra heilbrigðisreglugerða, og skal ég ekki tefja tímann á að fara nánar út í það. En um það, sem mönnum kynni að sýnast vafasamt, að sett verði ein heilbrigðissamþykkt fyrir allt landið, segir í grg. fyrir 9. gr. Í gr. er það nýmæli, að ein heilbrigðisreglugerð skuli gilda fyrir allt landið, og komi hún í stað núgildandi heilbrigðissamþykkta einstakra sveitarfélaga. Vera má, að ótrúlegt þyki í fljótu bragði, að þetta sé unnt sökum ólíkra staðhátta í kaupstað, þorpi og sveit. En málið leysist á þann einfalda hátt í langflestum tilfellum, að landsreglugerðin gildir fyrir hvern stað eftir því, sem við getur átt. Það er aðeins að svo miklu leyti, sem þar er til sú starfræksla, stofnun eða notkun, sem um er fjallað í reglugerðinni, og í sveitum gildir hún augljóslega að mjög litlu leyti. Þetta eru skýringar n. á þessu ákvæði.

Það hefur auðvitað verið mikil brotalöm á því, að heilbrigðissamþykktir væru í hverju sveitarfélagi. Það er talið, að nú muni gilda heilbrigðissamþykktir fyrir 56 sveitarfélög, en þær voru settar á fyrir löngu margar hverjar, og hefur að jafnaði farið lítil eða engin endurskoðun fram á þeim. Það kemur fram, að af þessum 56 sveitarfélögum, sem hafa heilbrigðissamþykktir, eru þessar samþykktir frá eftirtöldum áratugum: frá 1900—1910 eru 18 af þeim, frá 1911—1920 eru 5, frá 1921—1930 eru 5, frá 1931—1940 eru 5, frá 1941—1950 eru 3, frá 1951—1960 eru 11 og eftir 1960 eru 9. Og af þessu kemur það fram, að það eru aðeins 20 af þessum 56 samþykktum, sem samdar eru eða endursamdar eftir 1950. En hérna er um að ræða 56 sveitarfélög með heilbrigðissamþykktir, en ég hygg, að tala sveitarfélaganna í landinu sé nú á 3. hundrað. Líklega nálægt 230.

Þá vil ég vekja sérstaka athygli á ákvæðum 7. gr., en það er lagafyrirmæli um það, hvar skuli vera heilbrigðisfulltrúar, og það er þá fyrst og fremst í kaupstöðum yfir 10 þús. íbúa, þar sem eiga að vera heilbrigðisfulltrúar, sem eru sérmenntaðir í heilbrigðiseftirliti, einn eða fleiri eftir íbúafjölda, þó þannig, að það komi að jafnaði ekki fleiri en 15—16 þús. íbúar á einn og sama fulltrúa. Í hverjum kaupstað með færri en 10 þús. íbúum og í hverjum kauptúnshreppi, þar sem 800 manns eða fleiri eru búsettir í kauptúninu, skal ráða heilbrigðisfulltrúa. Það eru ekki gerð ákvæði um sérstaka menntun hans í starfi. Á öðrum stöðum skal ekki ráða heilbrigðisfulltrúa, nema þegar sveitarstjórn ákveður, og er það þá á valdi hennar að fengnum till. heilbrigðisnefndar. Og svo er þarna ákvæði um heimild sveitarfélaganna, sem ég gæti vel hugsað mér, að yrði nokkuð notuð, að gera samning með sér um að sameinast um heilbrigðisfulltrúa, en þó ekki þannig, að það komi að jafnaði fleiri, eins og áður segir, en 15—16 þús. íbúar á einn og sama fulltrúa. Þetta held ég, að séu hin merkustu af nýmælunum, þessi þrjú, sem ég hef nú gert sérstaka grein fyrir.

Ég leyfi mér svo að vekja athygli á, að í grg. og fskj. er mjög góðar upplýsingar að fá fyrir þær þn., sem um málið fjalla. Í II. kaflanum, á bls. 7, er gerð rækileg grein fyrir núverandi skipan heilbrigðiseftirlitsins, og í III. kaflanum, sem er nánast viðbótargrg. við 10. gr. frv., er yfirlit yfir þá margþættu löggjöf, sem varðar heilbrigðiseftirlit í landinu á einu eða öðru sviði. Í IV. kaflanum, á bls. 12, er svo almennt yfirlit þessara mála, en loks fylgir til frekari glöggvunar og til þess að auðvelda starf þn. sérstök skrá sem fskj. um löggjöf, og þar er annars vegar upptalning á þeim stöðum, þar sem heilbrigðissamþykktir eru, og hins vegar skrá yfir hina margháttuðu löggjöf í landinu, sem snerta kann þetta frv. eða heilbrigðissamþykktir, sem settar yrðu samkv. þessu frv. Mér er alveg fyllilega ljóst, að hér er um slíkan lagabálk að ræða og það mörg nýmæli, að það mun þurfa verulega athugun innan þingsins, og e. t. v. koma einnig fram aths. í þessu máli utan þings, áður en hægt er að búast við því, að málið verði leitt til lykta á þessu þingi. Ég hef þess vegna sett ákvæði í 19. gr., að lög þessi öðlist gildi 1. janú-

ar 1969 með það fyrir augum, að enda þótt ekki tækist að ljúka afgreiðslu þessa máls á þessu þingi, mundi þó sú meðferð, sem það fær nú, og vil ég leggja áherzlu á það, geta flýtt fyrir afgreiðslu málsins við endurflutning á næsta þingi, sérstaklega ef undirtektir yfirleitt eru sæmilegar eða góðar, að það ætti þá að vera hægt að afgreiða málið á fyrri hluta þess þings, þannig að gildistaka gæti komið til greina um áramótin 1968—1969.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Tollheimta og tolleftirlit.

Á 27. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um tollheimtu og tolleftirlit [91. mál] (stjfrv., A. 214).

Á 50. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Núgildandi l. um tollheimtu og tolleftirlit eru frá árinu 1956. Í aths. við það frv., er það var lagt fyrir Alþingi 1955, sagði m.a.: „Auk ýmissa minni háttar breytinga og viðauka við eldri fyrirmæli liggja aðalnýmæli þessa frv. í 19. gr. þess, sem hefur að geyma nýjan kafla um skipaafgreiðslur, meðferð ótollafgreidds varnings o. fl., sem fram að þessu hefur skort ákveðin lagafyrirmæli um. Aðstaða hér á landi er með þeim hætti, að ekki er hægt að sækja fyrirmyndir til nágrannalanda um þessi atriði nema að litlu leyti. Eru þessi ákvæði því frumsmíð, sem búast má við, að þurfi endurskoðunar við, þegar reynsla er fengin um framkvæmd þeirra.“ Ég nefni þetta sérstaklega hér, vegna þess að einmitt ákvæðin í frv. því, sem hér er lagt fram, sem er frv. til nýrrar heildarlöggjafar um tollheimtu og tolleftirlit, fela í sér víðtæka endurskoðun á einmitt þessum ákvæðum.

Í frv. er að finna ýmis nýmæli frá gildandi l. um bæði flutning, meðferð og geymslu ótollafgreiddrar vöru, byggð á þeirri reynslu, sem fengin hefur verið, síðan núgildandi l. um tollheimtu og tolleftirlit voru sett. Jafnframt er að finna ýms önnur atriði í þessu frv., en eins og segir í grg. þess, var aðaltilgangurinn með endurskoðun laganna, auk þess sem gert var ráð fyrir að þyrfti að breyta þeim ákvæðum, sem ég gat um, sá, að reyna að leita eftir öllum tiltækum úrræðum til þess að sporna gegn ólöglegum innflutningi vara til landsins eða innflutningi, sem ekki kæmi til tollmeðferðar. Í þessu skyni eru sett ýmis ákvæði til tryggingar og öryggis í sambandi við tollafgreiðslu vara, og jafnframt eru þyngdar verulega refsingar við tollalagabrotum.

Um undirbúning málsins er það að segja, að á árinu 1962 skipaði þáverandi fjmrh. 4 manna n. til þess að framkvæma heildarendurskoðun á þessum l. Eftir að þessi n. lauk störfum í nóv. 1963, eftir að ég tók við embætti fjmrh., lét ég taka þetta frv. til sérstakrar athugunar og endurskoðunar, þar sem ljóst þótti, að gera þyrfti ýmsar breytingar frá þeim till., sem n. hafði upphaflega lagt til, og var þá, undir forustu þáverandi ráðuneytisstjóra í fjmrn., nokkrum mönnum, sem sérstaklega eru sérfróðir í tollamálum, falið að endurskoða frv. Síðan hefur nokkur dráttur orðið á flutningi þess vegna þess, að það hafa komið fram ýms ný atriði, sem ástæða þótti til að endurskoða nánar, auk þess sem ráðuneytisstjóraskipti hafa orðið í fjmrn., og þótti æskilegt að fá skoðanir þeirra manna, sem með þau mál hafa farið síðan um einstök atriði málsins, því að hér er um mjög mikilvægt og umfangsmikið framkvæmdaatriði að ræða, sem fellur undir ráðuneytið að fara með. Ég tel, að frv. hafi hlotið mjög rækilegan undirbúning, og eigi að hafa verið skoðaðar allar hliðar þess mjög nákvæmlega, þó að auðvitað sé aldrei hægt að girða fyrir það, að það kunni að vera einhver atriði, sem mönnum þyki betur fara, og er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til að taka til greina allar ábendingar í þá átt.

Eins og ég gat um áðan, hefur margt, sem varðar tollamál, breytzt, síðan núgildandi tollalög voru sett. Þar má nefna t. d., að vöruflutningar með flugvélum hafa farið stórvaxandi, og er þetta frv. samið með tilliti til þess, sem sjá má af því, að yfirleitt gilda sömu ákvæði um skip og flugvélar, hvað tollgæzlu og tolleftirlit snertir, og eru þessi farartæki í frv. einu nafni nefnd för. Auk þess má geta um, að ýms l., sem varða tollamál, hafa verið samþykkt eftir gildistöku núgildandi tollheimtulaga, svo sem l. um tollskrá, sem var gerð mjög rækileg endurskoðun á 1963. Þá hafa einnig verið höfð til hliðsjónar við samningu frv. l. um tollvörugeymslur.

Í aths. við frv. um tollheimtu og tolleftirlit, sem flutt var á Alþingi 1955, og núgildandi tollheimtulög eru byggð á, kemur greinilega fram að stefna átti að því, að tollgæzlan sjálf kæmi upp geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur, enda var sá háttur hafður á í nágrannalöndunum. Nú hefur þetta breytzt þannig, bæði í Noregi og Danmörku, að talið er heppilegt, að farmflytjendur sjái sér sjálfir fyrir geymslustöðum á ótollafgreiddum vörum. Er sýnilegt, að þetta mun yfirleitt verða svo hér á landi einnig í náinni framtíð. Eru því í frv. ýmis ákvæði, er snerta vörugeymslur, meðferð og flutning ótollafgreiddrar vöru, afgreiðslu hennar o. fl. Má þar til nefna, að vörugeymslur þurfa nú að fá viðurkenningu hjá tollyfirvöldum, að ekki má flytja vöru af viðurkenndum eða leyfðum geymslustað nema með samþykki tollstjóra, svo og að ákveða má í reglugerð, að varan skuli tollafgreidd innan ákveðins frests. Er síðast nefnda ákvæðinu m. a. ætlað að leysa að nokkru þau vandræði,

sem stafa af þrengslum í vörugeymslum farmflytjenda. Til þess að reka enn betur á eftir innflytjendum vöru til að tollafgreiða hana sem fyrst er einnig heimilað að veita megi innflytjanda frest á greiðslu aðflutningsgjalda á vörum, eða sumum tegundum vöru, gegn því að þeir tollafgreiði hana og flytji hana innan ákveðins frests úr vörugeymslunni. Ekki hefur verið komizt hjá að leggja nokkrar byrðar á farmflytjanda og innflytjanda vöru. Er það meginreglan í frv. hvað kostnað á tollgæzlu og tolleftirliti snertir, að sjálf varnargæzlan, þ. e. ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning svo og dagleg, almenn afgreiðsla eins og t. d. almenn löggæzla, sé greidd af ríkissjóði. Hins vegar er kostnaður af vörumeðferðinni lagður að nokkru leyti á farmflytjanda eða vörueiganda. Má þar nefna ákvæði 37. gr. frv., en þar er geymsluhöfum gert að skyldu að greiða kostnað af eftirliti í vörugeymslu þeirra o. fl. Að sjálfsögðu má heimta greiðslu fyrir störf tollgæzlunnar, þegar svo stendur á, að veittar eru undantekningar frá almennum reglum laganna um geymslustað vöru, leyfð afgreiðsla utan venjulegs afgreiðslutíma, eða eftirlit með vöru eða flutningi hennar er venju fremur kostnaðarsamt. Sama er auðvitað að segja um störf tollgæzlunnar, sem unnin eru beint fyrir vörueiganda utan venjulegs vinnustaðar, svo sem skoðun á vörum vegna vöntunar eða skemmda, ef svo stendur á, að leyft er að skoða hana, eftir að hún er heimflutt.

Ég skal þá fara örfáum orðum um helztu atriði frv. og einkum þau, þar sem um nýmæli er að ræða.

Það hefur verið mikið um það rætt, að æskilegt væri og nauðsynlegt að sameina tollgæzlu og löggæzlu, þar sem því yrði við komið, og í 1. um löggæzlumenn hefur verið sett heimild um þetta hvað lögreglumenn snertir. Hér er í þessum l. lagt til að taka upp sama ákvæði varðandi tollgæzlumenn, þannig, að þá á að vera tiltölulega auðvelt að sameina þetta á þeim stöðum, þar sem hægt er að koma því við. Þetta er hins vegar þeim takmörkunum háð, að ekki var talið mögulegt, þegar umr. voru um þetta varðandi löggæzlumennina, að leggja þetta á þá menn, sem ráðnir höfðu verið fyrir gildistíma þeirra laga, og er einnig það sama sjónarmið tekið til greina hér. Það varð af því óánægja mikil og mótmæli, þegar stóð til að sameina þetta á einstökum stöðum, vegna þess að viðkomandi starfsmenn töldu, að þeir hefðu ekki verið ráðnir með slíkum skilmálum. En þessu hefur þegar verið komið á á ýmsum stöðum á landinu og mikil nauðsyn að það verði útfært, eftir því sem tök eru á, til þess að spara kostnað bæði við tollgæzluna og löggæzluna.

Þá er með þessu frv. lagt til að lögfesta ástand, sem í rauninni hefur skapazt, án þess að væri gert ráð fyrir því í l., en það hefur verið ákveðið með reglugerð, en það er, að tollstjórinn í Reykjavík fari formlega með yfirumsjón tollgæzlunnar um land allt, þótt sýslumenn og bæjarfógetar verði að sjálfsögðu áfram tollstjórar á sínum stað. En þetta hefur verið framkvæmt þannig að undanförnu, að sérstakur tollgæzlustjóri hefur verið skipaður við embætti tollstjóra, og hefur honum verið falið umboð til þess að hafa yfirumsjón með tollgæzlunni um allt land. Þetta hefur gefið mjög góða raun og þykir því sjálfsagt að lögfesta þessa skipan mála.

Í frv. er lagt til, að komið verði upp tollskóla í sambandi við embætti tollstjórans í Reykjavík. Það er mikil nauðsyn að mennta betur ýmsa þá, sem leggja það fyrir sig að gegna tollgæzlustörfum. Þetta eru töluvert flókin og vandasöm störf. Það er enda komið svo, að í kjaradómi er gert ráð fyrir því, að slíkur skóli sé til og laun tollgæzlumanna við það miðuð. Þetta hefur verið gert víða erlendis og reynist vel, og þykir sjálfsagt að leggja til, með hliðsjón af öllum forsendum málsins, að það verði gert hér. En tvö námskeið hafa þegar verið haldin fyrir tollstarfsmenn og samið hefur verið uppkast að starfsreglum fyrir skólann, en þær þó ekki endanlega staðfestar ennþá, þar sem þótti nauðsynlegt að fá þá lagaheimild, sem hér er beðið um.

Í 2. kafla eru almenn ákvæði um tolleftirlitið. Það er að mestu í samræmi við þær venjur, sem skapazt hafa, en lagt er til að gera þessi ákvæði á ýmsan hátt skýrari í ljósi fenginnar reynslu og gengið nokkru lengra í heimild til handa tollgæzlumönnum en nú er gert. Í niðurlagi 10. gr. er t. d. ákvæði, sem heimilar eftirlit í verzlunum og vörugeymslum þeirra. Þá heimild hafa tollgæzlumenn ekki í dag. Það hefur komið í ljós í mörgum tilfellum, að það torveldar mjög eftirlit, og hefur reyndar komið í veg fyrir, að hægt væri að framkvæma það, að tollgæzlumenn skuli ekki hafa heimild til þess að gera leit í verzlunum, þar sem grunur þykir leika á því, að vörur séu til sölu, sem ekki hafi verið greiddir tollar af. Þar er að vísu ekki eingöngu um að ræða vöru, sem er ólöglega innflutt, heldur einnig vöru, sem ekki hefur verið greitt af innlent tollvörugjald, en það er einnig mikið vandamál að koma við framkvæmd þeirra laga og vitað að í ýmsum verzlunum eru til sölu vörur, sem hafa verið framleiddar án þess að slíkt tollvörugjald væri greitt. Ný reglugjörð hefur verið undirbúin til þess að tryggja eftirlit með slíkum vörum, sem innlent tollvörugjald er greitt af, og gert ráð fyrir miklu nánari verðmerkingu þeirra en hingað til hefur verið, en það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að sé hægt að hafa verulegt gagn af þeirri verðmerkingu, nema því aðeins, að tolleftirlitsmönnum sé heimiluð sú athugun og rannsókn í verzlunum, sem hér er gert ráð fyrir.

3. kafli laganna fjallar um för í utanlandsferðum, bæði flugvélar og skip. Í þeim kafla er ekki um að ræða mörg ný ákvæði, heldur er flest þeirra að finna í gildandi l. og reglugerðum, sem settar hafa verið, en sum ákvæðin eru þess eðlis — reglugerðarákvæðin, að nauðsynlegt þykir að lögfesta þau. Í 20. gr. er stjórnanda fars gert að skyldu að tilkynna tollgæzlunni með hæfilegum fyrirvara um komu farsins, og jafnframt er ýmsum opinberum aðilum gert að skyldu að veita upplýsingar um ferðir skipa og flugvéla, einnig eru starfsmenn hafna og skipaðir hafnsögumenn skyldaðir til að gera tollgæzlunni að-

vart, ef þeir í starfi sínu eða stöðu komast að því, að brotin hafa verið eða brjóta eigi ákvæði laga.

Í 4. kafla eru mjög ítarleg ákvæði um vörzlu og tollmeðferð vara, og miða þessi ákvæði að því annars vegar að tryggja eftirlit með flutningi ótollafgreiddrar vöru frá farartæki á geymslustað og í öðru lagi að tryggja forsvaranlega geymslu aðfluttrar vöru unz hún er tollafgreidd. Í þessum kafla eru ýms nýmæli til þess að tryggja þetta betur en nú er. Í 36. gr. er ákveðið, að tollgæzlan geti jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur séu fluttar beint úr farartæki í húsrými, sem hún hefur ráð yfir, til rannsóknar á kostnað farmflytjanda, svo og til geymslu þar og afgreiðslu. Eigendur eða umráðamenn farartækja, sem flytja ótollafgreiddar vörur, hvort heldur er til landsins frá útlöndum eða milli tollhafna innanlands, skulu skv. núgildandi l. hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- eða afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi. Séu vörurnar fluttar í lokuðum umbúðum eða þurfi af öðrum ástæðum sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, skulu þær fluttar beint úr flutningstækjum í sérstök vörugeymsluhús, sem fjmrn. hefur viðurkennt til þeirra nota í samráði við viðkomandi tollstjóra. Um þetta efni eru ákvæði í 37. gr. frv., og eru þau að ýmsu leyti fyllri en núgildandi fyrirmæli. Skulu allir geymslu- og afgreiðslustaðir vera viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra og tollgæzlustjóra, en ekki eins og nú aðeins þeir, sem ætlaðir eru til geymslu á vörum í lokuðum umbúðum, eða vörum, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við. Heimilt er þó með leyfi tollstjóra í hvert sinn að geyma ótollafgreiddar vörur utan þessara viðurkenndu staða, enda greiði sá, sem slíkt leyfi fær, allan kostnað við eftirlit með vörunni. Til þess að tryggja að viðurkennd geymsluhús eða svæði sé í fullnægjandi ástandi getur tollyfirvald bætt úr göllum, sem á geymslunum kunna að vera, ef geymsluhafi gerir það ekki sjálfur innan ákveðins frests, eða tollyfirvald getur svipt geymsluhafa rétt til að nota geymsluna fyrir ótollafgreiddar vörur. *Eins og nú er ástatt t. d. hér í* Reykjavík við höfnina, og reyndar víða annars staðar á landinu, eru vörugeymsluhús og svæði oft staðsett langt frá affermingarstað ótollafgreiddrar vöru. Veldur þetta ýmsum erfiðleikum fyrir tollgæzluna, þar sem öruggur flutningur vörunnar verður ekki tryggður nema með aukinni vinnu eða útbúnaði, þegar flytja þarf hana úr augsýn frá affermingarstað. Í 37. gr. er svo kveðið á, að stjórnandi fars skuli, þegar svo stendur á, sem að framan greinir, greiða þann aukakostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegar þykja að dómi tollgæzlunnar til að tryggja fullt eftirlit með flutningi varanna. *Í sömu gr. er einnig geymsluhöfum gert* að skyldu að greiða kostnað við eftirlit í vörugeymslum sínum, og er það í samræmi við dönsk og norsk tollalög.

Í síðustu mgr. sömu gr. er tollstjóra við uppboð á vörunni, vegna ógreiddra gjalda af henni, veittur forgangsréttur fyrir tollum og öðrum gjöldum af vörunni þannig, að þessi gjöld skuli greidd af uppboðsandvirðinu á undan geymslugjaldi geymsluhafa. Þetta er í samræmi við ákvæði danskra og norskra tollalaga.

Í 40. gr. frv. er ákveðið, að ekki megi flytja ótollafgreidda vöru af viðurkenndum eða leyfðum geymslustað nema með leyfi tollstjóra. Er þetta ákvæði sett til þess að tryggja eftirlit með vörunni milli staða á sama hátt og það er talið nauðsynlegt við affermingu eða fermingu eða flutning milli tollhafna.

5. kafli frv. fjallar um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Þessi kafli er að mestu leyti í samræmi við ákvæði gildandi laga. Nú er tekið upp það ákvæði, að aðeins sé heimilað að framsenda ótollafgreidda vöru til hafnar, sem er tollhöfn, en það ákvæði er áður í reglugerð. *Jafnframt er það skilyrði fyrir framsendingu,* að varan fari í viðurkennda vörugeymslu á ákvörðunarstað.

Þá eru í 49. gr. ýms nýmæli, sem sett eru til öryggis tryggilegri meðferð ótollafgreiddrar vöru, og eru þau ákvæði sniðin eftir norsku tollalöggjöfinni.

Í 6. kafla er fjallað um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda. Í 52. gr. er fjmrh. heimilað að setja með reglugerð ákvæði um, að greiðsla aðflutningsgjalda vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, eða hún sett í tollvörugeymslu innan sama tíma. Það eru því miður allt of mikil brögð að því, að innflytjendur vöru láti vöruna liggja mánuðum saman ótollafgreidda í vörugeymsluhúsum. Veldur þetta ýmsum erfiðleikum, svo sem því, að vörugeymsluhúsin eru venjulega yfirfull af vörum, og tefur það fyrir afgreiðslu og eftirliti, auk þess sem varan þolir oft illa langa geymslu og verður fyrir ýmsu hnjaski í húsunum við sífelldar tilfærslur. Og viðskiptalega séð er það einnig mjög óheppilegt, að þessi háttur skuli á hafður. Í þessari sömu gr. segir enn fremur, að með reglugerð megi ákveða, að hafi aðflutningsgjöld af vöru ekki verið greidd innan mánaðar frá eindaga, þ. e. að lokum þess frests, sem settur verður til að tollafgreiða vöruna, *megi tollyfirvöld láta selja vöruna á opinberu* uppboði til greiðslu aðflutningsgjalda, og skal áætlað verð hennar, hafi fullnægjandi innflutningsskjöl ekki verið lögð fram. Hér er um að ræða mun strangari reglur en nú eru í l. og eru einmitt til þess að hindra það, að vörur séu látnar liggja lengi ótollafgreiddar. En til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem þetta skapar, er tekin upp heimild til þess, að með reglugerð megi heimila tollstjórum að leyfa innflytjendum að greiða aðflutningsgjöld með ávísunum eða skuldaryfirlýsingum, sem falla í gjalddaga innan tiltekins frests, enda sé sett fullgild bankatrygging eða önnur hliðstæð trygging fyrir greiðslunni. Þetta er því skilyrði bundið, að varan sé tollafgreidd og jafnframt flutt úr vörugeymslunni innan ákveðins frests frá komudegi hennar, og má sá frestur ekki vera lengri en 20 dagar. Gert er ráð fyrir, að þessi heimild sé bundin við vissar vörutegundir. Hér er ekki um

það að ræða, að hér eigi að fara að „finansera“ verzlunina með því að lána tolla, heldur er þetta gert til þess að flýta fyrir tollafgreiðslu vörunnar. Það er ekki gert ráð fyrir, að þessi frestur verði langur, en í mörgum tilfellum ber brýna nauðsyn til þess, að varan sé tollafgreidd í rauninni samstundis og hún kemur, og á þetta við ýmsar vörur, eins og t. d. timbur og járn, þar sem um heila farma er að ræða, sem ekki er hægt að flytja í vörugeymsluhús venjuleg, heldur í rauninni innflytjandinn verður að taka til sín strax, og ýmsar slíkar vörur, sem nánast eru heilir farmar, en mundi ekki vera notað við stykkjavöru. Og þetta mundi að dómi tollyfirvalda mjög verða til þess að greiða fyrir tollafgreiðslu vara. Vitanlega kæmi ekki til greina, að slík lán yrðu veitt, nema því aðeins, að bankatrygging yrði veitt fyrir greiðslunni hverju sinni.

Í 7. kafla er ákvæði um það, að ef vantar í vörusendingar, skemmdir og endursendingu vöru. Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða það ítarlega, það er skýrt nákvæmlega í grg., hvað um er að ræða, en þessi ákvæði eru gerð á ýmsan hátt gleggri, því að oft skapast vandamál í sambandi við, hvernig á að fara með greiðslu tolla af vörum, ef þær eru gallaðar, og sérstaklega hefur þetta komið fram, þegar ekki kemur í ljós, fyrr en eftir langan tíma, að vörurnar eru gallaðar, vegna þess að þær eru ekki tollafgreiddar fyrr en kannske mánuðum eftir að varan kemur til landsins.

8. kafli er um útflutning vara, og þar er um að ræða nokkrar breytingar. Sum ákvæði hafa verið felld niður, vegna þess að þau hafa ekki reynzt framkvæmanleg, en heimild er sett til þess, að ákveða í frv. ýmis atriði þessara mála með reglugerð.

Eins og ég gat um áðan, hefur kaflinn um refsingar og viðurlög, sem er 9. kafli frv., verið endurskoðaður rækilega, og öllum ákvæðum hans varðandi refsingar hefur verið breytt í þá átt, að refsingar eru mjög verulega auknar. Þá er einnig sú breyting gerð, sem er veigamikil, að gert er ráð fyrir því, að þegar menn verða uppvísir að tollalagabrotum, sé gengið beint að þeim fyrst, sem varð fyrir sektum, en ekki eins og hefur verið til þessa, að það er haldið sér að útgerðarfyrirtækinu, sem á oft mjög erfitt með að innheimta svo aftur þessar kröfur hjá hinum brotlega. Það þykir sanngjarnt og eðlilegt, að það sé haldið sér fyrst að hinum brotlega, með aðför af hálfu þess opinbera leitazt við að fá fullnægju fyrir sektinni, en að sjálfsögðu er það ákvæði áfram í l., að ef það ekki reynist auðið að fá fullnægju þar, beri útgerðaraðili ábyrgð á, að sektin verði greidd.

Þá er annað ákvæði, sem er nýtt. Það er í 76. gr. Þar er tollyfirvaldi heimilað að ákveða sektir fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að það varði ekki hærri sektum en 10.000 kr., og svo jafnframt að beita upptöku eignar í sambandi við slík brot, ef gert er ráð fyrir, að hinar uppteknu vörur séu ekki meira virði en sem svari 50 þús. kr. Þetta ákvæði er ætlað til þess að greiða fyrir skjótari meðferð slíkra minni háttar brota, og er hér farið eftir danskri fyrirmynd. Hliðstæð ákvæði þessu eru í l. um meðferð opinberra mála, að því er varðar afgreiðslu lögreglustjóra og lögreglumanna á minni háttar brotum á umferðarlögum, áfengislögum og öðrum slíkum lögum, þannig að sjálfsagt þykir að taka upp þessa heimild hér.

Ég held, herra forseti, að ég hafi þá í meginefnum gert grein fyrir ákvæðum frv., og er að sjálfsögðu reiðubúinn til að svara fsp., sem fram kynnu að koma um það. Ég tel jafnframt rétt og nauðsynlegt, þar sem hér er um mjög tæknilegt mál að ræða, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, hafi nána samvinnu við tollstjóra og tollgæzlustjóra um frv. og fái skýringar þeirra á einstökum atriðum þess, svo og ráðuneytisstjóra í fjmrn., eftir því sem ástæða þykir til, og munu þeir allir vera reiðubúnir til þess að upplýsa n. um það, sem hún óskar að vita varðandi rökin fyrir hinum ýmsu ákvæðum frv.

Ég legg þá til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef aðallega kvatt mér hljóðs til þess að beina fyrirspurn til hæstv. ráðh., ekki varðandi þetta frv., heldur mál, sem er því skylt, en áður en ég kem að því, vildi ég segja það um þetta frv., að í því eru mörg ný ákvæði, sem eru vafalaust til bóta, önnur kunna að verða umdeild. En eitt ákvæði er það í þessu frv., sem ég vil persónulega lýsa sérstaklega stuðningi við, en það er 53. gr. frv., sem felur í sér heimild til ríkisstjórnarinnar að veita innflytjendum greiðslufrest undir vissum kringumstæðum. Það vita það allir, að verzlunin hefur búið við mikinn lánsfjárskort á undanförnum árum, eins og fleiri atvinnugreinar. Ég tek undir það með ráðh., að það má ekki reikna með því, að slíkur greiðslufrestur verði notaður þannig, að hér verði um almenna lánveitingastarfsemi að ræða, en hins vegar hygg ég, að með skynsamlegri framkvæmd á þeirri reglugerð, sem hér er gert ráð fyrir, geti það tvennt áunnizt, að í sumum tilfellum fái ríkið tollana greidda fyrr en ella, vegna þess hvað vörurnar bíða oft lengi í vörugeymslum, sem ekki mundi verða, ef þetta yrði tekið upp, og auk þess gæti þetta orðið verzluninni verulega til hagræðis, en fyrir slíka fyrirgreiðslu hefur hún fulla þörf, eins og nú standa sakir.

Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, er hins vegar sú aðallega, að í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna var því lýst yfir af hæstv. ríkistj., að hún mundi bera fram mjög fljótlega till. um allvíðtækar tollahækkanir í framhaldi af því, að gerð var breyting á gengi ísl. kr. Það var, má ég segja, tekið fram, annað hvort af hæstv. ráðh. eða fjvn.-mönnum meiri hlutans, að það mætti búast við tollalækkun eða till. um tollalækkun, sem fælu í sér um 200 millj. kr. lækkun miðað við þá tekjuáætlun, sem er í fjárlögum. Af hálfu stjórnarandstæðinga var því hins vegar haldið fram við fjárlagaafgreiðsluna, að möguleikar væru fyrir stórum meiri tollalækk-

unum heldur en þetta, vegna þess að ýmsir tekjuliðir í fjárlögunum væru of lágt áætlaðir. Það var að sjálfsögðu tekið fram af stjórninni, þegar hún tilkynnti þetta hæstv. fjmrh., að það yrði lagt mikið kapp á að afgreiða þessar tollabreytingar sem allra fyrst, enda kom það líka fram í sambandi við þingfrestunina, að hún var ákveðin, ákveðið að hún tæki styttri tíma en venjulega, og að því er manni skildist, fyrst og fremst til þess að afgreiða breytingar á tollalögunum. Sannleikurinn er líka sá, að það er eðlileg afleiðing af þessari yfirlýsingu, að margir innflytjendur, einkum þeir, sem flytja inn vörur, sem búast má við að verði tollabreytingar á, þeir draga það að flytja þær inn eða tollskrá þær í trausti þess, að tollar á þessum vörum verði lækkaðir, og mér er sagt, að það sé þegar farið að bera á því í ýmsum tilfellum, að það sé orðinn vöruskortur, sökum þess að innflytjendur, draga að sjálfsögðu að yfirfæra vöruna eða tollskrá hana, þangað til það liggur fyrir, hverjar tollbreytingarnar verði.

Nú hefði maður búizt við því, samkvæmt því sem var yfirlýst hér á þingi fyrr, áður en því var frestað, að frv. um tollabreytingar eða tollalækkanir lægi hér fyrir strax, þegar þing kæmi saman, að það lægi hér á borðinu, alveg eins og það frv., sem við erum nú að ræða um, fyrsta dag framhaldsþingsins, en því miður hefur það ekki orðið, og það hefur heldur ekki komið fram í dag, og að því er ég bezt veit ekki væntanlegt í dag. Þó hefur maður heyrt fréttir um, að þetta frv. sé þegar tilbúið af hálfu þeirra sérfræðinga og þeirrar n., sem um það hafi fjallað.

Ég vildi í framhaldi af þessu beina þeirri fyrirspurn til hv. ráðh., hvað því valdi, að þetta frv. sé ekki þegar fram komið, og hvort það megi ekki fastlega vænta þess t. d., að það verði lagt fram fyrir helgina. En eins og ég áðan sagði, er þetta orðið aðkallandi, vegna þess að margir innflytjendur draga það af eðlilegum ástæðum að tollskrá vörur, þangað til þeir fá að vita um það, hvaða fyrirætlanir ríkisstj. og Alþ. hefur í þessum efnum.

Fjmrh. Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég er þakklátur hv. þm. fyrir vinsamlegar undirtektir hans við þetta frv., þó ég skilji, að það sé eðlilegt, að hann á þessu stigi og aðrir hv. þm. hafi fyrirvara um það, að það kunni að vera ýmis atriði í því, sem þeir óskuðu eftir að væru á annan veg. Þetta er stórt mál og eðlilegt, að það sé, en mér þykir sérstaklega vænt um, að hann skyldi nefna það atriði, er hann nefndi í sínu máli, vegna þess að þar er um nýmæli að ræða, sem vissulega getur alltaf orkað nokkurs tvímælis, en ég held, að það sé alveg rétt, sem hann sagði, og á því er þetta ákvæði byggt, að hér sé um að ræða ráðstöfun, sem oft geti orðið til góðs til þess að greiða fyrir tollafgreiðslu vara til þess að létta fyrir því, að í bili geti innflytjendur flutt inn mjög þýðingarmiklar vörur. Hér yrði fyrst og fremst um hinar brýnustu nauðsynjavörur að ræða, sem yrðu látnar falla undir þetta ákvæði, þannig að það gæti verið hagkvæmt að hafa slíka heimild í l. Varðandi fyrirspurn hans um frv. til breytinga á tollskránni þá er það að segja, að mig furðar ekkert á því, að sú fyrirspurn komi fram. Það er alveg rétt, að því var lýst yfir, þegar fjárlög voru afgreidd, að það væri ætlunin að nota það fé, sem ríkissjóður kynni að hafa aflögu á árinu 1968, til þess að mæta afleiðingum gengisbreytingarinnar, þannig að það væri ekki ætlunin, að ríkissjóður ætlaði að halda því fé í sinn rekstur, og þá fyrst og fremst haft í huga, og enda frá því skýrt, að fyrirhugaðar væru tollabreytingar og yrði leitazt við að nota eins mikið fé til þeirra tollabreytinga og frekast væri unnt, þó að menn væru ekki á einu máli um það, hverjar fjárhagsástæður ríkissjóðs á árinu 1968 yrðu. Það er annað mál, eins og hv. þm. sagði. Og það er jafnframt rétt, að það átti m. a. sinn þátt í því að ákveða samkomudag Alþ. strax um miðjan janúar, að ekki var talið auðið að bíða lengi með fyrirhugaðar tollabreytingar. Það er einnig rétt, sem hv. þm. sagði, að frv. um breytingar á tollskránni er tilbúið og var tilbúið, þegar Alþ. kom saman, þannig að það hefði verið auðið að leggja það þá þegar fyrir Alþ., en ástæðan fyrir því, að það ekki hefur enn verið gert, er einfaldlega sú, sem ég veit, að bæði fyrirspyrjendur og allir hv. þm. vita, að það hafa orðið, síðan talað var um þessi mál hér í Alþ. síðast, þá hafa orðið allverulegar breytingar, og það virðast líkur til þess, að lausn á útgerðarvandamálunum nú um áramótin leiði til þess, að ríkissjóður verði í einhverju formi að taka á sig auknar skuldbindingar, og gefur þá að sjálfsögðu auga leið, að það þarf fyrst að átta sig á því vandamáli, áður en hægt er að slá einhverju föstu um það, hvaða möguleikar verða til þess að verja stórum fjárhæðum til tollabreytinga. Þetta er ástæðan til þess, að frv. hefur ekki verið lagt fram.

Niðurstaða á samningum við hraðfrystihúsin liggur ekki enn fyrir, og er þó gert ráð fyrir væntanlega, að það verði núna seinni partinn í þessari viku, en áður en öll kurl eru þar til grafar komin og við sjáum þetta dæmi, er auðsýnilegt, að það er ekki hægt að fara að ráðstafa stórum fjárhæðum úr ríkissjóði, nema jafnframt sé þá um leið séð fyrir endann á því, hvernig eigi að mæta þessum vanda. Ég er ekki reiðubúinn á þessu stigi til þess að tala um eða nefna neinar tölur varðandi það, sem þegar hefur gerzt í sambandi við bátakjarasamningana, hversu þeir leiði af sér miklar kvaðir fyrir ríkissjóð, og miklu síður þó að ræða um frystihúsin, hvort þar þurfi eitthvað að hlaupa undir bagga, en hvort tveggja þetta leiðir af sér, eins og ég áðan sagði, að það hefur ekki reynzt auðið að leggja þetta frv. fyrir Alþ. nú, enda þótt það hafi verið tilbúið í tæka tíð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjhn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Byggingarlög fyrir skipulagsskylda staði.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til byggingarlaga fyrir skipulagsskylda staði [112. mál] (stjfrv., A. 243).

Á 56. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 5. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til byggingarlaga fyrir skipulagsskylda staði er hér lagt fram í því formi, sem skipulagsstjórn ríkisins gekk endanlega frá því. Síðan hafa rn. borizt nokkrar aths. við frv., og munu þær látnar þn. í té, þegar hún hefur störf sín við frv. Á árinu 1958 fól félmrn. skipulagsstjóra ríkisins að gera drög að frv. til byggingarlaga, er gilda skyldu fyrir allt landið, og var það verk unnið í samráði og samvinnu við skipulagsnefnd ríkisins. Frv. þetta var síðan afhent rn., en þar sem ýmis atriði þess voru talin þurfa frekari athugunar við, varð það að ráði að leggja það til hliðar að sinni. Einnig var litið svo á, að rétt væri að láta samningu frv. til skipulagslaga ásamt tilheyrandi reglugerðum hafa forgang, en skipulagslögin voru eins og kunnugt er samþ. af Alþingi fyrri hluta árs 1964 og reglugerðirnar staðfestar á árinu 1966.

Eftir að skipulagsstjórn ríkisins var tekin til starfa samkv. hinum nýju skipulagslögum á miðju ári 1964, var þess óskað af félmrn., að hún tæki upp þráðinn, þar sem frá var horfið, og henni jafnframt falið að ljúka verkinu svo fljótt sem unnt væri. Skipulagsstjórn fól síðan einum úr sínum hópi, Páli Líndal borgarlögmanni, að fjalla um málið og taka gamla frv. til gagngerðrar endurskoðunar. Við samningu frv. var haft náið samstarf við skipulagsstjórnarmenn og skipulagsstjóra ríkisins. Auk þess átti höfundur viðræður við fulltrúa ýmiss konar samtaka, sem hér eiga hlut að máli, svo sem frá Arkitektafélagi Íslands, Meistarasambandi byggingarmanna, Verkfræðingafélagi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna. Frv. það, sem hér er lagt fram, er miklu ýtarlegra og yfirgripsmeira en frv. það, sem skipulagsstjóri ríkisins samdi og afhenti félmrn. í ársbyrjun 1959. Auk þess inniheldur það ýmis nýmæli, svo sem um byggingarstjóra, friðun húsa, gatnagerðargjöld o. fl., sem ekki var að finna í hinu eldra frv. Má því segja, að hér sé um alveg nýtt frv. að ræða.

Í grg. með frv. til skipulagslaga, sem lagt var fram á Alþingi árið 1958, var á það bent, að heppilegt mundi að steypa saman í heildarlöggjöf öllum ákvæðum varðandi skipulagsmál og byggingarmál, svo sem gert hefur verið í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, enda mæla ýmis rök með að svo sé. Hér þótti rétt að hafa löggjöf þessa aðskilda. Langt er síðan mönnum var ljóst, að hin ófullkomna löggjöf um byggingarsamþykktir frá 1905 var orðin úrelt og mikil nauðsyn að endurskoða hana sem og önnur lög um sama eða svipuð efni hið fyrsta. Viðhorf hafa gerbreytzt í þessum málum á 60 árum og fólksfjölgunin orðið geysimikil, ekki sízt í þéttbýlinu, og öll byggingarstarfsemi margfaldazt. Frv. þessu er fyrst og fremst ætlað að koma í stað l. nr. 19 frá 1905 um byggingarsamþykktir, þ. e. að skapa heimildir til að setja almenna byggingarreglugerð og sérstakar byggingarsamþykktir, eftir því sem ástæða þykir til. Þá eru ákvæði um friðun húsa og gatnagerðargjöld, eins og áður var að vikið. Menn getur greint á, hvort slík ákvæði eigi heima í byggingarlögum, en menn ættu að geta orðið sammála um, að meðan engin önnur löggjöf er til um þessi efni, sé rétt og eðlilegt að fella hana inn í þetta frv. Meginefni frv. er um yfirstjórn byggingarmála, skipun, valdsvið og verksvið byggingarnefnda.

Fyrstu lagareglur, sem um þessi efni voru sett hér á landi, munu hafa verið um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík frá 29. maí 1839. Lög um byggingarmálefni Reykjavíkur voru sett árið 1944 og almenn lög um byggingarsamþykktir árið 1905 og gilda enn að miklu leyti a. m. k. í orði kveðnu. Alþingi hefur raunverulega engar breytingar gert á l. þessum aðrar en með l. nr. 84 frá 1943, auk ákvæða í skipulagslögum og lögum nr. 37 frá 1948 um brunavarnir og brunamál. Á árinu 1924 var frv. til byggingarlaga lagt fyrir Alþingi, en aðalhöfundur þess mun hafa verið Guðjón Samúelsson, þáv. húsameistari ríkisins, er mun hafa haft samráð við samningu þess við skipulagsnefnd ríkisins. Frv. varð ekki útrætt á því þingi og virðist ekki hafa verið lagt fram síðar. Í þessu frv. var sú stefna ríkjandi að taka sem mest af almennum reglum upp í sjálf l., enda var það í 92 gr. Við samningu þessa frv. er hins vegar fylgt hinni meginstefnunni, sem til greina kemur við samningu byggingarlagafrv., sem sagt þeirri að lögfesta fyrst og fremst nauðsynlegar heimildir til að setja byggingarreglugerð eða byggingarsamþykktir, en taka sem minnst í l. af tæknilegum fyrirmælum. Verða þá allar síðari breytingar á l. til samræmis við ný og breytt viðhorf ólíkt fyrirhafnarminni. Ljóst er, að samning nánari reglna samkv. frv. þessu, ef að lögum verður, hlýtur að taka nokkurn tíma, en benda má þó á, að fyrir liggur endurskoðuð fyrirmynd af byggingarsamþykktum, sem félmrn. gaf út með auglýsingu nr. 22 frá 1967. Hafa nú þegar verið gefnar út 45 byggingarsamþykktir og staðfestar af félmrn., sem að mestu leyti hafa verið gerðar samkv. fyrrnefndri fyrirmynd óbreyttri. Þetta er því minna verk en ella að setja nýjar reglur samkv. þeim heimildum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að hafa um frv. fleiri orð, þótt tilefni væri til, nema sérstakt tilefni gefist til, svo nákvæm grg. og fullkomin, sem fylgir frv. ásamt aths. við einstakar greinar þess. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

6. Brunavarnir og brunamál.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um brunavarnir og brunamál [113. mál] (stjfrv., A. 244).

Á 54. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 5. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Með bréfi dags. 28. okt. 1966 fól félmrn. Bárði Daníelssyni yfirumsjónarmanni brunavarna að athuga og gera till. um, hvernig skipulagi og starfsemi Brunavarnaeftirlits ríkisins skyldi háttað í framtíðinni, þannig að það gæti sem bezt gegnt þeim meginhlutverkum sínum að leiðbeina sveitarstjórnum um allar verklegar og skipulegar framkvæmdir við brunavarnir og hafa yfirumsjón með ákvæðum l. um brunavarnir og sjá um, að lögum um brunavarnir og brunamál verði hlýtt í hvívetna. Með bréfi dags. 29. des. sama ár fól rn. Páli Líndal borgarlögmanni að vinna að framangreindu verkefni með yfirumsjónarmanni brunavarna, og skyldu þeir skila rn. svo fljótt sem kostur væri umbeðnum till. í frumvarpsformi. Frv. það til l. um brunavarnir og brunamál sem hér er lagt fram, er eins og framangreindir menn gengu frá því og afhentu rn. í desemberlok s.l.

Skipulagðar brunavarnir eiga sér ekki langa sögu hér á landi. Strjálbýlið gerði ókleift að koma slíku við. Þegar eldur kom upp, urðu menn að treysta á eigið atfylgi og nágranna sinna til slökkviliðsstarfa. Fyrstu opinberar reglur, sem settar voru á Íslandi um brunavarnir eða brunamál, voru settar fyrir rúmri hálfri annarri öld, eða 1. apríl 1807, en þann dag gaf stiftamtmaður út auglýsingu um varnir gegn brunahættu í Reykjavík. Vísir að slökkviliði tók að þróast í Reykjavík á öðrum þriðjungi 19. aldar, en árið 1875 eru sett l. um brunamál í Rvík, þar sem nákvæmlega er kveðið á um meðferð brunamála. Þau l. héldu gildi sínu, unz sett voru núgildandi l. um brunamálefni í Rvík. nr. 28 frá 1945. Heildarlög um brunamálefni utan Reykjavíkur voru fyrst sett með l. nr. 85 frá 1907, og var svo mælt fyrir í 39. gr., að l. giltu fyrir kaupstaði utan Rvíkur, verzlunarstaði og aðra þá staði og húseignir, sem eigi féllu undir l. frá 20. okt. 1905 um vátryggingu sveitabæja og annarra húsa í sveitum utan kauptúna. Jafnhliða þessum l. giltu sérl. um slökkviliðið á Ísafirði frá 1883, Seyðisfirði frá 1901, Akureyri frá 1905 og Hafnarfirði frá 1909. Öll þessi löggjöf var afnumin með núgildandi l. nr. 37 frá 1948, en skv. þeim l. var síðan sett reglugerð nr. 167 frá 1949.

Með þessari löggjöf um brunavarnir og brunamál var vissulega stigið spor í rétta átt, því að þar er að finna allítarleg ákvæði um skipulag brunavarnamála, um slökkvilið, meðferð á eldi, ljósum og eldfimum efnum, frágangi eldfæra og eldfæraeftirlit, skyldur borgaranna, ef eldsvoða ber að höndum, um brunavarnir og gerð húsa með tilliti til brunavarna o. fl. Öllum er kunnugt um hin tíðu og miklu brunatjón hér á landi, ekki aðeins hið beina tjón á lausafé og fasteignum, heldur einnig vegna rekstrarstöðvana af völdum eldsvoða. Í febr. 1958 var samþ. þál. í Rvík um varnir gegn brunatjóni, og var skorað á ríkisstj. að láta þegar fram fara ítarlega rannsókn hinna færustu manna á orsökum hinna tíðu eldsvoða, sem valdið hafa miklu tjóni á atvinnutækjum þjóðarinnar, og gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir til að draga úr eldhættu í atvinnufyrirtækjum. Í sept. sama ár skipaði félmrh. 6 menn undir forsæti þáverandi umsjónarmanns brunavarna, Geirs Zoëga, í n. til að annast rannsókn þá og gera þær till., sem um er fjallað í nefndri þál. Nefndarálitið barst rn. í júní 1959. Nm. voru sammála um, að helztu orsakir eldsvoða á atvinnutækjum væru eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi slæm umgengni og vanræksla í umbúnaði tækja. Í öðru lagi lélegur og ófullkominn útbúnaður og frágangur rafmagnstækja og raflagna. Í þriðja lagi ófullkominn og trassafenginn frágangur olíukynditækja. Í fjórða lagi byggingargallar frá tæknilegu sjónarmiði eldvarna í uppsetningu þurrkofna, hitunartækja, véla o. fl. Og í fimmta lagi bráðabirgðatæki til hitunar og lýsingar, aðallega í sambandi við nýbyggingar.

Í sambandi við væntanlegar úrbætur á hinu mikla ófremdarástandi í þessum málum lögðu nm. m. a. til, að hinar 3 stofnanir, sem hafa eftirlit með öryggisútbúnaði húsa og véla, þ. e. Brunavarnaeftirlitið, Rafmagnseftirlitið og Öryggiseftirlitið, herði mjög eftirlitið í heild og gangi ríkt eftir, að fyrirmælum l. og reglugerða um frágang og öryggisútbúnað sé hlýtt. Einnig að gerðar verði nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til að tryggja raunhæfa framkvæmd eftirlitsins. Enn fremur að tekin verði upp markviss almenn fræðslustarfsemi um þessi mál og loks, að reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að upplýsa orsakir eldsvoða og séu niðurstöður og réttarrannsóknir teknar fram í skjölum málsins. Þá gerði n. till. varðandi verksvið og stjórn Brunavarnaeftirlits ríkisins og gerði þar að sjálfsögðu ráð fyrir lagabreytingu með setningu nýrra l. í því sambandi.

Eins og vikið er að í aths. við lagafrv. þetta, hafa brunatjón á Íslandi numið geigvænlegum upphæðum hin síðari ár, og það sem verra er, að það er hér tvöfalt eða þrefalt meira en í nágrannalöndum okkar, að minnsta kosti miðað við 5—6 síðustu árin. Þó er það verst, að auðvelt mun að sýna fram á, að þessi miklu brunatjón stafa að verulegu leyti af skorti á eftirliti og fræðslu á sviði brunamála. Brunavarnaeftirlit

ríkisins þarf því að efla, svo að það geti annað verkefni sínu á raunhæfan hátt, svo sem ráð er fyrir gert í þessu frv. Fræðslustarfsemi og kynningu á brunamálum og brunavörnum, hvort sem er í skólum, dagblöðum, útvarpi eða sjónvarpi, þarf og að stórefla. Einnig að efna til námskeiða fyrir slökkviliðsmenn utan að landi, enda ráð fyrir þessu gert í frv. Eins og frv. ber með sér, er hér fyrst og fremst um heildarlög að ræða, en hins vegar ætlazt til, að kveðið verði á um ýmis framkvæmdaatriði og reglur um tæknimálefni í sérstökum reglugerðum, sem settar verði síðar.

Ég vildi að þessum orðum sögðum beina þeim tilmælum til þeirrar hv. þingnefndar, sem málið fær til meðferðar, að hún hraði svo sem kostur er afgreiðslu þessa máls, því að ekki þurfum við frekar vitnanna við um megintilgang frv., og vafalítið þarf ekki að óttast nokkurn ágreining um meginefni frv. og er mikil nauðsyn á, að það fái sem skjótasta afgreiðslu, svo mörg mál, sem þá eru eftir óleyst í sambandi við setningu reglugerðar síðar, en nauðsyn á að fá settan þann lagaramma, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég geri það svo að till. minni, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Vatnalög.

Á 59. fundi í Nd., 8. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 [128. mál] (stjfrv., A. 266).

Á 60. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hinn 24. febr. 1967 skipaði ég þá Hallgrím Dalberg deildarstjóra, Magnús E. Guðjónsson framkvstj. Sambands ísl. sveitarfélaga og Sigurð Jóhannsson vegamálastjóra í n. til þess að athuga og gera nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja verndun grunnvatns og vatnsbóla gegn hvers konar mengun. Frv. það, sem hér er lagt fram, er eins og framangreind n. gekk frá því og skilaði mér í desembermánuði s.l.

Tilefni þessarar nefndarskipunar var m. a. áskorun frá Sambandi ísl. sveitarfélaga hinn 3. nóv. 1966 og áskorun sama efnis frá samvinnunefnd um skipulag Reykjavíkur og nágrennis frá 7. febr. 1967 um að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um verndun vatnsbóla fyrir mengun. Áskoranir þessar um endurskoðun gildandi l. um verndun vatnsbóla eru fram komnar vegna þess, að á síðari árum hefur öflun á nothæfu neyzluvatni fyrir stækkandi kaupstaði og kauptún mætt vaxandi erfiðleikum. Mjög víða er neyzluvatns aflað með virkjun í ám og lækjum, og er þar oftast um yfirborðsvatn að ræða, sem auðveldlega mengast af völdum búpenings, sem leikur lausum hala um vatnasvæðin. Vinnsla grunnvatns með borunum hefur aukizt nokkuð hin síðari ár, m. a. vegna hættunnar á mengun á yfirborðsvatni. Reykjavík og Hafnarfjörður hafa lengst af haft aðgang að uppsprettulindum, sem teljast mega að mestu hreint grunnvatn, en það eru Gvendarbrunnar og Kaldárbotnar. Athuganir hafa þó leitt í ljós, að við vissar aðstæður getur verið mikil hætta á mengun grunnvatns ekki síður en yfirborðsvatns, t. d. ef olía, benzín, áburður og hvers konar eiturefni önnur berast í grunnvatnið. Er olíumengun hér langhættulegust, því að komist hún í grunnvatnið, getur hún borizt með því langar leiðir og það reynzt nánast, praktískt tekið, ómögulegt að losna við hana, og undir öllum kringumstæðum getur í slíku tilfelli vatnsból orðið ónothæft svo að mánuðum skiptir, enda ekki að undra, þegar það er haft í huga, að 1 lítri af olíu getur eyðilagt 1 millj. lítra af vatni.

Árið 1964 var á vegum samvinnunefndar um skipulagsmál Reykjavíkur og nágrennis skipuð sérstök vatnsbólanefnd til athugunar á framtíðarvatnsþörf höfuðborgarsvæðisins, og áttu sæti í henni fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á svæðinu frá Kjalarnesi til Hafnarfjarðar. Nefndin réð Jón Jónsson jarðfræðing sér til ráðuneytis, og í janúar 1965 lá fyrir grg. hans um verndun grunnvatns, sem fylgir frv. þessu sem fskj. Í framhaldi af þessum rannsóknum Jóns Jónssonar var vatnsbólanefnd falið að gera till. um nauðsynlega friðun á höfuðborgarsvæðinu svonefnda með tilliti til verndunar vatnsbóla þá. Till. þessar um friðun lagði vatnsbólanefnd fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Reykjavíkur og nágrennis í janúar 1967, og samþykkti hún þær í júnímánuði s.l., og hafa þær síðan verið staðfestar af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og birtar almenningi. Þar sem mjög vafasamt var talið, að hægt væri að framkvæma þær friðunarráðstafanir, sem svæðisskipulagsnefnd Reykjavíkur og nágrennis hafði samþykkt með stoð í IX. kafla vatnalaga frá 1923, fór samvinnunefndin fram á það við félmrn., að l. yrðu endurskoðuð með tilliti til þess.

Öllum þeim, sem kunnugir eru þessum málum, hefur í vaxandi mæli verið ljós nauðsyn þess að gefa verndun vatnsbóla miklu meiri gaum en gert hefur verið til þessa. Þær lágmarkskröfur verður að gera til drykkjarvatns og vatns, sem notað er til þvotta og meðferðar á fiski og öðrum matvælum, að það sé ómengað af lífrænum óhreinindum, þannig að neytendur og notendur eigi ekki á hættu að sýkjast af neyzlu þess eða notkun, og einnig, að vatnið innihaldi ekki nein eitruð eða skaðvænleg efni. Við vitum, að til skamms tíma var víða hér á landi nær eingöngu notaður sjór til þvotta á fiski, áhöldum og húsnæði til fiskframleiðslu, og var hann þá oftast tekinn í fjöruborðinu sem skemmst frá hverju frystihúsi. Þetta hefur sem betur fer breytzt

til batnaðar. Ferska vatnið, sem notað er við fiskvinnslu, er yfirleitt neysluvatnið úr vatnsveitu hlutaðeigandi sveitarfélags. Fiskmatsráð og Ferskfiskeftirlitið, sem tók til starfa árið 1960, taldi réttilega að eitt af meginverkefnum, sem sinna þyrfti, væri að afla upplýsinga um vatnið, sem notað væri almennt á fiskvinnslustöðvum og til þvotta í fiskiskipum. Rannsókn þessi var framkvæmd af Guðlaugi Hannessyni gerlafræðingi 1960—1961. Rannsökuð voru 127 vatnsból, og af þeim reyndust 38% góð, 12% gölluð og 50% ónothæf, og má sennilega taka undir með gerlafræðingnum, er hann segir, að þetta séu iskyggilegar tölur, ekki aðeins fyrir fiskiðnaðinn í landinu, heldur einnig fyrir íbúa þeirra bæja og þorpa úti um landið, sem neyta verða drykkjarvatns, sem er óneyzluhæft vegna saurmengunar í einhverri mynd. Í framhaldi af þessum rannsóknum gaf Fiskmat ríkisins út strönd fyrirmæli fyrir um 4 árum síðan um íblöndun klórs í vatn og sjó, notað við vinnslu í hraðfrystihúsum alls staðar, en án tillits til mismunandi gæða vatnsins.

N. sú, sem samdi lagafrv. þetta, kynnti sér rækilega löggjöf í nágrannalöndum okkar um verndun vatnsbóla, en hún er víðast hvar mjög ítarleg. En þar sem aðstæður í þessum löndum eru á margan hátt ólíkar því, sem þekkist hér á landi, og l. þar fjalla mikið um mismunandi aðferðir til hreinsunar á neyzluvatni, taldi n. ekki henta að taka þessa löggjöf sem beina fyrirmynd, heldur að réttara væri að gera nauðsynlegar breytingar á vatnal. frá 1923 til þess að afla lagaheimildar, svo að hægt væri að gera þær ráðstafanir, sem þurfa þykir til að stemma stigu við varhugaverðri mengun vatns og jafnframt til að friðlýsa svæði, svo sem nauðsynlegt þykir, í grennd við vatnsból til þess að koma í veg fyrir hvers konar mengun vatns. Í e-lið 4. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að ráðh. setji reglugerð, þar sem nánar sé kveðið á um ráðstafanir í sambandi við verndun neyzluvatns gegn mengun. N. sú, sem samið hefur frv. þetta, afhenti rn. frv. að slíkri grg. með lagafrv., og hafði n. áður sent bæði frv. heilbrn., Jóni Jónssyni jarðfræðingi, landlækni, Rannsóknarstofu fiskiðnaðarins, skipulagsstjórn og vatnsveitustjórum í Reykjavík til athugunar og umsagnar, og ætti það að auðvelda framgang málsins hér í hv. þd.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að láta þessu frv. fylgja fleiri orð umfram það, sem ég hefi nú þegar sagt, en vísa að öðru leyti til grg. og fskj. með frv. og aths. við einstakar greinar. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Kjarasamningar apótekara og lyfjafræðinga.

Á 1. fundi í Ed., 12. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um framlengingu á kjarasamningi milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 4. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 9 um framlengingu á kjarasamningi á milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands er flutt til staðfestingar á brbl. um sama efni, sem gefin voru út 10. maí s.l. En eins og menn rekur minni til, hafði staðið kjaradeila um alllangt skeið milli lyfjafræðinga og apótekara eða Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélagsins og ekki náðst samkomulag í þeirri deilu. Verkfall hafði hafizt 10. apríl og staðið um mánaðartíma, og eins og gerð er grein fyrir í forsendum fyrir brbl., höfðu lyfsalar þá einir staðið fyrir afgreiðslu lyfja í lyfjabúðunum, og var talið, að ýmsir þeirra mundu ekki öllu lengur geta annazt margþætta lyfjaafgreiðslu, og talið, að kynni, áður en varði, að skapast hættuástand, sem þyrfti að bægja frá. Sáttasemjari ríkisins hafði unnið að tilraunum til lausnar á kjaradeilunni án þess að árangur hefði náðst. Báðir aðilar höfðu fellt miðlunartill. hans, sem hann hafði skömmu áður borið fram.

Aðdragandi þessarar vinnudeilu er sá, að Lyfjafræðingafélag Íslands sagði upp kjarasamningum með bréfi 27. okt. 1966, sem gilt höfðu frá 1. jan. 1966. Síðan fóru fram samningaviðræður milli aðila, sem gengu dauflega, og Apótekarafélagið svaraði þessari málaleitun lyfjafræðinganna með bréfi, dags. 17. nóv. 1966 og færði þar ástæður fyrir því af sinni hálfu, að þeir gætu ekki orðið við neinum kröfum til hækkunar, og fóru nokkur bréfaskipti fram á milli félaganna, og þar sem ekki dró þá til samkomulags, var deilunni vísað til kjaradeilunefndar en hún starfar samkv. IV. kafla l. nr. 30 1963 um lyfsölumál. Þessi kjaradeilunefnd tók svo þá ákvörðun, að hún gæti ekki tjáð sig um málið, en formaður kjaradeilunefndar, Sigurður Líndal, hafði borið fram eftirfarandi till.: „Með vísun til 2. málsgr. 18. gr. l. nr. 30 1963 telur n. sér ekki fært að leggja fram miðlunartill. með vísun til þess, að sett hafa verið l. um heimild til verðstöðvunar.“ Heimildarákvæði laganna hefur þegar verið beitt, og launþegasamtök hafa yfirleitt frestað aðgerðum í kaupgjaldsmálum vegna setningar laga þessara. Till. þessi hlaut þá afgreiðslu, að tveir aðilar voru með till., en einn aðili var andvígur till. og hlynntur því, að n. legði fram miðlunartill. sína. En sem sagt, þessi till., sem fól í sér eiginlega frávísun frá kjaranefndinni, var samþ. með 2:1 atkv. Á þessu stigi óskuðu lyfjafræðingarnir aðstoðar sáttasemjara ríkisins með bréfi dags. 20. jan. 1967. Þeir fundir, sem haldnir

voru með milligöngu sáttasemjara, leiddu ekki til samkomulags og Lyfjafræðingafélagið boðaði Apótekarafélaginu vinnustöðvun, sem skyldi hefjast kl. 4 12. febr. 1967. Á þessu stigi málsins hafði ég afskipti af þessum málum og hélt fund með lyfjafræðingunum og talaði þá einnig við apótekarana. En 9. febr. hafði ég fund með lyfjafræðingunum, og í framhaldi af þeim fundi skrifaði ég þeim bréf 10. febr., þar sem ég fór þess á leit við Lyfjafræðingafélag Íslands, að það frestaði deilunni um sinn, og bar þau tilmæli fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ég hafði látið í ljósi á fundinum með þeim, að ég myndi hlutast til um, ef þeir yrðu við slíkri beiðni, að láta fara fram af hálfu rn. hlutlausa könnun á launatekjum lyfjafræðinga í samanburði við launatekjur annarra launþega með sambærilega menntun og við sambærileg störf. En það kom fram hjá lyfjafræðingum, að um þetta væri töluverður ágreiningur á milli þeirra og apótekaranna, hvernig launin væru, að hve miklu eða litlu leyti sambærileg, og það var mitt mat, að ef rn. hefði þarna milligöngu og stuðlaði að því, að fram færi hlutlaust mat á þessu, kynni það að auðvelda sættir í þessu máli. Einnig hafði ég þá gefið fyrirheit um að skipa n. í samráði við Lyfjafræðingafélag Íslands og Apótekarafélagið til þess að rannsaka og gera till. um skipulag og fjölda lyfjabúða og hagræðingu í rekstri þeirra. Með því að slík athugun yrði sett í gang taldi ég einnig, að það gæti orkað nokkuð til þess að leysa úr deiluatriðum, því að fullkomnari og betri hagræðing í rekstri lyfjabúðanna og bætt skipulag að öðru leyti átti að mínum dómi að geta stuðlað að því, að apótekararnir gætu frekar orðið við kröfum lyfjafræðinga um kauphækkanir. Þessu bréfi mínu 10. febr. svöruðu lyfjafræðingarnir samdægurs og féllust á að verða við þessari frestun með þeim skilyrðum, að þessi rannsókn yrði látin fara fram, og hinu boðaða verkfalli var þá frestað um óákveðinn tíma. Svo var það 30. marz, að lyfjafræðingum voru sendar niðurstöður kjarakönnunarinnar, sem fram hafði farið á vegum ráðun. Ekki leiddi þetta hins vegar til þess, að saman drægi með þessum deiluaðilum, og því var það, að lyfjafræðingarnir ákváðu á ný að boða til verkfalls, sem hefjast skyldi 10. apríl. Aftur átti ég viðræður við lyfjafræðinga og apótekara til þess að reyna að stuðla að samkomulagi í þessum málum og að verkfallið kæmi ekki til framkvæmda, en að þessu sinni árangurslaust. Það hófst þess vegna, eins og ég hef áður gert grein fyrir, 10. apríl og lauk svo 10. maí með setningu þeirra brbl., sem ég nú hef gert grein fyrir. Mér var fyllilega ljóst, að það var engan veginn æskilegt að þurfa að grípa inn í þessa deilu með setningu þessara brbl. Ég taldi mig, nokkru áður en verkfallið skall á, hafa fulla ástæðu til að ætla, að tilraunir mínar til þess að koma á samkomulagi í þessu máli mundu bera þann árangur, að til verkfalls kæmi ekki, en það reyndust vonbrigði, og því fór að þessu leyti sem fór og þarf ég í raun og veru ekki að gera hv. d. frekari gr. fyrir málinu en nú er orðið. Svo leyfi ég mér að leggja það til, herra forseti, að þessu frv. verði, að lokinni 1. umr., vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér hér að segja nokkur orð um þetta mál, þar sem ég geri varla ráð fyrir því, að það komi aftur á dagskrá hv. d., því að það er eins og með fleiri brbl. af svipuðu tagi, að þau eru útbúin með þeim hætti, að það þurfi ekki að reyna á það, hvort þau hafi yfirleitt meiri hl. hér á hv. Alþ., eins og þó er gert ráð fyrir í stjórnarskránni að sé sannreynt

Það má segja, að það sé ekki nein sérstök nýlunda, að svona mál séu hér á ferðinni, því að hæstv. núverandi ríkisstj. hefur sett um það bil 30 slík brbl. á valdaferli sínum eða ein 4 eða 5 á ári að meðaltali á þeim 7 árum, sem hún hefur verið við völd, og eins og mönnum er líka kunnugt, hefur slík lagasetning, slík útgáfa brbl., beinzt öðrum fremur að ýmiss konar sérfræðimenntuðum mönnum í landinu, eins og læknum og verkfræðingum t. d., og að mínu viti til stórtjóns fyrir þjóðina, sérstaklega þar sem hefur verið um að ræða menn með alþjóðlega menntun, sem ekki hafa verið bundnir við landið sjálft um sölu á sinni menntun og sinni hæfni og hafa þess vegna leitað í stórum stíl út úr landinu. Ég tel, að þessi brbl. um bann við verkföllum, sérstaklega þessara manna, hafi reynzt stórskaðleg, þó að ekki sé tekin sú hlið málsins, sem að mannréttindum snýr, heldur eingöngu sú hliðin, sem snýr að hagsmunum þjóðarinnar. Og ég held líka, að þegar öllu er á botninn hvolft, hafi lagasetning af þessu tagi alls ekki orðið til þess að hindra kauphækkanir þessara stétta, því að þær hafa síðar og með öðrum hætti náð sínum málum fram, eins og glöggt er af dæminu um læknana, sem hafa fengið meiri kauphækkanir og kjarabætur en nokkur önnur stétt í landinu, þrátt fyrir þær tilraunir, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft í frammi til þess að standa á þeirra kjörum. (Gripið fram í). Nei, að vísu ekki með brbl., en hliðstæðum afskiptum. Ég vil taka það fram, að í því, sem ég vildi annars segja sérstaklega um þetta mál, sem hér um ræðir, felst enginn dómur um þær kröfur, sem lyfjafræðingar hafa sett fram. Ég er ekki kunnugur kjörum þeirrar stéttar og treysti mér engan dóm að leggja á það, hvort kröfurnar út af fyrir sig hafa verið réttmætar eða óréttmætar miðað við aðrar launastéttir í landinu, ég leiði alveg hjá mér að dæma um það. En hitt dylst engum, sem les forsendurnar fyrir þessum l., að þær eru vægast sagt mjög hæpnar. Í grg. fyrir brbl. segir á bls. 2 á þskj., sem hér liggur frammi: „Kann því, áður en varir, að skapast hættuástand, sem ekki verður við unað“. Hér er því sem sagt alls ekki slegið föstu, að neitt hættuástand hafi skapazt af verkfalli lyfjafræðinganna, heldur eingöngu sagt, að það kunni að skapast síðar. Þetta orðalag er ekki bara eintekið, heldur tvítekið, því að síðar segir: „Með því að brýna nauðsyn ber til, að bægt verði frá því neyðarástandi fyrir almenning, er skapast kann af þessum sökum, og með hliðsjón af framkvæmd þeirrar verðstöðvunarheimildar, sem l. nr. 86 23. des. 1966 gera ráð

fyrir.“ Hér er sem sagt tvívegis óbeint sagt það, sem mun vera rétt, að það hafi ekkert vandræðaástand verið fyrir hendi, þegar l. voru sett, og forsendurnar að því leyti rangar.

Hin ástæðan, sem er svo færð fyrir l. er sú, að verðstöðvunarheimildarlög séu í gildi, og reynt að koma því að eða leiða að því líkur, að einmitt vegna verðstöðvunarinnar sé nauðsynlegt að banna verkfallið. Nú minnir mig fastlega, og ég verð þá leiðréttur á því, ef það er ekki rétt hjá mér, að þegar verðstöðvunarlögin voru hér á ferðinni seint á s.l. ári, hafi það verið sérstaklega og skilmerkilega tekið fram af hæstv. forsrh., að það væri síður en svo meiningin með l. að banna kauphækkanir, og enn síður, að það væri meiningin að banna með þeim, að deilumál gætu gengið sinn eðlilega gang. Hitt var tekið fram í þeim boðskap, að atvinnurekendur yrðu að bera það sjálfir, ef þeir semdu um hærra kaup en áður hafði gilt. Ég álít, að hæstv. ráðh., sem hér hafði framsögu fyrir málinu og hefur vafalaust samið grg. fyrir brbl., kunni að hafa haft fullkomnar sannanir fyrir því, að kauphækkun eða kjarabætur til handa lyfjafræðingum væru því aðeins mögulegar, að verðlag á söluvörum apótekanna væri hækkað, en það hefði þá að minnsta kosti verið æskilegt, að fyrir því væru færð miklu skýrari rök en fram hafa komið á opinberum vettvangi, en í þessu felst í raun og veru dómur um það, að svo hafi verið ástatt, en ég verð að segja, að mér finnst þessi dómur vera ákaflega hæpinn, vegna þess að það hefur almennt verið talið — það hefur að minnsta kosti verið álit manna — að rekstur lyfjabúða væri ekki mjög óhagstæður rekstur, og jafnvel hefur það verið talið, að það væri ekki margur atvinnurekstur í landinu, sem væri líklegri til að skila góðum hagnaði, enda sézt það á, því að lyfsalar eru yfirleitt í landinu — er óhætt að segja — á meðal allra efnuðustu, ef ekki ríkustu mönnum, sem atvinnurekstur hafa með höndum, og ég tel það því með ólíkindum, að ekki hefði verið mögulegt að ganga eitthvað til móts við lyfjafræðingana án þess til kæmi almennar eða miklar hækkanir á lyfjum. Saga málsins, eins og kom greinilega fram af frásögn hæstv. ráðh., ber það greinilega með sér, að það hefur verið gengið fram af fullkominni hófsemi í allri meðferð málsins af hálfu lyfjafræðinga. Samningunum er sagt upp haustið 1966, og samningar fara í gang, eins og eðlilegt gat talizt í alla staði, og reynt til þrautar að komast að samkomulagi, áður en nokkrar verkfallsaðgerðir eru boðaðar, síðan er boðað verkfall í febr., því er frestað eftir ósk ráðh. fyrir hönd ríkisstj. og sýnd mikil tillitssemi í því, að það eru látnir líða heilir 2 mánuðir frá því að verkfallið er boðað og þangað til það er látið koma endanlega til framkvæmda. Þetta vil ég segja að sé að ganga fram af fullkominni hófsemi í allri meðferð málsins af hendi þeirra samtaka, sem þarna áttu í deilu, og þess vegna ekki ástæða að því leyti til að ganga sérstaklega hart fram gegn þeim með slíkri lagasetningu eins og hér er á ferðinni. Ég las það í blöðum á sínum tíma, þegar þetta verkfall stóð yfir, frá 10. apríl s.l. til 10. maí, að þá hefðu verið veitt öll leyfi og undanþágur skv. lyfsölulögum, en þar eru sérstök ákvæði, ef ég fer rétt með, sem gera ráð fyrir slíkum undanþágum í svona tilfellum, sem eiga einmitt að hindra það, að neyðarástand geti skapast af meðferð kjaramála þessarar stéttar, og mér er ekki kunnugt um annað en öll slík leyfi hafi verið veitt, með þeim árangri, sem kemur raunverulega óbeint fram í grg. með frv., að ekki hafi, þó að verkfallið hafi staðið í heilan mánuð, skapast neitt neyðarástand og það hafi raunverulega ekki verið til nema í hugmyndaheimi þeirra, sem að þessum l. standa. Það er líka athyglisvert, þegar saga þessa máls er skoðuð, að eftir að málið komst í hendur sáttasemjara, flutti hann till. um það, að settur yrði gerðardómur, hlutlaus gerðardómur, sem dæmdi í deilunni. Nú hefði maður mátt ætla eftir allri venju um hegðun atvinnurekenda, að þeir hefðu gripið fegins hendi við slíkum gerðardómi, því að það hefur nú yfirleitt verið svo í öllum vinnudeilum, þegar um þann möguleika hefur verið rætt, að vinnuveitendurnir hafa verið manna fúsastir til þess að setja niður deilurnar með slíkum gerðadómi. En það óvenjulega skeði í þessu tilfelli, að aðeins einn lyfsali greiddi gerðardómstill. sáttasemjara atkv. En þetta atriði málsins álít ég vera mjög athyglisvert, og mér sýnist, að það sýni ekki annað heldur en það, að lyfsalar hafi talið sig eiga nokkurn veginn vissan stuðning ríkisstj. einmitt á þann hátt, sem síðar kom fram, þ. e. a. s., að þeir hafi haft fyrirfram grun eða jafnvel vissu um það, að ríkisstj. mundi koma þeim til hjálpar í deilunni með útgáfu þessara brbl. En ef svo hefði ekki verið, þykir mér afar ólíklegt, að þeir hefðu hafnað till. sáttasemjara um gerðardóm. Ég tel, að þetta leiði til þess, að böndin hljóti að berast að hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh., sem fer með þessi mál, að hún og þeir hafi ekki haft algerlega hreint mjöl í pokahorninu að þessu leyti og hafi með beinum eða óbeinum hætti gefið lyfsölum það í skyn, að þeir myndu stöðva verkfallið á þennan hátt og það hafi verið aðalástæðan fyrir því, að þeir voru ekki samningsfúsari en reynslan sýndi. Ég held, að ef að þetta hefði ekki legið fyrir atvinnurekendum í þessu tilfelli, hefðu verið miklu meiri líkur á því, að deilan hefði leystst með eðlilegum hætti. En ég álít, að böndin berist líka mjög að því, að þessari lagasetningu hafi raunverulega ekki fyrst og fremst verið beint gegn lyfjafræðingum, heldur hafi hún átt að vera fordæmi eða hótun, hvort sem við viljum heldur hafa, gegn öðrum samtökum launamanna um það, að ef þeir hreyfðu sig eitthvað, á meðan hin svokölluðu verðstöðvunarlög væru í gildi, yrði farið eins að og það hafi verið fyrst og fremst sú þýðing, sem ríkisstj. hafi haft með afskiptum sínum af þessu máli, og ég held, að einmitt í ljósi þess verði að skoða þetta mál.

Ég vil, eins og ég sagði áðan, aðeins segja það, að ég er andvígur þessari lagasetningu, verkalýðssamtökin hafa lýst sig andvíg henni og við erum andvígir henni Alþb.-menn hér á hv. Alþ. fyrst og fremst vegna þess, að forsendurnar, sem gefnar eru fyrir útgáfu brbl., standast ekki, þeg-

ar betur er skoðað. Í öðru lagi vegna þess, að þau samtök, sem hér áttu hlut að máli, gengu fram af fullkominni hófsemi í sínu máli, og í alla staði eins og lög mæla fyrir, og í þriðja lagi, síðast en ekki sízt, vegna þess, að það er skoðun okkar, að sá réttur, sem fólginn er í vinnulöggjöfinni til þess að hafa samtök um sölu eða ekki sölu á vinnuafli, og þau samtök, sem þar eru leyfð að því leyti, sé að þessu leyti óumdeilanlegur og það sé ekki hægt að draga nein mörk þar eftir kauphæð eða öðru slíku, annað hvort er þessi réttur virtur og hafður í gildi eða hann er ekki fyrir hendi. Og ég held, að það verði erfitt fyrir hvaða stjórnarvöld sem er og hvaða aðila í þjóðfélaginu sem er að draga mörk eftir því. Annað hvort er þessi réttur óskerðanlegur eða það er hægt að skerða hann á hverjum sem er. Það er, eins og ég sagði, fyrsta og síðasta ástæðan fyrir því, að við erum algjörlega andvígir þessu frv., og viljum, að það komi strax fram í þessum umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér kemur ekkert á óvart þessi hógværa ræða hv. 4. þm. Norðurl. e. Það er margt í henni, sem ég er honum alveg sammála um. Ég kveð mér aðeins hljóðs til þess að árétta nokkuð það, sem kynni að valda misskilningi um það, sem hann sagði um aðstöðu og afskipti mín af þessu máli. Mér hefur auðvitað alltaf verið ljóst, að slík löggjöf eins og þessi er alltaf mjög umdeilanleg, og eins og ég gerði grein fyrir, þá hafði ég gert töluvert ítarlegar tilraunir til þess að stuðla að eðlilegri lausn þessarar deilu á milli aðilanna, en það hafði mistekizt, það gat auðvitað verið álitamál, ef talið var nauðsynlegt — sem ég skal koma að síðar — að stöðva þetta verkfall með lagasetningu, hvort hefði átt að gera það með frv. eða með þessum brbl. eins og þau eru hér að staðfesta eða ákveða, að samningurinn, sem áður gilti, skyldi gilda áfram á milli þessara aðila. Hitt gat auðvitað komið til og hlaut að koma til álita líka að skipa gerðardóm í málinu. Ég hafði sannast að segja gert mjög ítarlegar tilraunir til þess, að samkomulag gæti orðið um gerðardóm, og af þeim tilraunum mínum varð mér ljóst, að þessi lausn málsins var afskaplega öndverð eða aðilar voru mjög andstæðir henni báðir, eins og kom í ljós við atkvgr., sem fram fór um till. sáttasemjara um gerðardóm, en hún var felld nær einróma. Afstaða mín hefði sjálfsagt orðið önnur, ef t. d. lyfjafræðingarnir hefðu fyrir sitt leyti lýst sig tilbúna til þess að fara í gerðardóm í þessu máli eða apótekararnir o. s. frv. Ég skal ekki um það segja, en það hefði e. t. v. mátt segja, að ég hefði hallað á annan aðilann fremur en hinn með slíkri lausn, en þegar það lá fyrir, að báðir aðilar hefðu verið svo andstæðir þeirri lausn, hneigðist ég að þessum brbl., sem lögfestu kjarasamninginn, og er mér þá alveg ljóst, að um það má deila, hvort það hefði verið réttari úrlausn en gerðardómsákvörðunin. Ég býst nú við, að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði ef til vill verið alveg jafn andvígur þeirri lausn, og skal ekki fara um það fleiri orðum. Hv. þm. segir, að forsendur brbl. standist ekki. Maður er nú svo vanur að heyra það, að forsendurnar standist ekki fyrir lögum, og má auðvitað alltaf deila um það, en þó er eitt atriði í þessu sambandi, sem skiptir aðalmáli. Hv. þm. segir, að í raun og veru komi fram í grg. fyrir forsendum brbl., að ekkert hættuástand hafi verið fyrir hendi, en það er orðað svo: „Kann því áður en varir að skapast hættuástand, sem ekki verður við unað". Það getur vel verið, að þetta orðalag sé kannski ekki það æskilegasta, en sannleikurinn er sá, að mér hefur borizt bréf, sem ég hef nú ekki hér við hendina, en sem sjálfsagt er að láta þingnefndinni í té, ef hún óskar eftir, sem sýnir það, að það var mikil hætta á því, að til þess kæmi, að einstaka lyfsalar, og alveg sérstaklega í stærsta apóteki höfuðborgarinnar, ynnu við það mikið álag, að stórkostlegt slys gæti stafað af. En þetta var náttúrulega mjög misjafnt hjá lyfsölunum. Og ég vildi byrgja brunninn áður en barnið datt ofan í, heldur en að grípa inn í þetta mál, þegar einhver katastrófa í sambandi við útgáfu lyfseðla eða afgreiðslu þeirra hefði ef til vill komið fyrir eða verið búin að koma fyrir, en á þessu var mikil hætta, og hvort hefði átt að segja í þeim orðum, að hætta væri þegar fyrir hendi eða eins og þarna: „Kann því áður en varir að skapast hættuástand" finnst mér ekki skipta miklu máli í þessu sambandi. En skoðun þeirra, sem kynntu sér aðstæðurnar þarna og voru kunnir aðstæðum — og það held ég, að lyfjafræðingunum hafi verið alveg fullkomlega ljóst, enda lögðu þeir mjög mikla áherzlu á það — var sú, að þetta væri algjörlega óviðunandi hættuástand, og þeir voru mjög óánægðir yfir því, að það var látið í veðri vaka í blöðum, ekki af apótekurum, að það væri allt í lagi og svona gæti það haldið áfram, en persónulega létu þeir í ljós við mig, lyfjafræðingarnir, að það væri hvergi nærri, að þetta ástand væri viðunandi eða hættulaust. Þetta segi ég nú aðeins til skýringar.

Þar sem vitnað er í verðstöðvunarlögin, þá er það rétt hjá hv. þm., að verðstöðvunarlögin gerðu ekki ráð fyrir að hafa afskipti af launaákvörðunum, og þess vegna var heimild veitt þeirra vegna til þess að hækka laun, en hér stóð þannig sérstaklega á, að heimild verðstöðvunarlaganna hafði þegar verið þeitt og m. a. gegn lyfsölum, og það hlaut auðvitað að vera verulegt atriði eins og menn skilja, þó að ég geti ekki frekar en nokkur þm. lagt dóm á deiluefnið og geri það ekki.

Í viðhorfi apótekaranna kom það skýrt fram, hvaða aðstöðu þeir höfðu til þess að ákvarða sitt lyfjaverð, en lyfjaverðið er ákvarðað með nokkuð sérstökum hætti eftir lyfsölulögunum í beinu sambandi við þann kostnað, sem þeir hafa af framleiðslu lyfjanna. Hvort þeir eru nú öðrum ríkari eða ríkustu menn landsins skiptir í sjálfu sér ekki máli í því sambandi. Sennilega er það dálítið upp og ofan og ástæðulaust út af fyrir sig að draga það inn í deiluefnið. Það eru ekki fleiri en þessar smáaths., sem ég vildi koma fram, til þess að reyna þá, ef verða mætti

að girða fyrir óþarfa misskilning um afstöðu mína í sambandi við málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á farskipum og eigenda farskipa.

Á 4. fundi í Ed., 17. okt. var útbýtt:
Frv. til l. um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenzkum farskipum og eigenda íslenzkra farskipa [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 5. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 16. júní s.l. Aðdragandi þessara brbl. er sjálfsagt hv. þdm. nokkuð kunnur og óþarft að rekja hann náið. En hann var sá, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til sátta í deilu þeirri, sem hér um ræðir, var ekki unnt að ná samningum án þess að til atvinnustöðvunar kæmi, og hófst sú vinnustöðvun 25. maí og stóð til útgáfudags umræddra brbl.

Eftir að til vinnudeilunnar hafði komið, þ. e. a. s. sjálfs verkfallsins, var reynt af ráðuneytisins hálfu að koma á sáttum svo sem frekast var unnt, bæði fyrir milligöngu sáttasemjara og með beinum viðræðum við aðila og milligöngu þar á milli. Þrátt fyrir þessar tilraunir er það í fæstum orðum sagt svo, að ekki tókst samkomulag. Þó eygðu menn þá von alveg fram til útgáfudags þessara brbl., að þarna gætu tekizt sættir, þar sem af hálfu þeirra, sem í vinnustöðvuninni stóðu eða forustumanna þeirra, hafði verið fallizt á málamiðlunartillögu með þeim fyrirvara þó, að félög þeirra samþykktu. Málamiðlunartillaga þessi, sem til var komin upp úr þessum viðræðum, sem þarna áttu sér stað, var samþykkt án breytinga af forustumönnum samtakanna, og vildu þeir mæla með því, hver í sínu félagi, að á hana yrði fallizt. En eigi að síður fór þó svo, þrátt fyrir meðmæli forustumannanna með þessari málamiðlun, sem átti að gilda til loka verðstöðvunartímabilsins, þ. e. a. s. næstu mánaðamóta, þá var þessi till. felld af hlutaðeigandi aðilum, og kom því aldrei til, að unnt væri að leysa vinnudeiluna á þeim grundvelli. Þetta urðu að sjálfsögðu mikil vonbrigði og ekki síður fyrir þá forustumenn þeirra deiluaðila, sem þarna áttu hlut að máli, en eigi að síður var þetta staðreynd.

Þegar þessi málamiðlunartill. hafði verið felld, var ljóst, að á ýmsum stöðum á landinu hafði þrengt verulega að með vörur og sérstaklega þó varðandi rekstur síldveiðiflotans, sem þá var að hefja sinn undirbúning, og síldarverksmiðjanna, sem áttu erfitt með alla aðdrætti, en vegakerfi landsins var ekki komið í svo gott horf, að hægt væri að bjarga þeim nauðsynlegu flutningum, sem þurftu að eiga sér stað, eftir þeim leiðum. Þá tóku rn. og ég þá ákvörðun, að út skyldu gefin þessi brbl., þegar mat hafði farið fram á aðstæðum eins og þær lágu fyrir.

Ég skal ekkert leyna því, að ég hef verið þeirrar skoðunar, að útgáfa slíkra brbl. sé algjört neyðarúrræði, sem ekki eigi að grípa til fyrr en í allra síðustu lög, og ég taldi, að þær ástæður væru fyrir hendi hér. Þess vegna tók ég þá ákvörðun í samráði við ríkisstj., að þessi lög skyldu út gefin. Afstaða mín til brbl. yfirleitt að öðru leyti er óbreytt, en mat mitt á þeim ástæðum, sem þarna voru fyrir hendi, var það, að hugsanleg lausn í áframhaldandi samningaviðræðum væri ekki möguleg á næstunni, og hefði þá komið til svo alvarlegs ástands, sem ég vildi ekki bera ábyrgð á.

Ég tel ekki þörf á því að rekja í einstökum atriðum þetta frv., það skýrir sig sjálft. Það er meginefni þess, að gerðardómur skuli starfa og hafa skilað áliti, áður en verðstöðvunarlögin ganga úr gildi, og að þær niðurstöður, sem gerðardómur kemst að, skuli gilda frá útgáfudegi þessara brbl.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Við framsóknarmenn erum að stefnu til andvígir þeim hætti á lausn kjaradeilu, sem þetta frv. hefur ákvæði um, þ. e. a. s. með brbl. og gerðardómi. Við teljum, að reynsla sé fengin fyrir því hér á landi, að slík aðferð hafi almennt illa gefizt. Við teljum, að núverandi ríkisstj. hafi gert talsvert að því, svo að ekki sé fastara að orði kveðið, að gefa út brbl. í kaupdeilum þess efnis, að þeim skyldi til lykta ráðið með gerðardómi. Það er gengið að okkar dómi of nærri hinum frjálsa samningsrétti vinnuaðila, sem vitaskuld er mjög dýrmætur réttur. Enn fremur er hætta á því, þegar farið er að tíðka slíkar starfsaðferðir, að annar aðili í deilu fari gjarnan að reikna með því, að farið verði að með þessum hætti, og verði fyrir þá sök tregari til eðlilegra samningsviðræðna en annars yrði. Enn fremur kemur það til, sem bar á góma hér í gær, í þessari hv. deild um mál, sem var svipaðs eðlis, að afleiðingar af slíkum gerðardómum hafa reynzt hafa í för með sér talsverða hættu, þegar vissir sérfræðingar eiga í hlut, sem eiga greiða götu til starfs annars staðar.

Að sjálfsögðu skal það viðurkennt, að það séu hugsanleg þau tilvik, að ekki sé verjandi annað en almannavaldið skerist í leikinn. En slíkt á að mínum dómi ekki að eiga sér stað nema í afar fágætum undantekningartilfellum.

Þetta vildi ég láta koma fram almennt um afstöðu Framsfl. til þessara mála á þessu stigi við 1. umr. þessa máls. En af því, sem ég hef hér sagt, leiðir, að við framsóknarmenn munum ekki greiða atkv. með þessum brbl. Að öðru leyti ætla ég ekki á þessu stigi að fara að ræða sérstaklega um þessi brbl., hvorki um þær kröfur, sem í þeim voru gerðar — og þar af leiðandi alls ekki að leggja neinn dóm á þær — né heldur um þá aðferð, sem við var höfð til þess að leysa þessa deilu, en eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, var komið svo, að nokkur von átti að vera til þess, að endar næðust saman í þessari deilu, að mér skilst án þess að grípa þyrfti til þessara aðgerða. En eins og ég sagði, ætla ég ekki að ræða sérstaklega um það á þessu stigi. Frv. fer til n., og það gefst þá tækifæri til þess að kynna sér einstök atriði í sambandi við málið nánar, og gefst þá færi á að ræða þau nánar við 2. umr. málsins.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það hlýtur nú að vera nokkur raun fyrir mann, sem alinn er upp í verkalýðshreyfingunni, fyrir hennar „prinsip" og hennar starf, að bera fram slíkt mál eins og hér er á ferðinni, mál, sem ætlað er að svipta þrjú stéttarfélög rétti til samninga um kaup sín og kjör, og má nú vissulega segja, að ólíkt hafist þeir að, foringjar Alþfl. nú, sem gerast fyrirsvarsmenn slíks máls hér á hv. Alþ., og foringjar Alþfl. hér áður fyrr, sem gerðu það a. m. k. tvívegis að hótun um úrsögn úr ríkisstj., ef hliðstæð lög yrðu sett, og einmitt þegar sjómannastéttin átti í hlut. Um þetta vil ég aðeins segja það, að sem gamall félagi hæstv. ráðh. í verkalýðshreyfingunni finn ég til með honum í þessu hlutverki og óska þess bezta honum til handa, að hann verði sem skemmst í félagsskap, sem neyði hann til þvílíkra verka.

Um það leyti, sem þessi brbl. sáu dagsins ljós, örfáum dögum eftir alþingiskosningar, — en það var vissulega engin tilviljun, að þau voru einmitt gefin út rétt að kosningunum afstöðnum, en ekki rétt áður en þær fóru fram — þá sagði flokksblað hæstv. ráðh. í ritstjórnargrein, að það væri vissulega hægt að treysta því, að slík l. væru ekki gefin út af núv. hæstv. félmrh. með ljúfu geði og ástæðan hefði eingöngu verið sú, að hann hefði örvænt um aðra lausn málsins. Þetta m. a. vekur mann til umhugsunar um það, hvort hér hafi virkilega staðið svo á, að kröfur farmanna hafi verið í slíku hófleysi og aðgerðir hafi verið það harkalegar af hálfu þeirra samtaka, sem hér áttu hlut að máli, að það gæfi tilefni til fullkominnar örvæntingar hjá stjórnarvöldunum. Og einnig vekur þetta þá spurningu, hvort það hafi verið eingöngu þeirra sök, að deilan gat ekki leystst á friðsamlegan hátt eða hvort öðrum hafi verið um að kenna. Og sú spurning vaknar líka, hvers vegna þessum gerðardómslögum var einhliða beitt gegn farmönnum, en ekki að neinu leyti gegn hinum aðilanum, sem í deilunni stóð, því að þessi brbl. eru brennd nákvæmlega sama markinu eins og öll önnur lög, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur borið fram í svipuðum anda, að þvingunum er einhliða beint gegn þeim, sem eru að semja um laun sín, en ekki í neinu tilviki gegn þeim, sem kröfurnar eru gerðar til. Það er vissulega eftirtektarverð staðreynd, sem ekki getur farið fram hjá neinum, sem lítur yfir farinn veg í þessum efnum hjá hæstv. núverandi ríkisstj.

Ég held, að það yrði ljóst, ef saga þessa máls er aðeins rifjuð upp, og ég tel rétt, að það verði gert við þetta tækifæri, að það hafi verið gætt af hálfu farmannanna fyllstu sanngirni bæði um alla kröfugerð og í allri meðferð málsins og sérstök tilhliðrunarsemi hafi komið fram hjá þeim varðandi alla framkvæmd málsins. Og það kom m. a. strax fram í upphafi deilunnar, að fyrirsvarsmenn þeirra samtaka, sem hér áttu hlut að máli, báru alveg sérstakt — og ég vil segja óvenjulegt — traust til hæstv. ríkisstj. og hennar stofnana. Þetta kom m. a. fram í því, að eftir að samningar runnu út í okt. á s.l. ári, þá óskuðu fyrirsvarsmenn þeirra samtaka, sem hér eiga hlut að máli, eftir því, að fræðileg rannsókn færi fram á þeirra kjörum, hlutlaus rannsókn, hvernig þau hefðu breytzt í samanburði við kjör annarra stétta, og þetta verkefni var ekki falið óvirðulegri stofnun heldur en sjálfri Efnahagsstofnun ríkisins. Niðurstaða þessarar athugunar var sú, að þarna hefði orðið verulegur misbrestur á því, að kjör þessara stétta hefðu breytzt í samræmi við breytingar á kjörum annarra launastétta í landinu á undanförnum árum.

Á þessari rannsókn byggðu svo farmennirnir sínar kröfur, sem voru upphaflega í höfuðatriðum þær, að jöfnuð yrði út 7—12% kauphnignun, sem sannanlega var orðin á launum þeirra og annarra starfsstétta, miðað við þær breytingar, sem hafa orðið á þeim á nokkrum undanförnum árum, í öðru lagi, að þeir fengju 25% vaktaálag á föst mánaðarlaun, vegna þess að þeir vinna allan sólarhringinn og geta algjörlega miðað sín hlunnindi við það, sem tíðkast hjá landverkamönnum, og í þriðja lagi, að þeir frídagar, sem þeir gátu ekki tekið vegna starfa sinna úti á sjónum, væru greiddir með 90% álagi, en allar launastéttir hafa slík ákvæði í sínum samningum. Þetta voru upphaflegu kröfurnar.

Eftir að farmennirnir höfðu rætt þessi mál við ríkisstj. og fyrirsvarsmenn hennar og þá væntanlega hæstv. ráðherra, sem hér talaði, og eftir að fyrirsvarsmenn stjórnarinnar höfðu borið fram sérstakar óskir hennar um það, að kröfunum væri stillt í hóf með tilliti til allra aðstæðna, svo að hægt væri að leysa málið með friðsamlegum hætti, þá gerðu farmennirnir þess kost, að öllum aðgerðum yrði frestað um verulegan tíma gegn fimm skilyrðum, sem þeir settu, og í þeim skilyrðum er fallið frá langveigamestu kröfunum, sem þeir gerðu, þ. e. a. s. um 25% vaktaálagið. Hins vegar kváðust þeir vera fúsir til þess að fresta aðgerðum og semja a. m. k. til bráðabirgða, ef þeim væri tryggð einnar klst.

yfirvinna á dag. Í öðru lagi, ef nýliðar, sem munu vera tiltölulega lágt launaðir, fengju að byrja á hæstu launum í sínum flokki. Í þriðja lagi, ef þeir fengju 7% oflof á yfirvinnu, en þeirra hlunninda njóta svo að segja allir launamenn í landinu, a. m. k. allir, sem vinna eftir kjörum verkalýðssamtaka innan Alþýðusambands Íslands. Í fjórða lagi, að ágreiningur um hin ýmsu samningsatriði yrði jafnaður. Og í fimmta lagi, að nefnd yrði skipuð, sem athugaði laun farmanna enn betur en búið væri að gera og á hvern hátt mætti tryggja þeim kaup á við hliðstæðar stéttir í landinu.

Þarna sem sagt tel ég, að farmennirnir hafi sýnt strax í upphafi meðferðar málsins mjög mikla tillitssemi og lækkað kröfur sínar mjög verulega frá því, sem um var að ræða í upphafi og það sé þess vegna ekki hægt að segja, að þeir hafi grafið einhverja óbrúanlega gjá í samningunum með þessari afstöðu sinni.

En niðurstaðan varð, eins og hæstv. ráðh. gat um, að samningar gátu ekki tekizt á þessum grundvelli, því að farskipaeigendur vildu aðeins ganga inn á eitt atriði af þessum og það sjálfsagðasta, þ. e. a. s. að miskliðarefni út af samningum yrðu jöfnuð. En að öðru leyti gáfu þeir ýmist hófleg svör eða um algera neitun var að ræða.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, þó að það sé kannske erfitt að sanna það, að höfuðástæðan fyrir óbilgirni farskipaeigenda í málinu og fyrir því, hvað vinnustöðvunin stóð lengi, var sú, að þeir treystu á það, að þessi leið yrði farin eftir kosningar — þeir treystu á það — og ef þeir hefðu ekki gert það, held ég, að þeir hefðu hlotið að snúast talsvert öðruvísi við þeim till. til breytingar, sem fyrirsvarsmenn farmanna gerðu. En það er einmitt þetta, einmitt þessi aðferð, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert svo almenna í viðskiptum launamanna og samtaka þeirra við atvinnurekendur, að atvinnurekendur eru, jafnvel án þess að nokkrar yfirlýsingar eða bein loforð liggi fyrir um það, farnir að treysta meira eða minna á það, að slík verði endanlega lausnin. Og það gefur auðvitað alveg auga leið, að það getur ekki lengur verið um neina frjálsa samninga að ræða og neina eðlilega meðferð þessara mála eftir þeim l., sem um það eiga að gilda, ef annar aðilinn hefur þetta alltaf uppi í erminni, að ríkisstj. komi honum til hjálpar og lögfesti óbreytt kjör eða gerðardómar, sem ekki þurfa að skila áliti, fyrr en eftir dúk og disk, eins og hér er um að ræða.

Ég vil taka undir það, að ég er nákvæmlega sömu skoðunar og hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hér talaði á undan mér, að auðvitað geta komið slík tilfelli, slík misnotkun á þeim rétti, sem vinnulöggjöfin veitir launþegum til samtaka um það að neita að selja vinnuafl, að það verði ekki komizt hjá opinberum aðgerðum. Slíkar aðstæður geta vissulega verið fyrir hendi, en ég held, að slík misnotkun á samningsréttinum og aðstöðu til að gera frjálsa samninga sé ákaflega fátíð og engin af þeim brbl., sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið út varðandi launadeilur, hafi verið hægt að grundvalla á slíkri staðreynd. Ég held, að það hafi verið farið það gætilega með þennan dýrmæta rétt, að ríkisstj. hafi aldrei, hvorki í þessu — allra sízt kannske í þessu — né heldur í öðrum tilfellum getað haft slíka ástæðu, þó að það vissulega sé fræðilegur möguleiki, að slíkt gæti átt sér stað. En það mætti nú kannske líka spyrja: Ef einhver þvingunarlög voru óhjákvæmileg í þessu tilfelli, sem ég tel ákaflega fjarri lagi, að hafi verið, hvers vegna var þá ekki að minnsta kosti farið bil beggja og einhver miðlunartill. lögfest? Það hefur verið gert áður í hliðstæðum tilfellum. Eða var það svo, að hæstv. ráðh., sem hér er í fyrirsvari fyrir þessu máli, hafi ekki haft neina skoðun á því, hvað var sanngjörn lausn á deilunni? Það væri vissulega ástæðu til að spyrja um það. Og ef hann hafði einhverja skoðun, hver var hún þá? En þessi lagasetning ber þess ekki vitni, að hann hafi haft neina skoðun á málinu. Og er það auðvitað auðsætt, að hafi svo verið, var málið auðvitað miklu vandasamara fyrir hann til lausnar. Það mætti líka spyrja: Ef það var óhjákvæmilegt að skipa gerðardóm í þessu máli, sem ég tel, að hafi alls ekki verið til að dreifa, hvernig stóð þá á því, að slíkum gerðardómi voru ekki settar einhverjar viðmiðunarreglur eða starfsreglur? Ég get ekki betur séð en að það hljóti að vera ákaflega örðugt fyrir slíkan gerðardóm að starfa, ef hann hefur ekki í þeirri löggjöf, sem markar honum svið, neinar leiðbeiningar um það, á hvaða grundvelli hann skuli vinna eða hvaða tillit hann skuli taka í sínum úrskurði, enda hefur nú reynslan orðið sú, að þetta verkefni, sem gerðardómnum var falið, virðist nú heldur betur standa í honum, því að hann er ekki búinn að leysa það enn í dag, að því er ég bezt veit.

Nei, það voru sem sagt ekki að neinu leyti farnar þessar leiðir, sem þó voru hugsanlegar, jafnvel þó gripið yrði til slíkra aðgerða, heldur aðeins farin gamla leiðin, að þvinga fram einhliða bann við lögmætum samtökum og lögmætum aðgerðum, og ég vil segja hóflegum aðgerðum. Árangurinn af þessu má auðvitað segja að sé sá, að málið hafi verið leyst í bili, en þó ekki nema um stundar sakir, og nú eru ekki nema örfáir dagar, þangað til farmennirnir hafa aftur fengið sinn samtakarétt, og ég man ekki betur en að þeir svöruðu þessum lögum á fundi annaðhvort samdægurs eða daginn eftir með því að ákveða, að verkfallið skyldi halda áfram, strax þegar l. gengju úr gildi 1. nóv., og það eru ekki margir dagar þangað til. Gerðardómurinn er ókominn, og maður sér ekki, að í sjálfu sér sé málið neitt nær því að vera leyst en áður. Við stöndum í raun og veru núna, eða komum þá til með að standa að örfáum dögum liðnum, í nákvæmlega sömu sporum og þegar l. voru sett. Og það er líka kannske ástæða til að minna á það, að þegar farmennirnir ákváðu þetta á sínum fundum, að brbl. útgefnum, lýstu þeir því sérstaklega yfir, að þeir mundu taka öðrum og harðari tökum á sínum kjaramálum, þegar þessi lög væru úr gildi, en þeir hefðu gert, ef deilan hefði leystst með eðlilegum hætti. Þannig eru þessar aðgerðir ekki til þess fallnar, þeg-

ar til lengdar lætur, að leysa nein mál. Það er aðeins höggvið á hnútinn í bili, en vandinn stendur eftir og bíður sinnar eðlilegu lausnar.

Um leið og ég mótmæli þessu frv. með svipuðum og sömu aðalrökum og ég gerði hér í gær, þegar önnur hliðstæð lagasetning var hér til umr., vil ég að lokum spyrja ráðh. um það, hvernig hann hafi hugsað sér að fara með málið, þegar það kemur núna á dagskrá að nýju. Er það svo, að atvinnuvegirnir og þjóðin þoli nú betur átök út af þessu máli en hún gerði á s.l. vori, eða er þá meiningin að hindra það með því að leika sama leikinn og hér hefur verið leikinn í þessu máli?

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þeim tveimur hv. þm., sem til máls hafa tekið um frv. fyrir mjög hógværan málflutning. Slík mál gætu verið tilefni til hávaðasamra umræðna, sem þeir forðuðust þó mjög hyggilega í sínum ræðum, beittu þar þeim rökum, sem þeir höfðu og töldu vera handbær í málinu, þótt þeir teldu sig vera andvíga efni frv. Ég vil samt sem áður leyfa mér að gera örstutta athugasemd við þá yfirlýsingu hv. 3. þm. Norðurl. v., að framsóknarmenn, — ég efast ekki um, að hann hafi greint rétt frá, — séu nú algjörlega andvígir slíkri málsmeðferð sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að beita gerðardómi í vinnudeilum. Ég man að vísu ekki mjög langt aftur í sögunni, en ég þykist þó muna það, að hans ágæti flokkur hafi einhvern tíma verið orðaður við slíka lagasetningu, og ég vil ekki ætla það þeim mönnum, sem við þetta voru riðnir af flokksins hálfu þá, að þeir hafi ekki gert það í góðum tilgangi, en eigi að síður eru það staðreyndir, að flokkurinn gaf samþykki sitt til slíkra mála áður, og ég tel rétt, að það komi fram, þó að flokkurinn hafi, sem hann hefur rétt til, skipt um skoðun í því efni nú. (Gripið fram í.) Það er einmitt það, það er gott, að það kom fram einnig.

En þá er það aðeins örstutt aths. við ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann lagði fyrst mikla áherzlu á útgáfudag laganna og alþingiskosningarnar, það væri engin tilviljun, að lögin hefðu verið gefin út að kosningunum loknum. Ég vil hvað varðar sjálfan mig mótmæla eindregið þessu og skal færa fyrir því þau rök, sem ég reyndar minntist á í minum frumorðum með frv. Eins og rétt var frá skýrt af hans hendi, þá voru það miðlunartillögur eða frestunartillögur, sem farmenn töldu sig vera tilbúna til að samþykkja. Eftir það fóru fram forviðræður, sem ég skýrði frá áðan, að fram hefðu farið, að ég hygg í minu ráðuneyti, á milli mín og þeirra aðila, sem í samninganefnd voru af hálfu farmanna. Það var í þeim viðræðum, eftir að fyrri tilraunir þeirra, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að lýsa, höfðu mistekizt, sem gerðar voru tilraunir til þess að finna enn aðra lausn málsins. Á fyrri fundi, sem við héldum, komumst við að samkomulagi um að kanna til hlítar um nýja útgáfu af miðlunartillögunni, og á síðari fundinum var henni tekið með þeim hætti, sem ég áðan sagði, að fulltrúar farmanna sögðust mundu mæla með henni, hver í sínu félagi. Þeir fóru síðan með þessa tillögu, að ég hygg í einum fimm liðum, en fengu ekki sína félaga til að ganga inn á hana, og hún var felld með geysimiklum atkvæðamun, hygg ég í öllum þeim félagsdeildum, sem áttu hér hlut að máli. Og það er ekki fyrr en þessi tillaga, sem er a. m. k. nr. 2, ef ekki nr. 3 í sjálfu verkfallinu, hafði verið felld, sem ég tek þá ákvörðun að beita þessari heimild til setningar brbl. til að forðast þau vandræði, sem þá hertu mjög að, eins og ég áðan sagði. En það var ekki sízt úr kjördæmi hv. þm., sem borizt höfðu harðorðar kröfur um, að þessi vandi yrði leystur, vegna þess að vöruskortur væri þar í ýmsum byggðarlögum og færi mjög vaxandi.

Þá fullyrti hv. þm. einnig, að skipaeigendur hefðu í þessu tilfelli treyst á það, að brbl. yrðu sett og þess vegna síður verið viðræðuhæfir til samningagerðar. Ég veit ekkert um, hvað skipaeigendur hugsuðu í þessu máli og hafði sáralítið samband við þá að öðru leyti en því, sem ég var um beðinn af hálfu einstaklinga, er í deilunni stóðu hinum megin við borðið, þ. e. a. s. af hálfu farmanna. En að þeir hafi nokkurt vilyrði af minni hendi fengið um slíkt, eru algjörlega órökstuddar fullyrðingar, sem með sanni verður aldrei fundinn neinn staður. Ástæðuna til þess, að til þessa neyðarúrræðis var gripið, hef ég þegar skýrt, og endanleg reynsla á því fékkst ekki fyrr en daginn, sem þessi brbl. voru sett. Þá taldi ég, að gerðar hefðu verið þær úrslitatilraunir til sátta, sem mögulegar voru af hendi ráðuneytisins eins og á stóð.

Mér þykir þá einnig nokkurs virði, að hv. þm. taldi, að það hlyti að vera þung raun fyrir mig að flytja slík mál, hafandi starfað lengi í verkalýðshreyfingunni, sem væri algjörlega andvíg slíkum vinnubrögðum. Ég skal ekkert leyna því, að þetta var ekkert gleðiverk fyrir mig og alls ekki gert af því að ég hefði þar minnstu löngun til, en ég hef ekki enn skipt um þá skoðun eða þá afstöðu, sem ég tók þennan nefnda dag, að ég tel, að öðruvísi hefði þessi deila, eins og á stóð, ekki verið leyst. Enn fremur þykir mér það nokkurs virði, að þm. viðurkenndi, að það gæti komið fyrir það ástand, að til slíkra laga yrði að grípa. Og ég mat svo, að þetta ástand væri þarna fyrir hendi.

Þá spurði þm., einnig að því, hvers vegna ekki hefði verið staðfest ákvæðin og eindregin miðlunartillaga í þessum lögum. Svarið við því er einfaldlega það, að eftir að þessar tilraunir farmanna til sátta tókust ekki, þá tóku þeir upp allar sínar fyrri kröfur eins og þær höfðu upphaflega verið og sögðust mundu halda sig við þær, þar sem engin hönd hefði verið á móti þeim rétt til sátta í málinu. Svo sem títt er áður við samkomulagsumleitanir, þá hafa verkalýðsfélögin iðulega gert það, að ef ekki hefur verið fallizt á miðlunartillögur, sem þau hafa getað hugsað sér á þeim stigum deilunnar, þá hafa þau tekið upp sínar frumkröfur. Ég taldi það því beinlínis rangt gagnvart farmönnunum sjálfum, ef það ætti að þvinga upp á þá ákveðnum miðlunartillögum, en þeir, eins og á stóð þá, töldu, að þeir ættu kröfur til fullnægingar á sínum

upphaflegu og fyllstu kröfum. Þess vegna var eðlilegt, að sá gerðardómur, sem í málinu starfaði, hefði sem allra mest óbundnar hendur um afgreiðslu málsins, þannig að fyrirfram yrði ekki þvingað upp á hann neinum starfsreglum.

Svo spurði þm. að lokum spurningar, sem nánast var í tvennu lagi. Í fyrsta lagi um það, hvort ráðh. hefði ekki sjálfur haft neina skoðun á málinu, og ef ekki, þá væri eðlilegt, að engin lausn hefði í því fengizt. Svo sem ég hef nú þegar skýrt og gerði í minni frumræðu, þá hafði ég þá skoðun, að réttmæt lausn væri eins og á stóð það samkomulag, sem tókst uppi í ráðuneyti, og reyna bæri það í félögunum, en farmenn voru þá á öðru máli og felldu það samkomulag með geysilega miklum atkvæðamun, eins og ég hef áður skýrt frá. Hann spurði svo, hvað ég hygðist gera, þegar þessu tímabili, sem um ræðir í lögunum, lýkur og ekki hefur komið þá úrskurður gerðardóms. Því er einfaldlega til að svara, að ég mun þá, eins og ég tel mig hafa gert meðan á deilunni stóð og reyndar áður en til sjálfs verkfallsins kom, leggja mig allan fram um að ná sáttum í deilunni og gera það, sem í mínu valdi stendur, til að samkomulag náist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:2 atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Stöðvun atvinnurekstrar vegna vanskila opinberra gjalda.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanskila opinberra gjalda [83. mál] (stjfrv. A. 175).

Á 42. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og segir í grg. með frv. þessu, er það flutt skv. eindreginni ósk Sambands ísl. sveitarfélaga.

Efni málsins er ósköp einfalt, en það er á þann veg, að það verði heimilað sveitarstjórnum að láta loka starfsstöðvum, ef viðkomandi atvinnufyrirtæki skilar ekki þeim útsvörum, sem innheimt hafa verið af starfsmönnum fyrirtækisins.

Það er til ein heimild í l. um slíka lokun starfsstöðva, og það er í sambandi við söluskatt. Hér er vitanlega um nákvæmlega sömu hugsun að ræða. Hér er um það að tefla, að fyrirtæki skilar ekki innheimtufé, hér er um hreint misferli að ræða með fé annarra aðila. Vitanlega kemur ekki til mála, nema í mjög þröngum og takmörkuðum tilfellum, að leyfa jafnróttækar aðgerðir eins og stöðvun atvinnurekstrar. En reyndin hefur orðið sú með söluskattinn, að þetta hefur ekki komið að sök, vegna þess að menn hafa áttað sig á því, einmitt vegna þessara róttæku heimilda, sem eru í l. um söluskatt, að fyrirtækin yrðu að leggja þetta fé til hliðar eða vera við því búin með öðrum hætti að greiða söluskattinn, þegar hann fellur í gjalddaga.

Varðandi það efni, sem hér um ræðir, er það ennfremur að segja, að fallið hafa dómar um það, að hér sé um refsivert athæfi að ræða, að skila ekki gjöldum, sem eru innheimt af starfsmönnum fyrirtækjanna. Og það verður ekki talið, þar sem hér er ekki um eigið fé fyrirtækjanna að ræða, að þau séu beitt óeðlilegu harðræði, að mínu mati, þótt slík heimild verði veitt, sem hér er um að ræða, heldur myndi það hljóta að leiða til þess sama og með söluskattinn, að menn mundu gera sér það ljóst, að það tjóar ekki að taka slíka peninga og halda þeim í rekstri fyrirtækjanna, heldur verður að skila þeim með eðlilegum hætti til sveitarfélagsins.

Eins og ég sagði, herra forseti, er málið mjög einfalt í sniðum og auðskilið, og tel ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég býst við, að flestir séu sammála um, að það sé þörf á því að bæta þá hætti, sem tíðkazt hafa að undanförnu um skil á opinberum gjöldum, sem kaupgreiðandi heldur eftir. Það er sjálfsagt rétt, eins og hér kemur fram og hæstv. ráðh. vék aðeins að, að talsverð brögð hafi verið að því, að launagreiðendur hafi haldið þessu fé inni hjá sér og ekki haft það aðskilið frá sínu fé, svo sem vera ætti, heldur blandað því í sinn rekstur og notað það sem rekstrarfé. Þetta er náttúrlega vítavert í sjálfu sér, eins og hæstv. ráðh. vék að, og ekki bót mælandi. En þó er það nú svo, að oft finnast ýmsar afsakanir, og kannske má nú finna vissa afsökun í þessu tilfelli. Hér er nefnilega allveigamikil kvöð lögð á atvinnurekendur og kaupgreiðendur, kvöð, sem hefur í för með sér fyrir þá umstang, vinnu og áhættu, að halda eftir þessum hluta kaups, geyma hann og skila honum. Þetta eiga þeir að gera endurgjaldslaust skv. núgildandi l. Það má vera, að þeir nytu þess að einhverju leyti að leggja á sig þessa fyrirhöfn, og hafa kannske með þessum hætti, sem tíðkast hefur og er ámælisverður, útvegað sér nokkra umbun fyrir þessa fyrirhöfn, sem á þá hefur verið lögð. Þegar ætlunin er að breyta til og afnema þessa hætti, þykir mér sanngjarnt, að það sé athugað, hvort þessir innheimtumenn opinberra gjalda, því að það eru þeir í raun og veru, eigi ekki að fá sanngjarna þóknun fyrir sína fyrirhöfn. Það verð ég að telja mjög sanngjarnt. Ég get ekki séð neina sanngirni í því að leggja svo veigamikla innheimtu á menn, eins og hér er um að tefla, án þess að þeir fái nokkra þóknun fyrir. Það er auðvitað full sanngirni, að þeir fái endurgjald fyrir sína vinnu. Þess vegna skýt ég þessu fram, að ég vonast til þess, að n. sú, sem þetta frv. fær til athugunar, hugleiði það, hvort það er ekki sanngjarnt í sambandi við þessa fyrirhuguðu breytingu að ætla þessum innheimtumönnum

sanngjarna þóknun fyrir þá fyrirhöfn og þá áhættu, sem þeir taka á sig og á þá er lögð í þessu sambandi. Á þetta vildi ég aðeins benda.

Það er alveg laukrétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þetta er ákaflega einfalt mál í sjálfu sér, en þó er það nú svo, að það getur gefið tilefni til dálítilla hugleiðinga. Þarna er farið inn á þá braut að heimila stöðvun atvinnurekstrar vegna vanrækslu á því að skila opinberum gjöldum, sem eftir er haldið. Þessi braut er ekki ný. Það er farið þarna í troðna slóð. Hæstv. ráðh. minntist á söluskattinn. Það mætti telja mörg önnur dæmi um þetta fyrirkomulag, sem er ákaflega hentugt innheimtufyrirkomulag frá sjónarmiði þess, sem heimtir inn. Það má líka nefna til dæmis símagjöld. Þegar þau eru ekki greidd, er skrúfað fyrir, hitaveitu, ef hún er ekki greidd, er skrúfað fyrir, rafmagn, ef það er ekki greitt, þá er lokað fyrir. Þetta er ákaflega virk innheimtuaðferð, en það má náttúrlega segja, að hún geti átt við víðar, og það eru víðar vanskil en á opinberum gjöldum. Það eru vanskil á skuldum, sem oftast nær mega teljast alveg ótvíræðar og vafalausar eins og opinber gjöld. Það eru víst talsverð brögð að því, að það séu vanskil á greiðslu víxla í bönkunum. Það væri sjálfsagt handhæg innheimtuaðferð að heimila bönkunum bara að loka hjá þeim atvinnurekendum, sem ekki greiddu víxla sína. Það eru víst talsverð brögð líka að því, að það séu vanskil á greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum, vafalausar skuldir yfirleitt. Það mundi greiða fyrir innheimtu þeirra, ef það væri heimilað að stöðva atvinnurekstur þeirra, sem í hlut eiga, nota bene, ef bönkunum væri heimilað það. En hér er um það að ræða í þessu frv., að það er innheimtumanninum sjálfum, sveitarstjórn, Gjaldheimtunni í Reykjavík, eða hver svo sem hann er, sem veitt er heimild til þess að stöðva, hann á að láta lögregluna framkvæma það, alveg án þess að þetta mál komi til nokkurra kasta dómstóla. Það gæti verið freisting fyrir fleiri að vilja fara í þessa slóð. Þess vegna held ég nú, þrátt fyrir allt og þótt ég á engan hátt vilji mæla neinum vanskilum bót, að það sé ástæða til þess, þegar mál þetta er kannað, að stinga við fótum og athuga, hvernig háttað sé réttaröryggi einstaklingsins í okkar ágæta þjóðfélagi. Ég verð að segja það, að ég held, að einstaklingurinn sé í mörgum tilfellum að verða heldur réttlítill gagnvart því opinbera. Og ekki hefur það nú hingað til þótt yfirleitt góð latína að taka mál sem þessi með öllu undan dómstólunum. Og það er að minnsta kosti — og ég vil skjóta því til n., án þess að ég vilji vera að andæfa þessu, sem hér er lagt til, því að ég veit, að það er mikið, sem á eftir rekur í þessu efni — ástæða til að athuga það, hvar við stöndum í þessu efni, hvort við erum ekki smám saman að gera réttaröryggið hornreka hjá okkur. En þetta hvort tveggja þarf helzt að fara saman og verður að samræma, annars vegar að löggæzluaðferðirnar séu virkar, en hins vegar það, að réttaröryggið sé ekki borið fyrir borð. Í þessu tilfelli gæti maður nú haldið, að það væri sæmilega séð fyrir ráðum til þess að ná inn opinberum gjöldum, líka þessum gjöldum, sem hér er um að tefla, því að það er heimilaður lögtaksréttur á þeim. Það er heimilaður lögtaksréttur hjá kaupgreiðanda sjálfum eins og hjá launþeganum, og sannleikurinn er nú sá, að eins og lögtök eru hér framkvæmd, eru þau nú ekki alveg fullkomnasta mynd af réttarfari, sem maður gæti hugsað sér. Það er nú orðið nokkuð fyrirhafnarlítið að fá lögtak gert, því að það er bara auglýst svona fyrirfram með einni auglýsingu með viku fyrirvara, að lögtak fari fram, og síðan á jú að senda ábyrgðarbréf til viðkomandi, en svo er lögtakið bara framkvæmt á viðkomandi embættisskrifstofu. Þannig að þetta er nú orðið fyrirhafnarlítið, og ætti nú að vera hægt að beita þessum aðgerðum, og er reyndar undarlegt, ef þær bera ekki árangur, ef ekki er hægt með þeim hætti að veita þeim launagreiðendum, sem hér er um að ræða, nægilegt aðhald. Ég spyr nú: Hefur það verið reynt, og er það gert? Ef það er ekki gert, hvernig stendur á því, að sú eðlilega innheimtuaðferð er ekki notuð? Ég vildi aðeins koma þessum aths. hér á framfæri, af því, að þótt málið sé einfalt, er það þess eðlis, að það getur dregið slóða á eftir sér, ef sífellt er farið lengra og lengra í þessa áttina.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil, eins og þeir 2 ræðumenn, sem á undan mér hafa talað í þessu máli, taka það fram, að ég vil sízt hafa á móti því, að gerðar séu ráðstafanir til þess að skil verði á þeim gjöldum, sem gjaldfalla, hvort heldur sem þau gjaldfalla til hins opinbera, ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga eða þau tilheyra einstaklingunum sjálfum. Með þessu frv. er farið ofan í slóð, sem áður er mörkuð t. d. í sambandi við innheimtu á söluskatti, eins og hér hefur líka verið minnzt á, og er ráðandi í fleiri atriðum. Hér er um að ræða að heimila með sérstökum l. stöðvun atvinnurekstrar hjá þeim atvinnurekendum, sem ekki hafa skilað hluta af kaupi starfsmanna sinna, þeim hluta, sem þeir skv. l. hafa dregið af útborguðu kaupi upp í opinber gjöld. Ég vildi hins vegar beina því til þeirrar n., sem um þetta mál fjallar, hvort ekki sé ástæða til þess að athuga þetta mál á dálítið víðara grundvelli og láta ákvæðið ná einnig til hluta kaupsins, sem viðkomandi starfsmanni á sjálfum að hafa verið greiddur en ekki hefur verið greiddur í öllum tilfellum. Ég held, að ég muni það rétt, að í vinnulöggjöfinni sé það hreinlega tekið fram, að ekki sé heimilt að stöðva atvinnurekstur, þ. e. a. s. að gera verkfall, hjá fyrirtæki, þó það sé orðið skuldugt starfsmönnum sínum, heldur eigi þar að gilda aðrar innheimtuaðferðir.

Á tímum eins og þessum, þegar vanskil virðast fara nokkuð í vöxt, kannske af ástæðum, sem erfitt er við að eiga, álít ég, að það sé vart hægt að gefa einum aðila rétt til að stöðva fyrirtæki, sem skuldugt er orðið, nema því aðeins að gefa öllum þeim aðilum, sem viðkomandi fyrirtæki er greinilega í skuld við, sama rétt. Bæjarfélög, sveitarfélög, ríkissjóður, þessir aðilar þurfa að hafa einhverja tryggingu fyrir því, að hægt sé að innheimta þetta. En alveg hið sama,

og ekki hvað sízt, gildir þetta um heimilin sjálf, sem eiga að fá vinnulaunin til að hafa sér að lífsuppeldi. Þess vegna tel ég, að það sé alveg tímabært að endurskoða það atriði vinnulöggjafarinnar, og það mætti allt eins gera það með því að tengja það þessum nýju lögum og gefa einnig þeim verkalýðsfélögum, sem í hlut eiga gagnvart þeim fyrirtækjum, sem ekki hafa greitt almenn vinnulaun, heimild til rekstrarstöðvunar eða til að boða verkfall, ef ekki eru gerð skil. Þetta vildi ég láta koma sérstaklega fram, að ég tel óeðlilegt að láta þetta lagaákvæði einungis ná til þess hluta vinnulaunanna, sem á að fara upp í greiðslu opinberra gjalda, en skilja eftir með lagabanni gegn rekstrarstöðvun hinn hluta launanna, sem á að fara til lífsuppeldis þeirra heimila, sem byggja lífsafkomu sína á vinnulaunum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú kannske ekki mikið tilefni til þess að orðlengja frekar um þetta mál.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. kom hér með ýmsar hugleiðingar, sem ég út af fyrir sig vil ekki mótmæla. Þetta frv. gefur vafalaust eins og mörg önnur mál tilefni til ýmissa umþenkinga á víðari grundvelli um ýmis vandamál, sem má segja, að séu tengd því máli, sem flutt er í það og það skiptið. En ég verð þó að láta í ljós þá skoðun mína, sem ég held, að sé ekki hægt að mótmæla, að hér sé um nokkuð sérstætt mál að ræða, svipað ákvæðunum um söluskatt eins og ég gat um áðan. Hér er um það að ræða, að það er aðili, sem tekur í sínar hendur skv. umboði fjármuni fyrir þriðja aðila og skilar ekki því fé. Því hefur verið slegið föstu, eins og ég sagði áðan, í dómi einmitt varðandi skil á útsvörum eða opinberum gjöldum starfsmanns, að hér sé um refsiverðan verknað að ræða. Almenn skuldakrafa getur haft sínar afleiðingar, og að sjálfsögðu eiga menn að standa í skilum með allar sínar skuldbindingar eins gagnvart einkaaðilum og öðrum, en þar hefur þó aldrei verið litið svo á, að þar væri um refsiverðan verknað að ræða, þó að menn stæðu ekki í skilum. Menn fá sína dóma um, að þeir skuli borga, og það getur kostað aðför og annað slíkt. En hér er því slegið föstu beinlínis og getur ekki farið á milli mála, að bæði varðandi vanskil á söluskatti og vanskil á gjöldum starfsmanna, sem eiga að renna til þess opinbera, er um að ræða refsiverðan verknað og misferli með annarra fé, þannig að ég held, að það sé ekki hægt að blanda þessu beinlínis saman við önnur atriði, svo sem hugleiðingar um það, hvaða viðurlög séu við því, að maður borgi ekki víxil í banka, og innheimtu ýmissa annarra gjalda. Þetta er alveg rétt, að auðvitað má endalaust bollaleggja um það, hvort það séu of strangar kröfur gerðar eða einhver mismunun í því á milli opinberra aðila og einkaaðila. Það vita nú hins vegar allir hv. þm., að hvort sem það er rétt eða rangt, þá hefur það opinbera yfirleitt, bæði ríki og sveitarfélög, fengið nokkuð víðtækari heimild í þessu efni en í einkaviðskiptalífinu tíðkast. Þannig er það á ótalmörgum sviðum. Ég skal ekkert segja um þá skoðun, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Sunnl., hvort ástæða væri til að veita slík viðurlög við því, að það séu ekki greidd vinnulaun. Það er í rauninni á nokkuð svipuðum hugsunarhætti byggt og hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að almennt um kröfur á hendur fyrirtækjum eða aðila, sem ekki standa í skilum. Hvað langt á að ganga í þeim efnum, skal ég ekki láta í ljós neina skoðun um hér. Það er vafalaust eitthvert ósamræmi í því, og ég hef auðvitað síður en svo á móti því, að því sé kippt í lag. En það eina, sem mér finnst, að hér geti komið til álita í sambandi við þetta mál, er atriði, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að, og það er, hvort fyrirtækin ættu ekki sanngirniskröfu á einhverri innheimtuþóknun. Það er annað atriði, sem ég tel ekkert á móti, að sé athugað. Þetta hefur komið á dagskrá einnig í sambandi við söluskattinn, en ekki orðið raunhæft þar enn, vegna þess m. a., að veittur hefur verið alllangur frestur til að skila söluskatti, og fyrirtækin hafa vitanlega að meira eða minna leyti haft þennan söluskatt í sinni veltu sér til hægðarauka, þótt þau hafi orðið að vera við því búin að standa skil á honum, þegar þar að hefur komið. Og það skal fúslega játað, og er það mál enda í athugun, þótt það komi ekki beint þessu við, að það getur verið ástæða til að breyta innheimtuaðferðum söluskatts, vegna þess að þær innheimtuaðferðir, sem nú eru tíðkaðar, þ. e. að gjalddaginn er fjórum sinnum á ári, veldur ákaflega miklum erfiðleikum á ýmsan hátt í þjóðfélaginu, sérstaklega í bankakerfinu, vegna þess að í kringum þessa fjóra gjalddaga verður mikil röskun á bankakerfinu, sem gefur auga leið í rauninni, þegar greiddar eru kannske á einum til tveimur dögum inn til ríkisins um 200 millj. kr. eða yfir það, þannig að það er eðlilegt, að það hafi sín slæmu áhrif. Og ég álít, að það geti vel komið til athugunar, sem hv. þm. minntist á, að minnsta kosti er snertir söluskattinn, hvort eðlilegt sé að greiða einhverja þóknun fyrir hann, ef inn á þá braut yrði farið, að það yrði farið að skila honum jafnóðum. Það er að minnsta kosti mál, sem ég tel vel þess virði, að sé skoðað og geti verið réttlætiskrafa í því. Mér finnst þess vegna vel geta komið til álita í sambandi við þetta mál, sem hér er, að það vakni sú spurning, og hef ég síður en svo á móti því, að hv. n. athugi það. Ég vil hins vegar mælast til þess við n., að hún ræði það mál við Samband ísl. sveitarfélaga eða stjórn þess, áður en ákvörðun yrði um það tekin, hvort sanngjarnt væri að taka upp einhverja þóknun fyrir það að stunda innheimtustarfsemi eins og þessa, þegar jafnframt eru lagðar þessar þungu kvaðir á fyrirtækin, að þeim er gert, að viðlögðum þessum aðgerðum, skylt að skila þessum gjöldum. En ég held þó — miðað við það, sem fyrir liggur, þ. e. að staðfest er orðið, að menn geta orðið fyrir hlutfallslega mjög þungum refsidómi fyrir að skila ekki þessum gjöldum — að það sé æskilegast fyrir fyrirtækin sjálf einmitt, að þessu sé komið í það horf, eins og hér er lagt til, til þess að slík ósköp vofi ekki yfir. Það kann auðvitað að virðast svo sem þetta skapi hættu á, að það raski atvinnurekstri og geti jafnvel leitt til

stöðvunar hans. En ég held þó ekki, að það sé mjög hættulegt, vegna þess að vitanlega hlýtur viðkomandi sveitarstjórn, sem er aðili að þessu máli, að gera sér grein fyrir því, áður en hún notar þessa heimild, hvort þetta mundi leiða af sér alvarlega röskun atvinnulífs eða hreina stöðvun viðkomandi fyrirtækis, og mér þykir ákaflega ólíklegt, að heimildinni yrði beitt, ef slík alvara væri yfirvofandi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í umr. um þetta mál, en til viðbótar við það, sem hér hefur komið fram, vildi ég benda á eitt atriði, sem mér finnst ástæða til að hafa í huga, þegar settar eru almennar reglur í l., sem snerta innheimtumál, eins og hér er til umr. Það eru raunverulega engin skilyrði fyrir því, að þessi sterki réttur verði notaður, nema þau, sem koma fram hér í frv., að um sé að ræða opinber gjöld, sem haldið er eftir af launum starfsmanna og að settur er ákveðinn frestur til skila. Hins vegar er aðeins um heimild að ræða, og heimildina má nota. Innheimtumaður hefur í hendi sér að nota hana, ef þessi tvö skilyrði eru til staðar. Ef við lítum t. d. á sveitarstjórnir, vitum við, að það hefur stundum viljað velta á ýmsu, hvernig beitt hefur verið innheimtu í framkvæmdinni. Þetta er vitað. Það er hægt að misnota svona rétt af hálfu opinberra aðila. Það eru engar sérstakar réttarfarsreglur um þessa heimild, eins og er almennt í öðrum efnum, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. minnti hér á. Þess vegna er — ef ekki er færi á því fyrir þá, sem sóttir eru eða innheimt er af, að færa fram einhverjar varnir — vissulega möguleiki á því, að svona einhliða, sterkur, ákveðinn og tillitslaus réttur verði misnotaður.

Það hefur verið minnzt á innheimtuþóknunina. Hæstv. fjmrh. sagði hér í sinni ræðu, að sér fyndist það vissulega koma til álita að greiða innheimtuþóknun fyrir innheimtustörf, sem einstakir aðilar, atvinnurekendur, hafa á hendi fyrir ríkið. Í raun og veru er um að ræða í þeim tilfellum óbeina skattaálagningu, vegna þess að innheimta af þessu tagi kostar auðvitað fé, kostar mikla vinnu, kostar vinnukraft og í sumum tilfellum hefur hún í för með sér verulegan kostnað, þannig að það er í alla staði sanngjarnt, að greiðsla sé innt af hendi fyrir þessa þjónustu og skyldu.

Ég hygg, að það væri skynsamlegt, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, athugi alveg sérstaklega réttarfarsleg atriði í sambandi við þetta mál, því að þetta er auðvitað tvísýnt mál, sem hér er á ferðinni, sem er annars eðlis, hvað snertir réttarfarsreglur, heldur en aðrar innheimtuaðferðir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Siglingamálastofnun ríkisins.

Á 60. fundi í Ed., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins [143. mál] (stjfrv., A. 304).

Á 61. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Tilgangur frv. þessa um Siglingamálastofnun ríkisins er fyrst og fremst sá að byggja upp frá grunni með einum heildarlögum stofnun, sem hefur þróazt á undanförnum áratugum með því, að verkefnum hefur verið bætt við hjá stofnuninni, ýmist með sérstökum l. og reglugerðum eða með öðrum hætti. Venjulegast gengur stofnunin undir heitinu Skipaskoðun ríkisins, og er skipaskoðunarstjóri forstjóri hennar. Skipaskoðun ríkisins heyrir undir siglingamálaráðh., en skipaskráningarstofa ríkisins starfar samkv. l. um skráningu skipa, og er skipaskráningarstjóri forstjóri hennar. Í skráningarl. er sagt, að skipaskoðunarstjóri skuli einnig vera skipaskráningarstjóri. Störf skipaskráningarstjóra heyra undir yfirstjórn fjmrh., sbr. sérstök lög þar um frá 20. marz 1950 um mælingu skipa, en í þeim l. segir, að skipaskoðunarstjóri skuli fara með þau mál undir yfirstjórn ráðh. Fjmrh. fer nú með þau mál, er varða skipamælingar. Ísland er aðili að alþjóðasamþykkt um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu frá 1954 og aftur 1962, og lög nr. 77 frá 10. maí 1966 fjalla um mál sem og reglur settar samkv. l., en þar er skipaskoðunarstjóra falin framkvæmd þessara mála.

Allt frá stofnun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMCO, hafa í reynd öll mál, er varða þá stofnun, verið afgreidd af skipaskoðunarstjóraembættinu í samráði við utanrrn., þótt efni einstakra mála heyri undir mismunandi ráðh. Mál, sem varða alþjóðasiglingareglur, hafa verið unnin og reglurnar gefnar út ásamt leiðbeiningum af skipaskoðun ríkisins, enda um IMCO-mál að ræða.

Á undanförnum árum hafa tæknilegar umsagnir um samninga um smíði fiskiskipa svo og verðmat verið unnið af skipaskoðun fyrir Fiskveiðasjóð Íslands vegna lána til skipanna samkv. beiðni sjóðsins og með samþykki siglingamálaráðh. Þetta starf hefur fallið mjög vel inn í störf skipaskoðunarinnar, vegna þess að stofnuninni ber þegar samkv. l. að fá í hendur smíðalýsingar og teikningar allra skipa í smíðum, sem til athugunar eru, leiðréttingar og viðurkenningar, áður en smíði hefst. Embætti skipaskoðunarstjóra, hefur á undanförnum árum verið ríkisstj. til ráðun. um siglingamál og skipasmíðar, þegar um er að ræða kaup eða smíði á skipum til opinberra aðila eða þegar ríkisstj. hefur á einn eða annan hátt veitt fyrirgreiðslu um nýsmíði skipa, enda hefur stofnunin þegar yfir að ráða sérfræðingum þeim, sem upp eru taldir í 7. gr. lagafrv.

Í 14. gr. frv. þessa eru ákvæði um, að siglingamálastofnunin skuli að jafnaði hafa starfandi

umferðareftirlitsmenn, sem eru fengnir til að samræma störf skipaskoðunarmanna í samráði við skipaeftirlitsmann hvers eftirlitssvæðis. Skulu umferðareftirlitsmenn einnig framkvæma skyndiskoðanir í höfnum eða á sjó, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Þetta ákvæði er nýmæli í þessu frv., en undanfarin 2 ár hafa þó verið starfandi umferðareftirlitsmenn við stofnunina samkv. sérstakri ákvörðun þar um. Þessar skyndiskoðanir hafa gefið mjög góða raun, þótt takmarka hafi orðið ferðir vegna kostnaðarins. Fengin reynsla í þessum efnum sannar nauðsyn þess að efla verður þennan þátt starfseminnar. Þróunarsaga þessarar stofnunar er orðin alllöng. Fyrstu lög, sem gefin voru út um eftirlit með skipum, voru nr. 25 frá 1903. En samkv. l. nr. 37 frá 19. júní 1922 um eftirlit með skipum og bátum og tilskipun þar um, útgefinni í Amaliuborg 20. nóvember 1922, er hægt að segja, að skipaskoðun hafi hafizt hér á landi. Fyrsta aðalskoðun skips, sem gerð var eftir þessum l. og tilskipun hér á landi, fór fram 27. nóv. 1923.

Þróun stofnunarinnar síðan er einkennandi fyrir íslenzka tækniþróun. Verkefnum hefur verið bætt á stofnunina jafnt og þétt, þannig að nú eru þar sameinuð flest þau mál, er varða skip og siglingar, sem afgreiða þarf af hálfu opinberra íslenzkra aðila. Heildarlög eru hins vegar ekki til fyrir stofnunina, og er tilgangur þessa lagafrv. að bæta úr því og um leið að sameina og samræma starfssvið stofnunarinnar. Ekki er þó teljandi efnisbreyting fyrirhuguð á starfssviði stofnunarinnar og ekki gert ráð fyrir fjölgun starfsliðs við þá breytingu, sem þetta frv. felur í sér. Nafninu er breytt til samræmis við raunverulegt verksvið stofnunarinnar eftir þróun undanfarinna áratuga. Í framhaldi þessara heildarlaga, ef frv. verður að l., yrðu síðan endurskoðuð lög um einstök verksvið stofnunarinnar, svo og reglugerðir samkv. þeim l. Þetta er orðin brýn þörf nú, ekki sízt vegna þróunar einstakra mála innanlands og á alþjóðavettvangi.

Þess má geta, að þróun hliðstæðrar stofnunar hefur orðið lík á hinum Norðurlöndunum og hér er fyrirhuguð. Skráning og mæling skipa heyrði þar einnig undir fjmrh. áður, eins og enn er hér, en hefur nú verið færð yfir, á sama hátt og hér er fyrirhugað, til Siglingamálastofnunar, sem heyrir öll undir siglingamálaráðh. Þessi breyting var gerð fyrir fáum árum, eða árið 1961, í Noregi. Embætti siglingamálastjóra og Siglingamálastofnunar í Noregi hefur nú þessi mál með höndum. Þar hefur, eins og hér hefur verið gerð tilraun til með flutningi þessa frv., verið sameinuð í einni stofnun afgreiðsla allra þeirra mála, er varða skip og siglingar, enda án efa hagkvæmast til vinnuhagræðingar, að slík mál heyri undir sömu stofnun og sama ráðh.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að gefa hér skýringar á einstökum gr. frv. Þær skýra sig sjálfar, og efni þeirra er það greitt aðgöngu, að ég tel þess ekki þörf nema sérstakt tilefni gefist til, en flestar þeirra greina eru teknar upp úr hinum ýmsu l., sem um þessa stofnun gilda í dag, en eru færðar hér í eitt frv.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 304 n. 551).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Happdrætti fyrir Ísland.

Á 70. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86. 31. des. 1967, um stofnun happdrættis fyrir Ísland [162. mál] (stjfrv., A. 372).

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. dm. er öllum kunnugt, þá er Happdrætti Háskólans ætlað það hlutverk að standa undir kostnaði við nýbyggingar Háskólans, viðhald eldri bygginga, tækjakaup og fleira, og gegnir það því grundvallarhlutverki við uppbyggingu þessarar æðstu menntastofnunar landsins. Háskólinn stækkar ört, og þarfir hans aukast mjög fyrir húsrými, þannig að það er ljóst, að þörfin fyrir byggingar á vegum Háskólans fer vaxandi. Árið 1963 heimilaði Alþingi, að Happdrætti Háskólans mætti gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, sem er með þeim hætti, að gefin eru út sömu númer og í A-flokki og seld samhliða. Þetta hefur gefið mjög góða raun, þannig að Háskólinn eða happdrættisstjórnin leitar nú eftir því að fá heimild til þess að gefa út annan samstæðan flokk, C-flokk, þannig að stjórn happdrættisins telur, að með þessum hætti séu mestar líkur fyrir því, að hægt sé að auka sölu happdrættismiðanna. Ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti viljað stuðla að þessari málaleitan Háskólans, og er þetta frv. því flutt hér að ósk háskólaráðs, og leyfi ég mér að vænta þess, að hv. deild geti fallizt á það að verða við þessum tilmælum Háskólans.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um frv. fleiri orð. Það er mjög einfalt og skýrir sig sjálft, og til viðbótar er að finna í grg. nánari skýringu á nauðsyn þess, að þessi nýja skipun verði heimiluð. Leyfi ég mér að vænta þess, að deildin geti fallizt á málið, og að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 372, n. 422).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er það að heimila stjórn Happdrættis Háskóla Íslands að gefa út nýjan flokk hlutamiða fyrir happdrættið. Eins og nál. fjhn. á þskj. 422 ber með sér, mælir n. einróma með því, að frv. verði samþ. Ég vildi þó geta þess við framsögu, að borizt hefur erindi frá Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, þar sem frv. þessu er mótmælt, og tel ég rétt að kynna hv. d. þetta erindi, áður en málið verður afgreitt. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Háttvirtu nefndarmenn.

Vakin hefur verið athygli okkar á frv., sem er til athugunar hjá hv. fjhn. Ed. Frv. þetta fjallar um heimild fyrir nýjum flokki, C-flokki, til handa Happdrætti Háskóla Íslands, sem jafngildir, ef samþykkt verður, að Happdrætti Háskóla Íslands hafi heimild til þess að reka þrjú happdrætti. Þar eð við óttumst, að slík lagasetning komi til með að skaða tekjumöguleika Happdrættis D.A.S. og Happdrættis S.Í.B.S. verulega, teljum við okkur skylt að vekja athygli yðar á eftirfarandi staðreyndum:

Þátttakendur í flokkahappdrættum hér á landi eru á að gizka um 30 þús. manns, sem spila í einu, tveimur eða jafnvel öllum þeirra. Ef hleypt yrði 65 þús. miðum til viðbótar inn á þennan takmarkaða markað, er hætta á, að bitizt yrði um sömu viðskiptamennina, og þarf ekki annað en benda á það árferði, sem þjóðin nú býr við, til að sanna þá staðhæfingu, að lítil líkindi séu á, að almenningur festi meira fé í happdrættismiðum en hann gerir nú þegar. Yfirburðir Happdrættis Háskóla Íslands yfir happdrættið okkar og happdrætti S.Í.B.S. eru ótvíræðir vegna þeirrar sérstöðu, er Happdrætti Háskóla Íslands nýtur með einkaleyfi sínu til peningahappdrættis hér á landi. Happdrætti Háskóla Íslands hefur þegar samkv. gildandi l. heimild fyrir útgáfu 65 þús. miða í báðum happdrættum sínum, þ. e. A- og B-flokki. Samt sem áður gefa þeir ekki út nema 60 þús. miða í hvorum flokki. Ætla mætti, að Happdrætti Háskóla Íslands mundi fyrst nota þá heimild, er þeir hafa til að setja inn á sölumarkaðinn 10 þús. ný númer, áður en beðið er um nýtt happdrætti til viðbótar. Auk þess verður að áætla nokkur þús. miða óselda, og er sú áætlun bæði byggð á óseldum miðum hinna happdrættanna og tekjum Happdrættis Háskóla Íslands. Þrátt fyrir það, sem hér greinir, eru árstekjur Happdrættis Háskóla Íslands um 20 millj. kr., sem gætu í ljósi framansagðs aukizt verulega, og virðist það ekki vera svo lítið ársverk fyrir eina stofnun að koma slíkri fjáröflun í lóg, þegar horft er byggingartíma hér á landi, vinnumarkaðinn, þörf Háskólans miðað við annarra þarfir o. fl. Með þessum aths. er ekki verið á neinn hátt að leggja stein í götu eðlilegrar þróunar Háskóla Íslands, en vegna mikillar hættu á rýrðum tekjum happdrættis okkar, ef af samþykkt þessa frv. verður, höfum við gert framangreindar aths. Um leið viljum við benda hv. nm. á eftirtaldar staðreyndir:

Tekjur Happdrættis D.A.S. skiptast nú þannig, að 60% teknanna renna til byggingar Hrafnistu, sem nú er orðið stærsta elliheimili landsins með yfir 370 vistmenn. Þrátt fyrir stöðugar byggingarframkvæmdir á undanförnum árum og mikla skuldasöfnun, er eftirspurn eftir vistplássi þar svo mikil og fer vaxandi, að fjöldi einstaklinga á biðlista hefur ekki farið niður fyrir 200 hin síðari ár. Í byggingarsjóð aldraðs fólks fer síðan 40% teknanna, en samkv. l. á hann að lána til bygginga hentugra íbúða fyrir aldrað fólk. Vegna þeirrar staðreyndar, að nú vantar nauðsynlega 500 ellivistarpláss yfir allt landið, og hópur sá, sem þjóðfélagið þarf að sjá fyrir ellivistarplássum í framtíðinni, fer prósentvís stækkandi, hefur frv. það, sem nú liggur fyrir hv. Nd. um breyt. á l. um byggingarsjóð aldraðs fólks, verið flutt. Ef frv. verður samþ., mun sízt veita af núverandi tekjum Happdrættis D.A.S.

Í ljósi framansagðs og í trausti þess, að vandamál aldraðra mæti sama skilningi og ætíð áður í sölum hv. Alþingis höfum við leyft okkur að láta í ljósi álit okkar varðandi áðurnefnt frv. um auknar heimildir til handa Happdrætti Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Happdrættis D.A.S.
Baldvin Jónsson,
framkvæmdastjóri."

Eins og ég sagði áðan, taldi ég skylt að kynna hv. d. þetta erindi, og það hygg ég, að sé ekki álitamál út af fyrir sig, að bæði þessi önnur happdrætti, sem hér er um að ræða, D.A.S. og S.Í.B.S., eru á vegum stofnana, sem gegna mikilvægum hlutverkum í þágu mannúðarmála, þannig að þau eru alls góðs makleg. Samt sem áður hefur nú alltaf verið litið svo á hér á hv. Alþ., að ekki væri ástæða til þess vegna hagsmuna þessara aðila að neita Happdrætti Háskóla Íslands um það að auka hlutamiða sína, þegar fram á slíkt hefur verið farið, og mín skoðun er sú, að vandamál þessara aðila verði að leysa eftir einhverjum öðrum leiðum, þó að ég sé ekki reiðubúinn að benda á slíkar leiðir að svo stöddu. Og það er tvennt í þessu erindi, sem ég nú hef lesið upp, sem ég vil leyfa mér að gera aths. við. Það er í fyrsta lagi þetta, að ekki sé ástæða til þess að bæta við nýjum flokki, vegna þess að allir happdrættismiðarnir, sem Háskólahappdrættið hefur nú heimild til að gefa út, hafi ekki enn þá verið seldir. Ég vefengi út af fyrir sig ekki, að þetta muni vera rétt, en á það má benda, að happdrættismiðar selja sig ekki sjálfir og sú samkeppni, sem önnur happdrætti kunna að eiga við að etja af hálfu Háskólahappdrættisins, verður auðvitað komin undir því, hve margir miðar eru seldir hverju sinni, en ekki hinu, hversu marga miða er heimild fyrir að gefa út.

Í öðru lagi vildi ég leyfa mér að benda á það, að ég held nú, að stjórn þessara happdrætta, eða stjórn D.A.S., — mér vitanlega hefur ekki borizt erindi frá S.Í.B.S. — ofmeti þá samkeppni, sem

um sé að ræða frá Happdrætti Háskóla Íslands, því að á því má vekja athygli, að það er út frá nokkuð mismunandi hvötum, ef svo mætti segja, að ég held, sem fólk annars vegar tekur þátt í Happdrætti Háskóla Íslands og hins vegar í þeim happdrættum öðrum, sem hér er um að tala. Þó að Happdrætti Háskóla Íslands gegni vissulega mjög þörfu hlutverki eða því að afla fjár til byggingarframkvæmda á vegum Háskólans, hygg ég, að það sé nú ekki fyrst og fremst til þess að styrkja slíkar framkvæmdir, sem menn kaupa þar happdrættismiða, enda er almenningi jafnan ekki kunnugt um það, til hverra ákveðinna framkvæmda þessum peningum verði varið, heldur sé hér fyrst og fremst um hreint happdrætti að ræða, þannig að það sé í þeim tilgangi að fá vinninga, sem menn taki þátt í því happdrætti. Aftur á móti hvað snertir Happdrætti D.A.S. og S.Í.B.S., þá má í ríkara mæli líta á það fé, sem kemur inn á vegum þeirra happdrætta sem samskotafé. Þessi happdrætti geta ekki boðið upp á eins miklar vinningslíkur eins og Happdrætti Háskóla Íslands, en á hinn bóginn er hér um að ræða góð málefni, sem margir munu vilja styrkja, þannig að ég hygg eða tel, að þessi happdrætti séu meira hliðstæð ýmsum happdrættum, sem rekin eru á vegum annarra góðgerðastofnana og t. d. þeim happdrættum, sem öðru hverju er stofnað til á vegum okkar ágætu stjórnmálaflokka, en eins og hv. þdm. mun öllum kunnugt um, þá stofna stjórnmálaflokkarnir við og við til happdrætta, þar sem vinningarnir eru að jafnaði einn, tveir eða þrír bílar. En ég hygg, að ástæðan til þess, að fólk kaupi þá happdrættismiða sé ekki sú, að menn geri sér vonir um að hreppa þessa bíla, því að líkurnar á því eru svo sáralitlar fyrir hvern einstakan, heldur til þess að styðja góða hugsjónabaráttu, þannig að hér er ekki um sambærilega hluti að ræða, en hitt er alveg rétt, að minnkandi tekjur almennings vegna hins erfiða árferðis, sem nú er, bitnar vafalaust á rekstri happdrætta eins og öðru, en það á auðvitað jafnt við um Háskólahappdrættið og þau önnur happdrætti, sem hér er um að ræða.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að orðlengja þetta meira, en till. fjhn. er sú, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 372).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., 28. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem öllum hv. þdm. er kunnugt, hefur Happdrætti Háskólans því veigamikla hlutverki að gegna að afla fjármagns til þess að standa straum af nýbyggingum Háskólans og yfirleitt öllum fjárfestingarframkvæmdum stofnunarinnar. Það eru mjög mikilvæg og mörg verkefni, sem bæði hefur verið unnið að í þessu efni og sem framundan er að leysa, þannig að fjármagnsþörfin er brýn og vaxandi. Happdrætti Háskólans hefur gengið vel og mætt miklum skilningi hjá þjóðinni. Margar breytingar hafa verið gerðar á l. um happdrættið, frá því að það upphaflega tók til starfa, bæði fjölgað hlutamiðum og einnig, sem er síðasta breytingin við þessi lög, var heimilað með l. frá 1963 að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, sem er með sama númerafjölda og A-flokkur. Þessi aukning happdrættisins hefur gefið góða raun, þannig að stjórn happdrættisins hefur farið fram á það að fá heimild Alþ. til þess að gefa út III. flokk hlutamiða, C-flokk, sem verður þá hliðstæður þeim tveimur flokkum, sem fyrir eru. Þessi háttur er einfaldari í framkvæmd og þykir líklegri til árangurs heldur en það beinlínis að fjölga hlutamiðum með venjulegum hætti. Ríkisstj. þótti rétt að verða við þeirri ósk Háskólans að flytja þetta frv. hér. Frv. mætti miklum skilningi í hv. Ed. og var samþ. þar einróma. *Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að það gæti einnig átt hliðstæðum skilningi að mæta í þessari hv. d.* Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið. Það er einfalt og skýrir sig sjálft, og með frv. fylgir grg. frá hálfu Happdrættis Háskólans um ástæðuna fyrir flutningi málsins, og sé ég því ekki ástæðu til þess af minni hálfu að vera að eyða um málið fleiri orðum. Hins vegar, ef hv. n., sem fær það til meðferðar, óskar frekari upplýsinga um það, verður að sjálfsögðu orðið við því svo sem auðið er.

Ég vil leyfa mér. herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og ég vildi leyfa mér að beina þeim tilmælum til þeirrar hv. n., þar sem fer nú að líða á seinni hluta þingtímans, að hún reyni að hraða málinu svo, að það geti fengið lokaafgreiðslu, áður en þingi lýkur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

13. Tekjustofnar sveitarfélaga (frv. SkG o. fl.).

Á 4. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [11. mál] (þmfrv., A. 11).

Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 11 flytjum við tveir af þm. Norðurl. v. frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Í 1. gr. frv. berum við fram þá till., að aðstöðugjöld samkv. 10. gr. l. verði hér eftir lögð á eftir sömu reglum um allt land. Framkvæmd l. um aðstöðugjöld er nú þannig og hefur verið undanfarið, að þau leggjast ákaflega misþungt á gjaldendur eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Veldur þetta óþolandi ranglæti. Till. okkar um aðstöðugjöldin eru í höfuðatriðum miðaðar við þær reglur, sem nú gilda um aðstöðugjöld í Reykjavík, nokkuð vikið frá þeim, en þó ekki mikið. Þær reglur eru birtar sem fskj. með grg. frv. Geta menn borið þetta saman og komizt að raun um, að þar skakkar ekki miklu.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að sú breyting verði gerð á ákvæðum l. um útsvör, að ekki skuli heimilt að hækka útsvörin um meira en 5% frá þeim gjaldstiga, sem er í l., en nú hafa sveitarstjórnir leyfi til að bæta allt að 20% álagi á útsvörin.

Í grg. með frv. eru birt nokkur dæmi, sem sýna þann gífurlega mun, sem nú er á aðstöðugjöldunum, og vísast til þess, sem þar segir. Til frekari skýringar vil ég nefna hér tvö dæmi um þetta.

Matvöruverzlun hér í Reykjavík, sem selur vörur fyrir 20 millj. kr., þarf að borga 100 þús. kr. í aðstöðugjald, en dæmi má finna um það, að slík verzlun á öðrum stað á landinu með jafnmikla viðskiptaveltu þurfi að borga 400 þús. kr. í aðstöðugjöld. Auðvitað bitnar þetta á því fólki, sem býr á þeim svæðum, þar sem háu aðstöðugjöldin eru.

Hitt dæmið, sem ég vil nefna, er um þau aðstöðugjöld, sem bændur eru látnir borga af tilbúnum áburði, sem þeir þurfa að kaupa til framleiðslustarfseminnar. Bændur verja miklu fé til áburðarkaupa ár hvert. Hjá því geta þeir ekki komizt. Mér er kunnugt um það, að á einum verzlunarstað var seldur áburður í ár fyrir rúmlega 40 þús. kr. til hvers bónda að meðaltali. Ég veit til þess, að í einu kauptúni var ekkert aðstöðugjald lagt á áburðinn. Sveitarstjórnin þar mun hafa litið svo á, að hér væri um slíka nauðsynjavöru að ræða, að rétt væri að sleppa því að leggja aðstöðugjald á hana. En annars eru aðstöðugjöldin á áburðinn ákaflega mishá á verzlunarstöðunum, lægst kvart % og hæst 2%, og þrepin þar á milli eru ekki færri en 7. Meðan bóndi á einum stað, sem kaupir áburð fyrir 40 þús. kr., borgar 100 kr. í aðstöðugjald, þarf annar, sem býr í öðru héraði og kaupir jafnmikinn áburð, að borga 800 kr. í aðstöðugjald af þeim viðskiptum eða 8 sinnum hærri upphæð. Og ég spyr: Er nokkur vitglóra í þessu? Ég get ekki komið auga á hana.

Hvað mundu menn segja um það, ef ákveðið væri að leggja misháa tolla á innfluttar vörur, eftir því til hvaða verzlunarstaðar þær væru fluttar frá útlöndum? Sjálfsagt þætti mönnum það alveg fráleitt og það að vonum. Segja má, að það væri sama aðferðin og nú er beitt við álagningu aðstöðugjaldanna. Þau leggjast á vörurnar með sama hætti og tollarnir til ríkisins.

Nýlega hafa verið sett lög um Atvinnujöfnunarsjóð, og rætt er um að gera áætlanir um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs á ýmsum stöðum. En að hvaða gagni kemur þetta, ef haldið verður áfram að beita aðstöðugjöldunum á sama hátt og nú er gert? Það er ekki trúlegt, að marga fýsi að leggja í nýjan atvinnurekstur á þessum stöðum eða halda við þeim rekstri, sem fyrir er, ef þeir geta átt á hættu að þurfa að borga þar margfalt hærri opinber gjöld en menn borga á öðrum stöðum.

Ég sé ekki betur en með núgildandi lagaákvæðum um aðstöðugjöldin og framkvæmd þeirra, sé verið að eyðileggja allan verzlunarrekstur á mörgum stöðum á landinu utan Reykjavíkur og jafnvel iðnrekstur líka. Hér verður að gera breytingu og það án tafar. Annað er óverjandi með öllu.

Þegar eitthvert sveitarfélag fær ekki tekjuþörfum sínum fullnægt með álagningu gjalda eftir almennum reglum, á það að fá framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en réttmætt getur verið, að íbúar sveitarfélaga, sem þannig er ástatt fyrir, leggi á sig nokkurt aukagjald. Í því er dálítið aðhald. Þess vegna leggjum við til í frv., að heimilt sé að bæta allt að 5% ofan á útsvörin og aðstöðugjöldin. 5% aukaálag er hægt að þola, þó að hinn mikli munur, sem nú er á aðstöðugjöldunum, og 20% álag á útsvörin sé óþolandi og geti fælt menn frá búsetu og atvinnurekstri á vissum stöðum.

Ég eignaðist bók í haust. Þetta er nýleg bók, gefin út í fyrra. Höfundur hennar heitir Matthías. Ekki er það sá gamli Matthías okkar 19. aldar mannanna, nei. Og það er hvorugur þeirra hv. Matthíasa, sem eiga sæti hér í d. Þessi er ritstjóri blaðs, sem nefnist Morgunblaðið og er gefið út í Reykjavík. Margir munu nefna þetta ljóðabók, en flest verkin í bókinni eru með svo nýtízkulegu sniði, að ég legg það ekki á mig að reyna að læra þau utan að. Annars má segja það höfundinum til lofs, að hann getur vel ort kvæði undir þannig háttum, að hægt sé að læra þau. Nokkur slík eru í bókinni, og þau auka gildi hennar í mínum augum. Ég hafði bókina með mér hingað á fundinn með það í huga að lesa fyrir ykkur fáeinar línur úr henni. Það vil ég gera með leyfi hæstv. forseta og í trausti þess, að þinghelgin og hollar vættir forði mér frá Stefskröfu í því sambandi.

Skrifað stendur hjá Matthíasi í 35. kafla, 3. og 4. versi:

„Þegar við vorum ung, var himninninn alltaf heiður, jafnvel einnig, þegar úrillir kennarar skömmuðu okkur fyrir svartar klessur í stílabókunum. En þú sagðir ekkert. Himninninn er hættur að vera gagnsæ heiðríkja, og bleksletturn-

ar í stílabókunum eru orðnar að svörtum blettum á sál okkar".

Þetta væri bara nokkuð gott, ef það væri í þannig formi, að auðvelt væri að læra það. En hvers vegna er ég að lesa þetta fyrir ykkur? Til þess að vekja athygli á því, að þegar við vorum að skrifa löggjafarstílinn um aðstöðugjöldin hér á Alþ. fyrir nokkrum árum, hefur farið fyrir okkur eins og skáldið segir í þeim orðum, sem ég las. Það hefur komið bleksletta á stílinn, og þetta er orðið að svartri, ljótri klessu, svo ljótri, að við getum ekki sýnt þennan stíl lengur, hvorki innan þessarar virðulegu stofnunar né utan hennar. Það er okkur til háborinnar skammar. Hér er hneyksli, sem Alþ. ber að uppræta án tafar. Þess vegna eigum við að fleygja þessum gamla blekklessustíl út á ruslahaug borgarstjórnarinnar hér í henni Reykjavík, svo að hann tortímist í þeim eldi, sem þar logar nótt og nýtan dag. Og við eigum að fá okkur nýja, hreina og fallega stílabók og skrifa í hana nýjan stíl um aðstöðugjöld og gæta þess, að þar komi enginn klessa.

Við flm. þessa frv. höfum lagt til efni í nýja stílinn.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., og rétt mun, að það fari til n. til skoðunar þar. Málefni sveitarfélaga hafa oft farið til félagsmálanefndar. Ekki vil ég móðga þá virðulegu nefnd, en benda á, að hér er á ferðinni skatta- og tollamál, hvort sem menn vilja heldur nefna það, og það eru fjhn.mál. Enn fremur vil ég benda á, að tekjustofnamál sveitarfélaga munu heyra undir hæstv. fjmrh. Ég tel því rétt að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú ekki neina ljóðabók meðferðis, svo að þetta verður mjög prósaiskt, sem ég segi hér um þetta mál, en hins vegar er málið þess eðlis, að mér þykir rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum til athugunar fyrir þá hv. n., sem fær málið til meðferðar. Það er ekki mitt að hafa afskipti af því hér í þessari hv. d., hvort það fer til fjhn. eða heilbr.- og félmn. Hins vegar vil ég á það benda, að það er að ég hygg föst venja, að sveitarstjórnarmál séu í heilbr.- og félmn., og þó að hér sé um skatta að ræða, eru það ekki skattar til ríkisins, heldur skattar til sveitarfélaganna, enda er frv. um breyt. á tekjustofnal. En hvor n. sem fær þessa nýju og fallegu stílabók eða efnið í hana til meðferðar, teldi ég nauðsynlegt og sanngjarnt og sjálfsagt, að það yrði skoðað til hlítar, ekki síst þar sem manni skilst, að það eigi að marka tímamót og upphefja einhverja óhæfu, sem nú sé í gildi.

Ég er flm. efnislega sammála um það, að það skapar vissulega oft vandkvæði, hvað mikill munur er á tekjuöflun sveitarfélaganna og mismunandi upphæðir, bæði útsvara og aðstöðugjalda, sem inn eru krafðar. Þetta er þáttur í tekjustofnamálunum, eins og þau eru upp byggð. Eins og hv. þm. er kunnugt, voru hér áður fyrr miklu rýmri hendur fyrir sveitarfélögin en í dag um útsvarsálagningu og álagningu ýmissa annarra gjalda, en þetta hefur mjög verið þrengt á síðustu árum, þó að það kunni vel að vera, að það sé ekki nægilega þrengt. En það á sínar skiljanlegu ástæður, sem þá þarf að gera sér til hlítar grein fyrir.

Það er rétt hjá hv. þm., að það getur skapað vanda fyrir atvinnurekstur að vera mismunandi skattlagður, hvort sem það eru aðstöðugjöld eða útsvör. Og það er rétt, að reynslan hefur sannað það, að heimildin um 20% álag á útsvarsstiga, sem krafizt er, til þess að sveitarfélag geti fengið framlög úr Jöfnunarsjóði, er óeðlilega hátt, og ef hún er notuð ár eftir ár, hlýtur það að leiða til þess, að vandræði viðkomandi sveitarfélaga í rauninni fari vaxandi en ekki minnkandi, vegna þess að reynslan hefur sýnt, að þá er hætta á því, að ýmsir færi búsetu sína þaðan og til annarra sveitarfélaga, þar sem gjöldin eru mun minni, þannig að það er vissulega rétt að athuga þarf þetta vandamál. Það hefur verið gert, en því er ekki að leyna, að þarna er um að ræða ágreiningsefni innan Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og það hefur nú ekki af hálfu sveitarfélaganna verið gerð nein ályktun um það, að það þurfi að afnema þessa heimild úr l. Það er einhver misskilningur hjá hv. þm. Hins vegar hefur því verið skotið til stjórnarinnar — og nú síðast hef ég látið athuga það í félmrn. og hafa um það samráð við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga — hvort ekki sé rétt að koma þarna við einhverjum takmörkunum. Og það mál er nú sérstaklega í athugun. Hitt er aftur á móti ljóst, að eins og þetta kerfi er upp byggt nú, þarf að vera verulegt aðhald, til þess að ekki komi fram almennar kröfur frá sveitarfélögunum um framlag úr Jöfnunarsjóði, sem hlyti að leiða til öngþveitis.

Hins vegar liggur það í augum uppi, að það verður að fara mjög varlega í þessa sálma, ef menn eru þá ekki jafnframt reiðubúnir hreinlega til þess að taka upp heildarkerfisbreytingu á tekjustofnamálum sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa hingað til haldið verulega í sitt sjálfstæði, fjárhagslega sjálfstæði. Og tekjustofnalögin eru byggð á því, að þau hafi það í höndum að verulegu leyti. Þetta frv., ef að l. yrði, mundi í meginefnum leiða það af sér, að þetta sjálfstæði yrði úr sögunni. Hér er stefnt markvisst í þá átt að koma á jöfnunarútsvari um allt land, fyrst og fremst jöfnunaraðstöðugjaldi og í raun og veru einnig jöfnunarútsvari, þannig að ef þetta gerist og ef þetta verður lagt á Jöfnunarsjóðinn síðan að jafna þarna á milli, er það ljóst, að valdið í fjárhagsmálum sveitarfélaga er að töluverðu leyti í reynd af þeim tekið og færist inn í stjórnarráðið. Því fleiri sveitarfélög, sem þurfa aðstoðar við úr Jöfnunarsjóði, því þrengra verður um fyrir þau. Ég veit ekki, hvort hv. þm. er um það kunnugt, að ef sveitarfélag eins og nú er í dag sækir um aðstoð til Jöfnunarsjóðs, kostar það töluvert mikla erfiðleika og mikla skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti. Þá samþykkjum við ekki fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna nema með allverulegri gagnrýni og niðurskurði, þannig að eftir að sveitarfélag er komið á þetta stig, hefur það ekki í sinni hendi nema að takmörkuðu leyti að ráða sínum eigin framkvæmdum. Það er þó hins

vegar alveg ljóst, að ef þetta yrði almenn venja, að menn gætu farið þessa braut, sem hér er opnuð, gefur það auga leið, að sveitarfélögin fara í vaxandi mæli, þau, sem nú standa ekki í miklum framkvæmdum, að leggja áherzlu á að spenna upp sínar fjárhagsáætlanir til þess að geta þó átt aðgang að Jöfnunarsjóðnum, en ekki beinlínis missa þar spón úr sínum aski. Það er alveg ljóst, að ef þessi regla yrði upp tekin, mundi verða ásókn í það í hverju sveitarfélagi, að viðkomandi sveitarfélag hækkaði svo sínar áætlanir, að komið gæti til álita greiðsla úr Jöfnunarsjóði, þannig að Jöfnunarsjóði mundi að sjálfsögðu eftir það að verulegu leyti aðeins verða varið til þess að greiða þarna á milli sveitarfélaga til jöfnunar. Út af fyrir sig er þetta ekki óframkvæmanlegt. Það er rétt. En ég vek aðeins athygli á því, ef ekki á að gera annað en það, sem hér er gert, og ekki kryfja þetta mál til mergjar, hvaða afleiðingar það hefur fyrir uppbyggingu fjárhagsmála sveitarfélaga, og þá mun ekki klessunum fækka í stílabókinni, heldur verður hún öll ein klessa. Það held ég, að sé alveg ljóst. Og þetta vildi ég biðja hv. n. sérstaklega að gera sér grein fyrir. Ég veit, að hún mun hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og leita umsagnar sambandsins um þetta efni, en það er alveg ljóst, að hér er um að ræða slíka gerbreytingu og byltingu á fjárhagsmálum sveitarfélaganna, að það er nauðsynlegt að skoða það mjög niður í kjölinn. Því til viðbótar ber svo að gæta þess, að hv. flm. hefur láðst að breyta einnig einu ákvæði tekjustofnal., sem heimilar greiðslur úr Jöfnunarsjóði í þessu skyni, vegna þess að eins og l. eru í dag eru mjög þröng mörk á því, hvað heimilt er að greiða úr Jöfnunarsjóði til þeirra þarfa, sem hér er gert ráð fyrir að verja fé til. Það er aðeins sáralítil fjárhæð og hefur naumast nægt til þess að greiða fyrir þeim örfáu sveitarfélögum, sem sótt hafa til sjóðsins til þessa, þannig að það yrði þá einnig að gera breytingu, sem heimilaði það, að Jöfnunarsjóði yrði almennt varið til þessara þarfa, en ekki eins og er í dag, að honum sé skipt upp á milli sveitarfélaganna eftir föstum reglum.

Herra forseti. Ég skal ekki fara fleiri orðum um málið. En ég taldi nauðsynlegt, að þetta kæmi fram og að athygli hv. þm. væri á því vakin, að þetta er nú ekki eins einföld hreinsun og mönnum kynni að virðast í fljótu bragði. Og enda þótt í hugsuninni, sem á bak við þetta liggur, sé margt rétt, er málið miklu flóknara heldur en hv. flm. vilja vera láta og þarf því tvímælalaust, ef við eigum ekki að komast í ógöngur með þessi mál, að fá miklu meiri athugun, ef mönnum að öðru leyti sýndist, að þeir vildu ljá hugsuninni, sem í því felst, sitt lið.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. sýndi mér þá virðingu að bjóða mér að vera meðflm. sinn að þessu máli, en ég hafnaði því boði, því að mér sýndist, að hér væri um svo viðamikið mál að ræða, að ég taldi mig þurfa að kanna það örlítið betur ofan í kjölinn, áður en ég gæti gerzt flm. að þessu frv., og þá alveg sérstaklega að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þetta mál. Og ég vil leggja áherzlu á það, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, leiti umsagnar Sambandsins um þetta mál. Og ég geri það að minni till., að málið fari til heilbr.- og félmn., eins og þessi mál hafa ætíð farið hér í þinginu.

Ég ætla ekki að ræða mjög mikið um frv. við þessa umr. Ég vil aðeins benda á það, að með því er ráð fyrir gert, að aðstöðugjald verði eitt og hið sama um allt land. Það stendur í l. gr., að aðstöðugjald af landbúnaði skuli vera ½%. Nú vitum við það, sem erum úti í sveitunum, að ýmsar hreppsnefndir ákveða aðstöðugjald hærra en þetta, jafnvel fara með aðstöðugjöldin upp í 2%. Og þó að ég viti ekki, hvað aðstöðugjald er ákveðið t. d. í Áshreppi í Austur-Húnavatnssýslu, gæti ég samt trúað því, að það væri hærra en þetta. En ég veit, að það er allmiklu hærra í minni sveit. Og þetta gerum við þrátt fyrir það, að við höfum gefið stórfelldan afslátt af útsvörum, allt upp í 30% af hinum lögleyfða skala eða ekki lagt á nema 70%, þannig að við hefðum ekki þurft í raun og veru að hafa aðstöðugjaldið þetta hátt. Ástæðan til þess, að við höfum gert þetta, er beinlínis sú, að það hefur komið í ljós hjá okkur, að ýmsir bændur, sem hafa þó talsvert mikið umleikis og hafa haft miklar bruttótekjur, hafa komið þannig út, að það hefur ekki verið hægt að leggja á þá útsvar. Tilkostnaður þeirra hefur verið orðinn það mikill, að þeir hafa haft svo sáralitlar nettótekjur, að þeir hafa nær því sloppið eða alveg sloppið við útsvar, þannig að sveitarfélagið hefur í raun og veru jafnvel ekki náð af þessum mönnum þeim gjöldum, sem það þeirra vegna verður að borga, t. d. til almannatrygginga, sjúkrasamlaga, sýslusjóða o. s. frv. Hefðum við haft þá aðstöðu, eins og var hér áður, að leggja á þessa menn eftir efnum og ástæðum, hefðu hvorki hreppsnefndin í mínum hreppi eða ég held í öðrum dottið það í hug að láta þessa menn sleppa algerlega við það að borga útsvar. Þess vegna höfum við nú notað þessa heimild í l. að nota aðstöðugjaldið til þess að ná einhverjum útsvörum eða gjöldum í sveitarsjóðinn af mönnum, sem ég hef hér tekið dæmi af.

Svo endurtek ég ósk mína um það, að málið fari til heilbr.- og félmn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Flm. hefur lagt til, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. Einnig hefur komið fram till. um, að því verði vísað til heilbr.- og félmn., og þar sem ég á sæti í þessum báðum nefndum, gefst mér án efa tækifæri til að skoða frv. nokkuð betur. Ég vil þó, áður en málið fer til n., beina þeirri fsp. til flm., hvernig þetta frv. mundi verka, sérstaklega gagnvart launafólki, ef það yrði samþ. óbreytt hér á Alþ. Ég er ekki alveg viss um, hvort hans stílabók yrði með frv. þessu alveg hrein, ég hygg, að það mundu koma fram allstórar klessur svona á víð og dreif. Flm. sagði, að í höfuðatriðum væri ekki breyting á 10. gr. gildandi l. um tekjustofna sveitarfélaga. Þetta er að mínum dómi ekki rétt, ef miðað er við 10. gr. og það hámark, sem þar er sett. Ég vil t. d. benda á, að 10. gr. gerir ráð

fyrir 1% aðstöðugjaldi af fiskiðnaði í hinu nýja frv. En í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að gjaldið verði ½%. Þarna er því um helmings lækkun að ræða, og aðstöðugjald af fiskiðnaði er í mjög mörgum sveitarfélögum víðs vegar við strendur landsins uppistaðan í aðstöðugjöldunum, þannig að þarna er um grundvallarbreytingu fyrir fjölda sveitarfélaga að ræða, sem mundi verka mjög til óhagræðis í mörgum tilfellum.

Þegar tekjustofnanefnd á sínum tíma vann að því að semja og undirbúa frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem síðar var samþ. hér á Alþ., var þetta atriði mjög til umr., hvort lögbinda ætti ákveðið aðstöðugjald í vissum flokkum í hverju sveitarfélagi. Þetta var mjög ýtarlega rætt þar, leitað samráðs og álits Sambands ísl. sveitarfélaga, og niðurstaðan varð sú, að n. varð alveg sammála og einróma sammála um það að hafa þetta heimildarákvæði, þar sem hámark væri tilgreint. Ég hygg, að flm. misskilji nokkuð, hvað tekjustofnanefndin á sínum tíma átti við með aðstöðugjaldi. Hún leit svo á, að heimild til að leggja á aðstöðugjald væri greiðsla viðkomandi aðila fyrir þá aðstöðu, sem sveitarstjórnirnar veittu atvinnufyrirtæki og öðrum, sem einhvern rekstur hefðu. Og einmitt skoðað frá þessu sjónarmiði er það mjög óeðlilegt að binda þetta gjald fast og hafa það sama í öllum sveitarfélögum, því að aðstaða, sem hvert sveitarfélag skapar til atvinnureksturs, er ákaflega misjöfn. Hún er sums staðar engin, sums staðar er hún mun meiri og sums staðar mikil, þannig að það er enginn grundvöllur fyrir því að áliti sveitarstjórnarmanna, að ég hygg, að binda þetta gjald fast, lögbinda það sama í öllum sveitarfélögum, heldur láta sveitarstjórnirnar meta það, hvað þær vilja hver á sínum stað taka í gjald af þeirri aðstöðu, sem þær veita, innan þess ramma, sem tekjustofnalögin heimila.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég efaðist mjög um, að hv. flm. hefði gert sér fulla grein fyrir, hvernig það mundi verka, aðallega fyrir launafólk, ef þetta frv. yrði að lögum. Ég hef bent á, að í fiskiðnaði mundu aðstöðugjöldin lækka um allt að helming og að aðstöðugjald af fiskiðnaði væri í mörgum kaupstöðum og mörgum sveitarfélögum aðaluppistaðan í þessum tekjustofni sveitarfélaganna.

Svona við lauslegan samanburð á frv. og 10. gr. tekjustofnal., sem fjallar um aðstöðugjaldið, hygg ég, að það sé ekki langt frá vegi, að gjaldið mundi lækka um 1/3 til helmings, eða frá 33—50%. Þegar sveitarstjórnir semja fjárhagsáætlun, hygg ég, að allir, sem þar hafa komið nálægt, viti, að þá er byrjað á því að áætla þau útgjöld, sem sveitarstjórnin telur, að óhjákvæmileg verði á því ári, sem áætlunin á að ná yfir. Þegar aftur kemur að því að áætla tekjuhliðina, er þar því miður um mjög fáa tekjustofna að ræða, þannig að útsvör, tekju- og eignarútsvör, eru í flestum sveitarfélögum aðaluppistaðan og aðalliðurinn í tekjuhlið hverrar fjárhagsáætlunar. Þar kemur að vísu einnig til greina framlag úr Jöfnunarsjóði og aðstöðugjöld. En ef framlag úr Jöfnunarsjóði er lækkað, þýðir það, að tekju- og eignarútsvar hlýtur að hækka í sama hlutfalli. Lækkun aðstöðugjalda þýðir því, að það er verið að færa á milli frá þeim aðilum, sem aðstöðugjöld greiða, yfir á þá, sem greiða tekju- og eignarútsvar. Og ef við lítum svo aftur á, hvernig tekju- og eignarútsvör eru almennt lögð á, hvaða aðilar það eru, sem þau bera, skýrist þetta mál nokkuð, og sést þá, hversu þetta frv., sem hér er lagt fyrir, er að mörgu leyti ranglátt og að því er ég tel sem sveitarstjórnarmaður fráleitt.

Ég veitti forstöðu einu sveitarfélagi hér á landinu um nokkuð langan tíma. Ég gerði venjulega að niðurjöfnun lokinni athugun á því, hvað stóran hluta félög og atvinnurekstur greiddu og hve stóran hluta einstaklingar, sem þá eru að langmestu leyti og nær öllu leyti launafólk, hvernig skipting væri á milli þessara aðila um greiðslu útsvara. Það hefur alla tíð í þessu sveitarfélagi legið þannig, að það eru um 80—85% af heildarupphæð útsvara, sem greitt er af launafólki. Ég hygg, að það sé ekki fjarri lagi, að þetta sé einnig svo hér í Reykjavík, en kann að vera, að hlutföll séu þar einhver önnur, en það mun ekki mikill munur vera þar á. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að láta athuga það. Þess vegna verður að athuga, hvað við erum að gera.

Ef hér á hv. Alþ. á að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, erum við, eins og ég sagði áðan, að færa nokkurn hluta útsvarsbyrðarinnar af aðstöðugjöldunum, sem atvinnureksturinn borgar, yfir á þá, sem greiða tekju- og eignarútsvar, sem launamenn borga að langsamlega mestu leyti. eða 80—85%. Hér í Reykjavík voru á s.l. ári álögð aðstöðugjöld, sem námu 178 millj. kr. Ef reiknað er með, að frv. það, sem hér liggur fyrir, lækki aðstöðugjöldin um 30%, sem ég mundi telja lágmark, þýddi það, að 60 millj. yrðu færðar frá gjaldendum aðstöðugjalda hér í Reykjavík og yfir á gjaldendur tekju- og eignaútsvara. Í meðalkaupstað eins og þeim, sem ég var hér með í huga, þ. e. Vestmannaeyjakaupstað, námu aðstöðugjöldin þetta ár 11 millj. kr., og 1/3 hluti af því eru 3.6 millj. Ég hygg þó, að það sé nær að reikna með, að aðstöðugjöld þar vegna mikils fiskiðnaðar mundu lækka a. m. k. um 40%, en þetta þýddi alltaf það, að það yrði að færa af gjaldendum aðstöðugjalda yfir á gjaldendur tekju- og eignaútsvara 3.6 millj. kr. Ég skal viðurkenna, að það gæti verið ákaflega gott, og mundu allir vera ánægðir með það, ef hægt væri að létta þessum gjöldum af atvinnuvegunum. Það er ekkert deilumál. En spurningin er, hvort það sé forsvaranlegt að færa gjöldin þannig á milli, eins og lagt er til með þessu frv.

Hv. flm. þessa frv. talaði hér í gær fyrir öðru frv. Það var um heimild til þess, að greidd yrðu 3% til atvinnurekenda fyrir innheimtu á útsvörum. Ég tók ekki til máls um það frv. þá, vegna þess að ég þóttist vita, að frv. um breytingu á tekjustofnal. mundi koma mjög fljótlega fyrir, og þar sem hér er um að ræða mál, sem er alveg sama eðlis, vildi ég ekki vera að tefja tíma þingsins á því að ræða þau sitt í hvoru lagi, en mun með leyfi hæstv. forseta nokkuð koma inn á það frv. einnig hér. Ég segi, að það frv. fari alveg í sömu átt, það vill segja í þá átt að færa af

atvinnurekstrinum yfir á tekju- og eignaútsvörin og þá að langmestum hluta yfir á launafólk, því að vitanlega þýðir 3% greiðsla á innheimtu útsvara aukin útgjöld fyrir hvert sveitarfélag. Það fer ekkert á milli mála. Hér í Reykjavík voru á þessu ári lögð á gjöld, útsvör 722 millj. og aðstöðugjöld 178 millj. eða samtals 900 millj. Ef það er nú rétt, sem ég hef hér bent á, að a. m. k. 80% af þessari upphæð séu greidd af launafólki, þýðir það, að launafólk greiðir þarna 600—700 millj., og 3% af þeirri upphæð eru eins og allir sjá um 20 millj. Ef þetta er tekið nákvæmlega, er heildarupphæðin 21.6 millj. og þar af 80% 17.3 millj., sem mundu lenda beint í hlut þess launafólks, sem greiðir hér útsvör.

Ég tel ekki, að þessi stefna, sem bæði þessi frv. marka, sé réttlætanleg, þó að það væri ágætt að geta, — ég skal viðurkenna það, — létt af atvinnuvegunum. Ég tel ekki, að sú stefna, sem þessi frv. marka, sé réttlætanleg, a. m. k. ekki eins og aðstæður eru hér á landi í dag. Og ég vil benda hv. flm. á það, af því að hann kom í sinni ræðu í gær nokkuð inn á efnahagsfrv., að það, sem formaður Framsfl. og hv. 4. þm. Reykv. Kristján Thorlacius töldu því frv. mjög til foráttu, var það, að það væri verið að koma með aukaálögur á launafólk í landinu. Ég skal ekkert um það atriði ræða. Það hefur verið gerð grein fyrir því hér á hv. Alþ. af fulltrúum ríkisstj., hvaða áhrif þeir telja, að það frv. muni hafa, en þetta voru sem sagt aðalrök formanns Framsfl., hv. 1. þm. Austf., og hv. 4. þm. Reykv., Kristjáns Thorlaciusar, að þetta væru álögur á launafólk. Nú kemur hv. 1. þm. Norðurl. v., sem einnig, eins og allir vita, tilheyrir Framsfl., með tvö frv., sem bæði ganga í þá átt að þyngja beinlínis álögur á launafólkið. Ég segi, að það náttúrlega geti verið ágætt fyrir Framsfl. að spila þá plötu, sem hann spilaði hér í sambandi við efnahagsmálið. Við því er ekkert að segja, en hinum megin á þeirri plötu hlýtur að koma fram rödd hv. 1. þm. Norðurl. v., og hún er á allt annan veg. Hún gengur alveg í gagnstæða átt. Ef hliðar þessarar plötu eru spilaðar sín í hvoru lagi, þá auðvitað getur þetta gengið, en ef á að fara að spila plötuna samtímis báðum megin, er ég hræddur um, að það verði úr því nokkur ruglingur, eins og manni hlýtur að finnast, þegar maður skoðar bæði þessi frv. í ljósi þess, sem framsóknarmenn hafa sagt um efnahagsmálafrv., og í ljósi þess, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. leggur nú til, þá er ákaflega eðlilegt, að ruglingur verði, ef á sem sagt að spila þessa plötu Framsfl. báðum megin samtímis.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er trúlega rétt hjá hæstv. fjmrh., að verði þetta frv. samþ., muni þurfa að gera einhverjar breytingar á l. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en það er vitanlega hægt að gera hvenær sem er og þörf er á.

Hv. 3. þm. Sunnl. segir, að það sé ekki rétt, sem við bendum á í grg. með frv., að það sé í höfuðatriðum sniðið eftir þeim reglum um aðstöðugjöld, sem nú gilda í Reykjavík. En þetta er rétt. Það er í höfuðatriðum svo, það er lítið vikið frá þeim, og þetta getur hann séð, ef hann vill bera þetta saman, því að reglurnar eru birtar sem fskj. í grg. frv.

Hann var að tala um álag á fiskiðnaðinn, að við gerðum ekki ráð fyrir, að það væri nema ½%. Þetta er það gjald, sem Reykjavíkurborg tekur og hefur tekið af fiskiðnaði hér. Og ég sé bara enga ástæðu til þess, að fiskiðnaður utan Reykjavíkur eigi að búa að þessu leyti við allt önnur og miklu verri kjör heldur en þeir, sem reka frystihús í Reykjavík eða annan fiskiðnað. Það er engin ástæða til þess, ekki nokkur, og það er ekkert réttlæti í því. Hann heldur, að ég muni ekki hafa áttað mig á því, hvernig þetta mundi verka á launafólk, ef þetta yrði samþ. Ég hef sýnt fram á það, að eins og þetta er núna þurfa nauðsynjavöruverzlanir úti um land að borga allt upp að 300% hærri aðstöðugjöld heldur en hliðstæðar verzlanir hér í Reykjavík. Og á hverja leggst þetta? Á fólkið, sem þar býr, alveg eins launamenn eins og aðra. En ég sýndi fram á það hér áðan, að á vissum stöðum getur aðstöðugjaldið, sem bændur þurfa að borga, orðið 700% hærra heldur en á öðrum stað. Þetta er ranglæti, sem ekki er hægt að una við og ekki er hægt að þola. Eins og ég bendi á, lenda þessi háu aðstöðugjöld á fólkinu, sem verzlar á þeim stöðum, þar sem þau eru. Það verður að borga miklu hærra verð fyrir vöruna fyrir þetta, og þar að auki verður það svo víða að borga 20% ofan á útsvörin. Þetta er líklega það réttlæti, sem hv. 3.. þm. Sunnl. vill viðhalda. En ég kalla þetta ranglæti.

Þá fór hann að tala um frv. mitt, sem hér er ekki á dagskrá núna, um að greiða þóknun fyrir innheimtu skatta til ríkis og bæja, greiða atvinnurekendum þóknun fyrir innheimtu skatta, sem þeir innheimta hjá því fólki, sem hjá þeim vinnur. Hvað lengi láta vissir aðilar í þjóðfélaginu bjóða sér það að vinna mikil og áhættusöm störf fyrir það opinbera án þess að fá nokkra borgun fyrir? Mál er, að slíku linni. Það er ósæmilegt að leggja þannig þegnskyldu á einstaka aðila í þjóðfélaginu, sem allir aðrir eru lausir við. Þeir, sem vilja, geta alveg losnað við þetta, þær sveitarstjórnir, með því að innheimta sjálfar útsvörin og aðra skatta til sveitarfélaganna, eins og tíðkaðist hér áður fyrr, og láta atvinnurekendur vera lausa við það og borga þeim þá heldur ekkert í því sambandi. Þetta er opin leið fyrir þá, hafa þetta eins og áður var.

En eins og ég hef sýnt fram á er þessi munur á aðstöðugjöldunum óheyrilega mikill, og við það er alls ekki hægt að una, ekki nokkur leið.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. flm., 1. þm. Norðurl. v., vill afsaka — ja, ég verð að segja frumhlaup sitt með því að koma með þetta frv. að ég hygg að öðru sinni inn í þingið, með því, að það sé miðað við það, sem er hér í Reykjavík. En hvað skeður þá í öðrum sveitarfélögum, sem hafa fullnýtt skala samkv. 10. gr., aðstöðugjaldaskala? Þau verða þar allavega að færa á milli af atvinnuvegunum yfir um á launþega, þannig að ég hygg, að Alþ. eigi ekki að vera að semja hér lög, sem gilda aðeins fyrir

Reykjavík eða ná tilgangi sínum miðað við Reykjavík. Tekjustofnalögin hafa alltaf og eiga alltaf að gilda fyrir allt landið. Til þess voru þau samin, og þannig voru þau samþ. Þar var enginn mismunur gerður á aðstöðu hinna ýmsu sveitarfélaga. Þau gátu öll farið eftir þeim stigum, sem þar voru notuð, bæði hvað aðstöðugjald og útsvar snertir, að því hámarki, sem þar var leyft. Það er því beinn undanláttur að ætla nú að fara að afsaka flutning þessa frv. með því, að það miðist við það, sem er í Reykjavík. Það getur vel komið að því, að Reykjavík vilji nota meiri hl. af heimildunum um aðstöðugjöldin heldur en hún gerir í dag. Aðstæður geta breytzt þannig, að hún sjái sig tilneydda til þess að gera þetta og sjái sér hag í að gera það, færa aftur á milli frá launafólki yfir um á atvinnurekendur. Þetta er matsatriði hverrar sveitarstjórnar, hvar sem er á landinu, og ég held því alveg hiklaust fram, að þetta eigi að vera matsatriði, að sveitarstjórnin að þessu marki, sem tekjustofnal. heimila, hafi aðstöðu til að meta það, hvað þau vilji láta greiða fyrir þá þjónustu og þá aðstöðu, sem þau veita til atvinnurekstrs hver í sínu umdæmi.

Hv. þm. kom aftur inn á flutning þess frv., sem hér var rætt í gær, og talaði þar aftur um þegnskylduvinnu. Ég segi, að það sé gott, ef einhver aðili er í þjóðfélaginu, atvinnurekendur eða aðrir, sem vilja vinna í þegnskylduvinnu. Frá þeim hef ég ekkert heyrt um það, að það liggi nokkrar óskir um það að fá innheimt laun fyrir það, sem þeir innheimta af gjöldum launamanna. Ég hef ekkert heyrt um, að það liggi nokkuð fyrir. Það er því um beina þegnskyldu hjá hv. flm. að ræða, þegar hann eyðir tíma sínum hér utan þingsala — því að vafalaust er hann að semja þetta á kvöldin, en ekki meðan hann situr þarna við borðið — í að semja slíkt frv. Hann hefur ekki verið, mér vitanlega, beðinn um það af neinum. Það hefur ekki komið fram í hans umr., og ég segi, að það sé gott, ef hann er inni á því, að bæði hann og aðrir eigi að vinna þegnskyldu. Tel ég það mikillega til bóta og gott fordæmi frekar heldur en hitt að vera að reyna með löggjöf að þvinga menn til að taka gjald fyrir starf, gjald, sem þeir hafa aldrei beðið um.

Hann talaði um, að þetta þyrfti ekkert að kosta sveitarfélögin. Það getur vel verið. En ef hin ýmsu sveitarfélög úti um land slepptu þessu ákvæði, sem þau hafa í l., að láta atvinnurekendur innheimta gjöldin, yrðu þau vissulega að fá sér innheimtumann og greiða fyrir það, að vísu ekki nálægt því eins mikið eins og hv. flm. gerir ráð fyrir, að þau muni greiða, ef atvinnurekendum væru greidd 3% fyrir það. Ég vil taka eitt dæmi, eins og ég sagði, úr meðalstóru sveitarfélagi, þar sem álögð aðstöðugjöld og útsvör eru 50 millj. Ef það er rétt, sem ég hef haldið hér fram, að 80% af þeirri upphæð greiði launafólk, — fyrirgefið, það er inni í þessu aðstöðugjaldið, þannig að þetta verður ekki eins. Það eru 34 millj., sem launafólk greiðir þar. Þá þýðir það, að 3% af því eru 1020 þús. kr. Þetta mundi það bæjarfélag verða að greiða atvinnurekendum, sem hafa þessa innheimtu, og ef atvinnurekendur fengju 3%, mundu þeir auðvitað sækjast eftir því að fá að innheimta þessi gjöld fyrir 3%. Þetta sveitarfélag í dag hefur lögfræðing í sinni þjónustu, sem það greiðir fyrir þennan hluta af starfi hans, að annast útsvars- og gjaldainnheimtuna, um 30 þús. kr. á mánuði eða 360 þús. Þarna eru tæpar 700 þús. kr., sem liggja á milli, og ég segi bara, að 5000 manna sveitarfélagi munar um 700 þús. kr., hvort það þarf að hafa útsvörin 700 þús. kr. hærri eða lægri eða hvort það hefur 700 þús. kr. tekjur til ráðstöfunar í sambandi við framkvæmdir, þannig að ég tel, að bæði þessi frv., sem hér hafa verið flutt af þessum hv. þm., séu vanhugsuð og stefni í allt aðra átt heldur en nú ríkir hér á Alþ., þ. e. að reyna að íþyngja ekki launamönnum umfram það, sem alveg er nauðsynlegt. Og ég endurtek það, að það er erfitt fyrir Framsfl. að spila þessa plötu, sem ég hef minnzt á, beggja megin samtímis, það er erfitt fyrir hann að gera það, og ég efast um, að honum takist það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Nd., 26. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Atvinnuleysistryggingar (frv. PS o. fl.).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [16. mál] (þmfrv., A. 16).

Á 7. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., 26. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Skömmu fyrir lok síðasta þings tók hér sæti um stuttan tíma einn af varaþm. Sjálfstfl., Jón Ísberg sýslumaður, og flutti hann þá þetta frv., sem hér er til umr., og var ég þá meðflm. hans að því. Ég hef leyft mér að endurflytja það nú ásamt tveim öðrum hv. þm., en það fjallar um breytingar á l. um atvinnuleysistryggingar, þannig, að niður verði fellt ákvæði l. um það, að dagpeningar séu aðeins greiddir með allt að 3 börnum, eins og nú segir í l., þetta ákvæði verði fellt niður, þannig að fullar atvinnuleysisbætur verði greiddar með öllum börnum bótaþega. Eins og tekið er fram í grg., hefur þetta ákvæði að öll-

um líkindum komizt inn í l. fyrir misskilning vegna greiðslu fjölskyldubóta á þeim tíma, sem þessi lög voru samþ., en þá var byrjað að greiða fjölskyldubætur með 4. barni.

Í umr. um þetta mál á síðasta þingi kom það fram hjá núv. hv. 2. landsk. þm., að hann teldi enga ástæðu til að bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði stæðu í beinu sambandi við þær bætur, sem væru greiddar úr almannatryggingunum. Ég er alveg sammála þessum hv. þm. um þetta. Hér er um sérstakan sjóð að ræða, einn traustasta sjóð, sem nú er til hér á landi, ef ekki þann traustasta, og ég vildi því mjög beina því til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, hvort ekki væri athugandi að brjóta nú blað í þetta og jafnvel hækka þessar bætur fram yfir sjúkrabætur almannatrygginga, þótt ég eins og hann á sínum tíma á síðasta þingi sé ekki því fylgjandi, að slíkar eða aðrar tryggingar verði neitt eftirsóknarefni.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að loknum umr. um þetta mál að leggja til, að því verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Verndun og efling landsbyggðar.

Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga [22. mál] (þmfrv., A. 22).

Á 9. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Í því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 22, er gerð tilraun til að spyrna gegn þeirri þróun, sem eftir líkum að dæma verður á komandi árum mesta vandamál hins unga íslenzka lýðveldis og getur haft í för með sér, ef illa tekst til, að aldur þess verði skemmri en vonir standa til. En sú hætta vofir yfir, ef Íslendingar halda áfram að safnast saman í stórborg og leggja land sitt í eyði að meira eða minna leyti. Á einum aldarfjórðungi eftir 1940 fjölgaði landsmönnum í heild um nálega 60%. En svo mjög raskaðist á þessum tíma jafnvægið milli landshlutanna, að í einum landshluta fjölgaði fólki á þessum tíma um nálega 134%, en í öðrum fækkaði um rúmlega 19%. Í hinum landshlutunum var fjölgunin ca. 9—31% eða hlutfallsleg fækkun. Í Stór-Reykjavík, sem svo er nefnd af hagfræðingum, býr nú meira en helmingur þjóðar, sem mun vera heimsmet á því sviði. Og enn er í þessari þróun nýtt hættumerki framundan, þar sem er staðsetning aluminium-stóriðjunnar, sem mun hafa sín áhrif á tilfærslu fólks. Frv. sama eða svipaðs efnis og það, sem hér liggur fyrir, um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga, höfum við nokkrir þm. úr Framsfl. áður flutt fimm ár í röð hér í hv. Nd. Alþ. Og fimm sinnum hefur þetta frv. annað hvort enga afgreiðslu hlotið eða verið vísað frá með þeim rökstuðningi, að þess væri ekki þörf. Eigi að síður hefur það hér í hv. d., einkum í seinni tíð, hlotið atkv. nálega helmings þm., og þess verður nú greinilega vart í ræðu og riti, að rökstuðningi þeim, sem fram hefur komið í þessu máli hverju sinni, hefur verið veitt athygli og áhrifa hans er jafnvel farið að gæta í löggjöf síðustu ára, þó að of skammt sé þar gengið. Ég sá það nú nýlega í blaði mér til mikillar ánægju, að borgarstjórinn í Reykjavík hefur í ávarpi til ungra manna í flokki sínum tekið undir þau sjónarmið, sem hér er um að ræða. Þó munu sumir mæla, að höfuðborgin sé hér ekki í mestri hættu í bili, heldur önnur byggðarlög fremur. En öll erum við hér í sama bát, Íslendingar, og er vel, að hinn áhugasami borgarstjóri skuli gera sér grein fyrir því, að svo er.

Sagt er, að orð séu til alls fyrst, og viðleitni ber að meta. En við hin stærstu viðfangsefni þarf óvenjuleg tök og með smátækum ráðstöfunum verður landsbyggð hvorki vernduð né efld hér á landi, eins og sakir standa. Hér er um framtíðarmál að ræða, og þess vegna mega tímabundnir erfiðleikar í stjórnarfari og efnahagslífi ekki hafa áhrif á meðferð þess hér á þingi í þetta sinn. Ég kem að því síðar. Við teljum það ekki eftir okkur, flm., að flytja nú þetta mál og mæla fyrir því hér á Alþ. í sjötta sinn eða þótt oftar þyrfti til þess að koma. Slíkt gerist oftar, þegar um stórmál er að ræða, og að því mun koma, að það nái fram að ganga á þann hátt, að viðhlítandi sé, ef Alþ. á að verða þeim vanda vaxið, sem því er á herðar lagður. Hér skal ekki sakast um orðinn hlut, en í stuttu máli gerð grein fyrir því, sem í frv. felst, m. a. vegna þeirra hv. þm., sem ekki hafa undanfarin ár átt sæti í þessum sal.

Það er efni frv., að sérstök og sjálfstæð ríkisstofnun, sem kalla mætti byggðarjafnvægisstofnun, vinni að verndun og eflingu landsbyggðar með rannsóknum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi, sem um muni. Að stjórn þessarar stofnunar verði kosin af Alþ. og starfsemi hennar taki til þeirra landshluta, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað eða er talin yfirvofandi. Í II. kafla frv. er fjallað um stofnun og starfsemi byggðajafnvægissjóða, sem er ætlað það hlutverk að leggja fram fjármagn til þeirrar starfsemi, sem hér er um að ræða og gert er ráð fyrir, að útvegað verði með árlegu lögbundnu framlagi úr ríkissj. og lántökum með ríkisábyrgð auk þess, sem gert er ráð fyrir, að hinn nýi byggðajafnvægissjóður,

ef lögfestur verður, yfirtaki núverandi Atvinnujöfnunarsjóð og fjármuni hans.

Ég ætla fyrst í sambandi við einstök atriði að víkja að þeim ákvæðum frv., sem fjalla um útvegun fjármagns til byggðajafnvægissjóðsins. Þau ákvæði eru fyrst og fremst í 8. og 9. gr. frv., en einnig í 12. gr. þess. Í 8. gr. er gert ráð fyrir því, að fjármunir Atvinnujöfnunarsjóðs samkv. l. nr. 69 frá 1966 verði stofnfé sjóðsins. En í 9. gr. eru ákvæði um árlegar tekjur byggðajafnvægissjóðs. Þar er gert ráð fyrir, að tekjur sjóðsins verði í fyrsta lagi ákveðinn hundraðshluti af tekjum ríkisins ár hvert, 2%, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar árið 1969, og í öðru lagi skattgjald það. sem í núgildandi löggjöf er gert ráð fyrir, að renni til Atvinnujöfnunarsjóðs. Við gerum ráð fyrir því, að ríkisframlagið, hið fasta ríkisframlag, 2% af innheimtum ríkistekjum, greiðist í fyrsta sinn af ríkistekjum ársins 1969. Þetta þýðir það, að við ætlumst ekki til þess, að það fjárlagafrv.. sem nú liggur fyrir þinginu, þurfi að afgreiða með tilliti til þessa frv., þó að lögum verði, heldur verði hér um nokkurn fyrirvara að ræða, þannig að það komi í fyrsta sinn til greina við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1969 að ætla fyrir þessu framlagi af tekjunum, sem á að ganga til byggðajafnvægissjóðsins. Ég vil geta þess, að til þess að hv. þm. fái nokkra hugmynd um, hvert fé hér er um að ræða, þessir 2 aurar á hverja kr., að ef miðað er við fjárl. ársins 1967, væru þetta 94 millj. kr., en yrði að sjálfsögðu hærra, ef fjárl. hækka í krónum. Ef svo kynni að vera, að einhverjum þætti hér farið fram á óhæfilega hátt framlag úr ríkissj., vil ég aðeins geta þess til samanburðar, að ef haldið hefði verið áfram að greiða til byggðajafnvægisstarfsemi þá hlutfallslegu upphæð, sem á árinu 1957, í tíð svonefndrar vinstri stjórnar, var veitt til atvinnuaukningar, væri upphæðin nú nokkurn veginn sú, sem hér er farið fram á. Hún var þá 15 millj. En síðan lækkaði sú upphæð í kr. og enn meir í hlutfalli við hækkun fjárl. og sú þróun hefur kennt okkur flm. frv. það, að ef við viljum tryggja, að ríkissj. kippi ekki að sér hendinni síðar í sambandi við þessa mikilvægu starfsemi, er réttara að ákveða hana á þennan hátt, sem hér er lagt til, en tiltekna upphæð, a. m. k. á þeim tímum, þegar verðlagsþróunin er slík og þróun í ríkisbúskapnum, sem hún nú er. Þetta er að segja um ákvæði um fjármagnsöflun byggðajafnvægisstarfseminnar samkv. 8. og 9. gr., en í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að byggðajafnvægisn., eða hin þingkjörna stjórn starfseminnar, afli sjóðnum lánsfjár til starfsemi sinnar allt að 200 millj. kr. á ári á árunum 1968—1972 og að þar komi til ábyrgð ríkissj. Það lánsfé, sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn starfi með á þessum árum, þ. e. a. s. á 5 árum, næmi samtals 1000 millj. kr. á þeim tíma, til viðbótar eigin fé sjóðsins, sem ég áður hef gert grein fyrir.

Þó að það sé svo, að ég telji, að hér sé ekki sérlega djúpt í árinni tekið, er það nú svo, að hér yrði um allöfluga stofnun að ræða á þessu sviði, a. m. k. miðað við það, sem nú er. Gert er ráð fyrir því, að á vegum byggðajafnvægisn. eða byggðajafnvægisstofnunarinnar fari fram sérstök rannsóknar- og áætlunarstarfsemi, eða áætlunargerð. Ákvæði um þetta eru í 7. gr. frv. Þar segir svo:

„Byggðajafnvægisn. lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðalögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslun., bæjarstjórn eða hreppsn., eina eða fleiri. Lán og framlög úr byggðajafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi."

Eins og fram kemur í þessu, er gert ráð fyrir því, að rannsóknar- og áætlunarstarfsemi byggðajafnvægisstofnunarinnar verði algerlega sérstök og óháð starfsemi. Okkur er að sjálfsögðu kunnugt um þá áætlunargerð, sem fram fer á takmörkuðu sviði hjá Efnahagsmálastofnun ríkisins. En við teljum, að það sé heppilegra og raunar nauðsynlegt, að sú áætlunargerð eða þær rannsóknir, sem hér er um að ræða, fari fram á vegum þeirrar stofnunar, sem ætlað er að veita stuðning til þessara mála, til þess að þau sjónarmið, sem þar verða ráðandi, njóti sín að fullu við áætlunargerðina. Við teljum, að þau sjónarmið njóti sín ekki, þegar þessi starfsemi fer fram í sambandi við ýmsa áætlunargerð á öðrum sviðum. En auk þess, sem um þetta stendur í 7. gr., er einnig ákvæði um áætlunargerð í 14. gr., en þar segir svo:

„Nú ákveða sveitarstjórnir eða sýslun. að skipa sérstaka svæðisáætlunarn. til að gera áætlun um framkvæmdir í umdæmum sínum í samræmi við tilgang þessara l., og er byggðajafnvægisn. þá heimilt að veita slíkri áætlunarn. fé úr byggðajafnvægissj. til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við áætlunargerðina. Sama gildir um fjórðungsn., sem skipuð er af fjórðungssambandi til að annast áætlunargerð fyrir fjórðunginn." Er þá m. a. bæði átt við þau fjórðungssambönd, sem starfað hafa, og sömuleiðis þau fjórðungssambönd sveitarfélaga, sem nýbúið er að stofna eða verið er að stofna sums staðar á landinu. En það, sem fram kemur í þessari gr. og raunar víðar, er, að við flm. ætlumst til þess, að að því leyti sem það reynist framkvæmanlegt og nægilegt framtak er fyrir hendi heima fyrir, verði sú starfsemi, sem annars er falin byggðajafnvægisn. ríkisins samkv. frv. að meira eða minna leyti lögð í hendur sérstakra aðila í einstökum landshlutum. Þó þannig, að þarna sé samráð á milli. Þetta kemur fram í þessari gr., og það kemur einnig fram í sambandi við ákveðinn fjárstuðning úr sjóðnum, sem ég kem að síðar, að við hugsum okkur þetta á þann veg og teljum, að æskilegt sé, að þessi starfsemi geti að svo miklu leyti, sem unnt reynist, verið í höndum þeirra landshluta eða fulltrúa þeirra, sem fyrst og fremst munu njóta góðs af þessari lagasetningu og þessari starfsemi.

Ég kem þá næst að ákvæðum frv. um þann fjárhagslega stuðning, sem hér er um að ræða. Í 10. gr. segir:

„Úr byggðajafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar," — þ. e. a. s. byggðajafnvægisn. „eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi".

Þetta eru hin almennu ákvæði um lánveitingar úr byggðajafnvægissjóði, að lán verði veitt í þeim ákveðna tilgangi, sem þar er tilgreindur og sérstaklega nefnt, að þau verði veitt til kaupa á atvinnutækjum. En við þetta er tengt það ákvæði, að áður en til kemur lánveiting úr byggðajöfnunarsjóði, þurfi það skilyrði að vera fyrir hendi eða samhliða, að aðrir lánsmöguleikar séu fullnýttir til þeirrar starfsemi, sem þar um ræðir. Það er ekki nokkur ætlun, að aðrar lánsstofnanir, sem að jafnaði lána til þeirra framkvæmda eða þeirrar starfsemi, sem hér er um að ræða víðs vegar um land, geti við stofnun þessa sjóðs kippt að sér hendinni, því að þá yrði þessi löggjöf lítils virði. Þess vegna teljum við þetta nauðsynlegt ákvæði.

Seinna í sömu gr., þ. e. a. s. í 10. gr., er svo sérstakt ákvæði um það, að veita megi sveitarfélögum lán til að koma upp eða stuðla að því, að komið verði upp íbúðum til viðbótar lánum, sem aðrar lánastofnanir veita út á sömu íbúðir. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það kemur oft fyrir í bæjum og þorpum í þeim landshlutum, sem ákvæði þessa frv. eiga við, að það reynist ekki mögulegt fyrir fólk, sem þangað vill flytja og sem kannske sérstaklega er óskað eftir innflutningi á, svo sem ýmisa sérfróða menn, að flytjast þangað vegna skorts á húsnæði. Húsnæðið í bæjum og þorpum þessa lands er víða, og það jafnvel í þeim, sem varla halda við íbúatölunni, mjög af skornum skammti. En það liggur í augum uppi, að ef á að stuðla að því, að eðlileg fólksfjölgun eigi sér stað einhvers staðar, verður að vera til húsnæði fyrir fólkið. Nú segja menn e. t. v. sem svo, að hér sé starfandi í landinu stofnun, sem eigi að veita lán til íbúða. Það er rétt. Möguleikar hennar til lánveitinga eru raunar mjög takmarkaðir, og hún hefur nú nýlega tekið að sér verkefni í þágu höfuðborgarinnar, sem veldur því, að útlit um lánveitingar annars staðar á landinu á næstunni er mjög slæmt. En þó að þetta væri nú ekki fyrir hendi, hefur þessi stofnun sínar reglur um lánveitingar og þær almennu reglur, sem gilda fyrir allt landið, gera ekki möguleg nein sérstök átök í þessu efni í jafnvægisátt. Þess vegna hyggjum við, að það væri mjög mikilsvert, ef einmitt sú stofnun, sem hér er um að ræða, og þetta frv. fjallar um, gæti þar komið verulega til aðstoðar.

Í 15. gr. frv. er sérstakt heimildarákvæði, þar sem gert er ráð fyrir því, að byggðarjafnvægisn. sé heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara l., enda séu a. m. k. 5 nm. því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt. Við gerum ekki ráð fyrir því, að það verði hið almenna fyrirkomulag um framvindu þessara mála, að byggðajafnvægisstofnunin eigi og reki fyrirtæki. En hins vegar álítum við, að þannig geti staðið á, að það sé alveg nauðsynlegt, ef fyrirtæki á að komast á fót, að byggðajafnvægisstofnunin geti verið meðal stofnenda þess og tekið þátt í rekstri þess. Í norsku byggðajafnvægislöggjöfinni, sem við höfum kynnt okkur allrækilega á undanförnum árum í sambandi við flutning þessa máls, er gert ráð fyrir þessu fyrirkomulagi þar og hefur verið framkvæmt.

Þá er í 11. gr. frv. gert ráð fyrir því, að það fé, sem sjóðurinn lætur af hendi, verði ekki eingöngu veitt í lánaformi, heldur komi einnig óafturkræf framlög til greina, þegar sérstaklega stendur á, en gerum þá einnig ráð fyrir því, að til þess þurfi aukinn meirihl. nm., því að sjálfsögðu er það ætlunin, að óafturkræf framlög verði ekki veitt, nema þess sé brýn þörf og rétt, að vel sé um þetta búið. Um vexti af lánum úr sjóðnum og um lánskjör að öðru leyti eru ekki ákvæði í frv. að öðru leyti en því, að það er lagt á vald sjóðsstjórnarinnar. En ég vil segja það hér, að ég hygg, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að sjóðsstjórnin hafi nokkuð rúmar hendur á þessu sviði. Þessi sjóður nær ekki tilgangi sínum, ef hann er rekinn eins og banki. Það má ekki reka hann með hagnaðarsjónarmið sem aðalsjónarmið, eins og banki hlýtur að vera rekinn, heldur er hér um að ræða lánastofnun á félagslegum grundvelli. Ef menn ætla að gera þá kröfu um stuðning við byggðajafnvægisstarfsemi, að allt það, sem stuðning fær í því sambandi, verði að bera sig sem kallað er, þá geta menn alveg eins hætt að tala um þessi mál. Því að hér er um það að ræða að styðja þann vaxtarbrodd í þjóðfélaginu, sem á erfitt uppdráttar um sinn, þó að á því verði vonandi breyting, ef löggjöf sem þessi verður sett og ber árangur.

Í 13. gr. frv. eru ákvæði, sem eru skyld áætlunarákvæðunum í 14. gr., sem ég gat um áðan. Í 13. gr. er kveðið á um, að ef hreppsn., bæjarstjórn eða sýslun., ein eða fleiri saman, ákveður að koma upp sérstökum byggðajafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu, getur byggðajafnvægisn., ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem byggðajafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Síðan segir: „Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er byggðajafnvægisn. heimilt að veita honum sem lán eða framlag þá fjárupphæð árlega, sem rétt telst að úthluta á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum byggðajafnvægisn. um framkvæmdir á hlutaðeigandi landsvæði, enda þarf, ef n. hefur veitt honum lán, samþykki hennar til lánveitingar úr honum skv. reglum, er hún setur". Þetta ákvæði stefnir í sömu átt og ákvæðið, sem ég las upp áðan um möguleika til þess, að sérstakar svæðisáætlunarn. starfi sjálfstætt með stuðningi úr byggðajafnvægissjóði.

Á sama hátt er hér ákveðið í 13. gr., að einstakir landshlutar geti komið sér upp sínum eigin byggðajafnvægissjóði og þá lagt honum til það fé, sem þeir geta útvegað sjálfir og fái þá

til ráðstöfunar þann hluta úthlutunarfjár, sem hverjum landshluta mundi vera ætlað á hverjum tíma. Um þetta mætti ræða langt mál, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni, en allvíða hefur orðið vart við það hér og þar í landinu, að menn vilja gjarnan hafa þessar framkvæmdir á sínum vegum og framkvæmdastarfsemi staðsetta í sínum landshluta, og ég hygg, að það sé rétt og heppilegt, ef því getur orðið þannig fyrir komið, því að hver er sínum hnútum kunnugastur. Og ef hægt er að koma upp slíkum stofnunum á þeim svæðum, þar sem byggðajafnvægissjóður lætur gott af sér leiða, verður þar að sjálfsögðu alltaf um meiri kunnugleika að ræða og í sumum tilfellum meiri áhuga en hjá lánastofnunum hér í höfuðstaðnum, sem mjög er eðlilegt. Og í þessu sambandi vil ég segja það, að það þarf auðvitað að athuga það miklu betur og með meiri áhuga en gert hefur verið, hvort ekki er hægt að skipta starfsemi ýmissa ríkisstofnana, þannig að þær starfi að einhverju leyti í hinum einstöku landshlutum og að því er varðar sumar ríkisstofnanir a. m. k. á þetta að vera hægt og er áreiðanlega nauðsynlegt. Þá vil ég minnast hér á ákvæði 8. gr. frv., ég bið afsökunar, ákvæði 16. gr. frv., en þar segir svo: „Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstj. leita álits byggðajafnvægisn. um staðsetningu þeirra". Ef ríkisvaldið vill stuðla að því, að eðlilegt jafnvægi sé í byggð landsins og milli landshluta, er það hlálegt, að unnið sé á móti þessari stefnu með því að láta sig einu gilda, þó að fyrirtæki, sem ekki gætu komizt á fót, nema með því að ríkið eigi hlut að máli, séu þannig staðsett að nauðsynjalausu, að þau vinni á móti þeirri byggðajafnvægisstefnu, sem talið er, að fylgt sé. Og ef þetta frv. verður að l., tel ég það alveg sjálfsagt, að svona ákvæði verði lögfest. Og það hefði þurft að vera lögfest fyrir, þá hefði kannske verið hægt að koma í veg fyrir meiri háttar þjóðhagsleg slys, sem orðið hafa í þessum efnum, og það enda þótt ekki væri í gildi öðru visi ákvæði en hér er gert ráð fyrir, sem sé að leita umsagnar byggðajafnvægisn.

Ég ætla svo að síðustu að vekja athygli á einu ákvæði í frv. enn, sem er ákvæði til bráðabirgða. En þar segir svo: „Byggðajafnvægisn. skal þegar eftir gildistöku þessarar l., í samráði við Landnám ríkisins, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðalög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á að dragist aftur úr því sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fara í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda sé þar að dómi landnámsins um vel viðunandi atvinnurekstursskilyrði frá náttúrunnar hendi að ræða á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmda bráðabirgðaáætluninni er n. heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1971. Framlögin skulu veitt sveitar- eða sýslufélögum með fyrirmælum, sem n. setur um notkun þeirra". Í þessum bráðabirgðaákvæðum er haft í huga, að sérstakar og skjótar ráðstafanir þurfi vegna þeirra, sem eru að farast í þessum efnum. Það er jafnan svo, þegar þannig stendur á, að ráðstafanir, sem eiga að koma að gagni, þurfa að koma fljótt. Því er þetta ákvæði sett í frv.

Ég skal svo ekki með fleiri orðum gera grein fyrir einstökum ákvæðum þessa frv. Það er nú alllangt liðið síðan byrjað var að komast svo að orði hér á hinu háa Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti, sem fyrst var farið að orða þetta hér, þegar kunnugt var orðið, að Norðmenn, frændur okkar, höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg 1950, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregs áætlunar er nú lokið fyrir 2 árum eða svo, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðari grundvelli, það hefur verið sett um það ný löggjöf. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og þeir sýna það í verki. Í fleiri löndum eru nú gerðar opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggð utan þeirra. Að dómi okkar flm. er ekki tímabært að svo stöddu að setja með lögum nákvæmari reglur en hér er gert ráð fyrir um starfsemi þá til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um.

Í frv. er, eins og ég hef gert grein fyrir, ákvæði um tilgang stefnunnar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum byggðajafnvægisn. Hér er um að ræða, að okkar dómi, ráðstafanir, sem mundu verða, ef til kemur, allri þjóðinni til hagsbóta. Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlát fyrir borgarana. Í öðrum landshlutum mundi byggðajafnvægissj. með beinum fjárframlögum, og þó einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undan genginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækk-

un í einhverjum landshluta getur verið m.a. í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá byggðajafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt þeir í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að byggðajafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta og þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þó að nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Byggðajafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin fyrst og fremst í atvinnuleysisráðstöfunum eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu, heldur í því að gera börnum landsins kleift með aðstoð fjármagns og tækni að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu, sem þau eru. Að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist og dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Það þarf að koma í veg fyrir þann misskilning — þann meinlega misskilning — sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra séu yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athugun hefur sem sé leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu til þjóðarbúsins, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta oft á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar á landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Ég hef í sambandi við kynningu þessa frv. lagt sérstaka áherzlu á eða einkum rætt um umbætur á sviði atvinnulífs í hinum einstöku landshlutum og húsnæðismálin. Fleira mætti auðvitað nefna, þó að ég geri það ekki hér, t. d. ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir, sem nauðsyn ber til að efla í sambandi við menntamál héraðanna og á félagsmálasviðinu. Ég geri ráð fyrir því, að sú stofnun, sem hér er rætt um og lagt til að sett verði á fót, mundi á þessum sviðum, til viðbótar því sem þjóðfélagið í heild leggur af mörkum gegnum ríkissjóð, einnig geta látið til sín taka.

Ég vil svo, herra forseti, ljúka máli mínu að þessu sinni. Ég legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og, eins og fyrr, til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv

---

Á 99 fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 591 og 600).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

16. Sala Holts í Dyrhólahreppi.

Á 9. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu [28. mál] (þmfrv., A. 28).

Á 10. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 28 um heimild til handa ríkisstj. að selja frú Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nykhól, eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, var flutt hér á síðasta þingi af 1. varamanni Sjálfstfl. á Suðurl. ásamt hv. 2. þm. Sunnl. Það er endurflutt hér að þessu sinni af mér einnig ásamt hv. 2. þm. Sunnl. og er, eins og ég gat um, um heimild til handa ríkisstj. að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nykhól, eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi. Jörðin Holt var í mörg ár í eigu og ábúð Jóhönnu Sæmundsdóttur og manns hennar, Þorsteins Einarssonar, sem nú er látinn. Þau hjónin seldu ríkissjóði jörðina á sínum tíma eða árið 1936, og fór salan þá fram sökum hættu á landsspjöllum á landi jarðarinnar. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa um þetta lengri framsögu. Það var gerð grein fyrir málinu, þegar það var lagt hér fram í fyrsta sinn á síðasta þingi, en meiri hl. hreppsnefndar viðkomandi hrepps hefur mælt með þeirri heimild, sem hér var farið fram á.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri hl. landbn., á þskj. 667, var útbýtt 19. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. GHG).

Á 12. fundi í Nd., 2. nóv. var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [37. mál] (þmfrv., A. 37).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Fyrir Alþ. liggur erindi, dags. 24. okt. s.l., frá Landssambandi lífeyrissjóða, þar sem þess er óskað, að lögum um húsnæðismálastjórn sé breytt á þann veg, sem framlögð till. um breyt. á l. nr. 19 frá 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, gerir ráð fyrir. Því hef ég leyft mér að flytja það frv., sem hér liggur fyrir. Í bréfi Landssambandsins til Alþ. varðandi þetta mál segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á aðalfundi Landssambands lífeyrissjóða, sem haldinn var 12. apríl s. l., var samþ. svohljóðandi till.:

Aðalfundur Landssambands lífeyrissjóða haldinn í Reykjavík 12. apríl 1967 samþykkir að fela stjórn samtakanna að óska eftir því við hv. Alþ., að l. um húsnæðismálastjórn verði breytt á þann veg, að stofnunin geti ekki útilokað lífeyrissjóðsfélaga frá möguleikum til fullra lána úr almenna veðlánakerfinu vegna þátttöku þeirra í lífeyrissjóðnum.

Með skírskotun til ofangreindrar samþykktar leyfir stjórn Landssambands lífeyrissjóða sér hér með að fara þess á leit við hið háa Alþ., að bætt verði við e-lið 7. gr. l. nr. 19 frá 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins nýjum málslið, er hljóði svo:

„Lán til sjóðsfélaga úr lífeyrissjóðum, sem stofnaðir eru með l. eða viðurkenndir af fjmrn., skulu þó í engu skerða rétt hlutaðeigandi til láns úr Byggingarsjóði ríkisins“.“

Enn fremur segir í bréfi Landssambands lífeyrissjóða til Alþingis:

„Á það skal bent, að margir lífeyrissjóðir hafa verið stofnaðir með þeim hætti, að í stað beinna kauphækkana hafa ákvæði um lífeyrisréttindi verið tekin í kjarasamninga, og enginn vafi leikur á, að hinn öri vöxtur lífeyrissjóða undanfarin ár á að verulegu leyti rót sína að rekja til þarfa sjóðsfélaga fyrir lánsfé til bygginga eða kaupa á eigin íbúðum. Það er því hæpin ráðstöfun að gera að engu eða draga stórlega úr þeim ávinningi, sem stofnun lífeyrissjóða hefur haft í för með sér að þessu leyti með lánareglum hins almenna veðlánakerfis.“

Þetta sjónarmið kemur líka fram í lagasetningu Alþingis, þ. e. félagar eins lífeyrissjóðs, lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum njóta samkvæmt l. fullra lánaréttinda hjá hinu almenna veðlánakerfi, án tillits til lífeyrissjóðslána, sbr. 2. mgr. 8 gr. l. nr. 78 frá 1962. Að lokum skal tekið fram, að þótt hér sé fyrst og fremst um að ræða hagsmunamál félaga lífeyrissjóðanna, skiptir það lífeyrissjóðina sjálfa einnig miklu, einkum sjóði með frjálsri þátttöku. Verði framhald á þeirri þróun mála, sem átt hefur sér stað í þessu efni að undanförnu, má við því búast, að sá veigamikli sparnaður, sem felst í starfsemi lífeyrissjóðanna, dragist saman eða aukist a. m. k. mun minna en ella. Í bréfi þessu kemur fram, að þegnunum er mismunað gagnvart hugsanlegum og jöfnum möguleikum til lána úr hinu almenna veðlánakerfi ríkisins. Slík mismunun, sem hér á sér stað, hefur þegar haft og mun hafa í enn ríkara mæli en orðið er mjög óheppileg áhrif á uppbyggingu og vaxtamöguleika hinna svonefndu frjálsu lífeyrissjóða, ef ekkert verður að gert og lífeyrissjóðsfélögum tryggður sami réttur til lána úr almenna veðlánakerfinu og öðrum. Með frjálsum lífeyrissjóðum er átt við lífeyrissjóði þeirra stéttarfélaga eða atvinnugreina, þar sem viðkomandi starfsmanni er frjálst, hvort hann gerist aðili að lífeyrissjóði eða eigi, gagnstætt því, sem er hjá hinu opinbera, þar sem starfræktir eru lögboðnir lífeyrissjóðir, sem sérhver opinber starfsmaður verður að vera þátttakandi í. Vegna hinna takmörkuðu lánamöguleika, sem ríkt hafa hér á landi, hafa lífeyrissjóðirnir jafnan gegnt tvíþættu hlutverki, þ. e. a. s. annars vegar tryggingarhlutverkinu með tilliti til lífeyris á gamalsaldri og hins vegar hafa þeir gegnt veigamiklu hlutverki sem lánasjóðir fyrir þá, sem eru aðilar að viðkomandi sjóðum.

Fyrir hina frjálsu sjóði, þar sem menn ráða því, hvort þeir eru sjóðfélagar eða eigi, hefur það haft mjög mikla þýðingu, sérstaklega gagnvart yngri starfsmönnum, að lífeyrissjóðirnir hafa getað veitt ungu fólki lán til íbúðakaupa eða íbúðabygginga. Hefur þetta verið mörgum manninum hvöt til þess að ganga í þessa sjóði og hefja þar með þann æskilega sparnað, sem hér um ræðir, jafnframt því, sem viðkomandi hefur greitt til jafns við aðra skatta og skyldur vegna sameiginlegra opinberra sjóða, eins og t. d. Byggingarsjóðs ríkisins. Það má því segja, að af hálfu þeirra, sem eru í frjálsum lífeyrissjóðum, sé um að ræða viðbótarálag eða hluta af kaupi, sem viðkomandi stéttarfélag hefur samið um, og er það því algert viðbótarátak af hans hálfu að vera þátttakandi í slíkum lífeyrissjóði. Þátttaka í lífeyrissjóði ætti því ekki að hafa nein áhrif á jafna möguleika lífeyrissjóðsfélaga til láns úr hinu almenna veðlánakerfi, nema síður sé. En síðustu árin hefur raunin því miður orðið önnur, því að í þeim efnum hafa lífeyrissjóðsfélagar verið settir skör lægra en aðrir þjóðfélagsþegnar gagnvart hugsanlegum lánsmöguleikum úr hinu almenna veðlánakerfi, þannig að það hefur verið spursmál fyrir ungt fólk, og ekki hvað síst með tilliti til þess, að rætt hefur verið um að stofna almennan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, hvort það borgaði sig að vera í lífeyrissjóði eða láta semja við viðkomandi vinnuveitanda um það, að það framlag, sem ella gengi til lífeyrissjóðs, skyldi frekar ganga inn á sérreikning viðkomandi í banka. Aðstöðumunurinn á því, sem skapast við það, hvort um er að ræða greiðslu í lífeyrissjóð eða greiðslu í banka, felst í því, að sé greitt inn á bankareikning, hefur viðkomandi möguleika á fullum lánum úr hinu almenna veðlánakerfi, en sé greitt inn á nafn viðkomanda í lífeyrissjóð, hefur hann haft takmarkaða möguleika til slíkra lána og hefur enn að vissu marki, eins og nánar mun verða rakið.

Á árinu 1965 kom í ljós, að sú breyting væri að verða á í útlánastarfsemi Húsnæðismálastofnunar ríkisins, að félagar í lífeyrissjóðum, sem í

byggingarstarfsemi stóðu og byggðu innan ramma stofnunarinnar um stærð íbúða og þess háttar, hefðu ekki sömu og jafna möguleika til lána úr húsnæðismálasjóði og aðrir. Félagar í frjálsum lífeyrissjóðum, eins og t. d. lífeyrissjóði verzlunarmanna, sem mun vera stærsti, frjálsi lífeyrissjóður landsmanna með um 2 þús. sjóðsfélaga, höfðu þó fyrr orðið þess varir, að þeir voru settir til hliðar við úthlutun hjá Húsnæðismálastofnuninni. Því var það, að þegar árið 1964 mótmælti Verzlunarmannafélag Reykjavíkur þessum ójöfnuði. Þá var að frumkvæði B.S.R.B. haldinn fundur um þetta mál 23. október 1965, þar sem mættir voru 26 fulltrúar frá ýmsum stéttarfélögum og starfsgreinum víðs vegar að af landinu, þar sem starfræktir voru lífeyrissjóðir eða viðkomandi voru þátttakendur í lífeyrissjóði, svo að segja má, að á þessum fundi hafi fulltrúar meginþorra allra landsmanna, sem aðild eiga að lífeyrissjóðum, verið mættir. Til skýringar skal þess getið, eins og fram kemur í grg. með lagafrv., að starfandi lífeyrissjóðsfélagar munu nú vera um 16 þús. Þar af tilheyrir um helmingur lögboðnum lífeyrissjóðum, en hinn helmingurinn frjálsu sjóðunum, sem standa að Landssambandi lífeyrissjóða. Landssambandið var stofnað árið 1964 í þeim tilgangi að gæta sameiginlegra hagsmuna hinna frjálsu lífeyrissjóða, og formaður þess hefur frá upphafi verið Guðjón Hansen tryggingafræðingur. Í Landssambandinu eru nú 44 lífeyrissjóðir, og var iðgjaldagreiðsla í þá árið 1966 um 120 millj. kr., en heildariðgjöld greidd í alla lífeyrissjóði landsmanna munu á því ári hafa verið tæpar 250 millj. Af þessu má nokkuð marka þýðingu hinna frjálsu lífeyrissjóða.

Tilgangur haustfunda lífeyrissjóðanna árið 1965 var að sameina alla lífeyrissjóðsfélaga gagnvart hinu nýja vandamáli, sem að lífeyrissjóðsfélögum sneri, vegna breyttrar útlánastefnu húsnæðismálastjórnar. Niðurstaða fundarins var í stuttu máli sú, að hann taldi, að sjóðsfélagar hinna ýmsu lífeyrissjóða ættu sama rétt og aðrir þegnar til lána úr hinu almenna veðlánakerfi, svo sem verið hafði, þó að þeir ættu einnig rétt á láni úr sínum lífeyrissjóði. Mótmælti fundurinn fyrirhugaðri réttarskerðingu jafnframt því, sem bent var á eftirfarandi atriði til rökstuðnings í máli lífeyrissjóðsfélaga:

Í fyrsta lagi, lífeyrissjóðir eru raunverulega eign sjóðsfélaga þeirra, þ. e. a. s. tillag vinnukaupenda verður að teljast sem hluti af launum. 2. Eign þeirra í lífeyrissjóði er sparifé, sem safnað er með sérstökum hætti og bundið fast um langt árabil, sem talið er heilbrigt fyrir efnahagskerfið. 3. Lífeyrissjóðirnir hafa flestallir myndazt við samningsgerð um kaup og kjör sjóðsfélaga og þá alltaf verið taldir sem hluti af launahækkun. 4. Sjóðsfélagar lífeyrissjóða greiða á sama hátt og aðrir þjóðfélagsþegnar fé til hins almenna veðlánakerfis, og því eiga þeir ótvíræðan rétt til lána og með sama hætti og aðrir landsmenn. 5. Óhjákvæmilega yrði um kjaraskerðingu að ræða hjá þeim launþegum, sem sviptir yrðu að einhverju umræddum lánarétti.

Kosin var 7 manna n., sem í eru fulltrúar lögboðnu sjóðanna, sem og hinna frjálsu. Skyldi n. vinna að því að tryggja rétt lífeyrissjóðsfélaga, sem hún hefur unnið að síðan, jafnframt því, sem stjórn landsambandsins hefur einnig unnið að þessum málum. Formaður n. er Kristján Sigurðsson lögreglufjónn, sem er formaður Lögreglufélags Reykjavíkur. Frsm. þessa frv. er einn nm. Í upphafi ársins 1966 og síðar átti 7 manna n. nokkra viðræðufundi við hæstv. félmrh., Eggert G. Þorsteinsson, og forráðamenn Húsnæðismálastofnunar ríkisins um lánveitingar húsnæðismálastjórnar og stöðu lífeyrissjóðsfélaga. Í byrjun ársins 1966 náðist óformlegt samkomulag milli þessara aðila, sem fulltrúar lífeyrissjóðanna skildu á þann veg, að lífeyrissjóðsfélagar, sem ættu kost á lánum úr lífeyrissjóði, sem næmi lægri upphæð en kr. 250 þús., skyldu eiga rétt á fullum lánum úr húsnæðismálasjóði, byggðu þeir samkv. reglum, sem Húsnæðismálastofnun ríkisins hefði ákveðið. Þegar þetta var ákveðið, var hámarkslán húsnæðismálasjóðs kr. 280 þús., sem þýddi miðað við 200 þús. kr. lán úr lífeyrissjóði samtals kr. 480 þús. kr. heildarlán, en út frá þeirri upphæð var óformlega samkomulagið gert. Nokkru seinna byrjaði húsnæðismálasjóður að veita svonefnd viðbótarlán að upphæð kr. 75 þús., sem átti að fara til efnalítilla félaga verkalýðshreyfingarinnar. Töldum við, að lífeyrissjóðsfélagar, þ. e. a. s. hinir efnaminni á meðal þeirra, ættu einnig að hafa sama rétt og aðrir á þessu 75 þús. kr. láni, en annað hefur því miður reynzt í framkvæmd.

Óformlega samkomulagið um 480 þús. kr. hámarkið var virt í framkvæmd til að byrja með. En með hækkun húsnæðismálastjórnarlána síðan þetta samkomulag var gert, hefur hlutur lífeyrissjóðsfélaga verið stöðugt skertur og var svo komið, þegar erindi Landssambands lífeyrissjóða barst Alþ. 24. okt. s. l., að mismunurinn milli heildarlána lífeyrissjóðsfélaga annars vegar og þeirra sem ekki voru í lífeyrissjóði hins vegar, var aðeins kr. 25 þús. Stafaði þetta af því, að hámarkslán frá húsnæðismálasjóði var þá komið upp í 380 þús. kr., og að viðbættu 75 þús. kr. láninu gerði þetta samtals 455 þús. kr. heildarlán frá húsnæðismálasjóði. Ef lífeyrissjóðsfélagar ættu að njóta sama réttar og óformlega samkomulagið gerði ráð fyrir, hefði sameiginlegt hámarkslán, þ. e. a. s. lífeyrissjóðslán að viðbættu húsnæðismálasjóðsláni, átt að vera kr. 655 þús. eða 580 þús. sé 75 þús. kr. viðbótarláninu sleppt. Síðan erindi Landssambands lífeyrissjóða barst Alþ. hefur það gerzt, að húsnæðismálastjórn hefur hækkað hámarkslánsmöguleika lífeyrissjóðsfélaga úr kr. 280 þús. upp í kr. 380 þús. eða í sama hámark og aðrir hafa, en þetta gildir aðeins gagnvart þeim lífeyrissjóðsfélögum, sem fá 200 þús. kr. lán eða lægri í lífeyrissjóði, og þá vantar 75 þús. kr., lánið, sem gert var ráð fyrir, að félagsmenn verkalýðsfélaganna fengju. Nú skal það tekið skýrt fram, að óformlega samkomulagið fullnægir hvergi kröfunni um sama rétt lífeyrissjóðsfélögum til handa um fulla lánsmöguleika úr almenna veðlánakerfinu, þar sem ákveðin skilyrði eru sett um hámarkslán líf-

eyrissjóðanna til þess að lífeyrissjóðsfélagar geti komið til greina. En það er nú gagnvart lífeyrissjóðunum 200 þús. kr. En þar sem á það var fallizt af 7 manna n. að koma til móts við sjónarmið ríkisvaldsins og húsnæðismálastofnunarinnar, er það notað sem viðmiðun. Þar sem fullt jafnrétti ríkir ekki og umrætt samkomulag hefur ekki verið virt sem skyldi, stefnir þróun sem þessi hinum frjálsu, sjálfstæðu lífeyrissjóðum í mikla hættu. Staðreyndin er því miður sú, að áhugi ungs fólks fyrir þessum sjóðum minnkar, ef þeir draga úr jafn hagstæðum lánamöguleikum og almenna veðlánakerfið býður upp á. Fyrir ungt fólk hefur ellilífeyristryggingin, þótt hún sé góð, ekki mikið aðdráttarafl. Það að eignast íbúð með hagkvæmum lánum virkar miklu sterkar. Í þeim efnum hafa sjóðirnir haft ómetanlega þýðingu og beinlínis ráðið úrslitum fyrir mína kynslóð og þá, sem yngri eru og eru starfandi í atvinnulífinu, um það, hvort við gætum eignast húsnæði eða ekki. En frjálsu lífeyrissjóðirnir hafa ekki aðeins þýðingu fyrir lífeyrissjóðsfélagana, heldur þjóðfélagið í heild, því að hér er um jákvæðan og æskilegan sparnað að ræða, sem gerður er af frjálsum og fúsum vilja, sparnað, sem oft og tíðum kemur atvinnulífinu til góða vegna sjóðmyndana í einkabönkum og fyrirtækjum, sem annars ætti sér ekki stað. Til þess að fyrirbyggja, að þessari heilbrigðu sparifjármyndun verði teflt í hættu vegna ofurvalds opinberrar stofnunar, sem að vísu hefur haft mikla og æskilega þýðingu fyrir framþróun í húsnæðismálum landsmanna, er þetta frv. flutt.

Þeirrar tilhneigingar gætir stöðugt meir, að opinberar stofnanir eða ráð geta sett þegnunum stólinn fyrir dyrnar og beinlínis aftrað eða dregið úr sjálfstæðri viðleitni borgaranna sér til bjargar. Þróunin í lánamálum húsnæðismálasjóðs og staða lífeyrissjóðsfélaga gagnvart henni er gott dæmi þessa. En hér er ekki um að ræða fámennan hóp borgara, sem hagsmuna eiga að gæta, heldur er um að ræða hagsmuni 16 þús. manns, sem eiga bágt með að una því, að sparnaðarviðleitni þeirra í lífeyrissjóðunum skuli eiga að útiloka þá eða takmarka möguleika þeirra til sama réttar og aðrir fá til lána úr sameiginlegu veðlánakerfi þjóðarinnar, sem allir eiga jafnan rétt til. Það getur verið, að hv. alþm. hafi ekki áttað sig á þessari þróun, sem þjóðfélagsborgararnir verða æ áþreifanlegar varir við. Staða þeirra, sem í sjálfstæðu atvinnulífi standa, hefur um sumt versnað, þótt mikil tækni og efnalegar framfarir hafi átt sér stað á síðustu árum, jafnframt því, sem áhrif alls kyns opinberra stofnana hafa aukizt á sama tíma og staða Alþ. til ákveðinna afskipta af málefnum þegnanna er ekki eins sterk og áður. Tel ég það miður og óttast, að áframhald slíkrar þróunar geti teflt lýðræðinu í hættu og stórlega dregið úr virðingu yngri kynslóðarinnar fyrir þessari mikilvægu stofnun, sem Alþ. er.

Alþm. eru til þess kjörnir að ráða málum þjóðarinnar í heild, ekki aðeins vegna ríkisvaldsins, heldur einnig atvinnulífsins og einstaklinganna, Af hálfu Alþ. hefur þeirrar tilhneigingar því miður gætt í æ ríkari mæli, að hér hafa verið samþ. lög um ýmsar stofnanir, ráð og n., sem ættu að hafa sem sjálfstæðasta stöðu til að fjalla um og ráða gangi mála á viðkomandi sérsviðum. Að afhenda slíkt vald með lögum út úr Alþ. getur verið nauðsynlegt að vissu marki og í vissum undantekningartilfellum, en því ætti að vera sett mun meiri takmörk og mun þrengra svið en nú á sér stað í, því miður, of mörgum tilfellum. Oft heyrist sagt, að hv. alþm. vilji helzt hafa þetta svona, svo að þeir þurfi ekki að standa í því sjálfir með ærinni fyrirhöfn og jafnvel aðgerðum, sem hafa í för með sér óvinsældir. Nokkuð er í þessu hæft, og má virða það mönnum til vorkunnar vegna hinnar lélegu starfsaðstöðu, sem alþm. hafa samanborið við t. d. starfsaðstöðu sérfræðinga ríkisvaldsins. Til þess að sporna við þessari óheillaþróun, að ríkisvaldið, Alþ. og þjóðin í heild verði of háð mati og áætlunum ríkissérfræðinga, stofnana eða sérhagsmunahópa, er mikilvægt, að hv. alþm. fái þá starfsaðstöðu, að þeir geti verið virkari í afskiptum sínum af því, með hvaða hætti megi styrkja sem mest aukið sjálfstæði einstaklinganna og atvinnulífsins jafnframt því, sem ríkisstofnunum og embættismannakerfinu er veitt aukið aðhald. Það er eitt meginhlutverk Alþ. í lýðræðislegu þjóðfélagi að stuðla og hlúa að hinum sjálfstæðu stofnunum þess, þ. e. einstaklinganna, fjölskyldunni og sjálfstæðum atvinnurekstri.

Íslenzku þjóðinni hefur tekizt að rísa svo hátt sem raun ber vitni, vegna þess að einstaklingarnir hafa haft skilyrði til eigin átaka, sem hefur verið þeim hvatning til meiri afreka, svo sem víða má sjá, t. d. í útgerð, iðnaði, siglingum, flugmálum o. fl. og einnig í því, hversu djarflega margir hafa gengið fram í að eignast eigin íbúð. Þessi ríka viðleitni til eigin átaka hefur gefið íslenzku þjóðfélagi mjög ákveðið og sterkt þjóðareinkenni, sem athygli vekur. Mín kynslóð, þ. e. a. s. sú, sem kemst til vits og þroska eftir síðari heimsstyrjöldina, á fyrirrennurunum mikið að þakka, þar sem þeir hafa gert okkur og þeim, sem yngri eru, kleift að lifa í þessu góða landi í öryggi og velmegun. Möguleikar til menntunar og aukins þroska hafa verið miklir og mun meiri en nokkru sinni fyrr í sögu Íslandsbyggðar. Efnalegur grundvöllur þessa hefur annars vegar byggzt á stefnu sjálfstæðis, óhefts framtaks einstaklingsins á sem flestum sviðum samfara hins vegar ákveðinni félagshyggju, um þýðingarmikil hagsmunamál stétta og atvinnugreina. Það á að gefa næstu kynslóð og kynslóðum sömu og enn meiri tækifæri á grundvelli frjálsræðis. Í þeim efnum á Alþ. að hafa forystuna og frumkvæðið, eftir því sem æskilegt þykir. Það á að sporna við þeirri tilhneigingu, að æ meira vald færist úr hendi Alþ. til ýmissa stofnana, þótt svo þær séu stofnaðar með l. frá hinu háa Alþingi. Hafi þau lög gefið viðkomandi stofnunum þegar of mikið vald, ber að breyta slíkum lögum. Hefja á Alþ. til enn meiri virðingar, skapa því og þm. það góð starfsskilyrði, að þeir geti sjálfir betur unnið að og farið enn nánar ofan í þýðingarmestu mál þjóðarinnar. Yngri kynslóðirnar mega ekki glata virðingu og trausti til Alþ., því að þá er

lýðræðinu stefnt í hættu. Nútímaþjóðfélagshættir gera stöðugt meiri kröfur til þeirra einstaklinga, sem hafa forystu í þeim efnum að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru. Leyfi ég mér að halda því fram, að Alþ. hafi orðið aftur úr og að vissu marki fallið fyrir þeirri freistingu að láta þróunina fara fram hjá sér eða vísa vandanum frá sér til ríkisstofnana og alls kyns ráða. Þessa þróun verður að stöðva. Það þarf að breyta störfum Alþ., skapa þm. mun betri starfsskilyrði og styrkja þá í hinu kjörna forystuhlutverki. Sé þetta gert er minni hætta á, að ráðstafanir séu gerðar, sem draga úr hvöt þjóðfélagsþegnanna til sjálfstæðra átaka, sem í því tilfelli, sem hér um ræðir, er í sambandi við jafnan rétt lífeyrissjóðsfélaga á við aðra þegna til fullra lána úr hinu almenna veðlánakerfi. Það er óviðunandi, að einni ríkisstofnun sé falið svo mikið framkvæmdavald, að hún hafi svo til sjálfræði um jafnmikilvægar ákvarðanir, sem snerta þúsundir manna, eins og hér um ræðir. Ég er þess fullviss, að þessi hætta hefur farið fram hjá mörgum alþm., og því hreyfi ég þessu máli.

Nú hefur hv. Alþ. tækifæri til þess að leiðrétta eitt þessara atriða með því að fallast á þessa till. til lagabreytingar, sem ég hef hér lagt fyrir, varðandi stöðu og réttindi lífeyrissjóðsfélaga, þ. e. a. s. 16 þús. manns.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn. Nd.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr., hefur það mál, sem frv. fjallar um, verið baráttumál B.S.R.B. og ýmissa annarra launþegasamtaka og samtaka lífeyrissjóða um árabil. Ég vil taka undir það, sem hv. flm. frv. sagði til rökstuðnings fyrir þessu frv.

Eins og fram kemur í grg. frv. hafa lífeyrissjóðsfélagar ekki á undanförnum árum haft möguleika til fullra lána frá almenna veðlánakerfinu vegna þátttöku þeirra í lífeyrissjóðunum. Á árinu 1965 var það ætlun stjórnarvaldanna að útiloka lífeyrissjóðsfélaga alveg frá lánum úr almenna veðlánakerfinu. B.S.R.B. beitti sér þá fyrir því, eins og fram kom í ræðu hv. flm., að haldinn var fundur fulltrúa frá lífeyrissjóðum, og var á þessum fundi gerð mótmælaályktun gegn því að skerða þannig rétt lífeyrissjóðsfélaga til lána úr veðlánakerfinu. Þessi fundur kaus n. til að starfa að þessu máli, eins og fram kom hjá flm., og á hv. flm. sæti í þeirri n. Sá árangur náðist strax af þessu starfi, að félmrh. og húsnæðismálastjórn féllust á að veita lífeyrissjóðsfélögum húsnæðislán að nokkrum hluta eða samtals lífeyrissjóðslán og húsnæðislán 480 þús. Síðan hafa húsnæðislánin hækkað, en húsnæðislán lífeyrissjóðsfélaga þó ekki hækkað að sama skapi. Stjórn B.S.R.B. átti á s. l. vori viðræður við félmrh. um hækkun lánanna. Þá var á s. l. vori einnig borin fram till. í húsnæðismálastjórn af Hannesi Pálssyni um hækkun lána, er samtals eru veitt af húsnæðismálastjórn og lífeyrissjóðum. Sú till. var felld. Nú hefur húsnæðismálastjórn samþykkt nokkra hækkun á lánakvóta til lífeyrissjóðsfélaga. Það má því segja, að starf B.S.R.B. og samtaka lífeyrissjóðanna hafi borið nokkurn árangur í þessu mikilvæga máli, en auðvitað er hið eina rétta, að lífeyrissjóðsfélagar fái full lán úr hinu almenna veðlánakerfi, eins og aðrir landsmenn. Þeir greiða sín iðgjöld til lífeyrissjóða, og þegar rætt er um launakjör þessara aðila, er þeim reiknaður hluti vinnuveitandans af iðgjöldunum sem laun. Þess vegna verður að líta á greiðslur þeirra til lífeyrissjóðanna á sama hátt og inneign í sparisjóði. En slíkar inneignir eru, eins og kunnugt er, ekki látnar valda skerðingu á húsnæðislánum.

Þetta frv. felur í sér leiðréttingu á misrétti, sem verið hefur á undanförnum árum, og vil ég taka undir það með hv. flm. þessa frv., að ég vonast til þess, að hv. Alþ. leiðrétti nú það misrétti með því að samþykkja þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Utanríkisráðuneyti Íslands.

Á 14. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis [42. mál] (þmfrv., A. 44).

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í grg. fyrir frv. því, sem ég flyt hér ásamt hv. 4. þm. Austf. og hv. 9. þm. Reykv., er vikið að því, að Alþ. hefur mjög mismikil afskipti af málaflokkum. Á sumum sviðum tekur Alþ. ákvarðanir um hin smæstu framkvæmdaatriði, og stundum fer fjarska mikill tími í það að ræða um, hvort friða eigi rjúpuna eða leyfa að skjóta hana, hvernig fara eigi að því að drepa mink og veiðibjöllu, hvort kaupa eigi eða selja tilteknar eyðijarðir, hvort alkóhólprósentan í bjór eigi að vera nokkrum hundraðshlutum meiri eða minni.

En önnur svið og engu veigaminni koma naumast til kasta Alþ., þegar undan eru skildar nokkrar meginreglur. Meðal þeirra mála, sem Alþ. sinnir tiltölulega lítið, eru utanríkismál. Stjórnarvöldin bera þau mál naumast undir Alþ., nema um sé að ræða samninga við önnur ríki, sem um er rætt í 21. gr. stjórnarskrárinnar og fela í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi. Raunar hefur ríkisstj. um langt árabil í þokkabót sniðgengið Alþ. á mjög ósæmilegan hátt með því að neita að hlíta þeim ákvæðum þingskapa, sem mæla svo fyrir, að utanríkismál skuli ávallt borin undir utanrmn. Alþ. Hafa utanrrh. reynt

að réttlæta þau lagabrot með því að halda því fram, að sumir nm. hafi brugðizt trúnaði, sem þeim var sýndur, en hafa þó aldrei getað sannað þá staðhæfingu.

Ákæran um trúnaðarbrot er annars táknræn fyrir afstöðu sumra forystumanna til utanríkismála. Þeir virðast vera undir þýsna sterkum áhrifum frá njósnasögum þeim, sem nú eru mjög í tízku og kenndar eru við James Bond og aðrar reyfarahetjur. Þeir virðast líta á þennan málaflokk sem einhvers konar spennandi samsæri, í stíl við njósnir og gagnnjósnir. Sumir utanrrh. hafa ekki aðeins sniðgengið Alþ. heldur hafa þeir gert utanríkismálin að einhvers konar einkamálum sínum, þeir hafa ekki einu sinni rætt þau innan ríkisstj. Þess eru mörg dæmi, að Íslendingar hafi fyrst fengið fréttir um mikilvægar ákvarðanir í utanríkismálum okkar í erlendum blöðum eða í erlendum útvarpsstöðvum, og stundum hafa æðstu starfsmenn utanrrn. ekki haft hugmynd um gerðir og ákvarðanir ráðh., yfirboðara síns. Allt er þetta laumuspil yfirleitt einber barnaskapur. Utanríkismál eru ekkert meiri laumuspil en önnur viðfangefni landsmanna, og ég hygg, að það komi ákaflega sjaldan fyrir, að utanrrh. okkar berist vitneskja um mál, sem raunverulega ástæða sé til að halda leyndum. Öll er þessi afstaða sérstaklega tengd tímabili kalda stríðsins, þegar tilfinningar og ástríður voru í fyrirrúmi fyrir raunsæju mati, en nú er orðið tímabært, að því óeðlilega hugarástandi sloti.

Það er tilgangur þessa frv. að gera utanríkismálin að eðlilegu viðfangsefni Alþ. Ekki ætti að þurfa að færa rök að því hér á þessum stað, hversu mikilvæg utanríkismál eru. Þau eru tengd þjóðarhagsmunum okkar á fjölmörgum sviðum. Utanríkisviðskipti eru einn veigamesti þáttur í efnahagskerfi okkar og raunar veigameiri en hjá flestum þjóðum öðrum. Við teljum réttilega, að afstaða Íslands til ýmissa alþjóðamála sé tengd mannorði okkar og heiðri. Alla þessa málaflokka þarf að ræða gaumgæfilega og leyfa andstæðum sjónarmiðum að vegast á á eðlilegan og lýðræðislegan hátt. Það má ekki vera neitt einkamál ráðh. eða embættismanna, hvaða ákvarðanir eru teknar fyrir Íslands hönd. Það verður að binda endi á þá ósvinnu, að litið sé á sendiferðir fyrir Íslands hönd til Sameinuðu þjóðanna eða annarra alþjóðastofnana sem skemmtiferðir eða umbun. Slíkar ferðir eru trúnaðarstörf, sem þarf að rækja af alvöru og vinnusemi, og Alþ. á kröfu til þess að fá nákvæmar skýrslur um störf þvílíkra sendimanna.

Við flm. þessa frv. leggjum til, að ákvæðin um verksvið utanrmn. verði gerð skýrari og fest í l. um meðferð íslenzkra utanríkismála. Við leggjum til, að ákvæðið verði í l. það sjálfsagða fyrirkomulag, að þingflokkarnir eigi beina aðild að sendin. Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Og við gerum það að till. okkar, að ráðh. birti Alþ. árlega skýrslu um viðhorf ríkisstj. til utanríkismála, svo að unnt sé að hafa um þau mál almennar umr., líkt og tíðkast á flestum þjóðþingum heims.

Frv. um þessi atriði öll var flutt á síðasta þingi, og eru þau því hv. alþm. kunn, en í þessu frv. er bætt við nýju atriði, sem sé því, að ákvarðanir um íslenzk sendiráð erlendis skuli bornar undir Alþ. Hér er vikið að ákaflega veigamiklu atriði, þar sem tvímælalaust er þörf mjög gagngerðrar endurskoðunar. Íslendingar hafa nú erlendis 11 sendimenn með ambassadorsnafnbót. Tveir þeirra eru í Bandaríkjunum, einn í Sovétríkjunum, en 8 eru í Vestur-Evrópu norðanverðri á mjög litlu svæði hnattarins. Enginn íslenzkur sendiherra hefur aðsetur í Asíu, enginn í Afríku og enginn í rómönsku Ameríku. Ég held, að þetta kerfi sé miðað við forneskjulegar og löngu úreltar hugmyndir um alþjóðamál. Sendiráðaskipulag allra þjóða er raunar arfur frá löngu liðinni tíð, þegar samgöngur og fjarskipti voru með allt öðrum hætti en nú er. Meðan ferðir milli landa voru erfiðar og tímafrekar og tíðindi spurðust ekki fyrr en eftir dúk og disk, þótti, að vonum, nauðsynlegt að hafa ríkjafulltrúa búsetta í öðrum löndum, svo að þeir gætu nægjanlega snemma gætt hagsmuna ríkisstj. sinna. Sú nauðsyn er orðin með allt öðrum hætti eftir að tíðindi spyrjast jafnóðum og þau gerast, og hægt er að senda menn heimsálfanna á milli á nokkrum klukkustundum. Ekkert ríki hefur, svo að ég viti, dregið rökréttar ályktanir af þessum gerbreyttu viðhorfum í samgöngum og fjarskiptum, heldur halda ríkin uppi sendimannakerfi, sem miðast við allt aðrar forsendur en nú eru í heiminum, en hagnýta sér engu að síður samgöngur og fjarskipti með því að senda n. til að rækja öll þau verk, sem mikilvægust eru talin. Ég held, að endurskoðun á þessu sviði sé engri þjóð nærtækari og sjálfsagðari en Íslendingum, vegna þess að við komumst ekki hjá því að spara mjög kostnað við þessa starfsemi. Ég er þess fullviss, að við gætum hagnýtt þá fjármuni, sem við verjum nú til sendiráða erlendis, á miklu árangursmeiri hátt, ef við hættum að binda okkur við úrelt eða fast sendiráðakerfi, en reyndum að búa til hreyfanlegt skipulag, sem samrýmist fjarskiptatækni og samgöngum okkar tíma. Ég er þess t. d. fullviss, að hægt væri að rækja hagsmuni okkar í Vestur-Evrópu norðanverðri á mun einfaldari og kostnaðarminni hátt en nú er gert með 8 ambassadorum, ekki sízt þegar þess er gætt, að við teljum okkur nauðsynlegt að senda árlega mikinn fjölda sendin. til þessara sömu landa. Það, sem unnt væri að spara með nútímalegri skipan þessara mála, mundi gera okkur kleift að framkvæma þá augljósu nauðsyn að koma okkur upp raunverulegri utanríkisþjónustu í Asíu, Afríku og rómönsku Ameríku. Í þeim heimshlutum eru að gerast atburðir, sem við verðum að afla okkur sjálfstæðrar vitneskju um, ef við viljum vera hlutgengir í alþjóðasamtökum, og í þeim heimshlutum bíða okkar markaðir, sem verða án efa æ mikilvægari, ef við kunnum að hagnýta þá.

Þar er raunar komið að atriði, sem er tvímælalaus veila í sendimannakerfi okkar erlendis. Það hefur ekki verið lögð nándar nærri næg áherzla á það, að sendimenn okkar hafi yfir þeirri sérþekkingu og starfsgetu að ráða, sem hæfir viðskiptahagsmunum okkar. Enda þótt ég aðhyllist ekki kenningar danska ráðh., sem taldi, að utanríkisstefna þjóðar sinnar ætti að vera eins konar

undirdeild í viðskmrn. og mótast af verzlunarhagsmunum einum, er ég hiklaust þeirrar skoðunar, að við eigum að skipuleggja utanríkisþjónustu landsins svo, að hún geri okkur kleift að hagnýta þá markaðsmöguleika, sem beztir eru hverju sinni. Á því sviði hefur stjórn utanríkismálakerfisins verið of loppin og tilviljanakennd allt til þessa.

Ástæðan til þess, að við, flm. þessa frv., leggjum til, að ákvarðanir um sendiráð skuli bornar undir Alþ., er sú, að við teljum gagngera endurskoðun nauðsynlega á þessu sviði, og sjálfsagt er, að Alþ. taki virkan þátt í þeirri endurskoðun. Ég held, að slíkt lagaákvæði geti naumast torveldað ríkisstj. nauðsynlegt svigrúm. Ákvarðanir um slíkt efni eru það lengi í deiglunni, að ævinlega á að vera ráðrúm til að bera þær undir þm.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að þetta frv. fjallar ekki um sjálfa stefnuna í utanríkismálum og ágreiningur um hana á því ekki að þurfa að hafa áhrif á afstöðu þm. til þessara till. Hér er aðeins lagt til, að ákvörðunarvald Alþ. verði aukið á þessu mikilvæga sviði, að alþm. taki að telja utanríkismál sjálfsagt starfssvið sitt, að þau séu flutt af reyfarastiginu inn á vettvang hins rúmhelga dags. Í því sambandi tel ég ástæðu til að taka undir þau orð, sem hv. 5. þm. Reykv., Guðmundur H. Garðarsson, mælti hér í síðustu viku um nauðsyn þess, að Alþ. afsali sér ekki sjálfsögðum skylduverkum sínum til embættismanna og n. Það er raunverulegt áhyggjuefni, hversu mjög Alþ. hefur sett ofan í vitund þjóðarinnar nú um alllangt skeið vegna þess að réttilega er talið, að hinar mikilvægustu ákvarðanir séu teknar utan veggja þessarar virðulegu stofnunar. Það er tvímælalaus lýðræðisnauðsyn, að Alþ. stefni markvisst að því að endurheimta reisn sína og sjálfsákvörðunarrétt. Till. okkar er einnig ætlað að stuðla að slíkri þróun.

Ég legg svo til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

19. Gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1920 um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri [49. mál] (þmfrv., A. 51).

Á 16. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Þessu frv. átti raunar að fylgja annað hliðstætt um svipuð gjöld á Akureyri, en fyrir mistök er það ekki komið gegnum prentun, en ég bið hv. alþm. að athuga, að það, sem hér verður sagt um þetta frv., fjallar í raun og veru einnig um hitt, sem koma mun fram innan tíðar.

Í nær hverju kauptúni og hverjum kaupstað bíða stórfelld verkefni í gatnagerð. Fram að þessu hefur gatnagerð verið næsta ófullkomin hérlendis, sumpart vegna kunnáttuskorts, sumpart vegna fjárskorts og sumpart vegna vélaskorts. Hins vegar er það ekki umdeilanlegt, að fátt eða ekkert stuðlar meir að hreinlæti og bæjarprýði en vel gerðar götur með varanlegu slitlagi og gangstéttum, enda nú komnar til sögunnar stórvirkar vélar til að leggja malbik, steypu eða olíumöl á götur, svo að hugur er í öllum bæjarfélögum að koma slíku í framkvæmd sem fyrst. En framkvæmd þessa verks er fjárfrek og takmarkað, hve mikið af útsvörum má ætla í slíkar framkvæmdir. Af þeim sökum er allvíða tekið að krefjast gatnagerðargjalds, þegar nýjar byggingarlóðir eru veittar og því gjaldi ætlað að standa undir nýlagningum gatna. En mjög víða þarf að gera eldri götur, sem þegar hefur verið byggt við, upp að fullu, skipta jafnvel að öllu um undirbyggingu, holræsa- og vatnslögn, áður en hægt er að leggja á þær varanlegt slitlag. Vafasamt þykir, að nú sé stoð í l. til að leggja á þegar reist hús gatnagerðargjöld við þessar aðstæður, þótt þessi endurgerð götu sé jafndýr og nýlagning, og er frv. það, er hér um ræðir, flutt með það fyrir augum að taka af öll tvímæli og gera sveitarfélögum frjálst að velja á milli að endurbyggja götur að öllu fyrir útsvarsfé eða að hluta fyrir álögð gatnagerðargjöld.

Að öðru leyti tel ég mig ekki þurfa að skýra þetta. Það mun vera flestum, sem fjallað hafa eitthvað um sveitarstjórnarmál, ljóst, hvað hér er á ferðinni, og æski ég þess, að því verði vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

20. Vegalög (frv. HS o. fl.).

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963 [51. mál] (þmfrv., A. 53).

Á 16. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 53 höfum við nokkrir þm. Framsfl. flutt frv. til l. til breytingar á vegal. frá 1963. Ég vil

með nokkrum orðum gera grein fyrir þessu frv. okkar og þá fyrst minna á það, að það hefur jafnan verið stefna Framsfl. að beita sér fyrir miklum framförum í vegamálum. Framsfl. hafði forystu um það öðrum flokkum fremur, að vegakerfið var teygt út um landið, og hefur það verið og er hans stefna, að það skuli ná til allra landsins byggða, og að hringvegur umhverfis landið verði lagður.

Í öðru lagi er það stefna Framsfl., sem mótuð var á síðasta flokksþingi, að vegir úr varanlegu efni yrðu gerðir á fjölförnustu brautunum. Nú munu vera um 300—400 km af vegum landsins, sem eru það fjölfarnir, að samkv. l. eiga þeir að verða gerðir úr varanlegu efni. Verkefnin í vegamálum eru því, þrátt fyrir það, sem búið er að gera, mikil framundan. og ég mun því snúa mér að því að gera grein fyrir því, hvernig við Framsfl.-menn hugsuðum okkur, að þessu verki yrði komið í framkvæmd.

Í fyrsta lagi leggjum við til að efla vegasjóðinn með því, að allir sérskattar, sem nú eru lagðir á umferðina í landinu, gangi til hans. En eins og kunnugt er, eru leyfisgjöld af bifreiðum tekin í ríkissjóðstekjur, en ekki látin ganga til vegasjóðs. Tekjur af leyfisgjöldum urðu árið 1966 hartnær 200 millj. kr. og munu verða eitthvað svipaðar á þessu yfirstandandi ári. En okkur er það ljóst, að þó að þessi breyting yrði á gerð, mundi það ekki nægja til þess að vegasjóðurinn gæti leyst af hendi þau verkefni, sem hans bíða. Gert var ráð fyrir því, þegar vegal. voru sett, að ríkissj. legði vegasjóði til fé, en það hefur verið fellt niður af fjárl., þó að lítils háttar sé á núverandi vegáætlun, en það er vitanlegt, að nauðsyn ber til þess, að ríkissjóður leggi af öðrum tekjum en sérsköttunum fé til vegasjóðs, m. a. til þess að mæta viðhaldi þjóðveganna, sem fer hraðvaxandi og er nú komið á 2. hundrað millj. kr. Ennfremur verður það nauðsynlegt að taka lán til þess að ljúka þeim verkefnum, sem óleyst eru í landsbrautum og þjóðbrautum, og gerum við ráð fyrir, að vegasjóður taki það lán, ef tekjur hans verða auknar, eins og hér er gert ráð fyrir.

Í þriðja lagi gerum við ráð fyrir því, að til þess að leysa það verkefni að gera vegi úr varanlegu efni, verði að taka ríkislán, sem ríkissj. sjálfur á að standa undir. Okkur er það ljóst, að eins og nú horfir, verða ekki gerðir vegir úr varanlegu efni, nema aukið fé komi til. Það, sem hendi næst liggur fyrir í sambandi við vegi úr varanlegu efni, er að gera rannsókn á því, úr hvaða efni við eigum að gera okkar þjóðvegi, sem þannig eru gerðir. Það eru þrjár aðferðir, sem koma til greina og reyndar hafa verið hér á landi. Elzt þeirra er malbikið, sem flestar götur Reykjavíkur eru gerðar úr. Í öðru lagi er það steinsteypan, sem Keflavíkurvegur er gerður úr, og í þriðja lagi er það olíuborin möl, sem nokkuð er farið að reyna hér í þéttbýlinu og lítils háttar á þjóðvegum.

Við teljum brýna nauðsyn bera til þess, að þessar aðferðir verði prófaðar og þær metnar með tilliti til þess, hversu dýrar þær eru og endingargóðar. Það skal ekki um það sagt á þessu stigi málsins, hvaða aðferðir verða heppilegastar til þess að leysa þessi verkefni, en brýna nauðsyn ber til að gera samanburð á þeim og taka í því efni það, sem skynsamlegast má telja miðað við aðstæður. Verkefnin í að gera hraðbrautir eru orðin verulega mikil nú, þar sem vegurinn austur fyrir Selfoss tilheyrir þeim flokki vega, sem hraðbrautir eiga að heita samkv. vegal. og sama er að segja um Vesturlandsveg allt upp til Borgarness. Þá er það öllum ljóst, sem til þekkja, að mikla nauðsyn ber til þess að gera norðurleiðina alla til Akureyrar úr varanlegu efni. Ástand veganna, eins og það er hjá okkur nú, þolir ekki þá umferð, sem við leggjum á þá nú orðið.

Það mun verða spurt í þessu sambandi, hvernig ríkissjóður eða þjóðin eigi að mæta þeim verkefnum, sem fram undan eru í vegagerð. Því er til að svara að það er hlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að mæta verkefnunum, sem við er að fást og leysa þau, og það mun ekki verða um það deilt að það ber brýna nauðsyn til þess að takast á við þau verkefni, sem um er að ræða í vegagerð, og hjá því verður ekki komizt að leysa þau. Í því sambandi vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að minna á það álit, sem fram kom í skýrslu vegamálastjórnarinnar um framkvæmd vegáætlunar 1966, en þar segir svo á bls. 4:

„Á fjölförnustu malarvegunum hefur í ár verið mun lakara ástand heldur en á s. l. ári, og er þá orðið vonlaust verk að halda þessum vegum sæmilega akfærum með malarslitlagi."

Þetta o. fl. sannar okkur það, að það er ekki að ástæðulausu, að við gerum kröfur til þess, að meira átak sé gert í vegamálum en nú er. Það er öllum ljóst, að með þeim fjárveitingum, sem nú eru á vegáætlun til hraðbrauta, verður ekkert í þessu gert frekar en nú er, og það ástand þolum við ekki.

Í sambandi við möguleikana, sem við höfum til þess að leysa þessi verkefni nú og áður, vil ég benda á það, að tekjur þær, sem ríkissj. hefur af umferðinni nú og áður, eru ólíkar. Það var svo, að á árunum allt frá því að við fórum að vinna að vegamálum, urðum við að leggja fram fé af ríkissjóðstekjum án þess að ríkissj. hefði nokkrar verulegar tekjur af umferðinni aftur, og þannig var það á 3., 4. og 5. áratug þessarar aldar, að allt að 10—12% af heildarútgjöldum ríkissjóðs fóru til vegamála.

Nú er þetta mjög breytt, eins og oft hefur verið á drepið, og ekki sízt er það eftirtektarvert, þegar það er haft í huga, að tekjur ríkissjóðs af umferðinni hafa vaxið jafnt og þétt hin síðustu ár. Árið 1965 hafði ríkissj. um 680 millj. kr. í tekjur af umferðinni og 1966 um tæpar 900 millj. kr. og þó heldur meira, ef tillit er tekið til söluskattstekna, sem ríkissj. hefur haft umfram þessar tölur. En á þessu tímabili hafa farið til vegagerðar í landinu 261 millj. kr. árið 1965 og 1966 309 millj. kr. Ríkissj. hafði því tæpar 500 millj. kr. í tekjur af umferðinni umfram það, sem til hennar fór aftur og rúmar 400 millj. árið áður. Þetta sannar það, að meiri geta á að vera til þess nú að leysa verkefni í vegagerð en áður hefur verið.

Nú hefur því oft verið haldið fram, þegar þessum málum hefur verið hreyft hér á hv. Alþ. af okkur stjórnarandstöðunni, að við yrðum þó að sjá fyrir tekjum þeim, sem ríkissjóður missti við þessa breytingu, sem við leggjum til með þessu frv. Eins og ég áður sagði, er það hlutverk stjórnvalda að sjá fyrir tekjum til þess að leysa þau verkefni, sem knýjandi eru hverju sinni, og ég held, að við þurfum ekki að deila um það hér á hv. Alþ., að þörfin til þess að leysa úr vegamálunum er mikil, og fram hjá því verður ekki horft.

Bifreiðum landsmanna hefur fjölgað mjög ört á síðustu árum og munu nú vera um 40 þús. talsins, og jafnframt því hefur svo umferðin aukizt meira en bifreiðunum hefur fjölgað, og þungaflutningar á landleiðum fara vaxandi ár frá ári. Ég vil líka minna á það í þessu sambandi, að það þykja engin tíðindi hér á hv. Alþ. nú, þó að fjárl. hækki um 1 milljarð milli ára, og fyrir því er séð af stjórnvöldum að mæta þeirri tekjuþörf, svo að þær 200 millj., sem hér er lagt til, eru ekki nema lítill hluti af því. Ég vil líka minna á það, að við höfum deilt hér á hv. Alþ. um þá ráðstöfun hæstv. ríkisstj. að fella niður fjárveitingu til vegasjóðs, eins og var hér á fyrstu vegáætluninni. Hv. stjórnvöld sáu ekki ástæðu til að leiðrétta þetta, en þegar verkefni eins og kísilgúrvegur kom til, voru til fjármunir til þess að leggja þann veg. Þess vegna er það mín skoðun, að þannig megi á þessu máli taka sem öðrum, að ef ekki skortir vilja til þess að leysa verkefnin, muni takast að leysa þau. Þörfina þarf ég ekki að fjölyrða um, og ég get endað þessi orð mín með því að undirstrika það, að möguleikarnir til þess að leysa vegamálin nú eru meiri en áður, vegna þess að umferðin sjálf gefur orðið það miklar tekjur, og ég er sannfærður um, að stjórnvöld landsins geta gert stórt átak í vegagerðinni, ef vilja skortir ekki þar til.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. síðasta ræðumanni, frsm. þessa frv., fyrir það, sem hann sagði hér um leið og hann gekk úr ræðustólnum. Hann sagðist vera sannfærður um það, að stjórnarvöldin gætu gert stórt átak í vegamálunum. Þetta var nú í raun og veru ekki meira en það, sem ég vissi, að hv. þm. ber talsvert traust til þessarar ríkisstj., þótt hann sé stundum að reyna að gagnrýna hana, enda er það vitað, að núverandi ríkisstj. hefur lýst því í sínum stjórnarsáttmála, að hún ætli að gera stórt átak í vegamálum. Hún hefur það á stefnuskrá sinni að gera hraðbrautir á fjölförnustu vegina. Þessir fjölförnustu vegir eru upp í Borgarfjörð, í áttina til hv. 3. þm. Vesturl., austur á Hvolsvöll, austur í miðja Rangárvallasýslu, og vegur út frá Akureyri, þar sem fjölfarnast er. Og það er reyndar um ár síðan ég lýsti því hér á hv. Alþ., að ríkisstj. hefði áhuga á því að undirbúa þessi mál.

Hv. þm. sagði hér, og það stendur reyndar í grg. fyrir þessu frv., að Framsfl. hafi alveg sérstaklega látið vegamál til sín taka, öðrum flokkum fremur hefði Framsfl. forystu um þessi mál, segir hérna í upphafi þessarar grg. Ekki dettur mér í hug að efast um það, að framsóknarmenn hafi haft áhuga fyrir því að byggja upp vegakerfi landsins. Ég hygg líka, að það sé leitun á þeim manni, sem hugsar um þjóðmál og atvinnumál í landinu, sem ekki hefur áhuga fyrir því, að þjóðin fái góða vegi. Ég þekki ekki þá menn, og framsóknarmenn eru vitanlega engin undantekning frá því. Ég held, að við getum verið sammála um það, að þm. allir og þjóðin, hvar í flokki sem er, hafi nú orðið næman skilning á því, að það er nauðsynlegt að byggja upp vegakerfi landsins. Hv. 3. þm. Vesturl. segir þess vegna ekki neinar fréttir, þegar hann upplýsir það, að framsóknarmenn hafi áhuga fyrir þessu máli. En það munu flestir vera í vafa um, að hann segi sannleikann, þegar hann heldur því fram, að Framsfl. hafi öðrum flokkum fremur bæði fyrr og nú sérstöðu í þessu máli. Ég efast mikið um það. Og ég held, að ef við rifjum upp söguna, stjórnmálasöguna, flettum upp í Alþingistíðindum og látum staðreyndirnar tala, sé ákaflega erfitt fyrir hv. 3. þm. Vesturl. að koma með svona staðhæfingar hér og standa við þær. Og ætla ég þó alls ekki að gera lítið úr þeim áhuga, sem hann og aðrir hans flokksmenn hafa haft fyrir þessu máli.

Til fróðleiks er hægt að rifja upp ýmislegt í þessu máli. Hv. þm. fullyrti hér áðan, að á 4. og 5. tug þessarar aldar hafi verið varið til vegamála 12—14% af ríkisútgjöldunum. Þetta held ég, að fái alls ekki staðizt. Ég hef ekki tölurnar fyrir mér, en ég held, að þetta fái alls ekki staðizt. En ég hef tölur fyrir mér frá árinu 1958 og síðan. Árið 1958 er síðasta valdaár Framsfl., og þá kemur í ljós, hvað hefur verið varið til vegamála sé miðað við ríkisútgjöldin, sé miðað við fjármunamyndunina, sé miðað við þjóðartekjurnar. Ef við miðum við ríkisútgjöldin, er varið til vegamála 1958 4.5%, en 1966 7.5%. Þetta eru staðreyndir, sem hvergi er hægt að hrekja. Ef við miðum við framlög til nýbygginga vega og brúa 1958 og 1967 og fjármunamyndun alls á þessum árum, er það svo, að 1958 er varið til vega og brúa 2.3% af fjármunamyndun inni, 1959 2%, 1960 2.5%, 1961 3%, 1962 3.6%, 1963 3.9%, 1964 2.8%, 1965 3.7%, 1966 2.6% og 1967 3%. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verða hraktar. Og fjármunamyndunin annars vegar og það hlutfall, sem er notað til vega og brúa nú og þegar framsóknarmenn voru í stjórn, er allt annað og hagstæðara nú, og verður ekki af þeirri ástæðu, frekar en þegar miðað er við ríkisútgjöldin, hægt að segja, að framsóknarmenn hafi haft miklu meiri áhuga og gert stærra átak í þessum málum á meðan þeir höfðu völd en t. d. núv. ríkisstj. hefur gert. Það er svo allt annað mál, að við erum sammála um það, að vegirnir þurfi að fá meira fé, og það sé tími til þess kominn að fara að gera varanlega vegi, þar sem umferðin er mest, og við þurfum ekki að tala hér eins og það líti út fyrir, að það sé einhver ágreiningur um þetta. Ef við hins vegar miðum við útgjöld til vegamála og miðum við þjóðarframleiðslu 1958 og 1967, verður það svo, að sé miðað við

þjóðarframleiðslu 1958, eru útgjöld til vegamála 1.3%. Þetta fer síðan hækkandi, að undanskildu árinu 1959, 1.2%, en er 1967 1.9%.

Hvað segir nú þetta í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Vesturl. var að fullyrða hér áðan? Staðfesta þessar tölur, sem teknar eru úr þjóðhagsreikningum og opinberum skýrslum, fullyrðingar þm.? Nei, þær staðfesta þær ekki. Þær staðfesta, að hv. þm. hefur farið með rangar tölur, og fullyrðingar hans eru byggðar á sandi. Ef við hins vegar tökum hér t. d. útgjöld til vegamála að meðtöldum útgjöldum til gatna og holræsa 1958 og 1967 og athugum, hvað mörg % af þjóðarframleiðslunni fara til þess, eru það 1958 2.3%, en 1967 3.1%. Það má vel vera, að framkvæmdir í kaupstöðum hafi verið eitthvað meiri nú síðustu árin en 1958. Ef við miðum svo útgjöld til vegamála 1958 annars vegar og 1967 hins vegar við kostnaðarvísitölu, vísitalan er 100 1958, þá er hún 540 1967, þegar miðað er við þá fjárhæð, sem til vegagerðarinnar fer. Ef við tökum hins vegar kostnaðarvísitöluna, sem er 100 1958, er hún 1967 1992, en framlag til vegamála hefur 5½-faldazt á þessu tímabili, þegar kostnaðurinn hefur tæplega tvöfaldazt. Þrátt fyrir þessar upplýsingar, er ég samþykkur hv. 1. flm. þessa frv. um það, að það þurfi að gera meira til þess að koma okkar vegamálum í gott lag, þó að framlög til vegamála hafi 5½faldazt síðan 1958, þegar framsóknarmenn voru í stjórn síðast, en kostnaðarvísitala tæplega tvöfaldazt. Náttúrlega er ekki nóg það fjármagn, sem til veganna fer, miðað við þörfina, en hins vegar getur hv. 3. þm. Vesturl. ekki með góðri samvizku haldið því fram að núverandi ríkisstj. hafi gert lítið eða minna í vegamálum en sanngjarnt var að krefjast. Og hv. þm. veit það, að þótt framsóknarmenn hefðu verið í stjórn á þessum árum, hefði ekki farið meira fjármagn til veganna og ekki svona mikið miðað við reynslu undanfarinna ára.

Hv. þm. segir, að það sé stefna Framsfl. að láta vegakerfið njóta allra þeirra tekna, sem af umferðinni koma. Þetta út af fyrir sig er gott og blessað, ef við höfum efni á því. En þegar hv. þm. talar um, að þarna séu um 600 millj. á ári eða jafnvel meira, þetta er nú ekki alveg eins mikið og hv. þm. talar um, það munu vera nær 500 millj., sem hægt er að tala um, þá verður um leið að gera sér grein fyrir því, hvernig eigi að afla ríkissj. tekna í staðinn fyrir þetta fé. Hv. þm. segir, að það sé enginn vandi, og það er náttúrlega enginn vandi fyrir hann. Hann segir, að það sé hlutverk þeirrar stjórnar, sem með völd fer á hverjum tíma, að sjá fyrir því. Og þarna komum við að ástæðunni fyrir því, að hv. þm. leyfir sér að tala eins og hann gerir, tala af fullkomnu ábyrgðarleysi, vegna þess að það er ekki hans eða hans flokks að benda á leið til þess að afla fjár í staðinn fyrir það, sem af ríkissjóði á að taka, heldur er það ríkisstj. En það eru nú flestir, sem skilja, hvað hér er á ferðinni. Og ég trúi því ekki, að það sé stefna þessa þm., að það megi hafa greiðsluhalla á fjárl., sem þessu nemur. Sjálfur hefur þm. ekki bent á það, að það mætti spara á fjárl. þessa upphæð eða nokkuð, sem um munar. Og ég minnist þess, að fyrir tveimur árum við fjárlagaafgreiðslu, hlustaði ég á stjórnarandstæðing tala um sparnað á fjárl., og ég held, að þessi hv. þm. hafi talað í meira en hálftíma og var að leita að því, hvað mætti spara og það, sem hann taldi upp, nam að mig minnir nærri 6 millj. kr., sem hann treysti sér til þess að spara. Hann taldi ekki fært að spara á fræðslumálunum, hann taldi ekki fært að spara á heilbrigðismálunum, hann vildi ekki lækka tryggingarnar, honum fannst ýmsar verklegar framkvæmdir of litlar, að mig minnir, hann vildi ekki lækka til landbúnaðarins, en hann taldi fært að lækka útgjöld til utanríkisþjónustunnar. Það var aðallega það, sem hann nefndi, og það voru 6 millj. kr. Og ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. stjórnarandstæðingar geti nú frekar en þá bent á verulegar upphæðir, sem þeir telja að megi spara í fjárl., og þó væri, ef þetta verður tekið af ríkissjóði, við skulum segja 500 millj. á ári, ekki nema um tvennt að ræða, láta vera greiðsluhalla á fjárl. eða útvega nýtt fé, og þetta nýja fé yrði að taka af þjóðfélagsborgurunum í einhverju formi, í hækkuðum tollum eða beinum sköttum. Og alveg er það víst, að ef fjárl. væru afgreidd með greiðsluhalla, gæti það nú ekki gengið til lengdar, og þá þyrftum við ekki að tala um það að fá lán erlendis til vegagerðar eða annarra framkvæmda. Þá væru öll okkar fjármál og efnahagsmál komin í hreint öngþveiti. Og við þyrftum ekki að leita til opinberra aðila erlendis, hvorki alþjóðastofnana né privatstofnana, um lán. Til þess að hafa traust erlendis, verðum við að reyna að hafa okkar fjármál í lagi og styrkja aðstöðuna út á við, eins og núv. ríkisstj. hefur gert, og það er þess vegna, sem við tölum um það að fá lán til vegagerðar og annarra framkvæmda. Það er þess vegna, sem það hefur tekizt, af því að núv. ríkisstj. hefur áunnið sér aftur það traust, sem Ísland þarf að hafa út á við.

Eins og ég hef áður lýst hér á Alþ., er starfandi svokölluð hraðbrautanefnd, og það er nú unnið að því að undirbúa hraðbrautagerð. Vegamálastjórnin hefur látið fram fara í sumar athuganir á þessu og á næsta ári verður haldið áfram undirbúningi að hraðbrautagerð, og það er okkar von, að í árslok 1968 verði þessi undirbúningur kominn það langt, að það megi bjóða út framkvæmdir í hraðbrautum fyrri hluta árs 1969 og byrja á hraðbrautagerð á því ári.

Ég held, að það sé nú ekki ástæða til að hafa öllu fleiri orð um þetta frv., sem vitanlega fer til n., en ég gat ekki stillt mig um það að draga hér fram nokkrar staðreyndir og sýna fram á það, að þótt sagt sé hér í grg. fyrir þessu frv., að framsóknarmenn hafi áður og nú mestan áhuga fyrir vegagerð í landinu og þeir hafi helzt látið þessi mál til sín taka, stangast það á við þær staðreyndir, sem opinber gögn hafa að geyma. Og um leið og ég geri það, efa ég ekkert áhuga hv. framsóknarmanna um það að fá meira fjármagn til vegagerðar í landinu heldur en yfir er að ráða, þótt það hafi mikið aukizt, en ég held þó, að af öllum, sem lesa þetta frv. og hlusta á þetta tal, sem er líkt og hjá hv. 1. flm., sé

það nú tæplega tekið alvarlega. Það verður, um leið og gert er ráð fyrir að taka hundruð millj. af ríkissjóði, sem ráðstafað er á fjárl., vitanlega að gera ráð fyrir því að ná þessu fé annars staðar með tollum eða sköttum, og það er það, sem ég býst nú við, að standi í mörgum hv. þm. að gera. Og þess vegna er málið ekki eins einfalt og hv. 1. flm. frv. vildi vera láta.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er ekki í fyrsta skipti, sem hæstv. samgmrh. lýsir því yfir, að lítið beri á milli okkar, og er ekki nema gott um það að segja. En samt er það nú svo, að alltaf verður eitthvað til að deila um eða gera það að verkum, að við náum ekki saman. Hæstv. ráðh. hafði orð á því, að ég hefði sagt í minni ræðu hér áðan, að hæstv. ríkisstj. gæti gert mikið í vegamálum, og svo sagði ráðh. ekki meira. En ég bætti því við, ef viljann skorti ekki. Og ég vil endurtaka það, að hæstv. núv. ríkisstj. getur gert meira í vegamálum en aðrar ríkisstj. hafa getað gert, vegna þess að umferðin sjálf er farin að leggja til svo miklar tekjur.

Ég sýndi fram á það, að á s. l. ári voru tekjur, sem ríkissj. hafði af umferðinni, umfram það, sem fór til veganna, hartnær 600 millj. kr. Þessu var ekki til að dreifa á 4., 5. eða 6. tug þessarar aldar, einmitt á þeim árum, þegar vegakerfi landsmanna var teygt út um landsbyggðirnar. Þá hafði ríkissj. ekki þær tekjur af umferðinni, sem hann hefur nú. En vegna þeirra verka, sem þá voru unnin, eru nú þessar tekjur til handa ríkissjóði nú. Og ég get því undirstrikað það, sem ég sagði hér áðan þar um.

Hæstv. ráðh. dró það í efa, að ég hefði farið með rétt mál, er ég vitnaði til þess, að á 4. og 5. tug þessarar aldar og 6., hefði verið varið til vegamála 10 og 12% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Hér hef ég fyrir mér skýrslur, sem m. a. eru gerðar af fyrrv. vegamálastjóra og birtar eru í Fjármálatíðindum 1956, og ég hef fengið upplýsingar um síðar. Hér er því ekki um neinar vafatölur að ræða. Það er hins vegar allt annar reikningur, sem hæstv ráðh. notar, þegar hann gerir upp dæmið frá 1958. Þá tekur hann sig til, hæstv. ráðh., og leggur saman tekjur ríkissj. og útflutningssj. og reiknar prósentuna þar af. Það er álíka reikningsaðferð og tæki ég mig til nú og reiknaði gengisbreytingarnar, sem orðið hafa síðan núv. valdhafar komu í valdastólana og reiknaði útgjöld til vegamála eftir því. Og svo þegar hæstv. ráðh. er að gera upp dæmið um fé til vegamála á þessum árum, er hann hefur stjórnað, bætir hann einnig lánunum við, sem ekki voru þekkt áður en núv. valdhafar komu til. Þegar þeir tóku völd í þessu landi, voru ekki skuldir hjá vegagerðinni vegna þeirra verka, sem þá var búið að vinna, nema einhverjar lítils háttar út á fjárveitingu næsta árs. Nú veit hæstv. ráðh. vel, að það er allt öðru til að dreifa. Nú eru hundruð millj. kr. skuldir hjá vegagerðinni, sem framtíðin þarf að greiða. Það vita það allir, að það eru ekki lagðar nema 10 millj. kr. á ári til hraðbrautanna, en Keflavíkurvegurinn kostaði 275 millj. kr. Sjái svo þeir, sem sjá vilja, þegar þetta er haft í huga, hvort hér er gerður hliðstæður samanburður.

Þá kom hæstv. ráðh. mikið að árinu 1958, sem hann hefur oft gert, og ég hefi nú gert grein fyrir, hvernig það er reiknað, en þá var varið til vegamála af ríkissjóðstekjum um 11%. Þá kom þessi venjulegi þáttur hjá hæstv. ráðh., sem við stjórnarandstæðingar erum farnir að þekkja og gætum sett alltaf fyrir fram, það er þetta: Þið talið af ábyrgðarleysi, ykkar till. eru ekkert nema ábyrgðarleysi. Nú vil ég því til svara í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, að það munu a. m. k. vera tvö ár, sem við Framsfl.-menn höfum ekki flutt aðrar till. við afgreiðslu fjárl. en þá eina, að hæstv. stjórnarandstæðingar bættu upp og reyndu að halda því fyrirheiti, sem hæstv. samgmrh. gaf í sambandi við afgreiðslu vegal. Við höfum gert ítrekaðar tilraunir til þess, að það væri ekki látið óbætt standa, það fyrirheit, sem hann þá gaf. Þetta hefur ekki tekizt. Þeir hv. samherjar hans hafa ekki metið fyrirheitið það mikið. Þrátt fyrir þessa afstöðu okkar hefur fjárlagafrv. og fjárl. íslenzka ríkisins tekizt að hækka um hartnær 1 milljarð á milli ára, og svo fer enn við þessa fjárlagaafgreiðslu.

Ég vil líka minna á mál, þar sem hefur verið talað um ábyrgðarleysi af okkar hendi. Ég vil minna á frv., sem við höfum flutt hér á hv. Alþ., að nýjum hafnarl. Þar var gert ráð fyrir því, að ríkissj. legði meira til hafnarmálanna en áður hafði verið. Þetta var gert af brýnni nauðsyn, vegna þess að þeir, sem stóðu í hafnarframkvæmdunum heima í héruðunum, gátu ekki staðið undir þeim miklu fjárhæðum, sem heimabyggðinni var gert að standa undir samkv. eldri l. Það var ábyrgðarleysi og talað um, að framsóknarmenn sæju ekki fyrir því, hvernig ætti að koma þessum verkum áfram, ef þetta væri tekið af ríkissj. En á síðasta Alþ., skömmu fyrir kosningar, kom slíkt mál fram frá hæstv. ríkisstj. Þá var það ekki ábyrgðarleysi, heldur umhyggja fyrir landsmönnum, og þá var ekki talað um það, að það væri ábyrgðarleysi að sjá ekki fyrir tekjunum. Það er ekki í því frv. séð fyrir þeim tekjum vegna þeirra auknu útgjalda, sem l. gera ráð fyrir. Þetta er hliðstætt.

Hér á s. l. vori, rétt fyrir þingslit, voru sett í gegn ný l. um kostnað skólanna. Þau l. munu hafa í för með sér nokkra útgjaldaaukningu fyrir ríkissj. Það hefði verið kallað ábyrgðarleysi af hendi okkar framsóknarmanna og allra annarra stjórnarandstæðinga, ef við hefðum flutt slíkt frv. án þess að sjá fyrir tekjum. En það var gott mál í höndum ríkisstj. Þannig er þetta, hæstv. ráðh. Þannig er ykkar túlkun á málum, sem síðar meir verða að raunveruleika. Þau eru ábyrgðarlaus, þegar við komum með þau, en þau eru ábyrg, þegar þið berið þau fram. Og þetta þekkjum við, og við þurfum ekki að eyða löngum tíma í að ræða um þetta. Ég endurtek það, að það er verksvið hverrar ríkisstj. á hverjum tíma að finna fé til þeirra verkefna, sem þarf að leysa, og við deildum ekki um það, hæstv. ráðh. og ég, að þörfin á aukinni vegagerð í landinu væri brýn.

En í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér að spyrja: Hæstv. ráðh. sagði hér í ræðu sinni áðan,

að þetta, sem við værum að flytja frv. um nú og bentum á, að þyrfti að leysa, eins og hraðbrautirnar austur á Hvolsvöll, upp í Borgarnes og svo norður, væri hann að vinna að, en hvernig á að leysa verkefni, ef hvergi á að taka fjármuni til þess? Þó að það verði leyst í fyrstu lotu með lánveitingu, verður að greiða það lán, eins og önnur lán. Þess vegna þýðir ekkert að tala um það, að þessi verkefni séu brýn, það verður að leysa þau, og við leysum þau ekki nema taka einhvers staðar fjármuni til þess. Og eðlilegasta leiðin er sú að nota fjármagnið, sem umferðin sjálf leggur til, og í landi eins og okkar, þar sem vegagerðin er svo mikið brýnt hagsmunamál vegna atvinnu- og viðskiptalífs og menningarlífs þjóðarinnar, verður að snúa sér að því að leysa vegamálin á þennan hátt. Ég er ekkert að efast um, að það verður gert, því að svo gott mál, sem þetta, getur ekki látið standa á sér nema takmarkaðan tíma. Það hlýtur að leysast fyrr en seinna.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta eru nú aðeins örfá orð. Hv. þm. talar um, að það sé fjarstæða að vera bara að bera saman útgjöld ríkissjóðs og útflutningssjóðs árið 1958 og reikna prósentu af því, það sé allt annað. Hann vill aðeins ganga fram hjá því, að þá voru tvenn fjárl., annars vegar útflutningssj. og hins vegar þessi svonefndu fjárl. En þær fjárgreiðslur, sem fóru í gegnum útflutningssj., eru núna í fjárl., og þess vegna er það, að ef við ætlum að fá réttan samanburð á útgjöldum ríkisins 1958 og nú, verðum við að nota bæði fjárl., sem giltu 1958, og útflutningssjóð, af því að þær greiðslur, sem áður fóru gegnum útflutningssjóðinn, fara nú í gegnum fjárl., og þá verður útkoman þessi, að 1958 eru 4.8% til vegamála, en 1966 7.5%, auk þess samanburðar, sem ég áðan las upp.

Hv. þm. segir líka, að það sé ekki sambærilegt nú það, sem ég las upp, vegna þess að áður hafi ekkert verið unnið fyrir lán. Nú hvíla skuldir á vegagerðinni, en þessar skuldir eru aðallega vegna Keflavíkurvegar. Þeim vegi er fyrir löngu lokið. Ég gerði samanburð fyrir árin 1966 og 1967, og þá var sáralítið lánsfé tekið nema þau lán, sem eru boðin heiman að úr hreppunum, en það var líka 1958, þannig að allt þetta staðfestir það, að það er réttur samanburður, sem ég hef tekið og það upp úr opinberum og réttum skýrslum.

Árið 1958, þegar framsóknarmenn voru í stjórn, var varið 8.7 millj. til veganna. Nú er eftir að sjá, hvað fjárl. hafa verið há, ég bara man það ekki. En þm. segir, að þá hafi verið varið 12—14% af útgjöldum fjárl. til veganna, en hér er nú rekstraryfirlitið, það er 221.4 millj., rekstraryfirlitið. Rekstrarafgangur þá er 326 þús., en sé sjóðsyfirlitið tekið, er það 247 millj., og það er bara 12—14% af fjárlagafénu varið á 5. áratugnum til vega.

Ég er hérna með fjárl. frá 1958. Ég lét mér nú bara ekki detta í hug, að fullyrðingar hv. þm. væru svona fjarstæðukenndar. En við höfum heyrt, hvað þm. sagði og hér eru fjárl. Og ef málflutningurinn að öðru leyti er nú svipaður þessu, veit ég nú ekki, hvort það er ástæða til að vera að eyða löngum tíma í að ræða þetta frekar. En á miðvikudaginn mun nú verða hér rætt í Sþ. um tvær þáltill., sem liggja fyrir í vegagerð. Kannske gefst þá tækifæri til þess að tala enn frekar um vegamál. En ég held, að hv. 3. þm. Vesturl. verði nú að fyrirgefa mér og öðrum, þó að við tökum nú ekki allt saman alvarlega, sem hann segir um þessi mál, þegar við höfum í höndunum gögn, sem sýna það, að þetta er alveg fjarstæða, og enn ætla ég að segja það, að ég efast ekkert um einlægan vilja og áhuga þessa hv. þm. um það að bæta vegakerfið í landinu, ég skal meta það. En ég tek það ekki alvarlega, þegar þessi hv. þm. flytur hér frv., skrifar grg. fyrir því í áróðursstíl og segir:

„Það erum við framsóknarmenn, sem höfum haft forgöngu á undanförnum árum og áratugum við vegagerð í landinu. Það er okkar verk, að vegakerfið hefur teygzt um landið. Við höfum haft forystu um þetta og við höfum meiri áhuga en aðrir."

Það verður að fyrirgefa mér og öðrum hv. þm., þó að við fáum hálfgerða andúð á svona málflutningi.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Mér sýnist, að árangurinn af tali mínu til hæstv. ráðh. ætli ekki að verða mikill, þar eð mér finnst hann alltaf fjarlægjast raunveruleikann, eftir því sem hann talar oftar, en ég vil samt gera eina tilraun ennþá til þess að reyna að koma hæstv. ráðh. á rétt spor.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé nú verkefni fjárl. ríkissj., sem áður hafi verið verkefni útflutningssj. Þetta eru nýjar upplýsingar. Ég vildi benda hæstv. ráðh. á að lesa bókina „Viðreisn". Þá bók gaf ríkisstj. út í byrjun árs 1960, og sagði þá frá því þar, að áhrifin, sem það hefði að leggja niður útflutningssj. á útgjöld ríkissj. það ár, væru 113 millj. kr. Þetta mun vera á bls. 31, og því mun ekki hafa verið haldið fram í bókinni „Viðreisn", að verkefni útflutningssj. væru tekin upp hjá ríkissj. Til hvers var þá verið að gera gengisbreytingu 1960 og aftur árið 1961? Ég held, að hæstv. ráðh. þurfi að gera sér grein fyrir þessu.

Út af tölum okkar um útgjöld til vegamála miðað við heildarútgjöld fjárl. áranna á 5. og 6. tug þessarar aldar, vil ég benda hæstv. ráðh. á að kynna sér Fjármálatíðindin og annað, sem um þetta hefur verið sagt, og mun hann þá finna réttar forsendur fyrir þessu, en ekki þær, sem hann gerir sér upp núna. Ég verð að játa það, að ég fékk ekki heila frásögn út úr frásögn hans hér af fjárl. 1958 í samanburði við vegamálin, því að ég kannast ekki við þær tölur, sem hann þar nefndi. Mér heyrðist hann nefna þar aðeins tölur til nýbygginga þjóðvega, en ekki önnur útgjöld til vegamála. Það gefur ekki réttan samanburð.

Út af því, sem hæstv. ráðh. talar um, að ég segi hér um Framsfl. og vegamálin, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það hér upp, þar sem segir:

„Framsfl. hefur alltaf látið vegamálin mikið til sín taka. Hann hefur öðrum flokkum fremur

haft á 3.—6. áratug þessarar aldar forystu um vegagerð landsmanna".

Ég endurtek, að svo hafi verið, og það verður ekki hrakið, þó að hæstv. ráðh. komi hér oftar í ræðustól.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

Á 17. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri [54. mál] (þmfrv., A. 59).

Á 20. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Eins og ég gat um, þegar ég mælti fyrir frv. til l. um breyt. á l. um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og Akureyri, átti að fylgja því jafnframt frv. til l. um breyt. á l. um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri. Fyrir mistök var það ekki lagt fram þá, en hefur síðan komið fram og liggur nú fyrir og er algerlega hliðstætt hinu, sem áður var flutt, þannig að það, sem ég mælti þá fyrir hinu frv., lýtur alveg að þessu, sem nú liggur fyrir.

Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. til breyt. nú, en óska eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn., þar sem hitt liggur fyrir til meðferðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Á 33. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu [68. mál] (þmfrv., A. 107).

Á 34. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ástæður fyrir því, að ég flyt þetta frv., eru einkum tvær: Í fyrsta lagi sú, að lög þessi eru brotin, eins og allir vita, og þau eru brotin af því að viðkomandi aðilar telja, að það sé nauðsyn fyrir þá til að geta rekið sinn atvinnuveg. Í öðru lagi tel ég, að það sé nauðsynlegt að gera breytingar á l. um bann gegn botnvörpuveiðum og flotvörpu, vegna þess að það eru vissir hlutar landsins, sem ekki brjóta l., en ég tel, að það sé lífsnauðsyn fyrir þá að fá breytingar gerðar á l., til þess að atvinnuskilyrði þeirra séu sæmileg.

Við vitum það hér sunnanlands, að það er meira og minna veitt í landhelgi, og skipstjórar hafa hvað eftir annað verið dæmdir í sektir fyrir landhelgisbrot. Sektirnar hafa ekki verið borgaðar. Síðast í vetur var þeim skrifað og hótað, að þeir yrðu settir í fangelsi, ef þeir greiddu ekki. Ég held, að það hafi nú verið hætt við þær framkvæmdir, en þeir voru a. m. k. margir smeykir við þetta, og í sjálfu sér hlýtur öllum að vera það ljóst, að þetta er ekki eðlileg löggjöf. Annað hvort er að haga löggjöfinni þannig og fylgja því eftir, að hún sé ekki brotin eða breyta henni, þannig að það þurfi ekki að brjóta hana.

Ég hef talað mikið um þetta við menn, sem þekkja vel til veiða hér sunnanlands og eins til hrygningarsvæðanna. Þeir telja, að það séu viss svæði, sem ekki sé saknæmt að veiða á nærri ströndinni, en aftur séu önnur svæði, sem sé mjög óhagkvæmt vegna hrygninganna að veiða á. Ég álít, að þetta eigi í samráði við fiskifræðinga að rannsaka og veita skynsamlegar undanþágur fyrir þessum veiðum. Einnig er þetta fyrir Norðurlandi. Sérstaklega er það í minu kjördæmi, að kauptún liggja þó nokkuð langt frá miðunum. Smábátar eiga erfitt með að sækja á miðin, nema þá á vissum árstímum, og ég hygg, að eina ráðið til þess að afla þessum kauptúnum, sem lifa meira og minna á sjávarafla norðanlands, a. m. k. á Norðurlandi vestra, viðurværis, sé að leyfa togveiðar að vissu marki. En ef á að nota 50—100 tonna báta, hafa þeir ekki aðstöðu til að fiska á miklu dýpi. Einkum er það þó, þegar fer að styttast dagur og veður að verða misjöfn, sem þetta er ákaflega örðugt.

Ég er sannfærður um það, að það er að mestu leyti klaufaskapur, að atvinnuástand í sjávarþorpunum á Norðurlandi v. er ekki í lagi, m. a. vegna þess, að við höfum ekki hentugar veiðiaðferðir og hagkvæma skipastærð. Það hefur verið mokað í þessa landshluta mörgum millj. á ári í alls konar beinan og óbeinan stuðning við atvinnureksturinn. Frystihúsunum hefur verið

lánað, bátarnir hafa verið styrktir, fiskurinn hefur verið borgaður hærra verði en útflutningsverðmæti hans er, og ekkert dugir. Og þetta er bara af því, að það er ekki tekið réttum tökum á málinu. Fénu er eytt jafnóðum í hallarekstur, og það er ekkert vit í þessu.

Það er alveg sama, þó að það sé verið að styrkja frystihús með nokkrum hundruð þúsund kr. Þau geta aldrei lifað eða verið rekin á heilbrigðan hátt nema fá hráefni, þannig að þau geti nokkurn veginn staðið undir sér. Ég get bara sagt ykkur dæmi. Það er rækjuveiði núna í Húnaflóa. Það gekk illa fyrst að pilla rækjuna. Þeir, sem við hana unnu, þóttust hafa of lítið kaup, meðan þeir kunnu ekki vinnuna. Þeir sigruðust á þessum örðugleikum á Hólmavík. Þeir unnu rækjuna í fyrravetur. Það bjargaði algerlega atvinnulífinu þar. Stúlkurnar voru farnar að fá 60—70 kr. á tímann, þegar þær voru búnar að æfa sig, farnar að kunna verkið og það, sem meira var, frystihúsið hafði 2 millj., að mér er sagt, upp í sinn rekstrarkostnað fyrir að vinna rækjuna. Hugsið þið ykkur þann mun, ef það hefði ekki haft rækju. Vegna þess að þeir höfðu rækjuna, gat frystihúsið borið sig, annars ekki. En það er þannig, að þau eru fjárvana. Það vantar kapitalið til þess að geta komið hlutunum í lag, sem þarf að vera. Það þarf t. d. að hafa vél til þess að sortera rækjuna. Það er ekki eðlilegt, að fólkið vilji vinna við litlu rækjuna fyrir sama kaup og þá stærri, og hún kostar nú svona 40 þús., og annað það, að kjarkurinn má ekki vera lamaður af rekstrarfjárskorti.

Undirstaðan undir öllu er það, að þeir, sem afla fisksins, eiga fyrst að fá hann borgaðan. Ef einstaklingarnir, sem búa í þessum kauptúnum, hafa ekki efni á því, að hafa fiskvinnslustöðvarnar þannig fjárhagslega stæðar, að þær geti greitt fiskinn jafnóðum, leggja menn þar ekki upp. Ef undanþágur væru leyfðar með togveiði fyrir vissa bátastærð og frystihúsin og/eða fiskvinnslustöðvar væru undirbyggðar þannig fjárhagslega, að þær gætu greitt hráefnið, er ég sannfærður um, að margir togbátar sunnan af landi kæmu norður og öfluðu þar yfir sumartímann. Það hagar þannig til hér á landi, að togveiðar eru hagstæðari fyrir Suðurlandi að vetrinum en mikið hagstæðari fyrir Norðurlandi að sumrinu. Þetta vita allir, sem til þekkja, þannig að það væri mikið hagkvæmara fyrir togbátana að vera fyrir norðan að sumrinu. Þar er miklu meiri fiskur, og hér geta þeir ekki veitt nema upp undir landsteinum að sumrinu, það er vitað mál. Þeir hafa margir sagt mér það. Ég hef spurt þá að því. Því eruð þið að veiða í landhelgi? Þeir segja: Við bara fáum ekkert utan við landhelgina.

Það getur vel verið, að það væri æskilegt að kaupa stóra togara, nýtízkutogara. Ég skal ekki þræta um það. En hitt verðum við alveg að gera okkur ljóst, að þeir bera sig ekki, nema við getum selt fiskinn fyrir svipað verð og nágrannaþjóðir okkar. Bretar gera út frá sinni heimabyggð og þurfa ekki að borga toll. Við þurfum að borgan vissa toll, og við þurfum að hafa þessi viðskiptasambönd í þannig lagi, að við getum selt fyrir svipað nettóverð og þeir, til þess að það beri sig. Ég hef sannar sögur af því, að Bretar hafi engan tekjuafgang af sínum nýtízkutogurum. Þeir gera ekki betur en bera sig, ef þeir gera það. Þess vegna held ég, að fyrir byggðirnar, hin dreifðu þorp og bæjarfélög kringum landið, verði víðast hvar hagkvæmara að hafa togbáta en stór togskip. Og við vitum það, að það eru bátarnir, sem afla fólkinu lífsviðurværis í flestum kauptúnunum. Togararnir gera meira og minna að því að sigla til Bretlands með fiskinn óunninn, en það eru bátarnir, sem leggja upp og skapa vinnuna. Og það er ótrúlega mikil vinna í kringum hvern bát.

Undanþága þessi, sem ég fer fram á að gerð verði, er í þremur liðum. 1. Hafrannsóknastofnunin og Fiskifél. Íslands mæli með því að heimila togveiði og hafi gert till. um takmörkun veiðisvæða og tölu þeirra fiskibáta, sem veita á undanþágu. 2. Sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir þeirra kauptúna eða kaupstaða, sem að veiðisvæðunum liggja, mæli með að veita slíkar undanþágur og lýsi yfir því, að vöntun sé á hráefni vegna atvinnuástands viðkomandi staðar. 3. Að ákveðið sé, þegar bátum er veitt undanþága til togveiða, hvar afli skuli lagður upp til vinnslu og við það miðað, að verkun aflans fari fram, þar sem um atvinnuskort er að ræða.

Ég álít, að í þessum þremur liðum sé tekið það, sem nauðsynlegt er, fram í þessu efni. Í fyrsta lagi það, að þetta er gert í samráði við Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunina, og þess vegna ættu þessar veiðar ekki að vera skaðlegar. Ég hef rætt þetta mál ýtarlega við þá aðila, sem veita þessum stofnunum forstöðu, og frv. var upphaflega flutt í samráði við þá, og ég skil ekki, að skoðun þeirra hafi neitt breytzt síðan ég talaði við þá, þannig að það ættu ekki að vera leyfðar togveiðar annars staðar en þar, sem þeir telja skaðlaust vegna fiskistofnsins.

Ég ræddi ýtarlega um þetta við aðalfiskifræðinginn hjá Hafrannsóknastofnuninni, og hann taldi, að togveiðar væru ekkert skaðlegri en aðrar veiðar. Vitanlega þarf að athuga það að hafa möskvastærðina hæfilega. Hún má ekki vera of lítil. En að öðru leyti taldi hann það, að togveiðar væru á engan hátt skaðlegri fyrir fiskistofninn en aðrar veiðar og ýmsir halda því nú fram, að netaveiði sé hættulegust. Í öðru lagi, á að bera þetta undir sveitar- og bæjarstjórnir þannig, að ef þær óska ekki eftir því, verði þessar veiðar ekki leyfðar. Og í þriðja lagi sé heimilt að setja skilyrði fyrir því, hvar aflann eigi að leggja upp, þannig að þetta ætti að verða til þess að tryggja það, að atvinna héldist sæmileg þar sem togveiðarnar eru leyfðar. Ég álít, að allan þennan atvinnurekstur þurfi að skipuleggja sem bezt. Það þurfa vafalaust að vera einhver takmörk fyrir því, hve mörgum bátum eru leyfðar togveiðar. Þess vegna væri eðlilegt að heimila undanþágu fyrir vissa bátatölu, og í öðru lagi þarf að ákveða veiðisvæðin. Í þriðja lagi er ástæðulaust að bátar séu að veiða með togveiðum, ef forráðamenn sveitarfélaganna telja, að þess sé ekki þörf, það sé hagkvæmara að veiða með öðrum veiðitækjum.

Það, sem veldur því, að hagkvæmara er að

veiða í tog en á línu er m. a. það, að það er hægt að komast af með 5 manna áhöfn á togbát, en til þess að beita og gera út venjulegan línubát af 75—100 tonna stærð, skulum við segja, þarf 11 menn. Það er krafizt þess yfirleitt, að það sé kokkur með, og 5 menn þurfa að beita, og 5 þurfa að vera á bátnum fyrir utan kokkinn. Nú er það orðið svo víða, að það er orðið mjög erfitt að fá menn til að beita, og að sumrinu má heita, að það sé ógerlegt að fá menn til að stunda beitingu. En togveiði norðanlands er einkum hagkvæm að sumrinu og að það skuli vera atvinnuleysi norðanlands er alveg óþarfi, vegna þess að það ætti að vera hægt að veiða nægilega mikið í togbáta, ef vissar undanþágur væru veittar allan tímann, nema um háveturinn. Mér er það alveg ljóst af kynnum mínum af veiðum fyrir norðan, að í febrúarmánuði er um mjög lítinn fisk að ræða þar, og jafnvel fram í marz. En þó að sjómenn hafi frí í 1—2 mánuði yfir háveturinn, kalla ég það ekki atvinnuleysi, ef þeir hafa nóg að gera allan hinn tímann. Og satt að segja álít ég, að sjómönnum veiti ekkert af því að hafa 1—2 mánuði til að hvíla sig á ári.

Í öðru lagi er það, sem togbátar hafa fram yfir báta, sem stunda aðrar veiðar, að það er hægt að stunda togveiðar í 8—10 mánuði árlega, en línuveiðar er tæplega hægt að stunda nema í 3 mánuði. Það er svona frá því í október og fram í janúar. Það er hentugur tími fyrir línubáta fyrir norðan. Hér fyrir sunnan má kannske segja, að væri hægt að stunda línu allan veturinn, en afli er nú oft rýr svona fram eftir. Togbátar hafa mun meiri möguleika til þess að bera sig fjárhagslega en línubátar. Aflinn verður jafnari og það er hægt að leita nýrra leiða til þess að koma verðmæti sjávaraflans í meira verð en oft er gert. Yfirleitt fáum við góðan fisk af togbátum, betri en af netabátum. Og í fjórða lagi álít ég, að togbátarnir hafi það fram yfir línubátana, að það sé eina leiðin til að auka fiskafla verulega í kauptúnum og kaupstöðum á vesturhluta Norðurlands. Ég álít, að það sé eina leiðin.

Nú hefur reynslan sýnt það, að útgerðarmenn hér sunnanlands, og jafnvel hér sunnan til á Vesturlandi, telja, að það sé ógerlegt að gera þessa báta út, nema með togveiðum. Reynslan hefur sýnt þetta, og ég álít ekki sæmandi í raun og veru fyrir Alþ. og ríkisstj. að haga löggjöfinni þannig, að hún sé þverbrotin ár eftir ár. Það má deila um það, hvaða stærð af bátum eigi að veita undanþágu. Ég get vel gengið inn á það, að það ætti að breyta eitthvað þeim stærðarhlutföllum, sem ég legg hér til, en það er aukaatriði. Það væri e. t. v. rétt að miða við 120 tonn, gæti komið til mála að miða við 150 tonn, en það er ekkert aðalatriði. Aðalatriði er, að löggjöfinni sé breytt í það horf, sem skynsamlegt er og hagkvæmt. Og ef, eins og fiskifræðingar telja, það er á engan hátt skaðlegt fyrir fiskistofninn að veiða í tog, sé ég ekki, að það sé nein ástæða til þess að hafa þessar hömlur jafnstrangar og þær eru.

Ég álít, að atvinnuástandið í vissum kauptúnum, m. a. í mínu kjördæmi, sé óviðunandi, eins og nú standa sakir. Ég álít, að þetta sé hagkvæmasta leiðin til að bæta úr því. Vitanlega þurfa að fylgja því aðrar ráðstafanir, eins og ég hef að nokkru leyti drepið á. Það þarf að veita skynsamlegu fjármagni til þessara staða, og það er ekki nóg að veita því þangað. Það þarf að sjá um, að því sé skynsamlega varið. Það þarf að byggja atvinnulífið upp á skynsamlegan og heilbrigðan hátt. Ef það er gert, er enginn vandi að efla atvinnulíf í þessum stöðum og með meiri hráefnisöflun fylgja alls konar framkvæmdir, fólkið sezt þarna að, og það þarf að byggja yfir sig hús. Iðnaður getur vaxið í skjóli aukins hráefnis, og það opnast ótal möguleikar, sem ekki eru fyrir hendi, eins og sakir standa núna. En eitthvað verður að gera, og reynslan hefur sýnt, að undanfarin ár hefur það verið þannig, að það hefur verið lagt fé til þessara staða svo að millj. kr. skiptir, en engan veginn komið að því gagni, sem það hefði getað, ef rétt hefði verið að farið.

Til viðbótar við þetta er það, að þegar deyfð er yfir atvinnulífinu, verður það oft, að framtakssömustu mennirnir flytjast í burtu, og eftir verða þeir, sem minna framtak hafa, þannig að allt miðar í sömu áttina. Það er mikið um það hjá okkur hér úti í dreifbýlinu, að einmitt þeir menn, sem hafa kannske hvað mestar gáfurnar og dugnaðinn, fara í skóla, verða langskólagengnir, og koma aldrei aftur, og það nægir ekki, að þeir flytji hingað suður, þeir fara til annarra landa og setjast þar að. Þetta er ákaflega hættuleg þróun og skaðleg fyrir hinar dreifðu byggðir. Og ég held, að það þurfi að breyta þessum áróðri, þannig að menn fara að sjá, að það er víðar hægt að verða glaður og ánægður og hafa heilbrigða sál í heilbrigðum líkama en hér í höfuðstaðnum. Og satt að segja dreg ég í efa, að þroskaskilyrði ungra manna séu meiri hér en úti á landsbyggðinni. En þetta er að verða eitt allra hættulegasta atriðið fyrir okkur, sem búum úti í dreifbýlinu. Og það, sem þarf að stuðla að, m. a. með skynsamlegri ráðstöfun á fjármagninu, er að gera þessum mönnum, sem eru efnilegir og framgjarnir, kleift að njóta sín úti í dreifbýlinu, og þá þarf að styðja þá fjárhagslega, til þess að þeir geti notið sín annars staðar, en þurfi ekki að flytja hingað, þar sem þéttust er byggðin, eða jafnvel til annarra landa. Það er ekki von, að ungir og efnilegir menn vilji taka að sér að veita fyrirtækjum forstöðu, sem er algerlega vonlaust að reka fjárhagslega, þar sem rekstrarfjárskorturinn er það mikill, að það er engan veginn hægt að snúa sér við. Þetta þarf að skipuleggja og athuga allt saman. Ég gerði mér talsverðar vonir um, að Efnahagsstofnunin eða Jónas Haralz mundi gera till., sem að gagni kæmu í þessum efnum, og ég vona, að hann geri það, en til framkvæmdar er þetta ekki komið enn. En þetta þolir bara ekki bið. Það þarf að rannsaka þessi mál rækilega. Það þarf að athuga, hvað rétt er að gera, og það þarf að veita nægilegt fé til þess, að það sé hægt að framkvæma þá hluti, sem þörf er á, þannig að reksturinn geti borið sig. Og eins og ég tók fram áðan, tel ég, að fyrsta skilyrðið sé, að á einhvern

hátt séu fiskvinnslustöðvarnar efldar þannig, að þær geti staðið í skilum og keypt nauðsynleg tæki til þess að hægt sé að vinna hráefnið á hagkvæman hátt og greiða það skilvíslega. En það hefur vantað mikið á, að þetta yrði. Vera má, ef ekki fást hæfir menn til að veita þessum fyrirtækjum forstöðu, að ríkisvaldið verði að taka þetta í sínar hendur, eða einhver stofnun, sem ríkið á, og reka fyrirtækið. En það er náttúrlega gersamlega ómögulegt að reka atvinnu í neinu byggðarlagi, þar sem ekki eru hæfir menn til að sjá um reksturinn. Enda sjáum við það í þeim byggðarlögum, þar sem eru menn, sem hafa haft sæmilegt lánstraust, þannig að þeir hafa fengið fyrirgreiðslu í bönkunum og hafa hæfileika til að reka hlutina, gengur allt vel, en þar sem þetta vantar, gengur ekki neitt.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til sjútvn. Ég vona, að það verði rætt þar. Ég flutti þetta frv. í fyrra, og það var aldrei afgr. í n. Í sjálfu sér eru það engin vinnubrögð hjá þinginu, þegar komið er með frv., að ræða það ekki og afgreiða það. Ef það eru vitlausar ráðstafanir, sem lagt er til, að gerðar séu, er náttúrlega sjálfsagt að sýna fram á það, hrekja það og fella frv. Það er yfirleitt ákaflega vafasöm regla hjá stjórnarliðum, að þó að einhver úr stjórnarandstöðunni komi með frv., sem eitthvert vit er í, að salta það þá bara, hreyfa því aldrei meira. Það eru ekki þingræðisleg vinnubrögð.

Ég vona því, að þetta frv. verði tekið til athugunar, og verði afgr. í n. Ef ástæða er til að breyta því, sem vel má vera, og ég get vel gengið inn á breytingar á því, er ekki nema sjálfsagt, að þær séu gerðar, en ég álít, að það sé svo aðkallandi að gera ráðstafanir í þessu efni, að það megi ekki dragast lengur. Einn þm. úr stjórnarliðinu sagði mér, að þetta væri í athugun hjá ríkisstj. Það hefur vafalaust verið í athugun áður hjá henni, og ég veit það, að Jónas Haralz slær því fram í Norðurlandsáætluninni, að það geti verið mjög athugandi að leyfa undanþágur fyrir togbáta í landhelgi, en úr framkvæmdum hefur ekki orðið. En ég álít, að þetta megi bara ekki dragast. Þetta er í raun og veru algert siðleysi, hvernig þetta er. Menn þverbrjóta l., menn eru sektaðir, en borga ekki sektirnar. Yfir þeim vofir fangelsi, ef þær verða ekki greiddar, og það ætti öllum að vera ljóst, að þetta hefur ekki hagkvæm áhrif á viðkomandi skipstjóra og útgerðarmenn. Vitað er, að þeir geta ekki borgað sektirnar, og þá er ekkert nema fangelsi, sem bíður þeirra. Og fangelsismál okkar eru ekki í því lagi, að það sé nú rúm fyrir mikinn hluta af skipstjórum á bátum af þessari stærð hér sunnanlands, þannig að það ber allt að sama brunni. Og fyrir okkur, sem búum á Norðurlandinu, a. m. k. vesturhluta Norðurlands, tel ég, að þetta sé alger lífsnauðsyn, til þess að atvinnulíf geti verið í lagi. Ég veit, að þetta horfir allt öðru vísi við fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga. Veiðisvæðið fyrir utan Vestfirði er þannig lagað, að það hentar ekki fyrir togbáta, og það er þá ástæðulaust fyrir þá að stunda togveiðar, og enda þótt þetta frv. yrði samþ., yrði það algerlega undir þeim sjálfum komið, hvort þeir gera það eða gera það ekki. En fyrir sunnan land og norðan álít ég, að það sé nauðsynlegt að gera breyt. á þessum l.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er ekki að ófyrirsynju, að þessu vandamáli, sem hér er á dagskrá, sé hreyft, enda hefur hv. flm., 5. þm. Norðurl. v., gert það áður. Það fer vel á því, að einmitt hann, sem er nafntogaður og atorkusamur útvegsbóndi og hefur þar af leiðandi náin kynni af því, sem hann er hér að fjalla um, skuli flytja þetta mál nú, og ég er honum alveg sammála um, að hvorki ríkisstj. né Alþ. megi koma sér hjá því að taka afstöðu til þessa mikla vandamáls, og því verður ekki á frest skotið lengur.

Landhelgin er ein af okkar dýrmætustu verðmætum, segjum við sjálfir, og við höfum allir verið sammála um að berjast fyrir því að víkka út landhelgina, fá útfærslu hennar sem mesta, og einnig leggjum við mikla fjármuni í að verja landhelgina og þetta er auðvitað frá því grundvallarsjónarmiði, að landhelgina eigum við Íslendingar sjálfir, en þá ber okkur einnig skylda til þess að hagnýta landhelgina sem bezt fyrir núlifandi kynslóð til styrktar okkar eigin efnahagslífi. En við höfum einnig skyldur gagnvart öðrum og skyldu gagnvart komandi kynslóðum að hagnýta landhelgina með þeim hætti, að við ekki göngum of mikið á fiskistofnana, að rányrkjan segi ekki til sín í það ríkum mæli, að þessi fjársjóður gangi til þurrðar, og ekki aðeins gagnvart komandi kynslóðum. Það má segja, að við höfum líka í þessu efni skyldur gagnvart öðrum fiskveiðaþjóðum um að rányrkja ekki fiskistofnana. En engu að síður er það meginsjónarmiðið, að þennan fjársjóð og þau verðmæti, sem í honum felast, landhelginni íslenzku, eigum við og til þess ber okkur skylda, að hún sé á hverjum tíma skynsamlega og réttilega hagnýtt.

Hv. flm. vék að því, að honum hefði verið tjáð, að ríkisstj. hefði þetta mál til athugunar, þetta vandamál, hvernig við bezt getum hagnýtt landhelgina, og það er að sjálfsögðu alveg rétt. Það hefur lengi verið áhyggjuefni innan ríkisstj., það ástand mála, sem nú ríkir á þessu sviði, og ég efast ekki um, að það hafi einnig verið áhyggjuefni innan stjórnarandstöðuflokka jafnt og stjórnarflokkanna. En ég hygg, að það væri, og þess vegna hefur kannske ekki málið komið eins mikið upp á yfirborðið af hálfu ríkisstj., æskilegast, að við reyndum að íhuga þetta vandamál á sem víðtækustum grundvelli, þó með það hiklaust fyrir augum, að einhver afgreiðsla málsins hljótist á þessu þingi, sú bezta, sem við getum komið okkur saman um. Og þá á ég ekki aðeins við það, að það geti orðið sem víðtækast samkomulag milli stjórnarflokka ríkisstj. og stjórnarandstöðu, heldur einnig þingsins í heild, því að við vitum, að þetta vandamál er raunar ekki þannig, að menn greinist í þessa og þessa afstöðu eftir því, hvar í flokki þeir standa, heldur fer það einnig eftir búsetu og hagsmunum hinna einstöku kjördæma. Ég teldi því, að það væri mjög æskileg meðferð á þessu máli, að

það færi á þessu fyrsta stigi til n., án nokkurra verulegra umr., þannig að menn bindi sig ekki um of fyrirfram, áður en það hefur gefizt kostur á því að ræða þessi mál meira á milli flokkanna og reynt hefur verið, eins og reyndar hefur verið í hugum manna innan ríkisstj., að ná einhverri samstöðu um breytingar á framkvæmd þessara mála. Ég er alveg sammála hv. flm. um, að hún getur ekki gengið, eins og verið hefur, framkvæmdin á vissum þáttum í hagnýtingu og gæzlu landhelginnar, en inn í það bætist svo einnig það, sem hann vék mjög ýtarlega að, að við látum kannske fara fram hjá okkur stórkostleg verðmæti og hagnýtum ekki veiðitækni og veiðiaðferðir, sem e. t. v. eru þær hagkvæmustu fyrir okkur á vissum stöðum, en þó er ómögulegt að neita því, að þær hafa alltaf verið mjög umdeildar.

Ég skal þess vegna ekki hafa fleiri orð um þetta, en ég vildi taka undir, að Alþ. á ekki að skjóta sér undan að taka þetta mál til alvarlegrar meðferðar nú, áður en störfum þess lýkur og afgreiða það sem fyrst, en þó þannig, að gefist tóm til þess að ná sem allra breiðastri samstöðu innan þingsins um þetta vandamál. Ég þarf ekki að skýra það fyrir þm., vegna hvers ég óska þess. Það er, held ég, af svo augsýnilegum ástæðum. Við höfum alltaf reynt að ná sem víðtækastri samstöðu í sambandi við löggjöf og framkvæmd, sem er í tengslum við landhelgina og hagnýtingu hennar, og það fer bezt á því, að það verði svo enn, en í dag erum við svo á vegi staddir, að við þurfum að taka höndum saman og leita raunhæfra úrbóta á þessu sviði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meirihl. sjútvn., á þskj. 661, var útbýtt 19. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Söluskattur (frv. BP og JSk).

Á 43. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [80. mál] (þmfrv., A. 164).

Á 50. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 18. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Reykn. að flytja hér frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960 um söluskatt. Brtt. eru í tveimur gr., 1. gr. er um það, að undanþegnar söluskatti séu auk nýmjólkur, sem var undanþegin söluskatti, unnar mjólkurvörur, alls konar kjötvörur og fiskafurðir, nema um veitingasölu sé að ræða. Breytingin er fólgin í því, að við gr. bætist: Unnar mjólkurvörur, alls konar kjötvörur og fiskafurðir.

Árið 1960 var söluskattur lagður á allar mjólkurvörur nema nýmjólk, og allar kjötvörur. Söluskattur þessi er nú 7½%. Allt þetta tímabil hefur ríkið greitt vörur þessar niður meira og minna. Það virðist því vera dálítið skopleg ráðstöfun að skattleggja vörur á þennan hátt, en verja jafnhliða hærri upphæðum til að greiða þá sömu vöru niður. Ríkissjóður getur ekkert hagnazt við slíka tilhögun, en henni fylgja ýmsir ókostir. Í fyrsta lagi aukin og nytjalaus vinna fyrir þá, sem verzla með þessar vörur, við það að reikna út söluskattsupphæðirnar. Í öðru lagi, ólíklegt er, að söluskatturinn innheimtist að fullu frekar en af öðrum vörum. Það má vel vera, að eftirlit hafi verið aukið við innheimtu söluskatts, en í þessu tilfelli er áreiðanlega víst, að hann innheimtist ekki að öllu leyti. Ennfremur bætist þar við freisting manna að verzla utan við eða selja sína vöru utan við verzlanirnar. Ég veit t. d. um ýmsa, sem framleiða fuglakjöt, svínakjöt og hrossakjöt, að það er selt beint frá framleiðandanum til neytendanna, og einmitt söluskatturinn á drjúgan þátt í, að menn freistast til að gera þetta.

Ég get t. d. minnzt á folaldakjötið eða trippakjötið, sem við seljum töluvert mikið af í því kjördæmi, þar sem ég er. Það er sennilega einna mest framleiðslan þar. Þá er það þannig nú, að bændurnir fá ekki nema 16—17 kr. fyrir kg. miðað við áætlað verð, þannig að fyrir folald, sem vegur 70 kg, sem er algengast, fá bændur ca. 1000 kr. Þetta fá bændurnir í áætluðu verði, þegar búið er að draga frá sláturkostnað, kjötpoka og annað slíkt. En í smásölu er þetta selt hér beinlaus biti sennilega frá 100—150 kr., en kjötsalar hafa sagt mér, að þegar búið er að salta það ofan í tunnur, sem þeir geta ekki selt beint í steikur, selja þeir það á ca. 40 kr. Bóndinn fær núna samkv. áætluðu verði 16—17 kr. fyrir kg. Vera má, að það verði einhverjar uppbætur, en sannleikurinn er sá, að í þessu efni er dreifingarkostnaðurinn orðinn það mikill, því að það hefur ekkert eftirlit verið með þessu og ekki verið ákveðið neitt hámarksverð, að ég get hugsað mér, að meðaltalssmásöluverð á folalda- og trippakjöti sé um 50 kr. á kg., ef það er selt í smásölu út úr búð. Og miðað við það er kjöt af folaldi, sem vegur 70 kg, selt í smásölu á 3500 kr. Söluskattur af því, 7½%, er hátt á 3. hundrað kr., þannig að miðað við það verð, sem bóndinn fær, sem er óvenju lágt, vegna þess að smásöludreifingin er búin að skaða framleiðendurna. Hún hefur verið of dýr, fer svona ca. 20—25% af þeim peningum, sem bóndinn fær, bara í söluskatt. En miðað við lambakjöt, sem er nú greitt niður allmikið, fer svona 80 kr. af hverjum lambsskrokk í söluskatt.

Nú væri þetta kannske allt í lagi, ef þetta væri ekki hreinn kjánaháttur, fyrst að innheimta söluskattinn og svo að endurgreiða hann með hærri niðurgreiðslum, því að það er ákveðið verð, sem bóndinn á að fá. Og þið þurfið ekki að ímynda ykkur það, jafnvel þó að við gerum ráð fyrir, að það sé ekki mjög mikið dregið und-

an hjá kjötsölunum, og ef til vill haft eitthvert eftirlit með því frekar en ýmsum öðrum vörum, að þetta toppinnheimtist. Þetta er því ekkert nema hreinn kjánaskapur með vörur, sem ríkið greiðir svo niður meira og minna bæði í niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum. Þetta er ekkert nema aukin vinna. Verzlanirnar þurfa meira rekstrarfé, vegna þess að þær þurfa að greiða söluskattinn. Ég get vel hugsað mér, að það mætti lækka dreifingarkostnaðinn um 1—2% hjá kjötsölunum, ef þeir væru losaðir við þessa vinnu og þá ábyrgð, sem fylgir innheimtunni á þessum háa skatti. En ég get ekki séð neitt unnið við að leggja skatt á kjötvörurnar og endurgreiða hann svo og mikið meira.

Það getur alltaf komið fyrir, að það verði einhver mistök á lagasmíð, og það er ekkert sérstakt við það að athuga með lög, sem sett eru á, eins og t. d. um söluskattinn, sem settur var á rétt allar vörur, þó að það komi í ljós, að hagkvæmt sé að undanþiggja einhverjar vörur síðar, sem ekki er gert í byrjun. En aðalatriðið er, að það sé gert, ef hagkvæmt er að gera það og það sé gert í tíma.

Það er ljóst, að ef smásöludreifingin á hrossakjöti verður eins og hefur verið þetta ár, eru framleiðendur neyddir til þess að hætta að leggja sitt hrossakjöt inn í verzlanirnar, og hætta að nota það dreifingarkerfi, sem nú er. Við erum algerlega tilneyddir að reyna að fara að slátra hrossunum sjálfir og selja kjötið beint til neytendanna, og það er óhagkvæmt að ýmsu leyti, m. a. minni vöruvöndun og hreint neyðarúrræði að þurfa þess, enda bannað í l., en það getur skeð, að það verði að brjóta þessi lög, eins og menn brjóta togveiðilöggjöfina hér sunnanlands. Það er útilokað að eiga hross upp á það að hafa dreifingarkerfið eins og það er í dag, þennan háa söluskatt og þessa háu álagningu. Það er útilokað, ef ekki verður nein breyting gerð á í þessu efni viðvíkjandi dreifingarkostnaði á þessari kjöttegund og söluskattinum, sem leggst beint á framleiðendurna og neytandann, því að það eru ekki neinar niðurgreiðslur á folaldakjöti, sem mest er verzlað með utan við verzlanirnar, einmitt af því að söluskattur er lagður á. Ég álít hagkvæmt að taka þetta til athugunar nú, því að nú eru líkur til, vegna gengisbreytingar, að vöruverð hækki, þrátt fyrir það þó að allt verði gert, sem unnt er til þess að halda vöruverðinu niðri með lægri álagningu og ég efast ekkert um, að það verði reynt til að vísitalan hækki ekki, þá verður það aldrei hægt til fulls, og það er því sérstaklega tímabært nú að reyna að gera þessar höfuðneyzluvörur eins og kjöt og fisk sem ódýrastar, og ríkissjóður vinnur þetta algerlega upp, ef hægt er að halda vísitölunni eitthvað niðri með því að lækka þessa skatta.

Viðvíkjandi fiskinum eru þeir gallar, sem fylgja því að leggja söluskatt á fisk í aðalatriðum þessir: Allmargir borgarar fá fiskinn frá fyrstu hendi og þurfa ekki að kaupa hann gegnum smásölu, en aðstaða manna er misjöfn til þess að geta þetta, þeim mun minni sem bæirnir eru stærri og það veldur því, að þarna búa menn við dálítið misjöfn kjör. Ég er ekki að telja það eftir, þó að sumir geti fengið fiskinn beint frá fyrstu hendi, fengið hann ódýrari, það er langt frá því. En þetta er þannig í okkar þjóðfélagi, að menn hafa misjafna aðstöðu til þess að kaupa beint frá sjómanninum. Og í öðru lagi, söluskattur á fiski veldur tilfinnanlegri hækkun á almennri neyzluvöru og hækkar þá framfærsluvísitöluna. Það á sinn þátt í að hækka starfslaun hjá ríki og atvinnurekendum. Á það má ennfremur benda, að sérstök ástæða er til að draga sem mest úr hækkun neyzluvara vegna gengislækkunarinnar.

Ég stórefa það, að ríkissjóður tapi við að fella niður söluskatt á kjöti og kjötvörum, vegna þess að hann getur lækkað niðurgreiðslurnar jafnmikið, og eitthvað tapast í leiðinni, þannig að þann söluskatt, sem hann hefur upp úr hrossakjöti og eitthvað örlítið upp úr svínakjöti og fuglakjöti, sem selt er að mestu beint til neytenda og er ekki borgaður neinn söluskattur af, vinnur hann upp á því, sem tapast í leiðinni við innheimtuna á söluskattinum, þannig að það er ekkert tjón fyrir ríkið að fella niður söluskattinn af kjötinu. Af fiski dreg ég í efa, að sé nokkurt tjón, vegna þess að lækkun fiskverðsins á dálítinn þátt í að halda niðri vísitölunni, og þess vegna hygg ég, að ríkissjóður tapi engu á því. Svo er það orðið þannig nú með fiskinn, að í smásölunni er hann orðinn svo dýr, að fólk gerir allt, sem það getur til þess að kaupa hann beint frá bátunum. Skilyrði fólks til þess að geta það hafa batnað við það, að nú eru komnar frystikistur, sem fólkið getur geymt í fiskinn. Þetta munar miklu á verði. Í smásölu í verzlununum er fiskur seldur á 25—26 kr. kg. Sjómaðurinn fær 6—7 kr. fyrir hann slægðan, þannig að þetta er allt að því fjórfalt verð. Og söluskatturinn á sinn þátt í því að hækka þetta. Það er ógerlegt fyrir fisksala að keppa við þá, sem geta selt hann milliliðalaust. Söluskattur á 25 kr. er allt að því 2 kr. Það á sinn þátt í því að hækka fiskverðið, þannig að ef þessi hái dreifingarkostnaður heldur áfram og söluskattur ofan á það, fara menn að gera allt sem þeir geta, til þess að fara í þá staði, sem fisksins er aflað og kaupa beint, og er ekkert vit í öðru en gera það. En það verður ekki reiknað út í vísitöluna. Það kemur ekki ríkissjóði til góða, þannig að ég er sannfærður um, að þó að ríkisstj. gangist inn á það að fella söluskatt niður af fiski, þá er það ekki tjón fyrir ríkissjóð.

Vitanlega er ekki nema eðlilegt, þegar að fólki þrengir með tekjur, að það geri allt, sem unnt er til þess að kaupa vöruna á sem hagkvæmustu verði og ekki nema sjálfsagt að það geri það. Þess vegna er þessi skattálagning hrein vitleysa, og á að afnema hana. Þetta er tvímælalaust hagkvæmt fyrir framleiðendurna.

Sá söluskattur, sem borgaður er af því kjöti, sem ekki er um niðurgreiðslur að ræða á, er tekinn beint af framleiðendunum, en þetta auðveldar verzlunarfyrirtækjum bænda dreifingarkostnaðinn og gerir hann þess vegna minni. Okkur þykir dreifingarkostnaðurinn mikill hér á landi, en það er misskilningur, að hann sé meiri en annars staðar. Ég hygg, að dreifingarkostnað-

ur hér sé lítill miðað við það, sem gerist hjá öðrum þjóðum, og e. t. v. eru ýmsar ástæður, sem því valda. En ég efa það ekki, að sölufélög bændanna hafa átt sinn þátt í að gera hann minni og er vel, að það er. En jafnvel þótt við höfum minni dreifingarkostnað af mjólk og kjötvörum en ýmsar aðrar þjóðir, réttlætir það ekki, að við gerum ekki allt, sem unnt er, til að halda þessum kostnaði niðri, því að það er hagnaður fyrir bæði framleiðandann og neytandann.

Breytingin á 2. gr. er um það, að iðgjaldagreiðslur af fiskiskipum falli niður. Þegar við lögðum þetta frv. fram, lá ekki fyrir neitt um, að þetta yrði gert, en við afgreiðslu fjárl. kom það fram, að ríkisstj. ætlaði að gera þetta, og síðar hefur það verið endurtekið. Frv. um þetta veit ég ekki til að sé komið fram. Vafalaust leggur ríkisstj. slíkt frv. fram, því að ég geri ekki ráð fyrir, að hún noti það frv., sem við komum með. Við eigum því yfirleitt ekki að venjast í stjórnarandstöðunni, þó að við komum nú með eitthvað, sem vit er í, sem við Jón Skaftason gerum ævinlega, að það sé samþ., en það gerir út af fyrir sig ekkert til, og við erum ekkert sárir yfir því. Aðalatriðið er, að það, sem rangt er, sé lagfært, og ég er þakklátur ríkisstj. fyrir að vera loksins búin að sjá, að þessi skattur er vitleysa, og ætla að afnema hann.

Ég ræddi um þetta hér í vetur einhvern tíma, hvað þetta væri fáránlegur skattur, því að það er þannig, að með þessum skatti er óheppnin skattlögð, því að það eru allt að því tvöfalt hærri iðgjöld af fiskiskipum, sem hafa orðið fyrir óhöppum en hinum, sem ekki hafa orðið fyrir neinum óhöppum, þannig að hjá þeim, sem hafa orðið fyrir óhöppum, eru iðgjöldin komin allt upp í 10% af matsverði skipanna. Það er beinlínis verið að skattleggja óhöppin og slíkt er fáránleg löggjöf, og það er furðulegt að í 8 ár hefur ríkisstj. notað það skattkerfi að skattleggja óhöpp manna. En loksins eftir 8 ára vitlausa skattalöggjöf, hvað þetta snertir, sér hún að sér. Og það er raunar ekki af því, að hæstv. ríkisstj. hafi séð að sér, heldur af því að tryggingafélögin voru komin í það mikil vandræði. Þetta átti m. a. þátt í því, að þeir, sem urðu fyrir mestu óhöppunum, urðu að borga hæstu iðgjöldin, og þeir þurftu að borga tryggingafélögunum mikið fé umfram það, sem kemur úr þessum sameiginlega sjóði og voru farnir að skulda þeim mikið, svo að þetta átti sinn þátt í að þrengja svo að tryggingafélögunum, að við höfum engar tjónabætur getað innheimt s. l. ár, og jafnvel ekki þar á undan heldur. Tryggingafélögin eru fjárvana. Úr þessu á nú eitthvað að rætast. Ég er út af fyrir sig þakklátur fyrir það. Ég skal ekki fjölyrða mikið um þetta atriði, af því að ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. standi við þá yfirlýsingu sína, að þetta gjald verði fellt niður.

Við fórum ekki inn á fleiri atriði viðvíkjandi söluskattinum. En mér þykir rétt þar fyrir að benda á eitt atriði enn, sem viturlegt væri að breyta viðvíkjandi söluskattinum. Annars er söluskatturinn vandræðaskattur, og hefur leitt marga góða stuðningsmenn ríkisstj. í freistni, jafnvel svo að þeir verða að fara í tugthúsið fyrir hann, og er satt að segja hálfilla með verzlunarstéttina farið að leiða hana þannig í freistni og fangelsa þá og sekta. Svo loksins, þegar þeir eru búnir að yfirstíga þessi mestu ár freistninnar, er hert svo að þeim með álagningu, að smásalarnir segjast flosna upp, ef því heldur áfram. En hvað um það. Það kemur mér nú ekki nema takmarkað við.

En það er eitt atriði enn, sem væri viturlegt að afnema söluskatt á, og það er vinna á bílaviðgerðarverkstæðum, vegna þess að það eru ekki nema þau verkstæði, sem hafa bókhald í lagi, sem borga réttan söluskatt. Það er geysilega mikið um það, að alls konar smáverkstæði komist hjá því að borga söluskatt, og þar með telja menn ekki rétt fram sínar tekjur. Sá söluskattur innheimtist illa og ranglátlega, sem er lagður á bílaviðgerðarverkstæði, og þar að auki er hann í meðallagi sanngjarn, vegna þess að bílarnir eru skattlagðir svo óhóflega, að það nær í raun og veru engri átt. Það vilja allir eiga bíl í landi, þar sem hestarnir eru að mestu horfnir, t. d. úr sveitunum. Það er aðallega orðið sport, hestaeignin, og við höfum engin önnur tæki til að ferðast með en bíla, og þá er þetta ekki orðinn neinn lúxus að eiga bíl. Það er í raun og veru nauðsyn fyrir hvert heimili.

Ég er ekki að segja, að það sé þörf á því fyrir alla unglinga, sem eru að reyna að kaupa bíla. En það má segja, að það sé allt að því nauðsynlegt fyrir hvert heimili að eiga bíl, og þá er það dálítið vafasamt að bæta svona ofan á öll innflutningsgjöld, benzínskatt og allt slíkt, 7½% söluskatti á alla viðgerðarþjónustu, sem er fulldýr fyrir. Og þetta er þung byrði fyrir mörg heimili, bæði í sveit og í kauptúnunum, og satt að segja, þó að við höfum ekki tekið þetta inn í þetta frv., vildi ég benda ríkisstj. á það í leiðinni, því að við vitum að það er nú ekki hægt að koma neinu fram nema ríkisstj. vilji það, hvort það væri nú ekki athugandi að létta þessum skatti af bíleigendum, sem maður getur sagt, að snerti auðvitað allar stéttir.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Áður en þetta frv. var tekið til umr., kom fyrri flm. til mín og bað mig um að hlusta á framsöguræðuna fyrir frv., og það hefði ég nú sennilega gert, þótt ég hefði ekki verið beðinn um það, því að það er oft uppbyggilegt að hlusta á þennan hv. þm. En ég ætla nú ekkert að fara að gerast sérstaklega talsmaður fyrir þessu frv. og ekki heldur að mæla gegn því sérstaklega. Ég get tekið undir með hv. 1. flm. um það, að það væri vitanlega æskilegt að leggja niður söluskattinn. Það væri æskilegt, ef við gætum lagt niður flestalla skatta og búið í skattlausu landi og notið þeirra tekna, sem við öflum, án þess að láta af því nokkuð í ríkissjóð. En það er nú annað mál. Þetta frv. leggur nú ekki það til, heldur það, að söluskattur verði afnuminn af fiski og landbúnaðarvörum, vinnsluvörum úr mjólk og af kjöti. Það er ekki greiddur söluskattur af nýmjólkinni, eins og kunnugt er.

Mér virtist gæta lítils háttar misskilnings hjá

hv. ræðumanni, þegar hann var að tala um söluskattinn. Annars vegar gaf hann það í skyn, að þetta væri nú eiginlega slæmt fyrir bændur, að söluskatturinn væri og hins vegar, að það væri slæmt fyrir neytendur. Það væri þess vegna gott að losna við hann. En hv. ræðumaður fullyrti rétt á eftir, að ríkissjóður hefði engan hagnað af þessum skatti, vegna þess að hann greiddi niður vöruna. Og ef þetta er rétt ályktað hjá hv. þm., gætu neytendur ekki tapað, þótt söluskatturinn sé á vörunni og bændurnir ekki heldur, vegna þess að varan á að seljast þá alveg eins vel, þótt það sé innheimtur söluskattur, ef hún er lækkuð, sem því nemur, með niðurgreiðslu úr ríkissjóði. En þá má segja, að það sé kannske eðlilegt, að þm. haldi því fram, að það sé til lítils barizt, ef þetta jafnar sig alveg upp, því að það má reikna með því, að þegar söluskatturinn var ákveðinn á þessum vörum, hafi verið ætlazt til þess, að það yrði eitthvað meira, sem kæmi í ríkissjóðinn. Það dæmi hef ég ekki reiknað, og vil ekkert fullyrða um það, hvernig það kæmi út, ef það væri reiknað endanlega. En ástæðan til þess, að ég sá nú ástæðu til að segja hérna nokkur orð, var sérstaklega vegna fullyrðingar hv. þm. um það, að bændur mundu ekki fara að lögum, ef söluskatturinn væri innheimtur áfram. Þarna er ég á allt öðru máli. Ég held, að bændur fari að lögum, jafnvel þótt þeir vildu losna við söluskattinn, og eftir að lög voru samþ. 1965 um sláturhús og meðferð sláturafurða, er algerlega bannað að slátra heima til sölu. Það verður að slátra í sláturhúsum, sem hafa fengið viðurkenningu dýralækna og landbrn., og ég er alveg sannfærður um það, að það munu bændur gera og með því að gera það, er sala beint frá bændum til neytenda alveg útilokuð, og ég held, að bændur hafi ekki tilhneigingu til þess að gera þetta, því að þeir eru löghlýðnir og það er ekki viðeigandi að halda þessu fram. Hv. þm. talaði um folaldakjötið, það væri kannske helzt það, sem bændur reyndu að selja beint til neytenda. En vegna þess að það verður að slátra fölöldunum í sláturhúsunum og bein sala er bönnuð, á þetta ekki heldur að koma til. Og það er meira en söluskatturinn, sem dregst undan, ef selt er beint, það er skattur til Búnaðarmálasjóðs, Bændahallarinnar og stofnlánadeildar landbúnaðarins. Og ég er sannfærður um það, að yfirleitt eru bændur svo heiðarlegir, að þeir vilja ekki standa í því að svíkja þetta, auk þess, sem það brýtur alveg í bága við heilbrigðislöggjöfina að slátra utan við sláturhús, sem eru viðurkennd. Og ég vil, að þetta komi fram hér í hv. Alþ., þegar því er dróttað að bændum, að þeir muni brjóta löggjöfina þannig margvíslega, að ég tel, að þeir muni ekki gera það og bændur eigi ekki skilið að fá þessar aðdróttanir. Það má vera, að þetta hefði farið fram hjá mönnum, þótt því hefði ekki verið mótmælt og þetta gerði ekki til, en það er algerlega ástæðulaust að hlusta á þetta og láta því vera ómótmælt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi taka undir það, sem hér kom fram hjá 1. flm. þessa frv. um aðalefni þess. Ég er frv. samþykkur í öllum aðalatriðum, ég álít, að innheimta á söluskatti, af þeim viðskiptum, sem upp eru talin í þessu frv., sé alveg fráleit.

Ég vil minna á það í þessum efnum, að við Alþb.menn höfum flutt hér nokkrum sinnum á Alþ. till. um það að lækka söluskattinn eða afnema hann með öllu á ýmsum greinum, og það er enginn vafi á því, að það er réttmætt að fella niður söluskattinn, a. m. k. á því, sem þetta frv. fjallar um. Það er rétt, að menn hafi það í huga, að þegar söluskatturinn var aftur lagður á í smásölu á sínum tíma, var hann tiltölulega lágur og var alltaf sagt, að hann yrði mjög lágur, eða rétt í kringum 3%. En síðan hefur söluskatturinn jafnt og þétt verið hækkaður úr 3% upp í 5½% og síðan upp í 7½%, eins og hann er nú, ásamt svo söluskattinum af innfluttum vörum. Og það er því komið þannig, að á brýnustu lífsnauðsynjum t. d. eins og fiski, sem menn kaupa svo að segja daglega í matinn, eða ýmsum kjötvörum, er innheimtur 7½% söluskatturinn jafnt og þétt verið hækkaður úr 3% azt, eins og menn vita, í meðförum þeirra, sem hafa með fiskinn að gera til sölumeðferðar, frá því verði, sem annars er skráð til fiskimannanna eða fiskibátanna, sjá menn það, að 7½% söluskattur er orðinn talsvert mikill skattur á hverju kg.

Nú liggur auðvitað fyrir, að fiskverð hækkar. Það hefur þegar verið tilkynnt, að fiskverð muni almennt hækka um 10%, og þó er búizt við því, að fiskverðið hækki nokkru meira á úrvalsfiski, einmitt þeim fiski, sem aðallega fer til neyzlu innanlands. Það stendur því auðvitað fyrir dyrum almenn hækkun á þessum lífsnauðsynjum almennings, fiski, og á svo að leggja ennþá hærri söluskatt á fiskinn en gert hefur verið, í krafti þess, að það á að innheimta þar 7½%? Ég álít, að einmitt núna, eins og á stendur, væri rétt að horfast í augu við þennan vanda og fella niður söluskattinn, t. d. af fiski, sem seldur er hér á innanlandsmarkaði, fella niður þennan 7½% skatt. Og nákvæmlega það sama tel ég, að eigi að gera varðandi kjötvörur, sem hér eru seldar. Það sjá auðvitað allir, að það er auðvitað hreinasta vitleysa að vera að leggja þennn skatt á í þeim tilfellum, þar sem um er að ræða niðurgreiðslu á verðlaginu frá hálfu ríkisins. Þá er þarna aðeins um óþarfa vinnu að ræða, sem allar líkur eru einmitt til, að leiði til meiri verðlækkunar hjá almenningi en sem nemur tekjuaukanum hjá ríkinu af þessum skatti. En svo ber auðvitað einnig þess að gæta, eins og hér hefur komið fram, að hér er um að ræða þó nokkrar kjötvörutegundir, sem ekki eru greiddar niður og hafa alltaf átt hér í vök að verjast á markaði, vegna þess að þær hafa ekki notið neinnar niðurgreiðslu, eins og t. d. aðalkjötvörurnar, sauðfjárafurðirnar, og af þeim ástæðum er auðvitað ennþá minni ástæða til þess að fara að skattleggja þær í sölumeðferðinni sérstaklega með þessum söluskatti í smásölunni. Þessi skattur á því að leggjast niður að mínum dómi. Og eins og nú er ástatt með þróun verðlagsmála og útlitið er í kaupgjalds-

og kjaramálum er sérstök ástæða til þess nú að undirstrika það, að nú væri réttmætt að nota tækifærið til að fella þennan skatt niður, hann getur ekki skipt ríkissjóð verulega miklu máli, og talsverð hætta er á því, að allmikið af þessum skatti skili sér aldrei til ríkissjóðs. Það eru einmitt þannig aðilar í ýmsum tilfellum, sem hafa þau viðskipti með höndum og eiga að greiða þennan skatt, að það verður að teljast mjög vafasamt, að hann skili sér alla leið til ríkisins.

Ég er einnig samþykkur því ákvæði í þessu frv. að leggja það til, að söluskatturinn verði felldur niður af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa. Það hefur í rauninni alltaf verið alveg furðulegt að innheimta þennan söluskatt af vátryggingariðgjöldunum á sama tíma, sem það hefur svo verið hér í l., að ríkið hefur þar hlaupið undir bagga að verulegu leyti um langan tíma, eða a. m. k. með alveg ákveðinni aðferð. Það má vera, að ætlunin sé að fella niður þann söluskatt, og þá er það gott út af fyrir sig, en það er ekki nægilegt. Það á að fella niður söluskattinn í öllum þeim greinum, sem fjallað er um í þessu frv., og þyrfti einnig að bæta við ýmsum fleirum.

Aðalatriði þessa máls er ekki það, sem mér fannst, að hér kæmi fram í ræðu hæstv. landbrh., hvort bændur hefðu hér hagsmuna að gæta eða neytendur. Ég hygg nú, að hagsmunir þessara aðila fari nokkuð mikið saman, og veit ekki annað betur en launakjör bænda séu miðuð við launakjör þeirra, sem algengast er að kalla neytendur eða launafólk í landinu, svo að það fer mjög saman. Og auðvitað á þessi skattlagning engan rétt á sér, jafnvel þó að það sé hægt að segja við bændur — ja, þó að þessi vara hækki nú í útsölu vegna söluskattsins, verður tekið tillit til þess í verðútreikningnum annars staðar, og þetta fellur ekki á ykkur sem bændur sérstaklega. — Það eru vitanlega engin rök fyrir þessum skatti. Hér er aðeins um það að ræða, hvort ástæða sé til að leggja þennan skatt á þessar brýnustu nauðsynjar almennings í landinu. Er ástæða til þess, og er það hagkvæm innheimtuaðferð í sambandi við tekjur ríkisins að hafa þennan skatt á þessum vörum? Ef talið er, að það muni eitthvað verulega um söluskatt í þessum tilfellum á þessum vörum, er þá ekki til einhver önnur tekjuleið fyrir ríkissjóð, sem er frambærilegri en að leggja söluskatt á þessar vörur, sem hér er um að ræða. Það held ég. Ég held, að það sé ekki mikill vandi að finna tekjustofna, sem væru réttlátari.

Ég vil fyrir mitt leyti mæla með þessu frv. og vænta þess, að hæstv. ríkisstj. íhugi það nú alveg sérstaklega, eins og nú er ástatt hér í verðlagsmálum og kaupgjaldsmálum, hvort ekki sé hægt að mæta þeim óskum, sem fram koma í þessu frv. og fella niður söluskattinn a. m. k. að þessu leyti.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Það er leiðinlegt, að landbrh. er farinn út. Ég ætlaði að svara örfáum atriðum, sem hann benti á. Það er ekki karlmannlegt að hlaupa af fundi, þegar á að svara og ólíkt hæstv. landbrh. Hæstv. ráðh. var að reyna að fetta fingur út í það, að ég teldi, að þetta væru jöfn viðskipti, ríkissjóður tapaði engu á að fella þennan skatt niður, þannig að það skipti ekki máli með söluskattinn á kjötið, — nú, hæstv. ráðh. er kominn —, þetta skipti engu máli, hvorki fyrir neytendur eða framleiðendur eða ríkissjóð. Ég benti jú á það, en tók ýmislegt fram, sem væri neikvætt við að hafa þennan skatt. En nú vil ég stinga upp á einu við hæstv. ráðh. og það er, að við förum að eiga svoleiðis viðskipti daglega, að ég borga honum 100 kr. í smámynt á hverjum degi og svo borgi hann mér þær aftur daginn eftir. Ætli hæstv. ráðh. yrði ekki leiður á þessum viðskiptum? Þetta væri eins og Bakkabræður væru að eiga viðskipti, við þekkjum sögurnar um þá. Þannig eru viðskiptin með söluskattinn á kjötinu, þetta er kleppsvinna. Fyrst eru menn píndir til að greiða þetta gjald, svo er það endurgreitt aftur af ríkissjóði. Auðvitað týnist alltaf eitthvað í leiðinni, eins og mundi vafalaust gerast hjá mér og hæstv. landbrh., ef við værum að dingla með 100 kr. af smámynt í vasanum og telja þetta daglega, skatturinn er tóm vitleysa. En hann er meira en það, hann er ranglátur líka, því að það eru ekki greiddar niður allar kjöttegundir, og þá kemur hann ranglátlega niður. Hvorugur aðilinn græðir, en svo eru ýmis atriði í kringum þetta, sem eru skaðleg, m. a. það, sem ég vildi leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, að þetta stórhækkar verðið á vörunni, bæði mjólkurvörum og kjötvörum. Og hærra verð þýðir, að minna er keypt, og þá þarf að flytja það út. og þá fyrir enn lægra verð, og þá verður ríkissjóður að greiða enn meira með því eða framleiðandinn fær ekki það, sem hann á að fá, annað hvort. Og þetta er ekkert lítill liður. Hvað haldið þið t. d., að það sé mikið, sem leggst á ostana, sem er dýr vara? Holl og góð vara, en þetta verður allt saman til að hækka verðið og draga úr sölu og sérstaklega mun þess gæta núna, þegar erfiðleikar eru í atvinnulífi og tekjur fólksins mjög takmarkaðar. Það er reynt að spara allt, sem hægt er. Við sáum það á smjörinu, þegar það var komið í 130 kr. kg. Það var hætt að kaupa það. Smyglið jókst, notkunin minnkaði. Þegar það var lækkað ofan í 60—70 kr., var farið að kaupa það, þá seldist það upp. Þetta er ekki lítið atriði. Það er meira en þetta sé fíflaskapur að vera að greiða þetta fyrst í ríkissjóð og síðan aftur úr ríkissjóði, þetta hefur neikvæð áhrif á markaðinn fyrir vörurnar og eykur smyglhættu. Við vitum, að það var farið að smygla töluverðu af smjöri og kjöti jafnvel líka. Ég skal ekki segja, hvort það er nú, því að menn eru hræddir við að sjúkdómar berist með því, a. m. k. frá vissum löndum, en þetta er stórt atriði. Og við verðum að athuga það bændurnir, að það er ekki nóg að hækka og hækka vöruna, það þarf að vera einhver til að kaupa hana. Ég hef ekki verið meiri kröfumaður fyrir bændur en aðrir, og ekki farið fram á ósanngjarna hluti fyrir þá, eftir því sem ég hef álitið. En ég veit, að þeir þurfa að lifa eins og aðrir menn, og það er ekki nóg að hækka allt og hækka,

það þurfa einhverjir að geta keypt. Það er alveg eins og vaxtakenning hæstv. landbrh. og ríkisstj. Þeir héldu því fram, að það væri alveg sama, þó að vextir af stofnlánum hækkuðu, bændur fengju bara þeim mun meira fyrir afurðirnar. En það eru bara ekki alveg jöfn viðskipti, því að það er þeim mun minna keypt, eftir því sem varan hækkar. Og í 8 ár eru þeir búnir að reka þessa vitlausu vaxtapólitík, og ég veit ekki, hvort þeir eru búnir að koma auga á ennþá, að hún er vitlaus. Hvað ætli það hafi þýtt fyrir sjávarútveginn, þessi vaxtahækkun? Þetta hefur átt sinn þátt í að auka verðbólguna, en ekkert jákvætt verið við það, alveg eins og það er ekkert jákvætt við að leggja þennan skatt á kjötið. En það er mikið neikvætt við það.

Það er alveg rétt hjá hæstv. landbrh., að með því að selja beint frá framleiðendum til neytenda, sleppum við við Bændahallargjald og gjald í stofnlánasjóðinn. Og þetta eru 2% samanlagt, heildargjöldin, og gjald til Stéttarsambandsins. Þetta er nú þessi þokki, sem er búið að hlaða á okkur. Það er 9½%, sem er tekið, eða 2% í þessa smáhluti og síðan 7½% í söluskattinn. Það er 10%, sem lagt er á toppinn. Fyrir foraldsskrokk, sem seldur er á 3500 kr., er það 350 kr., og fyrir lambsskrokk, sem er seldur á svona ca. 1200 kr., er það 90 kr. Þetta er búið að bæta á vöruna. Hvað haldið þið, að þetta hafi neikvæð áhrif fyrir markaðinn? Það stórdregur úr sölunni.

Viðvíkjandi því, að ég hafi verið að gera lítið úr bændum eða telja þá einhverja væntanlega lögbrjóta, ef þeir færu að slátra heima. Ég veit það vel, að það er bannað að slátra heima. En það er bara svo, að með svona vitlausum ráðstöfunum eru menn neyddir til þess. Hæstv. landbrh. virtist nú ekki vera fróður í þessu efni, vegna þess að í stórum stíl var slátrað heima og selt neytendum s. l. haust. Hæstv. ráðh. hefur bara ekki hugmynd um þetta. Og þeir fengu 30—35 kr. fyrir kg. þeir, sem gerðu þetta, og borguðu enga skatta. Hinir, sem eru að basla við að leggja inn í kaupfélögin, a. m. k. hjá mér, fá 17 kr. strax, og ég veit ekki, hvort við fáum nokkurn tíma meira, ef til vill eru 5 kr. í viðbót. Ég kalla þetta sjálfsbjargarviðleitni, en ekki lögbrot, ef menn fara þessa leið. Og ég tel það hól um menn en ekki last, og það er alveg eins gott fyrir okkur að skjóta foröldin úti um móana og láta þau liggja, eins og vera að basla við að slátra þeim fyrir 1000 kr.

Það, sem stórdró úr, að menn fækkuðu hrossunum í haust, þó að margir væru heylitlir, var það, að þeir fengu ekkert fyrir þau. En ef þessu fer fram með þessa söludreifingu og þessa skattálagningu á kjötvörur, sem ekkert eru greiddar niður, eins og hrossakjötið, er bezt fyrir bændur að skjóta hrossin niður í móana og lofa þeim að fúna eða hafa þau í áburð í flögin, það skiptir ekki máli. Það getur enginn maður framleitt af neinu viti hrossakjöt og fá svona 1000 kr. fyrir folaldið.

Ég held, að hæstv. ráðh. fylgist ekki alveg með þeim breytingum, sem eru að verða, en þar sem hann hefur verið kaupfélagsstjóri hélt ég, að hann skildi þetta betur en almenningur og ætti að vera það ljósara, af því að hann hefur fengizt við þetta. Ég tel það ekki neinum manni til hóls að hlýða endalaust ranglátum lögum. Ég tel það honum til skammar. Það er sjálfsagt, ef lög eru vitlaus og ranglát, að brjóta þau niður með því að fara ekki eftir þeim. Og það er ekki nein glæpamennska. Og hæstv. ráðh. þyrfti að hafa vaktmann á Holtavörðuheiði til þess að gá að, hvað er á bílunum, vita, hvort það færi ekki einhver kroppur þar yfir næsta haust, sem ekki væri slátrað í sláturhúsi og væri jafnvel óstimplaður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 22. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 601, var útbýtt 17. apríl og frá meiri hl. fjhn., á þskj. 658, 18. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Tollskrá o. fl. (frv. SV o. fl.).

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og l. nr. 11 24. apríl 1965, um breyt. á þeim l.** [88. mál] (þmfrv., A. 200).

Á 53. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er tekið fyrir, er 88. mál á þskj. 200, sem er breyting á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og l. nr. 11 24. apríl 1965 um breyt. á þeim l. Ég hef leyft mér að leggja þetta frv. fram ásamt fjórum hv. alþm. Framsfl. hér í hv. d., þeim hv. 1. þm. Austf., hv. 2. þm. Sunnl., hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 5. þm. Norðurl. v. Þetta frv. er um það, að við leggjum til, að afnumdir verði alveg tollar af eftirfarandi tækjum: Tönkum úr ryðfríu stáli, sérstaklega fyrir mjólk, heyblásurum og heyblásurum til að færa hey, ámoksturstækjum við almennar hjóladráttarvélar, plógum, herfum, áburðardreifurum, öðrum jarðræktarvélum, öðrum sláttuvélum, upptökuvélum fyrir kartöflur og aðra garðávexti, rakstrar- og snúningsvélum, flokkunarvélum, mjólkurbúsvélum og mjaltavélum, mjólkurvinnsluvélum og almennum hjóladráttarvélum. 2. gr. frv. er svo hljóðandi:

„Á 3. gr. l. sbr. l. nr. 17 1966 er gerð þessi breyting:

Á eftir 46. tölul. komi nýr liður svo hljóðandi:
Að endurgreiða ræktunarsamböndum aðflutningsgjöld af skurðgröfum og jarðýtum."

Ég ætla að leyfa mér að lesa upp grg. Hún er stutt, en segir töluvert, með leyfi forseta:

„Með frv. þessu leggja flm. til, að landbúnaðarvélar verði tollfrjálsar. Í gildandi l. eru flestar landbúnaðarvélar í 10% tolli, nema sumar stærri vélar t. d. jarðýtur og skurðgröfur, sem eru í 25% tolli. Eftir breytingu á gengi krónunnar, sem gerð var í nóvembermánuði s. l., hafa tollarnir mikil áhrif til hækkunar á verði þessara véla, sem var þó nógu hátt fyrir, miðað við þann þrönga stakk, sem þessum atvinnuvegi er nú skorinn. Sýnist einnig af þeirri ástæðu fullt tilefni til þess að draga úr þeim hækkunum, sem af gengisfellingunni leiðir. Með auknum tæknibúnaði búanna mun verð þessara tækja í ört vaxandi mæli hafa áhrif á verð búvara til neytenda, og er þá lítill ávinningur að því fyrir þá eða þjóðfélagið í heild að tolla þessi tæki. Ekki er líklegt, að bændur sætti sig við það til langframa, að aðeins lítill hluti af því fjármagni, sem liggur í tæknibúnaði búanna, sé tekinn til greina við verðlagningu landbúnaðarvara, eins og nú á sér stað. Flm. telja, að hlutur landbúnaðarins verði bezt tryggður með því að lækka sem mest framleiðslukostnað búanna, og ekki er líklegt, að það verði gert á annan veg en með aukinni tækni og hóflegu verði á rekstrarvörum og tæknibúnaði ásamt viðunanlegum kjörum á stofn- og rekstrarlánum. Þegar til lengdar lætur verður neytendum bezt tryggðar góðar og ódýrar landbúnaðarvörur með því að búa þannig að bændastéttinni, að hún sé þess megnug að taka vaxandi tækni í þjónustu sína. Þar af leiðir, að þarna fara saman hagsmunir bænda og launþega, svo og í mörgu öðru, þegar vel að gætt."

Eins og segir í grg. „mundi verð á öllum landbúnaðarvélum hækka mjög tilfinnanlega af völdum gengisbreytingarinnar, ef tollar verða óbreyttir."

Eftir að yfirdómur úrskurðaði búvöruverðið í vetur, og fram kom, að bændur fengu enga hækkun, þrátt fyrir skýlausan lagalegan rétt þeirra til talsverðrar hækkunar, ákváðum við flm. þessa frv. að leggja þetta frv. fram og freista þess á þann hátt að draga sem mest úr áhrifum gengisfellingarinnar á þessi tæki, sem hafa mjög mikla þýðingu um afkomu og framtíð landbúnaðarins og á búvöruverðið til neytanda, þegar til lengdar lætur. Eins og nú er málum komið er útilokað að reka landbúnað án mikilla framkvæmda í byggingum og ræktun og sem fullkomnasts tæknibúnaðar. Framfarir á þessum sviðum eru svo stórstígar, að þær kalla á breytingar og meiri vélakaup að einhverju leyti næstum að segja ár hvert. Svo örar hafa framfarirnar orðið á sumum sviðum, að komið hefur fyrir, að vél, sem keypt var í fyrra, er orðin úrelt í ár, vegna þess að enn fullkomnari vél er komin á markaðinn, það fullkomnari, að það borgar sig að kaupa nýju vélina og leggja hina til hliðar. Þannig hefur verið með t. d. rakstrar- og snúningsvélar.

Framfarirnar í landbúnaðinum sjást bezt á því, að um aldamótin síðustu voru 71.3% af þjóðinni í sveitum landsins, en nú ekki nema 14% í mesta lagi. Á þessu tímabili hefur þjóðinni fjölgað úr 78 þús. 470 manns í um 200 þús. að talið er. Í sveitunum hefur fækkað því sem næst um helming að tölu til, þó er t. d. nautgripaeign landsmanna nú sú sama á hvern íbúa og hún var um aldamót, eða um 0,3 nautgripir á hvern íbúa. Framleiðslumagnið hefur einnig vaxið mikið á hvern grip á þessu tímabili. Sauðfé hefur fjölgað minna, eða tæplega tvöfaldast, en hrossum aftur á móti fækkað nokkuð. Slík afurðaaukning á hvern mann gat ekki átt sér stað án mikillar tækni, og enn heldur þróunin ört áfram og krefst mikilla fjármuna til enn aukinnar tækni til að minnka sem allra mest hlutfall vinnumannsins í framleiðslunni, sem hefur orðið og mun í vaxandi mæli verka á verð búvörunnar til lækkunar til neytendanna, sé rétt að verið.

Nú hefur það skeð, eins og áður var að vikið, að þrátt fyrir mjög mikinn framleiðslukostnað og minni afurðir búanna á síðasta verðlagsári, fengu bændur enga hækkun á búvöruverðinu. Síðan kom gengislækkunin, og áhrif hennar hafa ekki verið tekin inn í búvöruverðið, nema að litlum hluta. T. d. fengu bændur ekki hækkun á, nema sem svarar til helmings þess magns, sem þeir keyptu af kjarnfóðri miðað við notkun síðasta ár, og þá er víst, að kjarnfóðursgjöfin verður til muna meiri á þessu ári, en í fyrra. Magn það, sem yfirdómur úrskurðaði, að grundvallarbúið notaði, voru 4 þús. 663 kg. af kjarnfóðri, og bændur munu vera nú um 5 þús. og 700 að tölu. Þá skilst mér, að þessi hækkun sé alls ekki full hækkun að prósentutölu til, eftir upplýsingum innflytjanda þessara vara. Eftir þessu kemur þessi hækkun á um 26 þús. og 600 tonn, en innflutningurinn varð yfir 60 þús. tonn síðasta ár, en við það bætist innlent fóðurmjöl. Einhver hluti af þessu fóðri fer að vísu í hænsni, svín og hesta. Það er sjálfsagt ekki ofsagt, að bændur að meðaltali hafi notað helmingi meira magn en reiknað er með í verðlagsgrundvellinum þetta síðasta ár, og alveg víst, að á þessum vetri verður að kaupa enn meira magn, vegna fóðurskorts um allt land, sennilega ekki minna en 70 þús. tonn, að kunnugir telja.

Sé það rétt, sem innflytjendur gefa upp, að hækkunin vegna gengisfellingarinnar á fóðurmjöli sé um 30%, nemur hækkunin af völdum gengisfellingarinnar 105 millj., en sú hækkun, sem tekin var inn í búvöruverðið, mun ekki vera meira en 33.7 millj., þá vantar bændur af þessum eina lið yfir 70 millj. miðað við það, að fullt verð fáist á framleiðsluna. Áburður var seldur fyrir yfir 200 millj. á síðasta ári, þar af rúmur helmingur innfluttur áburður. Meðalhækkun á honum verður 25—30% eða 55—60 milljónir. Engin hækkun mun fást vegna hans, fyrr en næsti verðlagsgrundvöllur verður tilbúinn. Hvort það verður fyrir næstu jól eða ekki, veit enginn, en lítið verður borgað með áhrifum frá honum á þessu ári. Ótaldir eru svo allir aðrir liðir, sem hækka af völdum gengisfellingarinnar, svo sem

vélar, verkfæri og varahlutir til þeirra, olíur o. m. fl.

Nú hefur komið í ljós, að útflutningssjóðurinn mun hvergi nærri geta valdið hlutverki sínu fremur en á síðasta ári. Hann mun ekki hafa til umráða nema 250 milljónir að talið er, en útflutningsstyrkjaþörfin mun vera upp í 340—350 millj., eða það vantar fast að 100 milljónum, sem sé 4% upp á að fullt verð fáist á alla framleiðsluna. Þetta er svipuð tala og verðlagsgrundvöllurinn hefur hækkað, bæði vegna vísitöluuppbóta á kaup 1. des. og áhrifa af völdum gengisfellingarinnar 1. jan., en þessar hækkanir báðar námu tæplega 5%.

Á þessu sést, að það lítur helzt út fyrir, að bændur verði að þola bótalaust með öllu þær verðlækkanir, sem af gengisfellingunni leiða. Við það bætast stóraukin kjarnfóðurskaup og hart árferði. Þeir, sem fylgjast með þessum málum, sjá, að nú er stefnt út í hreinar ógöngur, og mönnum er það algerlega hulið, hvernig bændur eiga að standa undir þessum hækkunum öllum bótalaust, þegar við það bætist svo, að þeir höfðu ekki nema hálfar tekjur viðmiðunarstéttanna árið 1966. Af framansögðu er ljóst, að full ástæða er til að draga úr öllum hækkunum á rekstrar- og fjárfestingarvörum landbúnaðarins, og þetta frv. er spor í þá átt.

Þar sem ég tel mig hafa fært full rök fyrir því, að bændastéttin hafi verið mjög afskipt að undanförnu, og þetta frv., ef að l. yrði, mundi ögn draga úr þeim órétti, sem þeir hafa orðið fyrir af hendi þjóðfélagsins, vona ég, og reyndar tel fullvíst, að það fái góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu. Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr., verði frv. vísað til 2. umr. og fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 25. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 54. fundi í Nd., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [101. mál] (þmfrv., A. 230).

Á 55. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Í því frv., sem hér liggur fyrir, felast þrjú atriði. Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði niður úr l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins það ákvæði, að greiðslur afborgana og vaxta af lánum skuli hækka eða lækka skv. kaupgreiðsluvísitölu, eins og hún er ákveðin í l. nr. 63 frá 1964. Það má ef til vill segja, að það kunni kannske einhverjir að líta svo á, að það sé óþarft að flytja sérstakt frv. um þetta, vegna þess að þetta ákvæði sé raunverulega fallið niður, vegna þess að l. frá 1964 nr. 63, sem fjölluðu um verðjöfnun launa, voru felld niður hér fyrr á þinginu, og þar með hvernig sú vísitala skuli reiknuð, sem hækkanir og lækkanir á afborgunum og vöxtum skuli fara eftir, skv. þessari lagagr. í Húsnæðismálastofnunarlögunum. Þetta er hins vegar álitamál, eða getur verið deiluatriði, og til þess að enginn vafi sé um þetta lengur, er lagt til í þessu frv., að þessi ákveðna mgr. í l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem ákveður þessar vísitölugreiðslur, verði felld niður. Þetta er fyrsta ákvæði frv.

Hitt ákvæði frv. er um það, að í þeim samningum, sem Húsnæðismálastofnunin hefur gert við íbúðaeigendur og er með ákvæðum um sérstakar vísitölugreiðslur, skuli breytt þannig, að niður falli ákvæðið um vísitölugreiðslurnar.

Þriðja meginatriðið í þessu frv. er svo það, að sá halli, sem kann að hljótast af þessu fyrir Húsnæðismálastofnunina, verði greiddur af ríkissjóði. Mér finnst rétt að rifja það upp í fáum orðum, hvernig það er til komið, að vísitöluákvæði hefur verið bundið við lán húsnæðismálastjórnar. Ég hygg, að þetta hafi fyrst komizt í l. 1957, þegar sett voru ákvæðin um skyldusparnað, sem fjáröflun fyrir byggingarsjóð. Það fé, sem kemur inn skv. skyldusparnaðinum, er vísitölutryggt, og þess vegna þótti ekki óeðlilegt, að svo stór hluti húsnæðislánanna, sem svaraði skyldusparnaðinum, yrði vísitölutryggður. Mér skilst, að á þeim tíma hafi það verið um 2/7 hlutar lánanna, sem húsnæðismálastjórn veitti, sem voru vísitölutryggðir. Nokkuð seinna, eða eftir að núverandi ríkisstj. kom til valda, mun hafa verið aukin heimild húsnæðismálastjórnar til þess að helmingur lánanna væri vísitölutryggður, en mér skilst, að sú heimild hafi eiginlega aldrei verið notuð, og allt fram til ársins 1964 hafi ekki nema 2/7 hlutar lánanna verið vísitölutryggðir eða sem svaraði skyldusparnaðinum. Það gerist svo, eins og þm. er vafalaust kunnugt, að í júnímánuði 1964 eru gerðir sérstakir samningar á milli ríkisstj. og launþegasamtakanna um þessi mál. Launþegasamtökin höfðu þá farið fram á mjög verulega grunnkaupshækkun, og til þess að fá þau til þess að falla frá henni gekkst ríkisstj. inn á tvö veigamikil atriði. Í fyrsta lagi að taka upp verðtryggingu á laun, sem hafði þá legið niðri um nokkurra ára skeið og í öðru lagi að hefjast handa um verulegar umbætur í húsnæðismálum. Það, sem launþegasamtökin fengu fram í sambandi við þessa samninga varðandi húsnæðismálin, var í fyrsta lagi það, að lán til einstakra húsbyggjenda voru hækkuð úr 150 þús. í 280 þús. og

svo vísitöluhækkun til viðbótar. Í öðru lagi, að það skyldi tryggt, að lánin yrðu það mörg, að það yrði hægt að byggja 1500 íbúðir árlega og fleiri, í samræmi við aukinn fólksfjölda. Og svo í þriðja lagi, að vextir yrðu lækkaðir. Þetta var það, sem launþegar fengu áunnið í húsnæðismálum í júnísamkomulaginu 1964. Það, sem þeir urðu svo að láta á móti, var í fyrsta lagi það, að lagður yrði á sérstakur launaskattur, til tekjuöflunar fyrir byggingarsjóð, og svo í öðru lagi, að það yrði tekin upp sérstök vísitölubinding á lánum húsnæðismálastjórnar skv. sérstakri kaupgreiðsluvísitölu. Launþegar gengu inn á þetta síðara atriði í trausti þess, að sú verðtrygging launa, sem hafði einnig verið samið um, myndi haldast áfram. Nú hefur þetta hins vegar farið þannig, eins og þm. er að sjálfsögðu vel kunnugt, að nú fyrir jólin voru l. um verðtryggingu launa afnumin og laun- og kaupgreiðslur njóta þess vegna ekki lengur neinnar sérstakrar verðtryggingar. Það má því segja, að með því að þetta ákvæði er niður fallið sé líka fallinn grundvöllurinn undan því, að hægt sé að vísitölubinda húsnæðismálastjórnarlánin, vegna þess að launþegar féllust á þetta á sínum tíma, vegna þess að þeir fengu launin tryggð. Og til þess að það sé samræmi í þessu, er lagt til, eins og áður segir, að það ákvæði verði látið falla niður úr Húsnæðismálastofnunarlögunum, sem fjallar um það, að afborganir og vextir af húsnæðislánum fari eftir sérstakri vísitölu, sem nánar er ákveðið í l., sem nú eru fallin niður. Það leiðir að sjálfsögðu af þessari breytingu, að eðlilegt er að breyta þeim lánum, sem húsnæðismálastjórn hefur veitt á undanförnum árum og eru bundin vísitöluhækkun. Um það fjallar annað atriði þessa frv. Það liggur hins vegar í augum uppi, að af þessu mun hljótast nokkur kostnaðarauki fyrir Byggingarsjóð, vegna þess að hann hefur tekið talsverð lán, sem eru vísitölubundin og lánað út aftur, og sama gildir einnig um það fé, sem sjóðurinn fær vegna skyldusparnaðarins. Okkur flm. hefur þótt eðlilegt, að þessi halli yrði borgaður af ríkissjóði.

Um það mun eitthvað hafa verið rætt, að ef horfið yrði frá því að vísitölubinda lánin, eins og nú er gert, yrðu vextir hækkaðir líkt því, sem áður var, en það er að sjálfsögðu engin endurbót fyrir lántakendur að fá vaxtahækkun í staðinn fyrir það, að vísitölubindingin sé felld niður. Eins og ástatt er nú í þessum málum og menn athuga þá erfiðleika, sem eru á því, að menn eignist sína eigin íbúð, mega vextir af lánum alls ekki vera hærri en þeir eru nú, og þess vegna verður ríkið að koma hér til skjalanna með sérstaka aðstoð við Húsnæðismálastofnunina eða Byggingarsjóð, vegna þess að vísitölubindingin fellur niður á lánum, sem sjóðurinn veitir. Þessi mál horfa líka þannig við, að það er óhjákvæmilegt fyrir það þing, sem nú situr, að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla Byggingarsjóði tekna. Það mun vera áætlað nú, að tekjur Byggingarsjóðs á þessu ári verði eitthvað rúmlega 400 millj. kr., en eins og var upplýst hér við umr. um þessi mál s. l. föstudag, og ég hef einnig eftir öðrum heimildum, mun vera búið að áætla að leggja til hliðar um 230 millj. af tekjum sjóðsins á þessu ári og veita til svonefndrar framkvæmdaáætlunar, og sjóðurinn mun þess vegna ekki hafa nema tæpar 200 millj. kr. til ráðstöfunar í hið almenna húsnæðislánakerfi, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til að afla tekna fyrir hann. Það gefur auga leið, að þessi fjárráð sjóðsins eru allt of naum til að fullnægja því kerfi, sem honum er ætlað að rísa undir, húsnæðismálastjórnarkerfinu, og sérstaklega þegar það er takmark, að fullgera verði að minnsta kosti 1500 íbúðir á ári, eins og segir í samkomulaginu frá því í júnímánuði 1964. Skv. þessu verður nú á þessu þingi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla Byggingarsjóðnum nýrra tekna, og í sambandi við þá tekjuöflun er eðlilegt, að sé gert ráð fyrir því, að sjóðurinn taki á sig þann halla, sem myndi leiða af samþykkt þessa frv., þ. e., að hætt verður að innheimta lán sjóðsins með sérstökum vísitöluhækkunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að sinni, en leyfi mér að leggja til, að að umr. lokinni verði frv. vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Sala Þykkvabæjar í Landbroti.

Á 55. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ í Landbroti [104. mál] (þmfrv., A.233).

Á 56. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 233, flytjum við hv. 3. þm. Sunnl. og ég að beiðni ábúandans á Þykkvabæ I í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Frv. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Hreppsnefndinni í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu er heimilt að selja Bjarna Bjarnasyni ábýlisjörð hans, Þykkvabæ í Landbroti, fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna.

2. gr. Hreppsnefndin skal sjá svo um, að söluverði jarðarinnar verði varið í sem nánustu samræmi við tilgang gjafabréfs hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Forsaga þessa máls er sú, að árið 1913 afhentu

hjónin Helgi Þórarinsson og Halla Einarsdóttir Kirkjubæjarhreppi jörðina Þykkvabæ I að gjöf með ýmsum skilyrðum, sem sett voru í gjafabréfinu og í skipulagsskrá, sem síðar hlaut staðfestingu konungs. Í 8. gr. gjafabréfsins segir m. a. þetta:

„Reglum þeim, sem settar eru að framan um gjöf þessa, getur enginn breytt nema löggjafarþing Íslendinga og þó því aðeins, að eigi verði hjá því komizt sakir breyttrar tíðar og óviðráðanlegra atvika.“

Eitt af þessum skilyrðum var þannig, að það mátti ekki veðsetja jörðina, og það reyndist svo, þegar til lengdar lét, að það var erfitt að búa á jörðinni, vegna þess að það var ekki hægt að taka nein lán til framkvæmda. Næsti ábúandi á eftir þeim hjónum var sonur þeirra, Þórarinn Helgason, sem er kunnur maður. Hann bjó á jörðinni og það fór svo, að árið 1946 var í raun og veru orðið ómögulegt fyrir hann að vera þarna sakir þess að hann gat ekki framkvæmt þær umbætur, sem þá voru nauðsynlegar til þess að fylgjast með tímanum í ræktun og umbótum. Og þá fór annar gefandanna, sá, sem lengur lifði, þ. e. a. s. Halla Einarsdóttir, fram á það með bréfi, að hreppurinn, — Kirkjubæjarhreppur, — gæfi jörðina eftir eða *gæfi eftir breytingu á gjafabréfinu*. Það varð nú aldrei úr þessu, og núna hefur búið á jörðinni í 17 ár sonardóttir gefendanna og maður hennar, Bjarni Bjarnason. Nú eru öll hús á jörðinni orðin úr sér gengin og nauðsynlegt að endur*eisa þau í nýjum stíl, sem hæfir nútímanum*, en til þess þarf að veðsetja jörðina. Hreppsnefndin hefur gert einróma samþykkt um það, að hún vilji verða við óskum ábúandans um það að selja honum jörðina, og hún hefur gert svohljóðandi samþykkt:

„Beiðni hafði komið fram frá ábúanda Þykkvabæjar I í Landbroti um að fá meðmæli hreppsnefndarinnar með umsókn, er hann hyggst senda til Alþingis um að fá keypta ábýlisjörð sína. En samkv. *gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar* og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi, er birt var í Stjórnartíðindum 1914, B-deild, bls. 137—140, getur enginn breytt reglunum um gjöf þessa nema löggjafarþing Íslendinga. Hreppsnefndin samþykkir einróma að mæla með sölunni fyrir sitt leyti. Jörðin selst með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber samkv. gjafabréfinu ásamt skólahúsi hreppsins á staðnum. Verði af sölu mun hreppsnefndin sjá svo um, að andvirðinu verði varið í samræmi við tilgang gjafabréfsins, en ekki notað á neinn annan hátt, sem almennur eyðslueyrir.“ Þetta er gert á Kirkjubæ á Síðu 14. des. 1965 og undirskrifað af öllum hreppsnefndarmönnunum, Siggeir Lárussyni, þáv. oddvita, Siggeir Björnssyni, Páli Pálssyni, Sigurði Sveinssyni og Sigfúsi H. Vigfússyni.

Við flm. höfum látið prenta hér með frv. þau skjöl, sem okkur voru send í sambandi við þetta, þ. e. a. s. samþykkt hreppsnefndarinnar, gjafabréf hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur, sem inniheldur jafnframt skipulagsskrána, og síðast höfum við látið einnig prenta hér með sem fskj. III bréf Höllu Einarsdóttur, sem er dagsett 8. júlí 1946, þar sem hún fór fram á það, að ráði allra sinna nánustu frænda og vina, að gjafabréfinu yrði breytt. Nú vildi ég fyrir hönd okkar flm. fara fram á það við þá hv. n., sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar, að hún taki málið til afgreiðslu sem skjótast, og að afgreiðsla þess geti orðið nokkuð fljótt, nokkuð löngu áður en þingi yrði slitið í vor, vegna þess að bóndinn, sem hér er um að ræða, hefur í hyggju að fara af jörðinni í vor, ef ekki getur orðið úr því, að hann fái jörðina keypta, og hann þyrfti þess vegna að vita þetta nokkuð tímanlega, hvort úr kaupum getur orðið.

Ég leyfi mér að leggja til, að hv. landbn. fái málið til athugunar, og því verði vísað til hennar og 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 233, n. 550, 623).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. þetta hefur legið alllengi til meðferðar hjá landbn. Það kom í ljós ýmislegt, sem athugunar þyrfti við, þegar n. fór að kynna sér málið, en það er eins og frv. ber með sér um heimild til hreppsn. í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu að selja jörðina Þykkvabæ í Landbroti, en um þessa jörð er í gildi sérstakt gjafabréf og skipulagsskrá. Það er skemmst af því að segja, að nokkrir af ættingjum þeirra hjóna eða afkomendum, sem gáfu jörðina í upphafi, komu að máli við n. og höfðu ýmislegt við þessa meðferð að athuga. Síðan var haft samband við hreppsn. Kirkjubæjarhrepps að nýju um málið, og það barst frá hreppsn. bréf, sem ég ætla að leyfa mér að lesa hér heldur atriðin úr, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fram kemur í grg. frv., eru aðstæður mjög breyttar frá því, sem var, þegar gjafabréfið er samið og jörðin afhent, og í ljós hafa komið *ýmsir annmarkar* fyrir ábúanda vegna ákvæða þess. Þetta mun hafa átt sinn þátt í því, að uppbygging á jörðinni er skemmra á veg komin en víðast annars staðar hér um slóðir. Við svo búið getur ekki lengur staðið, en slík fjárfesting í íbúðar- og útihúsum, sem þar er þörf á, verður ekki gerð án mikils lánsfjár. Á undanförnum árum hefur hreppurinn veitt ábúanda heimild til að veðsetja jörðina til nokkurra framkvæmda, sem þó eru lítt til frambúðar nema hlöðubygging, enda langstærsta lánsupphæðin hennar vegna. Veðsetningarheimild þessi er veitt samkv. breytingu, sem Alþingi gerði á gjafabréfinu með l. nr. 55 9. apríl 1956. Nú er það augljóst, að

ábúandi mun ekki halda áfram að borga af lánum, sem hann hefur tekið vegna framkvæmda á jörðinni, ef hann af einhverjum ástæðum hætti þar búskap. Og í þessari breytingu við gjafabréfið er ekkert ákvæði um, að næsta ábúanda beri skylda til að taka við þessum lánum, enda vafasamt, að nokkur ábúandi fengizt á jörðina með þeim skilmálum, þar sem árleg greiðsla af þeim getur orðið mikil, og ábúandi getur á engan hátt fengið þær greiðslur endurgreiddar, ef hann verður að fara af jörðinni. Hættan á, að þessi lán falli á hreppinn, er því öllum auðsæ, og þess vegna hlýtur hreppsnefndin við þær aðstæður, sem hér er lýst á undan, að kippa að sér hendinni um meiri veðsetningarleyfi en þegar hafa verið veitt. Með þessar staðreyndir í huga er það eðlilegt, að núv. ábúendur telji sig ekki geta búið á jörðinni nema fá hana keypta. En það væri mjög gagnstætt hugsjón gefendanna, ef ákvæði gjafabréfsins verði til að hindra það, að jörðin yrði vel hýst eða jafnvel héldist í ábúð. Eftir viðræður, sem hreppsnefndarmenn hafa nú átt við ábúendur og Þórarin Helgason, Þykkvabæ, vill hreppsn. leggja til, að sú breyting verði gerð á frv., að kaupandinn verði Inga Þórarinsdóttir, kona Bjarna Bjarnasonar, þar sem hún er afkomandi gefenda, en þeir ætlast einmitt til, að ábúðaréttur jarðarinnar gangi óskiptur til einhvers afkomenda sinna, ef kostur er.“ Þær upplýsingar, sem koma fram í þessu bréfi hreppsn., gefa það ótvírætt til kynna, eins og þeir segja, að við svo búið getur ekki staðið, og n. komst einhuga að þeirri niðurstöðu, að það væri nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á frv., eins og fram kemur í áliti n. á þskj. 550, en þar leggur n. til, að l. gr. orðist svo:

„Hreppsnefndinni í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu er heimilt að selja Ingu Þórarinsdóttur húsfreyju að Þykkvabæ I jörðina Þykkvabæ I í Landbroti fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna. Jörðin skal vera séreign Ingu Þórarinsdóttur samkv. kaupmála, er gerður verður að lögboðnum hætti. Kaupandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, skal gera jörðina Þykkvabæ I að ættaróðali samkv. ákvæðum 1. kafla l. um ættaróðal og óðalsrétt.“

Ég skal játa það, að það er eiginlega sérstakur vandi að taka á svona máli, þar sem fyrir liggur gjafabréf, og það er í raun og veru sagt, að því megi aldrei breyta, jörðin skuli vera ævarandi eign hreppsins. En þó er í skipulagsskrá, sem jafnframt er gerð fyrir ræktunarsjóð, sem stofnaður var fyrir afgjald jarðarinnar, sagt, að reglum þeim, sem settar eru að framan um gjöf þessa, getur enginn breytt nema löggjafarþing Íslendinga og þó því aðeins, að eigi verði hjá því komizt sakir breyttrar tíðar eða óviðráðanlegra atvika, en gæta skal þess þá vandlega, að breytingin samrýmist svo sem auðið er tilgangi þeirra með gjöfinni. Ég skal ekki um það dæma, hvort það er hægt að segja, að þetta eigi við gjafabréfið sjálft. En mér skilst, að með þeirri breytingu, sem gerð var á því hér á Alþ. 1956, hafi því þó verið slegið föstu, að slíkt væri á valdi Alþ. Hitt er svo augljóst mál, að þessi breytta tíð, sem þarna er talað um, er nú komin, og eins og kom fram í bréfi hreppsnefndar, virðist það vera óhjákvæmilegt að gera á þessu breytingu, og ég vildi vænta þess og við allir, sem að þessum málum höfum staðið, að þannig mundu líka gefendurnir líta á, ef þeir mættu nú láta sinn vilja í ljósi, eins og tímarnir hafa breytzt. En landbn. mælir sem sagt með því, að þetta frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hef áður lýst. En ég vil þó jafnframt lýsa því yfir og undirstrika alveg sérstaklega, að að svo miklu leyti, sem önnur ákvæði og vilji, sem fram kemur í gjafabréfinu, heldur gildi sínu enn, verði það virt og afhending jarðarinnar og notkun í framtíðinni verði í sem fyllstu samræmi við þau fyrirmæli og þær óskir, sem þar koma fram. Og ég vil sérstaklega að lokum undirstrika það, sem þar er lögð áherzla á, að óheimilt sé að selja eða afhenda nokkurn hlut undan jörðinni, eins og þar er nánar fram tekið.

ATKVGR.
Brtt. 550 (ný 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25. shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 233).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., 17. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 95. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Sala Grísatungu í Stafholtstungnahreppi.

Á 55. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Grísatungu í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu [105. mál] (þmfrv., A. 234).

Á 55. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 234 höfum við hv. þm. Vesturl., sem set-

ið höfum hér í hv. d., ásamt hv. 4. landsk. leyft okkur að flytja frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja eyðijörðina Grísatungu í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu og kaupandi yrði Stafholtstungnahreppur.

Eins og nú er ástatt, er Stafholtstungnahreppur leigutaki að þessu eyðibýli, og hefur verið svo um langt skeið, en vegna væntanlegra framkvæmda, sem jarðir efst í Stafholtstungnahreppi þurfa að leggja í í sambandi við vatnsmiðlun og nokkur kostnaður kann að koma á hreppinn vegna Grísatungu, taldi hreppsnefndin æskilegt, að áður yrði hreppurinn orðinn eigandi að jörðinni. Þess vegna fór hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps þess á leit við þm. Vesturl., að þeir flyttu þetta frv. á hv. Alþingi, svo sem nú er gert.

Við flm. treystum því, að þetta frv. fái góðan byr hér í hv. d. og á hv. Alþingi, eins og venja er um slík frv.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við frv. barst á þskj. 321.

---

28. Smíði fiskiskipa (frv. LJós o. fl.).

Á 55. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um smíði fiskiskipa innanlands [106. mál] (þmfrv., A. 235).

Á 56. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Í grg. þessa frv. er þess getið, að samtök járniðnaðarmanna hafi nýlega beint þeim tilmælum til Alþingis, að sett yrðu lög eða lögfest áætlun um byggingu a. m. k. 50 fiskiskipa innanlands á næstu 4 árum. Með þessu frv., sem hér liggur nú fyrir til 1. umr. og við 3 þm. Alþb. flytjum, viljum við Alþb.-menn taka undir þessa beiðni járniðnaðarmanna, þar sem við teljum, að hér sé hreyft mjög nauðsynlegu máli.

Aðalefni frv. er það, að lagt er til, að atvinnumrn. verði falið að hafa forgöngu um, að smíðuð verði 50 fiskiskip í innlendum skipasmíðastöðvum á árunum 1968—1971 eða næstu 4 árum. Þá er gert ráð fyrir því, að ráðh. geti skipað sérstaka 5 manna n., sem hafi á hendi allan undirbúning að þessum framkvæmdum, og sem geti ákveðið um gerð, útbúnað og stærð þeirra skipa, sem smíðuð yrðu. Lagt er til, að þessi n. verði skipuð með þeim hætti, að skipaskoðunarstjóri verði formaður n., en tveir nm. verði skipaðir samkv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, einn samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn samkv. tilnefningu Sjómannasambands Íslands. Við teljum, að þannig skipuð n. ætti að vera vel fær um það að ákveða, hvernig skip hér yrðu byggð, því að skipaskoðunarstjóri hefur auðvitað sérstaka aðstöðu til þess að hafa góða kunnugleika á öllum þessum málum, en svo ættu sem sagt einnig að koma til till. af hálfu fulltrúa útgerðarmanna og einnig af hálfu fulltrúa sjómanna.

Í frv. er það lagt til, að gerðir þessara skipa verði þó ekki af fleiri tegundum en þremur, þannig að hægt sé að koma fyrir nokkurri seríusmíði eða nokkur skip verði örugglega alveg af sömu gerð og þannig hægt að koma við nokkuð hagkvæmari vinnubrögðum við smíðina. Þá er lagt til, að allir tollar af efni og áhöldum til skipanna verði felldir niður eða endurgreiddir, en líklegra er nú, að sá háttur verði hafður á, að endurgreiða tollana eftir sérstakri aðferð, eins og í rauninni gert hefur verið undanfarið varðandi nýsmíði, sem fram hefur farið í landinu.

Í 5. gr. frv. er svo gert ráð fyrir að heimila ríkisstj. að taka allt að 200 millj. kr. lán erlendis eða innanlands eftir því sem henta þætti í sambandi við þessar framkvæmdir, og gengið út frá því, að atvmrn. semji við Fiskveiðasjóð Íslands um nauðsynleg lán í sambandi við þessa skipasmíði. Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að þessi skip skuli öll seld útgerðarmönnum eða útgerðarfélögum, samvinnufélögum eða bæjarfélögum og að það sé tryggt, að skipunum fylgi um 85% lán miðað við fullnaðarkostnað. Þetta eru svona meginatriði frv.

Ég veit, að það er engin þörf á því hér í þessari hv. d. að flytja langt mál til rökstuðnings því, að við þurfum að halda uppi skipasmíði hér í okkar landi. Það er svo augljóst, að við verðum að hafa allvel útbúnar skipasmíðastöðvar til þess að annast viðhald og breytingar á okkar tiltölulega stóra fiskiskipaflota. Hjá því komumst við ekki með nokkru móti. Við þurfum því hér að hafa smíðastöðvar, sem eru allvel útbúnar, því að í þessum stöðvum er ekki aðeins um það að ræða að annast minni háttar daglegt viðhald, heldur verður þarna einnig til að koma í mörgum tilfellum meiri háttar viðgerðir á skipum, tjónaviðgerðir og sérstakar eftirlitsviðgerðir, sem fram verða að fara eftir þar til settum reglum, en slíkar viðgerðir eru oft býsna umfangsmiklar. Þessi þjónustuaðstaða verður að vera fyrir hendi hér í landinu, og eins og nú er komið, verðum við þar jöfnum höndum að geta sinnt slíkri þjónustu, hvort sem um er að ræða tréskip eða stálskip. Þessi þjónusta er að verulegu leyti fyrir hendi, þó að oft sé nú á það minnzt, að hún sé ófullnægjandi og geti varla annað þeim verkefnum, sem hún verður að taka við oft og einatt. En reynslan hefur sýnt mönnum það, að það er erfitt að halda uppi, svo að vel sé, þessari þjónustustarfsemi án þess að reka sé í sambandi við hana meiri eða minni nýsmíði skipa. Þar kemur m. a. það til, að viðgerðarþjónustan er alltaf nokkuð breytileg, og það geta myndazt eyður í verkefnin hjá stöðv-

unum, og þá getur vitanlega komið sér vel, að fella nokkuð saman það vinnuafl, sem er í nýsmíðinni og hitt, sem verður að kalla á ýmsum tímum út til viðgerðaþjónustunnar, en auðvitað er ekkert um það að ræða, að þegar unnið er að byggingu nokkuð stórra skipa, þarf þó að sinna nýsmíðinni með föstu og stöðugu framlagi vinnuafls, þó að vitanlega sé hægt að halda þar vel á, þó að það sé nokkuð misjafnlega mikið vinnuafl, sem bundið er í sjálfri nýsmíðinni á hverjum tíma.

Nokkuð hefur verið byggt hér af fiskibátum í innlendum skipasmíðastöðvum á undanförnum árum, en mjög misjafnlega mikið á hinum ýmsu tímum. Sú smíði, sem hér hefur farið fram, hefur sýnt það alveg tvímælalaust, að við getum byggt jafngóð og vönduð fiskiskip innanlands eins og þau, sem við kaupum aðallega erlendis frá. Á því leikur enginn vafi. Hitt hafa menn hins vegar efazt meir um, hvort við værum fyllilega samkeppnisfærir við erlendar byggingarstöðvar um byggingarkostnað. En á því er enginn vafi, að þar veltur mjög á því, hvernig ástatt er með verðlag hér innanlands og ýmis önnur atriði grípa þar einnig inn í. En ef við getum komið málum þannig fyrir, að við gefum innlendri smíði sams konar aðstöðu og erlend skipasmíði á við að búa, eru allar líkur til þess, að við getum verið samkeppnisfærir á þessu sviði, hvað viðkemur byggingu fiskiskipa.

Þá er einnig á það að minnast, að það er enginn vafi á því, að það er margt, sem mælir með því, að Íslendingar annist sérstaklega sjálfir byggingu sinna fiskiskipa og sæki þau ekki að öllu leyti til annarra þjóða, en það er sú sérstaða, sem við eigum hér við að búa í sambandi við okkar sjósókn og okkar fiskimennsku. Við höfum iðulega gert aðrar kröfur til útbúnaðar á skipum en meira að segja þeir nágrannar okkar, sem þó búa við líkasta aðstöðu til fiskveiða, og það er mjög nauðsynlegt, að það séu einmitt menn í nánum tengslum hér við fiskimennina, að það séu landsmenn sjálfir, sem reyni að þreifa sig áfram með nýjungar á þessu sviði, og það er því mín skoðun, að það sé sérstök nauðsyn á því, að við leggjum kapp á að halda hér uppi í landinu skipasmíði miðað við okkar fiskveiðiflota. Ég tel, að verulega sé mikill munur á því og hinu, hvað við eigum að ganga langt í því að fara að taka að okkur byggingu almennra flutningaskipa eða farþegaskipa. Þar er aftur komið inn á verksvið, þar sem við verðum að viðurkenna, að aðstaða hinna erlendu byggingarstöðva er allt önnur. En vissulega getur þó einnig komið til greina, að hér fari fram í landinu nokkur bygging slíkra skipa.

En skipasmíðin hér innanlands hefur átt örðugt uppdráttar af ýmsum ástæðum. Oft hefur það verið af því, að verðlag hér innanlands hefur verið mjög ósambærilegt við verðlag í okkar viðskiptalöndum, og af þeim ástæðum hefur í rauninni ekki verið grundvöllur til þess að keppa um verðlag við erlendu stöðvarnar. En þannig hefur þetta þó ekki alltaf verið og er ekki alltaf. En þá er annað, sem mjög hefur reynt á nú hin síðari ár, en það er varðandi það fjármagn, sem til þarf í sambandi við byggingarframkvæmdir. Erlendu byggingarstöðvarnar hafa yfirleitt haft aðstöðu til þess að selja okkur hin nýbyggðu skip með þeim hætti, að þær hafa getað veitt okkur lán, sem nema yfirleitt í kringum 70% af fullu andvirði hinna nýsmíðuðu skipa til a. m. k. 7 ára, og það jafnvel með heldur lægri vöxtum en almennt hafa þekkzt hér innanlands. Þessar lánareglur hinna erlendu skipasmíðastöðva hafa gert það að verkum, að aðilar hér innanlands, fyrst og fremst Fiskveiðasjóður, hafa talið sig miklu fremur geta mætt óskum útgerðarmanna um stofnlán til fiskiskipa, ef þeir kaupa skipin með þessum kjörum erlendis frá, en ef Fiskveiðasjóður á að snara út öllu andvirði lánsins út á hið nýja fiskiskip til innlendu skipasmíðastöðvarinnar. Það er því enginn vafi á því, að eins og háttar til í þessum málum nú, er nauðsynlegt, ef á að koma hér af stað einhverri verulegri skipasmíði innanlands, að útvega allmikið fjármagn til þess að standa undir lánum sambærilegum þessum erlendu, sem ég hef nú verið að minnast á. Ég held því, að eitt af því, sem þurfi að gera í þessum efnum, sé það, að íslenzk stjórnarvöld verði að standa fyrir því að taka talsvert mikið erlent lán, t. d. á fyrsta stigi, sem nemur 200—300 millj. kr., og nota það lán í þessu skyni með sérstökum samningi við Fiskveiðasjóð til þess á þennan hátt að gefa íslenzku skipasmíðastöðvunum kost á því, að þær geti raunverulega starfað á sviðuðum grundvelli og skipasmíðastöðvarnar hér í okkar nágrannalöndum gera. Svona er þessu t.d. fyrirkomið í Noregi. Þar eru okkar fiskibátar byggðir í mjög mörgum tilfellum í litlum, og að manni sýnist, mjög ófullkomnum skipasmíðastöðvum. Á ýmsum stöðunum, þar sem ég hef komið, er í rauninni vafasamt að tala um það, að þar séu skipasmíðastöðvar fyrir hendi. Útbúnaðurinn er ekki meiri en svo. Það er enginn vafi á því, að þær stöðvar, sem þar eiga hlut að máli, hafa ekki aðstöðu til þess að veita þau lán með þessum tiltölulega dýru skipum, sem þau veita, nema vegna þess að í gegnum þeirra ríkisvald hefur verið komið upp kerfi, sem aðstoðar þessar stöðvar á þennan hátt, að þær geta veitt þau lánskjör, sem íslenzkir fiskiskipakaupendur njóta. Af þessum ástæðum er það, að við leggjum til í þessu frv. að veita ríkisstj. þegar í stað heimild til þess að taka a. m. k. 200 millj. kr. að láni erlendis eða þá innanlands, að því leyti til, sem það þætti hentugt, en ég vek athygli á því, að það getur ekkert verið því til fyrirstöðu að taka erlent lán í þessu skyni, því að þau eru, þó að með öðrum hætti sé, tekin hvort sem er í þessu skyni. Þegar við kaupum hin fullsmíðuðu skip, t. d. frá Noregi, erum við að taka erlend lán og það til heldur stutts tíma í sambandi við bygginguna, og það gætum við vitanlega alveg eins gert, þó að ríkið tæki eitt stærra lán fyrir nokkurn tíma, sem notað yrði í þessu skyni, og þá samið á sérstakan hátt við Fiskveiðasjóð um það, að þessi lánsupphæð yrði notuð á sambærilegan hátt og lánin, sem fylgja hinum fullsmíðuðu skipum erlendis frá.

Það er skoðun okkar flm., að þetta stóra hagsmunamál, sem innlend skipasmíði er fyrir marga aðila, verði ekki leyst, nema með forgöngu ríkisvaldsins. Það verði að vera ríkið, sem ákveður það fyrst að ráðast í byggingu tiltekins fjölda skipa, útvega fjármagn til framkvæmdanna, semur síðan við Fiskveiðasjóð um lánsfyrirkomulag og gengst fyrir því, að samið sé við þær innlendu skipasmíðastöðvar, sem taldar eru hæfar til þess að taka að sér svona verk, um það að ráðast í þessar framkvæmdir. Og framkvæmdir af þessu tagi þurfa að vera í það stórum stíl, að þær spanni í rauninni yfir nokkur ár, því að það skiptir skipasmíðastöðvarnar öllu máli, hvort verið er að semja við þær um smíði á einu skipi eða e. t. v. smíði á allmörgum skipum, að ég tali nú ekki um það, ef samningarnir geta verið um smíði á nokkrum skipum af nákvæmlega sömu gerð í hverri skipasmíðastöð fyrir sig. Forganga ríkisstj. í svona málum hefur átt sér stað hér áður. Það var einmitt þetta, sem gerðist á nýsköpunarárunum eða 1945. Þá var það, að ríkið hafði forgöngu um það að láta byggja fyrir Íslendinga yfir 30 togara í Englandi, sá um samningana og hafði forgöngu um að ákveða gerð og stærð skipanna og síðan á eftir um sölu skipanna til þeirra, sem áttu að reka þau. Og þetta gerðist einnig með forgöngu ríkisins í sambandi við byggingu allmargra fiskibáta úti í Svíþjóð um þetta sama leyti, og var einnig framkvæmt hér með sérstökum samningi, sem þá var gerður einnig við allmargar skipabyggingastöðvar hér innanlands. Í fleiri tilfellum hefur þetta komið til, svo að fordæmin liggja alveg fyrir um það, að ríkisvaldið taki að sér forgöngu í svona efnum. Það er vitað, að í nokkrum einstökum tilfellum nú síðustu árin hefur tekizt með nokkurri aðstoð af hálfu ríkisvaldsins að koma af stað byggingu fiskiskipa, þótt í smáum stíl sé. Þannig hafa verið byggð stór og myndarleg síldveiðiskip í byggingarstöð á Akureyri og einnig hér sunnanlands. Með því að ríkisstj. hafði þar nokkra forgöngu um, tókst að leysa fjármál byggingarstöðvanna í þeim einstöku tilfellum í gegnum viðskiptabanka hér og Fiskveiðasjóð. En sú fyrirgreiðsla öll var það takmörkuð og þannig, að hún gat í rauninni ekki náð nema til nokkurra einstaklinga, og hún getur ekki nægt sem nein allsherjarregla. Ég held, að það, sem til þurfi að koma, sé einmitt það, sem lagt er til í þessu frv., að það sé ákveðið, að ríkisstj. hafi forgöngu um allmyndarlegan áfanga í þessum efnum með því að gera samninga við byggingarstöðvarnar og útvega nauðsynlegt fjármagn, svo að hægt sé að koma þessum framkvæmdum á hliðstæð stig, eins og þekkist hér í okkar viðskiptalöndum, þaðan sem við höfum aðallega keypt okkar fiskiskip.

Ég skal nú ekki hafa um þetta öllu fleiri orð hér, en ég vænti þess, að þessi mál öll séu búin að fá þannig viðurkenningu, m. a. hjá stjórnarvöldum landsins, að þau taki frv. eins og þessu vel. Þó að e. t. v. þyki rétt að breyta hér einhverjum þeim ákvæðum, sem fitjað er upp á í þessu frv., er ekkert nema gott um það að segja, ef megintakmarkinu yrði náð, sem felst í því að koma hér af stað allmyndarlegu átaki við að byggja hér nokkuð mörg fiskiskip í innlendum skipasmíðastöðvum og að útvegað verði nægilegt fjármagn, til þess að hægt sé að standa að þessu á myndarlegan hátt, en við flm. leggjum áherzlu á það, að við teljum, að þetta verkefni verði ekki leyst nema með beinni forgöngu ríkisins. Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjhn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þar sem hæstv. iðnmrh. er ekki viðstaddur, þykir mér sjálfsagt að taka hér undir það, sem hv. 1. flm. sagði, að frv. verði vísað til n. og það fái þar eðlilega meðferð. Eins og hann sagði, er það ekkert nýtt, að ríkisvaldið eða almannavaldið hafi forgöngu í þvílíkum efnum. Hv. þm. minnti m. a. á það, sem gert var á nýsköpunarárunum. Frá fyrri tíð má minna á það, þegar Jón Þorláksson, þáv. borgarstjóri í Reykjavík, beitti sér fyrir því, að nokkrir bátar væru smíðaðir og síðan seldir til þess að verða gerðir út til fiskveiða frá Reykjavík. Eins er það, að á síðustu árum hefur með atbeina ríkisins, tekizt að bæta mjög starfsaðstöðu í innlendum skipasmíðastöðvum, bæði hér á Suðvesturlandi, á Akureyri, og raunar að því er ég hygg víðar, þótt framkvæmdirnar muni hafa verið einna mestar hér. Að vísu veit ég, að það hefur einnig verið komið upp mjög myndarlegum slipp á Ísafirði og einnig bætt aðstaðan á Norðfirði, hygg ég. Ríkið hefur átt beina aðild að flestum þessum framkvæmdum, og eins og ég segi, án atbeina ríkisins hefði ekki tekizt að koma þeim áleiðis. Eins er það nú, að á síðustu mánuðum, eftir að í ljós kom, að í bili er minni eftirspurn eftir fiskiskipum en áður, hefur ríkið haft forystu um það að afla skipasmíðastöðvunum verkefna. Ég vonast til þess, að hv. þm. hafi ekki verið að gagnrýna það, þó að hann væri ekki sérstaklega af því hrifinn, að ríkisstj. ákvað að fela skipasmíðastöðinni á Akureyri smíði tveggja strandferðaskipa, því að þeirri ákvörðun hefur yfirleitt verið tekið vel, og þó að hv. þm. teldi að fiskiskipasmíði væri brýnni nauðsyn, fælist ekki í því gagnrýni á hinu. Það viðurkennum við allir, að það er nauðsynlegt, að hér séu til skipasmíðastöðvar, sem, eins og hv. þm. sagði, geti annazt viðhald og nauðsynlegar breytingar, og þær hafa ekki nóg verkefni, nema þær geti einnig sinnt skipasmíðum. Og eins og ég segi, hefur verið öfluglega að því unnið nú síðustu mánuði að greiða fyrir því, að skipasmíðastöðvarnar gætu fengið verkefni við sitt hæfi í þessum efnum.

Það er sjálfsagt að athuga allar till., sem fram koma um fyrirkomulag slíkrar fyrirgreiðslu, sem er beint framhald af því, sem þegar hefur verið gert og upp tekið. Hvort það er skynsamlegt að semja um smíði mjög margra skipa í einu með þeim hætti, sem hér er ráðgert, eins og nú standa sakir, þarf að sjálfsögðu að athuga nokkru nánar. Það er enginn vafi á því, að ríkið verður að hafa forystu um fjáröflun til þess að slíkar framkvæmdir verði, hvort sem um mörg skip eða fá er að ræða. Án lána af hálfu opinberra

sjóða er vonlaust, að slíkar framkvæmdir verði gerðar. Á hitt verðum við svo að líta, að nú er mikil eftirspurn eftir lánsfé til margra hluta um leið og okkar eigin geta til lánveitinga hefur, — af þeim ástæðum, sem öllum er kunnugt um, — um sinn dregizt nokkuð saman. En ég tek undir það með hv. þm., að það er engin nýjung, að erlent lán sé tekið í þessu skyni, vegna þess að þessir bátar, sem innfluttir eru, eru einmitt keyptir með erlendum lánum, svo að ef við getum fengið erlend lán með viðunandi kjörum, án þess að þar með sé dregið úr nauðsynlegum lánsfjármöguleikum í öðru skyni, finnst mér það fyllilega koma til álita. Það verður svo að meta, hvernig við notum þá takmörkuðu lánsfjármöguleika, sem við höfum, bæði innanlands og utan. En ég tek undir það, að þetta er eitt af brýnustu verkefnum bæði vegna þess að það er hagkvæmt í sjálfu sér og nauðsynlegt að hafa hér innlendar skipasmíðastöðvar og eins vegna þess, að það er mikill þáttur í að halda hér uppi heilbrigðu atvinnulífi í landinu, kemur bæði sjávarútveginum og iðnaðinum og þar með öllum almenningi að gagni. Ég vil þess vegna eindregið mæla með því, að frv. gangi greiðlega til n. og fái þar eðlilega skoðun, og það verði athugað með hverjum hætti bezt sé að stuðla að innlendum skipasmíðum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég flutti hér á síðasta þingi till. til þál. um skipun n., sem hefði það verksvið að athuga á hvern hátt fiskiskipafloti landsmanna yrði upp byggður. Till. hljóðar þó um það, að rannsókn næði aðeins yfir fiskiskip af ákveðinni stærð eða þau skip, sem talizt gætu hentug til öflunar hráefnis fyrir fiskiðjuverin og hraðfrystihúsin. Það lá alveg ljóst fyrir þá, eins og liggur fyrir enn, að á undanförnum árum hefur orðið verulegur samdráttur á þessu sviði. Opinberar skýrslur sýna það, að fleiri skip hafa árlega nú nokkur undanfarin ár verið tekin af skipaskrá en þau, sem bætzt hafa við. Þetta hlýtur að sjálfsögðu að leiða til þess, að öflun hráefnis til fiskiðnaðarins hefur og hlýtur að dragast saman. Ég endurflutti ekki þessa till. núna á þessu þingi, af því að ég taldi, að það hefði komið greinilega í ljós í yfirlýsingu ríkisstj. í haust, að þessi mál yrðu tekin til athugunar, enda hefur það komið fram hjá hæstv. iðnmrh. í umr. hér, að hann hefur lagt á það nokkurt kapp, að aðstaða til smíði fiskiskipa hér innanlands yrði athuguð og að unnið yrði að því að slík aðstaða skapaðist. Ég tel þessa stefnu alveg rétta, því að það er að sjálfsögðu hagkvæmast fyrir þjóðarheildina, ef hægt er að byggja þau fiskiskip hér innanlands, sem byggð verða á næstunni til endurnýjunar á fiskiskipaflotanum.

Ég tel, að sú endurnýjun, sem átt hefur sér stað á fiskiskipaflota landsmanna, á ég þar við hin stærri skip, sem byggð hafa verið til síldveiða, hafi vissulega markað tímamót í fiskveiðisögu okkar og fært okkur mikil verðmæti nú á undanförnum árum. Og ég held, að öllum sé það ljóst, að ef þessi endurnýjun hefði ekki átt sér stað á sínum tíma, og nú á undanförnum árum, væri aðstaða þjóðarbúsins í heild allt önnur en hún þó er í dag. Þau skip, sem byggð hafa verið til síldveiða, hafa sýnt það og sannað, að þau hafa verið þess umkomin að sækja afla á mjög fjarlæg mið og miklu fjarlægari mið en ég hygg, að nokkrum okkar hafi dottið í hug, að við yrðum að sækja á til þess að afla hráefnis í sambandi við þann iðnað. En ég tel, að það verði nú að leggja áherzlu á það, að sá hluti fiskiskipaflota landsmanna, sem aflar fiskiðjuverunum hráefnis, verði endurbyggður. Þetta er ekki einasta spursmál fyrir útgerðarmenn eða sjómenn, þetta er miklu frekar, og ekki síður, spursmál fyrir það verkafólk, sem býr í hinum ýmsu sjávarplássum víðs vegar um landið, því að víða er það svo, að afkoma þess er beinlínis undir því komin, hvort þau fiskiðjuver, sem þar eru, fá nægjanlegt hráefni, þannig að þau geti haldið rekstri sínum gangandi nokkurn veginn allt árið. Verði í þessu samdráttur, liggur alveg ljóst fyrir, að þá er orðið þar um atvinnuleysi að ræða, og hygg ég, að það sé nokkurn veginn ljóst, að í mörgum hinna smærri sjávarþorpa eru það fiskiðjuverin, sem þar eru staðsett, sem halda uppi svo að segja allri atvinnunni. Ég er því þess mjög fylgjandi, að þessi mál verði skoðuð og fram úr þeim ráðið eftir því, sem bezt þykir henta og eðlilegast er, því að ég tel, að þetta sé orðið mjög aðkallandi, og eins og ég sagði, lá það þegar fyrir á s.l. ári, að þarna hafði orðið um verulegan samdrátt að ræða, og þetta kom enn betur í ljós nú á þessu ári. Að sjálfsögðu tekur sú n., sem fær þetta mál til athugunar, það til fyrirgreiðslu, og vænti ég þess, að sú hreyfing, sem almennt er komin á þessi mál, bæði með þessari till. og öðrum till., sem hér hafa verið fluttar, verði til þess að uppbygging fiskiskipaflotans, sem er undirstaðan til öflunar hráefnis til fiskiðjuveranna, eigi sér stað nú þegar í næstu framtíð.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka þær ágætu undirtektir, sem ég tel, að þetta frv. hafi þegar fengið hér. Ég efast ekkert um það, að það er mjög almennur skilningur meðal alþm. á því, að það sé þörf á því að leysa þessi mál, sem þetta frv. fjallar um. Vissulega getur hér verið um mismunandi leiðir að ræða, hvað telst heppilegast, en ég vænti þess, að öllum sé það ljóst, að þó að þó nokkuð hafi verið gert nú síðari árin til þess að reyna að greiða fyrir einstökum skipasmíðastöðvum, dugar það ekki til. Hér þarf að koma til miklu stærra og meira átak, og þá er aðeins spurningin, hvernig á að reyna að standa að því að leysa þetta stóra vandamál.

Við flm. þessa frv. teljum sem sagt, að bezta leiðin sé að fara þannig að, að ríkisvaldið hafi hér forgöngu um allstórt átak, sem gert verði í einu og á svipuðum grundvelli og áður hefur stundum verið gert, og á það leggjum við áherzlu í þessu frv., en vissulega geta auðvitað fleiri ráð komið til, og það skiptir auðvitað mestu máli, að það sé tekið af fullri alvöru á þessum málum og reynt að finna hina heppilegustu lausn. Ég vil nota sérstakt tækifæri til

þess að þakka þær ágætu undirtektir, sem ég tel, að hér hafi komið fram, bæði frá hæstv. forsrh. og frá hv. 3. þm. Sunnl. (**Forsrh.**: Er ekki eðlilegt, að málið fari til iðnn.?) Ég held nú, að mál af þessari gerð hafi öll farið til fjhn. á sínum tíma. Það hefur alltaf verið litið svo á, að hér væri um svo stórkostlegt fjárhagslegt mál að ræða, hvort ríkið ætti raunverulega að fara í það að efna til framkvæmda, sem sveiflast upp á jafnvel nokkur hundruð millj. kr., og ég held, að það leiki enginn vafi á því, að þau frv., sem hér hafa legið fyrir áður um sama efni, hafi farið til fjhn. Hins vegar legg ég nú ekki neina áherzlu á það að deila um n., en ég bendi aðeins á það, að hliðstæð frv. hafa ábyggilega farið til fjhn. áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Háskóli Íslands.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands [114. mál] (þmfrv., A. 246).

Á 57. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Enda þótt við Íslendingar eignuðumst fyrstir norrænna þjóða okkar eigin bókmenntir og skáldamál, verður sú staðreynd ekki sniðgengin, að blaðaútgáfa og blaðamennska er yngri okkar á meðal, en hjá flestum öðrum vestrænum þjóðum. Raunveruleg blaðamennska hefst hjá okkur fyrst árið 1773 með útgáfu tímaritsins Islandske Maaneds Tidender, sem var gefið út á dönsku, og kom aðeins út í þrjú ár. Tímarit þetta var fyrst og fremst fréttablað. Var það að mörgu leyti hið sæmilegasta á mælikvarða síns tíma. Nokkrum árum síðar byrjuðu íslenzkir stúdentar í Kaupmannahöfn að gefa út tímarit, sem náði nokkurri útbreiðslu hér á landi. Með upphafi sjálfstæðisbaráttunnar í byrjun 19. aldar hefst útgáfa fleiri tímarita, sem flestöll hafa það markmið að kynna nýja strauma á sviði frelsisbaráttu og uppbyggingar.

Um miðja 19. öld verður vart nýrra hræringa í íslenzku þjóðlífi. Þær koma einnig fram á sviði íslenzkrar blaðamennsku, og óhætt er að fullyrða, að hin gömlu tímarit frá þessum tíma hafi haft veruleg áhrif til örvunar frelsisbaráttunnar.

Árið 1848 má segja, að fyrsta eiginlega blaðið á Íslandi hafi verið stofnað. Var það Þjóðólfur, sem kom út tvisvar í mánuði. Í kjölfar hans komu síðan nokkur minni blöð og tímarit.

Næsti stórviðburðurinn í þróunarsögu blaðamennskunnar á Íslandi er stofnun Ísafoldar þjóðhátíðarárið 1874. Hefur Ísafold komið út svo að segja óslitið síðan, enda þótt hún hafi síðustu áratugi verið vikuútgáfa dagblaðs.

Fyrsta dagblaðið, sem hefur göngu sína á Íslandi er Vísir, sem stofnaður var árið 1910. Árið 1913 er Morgunblaðið stofnað, árið 1916 Tíminn, árið 1919 Alþýðublaðið og árið 1935 Þjóðviljinn. Hér á Íslandi eru því nú gefin út 5 dagblöð, en samtals munu koma hér út 230—240 blöð og tímarit. Það mun því hiklaust óhætt að fullyrða, að Íslendingar séu meðal mestu blaðlesandi þjóða, enda hefur það komið fram í alþjóðlegum skýrslum um þessi efni.

Þegar á það er litið, hve rík áhrif blaða og annarra fjölmiðlunartækja eru í nútímaþjóðfélagi, verður auðsætt, að mikið veltur á því, að þeir, sem við þau starfa, séu vel menntaðir og hæfir menn. Þess vegna sætir það engri furðu, að innan samtaka íslenzkra blaðamanna hefur um langt skeið ríkt mikill áhugi á bættri menntunaraðstöðu blaðamanna hér á landi. Hefur Blaðamannafélag Íslands tekið málið upp á þeim grundvelli, að stofna skuli til kennslu í blaðamennsku við Háskóla Íslands. Tók stjórn Blaðamannafélags Íslands þetta mál upp við menntmrh. í bréfi, er hún ritaði honum 16. ágúst árið 1966. Beiddist stjórn Blaðamannafélagsins aðstoðar menntmrn. við, að upp verði tekið námskeið í blaðamennsku við Háskóla Íslands. Í þessu bréfi til hæstv. menntmrh. kemst stjórn Blaðamannafélagsins m. a. að orði á þessa leið:

„Eins og yður er kunnugt, er blaðamennska nú orðin sérstök námsgrein við flesta háskóla. Enn mun það eiga langt í land, að slík deild komist upp hér, þótt hennar sé brýn þörf og kemur þar margt til. Blaðamennska og blöð eru þó sízt lítilvægari þáttur í þjóðfélaginu hér á Íslandi en annars staðar, þar sem óvíða eða hvergi eru gefin út fleiri blöð að tiltölu en hér á landi. Enginn vafi leikur á því, að blöðin eru mjög áhrifarík hér á landi hvað snertir skoðanamyndun og þróun íslenzks máls og málfars. Blöðin eru gagnrýnd óspart fyrir það, sem aflaga fer. Því miður er sú gagnrýni oftast réttmæt, því að hér fer fleira úrskeiðis hjá blöðunum, en í sambærilegum erlendum blöðum. Það er afar mikilvægt fyrir jákvæða þróun íslenzkrar menningar, að unnið sé að því að sníða þá agnúa af, sem á íslenzkum blöðum og blaðamennsku eru. Aukin menntun blaðamanna og haldbetri eru þar undirstöðuatriði. Blaðamannafélagið hefur freistað þess að fá inn í kjarasamninga félagsins við útgefendur ákvæði um lágmarksmenntun blaðamanna, en án árangurs. Vildi félagið, að stúdentspróf yrði skilyrði fyrir ráðningu blaðamanns eða önnur menntun, er stjórn félagsins teldi sambærilega og fullnægjandi. Námskeið í blaðamennsku, þótt stutt væri í fyrstu, 5—7 daga, myndu geta bætt hér verulega úr. Auk þeirrar fræðslu, sem þátttakendur

nytu, væri hagræðið af slíkum námskeiðum e. t. v. ekki sízt það, að ritstjórar blaðanna gætu kynnzt því fólki, sem sækti námskeiðin og áhuga hefðu á blaðamennsku, og ættu þeir því mun auðveldara með að ráða sér áhugasama og hæfa starfsmenn."

Þetta bréf stjórnar Blaðamannafélagsins sendi menntmrn. síðan háskólanum til umsagnar. Sendi háskólarektor það til deildarforseta heimspekideildar, sem síðan samdi álitsgerð um málið. Í álitsgerð þessari, sem dr. Halldór Halldórsson samdi, er m. a. komizt að orði á þessa leið:

„1. Ég tel mikla nauðsyn bera til, að haldin verði við og við námskeið fyrir blaðamenn, helzt kvöldnámskeið, og þau skipulögð af reyndum blaðamönnum eða blaðamönnum, sem sótt hafa slík námskeið erlendis eða tekið fullkomin háskólapróf í blaðamennsku. Til greina kæmi svo, eftir að reynsla hefur fengizt á slíkum námskeiðum, að stofna til blaðamannaskóla eða gera blaðamennsku að B.A.-grein í heimspekideild. Þetta mál ætti hin nýskipaða n. um háskólanám að taka til athugunar.

2. 5—7 daga námskeið í blaðamennsku tel ég algerlega gagnslaust. Miklu nær væri að stofna til 5—7 vikna námskeiða í fyrstu.

3. Námskeið í því formi, sem minnzt er á í bréfi Blaðamannafélagsins, tel ég, að ekki komi til greina að halda á vegum háskólans. Háskólann tel ég aðeins eiga að standa fyrir námskeiðum á akademísku stigi. Hér er greinilega hugsað um miklu lægri staðal. Hins vegar gætu háskólakennarar vafalaust aðstoðað ráðun. við skipulagningu námskeiðsins og e. t. v. einhverja kennslu á því.

4. Mér er ókunnugt um, að háskólinn hafi yfir nokkru fé að ráða til slíks námskeiðshalds. Jafnframt vil ég benda á, að áður en til námskeiðsins yrði stofnað, þer nauðsyn til að gera nákvæma kennslu- og kostnaðaráætlun á svipaðan hátt og gert hefur verið við þau námskeið fyrir norræna stúdenta, sem heimspekideild hefur staðið fyrir."

Loks lætur háskólarektor, prófessor Ármann Snævarr, í ljós skoðun sína á máli þessu í bréfi, er hann ritar menntmrn. 9. nóvember 1966. Í niðurlagi bréfsins kemst háskólarektor m. a. að orði á þessa leið:

„Ég legg höfuðáherzlu á, að það þarf rækilega áætlun um þetta námskeið, tilhögun þess og skipulagningu, svo og kostnaðaráætlun, áður en ráðizt er í framkvæmdir.

Hér er vissulega hreyft miklu nauðsynjamáli, og ég endurtek," segir rektor Háskólans, „að vænta má ráða og liðsinis frá háskólanum við úrlausn þess."

Fyrrgreind ummæli deildarforseta heimspekideildar og háskólarektors lýsa greinilega mjög jákvæðri afstöðu Háskóla Íslands til hugmyndar Blaðamannafélagsins um kennslu í blaðamennsku við háskólann. Þeir eru hins vegar sammála um, að örstutt námskeið í blaðamennsku séu gagnslaus eða gagnslítil. „Miklu skemmri námskeið en 6—7 vikur eru ekki líkleg til mikils árangurs eftir okkar reynslu," segir háskólarektor í bréfi sínu til menntmrn. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að stofnað skuli til kennslu í blaðamennsku við heimspekideild háskólans, þegar fé er veitt til þess í fjárl. Er jafnframt gert ráð fyrir, að kveðið skuli á um námstilhögun í reglugerð. Það er skoðun okkar flm., að styttri námstími, en þrír mánuðir komi naumast til greina, ef gagn eigi að verða af þessari fræðslu. Forráðamenn háskólans, Blaðamannafélag Íslands og menntmrn. mundu að sjálfsögðu hafa nána samvinnu um undirbúning og setningu reglugerðar um þessi efni. Það er skoðun okkar flm. þessa frv., að hér sé um mikilvægt menningarmál að ræða, ekki aðeins fyrir blaðamannastéttina, heldur einnig fyrir íslenzku þjóðina í heild. Blöð og önnur fjölmiðlunartæki hafa mikil áhrif í þjóðfélagi okkar í dag. Á miklu veltur, að blöðin séu rituð á hreinu og ómenguðu íslenzku máli. Sama gildir um meðferð útvarps og sjónvarps á móðurmálinu. Íslenzk tunga yrði ein aðalnámsgreinin í blaðamannaskóla komandi ára. Íslandssaga og mannkynssaga hlýtur einnig að skipa veglegan sess í slíkum skóla. Þar mundu einnig fljótlega verða fengnir til kennslustarfa sérmenntaðir menn í blaðamannsku og reyndir menn, sem starfað hafa við blöð og aðrar fréttastofnanir. Kjarni málsins er, að sem fyrst verði snúið sér að því að hefjast handa um námskeið við Háskóla Íslands í blaðamennsku. Enda þótt sú kennsla yrði í fyrstu í smáum stíl, gæti hún á skömmum tíma þróazt upp í það að verða fullkomin kennslugrein innan stofnunarinnar, eins og forseti heimspekideildar bendir á í álitsgerð sinni, er ég minntist á hér áðan.

Á liðnum tíma hefur lengst af verið illa að íslenzkum blaðamönnum búið. Þeir hafa flestir starfað við fátæk blöð við erfiðar aðstæður. Fram á síðustu áratugi hafa blöð okkar einnig verið mikils til of einhæf. En óhætt er að fullyrða, að blaðamennirnir sjálfir gera sér ljósan ófullkomleika blaða sinna. Það er hiklaus vilji þeirra að bæta þau og gera þau stöðugt hæfari til þess að gegna mikilvægu fræðslu- og menningarhlutverki. Þess vegna hefur stjórn Blaðamannafélags Íslands tekið upp baráttu fyrir kennslu í blaðamennsku við Háskóla Íslands, og þess vegna er þetta frv. flutt. En þótt íslenzk blöð og blaðamenn hafi lengstum búið við erfiðar aðstæður, væri ómaklegt að láta þess ógetið, að margir þeirra hafa unnið þjóð sinni mikið gagn, t. d. á sviði málhreinsunar og málvöndunar. Björn Jónsson ritstjóri og ráðh. var einn hinna fremstu í hópi þeirra. Um hann kemst Guðmundur Finnbogason m. a. að orði á þessa leið:

„Íslenzkan var honum hjartans mál til síðustu stundar, og það, sem hann hefur gert fyrir hana, verður seint ofþakkað. Um hálfan fjórða áratug stýrði hann víðlesnasta blaði landsins og reit mest í það sjálfur, en hvort sem voru greinar hans eða annarra, hafði hann jafnan vakandi auga á meðferð málsins. Stillinn er maðurinn. Það mátti með sanni segja um Björn Jónsson. Hann þurfti ekki að setja nafn sitt undir grein, til þess að menn vissu, hver höfundurinn var. Á hverri hans setningu var skýrt persónumark,

hvort sem fallandi málsins var létt eða þung, var hún hans og einskis annars. Hún var hjartalag hans og andardráttur. Aldrei lánaður hljómur úr annarra strengjum. Tungutakið alþýðlegt um leið og það var persónulegt. Náttúrugáfan mikil, en jafnframt tamin af sterkum vilja. Og vilji menn vita, hve föst og fim tök hann hafði á málinu, þá lesi menn þýðingarnar hans," segir Guðmundur Finnbogason.

Einn af samstarfsmönnum Björns Jónssonar, Einar H. Kvaran skáld, komst einnig að orði á þessa leið um afstöðu hans til íslenzks máls:

„Hann hugsaði um það sem eitthvert stórslys og óbætanlega minnkun, ef óíslenzkulegt orðfæri slapp inn í Ísafold eða þar sást einhver subbuleg setning. Ástin á íslenzkunni var það, sem knúði hann áfram dag og nótt með dönsku orðabókina. Ástin á íslenzkunni var það, sem gerði hann friðlausan, eftir að hann hafði tekið að sér stafsetningarmálið, þar til er hann hafði samið og komið út stafsetningarorðabók, og íslenzkan var líka engum samtíðarmanni hans eftirlátari en honum."

Þetta voru ummæli Einars Kvarans skálds. Margir ritsnjallir menn hafa fengizt við ritstjórn á Íslandi, en enginn þeirra hefur enn hlotið slíkan dóm um tungutak sitt og málfar.

Það er ósk og von okkar flm. þessa frv., að með samþykkt þess verði lagður grundvöllur að bættri menntunaraðstöðu íslenzkra blaðamanna. Af því mun síðan leiða, að blöð, útvarp og sjónvarp verða færari um að gegna hinu mikilvæga menningarhlutverki sínu. Það er megintilgangur þessa frv.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Olíuverzlun ríkisins.

Á 57. fundi í Nd., 5. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um olíuverzlun ríkisins [117. mál] (þmfrv., A. 250).

Á 60. og 62. fundi í Nd., 12. og 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 19. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef flutt hér á nokkrum þingum frv. sama efnis og það frv., sem hér liggur nú fyrir til umræðu, um Olíuverzlun ríkisins. Málið hefur ekki fengizt afgr. hér á hv. Alþ., en mér þykir full ástæða til þess að leggja það enn þá hér fram í von um, að það fái nú að þessu sinni fullnaðarafgr. hér á hv. Alþ.

Með þessu frv. er lagt til, að ríkið taki í sínar hendur allan innflutning á olíuvörum til landsins, taki að sér heildsölustarfsemi með þessar vörur og síðan að verulegu leyti einnig smásöluna og dreifinguna á þessum vörum út um landið.

Það er vitað, að það eru aðallega þrjú stór olíufélög, sem nú hafa með olíusölu landsmanna að gera. Það má segja, að svo sé komið, að þessi þrjú félög hafi í raun og veru einokunaraðstöðu í sambandi við þessi viðskipti. Það hefur sérstaklega orðið áberandi nú hin síðari ár, þegar þessari verzlun er orðið háttað á þann veg, að það er ríkið sjálft, sem annast í rauninni með milliríkjasamningum innkaup á mestallri olíu til landsins, og aðrir hafa ekki með slíka samninga að gera, en sá háttur hefur hins vegar verið hafður á, að þegar ríkið hefur gert slíkan milliríkjasamning um kaup á olíu, hefur sá samningur verið afhentur olíufélögunum þremur til framkvæmda, og þannig hafa þau fengið algera einkaaðstöðu til innflutnings á olíu og til þess að hafa með höndum olíuverzlunina í landinu. Aðrir, sem meira að segja skv. lögum hefðu átt að hafa það með höndum að annast olíuverzlun, eins og t. d. olíusamlög, sem mynduð hafa verið skv. sérstökum l. frá Alþ., hafa ekki getað fengið olíu til þess að verzla með, nema með því að eiga samninga við eitthvert af þessum þremur olíufélögum, og þau hafa því getað sett þessum olíusamlögum þá kosti, sem þau hafa viljað og ákveðið, t. d. í þeim skilmálum, sem þau hafa sett, útsöluverð á olíu og allar sölureglur olíusamlaganna, og þannig hafa olíusamlögin orðið í framkvæmd að vera nokkurs konar umboðsaðilar olíufélaganna.

Þessi þrjú stóru olíufélög hafa, eins og kunnugt er, byggt upp í rauninni þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land, því að þau starfa sjálfstætt hvert út af fyrir sig þannig séð, og það fer ekki fram hjá neinum, sem virðir þessi mál fyrir sér, að það er þegar búið að leggja í margfalt meiri stofnkostnað í sambandi við olíuverlzunina í landinu, en hefði verið þörf á, ef um t. d. einn aðila hefði þar verið að ræða. Það er t. d. alveg augljóst, að olíufélögin hafa nú á síðustu árum lagt í mikinn stofnkostnað í sambandi við benzínafgreiðslustöðvar hér í Reykjavík og í stærstu kaupstöðum landsins, langt umfram það, sem þörf hefði verið á, ef ekki hefði verið um að ræða ákveðna verzlunarsamkeppni á milli þessara aðila í sambandi við afhendingu á þessari vöru.

En þrátt fyrir þessa samkeppni á milli félaganna hefur það þó komið mjög greinilega í ljós, að það er ekki um neina venjulega og heilbrigða verzlunarsamkeppni á milli þeirra að ræða. Þau fylgja í rauninni alltaf sömu verðlagningu, koma sér algerlega saman um alla aðalsöluskilmála, og virðist þar ekki vera um neina samkeppni að ræða. Og þó stórir olíukaupendur,

jafnvel opinberir aðilar, hafi leitað eftir tilboðum í sambandi við mikil olíuviðskipti, hefur það komið greinilega í ljós, að þar standa olíufélögin alltaf saman og senda öll inn sams konar tilboð, þar er aðeins um það að velja, hvort maður vill fremur verzla við eitt eða annað, en um verulega samkeppni er ekki þarna að ræða, sem kemur til dæmis fram í mismunandi verði eða söluskilmálum. Það má því segja, að sameiginlega hafi þessi þrjú félög einokunaraðstöðu í sambandi við þessa þýðingarmiklu verzlun, sem verzlun með olíu er.

Nú liggur það fyrir, að olíuvörur eru einhverjar nauðsynlegustu vörur, sem landsmenn þurfa á að halda. Það er meira flutt inn og verzlað með af olíuvörum á Íslandi en á nokkurri annarri vörutegund. Við verðum að nota mjög mikið af olíu í sambandi við rekstur á okkar aðalatvinnuvegum, og þá ekki sízt sjávarútveginum. Einnig er svo háttað hér í okkar landi, að við verðum að hita upp bæði íbúðarhúsnæði og annað húsnæði, sem upp þarf að hita, opinberar byggingar og annað þess háttar, að verulegu leyti með olíukyndingu. Þetta hefur orðið til þess, að olíunotkun í landinu er mjög mikil hlutfallslega, miðað við íbúafjölda. Hér er auðvitað um mjög viðkvæma vöru að ræða í allri verðlagningu og sem segja má, að virki tiltölulega fljótlega á hag svo að segja hvers manns í landinu.

Nú á síðari árum er farið mikið að ræða um það, að nauðsynlegt sé að koma fyrir meiri hagræðingu á ýmsum sviðum í okkar atvinnulífi en verið hefur, og einmitt núna síðustu árin hefur verið mikið um það rætt, að það væri orðin knýjandi nauðsyn að taka t. d. ýmsa þýðingarmikla þætti í atvinnurekstri landsmanna til rækilegrar endurskoðunar og umskipulagningar. Nú er t. d. það boðað, að rétt sé með endurskipulagningu að stefna að því að leggja niður allmörg hraðfrystihús í landinu, allmargar fiskvinnslustöðvar, af því að þessar fiskvinnslustöðvar séu orðnar of margar, þær séu ekki nægilega hagkvæmar í rekstri, og með beinum opinberum fjárhagsráðstöfunum er unnið að þessu nú, skv. yfirlýsingum frá opinberum aðilum. Ég efast að vísu ekkert um það, að það er orðið þannig háttað á nokkrum stöðum, að þar hefur verið um nokkra yfirbyggingu að ræða í sambandi við fiskvinnsluna, sérstaklega með tilliti til þess, hvernig undirstaðan í þeim iðnaði hefur þróazt að undanförnu, og við gætum vel komizt af með eitthvað færri frystihús en eru rekin í landinu, en þó er mér það ljóst, að í mjög mörgum tilfellum eru þau frystihús, sem nú er talað um af opinberri hálfu að leggja niður, atvinnustöðvar, þar sem fjöldi fólks á alla sína afkomu undir að verði reknar áfram, jafnvel þótt þesar atvinnustöðvar séu ekki að öllu leyti hagkvæmar í rekstri. En það þykir eigi að síður nauðsynlegt að taka nokkuð hart á skipulagsmálunum í þessum efnum, jafnvel þar, sem um það er að ræða, að það þurfi að leggja niður atvinnustöðvar, af því að þær séu ekki nægilega hagkvæmlega uppbyggðar.

En er þá ekki, þegar menn eru komnir að þessum þætti í sambandi við atvinnufyrirtækin, einnig komið að því, að það sé þörf á að líta eftir hagkvæmninni í ýmsum öðrum þáttum okkar atvinnureksturs í landinu? Hvað er t. d. að segja um rekstur olíufélaganna? Er þörf á því fyrir okkur að halda uppi þreföldu olíudreifingarkerfi, ekki aðeins allt of miklum rekstrarkostnaði í þeim efnum heldur einnig allt of þungum rekstrarkostnaði, og mikill rekstrarkostnaður í þessum efnum þýðir auðvitað í framkvæmd of hátt olíuverð, sem eykur á rekstrarhalla jafnt frystihúsa, fiskiskipa og annarra þátta í okkar atvinnulífi? Of hátt olíuverð þýðir einnig, að útgjöld heimilanna verða þar af leiðandi hærri en hefði þurft. Er þá ekki fyllilega eins mikil ástæða til þess, þegar augu manna eru að opnast fyrir því, að það þurfi að beita hagræðingu á sem flestum sviðum og spara þannig óþarfa útgjöld, að röðin fari einnig að koma að því, hvort við eigum ekki að breyta því skipulagi, sem við höfum búið við í sambandi við olíuverzlunina í landinu?

Það er auðvitað ekkert um það að efast, að olíufélögin þrjú, sem byggt hafa upp sína starfsemi á undanförnum árum og lagt í þá uppbyggingu býsnamikið fé, sem þau hafa auðvitað tekið af olíukaupendum í landinu, eru þessari umskipulagningu andvíg. Þau hafa staðið á móti öllum till., sem í þessa átt fara, og mitt frv. gerir, og nánustu stuðningsmenn þessara olíufélaga hafa til þessa staðið vörð um þeirra hagsmuni, en ég á erfitt með að trúa því, að þegar að því er komið, að það þykir jafnvel nauðsynlegt að leggja niður undirstöðuatvinnufyrirtæki, eins og t. d. fiskvinnslustöðvar, þá þyki rétt að halda áfram sliku eyðsluskipulagi og við höfum búið við í okkar olíusölumálum á undanförnum árum. Ég held, að það sé óvíða, sem það liggur eiginlega beinna við en í sambandi við olíuverzlunina, að þarna verði gerð á skipulagsbreyting til hins hagkvæmara. Þessi breyting er tiltölulega einföld. Hér þarf ekki að koma til nein verulega viðtæk bylting. Fyrirkomulagið er það, eins og ég hef bent hér á áður, að ríkið annast nú að forminu til innkaupin á öllum aðaloliuvörum landsmanna með sérstökum millirikjasamningi. Það væri því tiltölulega auðvelt fyrir ríkið að taka sjálft að sér að framkvæma þennan samning, taka aðalbirgðastöðvar olíufélaganna annað hvort á leigu eða með leigunámi, nú jafnvel að taka stöðvarnar eignarnámi. Það er einnig til sú leið, að ríkið bæti síðan smám saman við sig fleiri og fleiri þáttum í sambandi við olíusölumálin. Ef þetta væri gert, gætu fyrst þau allmörgu olíusamlög, sem mynduð hafa verið í landinu á venjulegum samvinnufélagagrundvelli skv. gildandi lögum, fengið aðstöðu til þess að fá olíuvörur á eðlilegu heildsöluverði og selja olíuna síðan á réttu kostnaðarverði til meðlima samlaganna. Ég efast ekkert um það, að ef þetta skipulag væri tekið upp, væri hægt að lækka olíuverðið í landinu til mikilla muna, sérstaklega til ákveðinna þátta.

Ég minnist þess, að fyrir allmörgum árum höfðu þessi olíusamlög nokkra möguleika í þess-

um efnum. Þá stóð nefnilega þannig á, að í eigu ríkisins var þó nokkuð af olíubirgðum liggjandi í landinu, olíu, sem hafði að vísu komið hingað í sambandi við styrjaldarástand og þótti rétt að eiga hér í stórum birgðageymum, og þá var ýmsum olíusamlögum gefinn kostur á því að fá olíuna keypta á réttu heildsöluverði eða sama verði og vitað var, að stóru olíufélögin fengu þá olíu keypta á. Útkoman varð sú, að t. d. nokkur olíusamlög útvegsmanna, sem starfandi voru, lækkuðu olíuverðið til báta og skipa stórkostlega frá því, sem verið hafði hjá olíufélögunum. Þessu fékkst að vísu ekki framhaldið mjög lengi, því að eftir kröfu olíufélaganna voru síðan þessi olíusamlög skylduð til þess að selja olíuna til báta og skipa á sama verði og olíuhringarnir gerðu, og það er það ástand, sem enn ríkir í dag.

Ég tel, að í þessum efnum, reyni nú á, hver vilji er fyrir hendi til þess að koma fram verðlækkun á þýðingarmikilli nauðsynjavöru í landinu, og það reyni einnig á varðandi þetta mál, hvort hugur fylgir máli í þeim efnum, að vilja koma á hagræðingu í sambandi við rekstur okkar atvinnulífs eða ekki, eða hvort það sé svo, að sérhagsmunir nokkurra stórra félaga eiga að sitja hér í fyrirrúmi áfram.

Mér skilst, að hæstv. ríkistj. hafi tekið undir till. um það, sem fram hefur komið í sambandi við verzlunina í landinu, að skipuð skuli n. til þess að kanna fyrirkomulag verzlunarinnar almennt, og hvort það sé hægt að koma á hagkvæmari skipan fyrir landsmenn en nú er. Ég efast ekkert um það, að það sé mikið verk og býsna flókið að taka til endurskoðunar allt verzlunarfyrirkomulag landsmanna, þ. e. a. s. það fyrirkomulag, sem nú er ríkjandi á innflutningi almennt á vörum til landsins og dreifingu þeirra og sölu um allt land. Það er um mörg mjög mismunandi svið að ræða. En ef ríkisstj. meinar eitthvað með því, að n. verði sett í það mál, ef hún meinar eitthvað í þá átt, ef hún hugsar sér raunverulega að koma þar á einhverjum teljandi breytingum til hagsbóta fyrir neytendur í landinu, tel ég einsýnt, að hún eigi sérstaklega að byrja á þeim þætti, sem þetta frv. fjallar um, þ. e. a. s. á innflutningi og verzlun með olíuvörur, því að það er ekki yfirgripsmeira mál en svo, að það er hægt tiltölulega fljótlega að komast að niðurstöðu um það, gangi menn til athugunar á því, að það mundi vera hagkvæmt fyrir landsmenn að breyta þar um skipulag.

Í þessu frv., sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., er bent á það, að það skuli verða ríkið sjálft, sem tekur að sér þessa verzlun, og hér skuli verða um ríkisverzlun að ræða. Auðvitað væri hægt að hugsa sér fleiri eða aðrar leiðir, þó þannig, að olíuverzlunin væri gerð hagkvæmari en hún er nú í dag, en við Alþb.-menn, sem oftsinnis höfum lagt áherzlu á það, að þessu skipulagi yrði komið á varðandi þennan verzlunarþátt, teljum, að hagkvæmast væri, að ríkið tæki að sér þessa verzlun og yfirtæki starfsemi olíufélaganna. Það hefur einnig komið í ljós, að það getur í mjög mörgum tilfellum verið hagkvæmt í sambandi við utanríkisviðskipti landsins, að þessi verzlun sé að mestu leyti í höndum opinberra aðila, það getur verið þýðingarmikið að beina innkaupunum á olíu til ákveðinna landa fremur en til annarra, það getur verið hagstætt í sambandi við útflutningsverzlun landsmanna, og þessum aðferðum hefur m. a. verið beitt nú á nokkrum undanförnum árum. Þetta styður það einnig, að það sé einmitt ríkið, sem taki að sér þessa starfsemi.

Eins og ég sagði, hefur það verið yfirlýst stefna okkar Alþb.-manna, að það ætti að koma þessum málum fyrir á þennan hátt, og ég minnist þess, að fyrir rétt rúmu ári síðan kom það fram opinberlega hjá formanni Alþfl., hæstv. utanrrh., að hann taldi einnig, að hér væri um stefnumál Alþfl. að ræða og hann styddi þessa till., vildi vinna að því að taka upp þetta skipulag. Það eru því fleiri en við Alþb.-menn, sem bendum á þetta, og ég vona, að þótt málið hafi ekki náð fram að ganga til þessa, sé skilningur einnig í öðrum flokkum að aukast fyrir þessu máli, og að þessu sinni verði hægt hér að ná verulegum árangri og helzt af öllu með því að samþ. frv. í öllum aðalatriðum, eins og það liggur hér fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða hér frekar um málið að þessu sinni. Ég hef rætt um þetta hér á nokkrum þingum, og málið er því frá minni hálfu allmikið rætt, og ég hygg líka, að það liggi nokkuð ljóst fyrir mönnum, hvað hér er um að ræða.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Fiskiðja ríkisins.

Á 57. fundi í Nd., 5. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Fiskiðju ríkisins [119. mál] (þmfrv., A. 254).

Á 60. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir allmörgum árum var hafin bygging verksmiðju á Siglufirði, þar sem síðan skyldi og leggja niður síldarafurðir. Ákvörðun um byggingu þessarar verksmiðju var tekin af Alþ. og ætlunin var, að þessi fyrsta verksmiðja á þessu sviði í eigu ríkisins yrði nokkurs konar tilraunaverksmiðja,

er gæti tekið að sér nauðsynlegt forystuhlutverk í þessari iðngrein. Nú að 8 árum liðnum er þessi verksmiðja enn ekki fullbyggð og vantar allmikið á, að hún geti gegnt því hlutverki, sem henni var ætlað. Á ýmsu hefur gengið í rekstri þessa fyrirtækis, og oft hefur hún staðið langtímum saman verkefnalaus. En í seinni tíð hefur þó framleiðslan loksins farið ört vaxandi, og mun heildarveltan á s. l. ári hafa numið 10—15 millj. kr. eða eitthvað þar um bil. Ég held, að óhætt sé að segja, að stuðningur ríkisvaldsins við þennan rekstur hafi stundum verið dálítið hikandi og ástæðan til þess, hve seint hefur gengið að koma verksmiðjunni á fót, er fyrst og fremst fjárskortur. Það er sem sagt ekki nóg að byggja verksmiðju. Það þarf líka að afla markaða, og það verður ekki gert nema til þess sé kostað nokkru fé. Ég hef aldrei verið í vafa um, að ríkisvaldið fór inn á rétta braut, þegar það ákvað að reisa slíka verksmiðju í niðurlagningariðnaði.

Eins og ég hef oft áður rætt um hér á Alþ., eru Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðum sínum í fullvinnslu matvæla úr sjávarafurðum. Þessi iðngrein hefur nánast staðið í stað hér á Íslandi á undanförnum áratugum, þótt aflamagnið hafi stóraukizt. Ég hef talið og tel enn, að ríkisvaldið geti ekki horft á það aðgerðalaust, að svo hægt gangi að byggja upp þessa mikilvægu iðngrein. Þess vegna hef ég verið að vona, að bygging þessarar verksmiðju yrði upphaf að markvissri viðleitni ríkisvaldsins til að skipuleggja og skapa skilyrði fyrir stóraukinni fullvinnslu afurða úr sjó. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt með sama sjónarmið í huga.

Í frv. er gert ráð fyrir, að niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði verði fullbyggð og búin þeim tækjum, sem þar eiga að vera, svo að verksmiðjan geti starfað með eðlilegum hætti og gegnt því hlutverki, sem Alþ. ætlaði henni í upphafi. En frv. gerir einnig ráð fyrir, að áfram sé haldið á sömu braut. Með 1. gr. frv. er lagt til, að stofnað verði sjálfstætt ríkisfyrirtæki, sem beri nafnið „Fiskiðja ríkisins“ og starfi undir sérstakri stjórn, sem Alþ. kjósi. Þetta nýja fyrirtæki, sem mundi strax í upphafi taka við niðurlagningarverksmiðjunni á Siglufirði, tæki síðan að sér það hlutverk að hafa forystu um tilraunastarfsemi við frystingu, niðursuðu, niðurlagningu og hvers konar fullvinnslu matvæla úr síld og öðrum fisktegundum í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Fiskiðjan mundi einnig miðla reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði, og yrði þá að því stefnt, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., að yrði sett á stofn sérstök rannsóknardeild, sem hefði með höndum vísindalegar athuganir í niðurlagningar- og niðursuðutækni.

Í 2. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir, að Fiskiðja ríkisins hafi forystu um öflun markaða erlendis. Ég hef oft rætt um þessa hlið málsins hér á Alþ., og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það. Markaðsöflun á þessu sviði hefur verið algerlega í molum. Úr þessu þarf að bæta, og ég tel algerlega óvíst, að það verði gert á annan hátt en þann, að ríkisvaldið taki beinlínis forystuna. Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að fiskiðjan beiti sér fyrir myndun sölusamtaka, sem annist sölu á fullunnum fisktegundum í ýmsum tegundum umbúða og undir einu íslenzku vörumerki. Í þessari 2. gr. er einnig minnzt á fræðslumál fiskiðnaðarins, en þau eru vissulega í miklum ólestri, eins og flestum er kunnugt. Nú háttar þannig til, að sá, sem ætlar að hafa af því atvinnu að skafa hár af höfði manna og vöngum, verður fyrst að sitja á skólabekk í 4 ár, en sá, sem ætlar að taka að sér að stjórna síldarverksmiðju, sem framleiðir verðmæti í þjóðarbúið fyrir hundruð millj. kr., þarf enga sérstaka menntun, ekki nokkra.

Frændur okkar Norðmenn hafa tekið þessi mál ólíkt fastari tökum en við Íslendingar, og þeir starfrækja t. d. sérstakan skóla í niðurlagningariðnaði. Þessi mál þarf sem sagt að taka til athugunar, og þar kemur til greina, hvort ekki sé ástæða til, að stofnaður verði sérstakur skóli á þessu sviði, ellegar haldin séu námskeið með stuttu millibili. Læt ég svo útrætt um sjálft frv., enda hefur verið gerð grein fyrir því áður hér á Alþ.

Eins og komið hefur fram af því, sem ég hef hér sagt, ætla ég ríkisvaldinu allmikinn hlut í uppbyggingu þessarar iðngreinar, niðursuðuiðnaðarins, vegna þess að ég dreg í efa, miðað við þá reynslu, sem fengin er, að niðursuðu- og niðurlagningariðnaður nái sér nokkurn tíma verulega á strik hér á landi, nema ríkisvaldið taki að sér forystuna, a. m. k. í upphafi. En í þessu sambandi er ekki úr vegi að ræða hér almennt um hlutverk ríkisvaldsins í uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega.

S. l. miðvikudag urðu talsverðar umr. í sameinuðu þingi um áætlanagerð fyrir Norðurland og atvinnuframkvæmdir þar. Hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, sem því miður er nú ekki hér viðstaddur í dag, gerði grein fyrir væntanlegri framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland og gaf þá yfirlýsingar, sem ég er hræddur um, að mörgum hafi komið talsvert á óvart.

Í fyrsta lagi sagði ráðh., að í Norðurlandsáætlun yrði aðeins fjallað almennt um það, sem gera þyrfti, en þar yrði ekki minnzt á neinar tilteknar framkvæmdir, engin sérstök áform um fyrirtæki, sem yrðu byggð á Norðurlandi, heldur aðeins, eins og hann sagði aftur og aftur, kortlagning vandamálanna.

Í öðru lagi lagði hann á það áherzlu, að ástandið á Norðurlandi stafaði af langvinnu aflaleysi. Hann sagði, að þar væru næg atvinnutæki til að sjá öllu fólki fyrir nægri atvinnu, aðeins ef hráefnið fengist, og þar sem fólkið þar hefði enn ekki gefizt upp á sjávarútvegi og hefði ákveðið að þrauka og bíða þar til betur áraði, væri í rauninni engin þörf þar á nýjum atvinnutækjum.

Það er nú orðinn býsna langur tími, sem atvinnuleysi hefur herjað á Norðurlandi, en ég geri ráð fyrir, að menn skilji, hvaða boðskapur felst í þessum orðum ráðh. Það á sem sagt allt að verða við það sama áfram, það á bara að bíða, þar til meiri fiskur verður í sjónum við Norðurland. Úr því að Norðlendingar vilja áfram fást við sjávarútveg, dugir ekki að láta þá fá

eitthvað annað til að hugsa um, því að þá fer allt í óefni, þegar fiskurinn kemur loksins á miðin. Það er vissulega rétt hjá ráðh., að Norðlendingum hefur ekki dottið í hug að hverfa frá sjávarútvegi, en hins vegar hefur þeim dottið í hug, að skynsamlegt gæti verið, að sjávarplássin séu ekki algerlega háð útgerð og fiskiðnaði. Aflaleysi um langt skeið hefur sýnt mönnum og sannað nauðsyn þess, að atvinnugrundvöllur þessara staða sé breikkaður, komið sé upp iðnaði, sem geti veitt nokkra kjölfestu í byggðarlagið og öryggi, þótt það tákni ekki, að menn ætli að hverfa endanlega frá sjávarútvegi. Atvinnulíf hvers staðar hlýtur að verða að hafa nokkurn sveigjanleika. Það dugar ekki að sníða því svo þröngan stakk, að það sé talið nægjanlegt, að allir hafi nóga atvinnu, þegar vel árar og mikið fiskast. Fiskaflinn hlýtur alltaf að vera misjafn. Ef atvinnuleysi skapast í hvert skipti, sem minna aflast, er atvinnulífið ekki rétt upp byggt, ekki nægilega sveigjanlegt, grundvöllurinn ekki nógu breiður.

Í þessum umr. á miðvikudag hélt ég því fram, að atvinnuástandið á Norðurlandi væri afleiðing af rangri stjórnarstefnu, og ég vil endurtaka það. Atvinnuástandið er eins og það er, vegna þess að ríkisstj. hefur haldið að sér höndum. Það er stefna hennar í samræmi við trúarkenningar hægri manna, að ríkisvaldið eigi að hafa sem minnst afskipti af atvinnumálum. Þess vegna hefur hún lítið gert og þess vegna ætlar hún lítið að gera. Þess vegna segir hæstv. fjmrh., að við Norðurlandsáætlun verði engin áform um tilteknar atvinnuframkvæmdir.

Það er rétt, sem fjmrh. segir, að frumorsök vandamálanna á Norðurlandi er aflaleysi, aflaleysi fyrir Norðurlandi en ekki annars staðar. Ef ríkisstj. hefði haft það á stefnu sinni að útrýma atvinnuleysi, hefði hún auðvitað haft frumkvæði að því að útvega meiri afla af fjarlægum miðum. Hún hafði um margar leiðir að velja. Að vísu hefur ríkisstj., og það skal sem sagt tekið fram, viljað stuðla að síldarflutningum, hún hefur gert það, en þó með hangandi hendi. Það framtak hefur sem sé verið of lítið, og það hófst of seint. En það er í áttina. Það skal viðurkennt. En á sama hátt hefði þurft að gera ráðstafanir til að útvega frystihúsum á Norðurlandi aukið hráefni. Staðir, sem eru hrjáðir af langvinnu atvinnuleysi, eru yfirleitt gersamlega fjárvana og ráða því ekki við fjárfrekar atvinnuframkvæmdir, eins og t. d. stórútgerð. Ég vil halda því fram, að það sé oft og tíðum alveg tilgangslaust að bíða eftir því árum saman, að einkaframtakið hafi frumkvæði í stórfelldri atvinnuuppbyggingu, þegar allt er sokkið í atvinnuleysi, peningaleysi og allsleysi. Þess vegna á ríkisvaldið, og verður, að hafa forystuna, þar sem svo er ástatt, t. d. með hráefnisflutninga, með því að hafa frumkvæði um útgerð stærri báta, með því að koma upp ríkisútgerð togara, sem miðli hráefni víðs vegar um land, þar sem atvinnuástandið er verst, með byggingu niðurlagningarverksmiðja o. s. frv., eins og í þessu frv., sem hér er til umr., felst. Þetta á að gera til þess að unnt sé að fullnýta vinnuafl og aðstöðu á hverjum stað og til þess að vernda hin ýmsu byggðarlög fyrir stöðugum fólksflótta. Til þess að þetta sé unnt, þarf auðvitað fyrirfram að skipuleggja, hvað gera skal og til þess eru einmitt áætlanir eins og Norðurlandsáætlun og aðrar framkvæmdaáætlanir. En þetta vill ríkisstj. ekki gera, eins og ljóslega kom fram hjá hæstv. fjmrh. í seinustu viku. Hún vill ekki og hefur aldrei viljað, gera markvissar ráðstafanir til að útrýma atvinnuleysi á Norðurlandi. Og þess vegna segi ég, og sagði hér í umr. um daginn, stefna hennar er röng.

Ég vil svo nota þetta tækifæri til að minna á það, að í þeim samningum, sem norðlenzku verkalýðsfélögin gerðu við ríkisstj. sumarið 1965, þar sem loforðið um Norðurlandsáætlun var gefið, kemur það skýrt fram, að áætlunin á að fjalla um tilteknar og ákveðnar ráðstafanir í atvinnumálum, hvað sem fjmrh. segir nú, enda segir það sig sjálft. Hvernig er hægt að lofa því, að öllu vinnufæru fólki verði tryggð viðunandi atvinna með gerð áætlunar, eins og gert var í þessu loforði, án þess að einhverjar tilteknar atvinnuframkvæmdir séu hafðar í huga? Það er gersamlega óhugsandi. Skýrslugerð um ástand mála, eins og mér virðist, að fjmrh. stefni að, er auðvitað ágæt og nauðsynleg út af fyrir sig, en það var alls ekki það, sem ríkisstj. lofaði Norðlendingum. Hún lofaði sem sagt raunverulegri framkvæmdaáætlun.

Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er dæmi um það, hvernig við Alþb.-menn viljum ráðast á vandann, hvernig við viljum bæta atvinnuástand víða um land og hvernig við viljum skipuleggja stóraukna framleiðslu í atvinnugrein, sem lengi hefur orðið útundan, en á að geta orðið einn af grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar í framtíðinni. Ég veit, að skipulögð vinnubrögð ríkisvaldsins af þessu tagi hafa ekki átt upp á pallborðið hjá ríkisstj. undanfarin ár. En ég vona sem sagt, að hún sjái sig um hönd, og ég vona, að meirihl. Alþ. hafi nægilegt viðsýni til að bera til að skilja mikilvægi þessa máls.

Ég vil svo leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 13. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Áburðarverksmiðja (frv. MK og LJós).

Á 58. fundi í Nd., 6. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [122. mál] (þmfrv., A. 257).

Á 67. og 68. fundi í Nd., 27. og 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 5. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það hefur lengi verið einkenni á stjórnmálum hérlendis, að okkur Íslendingum gengur stundum erfiðlega að átta okkur á því, hvar við erum staddir í veröldinni. Menn og flokkar berjast einatt fyrir kenningum og framkvæmdum samkv. erlendum fyrirmyndum, án þess að huga að því, hvort þær eigi við hér á landi. Lög þau, sem samþ. voru um áburðarverksmiðju 1949, eru skýrt dæmi um þessa þjóðfélagslegu blindu. Áburðarverksmiðjumálið hafði þá verið undirbúið um 15 ára skeið, og allan þann tíma hafði verið talið einsætt, að verksmiðjan yrði ríkiseign. Þetta fyrirtæki var svo stórt á okkar mælikvarða, að öllum var ljóst, að þjóðin í heild yrði að standa að því. Frv. var lagt fyrir Alþ. í þeirri mynd, að Áburðarverksmiðjan yrði hreint ríkisfyrirtæki, og þannig var frv. samþ. við fimm umr. Það var ekki fyrr en við 3. umr. í Ed., að bætt er við nýrri lagagr. þess efnis, að rekstur verksmiðjunnar skyldi falinn hlutafélagi, sem einstaklingar ættu að eiga að 2/5 hlutum. Þessi annarlegi viðauki stafaði af því, að Marshallstofnunin ætlaði að ljá fé til framkvæmdanna, og sú stofnun lét þau boð út ganga, að hún hefði takmarkaðan áhuga á ríkisfyrirtækjum, hún vildi helzt einkafyrirtæki eða a. m. k. blandaða eignaraðild. Ekki skal ég ræða þau almennu fræðilegu rök, sem notuð eru til framdráttar slíkri stefnu í öðrum löndum, en á hitt ber að leggja áherzlu, að þegar bandarískir sérfræðingar gerðu till. um slíkt fyrirkomulag hér á landi, hafa þeir að sjálfsögðu ímyndað sér, að á Íslandi væru til einkaaðilar, sem hefðu fjármagn, getu og vilja til þess að rísa undir fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðjunni af eigin rammleik. Í auðvaldsríkjum er aðild einstaklinga að fyrirtækjum ekkert gervifyrirkomulag, heldur leggja þeir í raun og veru fram fjármuni og taka á sig ábyrgð og áhættu.

Ástæðulaust er að lá bandarískum sérfræðingum, þótt þeir þekktu ekki aðstæður hér á landi og ímynduðu sér, að hérna væru fjársterkir einstaklingar og fyrirtæki, sem risið gætu undir rekstri áburðarverksmiðju að 2/5 hlutum, en hitt er furðulegt, að meirihl. Alþ. skyldi festa þá firru í lög. Menn þurftu ekki annað en þurrka erlenda kenningaglýju úr augunum og líta í kringum sig til þess að sjá, að slíkir aðilar fyrirfundust hvergi á Íslandi. Áburðarverksmiðjan reyndist kosta 130 millj. kr. og til þess að einkaaðilar stæðu að rekstrinum að 2/5 hlutum, hefði raunverulegt framlag þeirra orðið að vera 52 millj. kr., því aðeins var hægt að segja, að þessi tilhögun væri raunhæf, að þeirri upphæð væri létt af íslenzka ríkinu. En engir íslenzkir einkaaðilar höfðu getu eða vilja til þess að taka á sig slíka byrði. Reynslan átti meira að segja eftir að sanna, að erfitt var að fá einkaaðila til þess að leggja fram þær vesælu 4 millj., sem þurfti til að eignast 2/5 hlutabréfanna í rekstrarfélaginu, til þess þurfti stórfelldan pólitískan eftirrekstur. Forystumenn Framsfl. knúðu Samband ísl. samvinnufélaga og kaupfélög um land allt til þess að leggja fram helming hlutafjárins. Forystumenn Sjálfstfl. knúðu á sama hátt iðnrekendur og heildsala til fjárframlaga, en náðu ekki markinu nema með því að fá Reykjavíkurborg til að leggja fram hálfa millj. Á þennan hátt tókst loks að reyta saman 4 millj., 2 á vegum Framsfl. og 2 á vegum Sjálfstfl., samkv. þeirri pólitísku helmingaskiptareglu, sem var í gildi um þær mundir. Framlag einkaaðila var þannig ekki 52 millj., heldur aðeins 4 millj. og raunar mun meginhlutinn af þeirri upphæð hafa verið tekinn að láni í ríkisbönkunum af almannafé. Ríkið útvegaði hins vegar þær 126 millj., sem á vantaði, með beinum framlögum og lánum með ríkisábyrgð. Þannig var þátttaka einkaaðila aðeins form, en ekki veruleiki. Íslenzkir valdamenn höfðu fellt erlenda hugmynd í lög án þess að skeyta um það, hvort hún væri í nokkru samræmi við íslenzkar aðstæður. En á eftir tóku þeir furðulegu atburðir að gerast, að einkaaðilarnir þóttust vera orðnir eigendur verksmiðjunnar að 2/5 hlutum. Þeir vildu halda því fram, að 4 millj. þeirra hefðu með yfirnáttúrlegum hætti breytzt í 52 millj., og nú, þegar verksmiðjan er metin á 700 millj., þykjast þeir orðnir eigendur að 280 millj. Það er 7000% eignaaukning að krónutölu.

Ástæða er til að benda á, að slík túlkun á ekkert skylt við þau kapitalistisku viðhorf, sem upphaflega fólust í stefnu Marshall-stofnunarinnar. Slík auðgunarstarfsemi, án eigin tilverknaðar, mundi vera flokkuð undir saknæman fjárdrátt í Bandaríkjunum ekki síður en annars staðar. Þar er gróðasöfnun því aðeins talin eðlileg, að einkaaðilarnir hafi lagt fram sjálfir fjármuni, vinnu og tekið á sig persónulega áhættu. En sem betur fer er kenningin um, að hlutafélagið eigi Áburðarverksmiðjuna ekki í samræmi við lög. Þegar ákvæðinu um hlutafélagsfyrirkomulagið var hnýtt aftan í l. við lokaafgreiðslu málsins 1949, var aðeins sagt, að Áburðarverksmiðjan skyldi „rekin sem hlutafélag". Hins vegar var haldið í l. fyrri ákvæðum um fjárhagsskuldbindingar ríkisins og eignaraðild. Í 2. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar Áburðarverksmiðju samkv. ákvörðun fjárl., og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkv. fjárl. hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs."

Hér er ríkissjóður skuldbundinn til þess að leggja verksmiðjunni til allt það fé, sem hún

þarf, ýmist með óafturkræfum framlögum eða með lánum á ábyrgð ríkissjóðs. Og í næstu gr. l., þeirri 3., segir svo:

„Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess á Alþ."

Það er þannig ótvírætt í l., að fyrirtækið er ríkisfyrirtæki með sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagi, og viðbótarákvæðið um rekstrarhlutafélagið getur ekki haggað þeim undirstöðustaðreyndum. Engu að síður hefur það verið nauðsynlegt frá upphafi, að þessi skilningur væri staðfestur á óvefengjanlegan hátt, og því hafa hliðstæð frv. og það, sem hér er fjallað um, verið lögð fyrir Alþ. 10—20 sinnum á tæpum tveimur áratugum. Þau hafa hins vegar aldrei náð fram að ganga af annarlegum ástæðum, jafnvel þótt oft hafi verið kunnugt, að meirihl. alþm. taldi verksmiðjuna hreina ríkiseign, en þetta fálæti Alþ. hefur orðið til þess að ýta undir þá túlkun einstakra hluthafa, að þeir eigi verksmiðjuna, og raunar hefur rekstrarfélagið sjálft talið verksmiðjuna eign sína í ársreikningum. Einnig hafa verið gerðar ítarlegar tilraunir til þess að sölsa verksmiðjuna að fullu undan ríkinu vegna þessarar óskýru lagasetningar. Má t. d. minna á, að þegar Framkvæmdabankinn var stofnaður, var í upphafi lagt til, að ríkið afhenti honum til eignar og umráða hlutabréf sín í Áburðarverksmiðjunni. Bankastjóri Framkvæmdabankans var þá spurður, hvað hann hygðist gera við hlutabréfin og hann kvaðst mundu selja þau einstaklingum á sanngjörnu verði. Með slíkum aðferðum hefði verið unnt að koma rekstrarhlutafélaginu að fullu undir yfirráð einkaaðila, og þá hefði kenningin um eignarréttinn hlotið mikla staðfestingu í verki. Það tókst að hindra þessa ráðagerð, en hættan á hliðstæðum brögðum vofir ævinlega yfir, á meðan Alþingi sker ekki á skýlausan hátt úr deilumálum um eignaraðildina.

Og nú er af enn einni ástæðu óhjákvæmilegt, að þetta mál verði endanlega útkljáð. Í stefnuyfirlýsingu sinni í upphafi þings greindi hæstv. forsrh. frá því, að stjórnarflokkarnir hefðu í hyggju að stækka Áburðarverksmiðjuna. Þar er um mikið nauðsynjamál að ræða, og jafnhliða stækkuninni er óhjákvæmilegt að breyta vélakosti og framleiðsluaðferðum verksmiðjunnar. Svo sem kunnugt er, tókst svo illa til í upphafi, að aðalvaldamaður verksmiðjunnar, Vilhjálmur Þór, fékk því ráðið, að valdar voru framleiðsluaðferðir, sem engin reynsla var af. Aðeins ein verksmiðja af hliðstæðu tagi var þá til í veröldinni, og henni hefur síðan verið breytt. Við höfum hins vegar setið uppi með framleiðslu, sem sætt hefur sívaxandi gagnrýni vegna slæmrar reynslu. Verksmiðjunni hefur ekki tekizt að framleiða áburð af þeirri kornastærð, sem hentar, og af þeirri ástæðu eru mikil brögð að því, að áburðurinn brenni gras til stórtjóns. Ekki hefur heldur tekizt að blanda áburðinn kalki og margt fleira nefna bændur í réttmætri gagnrýni sinni. Virðist það nú vera orðin almenn niðurstaða, að ekki verði hjá því komizt að leiðrétta þau alvarlegu mistök, sem gerð voru í upphafi fyrir tilverknað þess manns, sem mestu réð einnig um hlutafélagsákvæðið. En slík breyting á verksmiðjunni, ásamt stækkun hennar, mun kosta mikið fé. Í einkar fróðlegri grein, sem birtist í Morgunblaðinu 27. jan. s. l. eftir Jóhannes Bjarnason verkfræðing, er talið, að endurbót Áburðarverksmiðjunnar muni kosta um 300 millj. kr. Og Jóhannes heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Það fjármagn hlýtur ríkið á einn eða annan hátt að þurfa að útvega, því að lítið mun verksmiðjan sjálf hafa handbært til þeirra hluta. Eða skyldu hluthafar, sem eitt sinn lögðu fram 4 millj. kr., nú vilja eða geta lagt fram 40% þess fjár, sem vantar til þessara framkvæmda, þ. e. um 120 millj. kr.? Ætlar ríkið nú aftur að stuðla að því, að þessum „heppnu" hluthöfum verði færðar yfir 100 millj. kr. að gjöf í sambandi við þessar stækkunarframkvæmdir Áburðarverksmiðjunnar? Ríkið útvegi fjármagnið að láni, bændur borgi lánið með viðskiptum sínum, hlutafélagið eignist stækkunina. Er ekki orðið tímabært, áður en hinar fyrirhuguðu stækkunarframkvæmdir verða endanlega ákveðnar, að breyta l. verksmiðjunnar í skynsamlegra horf?"

Ástæða er til að taka undir þessa skýru niðurstöðu í Morgunblaðsgrein Jóhannesar Bjarnasonar verkfræðings. Að öðrum kosti munu hluthafarnir í rekstrarfélaginu halda því fram, eftir að umbótunum á Áburðarverksmiðjunni er lokið, að 4 millj. þeirra hafi nú allt í einu breytzt í 400 millj.

Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. hafi fjallað um þessa hlið málsins þegar hún tók atriðið um stækkun verksmiðjunnar upp í stefnuyfirlýsingu sína. Það er kunnugt, að áhrifamenn í báðum stjórnarflokkunum telja eignarrétt ríkisins ótvíræðan og ákvæðið um rekstrarhlutafélagið mjög óeðlilegt. Þeirra á meðal er hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, en hann komst, með leyfi hæstv. forseta, svo að orði, þegar fjallað var um hliðstætt frv. hér á þingi 1953, í upphafi ræðu sinnar:

„Þegar Áburðarverksmiðjuna hefur borið á góma hér á Alþ. undanfarin ár, hef ég jafnan látið þess getið, að ég tel lagasetningunni um hana vera mjög ábótavant og hér er í raun og veru á ferðinni mál, sem algerlega vansæmandi er fyrir Alþ. að taka ekki til gagngerðrar endurskoðunar. Frá l. var upphaflega illa gengið. Sú breyting, sem gerð var á frv. við síðustu umr. í Ed. var mjög til hins verra og opnaði leið til mikillar misnotkunar á því skipulagi, sem byggt var upp í l. Þetta hefði þó getað orðið skaðlítið, ef ekki hefði svo farið, að öll skilyrði til misnotkunar á l. hefðu verið hagnýtt út í yztu æsar, þannig að nú hefur skapazt hér í áburðarverksmiðjumálinu þvílíkt ófremdarástand, að alls ekki má við svo búið standa."

Síðan rekur núv. hæstv. viðskmrh. ýmsar röksemdir, sem ég hef m. a. vikið að hér að framan, og segir svo í lok ræðu sinnar:

„Þessi lagasetning, eins og hún hefur verið framkvæmd, er því þvílíkt hneyksli, að taka verður hana til gagngerðrar endurskoðunar. Þess vegna er ég algerlega fylgjandi því frv., sem hér hefur komið fram svo langt, sem það nær,

en teldi raunar æskilegra, að l. öll væru tekin til endurskoðunar. En þetta, sem hér er gert ráð fyrir að gera í þessu frv., er alveg sjálfsagt.“

Og lokasetning hæstv. núv. viðskmrh. var þessi:

„Þess vegna vil ég, þegar við þessa 1. umr., taka undir þau orð, sem þegar hafa verið sögð, að hér er réttlætismál á ferðinni, sem Alþ. verður sóma síns vegna og vegna hagsmuna þjóðarinnar að taka til meðferðar.“

Ég þykist mega gera ráð fyrir, að hæstv. ráðh. sé enn sömu skoðunar, og væri raunar mjög æskilegt að fá það staðfest við þessa umr. og fá um leið að heyra um afstöðu ríkisstj. í heild. Af öllum þeim ástæðum, sem ég hef rakið hér, er nauðsynlegt, að á þessu þingi verði loksins skorið úr um það, að Áburðarverksmiðjan hefur verið, er og verður í almenningseign. Til þess að svo megi verða, þarf að takast samstaða þm. úr öllum flokkum, og ég vil taka það skýrt fram, að við flm. þessa frv. erum ekki að bíta okkur fasta í neitt form eða fyrirkomulag. Við leggjum t. d. til í frv. að þegar ákvæðin um rekstrarfélagið verða numin úr l., skuli innleysa hlutabréf félaga og einstaklinga á nafnverði að viðbættum sparifjárvöxtum. Þar er sem sé lagt til, að ávöxtun hlutafjárins skuli metin samkv. þeim skilmálum, sem allur almenningur hefur orðið að sæta á þessum verðbólguárum. Ýmsir kunna hins vegar að vilja gera betur við hluthafana og láta þá njóta einhverrar verðtryggingar. Við flm. frv. erum fúsir til að ræða hverjar slíkar hugmyndir. Þær eru lítilvægar í samanburði við þá meginnauðsyn, að endanlega sé komið í veg fyrir öll áform um að ræna þessari stóreign frá íslenzku þjóðinni. Á hitt vil ég hins vegar leggja þunga áherzlu, í tilefni af öðru frv. um Áburðarverksmiðjuna, sem lagt hefur verið fram af 7 þm. Framsfl., að á það munum við ekki fallast, að Áburðarverksmiðjan sé talin eign rekstrarfélagsins og að taka verði verksmiðjuna eignarnámi í einni eða annarri mynd til þess að koma henni í eigu almennings.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér finnst hv. fyrri flm. þesa frv. tala svona óþarflega kalt um þessa hluthafa í Áburðarverksmiðjunni, gera þeim upp sakir, sem ekki er sanngjarnt. Þetta frv., sem hér er um að ræða, er gamall kunningi hér í þingsölunum og hefur oft verið flutt áður, þótt það hafi ekki náð fram að ganga, ekki haft fylgi meirihl. hv. þm. Þess vegna finnst mér sú fullyrðing hv. þm., að meirihl. hv. þm. sé í rauninni þessu frv. fylgjandi staðhæfing, sem ekki sé hægt að halda fram, þar sem það hefur aldrei sýnt sig að vera svo, heldur jafnvel öfugt.

Ég ætla ekki að fara að ræða ástæðuna fyrir því, af hverju Áburðarverksmiðjan var gerð að hlutafélagi í seinni d., þegar lög um Áburðarverksmiðjuna voru sett. Og það má vel vera, að það hafi alls ekki verið nauðsynlegt að gera það. En ég vil þá um leið fullyrða, að það hefur enginn skaði skeð, þótt þetta rekstrarform hafi verið á verksmiðjunni fram að þessu. Íslenzka þjóðin hefur engu á því tapað. Rekstur Áburðarverksmiðjunnar hefði ekki á neinn hátt verið betri þessi ár, sem hún hefur starfað, þótt þar hefði verið ríkisform á rekstrinum. Hv. Alþ. hefur kosið hverju sinni þrjá stjórnarnefndarmenn af 5 og hefur þess vegna getað ráðið algerlega í stjórninni, þar sem alþingiskosnir fulltrúar voru í meirihl.

Þegar Áburðarverksmiðjan var stofnuð, voru menn sammála um það, að hér væri ráðizt í mikilvægt fyrirtæki, sem gæti orðið og ætti að verða þjóðinni til góðs. Og ég held, að það sé enginn vafi á því, að svo hefur orðið, enda þótt deila megi um, hvort rétt hafi verið af stað farið með þá áburðartegund, sem framleidd hefur verið. Út í það ætla ég ekki að fara. Það má vitanlega deila um það, hvort það hefði verið mögulegt að stjórna fyrirtækinu betur en gert hefur verið, og kannske deila þeir nú helzt um það, sem minnsta reynslu eða þekkingu hafa á því, hvernig þetta hefur farið fram. En það vil ég fullyrða, að stjórnarnm. í verksmiðjunni hafa hverju sinni lagt sig fram og viljað gera sitt bezta. Þetta get ég fullyrt, vegna þess að ég átti þarna sæti í nokkur ár sem stjórnarmaður, og ég varð aldrei var við annað hjá neinum, sem í stjórn verksmiðjunnar var, en það, að þeir vildu gera allt það bezta. Og ég leyfi mér að endurtaka það, að stjórn verksmiðjunnar hefði ekki orðið betri, þótt allir 5 þm. hefðu verið kosnir hér á hv. Alþ. Hluthafarnir, sem lögðu fram 4 millj. af 10, þegar verksmiðjan var stofnuð, gerðu það ekki í þeim tilgangi að græða á því stórfé. Þeir gerðu það til þess að hjálpa til að koma þessu fyrirtæki á fót. Það er sagt nú og hefur verið sagt oft áður, að ríkissjóður hefði alveg eins getað lagt fram 10 millj. eins og 6 millj., þegar verksmiðjan var stofnuð. Þetta er vitanlega hægt að segja. En 10 millj. 1951, þegar þetta var ákveðið, voru talsverður peningur þá og ríkissjóð vantaði peninga á þessum tímum. Það höfðu ekki verið neinir uppgangstímar árin næst á undan og ríkissjóð vantaði þetta fé. Og það kom sér þess vegna vel fyrir ríkisstj., að hinir einstöku hluthafar lögðu fram 4 millj. af 10. Það gerði allt hægara um stofnun fyrirtækisins, því að þótt Marshall-aðstoðin legði fram fé til verksmiðjunnar, var það þó áskilið, að Íslendingar legðu eitthvað fram sjálfir þegar í stað. Og enginn vafi er á því, að það hefði orðið mjög erfitt fyrir Íslendinga að koma þessari verksmiðju á fót, ef Marshall-aðstoðin hefði ekki komið til. Og ég held, að við Íslendingar megum vera þakklátir fyrir það að hafa notið þessarar mikilvægu aðstoðar, eins og flest önnur Evrópulönd, a. m. k. í Vestur-Evrópu. En þetta er saga, sem er óþarft að vera að rekja. Hluthafarnir, sem lögðu fram 4 millj., hafa unað sínum hlut sæmilega, þótt þeir hafi flest árin orðið að vera án þess að fá vexti af hlutafénu. Þeir lögðu hlutaféð fram, þótt það væri ákveðið í l., að það mætti aldrei borga þeim meiri arð en 6%. Og þegar l. voru nú þannig gerð, held ég, að það

sé nú alveg rangt að halda því fram, að hluthafarnir hafi gert þetta í eigin hagsmunaskyni og hafi ekki haft annað sjónarmið en það að hagnast á fyrirtækinu.

Um leið og ég fullyrði það, að þetta rekstrarform hefur ekki orðið fyrirtækinu til trafala og hefur ekki hindrað það, að þjóðin nyti verksmiðjunnar, eins og ætlað var, get ég endurtekið það, sem ég hef sagt hér áður í hv. Alþ., að ég tel eðlilegast, að ríkið eigi verksmiðjuna. Ég tel eðlilegast, að hlutabréfin verði innleyst. Þetta hef ég sagt hér áður. Og ég geri ráð fyrir því, að meirihl. hv. þm. vilji það í einhverju formi. Nú er það kunnugt, að það er ákveðið að stækka Áburðarverksmiðjuna, og þá liggur í augum uppi, að til þess þarf mikið fé. Það er alveg öruggt, að þótt hluthafarnir vildu sýna fórnarlund áfram, eins og þeir hafa gert, og leggja fram aukið hlutafé um leið og Áburðarverksmiðjan er stækkuð, geri ég ekki ráð fyrir því, að þeir geti það. Þess vegna er það, að það er ekki um annað að ræða nú en að breyta l. Og það liggur fyrir vilji ábyggilega meiri hl. hluthafanna, og ég ætla allra þeirra stærstu, um, að þeir vilji láta hlutabréfin af hendi með skikkanlegum kjörum. Um hina smærri get ég ekki neitt fullyrt um, en ég tel ekki ástæðu til annars en þeirra vilji sé hinn sami. Þess vegna er það, að það er trúlegt, að hv. Alþ. geti nú sameinazt um það að breyta löggjöfinni með það fyrir augum að innleysa hlutabréfin. Og hv. fyrri flm. þessa frv. lýsti því hér áðan, að hann og hans félagar væru ekki endilega bundnir við þetta form, eða það, sem sagt væri í þessu frv. Þeir væru til viðtals um það að fara aðra leið, samningaleiðina, til þess að hægt væri að sameinast um það bezta, sem út úr því mætti fást. Og einmitt vegna þess að fyrir tveimur árum var það raunverulega ákveðið að stækka Áburðarverksmiðjuna, og ég gerði mér ljóst, að það var tilgangslaust að ætlast til þess, að hinir frjálsu hluthafar legðu fram fé til fyrirtækisins, var það ljóst, að það þurfti að breyta l., og ég átti þátt í því, að samið var frv. til breytingar á l. um Áburðarverksmiðjuna, og þetta frv. var sent, að ég held, öllum hv. nm. í landbn., a. m. k. landbn. Nd., ég ætla einnig í hv. landbn. Ed. Og ástæðan til þess, að þessi leið var farin, var sú, að það átti að gera tilraun til þess að fá landbn. til þess að sameinast um eitthvert form, og mér er kunnugt um það, að sumir hv. þm. hafa reynt þetta. Þeir voru beinlínis beðnir um að kanna það hver í sínum þingflokki, hvort þeir gætu fallizt á þetta frv., sem ég sendi þeim, eða hvaða breytingar þeir vildu á því gera, til þess að það væri hægt að sameinast. Það má segja, að þetta hafi nú dregizt nokkuð lengi, og ég, sem hefði nú átt að hafa forystu í þessu, hafi horft óþarflega lengi á það, að lítið gerðist hjá hv. landbn. En ég hugsaði sem svo: Á meðan verið er að undirbúa stækkunina og ekki er byrjað á framkvæmdum, er lítill skaði skeður, þótt l. hafi ekki verið breytt, en lagabreytingin verður að koma um það leyti eða áður en hafizt verður handa með framkvæmdir. Og satt að segja hef ég nú oft verið að tala við ýmsa hv. þm. um það, hvað liði samkomulagsumleitunum um þetta frv.

Nú hefur verið flutt hér annað frv. til breyt. á l. um Áburðarverksmiðjuna, og ætla ég ekki að ræða það, meðan það er ekki tekið til umr. a. m. k., en sumt í því frv. er svipað því, sem var í frv., sem ég lét semja. Ég veit ekki, hvort það frv. hefur verið flutt af því, að það hefur verið talið vonlaust, að það næðist samkomulag í hv. landbn. Ég tel það þó tæplega. Ég tel, að það sé alls ekki vonlaust, að slíkt samkomulag náist. Og ég segi það, að þó að þessi tvö frv. liggi hér fyrir nú, á það alls ekkert að spilla fyrir að ná því samkomulagi.

Það má segja, að það séu þá þrjú frv. nú, sem hv. landbn. getur tekið til athugunar og brætt þá upp úr því nýtt frv. Það er í fyrsta lagi það frv., sem við nú erum að ræða. Það er í öðru lagi það frv., sem er hér á dagskránni á eftir, og í þriðja lagi það frv., sem ég lét semja. Og e. t. v. fæst þá, þegar hv. landbn. hefur fengið þetta mál til meðferðar, samkomulag um það að sjóða nýtt frv. upp úr þessum þremur frv. Það teldi ég vera mjög æskilegt. En það er rétt, að hv. alþm. viti það, að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur látið fara fram undirbúning að stækkun verksmiðjunnar, og það er allumfangsmikið starf. Það er komið vel á leið þannig, að það er ekki ólíklegt, að það mætti hefjast handa að einhverju leyti á þessu ári með framkvæmdir, a. m. k. á árinu 1969. Það hefur orðið samkomulag um það, hvað væri eðlilegast að framleiða í verksmiðjunni, eftir að hún hefur stækkað. Þar hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins sagt sitt álit um, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda. Auk þess hafa þar komið verkfræðingar við sögu. En Norsk Hydro hefur aðallega starfað að áætlunum og undirbúningi, sem er, eins og ég sagði áðan, langt á veg kominn. Með því að stækka verksmiðjuna þannig, að hún geti framleitt helmingi meira en hún gerir nú og blandaðan áburð, var fyrir gengisbreytinguna gert ráð fyrir, að sú stækkun mundi kosta um 250 millj. kr. Hvort það eru 300 millj. núna eftir gengisbreytinguna, vil ég ekkert fullyrða um, en það er vitað, að þessi áætlun hlýtur að hækka vegna gengisbreytingarinnar talsvert. Ég geri ráð fyrir því, að með því að láta fara fram alþjóðlegt útboð á stækkun verksmiðjunnar, verði margir, sem vilji bjóða í verksmiðjuna, bygginguna, og það megi með því fá lán til þess að koma henni upp að verulegu leyti. Og það hefur verið látið berast frá fleiri en einum aðila, að þeir mundu bjóða í þessa stækkun og þeir væru tilbúnir til þess að lána talsvert af kostnaðinum. Það léttir vitanlega mikið undir í sambandi við það að útvega fjármagnið. Og við skulum vona, að það strandi ekki á því, þegar til kastanna kemur. Það er gert ráð fyrir því, að virkjunin við Búrfell geti byrjað að láta frá sér orku seinni hluta ársins 1969 og þessum fyrsta áfanga við þá virkjun verði lokið á árinu 1970. Það má þess vegna ætla, að Áburðarverksmiðjan geti fengið orku frá Þjórsárvirkjun á árinu 1970. Þá þarf stækkuninni að vera lokið, og að því hefur stjórn Áburðarverksmiðjunnar

stefnt. Og það er mikið atriði, ekki aðeins fyrir landbúnaðinn, heldur fyrir þjóðina alla, að að þessu verði unnið og að þessu marki verði náð. Með því að framleiða blandaðan áburð, a. m. k. þrjár mismunandi blöndur ásamt köfnunarefnisáburði, á íslenzkur landbúnaður kost á því að fá þær áburðartegundir, sem nauðsynlegastar eru.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til að segja meira um þetta mál að sinni. Um eignarrétt hluthafanna í verksmiðjunni var talað hér áðan og fullyrt, að þessir hluthafar, sem eiga 4 millj., ættu ekkert í verksmiðjunni. Það væri alveg öruggt. En það er nú áreiðanlegt, að það væri hægt að finna tvo lögfræðinga og þyrfti ekki að fara langt, sem væru algerlega ósammála um þessa fullyrðingu. Ég efast ekkert um, að hv. fyrri flm. frv. litur svo á, að þetta sé þannig, og vitanlega getur hann metið þetta, þó að hann sé ekki löglærður maður. Ég efast ekki heldur um, að hann hafi heyrt einhvern lögfræðing staðhæfa þetta líka. En ég hef heyrt marga lögfræðinga fullyrða, að þetta sé hlutafélag og hluthafarnir eiga 2/5 í verksmiðjunni. Ég ætla ekkert að fullyrða um þetta. En málið er ábyggilega ekki svona einfalt, eins og hv. fyrri flm. fullyrti hér áðan. Og satt að segja, þegar hluthafarnir fá ekki vexti af hlutafénu og það er með l. bannað, að þeir, sem eru taldir eigendur, megi þéna á fyrirtækinu, veit ég nú ekki, hvers virði eignarrétturinn er. Væri hugsanlegt, að þessi minnihl. í verksmiðjunni gæti farið að okra á þessum hlutabréfum? Við skulum hugsa núna, að það verði ekki samkomulag um það að innleysa hlutabréfin frá hluthöfunum. Hefur þá ekki ríkisvaldið allt í sinni hendi, hvernig farið verður með þennan minnihl.? Við gætum hugsað okkur það, að l. yrði breytt þannig, að hlutaféð yrði aukið svo og svo mikið, úr 10 millj. í 100 millj. Þetta væri boðið út, og einstaklingar og fyrirtæki byðu ekki í það vegna undangenginnar reynslu, að það leyfist ekki að borga arð af bréfunum. En hver væri það þá, sem tæki bréfin annar en ríkið? Þá væri það ríkið, sem ætti 106 millj. í verksmiðjunni, en núverandi aðrir hluthafar 4 millj. Þá færu nú hlutföllin að skekkjast. Og þá held ég, að hvorki hv. 6. þm. Reykv. eða aðrir færu að tala um heppna hluthafa.

Ég held, að við getum í sambandi við umr. um Áburðarverksmiðjuna og stækkun hennar og breyting á l. um hana látið það vera að lasta þessa hluthafa, sem sumir vilja kalla heppna hluthafa. Þeir hafa ekki verið heppnir, þeir lögðu hlutaféð ekki fram í þeim tilgangi að verða sjálfir heppnir. Þeir lögðu hlutaféð fram, af því að það vantaði fé í nauðsynlegt þjóðþrifafyrirtæki, og fyrir það eiga þeir ekki að fá skammir hér á hv. Alþingi.

Ég held, að við getum svo, ég og hv. fyrri flm. þessa frv., verið sammála um það, að það sé eðlilegt, að Áburðarverksmiðjan verði ríkiseign, og það sé rétt að vinna að því á hv. Alþ. að sameina hv. þm. um frv. til l. um breyt. á l. Og mér finnst það boða gott, að hv. þm. lýsti því yfir, að hann væri ekki bundinn við þetta frv., heldur gæti hugsað sér annað fyrirkomulag.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tel rétt, að það komi hér fram, að Alþfl. hefur enn þá skoðun, sem hann hefur haft á þessu máli frá því að frv. um Áburðarverksmiðjuna var afgreitt út úr þessu þingi, og sú skoðun er, að Áburðarverksmiðjan hafi verið og sé ríkiseign. Það hlutafélag, sem var bætt inn í l. á síðustu stundu, sé rekstrarhlutafélag, enda eru svo margir hlutir í l., sem stangast á, ef einhver annar skilningur á það yrði lagður, að það fær alls ekki staðizt.

Það þarf ekki að orðlengja, hversu fráleitt það er í nútíma, menntuðu þjóðfélagi, að ríkisvaldið eigi að hafa komið upp verksmiðju, sem kostaði 120—130 millj. kr., útvegað allt fé til hennar með þeirri aðstöðu, sem það hafði, en látið síðan stofna hlutafélag með 10 millj. kr. hlutafé, þar sem einstaklingar og félög eigi 4 millj. og fyrir þessar 10 millj. eigi hlutafélagið að komast yfir eignir, sem voru upphaflega um 120—130 millj., en eru núna sagðar 600—700 millj. Þeir menn, sem hugsa sér, að slíkt geti gerzt í nútíma þjóðfélagi, hugsa alls ekki raunhæft. Ég vil ekki á neinn hátt vera að ráðast á þá ágætu menn, sem stóðu fyrir því að útvega 4 millj. til þess að leggja í þetta fyrirtæki. Ég hafði ekki mikil afskipti af opinberum málum þá, en var þó í þeirri aðstöðu, að ég gat nokkuð fylgzt með því allt að því hlægilega kapphlaupi, sem var annars vegar á milli ráðamanna Sambands ísl. samvinnufélaga og ráðamanna einkafjármagnsins hér um það að komast þarna að og eignast hver sinn skammt í þessu. Ég tel ekki, að þeir hafi lagt fram 4 millj. upp á það að fá ekki nema bankavexti af þeim, af eintómri þjóðrækni, af því að það hafi vantað þessa litlu viðbót við 120—130 millj., heldur hafi þessir menn og þau félög, sem þeir stóðu að, hreinlega verið að tryggja sér aðstöðu í íslenzku efnahagslífi. Þó að 4 millj. veittu ekki meirihl. í félaginu, hef ég grun um það, að báða aðilana, sem söfnuðu þesum 4 millj., hafi nú dreymt um það, að þeir mundu síðan innan stjórnarinnar geta átt samstöðu með einhverjum af pólitísku fulltrúunum, þ. e. a. s. við vitum það vel, að hin stóru efnahagssamtök í okkar þjóðfélagi hafa náin tengsl við pólitísk samtök, og það er alls ekki sambandslaust þar á milli.

Hér liggja fyrir þinginu tvö frv. og kjarninn í þessum frv. báðum er aðferðin, sem lagt er til að beita við það, að ríkisvaldið taki nú við öllum hlutabréfunum í verksmiðjunni, m. ö. o. aðferðin til þess að komast yfir hlutabréf fyrir 4 millj. Í öðru frv., því sem nú er til umr., er gert ráð fyrir því, að ríkisvaldið taki bréfin á nafnverði, og þessir menn fái sem næst 4 millj. og kannske bankavexti að auki. Í hinu frv., sem er hér næst á dagskrá, er gert ráð fyrir því, að bréfin verði tekin eignarnámi samkv. mati, og eru þá fullkomnir möguleikar á því, að 4 millj. geti orðið 300—400 millj. Og samkv. því, sem ég hef þegar sagt, er mjög erfitt fyrir Alþfl. að gangast inn á þá aðferð, en sú fyrri er okkur að sjálfsögðu miklu nær skapi. En ég vil varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki sé þarna einhver leið á milli, og hæstv. landbrh. gaf mjög í skyn, að það mundi vera. Ef ég hef skilið orð ráðh. rétt,

munu einhver samtöl hafa átt sér stað, sem gefa ástæðu til að ætla, að a. m. k. stærstu hluthafarnir séu reiðubúnir til þess að láta þessi bréf sín af hendi fyrir eitthvað, sem kalla mætti sanngjarnt verð. Nú höfum við margra ára reynslu af því, að Alþ. hikar við að skera úr þessu máli sjálft. En við höfum líka séð, að það hika allir við að senda þetta til dómstólanna og láta þá skera úr um það. Ég skal ekki segja, hver sú niðurstaða yrði, en víst er, að það yrði langt mál og dýrt, mundi kosta millj. kr. að reka það til enda. Þess vegna finnst mér, að við ættum að einbeita okkur að þeirri von, sem felst í orðum ráðh., um, að það kunni að vera einhver viðhlítandi miðlun til, þannig að við gætum komið þessu máli frá og gert verksmiðjuna að ótvíræðri ríkiseign, áður en lagt verður í þær miklu breytingar, sem þar eru nú framundan. Og það er a. m. k. vilji Alþfl., að þessi leið verði nú könnuð, og ef það verði hægt að semja um eitthvert það verð, sem ekki verði talið fráleitt, sé nokkuð fyrir það gefandi að koma á sættum í þessu máli og leysa það nú á næstunni. Hins vegar finnst mér, að þn. á Alþ. geti ekki staðið í því að semja við hluthafa úti í bæ um kaup fyrir ríkisins hönd á hlutabréfum. Það er alls ekki hlutverk löggjafarvaldsins. En þessir samningar verða að fara fram fyrst, og þá fyrst, þegar Alþ. veit, hvort það eru möguleikar á friðsamlegum sáttum, er hægt að semja nýtt frv. upp úr þeim tveimur, sem fyrir liggja, frv., sem gæti raunverulega leyst þetta mál. Ég vil því beina þeirri áskorun til hæstv. ráðh., að hann taki frumkvæðið að því, að kannað verði til hlítar, hvort það er ekki hægt að ná samkomulagi um kaup á þessum vélum fyrir viðunandi verð, og vona ég, að á þeirri stundu, sem hann gæti sagt landbn. Alþ., sem hann hefur mikið skipt við í sambandi við þetta mál undanfarin ár, að slíkt samkomulag sé fyrir hendi, mundi ekki standa á landbn. og síðan d. Alþ. að búa til þá löggjöf, sem heimili ríkinu að framkvæma slík kaup. Ég vil því eindregið vonast til þess, að farin verði miðlunarleið á milli hinna tveggja frv. og það takist fyrir forustu hæstv. landbrh. Hann verður að beita sínum alkunna dugnaði til þess að koma þessu áfram, koma þessu máli frá, svo að það þvælist ekki fyrir okkur, þegar byrjað verður að endurbyggja þessa verksmiðju fyrir mörg hundruð millj. kr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umr., hefur frv. svipað því, sem hér liggur fyrir, verið flutt hér margsinnis áður á Alþ., og allmiklar umræður hafa farið hér fram um þetta mál. Ég veit því, að allir alþm. gera sér fulla grein fyrir því að það, sem hér er um að ræða fyrst og fremst, er spurningin um það, hver er raunverulegur eigandi Áburðarverksmiðjunnar sem stofnunar. Er það hlutafélagið, sem annazt hefur rekstur verksmiðjunnar á undanförnum árum, það hlutafélag, sem stofnað var með 10 millj. kr. hlutafé með þeim hætti, að ríkið lagði fram 6 millj. kr. og nokkrir aðrir aðilar 4 millj. kr.? Eða er þessi verksmiðja raunverulega ríkiseign? Það frv., sem nú liggur fyrir hér til umr., fer í þá átt að slá því föstu alveg undanbragðalaust, að þessi stofnun sé ríkiseign.

Það hefur oft verið bent á það í þessum umræðum, að hinar ýmsu greinar l. um Áburðarverksmiðjuna séu ekki í fullu samræmi hver við aðra, og það er rétt. Í l. segir alveg skýrt og greinilega, að Áburðarverksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun. Er það eitthvað venjulegt um hlutafélag? Slíkt vitanlega þekkist ekki í sambandi við hlutafélög. Sjálfseignarstofnun er hins vegar mjög þekkt fyrirbæri í sambandi við bein ríkisfyrirtæki eða fyrirtæki, sem stofnuð eru af hálfu opinberra aðila, enda er þetta fyrirtæki stofnað með sérstökum l. frá Alþ., þar sem segir í upphafi l.: „Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði“ o. s. frv. til þeirra starfa, sem þar eru tekin fram. Síðan fylgja á eftir ýmis önnur ákvæði, sem auðvitað eru öll í þá átt, að hér sé um að ræða fyrirtæki, sem ríkið er að reisa. Og þessu er svo slegið föstu í l., að þetta skuli vera sjálfseignarstofnun.

Eins og bent hefur verið hér á slæddist hins vegar inn, að vísu ekkert af óvilja, en það var sett inn í l. við síðustu umr. í síðari d. ákvæði um það, að þrátt fyrir það, sem segir í meginmáli l., megi stofna hlutafélag á þann hátt, sem gert hefur verið, sem annist rekstur fyrirtækisins. Það er það, sem er skilgreint sem verkefni hlutafélagsins. Og það hefur enginn ágreiningur verið um það allan þennan tíma, að rekstur Áburðarverksmiðjunnar hefur verið í formi hlutafélags. Það er hlutafélagið, sem hefur annazt reksturinn.

Nú liggur það fyrir, að Áburðarverksmiðjan kostaði á sínum tíma um 130 millj. kr. Það sjá því allir, að þær 4 millj., sem komu frá öðrum en ríkinu í sambandi við stofnkostnað fyrirtækisins, réðu engum úrslitum um það, hvort þessi stofnun kæmist upp eða ekki — engum. Það er því alveg óþarfi fyrir hæstv. landbrh. að flytja þessum hluthöfum hér einhverja þakkarræðu fyrir það, að þeir hafi gert það kleift, að fyrirtækið komst upp á sínum tíma. Hann veit miklu betur en svo, að slíku var ekki til að dreifa. Þessar 4 millj. réðu hér engum úrslitum. Og það hefði eflaust verið létt fyrir ríkið að leggja einnig fram þessar 4 millj., sem sennilega hafa verið fengnar að láni úr bönkum landsins, þegar þær voru lagðar fram af þeim hluthöfum, sem þarna áttu hlut að máli. En aðalatriði þessa máls er það að fá úrskurð alveg ótvíræðan um það, hver sé eigandi þessa fyrirtækis.

Á það hefur verið bent, að nú megi telja, að Áburðarverksmiðjan yrði metin á um það bil 700 millj. kr. Eigi hlutafélagið, sem hefur 10 millj. kr. hlutafé, verksmiðjuna, hafa þessar 4 millj., sem nokkrir einstaklingar lögðu fram sem hlutafé á sínum tíma, hækkað í verði upp í 280 millj. kr. Spurningin er sú, hvort Alþ. ætlar að leggja á einn eða annan hátt blessun sína yfir það að túlka þessi lög á þann veg, að þeir, sem lögðu fram 4 millj. kr. á sínum tíma í hlutafé í rekstrarfélag Áburðarverksmiðjunnar, eigi nú

40% af eignarverði Áburðarverksmiðjunnar eða nú t. d. í kringum 280 millj. kr. Um það er spurningin, og um það fjallar í raun og veru það frv., sem hér liggur fyrir. En hæstv. landbrh., sem þetta mál vitanlega fellur mjög undir, fékkst ekki til að segja neitt um skoðun sína á þessu efni — ekki neitt. Hann sér hins vegar og veit það manna bezt, að nú eru þessi mál komin í þann vanda, að það liggur fyrir, að það þurfi í rauninni að byggja hér nýja Áburðarverksmiðju eða gerbreyta þeirri, sem fyrir er, stækka hana til mikilla muna. Það þarf sennilega að útvega nýtt fjármagn upp á 300 millj. kr., og auðvitað geta hluthafarnir ekki aflað þessa fjár. Ríkið þarf að leggja fram allt stofnfé, eins og í fyrra tilfellinu. Og þá er auðvitað ágætt út af fyrir sig að eiga í gegnum 4 millj., sem voru lagðar fram á sínum tíma, þá 40% af öllu saman, og hafa um leið í rauninni einkaaðstöðu til þessa reksturs, sem þetta fyrirtæki hefur með höndum. Ég vil segja það alveg skýrt og ákveðið sem mína skoðun, að ef meirihl. Alþ. er á þeirri skoðun, að hlutafélagið, sem stofnað var á sínum tíma um rekstur Áburðarverksmiðjunnar, eigi fyrirtækið, þá vil ég, að það eigi þessa verksmiðju áfram og sitji uppi með hana, og hér verði byggð ný verksmiðja á vegum ríkisins, því að sannleikur málsins er sá, það vita allir, sem til þekkja, að ef Áburðarverksmiðjan, eins og hún er, hefði ekki þá séraðstöðu, sem hún hefur með einkastarfsemi í landinu og hér yrði byggð við hliðina á henni Áburðarverksmiðja af þeirri gerð, sem bændur landsins óska eftir og sem helztu sérfræðingar í framleiðslu áburðar leggja til, yrði núv. Áburðarverksmiðja ekki mikils virði. Ég álít því, að það væri í rauninni kóróna á þá skömm, sem raunverulega hefur þegar orðið í þessu máli, ef það ætti að fara að leysa út þessa rekstrarhluthafa á þann hátt nú, þegar málin hafa þróazt eins og þau hafa þróazt, með því að leysa út á einn eða annan hátt hluti þeirra, sem gildandi ávísun á eignina, sem er í Áburðarverksmiðjunni. Það er hins vegar skoðun okkar Alþb.-manna og hefur komið hér fram á mörgum undanförnum árum, að það sé ríkið, sem sé eigandi að Áburðarverksmiðjunni, þrátt fyrir ákvæðin um rekstrarhlutafélagið. Og það sé Alþ. eitt, sem eigi að gera l. ótvíræð og taka af allan vafa um það, hvað er hið rétta í þessu máli.

Hæstv. landbrh. minntist hér á það, að það mætti eflaust finna einhverja tvo eða fleiri lögfræðinga, sem gætu skipzt í mismunandi hópa, sumir segðu, að hluthafar rekstrarfélagsins væru eigendur að verksmiðjunni, en aðrir væru á annarri skoðun. Það má vel vera, og það er mjög sennilegt, að þá yrðu lögfræðingar ekki sammála um það, hvernig túlka beri l., vegna þess að l. eru í sjálfu sér mjög ónákvæm í þessum efnum. En þegar svo er, er það enginn annar aðili en Alþ. sjálft, sem á að skera úr um það með því að gera ákvæði l. ótvíræð, og segja, hvað Alþ. hafi meint á sínum tíma og hvernig Alþ. líti á þennan lagabókstaf. Það er þannig, sem á að gera upp þetta mál. og það á ekkert að víkja sér undan þessum vanda.

Þegar hv. l. flm. þessa frv. sagði hér í framsöguræðu sinni, að af hálfu okkar flm. gæti vissulega komið til greina að leysa út andvirði hlutabréfa einstaklinganna í Áburðarverksmiðjunni h.f. með öðrum hætti en þeim, sem segir í okkar frv., þar sem við gerum ráð fyrir, að þeir fái upphaflegt stofnverð hlutabréfanna til baka að viðbættum sparifjárvöxtum, þá er það út af fyrir sig rétt. Við getum vel hugsað okkur það, að þessi hlutabréf verði greidd á eitthvað hærra verði. En það á að leysa þau út sem hlutabréf í rekstrarhlutafélagi Áburðarverksmiðjunnar h.f., en ekki að meta þau á einn eða neinn hátt sem ávísun á eignina Áburðarverksmiðjuna, því að Áburðarverksmiðja ríkisins sem eign er að okkar dómi eign ríkisins, og þessi hlutabréf eiga enga ávísun á þá eign út af fyrir sig. Það er sá mikli munur, sem hér er á milli. og auðvitað er kominn tími til þess, að hæstv. landbrh. og aðrir þeir hér á Alþ., sem hafa með þessi mál að gera, láti alveg ótvírætt uppi sína skoðun á því, hvort þeir séu á því, að hluthafarnir í Áburðarverksmiðjunni h.f. séu eigendur að verksmiðjunni eða ekki. Hvaða skoðun hafa þeir á málinu? Hvað meina þeir, þegar þeir tala um það að leysa út þessi hlutabréf? Ef það er meining þeirra, að þessir hluthafar eigi 40% í verksmiðjunni sjálfri, er bezt, að það komi fram. Þá er bezt, að það komi hér alveg skýrt fram. hvort það er meining manna, að það eigi að færa þessum hluthöfum hér nokkur hundruð millj. kr. raunverulega gjöf. Verði það skoðun meirihl. Alþ., að þeir séu eigendur að verksmiðjunni út á þessar 4 millj. kr., sem þeir lögðu fram á sínum tíma, munum við Alþb.-menn greiða atkv. á móti því, að þessi hlutabréf þeirra verði af þeim keypt sem eignarhluti í verksmiðjunni. Þá er bezt að þeir eigi sína verksmiðju. Og þá verður vitanlega Alþ. að taka afstöðu til þess, hvort það á að veita þessu hlutafélagi þann einkarétt, sem það hefur nú í dag bæði til áburðarframleiðslu og einnig til áburðarsölu í landinu, sem það hefur.

Ég skal taka undir þá skoðun, sem hér kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, að ég tel að vísu alveg sjálfsagt, eins og þetta mál hefur gengið fyrir sig, að það sé leitað eftir samkomulagi við hluthafana í Áburðarverksmiðjunni h.f. um það, hvað þeir vilji fá fyrir sín bréf. Ef hér er aðeins deilt um tiltölulega litla upphæð, er alveg ástæðulaust að þræta lengi um það, en standi hluthafarnir á því, að þeir vilji fá þá fjármuni fyrir sín hlutabréf, sem eru í einhverju samræmi við það, að þeir eigi 40% í eigum verksmiðjunnar, tel ég, að það sé enginn grundvöllur til neins samkomulags við þá. Auðvitað hefði hæstv. landbrh. átt að vera búinn að því fyrir löngu að kanna það, hvort það var einhver grundvöllur til þess að gera samkomulag við þessa hluthafa, og ég tel alveg fráleit vinnubrögð að halda þannig á þessu máli, eins og kom hér fram hjá hæstv. landbrh., að unnið hefur verið að því að undanförnu að gjörbreyta þessu fyrirtæki, stækka það um allan helming, leggja þar í stórkostlegan nýjan stofnkostnað, sem auðvitað verður að hvíla á ríkinu, áður en þetta stóra vandamál er gert upp á

hreinum grundvelli, hver sé eigandi þessa fyrirtækis.

Það er auðvitað algert aukaatriði í þessu máli að ræða um það, hvernig rekstur þessa fyrirtækis hefur gengið fyrir sig á undanförnum árum. Það má auðvitað mikið um það ræða. Eflaust hefur þar ýmislegt verið gert sæmilega miðað við allar aðstæður og annað farið á hinn verra veg, a. m. k. hefur verið höfð uppi hörð gagnrýni á ýmislegt í sambandi við rekstur þessa fyrirtækis, en það er ekki það, sem er hér til umr. Það, sem er hér til umr. í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, er, að það á að skera úr því á ótvíræðan hátt, hver sé eigandinn að Áburðarverksmiðjunni sem slíkri. Er það hlutafélagið eða er það ríkið? Og það á ekkert að vera að vefja þetta inn í neinar dulur eða gera það neitt óljóst, tala aðeins um það, að það sé rétt að meta þessi hlutabréf. Hér skiptir það auðvitað öllu máli, hvort Alþ. lítur svo á, að þessi hlutabréf séu fyrst og fremst hlutabréf í rekstrarfélagi Áburðarverksmiðjunnar eða hvort þetta rekstrarhlutafélag eigi verksmiðjuna. Um það snýst málið, og það er ástæðan til þess, sem á að koma hér skýrt fram.

Það hefur nú komið hér enn einu sinni mjög skýrt fram, að Alþfl. hefur sömu afstöðu, að ég ætla, til þessa máls eins og við Alþb.-menn. Hann hefur litið svo á, að þetta fyrirtæki væri í eigu ríkisins, þrátt fyrir ákvæðin um rekstrarhlutafélag. Hitt er hins vegar ekki jafnljóst, hver er yfirleitt afstaða þm. Sjálfstfl. og þm. Framsfl. Það virðist vera mjög á huldu, hvað þeir meina í þessu máli. Og ég fyrir mitt leyti óska eindregið eftir því, eins og þessum málum er nú komið, þar sem við erum komnir að því, að það á að fara hér að hefja nýjar stórframkvæmdir í sambandi við þessa verksmiðju, að afstaða þessara fulltrúa komi hér alveg skýrt fram. Þetta mál verður ekki leyst á þann hátt, að Alþ. varpi því frá sér án þess að skýra l. og óski eftir úrskurði lögfræðinga. L. eru þannig úr garði gerð, að það verður að vera Alþ., sem tekur af allan vafa um það, hvað í l. á að felast. Lögfræðingar eiga ekki að túlka málið þannig fyrir hönd Alþ. Á þetta vildi ég fyrir mitt leyti leggja hér aðaláherzlu, því að það er um þetta, sem ég tel, að þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., fyrst og fremst snúist.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. talaði um, að það væri nauðsynlegt að fá úr því skorið, hver afstaða mín væri til eignarréttarins í verksmiðjunni. Sjálfur var hann ekki í nokkrum vafa um þetta, sagði, að verksmiðjan væri áreiðanlega ríkisins eign. Það væri alveg öruggt, að hluthafarnir væru engir eigendur að verksmiðjunni, þeir væru bara rekstraraðilinn. En um leið sagði hann orðrétt:

„Það verður erfitt að fá úr þessu skorið. Lögfræðingar eru ekki sammála, vegna þess að lögin eru ekki ótvíræð."

Það skyldi þó ekki vera rétt, að l. séu ekki ótvíræð og lögfræðingar séu þess vegna ekki sammála, og er þá ekki óeðlilegt, að hv. þm. fullyrði það eftir að hafa þessa skoðun á l., að ríkið sé eignaraðili að verksmiðjunni? Ég held, að einmitt vegna þess, að l. eru ekki ótvíræð og margir fullyrða það, að hluthafarnir eigi verksmiðjuna, að það sé hyggilegt að gera það, sem hefur reyndar verið gert undanfarið, þ. e. að athuga það með hvaða skilyrðum hluthafarnir vilja láta bréfin af hendi. Hv. 4. þm. Austf. var að reikna það hér út áðan, hvað þessar 4 millj. gætu hækkað mikið, ef hlutabréfin væru nú tekin eignarnámi. Hann reiknaði út, að það gætu orðið 280 millj. kr. Og ég segi það, að ef hann trúir nú því, að þessar 4 millj. gætu orðið að 280 millj., sem ríkið þyrfti að borga út, er kannske eðlilegt að honum dytti í hug, að það væri nauðsynlegt að sniðganga l. En fyrir tveimur árum var það athugað hjá stærstu hluthöfunum, Sambandinu og öðrum stærri hluthöfum, á hvaða verði þeir vildu selja bréfin. Og það liggja fyrir bréf hér í hv. landbn. frá þessum aðilum, þar sem þeir stærstu hluthafarnir, telja, að þeir vilji láta bréfin af hendi, séu þau borguð á fimmföldu verði, þannig að 4 millj. verði að 20 millj. Þetta liggur hér fyrir. Hvort hluthafarnir vilja standa við þetta nú. hefur ekki verið kannað, en þannig var þetta fyrir tveimur árum. Og í munnlegu samtali var látið í það skína, að það væri hægt að semja um greiðslutilhöguninа til þess að gera nú ríkissjóði þetta ekki of erfitt. Og ég held nú, að ef það tækist að ná viðhlítandi samkomulagi við hluthafana, gætum við alveg sleppt öllum stóryrðum og fullyrðingum út í bláinn.

Í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að þn. gæti ekki tekið að sér að semja við hluthafana, finnst mér það alveg eðlilegt, en þn. hefur þessi bréf í sínum fórum, og hún getur þó a. m. k. tekið afstöðu til þeirra, og það er það, sem ég hef ætlazt til, að gert væri, um leið og ég sendi frv. frá mér til þnm. En þótt þn. hafi haft frv. hjá sér nokkuð lengi, álít ég, að það sé enginn skaði skeður. Ég held, að það sé enn nægilegur tími til þess að undirbúa þetta mál og koma því í þá höfn, sem æskilegust er. Ég held, að hluthafarnir séu enn svipaðs sinnis og þeir voru fyrir 2 árum, að þeir séu tilbúnir til þess að láta bréfin af hendi á fimmföldu verði. Menn gætu deilt um það, hvort það væri verið að kaupa eignarhluta þeirra í verksmiðjunni eða hvort það væri verið að borga þeim bréfin á nafnverði plús vexti og eitthvað upp í þá rýrnun, sem hefur orðið á hlutafénu. Menn geta alveg deilt um það, hvað þeir væru í rauninni að kaupa. En ég get nú ekki annað en látið þá skoðun mína í ljós, að þótt þeir væru leystir út á þennan hátt, og kannske með greiðslufresti, væri nú ekki um neina sérstaka ósanngirni að ræða af hálfu hluthafa, sem hafa átt þetta fé í verksmiðjunni vaxtalaust flest árin og aldrei fengið yfir 6% arð. Og ég held, að ef þetta lægi nú fyrir endurnýjað, yrði hætt að tala um okurtilhneigingu af hendi hluthafanna. Ég er alveg samþykkur því, að það sé tími til kominn að kanna þetta ítarlega. Það hefur verið meiningin að breyta löggjöfinni. Það er á allan hátt nauðsynlegt nú vegna stækkunar hennar að gera það, og ég mun ekki láta á mér standa að aðstoða hv. þn. í þessu máli eftir því, sem ástæður þykja til. Svo að ég nefni enn þn.,

þá fær hv. landbn. þetta frv. til athugunar og enn fremur hitt frv., sem er á dagskránni í dag, sem hv. framsóknarmenn hafa flutt. Hún hefur og í fórum sínum frv., sem ég lét semja, og þegar hv. landbn. hefur þannig þrjú frv. til meðferðar, hef ég ástæðu til þess að ætla, að eitthvað fari að koma fram í þessu máli, og vilji hv. landbn. við mig tala, af því að hún telji, að það muni greiða fyrir framgangi málsins, er ég alltaf reiðubúinn að koma á hennar fund.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. sagði áðan, að Áburðarverksmiðjan mundi vera um það bil 700 millj. kr. virði nú, og ég held, að hv. frsm., 6. þm. Reykv., hafi einnig tekið þannig til orða. Mér datt í hug í sambandi við þetta mat þeirra, að nú fyrir nokkrum dögum flutti einn úr þeirra hópi framsöguræðu hér á hv. Alþ. fyrir þáltill. um áburðarverksmiðju og áburðarsölu, og sú ræða var allsköruleg og stóryrt nokkuð að vísu, en hann endaði sína ræðu á því að segja, að líklega mundi vera eitthvert bezta framlagið í Bjargráðasjóð Íslands að leggja Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi niður. Ég fæ það nú ekki, — og fékk það ekki, — út úr hans ummælum, að í því fælist, að hann mundi meta verksmiðjuna á 700 millj., eins og nú væri.

En annars var ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, aðeins ummæli, sem komu fram í ræðu hv. frsm., 1. flm. þessa máls, 6. þm. Reykv. Hann sagði á þá leið, að Vilhjálmur Þór hefði komið því til leiðar, að framleiðsla Áburðarverksmiðjunnar *væri eins og hún nú er*, svo gölluð sem hún nú er, skulum við segja, enda mundi engin sams konar verksmiðja nú vera til í veröldinni. Það hefði kannske verið ein önnur byggð, en nú væri búið að breyta þeirri verksmiðju. Mér þykir rétt út af þessum ummælum að segja frá því, að ég hef heyrt allt aðra ástæðu fyrir því, hvers vegna sú framleiðsluaðferð var valin, sem notuð hefur verið við framleiðsluna á köfnunarefnisáburðinum í Gufunesi.

Eins og margir bændur muna, var kominn hér á markað, nokkru fyrir stofnun þessarar áburðarverksmiðju, áburður, sem er í raun og veru alveg sams konar, þ. e. ammóníumnitrat, og var hann fluttur inn, ég held hann hafi að mestu verið framleiddur þá vestanhafs. Þessi áburður gekk á sínum tíma undir nafninu sprengipétur. Það var hvítkornóttur áburður, ákaflega vinsæll, ákaflega þægilegur og góður í meðförum og sterkur áburður, eins og kjarninn er. Og ég held, að það hafi verið í flestra huga, þegar verið var að ræða um undirbúning þessarar verksmiðju, að framleiðsla þessarar verksmiðju í Gufunesi yrði einmitt í þessu formi. Og það kom þess vegna bændum almennt allmikið á óvart, þegar í ljós kom, hvernig kjarninn var útlits, hversu fínkornóttur hann var. Og það er óhætt að segja það hér, að þær miklu óvinsældir, sem kjarninn hefur hlotið, eru áreiðanlega, ég þori að fullyrða það, fyrst og fremst vegna formsins, sem áburðurinn er í. En mér var sagt — ég vil, að það komi bara hér fram, það getur vel verið, að sumir kalli það slúðursögur, og það eigi ekki að vera að fara með það hér í hv. Alþ. — að ástæðan til þess, að það var ekki farið inn á þá leið að framleiða áburðinn eins og sá ammóníumnitratáburður var, sem hér var orðinn þekktur, hafi verið áhrif frá flokksbræðrum þessara tveggja hv. flm., sem nú standa hér að flutningi þessa frv. Og ástæðan var sú, að það var talið, að *bygging* þeirrar verksmiðju, ef hún hefði framleitt áburðinn, eins og ammóníumnitratáburðurinn var, sem hér var þekktur áður, væri með þeim hætti, að það væri mjög auðvelt og fljótlegt að breyta henni í sprengiefnaverksmiðju. Hins vegar með því formi, sem er á þessari verksmiðju, væri það miklu örðugra. Þar sem það er verið að tala hér um ástæðurnar til þess, að þessi mistök — skulum við segja — hafa orðið, þykir mér alveg sjálfsagt að láta þetta koma hér fram. Ég sel það ekki dýrara en ég keypti. Ef aðrir vita betur, er líka rétt, að það komi hér fram við þessar umræður.

Það er nú að vísu fullkomin ástæða til þess að tala ítarlega um þetta mál. En ég hafði hugsað mér að gera það frekar í sambandi við næsta mál á dagskránni og ætla því ekki að orðlengja meira að þessu sinni.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessi saga, sem hv. 3. þm. Austf. var að segja hér áðan um einhver annarleg áhrif frá flokksbræðrum minum, hlýtur að vera eitthvað einkennilega til kominn, því að það er alkunna, að sú áburðartegund, sem nú er framleidd í Áburðarverksmiðjunni, er einnig þess eðlis, að það er mjög auðvelt að hagnýta hana sem sprengiefni. Það mál var *mikið rætt í sambandi* við staðsetningu verksmiðjunnar, og gagnrýni, sem fram kom, m. a. frá flokksbræðrum minum, á því, að velja verksmiðjunni stað nálægt Reykjavík, varð einmitt til þess, að verksmiðjan var flutt fjær höfuðborginni, þannig að þetta hefur örugglega eitthvað skolazt til í höfðinu á hv. þm.

Annars er ég hingað kominn til þess að lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum, sem þetta frv. hefur fengið hér, ekki sízt hjá hv. 5. þm. Vesturl., sem lýsti algerum efnislegum stuðningi Alþfl. við þetta frv., og það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt, að annar þeirra flokka, sem stendur að hæstv. ríkisstj., skuli taka þessa afstöðu til málsins. Ég tel einnig ástæðu til þess að fagna því sérstaklega, að hæstv. landbrh. lýsti því yfir, að hann teldi sjálfsagt og eðlilegt, að ríkið eigi Áburðarverksmiðjuna, og hann teldi eðlilegt, að hlutabréf einkaaðila í Áburðarverksmiðjunni verði innleyst. Þetta er ákaflega mikilvæg yfirlýsing, og í henni felst það, að hæstv. ráðh. viðurkennir hér úr ræðustóli í Alþ., að það fyrirkomulag, sem verið hefur á rekstri verksmiðjunnar að undanförnu, hafi verið ákaflega óeðlilegt og megi ekki standa áfram. Hitt vantar á, eins og hv. 4. þm. Austf. benti á áðan, að hæstv. ráðh. skýri frá því, hvernig hann lítur á hlutabréfin í rekstrarfélaginu, og í seinni ræðunni, sem hæstv. ráðh. hélt hér áðan, kom þetta ekki fram. Hann fór í kringum vandamálið, eins og köttur í kringum heitan graut, og fékkst ekki til að segja, hvaða skoðun hann sem ráðherra og einstaklingur hefði á þessu máli. Og þetta er að sjálfsögðu ákaflega veigamikið atriði. Það er auðvitað hægt að skýra hér frá því, að fyrir

tveimur árum hafi einstakir stórhluthafar sagt eitt og annað, en um leið og það liggur fyrir sem yfirlýsing frá hæstv. ráðh., væntanlega fyrir hönd ríkisstj., að ætlunin sé að innleysa hlutabréfin, kann svo að fara, að ýmsir hluthafar fari að íhuga það, hvort þeir geti ekki gert margfalt stærri kröfur. Ég held, að það sé alger forsenda þess, að ráðizt sé í það að innleysa hlutabréfin, að Alþ. skeri úr um þetta sjálft með lagasetningu, lýsi sínum skilningi á þeim l., sem sett hafa verið hér á Alþ.

Eins og ég rakti hér áðan í framsöguræðu minni, sýnist mér, að ákvæði þessara l. verði ekki samræmd með nokkru öðru móti en því, að líta á verksmiðjuna sem eign ríkisins, sem sé falin hlutafélagi til rekstrar. Þar er ekki um neitt óvenjulegt fyrirkomulag að ræða. Það er algengt, að eitt sé eignaraðildin og rekstrarformið annað. En þetta atriði er þess eðlis, að Alþ. þarf sjálft að lýsa yfir dómi sínum um það, alveg nauðsynlega.

Það var í sjálfu sér næsta spaugilegt að heyra hæstv. ráðh. flytja hér lofræðu um fórnfýsi hluthafanna, sem hefðu hlaupið undir bagga í þrengingum ríkissjóðs á erfiðum tímum, til þess að auðvelda þessa þjóðþrifaframkvæmd. Eins og ég rakti hér í framsöguræðu minni, lögðu hluthafarnir fram 4 millj., en ríkið lagði fram eða útvegaði 126 millj., þannig að þarna var að sjálfsögðu ekki um neitt úrslitaatriði að ræða, enda hygg ég, að allir hér inni viti, að það voru allt aðrar hvatir, sem þarna voru að baki. Þarna var verið að leika einhvern ósæmilegasta leik, sem reynt hefur verið að leika hér á Íslandi. Það voru sérstakir valdaaðilar í þjóðfélaginu, sem voru með áform um að sölsa þetta fyrirtæki hreinlega undir sig. Ég hygg, að hæstv. landbrh. muni það ákaflega vel, þegar Sjálfstfl. óttaðist það mjög, að ákveðnir aðilar í Framsfl. ætluðu að tryggja sér meirihl. einkahlutafjárins og hagnýta þá aðstöðu til þess að eignast þannig tvo stjórnarmenn, en síðan kæmi sá þriðji héðan frá Alþ., þannig að verksmiðjan yrði hreint fyrirtæki Framsfl. Af þessum ástæðum fór sjálfur þáv. form. Sjálfstfl. af stað til þess að eggja kaupsýslumenn og iðnrekendur til þess að kaupa hlutabréf, og að lokum varð Reykjavíkurborg að hlaupa undir bagga og leggja fram hálfa millj., til þess að næðust þau helmingaskipti, sem urðu útkoman að lokum. Þarna var verið að reyna að hagnýta pólitíska valdaaðstöðu til þess að sölsa undir sig stóreign almennings. Og það gerðist margt annað í þessu máli á árunum þar á eftir, sem mjög auðvelt væri að rifja upp. Ég minntist hér áðan á það atriði, þegar ætlunin var að afhenda Framkvæmdabankanum hlutabréf ríkissjóðs, en síðan var ætlunin að selja þau áfram einkaaðilum.

En sem sagt, af yfirlýsingum þeim, sem hér komu fram áðan, bæði hjá hæstv. ráðh. og hjá hv. 5. þm. Vesturl., er það ljóst, að það virðist vera svo komið, að ekki verður haldið áfram þeim gráa leik, sem reynt var að leika í sambandi við þetta mál í nokkur ár. Það er ætlunin, að þetta fyrirtæki verði alger ríkiseign í sambandi við þá stækkun og þá óhjákvæmilegu breytingu á framleiðsluaðferðum, sem nú er í undirbúningi. En til þess að undirbúa það mál sýnist mér algerlega óhjákvæmilegt, að Alþ. lýsi sjálft yfir skilningi sínum á eignaraðildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 15:6 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Stjórnarskipunarlög (frv. RA og MK).

Á 34. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [126. mál] (þmfrv., A. 264).

Á 60. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Saga stjórnarskrármálsins, sem hér skal gert að umræðuefni, saga stjórnarskrármálsins á seinasta aldarfjórðungi er í stuttu máli þannig: Á árinu 1942 var kjörin 5 manna n., sem seinna á sama ári varð 8 manna n., til að gera till. um nýja stjórnarskrá í tilefni af væntanlegri stofnun lýðveldis á Íslandi. Verksvið n. var tvískipt. Fyrst og fremst átti hún að gera till. um óhjákvæmilegar stjórnarskrárbreytingar vegna lýðveldisstofnunarinnar, en í öðru lagi átti hún að endurskoða stjórnarskrána almennt. Svo fór, að þessi n. lauk aðeins hinu fyrra verkefni, en heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar fór ekki fram á þessum merku tímamótum í júní 1944. En haustið 1944 kom ný ríkisstj. til valda, nýsköpunarstjórnin, og þá komst aftur hreyfing á þetta mál. Þá var kjörin 12 manna n. að till. stjórnarinnar til að vera áður kjörinni 8 manna n. til ráðgjafar og aðstoðar í stjórnarskrármálinu auk þess, sem sérfræðingar voru ráðnir til gagnaöflunar og undirbúnings málsins að öðru leyti. Fæðingin reyndist að vísu býsna erfið, og enginn árangur varð af störfum þessarar n. og þessara tveggja n., sem ég hef nefnt. Þegar ný ríkisstj. tók við í ársbyrjun 1947, voru báðar þessar n. lagðar niður, en í þess stað var skipuð 7 manna n. til að framkvæma endurskoðun stjórnarskrárinnar og sú n. var undir forystu núv. hæstv. forsrh. Bjarna Benediktssonar. Öðru hverju mun hafa frétzt af fundum í þessari n. allt til ársins 1953, en þá virðist hún hafa sofnað svefninum langa, og það hefur ekkert frétzt af fundi í n. eftir það. Hæstv. núv. forsrh. hefur haldið því fram, að hann hafi sjálfur ekki sofnað undir stýri í þessari n., heldur hafi aðrir nm. verið sofnaðir á undan honum, og þeir hafi ekki kært sig um fund í n. og hafi n. raunar orðið óstarfhæf, eftir að núv. form. Framsfl., hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, sagði sig úr n. á árinu 1952. En hvað um það, aðalatriðið er, að n. var aldrei lögð niður, heldur sofnaði hún hægt og rólega fyrir hálfum öðrum áratug,

og enginn hefur tekið við hlutverki hennar síðan.

Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að það hafi fyrst og fremst verið deilur um kjördæmaskipun landsins, sem komu í veg fyrir nauðsynlega samstöðu um endurskoðun stjórnarskrárinnar, m. a. það, hvort kjósa skyldi hlutfallskosningum í nokkrum stórum kjördæmum eða hvort eingöngu skyldi hafa einmenningskjördæmi. Átök um þessi mál eru nú vonandi til lykta leidd í bili, og núverandi kjördæmaskipun hefur náð talsverðri festu. Það virðist því vera tækifæri nú til að íhuga aðra þætti stjórnarskrárinnar og jafnvel tímabært að framkvæma heildarendurskoðunina án þess að hin viðkvæmu kjördæmis- og kosningamál séu látin yfirgnæfa allt annað.

Á þskj. 264 flytjum við tveir þm. Alþb. frv., sem felur í sér 10 breytingar á núv. stjórnskipunarlögum.

1. brtt. snertir 28. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um útgáfu brbl. Samkv. þessari gr. getur ríkisstj. með atbeina forseta gefið út brbl., þegar Alþ. situr ekki. Þó eru þau skilyrði sett, að brýna nauðsyn verður að bera til, og ætíð skal leggja þau fyrir næsta Alþ. á eftir. Ákvæði þetta verður rakið til fyrstu stjórnarskrárinnar 1874 og hefur haldizt síðan lítið breytt, en segja má, að talsvert meiri þörf hafi verið á slíku ákvæði áður fyrr, þegar Alþ. kom ekki saman nema annað hvort ár, og það mátti ekki sitja að störfum lengur en 6—8 vikur í hvert sinn nema konungsleyfi kæmi til. Ég held, að óhætt sé að segja, að mörgum virðist, að heimildin til útgáfu brbl. hafi oft verið allmikið misnotuð. Bæði hefur mikið skort á, að alltaf hafi borið brýna nauðsyn til við útgáfu brbl., og eins hitt, að stundum hafa ríkisstj. notað tækifærið til að framkvæma með brbl. það, sem þær vildu ekki, að kæmi til umr. á Alþ. á því stigi málsins. Margs konar vafasamar ráðstafanir hafa verið gerðar með brbl. jafnvel í júní- eða júlímánuði í vitund þess, að málið mundi ekki koma til afgreiðslu á Alþ. fyrr en kannske hálfu ári seinna, og þá yrði málið kannske ekki lengur á dagskrá eða hefði ekki þá þýðingu, sem það hafði, þegar brbl. voru sett.

Þótt það ákvæði sé í stjórnarskránni að leggja beri l. fyrir næsta Alþ., er ótvírætt nauðsynlegt að tryggja rétt Alþ. frekar í þessu efni, og þess vegna er lagt hérna til, að þriðjungur þm. geti krafizt þess, að Alþ. sé kvatt saman til aukafundar af tilefni útgáfu brbl.

Ákvæði um kosningarréttarskilyrði hafa nýlega verið endurskoðuð, eins og flestum mun kunnugt, og m. a. hefur kosningarréttur verið lækkaður niður í 20 ár. Í því frv., sem hér liggur fyrir, eru fólgnar þrjár breytingar eða þrenns konar breytingar á kosningarréttarskilyrðum.

Í fyrsta lagi er lagt til, að kosningaaldur verði ekki bundinn með stjórnarskrárákvæði, heldur fái Alþ. heimild til að lækka aldursmarkið með l. og er það gert með það í huga, að við teljum eðlilegt, að kosningaaldur verði lækkaður nokkuð enn, en teljum ekki óeðlilegt, að það verði gert í áföngum, og okkur þykir það nokkuð viðurhlutamikið, að það þurfi að samþykkja um það frv. tvívegis á Alþ. með kosningum á milli o. s. frv., en viljum sem sagt ekki binda þetta í stjórnarskrá.

Í öðru lagi er lagt til, að aldursmarkið verði miðað við fæðingarár, en ekki fæðingardag. T. d. myndu þá allir fá kosningarrétt nú, sem væru 20 ára í byrjun kosningaársins. Nú er það svo, að þegar kjörskrárstofnar eru samdir, vita þeir, sem semja þessa kjörskrárstofna, ekki, hvenær kosning á að fara fram, a. m. k. við alþingiskosningar, og hverjir af 20 ára kynslóðinni verða þá búnir að eiga afmæli fyrir kjördag og þannig komnir með kosningarrétt. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að undirbúningur kosninga væri talsvert miklu einfaldari heldur en hann er, ef miðað væri við fæðingarárið, en ekki fæðingardag.

Í þriðja lagi er hér lagt til, að felld verði burt skilyrðin um, að kjósendur skuli vera fjárráða og hafa óflekkað mannorð til þess að geta öðlazt kosningarrétt. Mér hefur alltaf, síðan ég fór að hugleiða þetta mál, fundizt óeðlilegt, að unnt væri að dæma af mönnum slík mannréttindi sem kosningarrétt. Og ég hef eiginlega aldrei skilið það, að hæstv. dómsmrh. og aðrir þeir, sem undirbjuggu frv. um breytt kosningarréttarskilyrði, skyldu ekki einnig taka þessa hlið málsins til endurskoðunar í fyrra. Till. okkar Alþb.-manna um sama efni lágu þá fyrir þinginu í frv. formi, og ég vakti þá athygli á því við afgreiðslu málsins í allshn., hvort ekki væri rétt að breyta fleiri kosningarréttarskilyrðum, en það fékk sem sagt ekki neinn hljómgrunn, og menn virtust hafa bitið það í sig, að það ætti engu að breyta nema þessu eina atriði með aldurinn. Við 2. umr. málsins vakti ég sérstaka athygli á því atriði, hvort ekki væri rétt að miða kosningarrétt við fæðingarár í stað fæðingardags, og ég vil fara fáeinum orðum um hin kosningarréttarskilyrðin, fjárræði og óflekkað mannorð, vegna þess að það hefur ekki verið gert hér áður.

Ákvæðið um fjárræði kemur raunverulega ekki til greina nema maður hafi verið sviptur fjárræði, því að þeir, sem hafa ekki fjárræði sakir ásku, hafa heldur ekki kosningarrétt. Þessi tvö atriði hafa verið látin fylgjast að, bæði fyrr og síðar. Ég held, að þetta ákvæði sé fyrst og fremst leifar frá þeim tíma, þegar ákvæðin peningaeign eða fjáreign var gerð að kosningarréttarskilyrði, og ég sé ekki betur en menn haldi kosningarrétti, ef þeir eru sviptir sjálfræði, t. d. vegna þess að þeir eru eitthvað geðtruflaðir. En þeir myndu sem sagt halda kosningarrétti, ef þeir væru aðeins sviptir sjálfræði en ekki fjárræði, sem oft gæti komið fyrir, og sjá þá allir auðvitað, hversu mikið ósamræmi er í því. Ég held sem sagt, að þjóðfélaginu stafi engin hætta af því, þótt þeir, sem sviptir eru fjárræði, fengju að halda kosningarrétti sínum.

Um óflekkað mannorð sem kosningarréttarskilyrði er það að segja, að það virðist óvíða þekkjast nú orðið. Í Svíþjóð voru t. d. slík ákvæði afnumin fyrir 31 ári síðan, 1936, og í álitsgerð dönsku og norsku hegningarlaganefndanna 1950 var eindregið lagt til, að slík ákvæði væru afnumin í þeim löndum, og það hefur núna verið gert.

Í grg., sem fylgdi frv. að lögum um breyt. á

hegningarlögunum og var lagt fyrir Alþ. 1955, kemur það skýrt fram, að íslenzka hegningarlaganefndin hefur lagt til, að ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna yrði breytt, svo að óflekkað mannorð væri fellt niður sem kosningarréttarskilyrði. Og nefndin segir, með leyfi forseta: „Að því er kjörgengi varðar sérstaklega, þá virðist ekki vera varhugavert að láta kjósendum það eftir að virða fyrir sitt leyti, hvort þeir treysti dómfelldum manni fyrir umboði sínu eða ekki. Nefndin leggur einnig til, að það skilyrði sé afnumið úr lögum um prestkosningar.“ Nefndin segir hér í framhaldi af þessu, með leyfi forseta: „Um skilyrði kosningarréttar og kjörgengis til alþingiskosninga og annarra stjórnarskrárbundinna kosninga hagar svo til, eins og fyrr greinir, að þeim ákvæðum verður ekki þokað nema með stjórnarskrárbreytingu. Nefndin er þeirrar skoðunar, að frá sakfræðilegu sjónarmiði sé óæskilegt að beita sviptingu almennra þjóðfélagsréttinda sem viðurlögum við brotum, og með vísan til þeirra raka, sem reifuð eru hér að framan, telur nefndin rétt að nema úr lögum óflekkað mannorð sem skilyrði kosningarréttar og kjörgengis við Alþingiskosningar og aðrar þær kosningar, sem mælt er um í stjórnarskrá. Beinir nefndin þessu til þeirra, sem sýsla um endurskoðun á stjórnarskránni.“

Þetta var álit sérfræðinga á sínum tíma um þetta atriði. En þeir menn, sem undirbjuggu þetta mál, og þar ber auðvitað fyrst og fremst hæstv. dómsmrh. höfuðsökina. Þeir menn, sem undirbjuggu þetta mál, þegar farið var að hreyfa við kosningarréttarskilyrðunum í fyrra, virtust alveg loka augum fyrir því, að það gæti verið fleira í þessari stjórnarskrárgrein, sem full ástæða væri til að breyta, og það er vissulega mjög slæmt. En þessu er sem sagt komið hér á framfæri.

Í stjskr. er nú ekkert almennt ákvæði um þjóðaratkvæði og hefur aldrei verið. Þó er skylt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu, ef Alþ. samþykkir frv. til breytinga á kirkjuskipun ríkisins, sbr. 79. gr., og ef forseti synjar að staðfesta lagafrv., sbr. 26. gr. Eins og öllum er kunnugt, er forseti Íslands þjóðkjörinn, en hann er ekki þingkjörinn. Og í fullu samræmi við það var meiri hluti fyrir því á sínum tíma, að hann hefði rétt til þess að skjóta lagafrv. undir þjóðardóm. Hann hefur að vísu ekki rétt til þess að koma í veg fyrir það, að frv. verði að lögum, því að frv. verða að lögum, þó að hann neiti að skrifa undir. En hann hefur rétt til þess að skjóta frv. undir þjóðardóm, og nái þau ekki samþykki þjóðarinnar, eru þau þar með fallin. Þetta var sem sagt eðlilegur réttur, þar sem forseti var þjóðkjörinn, að hann hefði rétt til þess að vísa málum undir þjóðardóm. En svo vill til, að á þeim tveimur áratugum, sem liðnir eru frá stofnun lýðveldisins, hefur forseti Íslands aldrei séð ástæðu til að leggja nokkurt mál undir dóm þjóðarinnar.

Eins og fram kemur í þessu frv., er hér lagt til, að 20 þm. eða 20% kjósenda geti krafizt þjóðaratkvæðis um sérhvert mál, sem samþ. er á Alþ., og ráði sú atkvgr. úrslitum. Einnig er lagt til, að 25% kjósenda eða 15 þm. geti krafizt þjóðaratkvgr. um tiltekin málefni, en úrslit atkvgr. verði ráðgefandi, en ekki bindandi. Með samþykkt slíkra ákvæða er auðvitað ekki vafi á því, að lýðræði í landinu yrði verulega aukið. Ég vil taka það fram, að ákvæði um það, hve margir þm. geta krafizt þjóðaratkvgr., hljóta auðvitað alltaf að vera nokkurt álitamál, og það má vera, ég vil sem sagt ekki fortaka það, að hér sé gengið kannske nokkuð langt. Það er kannske hætta á því, að þessi heimild verði misnotuð, og þess vegna ber auðvitað að athuga þetta mál betur, áður en gengið væri endanlega frá slíku fyrirkomulagi. Það má auðvitað heita víst, að þjóðaratkvgr. yrði á hverju ári, ef þessi ákvæði yrðu samþykkt. En ég vil benda á það, að ef gerð kjörskrár yrði gerð einfaldari en nú er, eins og ég hef áður rakið og hér koma fram till. um, og þjóðaratkvgr. færi fram um ýmis mál samtímis, að þá þyrfti það ekki að vera nema einu sinni á ári, gæti verið í tengslum við alþingiskosningar og bæjarstjórnarkosningar eða í sumarbyrjun hverju sinni. Og ég held, að það þyrfti ekki að fylgja þessu mikill aukakostnaður eða frestun á stjórnarstörfum.

Í frv. er ekki minnzt á, hvort einhver mál skuli undanþiggja þjóðaratkvgr. Þó er því ekki að leyna, að hætt er við að setja yrði einhver slík ákvæði, t. d. um fjárlög eða skattalög. Það er mjög óeðlilegt, að unnt sé að fella t. d. fjárlög í þjóðaratkvgr. En þar sem frv. er fyrst og fremst ætlað að sýna meginstefnuna í þessu efni, hefur ekki verið farið inn á þessi atriði í frv., og ætlazt er til þess, að slík aukaatriði verði rædd frekar í nefnd.

Við Alþb.-menn teljum óhjákvæmilegt, að með ótvíræðum ákvæðum stjskr. verði tryggt, að knappur meirihluti Alþ. geti ekki selt ríkisvaldið og heimildir þess að einhverju leyti í hendur alþjóðlegum stofnunum eða ríkjabandalögum, en það er alkunna, að samstarf þjóðanna fer núna ört vaxandi og um leið ber æ meir á ýmiss konar yfirþjóðlegum stofnunum, sem kreppa að sjálfstæði þjóðanna. Sem dæmi um þetta má að sjálfsögðu nefna Efnahagsbandalag Evrópu. Við teljum þess vegna nauðsynlegt, að sett verði ákvæði um það, að aukinn meirihluta á Alþ. þurfi til, og raunar hvort heldur á Alþ. eða í þjóðaratkvæðagreiðslum, til þess að slík ákvæði nái fram að ganga. Og rétt er að taka það fram, að slík ákvæði eru í stjórnskipunarlögum margra þjóða, m. a. í stjskr. Dana.

Flm. þessa frv. telja einnig óhjákvæmilegt, að allar náttúruauðlindir hér á landi haldist í eigu landsmanna, og þeir telja, að það verði bezt tryggt með ótvíræðu stjórnarskrárákvæði. Við teljum, að hið sama eigi að gilda um fasteignir, en viðurkennum þó, að ýmsar undantekningar verður að gera í því efni, og gerum þá ráð fyrir, að undanþáguheimildir yrðu veittar með lögum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eignarréttur á óbyggðum landsins hefur verið umdeildur í mörgum tilfellum og orðið um það illvíg málaferli. Við teljum nauðsynlegt, að tekin séu af öll tvímæli um það, að óbyggðirnar og sú orka og auðæfi, sem þar eru, séu ævinlega eign íslenzku þjóðarinnar, alþjóðareign, sem einstaklingar geti ekki sölsað undir sig með neinum

ráðum. Þeir, sem nú eiga óbein eignarréttindi á þessum svæðum, eins og t. d. upprekstrarfélög, sem eiga beitirétt, eða heil sýslufélög, sem stundum eiga veiðirétt, eða í öðrum slíkum tilfellum, þegar um er að ræða annan hefðbundinn afnotarétt, þá mundu verða sett ákvæði, sem tryggðu, að þessir aðilar héldu þessum réttindum sínum, en nánar yrði sem sagt ákveðið um takmörk þessara réttinda og þessara svæða með löggjöf.

Í 69. gr. stjskr. segir nú, að ekki megi leggja nein bönd á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Ákvæði þetta hefur ekki mjög mikið raunhæft gildi, vegna þess að það er talið, að löggjöfin hafi fullnaðarmat um það á hverjum tíma, hvenær *almenningsheill krefjist* þess, að atvinnufrelsi sé skert, þannig að það skipti þá ekki öllu máli, þó að slíkt ákvæði standi í stjórnarskrá. Hér er lagt til, að við gr. bætist ákvæði, sem hiklaust má segja, að skipti öllu meira máli fyrir alþýðu manna, þ. e. a. s. með stjórnarskrárákvæði sé tryggt, að allir skuli eiga rétt til atvinnu og að sett séu ákvæði um vinnuvernd. Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta atriði málsins.

Í 70. gr. er ákvæði, sem ekki hefur verið endurskoðað í tæpa öld, eins og ýmis önnur ákvæði stjskr., en þar er fjallað um framfærslurétt, og held ég, að óhætt sé að segja, að þeim, sem lesa það ákvæði, muni finnast, að nokkur gamaldags bragur sé á því. Við leggjum sem sagt til, að ákvæði gr. sé breytt í það horf, sem hæfir nútímanum, eða það sé samræmt núgildandi tryggingalöggjöf og þó gengið feti framar með því að mæla fyrir um ókeypis sjúkrahúsvist.

Í 71. gr. stjskr. eru ákvæði um uppfræðslu barna, og það er eins um það ákvæði, að það er orðið fjarskalega úrelt. Við leggjum til, að gr. verði þannig orðuð: „Öll börn og unglingar á aldrinum 7—16 ára eiga rétt á ókeypis fræðslu, svo og allir þeir, er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga. Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.“ Ég vil segja það um þessa till., að þarna er fyrst og fremst verið að færa stjskr. til samræmis við gildandi fræðslulöggjöf. En það er eins með þetta ákvæði og það fyrra, sem ég nefndi, að þar er gengið feti framar en í núgildandi löggjöf, að löggjafanum er lögð skylda á herðar, að hann skuli tryggja efnahagsjafnrétti til menntunar. Í því felst að sjálfsögðu, að *allir skuli eiga rétt til menntunar í samræmi* við áhuga sinn og hæfileika og sá réttur má ekki vera háður efnahag eða búsetu. Hér á Alþ. hefur oft verið nokkuð rætt um námslán og námslaunakerfi, og hér er auðvitað um náskylt mál að ræða, því að til þess að fullnægja þessu stjskr.-ákvæði yrði löggjafinn að jafna allan mismun, sem vera kann hjá unglingum, aðstöðumismun til menntunar, með því að koma upp fullnægjandi námslána- og styrkjakerfi.

I 75. gr. stjskr. er svo ákvæði, sem segir, að sérhver vopnfær maður sé skyldur til að taka sjálfur þátt í vörn landsins samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Íslendingar hafa þó aldrei lögtekið nein fyrirmæli um herskyldu, eins og kunnugt er, enda var þetta ákvæði upprunalega tekið orðrétt upp úr dönsku stjskr. árið 1849, þegar konungur setti landinu stjórnarskrá 1874 án atbeina Alþ., en það hefur óbreytt staðið síðan. Ég held, að óhætt sé að segja, að íslenzkir stjórnmálaflokkar hafi aldrei sýnt neinn áhuga á því að lögbjóða herskyldu hér á Íslandi, og sjaldan hafi það verið fráleitara en einmitt nú með tilkomu margvíslegra vopna, sem gera það að verkum, að engin þjóð getur varizt. Flm. þessa frv. telja sjálfsagt, að í stjskr. verði Ísland friðlýst land og jafnframt verði ákveðið, að hér megi aldrei lögleiða herskyldu.

Að lokum vil ég taka það fram, að þetta frv. felur að sjálfsögðu ekki í sér neina heildarendurskoðun stjskr. af hálfu Alþb., en með því viljum við flm. aðeins vekja athygli á 10 mikilvægum *réttindamálum, sem við teljum sjálfsagt*, að sett verði ákvæði um í nýja stjskr. — Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. allshn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Með sumum þjóðum eru þau lög, sem hér á landi kallast stjórnskipunarlög, kölluð grundvallarlög eða eitthvað því líkt. Það þýðir, að stjórnskipunarlögin eða stjórnarskrárnar eru grundvöllur annarra laga. Þau eru frumlögin, sem hvert þjóðfélag setur sér. Á þessum grunni stjskr. eða grundvallarlaganna verður að byggja öll önnur lög. Hin almenna löggjöf, sem sett er frá ári til árs, verður að vera í samræmi við stjskr., og sé hún það ekki, geta dómstólar landsins fellt þá löggjöf úr gildi. Vegna þessarar miklu þýðingar stjórnskipunarlaganna sem grundvallar allrar annarrar löggjafar, þá er svo kveðið á í sjálfri stjskr., að með breytingar á henni eða setningu nýrrar stjskr. skuli fara á annan hátt en með önnur lög eða lagafrumvörp. Sú meðferð er þannig, eins og hv. 1. flm. þessa máls tók fram, að til þess að þetta gildi, þarf frv. til nýrrar stjskr. eða breytingar á stjskr. að hljóta samþykki Alþ., ekki einu sinni, heldur tvisvar sinnum, á milli þeirra samþykkta þurfa að hafa farið fram almennar þingkosningar í landinu. Síðan þarf svo að sjálfsögðu til að koma samþykki forseta lýðveldisins eða undirskrift, eins og í sambandi við önnur lög. Það er því svo, að í hvert sinn, sem till. um breytingu á stjskr. ríkisins kemur fram hér á hinu háa Alþ., er það í rauninni töluverður viðburður og ástæða til þess, að eitthvað sé að því vikið, *en ég vil taka það fram*, að það sem ég kann að segja hér að þessu sinni, er ekki mælt fyrir hönd neins flokks, það eru mínar eigin hugleiðingar í sambandi við þetta mál, sérstaklega þetta frv., og upprifjun á ýmsu, sem mér þykir rétt, að komi fram nú við 1. umr. málsins til viðbótar við það, sem kom fram hjá hv. flm., sem hér talaði áðan.

Ég hygg, að það sé fremur sjaldgæft, að frv. um breyt. á stjskr. komi fram á fyrsta þingi kjörtímabils, a. m. k. þannig, að gert sé ráð fyrir samþykkt á því þá. Það er vegna þess, að menn vilja gjarnan sameina þær kosningar, sem fram fara vegna breytinga á stjskr. og almennar alþingiskosningar. Hv. flm. tók það líka fram í ræðu sinni, að þetta frv. væri fyrst og fremst til

þess flutt að vekja athygli á nokkrum atriðum, sem hann og að mér skildist Alþb.-menn eða Alþb. á Alþ. vildu láta koma til athugunar í sambandi við breytingu stjskr., og að þeir vildu þá jafnframt gera grein fyrir því með þessu frv., á hvern hátt þeir teldu, að breyta þyrfti þessum atriðum. Ég get alveg tekið undir það, sem hv. þm. sagði, að í raun og veru er það mjög á annan veg en ætti að vera, að enn skuli ekki vera búið að gera þá lýðveldisstjórnarskrá, sem rætt var um að gera þyrfti um það leyti, sem lýðveldið var stofnað hér á landi. En um stjórnarskrána hafa af þessu tilefni margar nefndir fjallað, sumar mjög fjölmennar, aðrar fámennari, á ýmsum tímum, eins og hv. þm. tók fram, án árangurs. Hins vegar var á árinu 1959 að frumkvæði einstakra þm. eða flokka rokið til og breytt einu atriði í stjskr. Það var tekið út úr og stóð ekki að neinu leyti í sambandi við þessa nauðsynlegu endurskoðun og byggðist ekki á neinni endurskoðun, heldur á óskum þessara flokka, og það er mitt álit, að sú breyting hafi a. m. k. ekki verið til bóta.

Það eru hér nokkur atriði, sem flm. frv. vilja sérstaklega láta breyta í stjskr., og hv. flm. hefur gert grein fyrir þeim hér skilmerkilega. Í grg. frv. eru þessi atriði skilgreind í 10 köflum. Þar á meðal eru tvö ákvæði um það, hversu með skuli fara, þegar ríkisstj. setur brbl., og það eru ákvæði um fasteignir, eignarrétt á fasteignum, ákvæði um aukinn meirihluta. Þar eru ákvæði um eignarrétt á íslenzkum óbyggðum og ákvæði um atvinnurétt. Þar eru ákvæði um stjórnarskrártryggðan rétt til sjúkrahjálpar og framfærsluréttar. Þar er ákvæði um rétt til menntunar, um að landið skuli vera friðlýst, — um kosningaaldur og þjóðaratkvæði. Þetta um þjóðaratkvæði, um nauðsyn á þjóðaratkvæðagreiðslu, því málefni hefur oft verið hreyft hér á Alþ. áður, bæði sem þingmálum og í umræðum. og ég sé, að hv. þm. leggja hér til, að fjórðungur þm. t. d. geti með skriflegri beiðni til forsrh. krafizt þess, að leitað sé álits þjóðarinnar um tiltekið málefni. Ég festi sérstaklega auga á þessu ákvæði, vegna þess að í byrjun þessa fundar var gengið til atkvæða um mál, sem er mikið ágreiningsmál bæði hér á Alþ. og ekki síður úti á meðal þjóðarinnar. Úrslit í atkvgr. urðu þau, að 25% eða fjórðungur þessarar hv. d. óskaði eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið mál, sem tæp 75% vildu ekki leyfa, og það, sem á vantaði — 1 þm. tók ekki afstöðu til þess — ef ég man rétt. Ef þessi breyting hefði verið gengin í gildi á stjskr., sem hv. þm. leggur til, hefðu nú þessir 10 menn eða þessi 25% af deildinni, ef þeir hefðu getað fengið til liðs við sig 5 þm. í Ed., þ. e. a. s. einnig 25% þar, átt þennan rétt, að þjóðaratkvæðagreiðslan færi fram, sem meiri hluti þingsins synjaði um og reyndar, þó að dálitið einkennilegt megi virðast, þ. á m. hv. flm. þessa máls. Ég bið hann afsökunar, ef ég hef tekið skakkt eftir atkvgr., en mér skilst, að hann væri einn þeirra, sem með sínu atkv. hindraði það, að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um þetta mál. (Gripið fram í.) Já, já, það gera ýmsir grein fyrir atkvæði sínu, sumir með löngum ræðum og skilmerkilegum. Og þm. hefur auðvitað, eins og þm. ævinlega hafa, ástæðu fyrir sinni atkvgr. og rök fyrir henni. Það greiðir sjálfsagt enginn þm. atkv. öðruvísi en að hafa ástæðu til þess að greiða atkv. á þann hátt, sem hann gerir. Stundum gera menn grein fyrir þeim, og stundum láta menn það ógert, enda tæki það mikinn tíma, ef allir þm. ættu í ræðustóli við atkvgr. að gera grein fyrir atkvæði sínu. En það vildi nú svona til, að þessi hv. þm. greiddi atkv. gegn þjóðaratkvæði um þetta mál, en ef þetta frv., sem hann leggur fram, hefði verið orðið að lögum eða komið í stjskr., hefði þjóðaratkvæði getað farið fram. Ég tek eftir þessu, af því að þetta ber að svo samtímis, og hv. þm. hefur sjálfsagt sínar ástæður.

Af því að ég lít á þetta frv. á sama hátt og hv. flm., þannig, að það sé í rauninni ekki til þess ætlað eða ekki *endilega* til þess ætlað að hljóta samþykki á þessu þingi, heldur til þess að reifa mál, til þess að reifa breytingar, sem hv. þm. hafa áhuga á, að komi til greina við endurskoðunina, sem við erum margir sammála um áreiðanlega, að eigi að fara fram og hafi dregizt óeðlilega lengi, að færi fram, því að lýðveldið er nú komið á þriðja tug ára. En í því sambandi þykir mér þá rétt, því að það er í raun og veru bara viðbót við þetta mál, þetta frv. hér, að minna nokkuð á till., sem áður hafa komið fram, að vísu ekki í frv.-formi, heldur í þáltill.-formi hér á hinu háa Alþ. um þetta efni, þar sem bent er á atriði, sem þurfi sérstaklega endurskoðunar við í sambandi við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ýmislegt af þvíliku hefur komið fram, og ég veit, að það, sem ég nefndi hér, verður ekki tæmandi, en ég vil alveg sérstaklega leyfa mér að minna hér á till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem flutt var á síðasta þingi af þáv. hv. 1. þm. Norðurl. e., Karli Kristjánssyni. Þessi till. er á þskj. 227 í Alþingistíðindunum frá Alþ. 1966. Og till. var um það, — hún varð ekki útrædd í þinginu, — að Alþ. ályktaði að stofna til endurskoðunar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og fela ríkisstj. að skipa til þess 9 menn samkv. tilnefningu sérstakra aðila að ganga saman í n. og framkvæma þessa endurskoðun. Ég hygg, að með tilliti til fenginnar reynslu hafi þessi hv. fyrrv. þm. ekki talið ærennilegt að fela Alþ. einu eða ætla Alþ. einu að tilnefna fulltrúa í þessa n. En hann lagði til, að þessi 9 manna n. væri þannig skipuð, að þingflokkarnir á Alþ. tilnefndu fjóra menn, sinn manninn hver, að lagadeild Háskóla Íslands tilnefndi tvo menn í n. og Hæstiréttur tilnefndi þrjá menn og þar af einn, sem væri formaður n. Í þessari till. var svo kveðið á um það, að lagt yrði fyrir n. að taka til athugunar sérstaklega nokkur tilgreind efnisatriði og þau efnisatriði skiptust í till. í 9 liði. Þarna voru sem sé 9 ábendingar til endurskoðunarnefndar um það, hvað talið væri sérstaklega *áríðandi, að hún tæki til meðferðar og endurskoðunar*. Og ég vil leyfa mér að rifja það upp hér í þessari hv. d., hver þessi atriði voru.

Það var í fyrsta lagi forsetaembættið, þ. e. a. s. embætti forseta lýðveldisins, hvort fyrirkomulag æðstu stjórnar Íslands sé svo heppilegt, sem það gæti verið og hvaða skipan hennar mundi

vera bezt við hæfi þjóðarinnar. Í grg. till. síðan í fyrra er nánari grein gerð fyrir því, hvers vegna þetta atriði og önnur eru tiltekin, en ég ætla ekki að fara að lesa upp úr henni eða gera grein fyrir efni hennar, heldur aðeins skýra frá því, hver þessi atriði voru.

Það var í öðru lagi skipting Alþ. í deildir, hvort hún sé ekki úrelt orðin og ein málstofa hagfelldari.

Það var í þriðja lagi aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds, hvort ekki sé þörf skýrari ákvæða um þessa greiningu. En löggjafarvaldið, framkvæmdavaldið og dómsvaldið eru hinir þrír þættir ríkisvaldsins, sem fræðimenn telja, að það skiptist í.

Það var í fjórða lagi samskipti við önnur ríki, nauðsyn ákvæða, er marki rétt ríkisstj. og Alþ. til samninga við aðrar þjóðir.

Það var í *fimmta lagi* þjóðaratkvgr., ákvæði um, hvenær rétt sé eða skylt að láta fara fram þjóðaratkvgr. og hvað hún gildi. Og þá væntanlega átt við, hvort hún sé ákvarðandi eða til ábendingar.

Það var í sjötta lagi kjörgengis- og kosningarréttaraldur, hvort rétt sé að lækka þann aldur frá því, sem nú er. En *ég ætla*, að þegar þessi till. var flutt, hafi ekki verið búið að samþykkja þá stjórnarskrárbreytingu um kosningaaldur, sem samþ. var á þingi í fyrra.

Það var í sjöunda lagi kjördæmaskipun, hvort ekki sé rétt að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verði kosnir saman óhlutbundnum kosningum, en uppbótaþm. engir.

Það var í áttunda lagi þingflokkar, hvort ekki sé þörf lagasetningar um skyldur og réttindi þingflokka, þar sem þeir eiga rétt til uppbótarþingsæta samkv. stjórnarskránni.

Og það var í níunda lagi skipting landsins í samtakaheildir, hvort ekki sé æskilegt að taka inn í stjórnarskrána ákvæði um skiptingu landsins í fylki eða aðrar nýjar samtakaheildir, er hafi sjálfsstjórn í sérmálum, enda leiti n. um þetta álits sýslunefnda, bæjarstjórna, borgarstjórnar Reykjavíkur, fjórðungasambanda og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Þetta var efni till., eða meginatriði hennar, og var í lokin gert ráð fyrir, að n. lyki störfum svo fljótt, sem hún fengi því við komið og skilaði till. sínum til Alþ., en Alþ. átti samkv. till., eins og ég tók fram áðan, að tilnefna eða réttara sagt þingflokkarnir, sem eru nú í sjálfu sér ekki það sama og Alþ., 4 af 9 fulltrúum í n. Till. varð ekki útrædd, eins og ég hef áður sagt.

Ég hef, eins og ég sagði áðan, rifjað upp meginatriði þessarar till. frá síðasta þingi um endurskoðun stjórnarskrárinnar í því skyni að stuðla að því, að menn hafi þau nú í huga, ef farið er að íhuga nánar breytingar á stjórnarskránni og jafnvel þó að það leiddi ekki til nefndarskipunar eða annars slíks á þessum vetri. Ég ætla ekki að ræða þessi atriði sérstaklega eða með það fyrir augum að kynna hér afstöðu mína til þeirra. En ég vil vekja athygli á því, að sum af þessum atriðum a. m. k. eru mjög umrædd meðal þjóðarinnar um þessar mundir og kannske víðar rædd og með ákveðnari sjónarmið í huga, en þm. almennt gera sér grein fyrir. Ég veit, að ákvæði stjórnarskrárinnar um forseta lýðveldisins eru mjög rædd manna á meðal nú og það er ekki óeðlilegt, þar sem stendur svo á, að kosning forseta á að fara fram á þessu ári, og sumir velta fyrir sér einmitt þessari spurningu varðandi forsetaembættið, sem lögð er fram í till. frá í fyrra. Menn velta einnig mjög fyrir sér því pólitíska fyrirbrigði og nú orðið reyndar líka juridíska fyrirbrigði, sem hinir svonefndu þingflokkar eru. Fyrir 1930 ætla ég, að orðið þingflokkur hafi ekki fyrirfundizt í íslenzkri löggjöf. Það getur verið, að þetta sé ekki rétt hjá mér, mér hafi sézt yfir eitthvað, en ég minnist þess ekki, að íslenzk löggjöf þekki orðið þingflokkur fyrir 1930. Ég minnist þess ekki. A. m. k. hefur þetta verið mjög fátítt, að það orð kæmi þar fyrir. Síðar hefur það oft komið inn í lög frá Alþ. Með stjórnarskrárbreytingunni 1933 komu þingflokkar inn í sjálfa stjórnarskrána. Orðið kom inn í sjálfa stjórnarskrána og þingflokkunum var veittur ákaflega mikils verður réttur í stjórnarskránni. Þeim var veittur réttur til hvorki meira né minna en 11 sæta á Alþ. *Íslendinga*. Eftir að kjörnir hafa verið þm. í kjördæmunum, fá þingflokkarnir enn samkv. þessum ákvæðum 11 þm. til viðbótar. En það er ekki skilgreint í stjórnarskránni og eiginlega ekki, svo að telja megi, í neinum öðrum l., hvað þetta sé, sem stjórnskipunarl. nefna þingflokk. Það eru, eins og segir óbeint í till. frá í fyrra: Engin lög um skyldur eða almenn réttindi þessara stofnana, þessara þjóðfélagsstofnana, sem þó hafa á einu sviði þennan mjög svo mikla rétt.

Nú liggja fyrir Alþ. till. um þetta efni, sem stafa af því, að ýmsum finnst, að réttur þingflokkanna að þessu leyti sé enn ekki nógu vel verndaður, og menn, sem að þessu standa, vilja fá þeim nýja, aukna réttarvernd umfram það, sem í lögum er, og því verður mér og mörgum öðrum sjálfsagt á að spyrja: Er nú ekki loksins tími til kominn, að lög séu sett um skyldur og réttindi þessara félaga?

Um langan tíma eða í eina tvo áratugi hefur verið í einstökum landshlutum uppi hreyfing í þá átt að koma upp í landinu sjálfstæðum stjórnskipulegum heildum, eins konar landsfjórðungum og þó sennilega eitthvað fleiri umdæmum með sjálfstæði í sérmálum, og ákveðnar till. hafa verið uppi um þetta efni. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta eigi að gera. Og ég hef einmitt ásamt fyrrv. hv. þm. Norðurl. e. flutt till. til þál. fyrr á þingum um, að það mál verði undirbúið eða athugað. Alþ. hefur daufheyrzt við þeirri till. En þetta er einmitt eitt af því, sem ætlazt var til, að stjórnarskrárnefndin athugaði, ef till. yrði samþ. Þess er heldur ekki að dyljast, að sú kjördæmaskipun, skipting landsins í stór kjördæmi með hlutfallskosningum, sem samþ. var árið 1959, orkaði þá og orkar enn mjög tvímælis. Ég held, að sumir þeirra, sem þá stóðu að þeirri breytingu, séu nú komnir á þá skoðun, að þar hafi ýmislegt gerzt og ýmislegt sé þar í uppsiglingu, sem þeir hafi ekki séð fyrir, og það er eins og gengur, að það er svo margt, sem maður aldrei sér fyrir.

En þessi kjördæmaskipun, sem lögfest var með stjórnarskrárbreytingunni frá 1959, byggir á flokkunum, stjórnmálaflokkunum, þingflokkunum. Það er undirstaða hennar, að flokkar séu til, eins og það er undirstaða allra l., að stjórnarskráin sé til. En margir eru þeirrar skoðunar, að þessi undirstaða sé röng. Flokkarnir og sízt núv. stjórnmálaflokkar séu ekkert varanlegt og óendanlegt fyrirbrigði í þessu þjóðfélagi, það sé aðeins eitt, sem sé varanlegt í þjóðfélaginu, og það eru mennirnir. Það eru mennirnir, sem mynda þetta þjóðfélag. Og það er byggðin, það er landsbyggðin og hinir einstöku hlutar hennar. Ég hef orðið þess var, að núna í seinni tíð hafa komið frá samtökum hér innanlands, sem ég hafði ekki gert ráð fyrir, að væru eiginlega þess sinnis, mjög ákveðnar raddir í þá átt, að taka ætti til grundvallarendurskoðunar þessa kjördæmaskipun frá 1959, og að ákvæði stjórnarskrárinnar og lög um kosningar ættu að vera miðuð við það í eðli sínu, að kosnir væru menn en ekki flokkar.

Ég hef aðeins drepið hér á nokkur atriði í sambandi við þessa till. frá síðasta þingi, sem ég veit, að mjög eru rædd nú í landinu. En það er fleira í þessu, sem einnig er nokkuð rætt og sumt af því hefur hv. flm. drepið á og undir sumt af því, sem hann sagði um þau efni, get ég tekið, þó að ég taki ekki undir sumt annað, sem hann lét hér um mælt. En eins og ég sagði áðan: Ég geri ráð fyrir því, enda var það tekið fram af flm., að þetta frv. sé fyrst og fremst flutt til þess nú á fyrsta þingi kjörtímabilsins að vekja til umhugsunar og óska umr. um og meðferðar á tilteknum atriðum, sem til greina koma að þeirra dómi, þegar stjórnarskrá verður endurskoðuð, og við það, sem hv. flm. sagði um það, vildi ég nú bæta því, sem ég hef sagt.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er rétt, að ég flyt hér frv. um allvíðtækar heimildir til að skjóta málum undir þjóðardóm. Það er einnig rétt, að ég greiddi hér fyrr í dag atkv. gegn því, að ákveðnu máli væri skotið undir þjóðardóm. En ég tók það líka skýrt fram við atkvgr., að ég teldi, að það hefði verið rétt að skjóta málinu undir þjóðaratkv., ef málið væri ekki svo seint fram komið, og ég hefði hiklaust greitt því atkv., ef það hefði verið fyrr. Ég vildi benda hv. 1. þm. Norðurl. e. á það, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ef fram fer þjóðaratkvgr. um frv., skuli krafa um slíka atkvgr. hafa borizt innan 8 vikna frá samþykkt frv., og nú var hægri handar umferð ákveðin með l., og þá hefði það auðvitað verið sjálfsagt og eðlilegt á sínum tíma fyrir tveimur árum síðan, að það hefði verið krafizt þjóðaratkv., en það hefði orðið að gera innan 8 vikna. Þá hefði farið fram þjóðaratkv., og það hefði verið sjálfsagt og eðlilegt og ekkert við það að athuga. En þá hefði auðvitað aldrei komið til þess, að tveimur árum seinna eða fáeinum vikum eða mánuðum áður en á að fara að framkvæma breytinguna, þá væri allt í einu farið að leggja til að skjóta málinu undir þjóðardóm.

Að öðru leyti vil ég taka það fram, að það kom margt athyglisvert fram í þeim till., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. rakti hér og þeir framsóknarmenn hafa undirbúið og flutt. Hann minntist aðeins á forsetaembættið, og ég er honum sammála um það, að út af fyrir sig kæmi það til greina að athuga þar, hvort ekki væri rétt að breyta eitthvað tilhögun þess. Þær raddir hafa heyrzt og jafnvel komið fram í blöðum núna að undanförnu, hvort ekki væri rétt, að forsetaembættið væri lagt niður, hvort ekki væri rétt að fela t. d. forseta Hæstaréttar eða forseta sameinaðs Alþingis núverandi forsetavald. Ég vil nú taka það fram, að ég er persónulega algerlega ósammála þessu, en ég tel, að það mætti gera forsetaembættið jafnvel virðingarmeira með því að fela forseta meiri völd heldur en hann hefur í dag, og ég mundi vilja vekja athygli á því, að hv. þm. Framsfl. hafa stundum flutt hér till. um lögsögumann, og mér hefur nú aðeins komið til hugar, þó að ég hafi ekki skoðað það vandlega, hvort ekki væri einmitt rétt, að forseti Íslands hefði yfirumsjón með slíku starfi, sem lagt er til, að felist í þessu lögsögumannsstarfi.

Að öðru leyti vil ég taka það fram, að ég er honum sammála um það, að mest er um það vert, að það verði skipuð stjórnarskrárnefnd hið fyrsta til þess að taka þessi mál til endurskoðunar aftur, enda þótt ég taki enga afstöðu til þess, með hvaða hætti skuli skipað í n.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um aukaatriði. Það, sem ég vísaði til í 3. gr. frv., þegar ég var að tala um þjóðaratkvgr., er 3. mgr. gr., en ekki 2. En í 3. mgr. gr. stendur: „Fjórðungur þm. eða fjórðungur kosningabærra manna getur með skriflegri beiðni til forsrh. krafizt þess, að leitað sé álits þjóðarinnar um tiltekið málefni.“ Og auðvitað gátu þeir, sem hér áttu hlut að, farið fram á það, að leitað yrði álits þjóðarinnar um það, hvort vera ætti hægri umferð eða vinstri umferð hér á landi án tillits til þess, hvort fyrir lá frv. eða ekki. Þeir, sem slíka ósk bera fram, ákveða auðvitað sjálfir, hvort þeir telji það of seint eða ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 13. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Þingsköp Alþingis.

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [130. mál] (þmfrv., A. 277).

Á 66. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 29. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Hinn 29. apríl árið 1966 samþ. Alþ. svo hljóðandi till. til þál. um endurskoðun l. um þingsköp Alþ.

„Alþingi ályktar, að 7 manna mþn., kosin af sameinuðu Alþingi, skuli falin endurskoðun gildandi l. um þingsköp Alþingis."

Á Alþ. 5. maí 1966 var síðan kjörin 7 manna mþn. til þess að endurskoða lög um þingsköp Alþ. Starfaði hún síðustu 3 mánuði þessa árs og nokkuð fram á árið 1967. Var n. sammála um að taka þingsköpin í heild til almennrar endurskoðunar. Var í því skyni aflað margvíslegra gagna frá nágrannalöndunum og þau höfð til hliðsjónar í sambandi við ýmsar þær brtt., sem n. síðan varð sammála um.

Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936 um þingsköp Alþ., er ávöxtur af starfi fyrrgreindrar n. Stóð n. sameinuð að till. sínum, en í henni voru rædd ýmis önnur atriði en þau, sem felast í frv., en um þau varð ekki fullkomin samstaða. N. taldi hins vegar mikilvægt, að þær till., er hún léti frá sér fara, kæmu frá henni óskiptri. Var það álit hennar, að æskilegt væri, að sem mest samstaða ríkti á Alþ. um breytingar á þingsköpum. Þegar n. hafði lokið starfi sínu, sendi hún till. sínar til forseta Alþ. og hæstv. ríkisstj. Gafst ekki tóm til að leggja frv. fyrir síðasta þing, en nú er það flutt samkv. ósk allra forseta þingsins. Er það skoðun flm., sem einnig áttu sæti í mþn., að nauðsyn beri til að lögfesta þær brtt., sem mþn. gerði till. um. Að sjálfsögðu koma ýmis fleiri atriði til álita. Verður það hlutverk þeirrar þn., sem fjallar um málið, og síðan hv. þm. og þingdeilda að kryfja þetta mál í heild til mergjar. Væri æskilegt, að endurskoðun þingskapa yrði lokið á þessu þingi, ef tími vinnst til.

Helztu nýmæli, sem mþn. gerði brtt. um og felast í frv., eru þessi:

1. Lagt er til, að kjörbréfanefnd verði kosin fyrir allt kjörtímabilið. Í 1. gr. gildandi þingskapa eru ákvæði um prófun kjörbréfa og kosningu þm. í þingbyrjun. Ganga þm. í þrjár jafnar deildir meðan til vinnst. Gildir það jafnt á öllum þingum kjörtímabilsins og þótt eigi þurfi að rannsaka nema eitt kjörbréf. Hér er ákvæðinu breytt þannig, að aðeins skuli skipað í kjördeildir á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Annars rannsakar kjörbréfanefnd kosningu og kjörgengi, eins og nú er á öðrum tímum en í þingbyrjun. Þykir þetta hentugra. Til þess að unnt sé að hafa þennan hátt á, er kjörbréfanefnd kosin fyrir allt kjörtímabilið, og er 8. gr. þingskapa breytt í þá átt.

2. Lagt er til, að ef sæti Ed.-þm. losnar og varamaður tekur sæti á þingi, skuli sá þingflokkur, er skipa á sætið, tilnefna mann úr sínum flokki til Ed. Þessi breyting er í samræmi við síðustu kjördæmabreytingu og breytingu á kosningalögum. Eftir að allir þm. hafa fengið varamann, fer ekki fram aukakosning, þó að sæti Ed.-þm. losni. Eðlilegt þykir, að sama regla haldist og nú gildir, ef sæti Ed.-manns losnar við andlát, afsal þingmennsku eða missi kjörgengis, þá tilnefni þingflokkur sá, er skipa á sætið, eftir reglu 7. gr. þingskapa einn mann úr sínum flokki til Ed.

3. Lagt er til, að nm. í utanrmn. verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, er þeir fá í n., ef formaður eða ráðh. kveður svo á. Einnig er lagt til, að utanrmn. skuli vera ríkisstj. til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Ákvæðið er takmarkað við meiri háttar utanríkismál. Gildandi þingsköp taka til utanríkismála án takmörkunar. Hins vegar þótti n. rétt að láta ákvæðið aðeins taka til meiri háttar mála. Ákvæðið er að því leyti viðtækara en nú er, að það gildir jafnt á milli þinga sem á þingtíma.

4. Sett eru ný og fyllri ákvæði um skýrslur, sem ráðh. óskar að gefa Alþ., og rétt þm. til að óska slíkra skýrslna. Ekki er skylt að hafa umr. um slíkar skýrslur, nema ráðh. og 1. flm. þeirra óski þess. Ekki er heldur gert ráð fyrir, að ályktanir séu gerðar í sambandi við umr. um skýrslur. Gildir það, hver sem á frumkvæðið að skýrslugerðinni.

5. Ákvæðin um fsp. í Sþ. eru gerð fyllri en nú er og stefnt að því að gera umr. um þær nokkru styttri og hnitmiðaðri. Er lagt til, að munnlegar fsp. skuli teknar fyrir á sérstökum fundi í sameinuðu Alþ. þannig, að þær dragi ekki um of tíma frá öðrum þingmálum, eins og mjög hefur þótt við bera. Lagt er til, að ræðutími ráðh. verði takmarkaður við 10 mínútur í fsp.-tíma í senn, og að hann tali að jafnaði ekki oftar en tvisvar. Til mála kæmi einnig að heimila ekki öðrum þm. en fyrirspyrjendum að taka til máls um fsp. En um það atriði hefur n. ekki flutt neinar brtt. Þá er það nýmæli tekið upp, að þm. geti borið fram skrifl. fsp., er ráðh. svarar síðan skriflega. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fsp. og svar í Alþingistíðindum, en aðrir þm. geta einnig fengið svarið, ef þeir óska.

6. Í sambandi við útvarps- og sjónvarpsumr. er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að útvarpa skuli innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsrh. og umr. um hana. Er þá gert ráð fyrir, að slíkar umr. komi í staðinn fyrir útvarp fjárlagaræðu og umr. um hana, sem þótt hefur þungt í vöfum. Þá er lagt til, að á síðari hluta hvers þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumr., er standi í eitt kvöld. Skulu þessar umr. koma í staðinn fyrir eldhúsdagsumr. og verða því allmiklu styttri en þær hafa verið, — standa aðeins eitt kvöld í stað tveggja, eins og nú tíðkast. Þá er lagt til, að almennar útvarpsumr. verði styttar verulega. Lagt er til, að útvarpsumr. verði aðeins hálftími fyrir hvern þingflokk, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari. Í gildandi þingsköpum fær hins vegar hver flokkur 45 mínútur til umráða.

Raddir voru uppi um það í mþn. að stytta útvarpsumr. enn meir en hér er gert ráð fyrir, en um það náðist ekki samkomulag. Kemur til kasta Alþ. að skera úr um það atriði. Í sambandi við útvarpsumr. er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að ef ríkisútvarpið óskar að útvarpa umr. frá Alþ. eða hluta af umr., verði það heimilað að

höfðu samráði við forseta og formenn þingflokka. Útvarp umr. eða hluta hennar samkv. þessu ákvæði færi fyrst og fremst eftir fréttagildi hennar. N. aflaði sér itarlegra upplýsinga um útvarp frá þjóðþingum margra landa. Fylgir skýrsla um þær upplýsingar í áliti mþn. Af henni kemur það í ljós, að útvarp er með mjög misjöfnum hætti frá hinum ýmsu þjóðþingum. Nýja-Sjáland og Ástralía hljóðvarpa þingfundum í heild. Annast sérstakar sendistöðvar í helztu borgum landsins þetta útvarp. Hefur þetta skipulag ríkt í Nýja-Sjálandi allt frá árinu 1936. Einnig er hátíðlegum athöfnum frá þingum þessara landa sjónvarpað, en um almennt sjónvarp frá þingfundum er þar ekki að ræða.

Á Norðurlöndum hefur lengi verið hljóðvarpað frá þjóðþingum. Er þar útvarpað almennum þingstörfum og umr. í þingunum, og þingfréttir í hljóðvarpi og sjónvarpi eru mjög fullkomnar. Yfirleitt hafa ríkisútvörpin á Norðurlöndum mjög rúma heimild til þess að taka upp umr. í þingunum og útvarpa þeim að vild. Sjónvarp hefur einnig farið mjög í vöxt á síðustu árum frá þjóðþingum Norðurlanda.

Bretar hafa hingað til ekki leyft hljóðvarp, sjónvarp, myndatökur eða kvikmyndatökur í deildum brezka þingsins. Þó var þingsetningu þar nýlega sjónvarpað og myndir teknar af þeirri athöfn í fyrsta sinn. En mikið hefur verið rætt um það í Bretlandi undanfarin ár, hvort ekki sé rétt að breyta þessu og taka upp útvarp frá þinginu í einhverju formi. Hefur n. verið skipuð til þess að athuga þetta mál, og hefur hún ekki alls fyrir löngu skilað mjög itarlegu nál.

Í Bandaríkjunum er venjulegum fundum öldungadeildar eða fulltrúadeildar bandarísku þingsins ekki hljóðvarpað eða sjónvarpað. Sameiginlegum fundum deildanna, þegar tignir gestir eða forseti landsins ávarpa þingið, hefur hins vegar verið útvarpað eða sjónvarpað á síðari árum. Nefndafundum í Bandaríkjaþingi er hins vegar iðulega sjónvarpað og útvarpað.

Yfirleitt má segja, að útvarp og sjónvarp frá þjóðþingum fari mjög í vöxt um allan hinn lýðræðissinnaða heim. Er það talið nauðsynlegt til þess að gefa þjóðunum betra tækifæri til þess að fylgjast með störfum löggjafarsamkoma sinna.

Samkv. frv. þessu er gert ráð fyrir, að ákvæðin um hljóðvarp frá Alþ. skuli gilda um sjónvarp eftir því, sem við verður komið, en það var skoðun mþn., að ekki væri unnt á þessu stigi málsins að setja itarleg ákvæði um sjónvarp frá Alþ. Yrði fyrst að fá reynslu í þessu efni. Talið er sjálfsagt, að sjónvarp frá þingfundum standi mun skemur en hljóðvarp frá þingfundum.

Af öðrum breytingum, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, má nefna, að lagt er til, að þm. verði kenndir við kosningu eða kjördæmi sitt að viðbættu nafni. Fram til þessa hafa þm. um langt árabil aðeins verið kenndir við kjördæmi eða kosningu, en ekki nefndir með nafni. Undantekning var þó gerð við útvarpsumr. Þá á þm., sem beinir máli sínu til annars þm., að nefna hann með nafni. Eftir síðustu kjördæmabreytingu verður þetta ávarpsform nokkru erfiðara í framkvæmd, þar eð kjördæmakjörnir þm. og landsk. hafa hver sitt númer. Þykir mörgum þetta hvimleitt og stirt. Þess vegna er gert ráð fyrir fyrrgreindri breytingu.

Þá er lagt til, að smávægileg breyting verði gerð á ákvæðunum um afbrigði frá þingsköpum. Til afbrigða frá þingsköpum þurfti áður ekki aðeins samþykki Sþ. eða deildar, oft aukinn meiri hl., heldur og leyfi ráðh. Árið 1952 var ákvæðunum um afbrigði breytt í það form, að það nægði, ef ráðh. neitaði ekki um afbrigði. Þetta ákvæði um rétt ráðh. til að neita afbrigði mun ekki hafa verið notað, og þykir því ekki ástæða til að halda því. Leggur því n. til, að það verði fellt niður.

Lagt er til, að nokkrar breytingar verði gerðar á ákvæðum þingskapa um það, hvenær beita skuli hlutfallskosningu. Er lagt til, að forseti geti ákveðið hlutfallskosningu, þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri í þd. eða Sþ. Er það í samræmi við venju í þessu efni, sem rétt þykir að lögfesta. Ákvæðið um, að 3 þm. í Ed., 6 í Nd. og 9 í Sþ. geti krafizt hlutfallskosninga, helzt óbreytt. Enn fremur er sú breyting gerð, að tekið er fram, að ef kosnir eru aðalmenn og varamenn, eigi listi, sem hlotið hefur mann eða menn kosna, rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir eru á listanum. Hér er gert ráð fyrir, að í slíkum tilfellum fái hver listi jafnmarga varamenn og aðalmenn. Til þess að tryggja þetta, þarf samtímis að kjósa varamenn og aðalmenn, en ekki fyrst aðalmenn og síðar varamenn eins og tíðkazt hefur fram að þessu.

Herra forseti. Ég hef þá minnzt á flestar þær breytingar, sem felast í frv. þessu frá gildandi þingsköpum. Það er von okkar flm., að þessar breytingar verði til gagns. Það er að sjálfsögðu á valdi Alþ. að gera ýmar aðrar og róttækari breytingar en hér er gert ráð fyrir. En æskilegt er, að sem nánust samvinna verði um þær á milli þingflokka.

Til þess að auðvelda framgang málsins á þessu þingi færi vel á því, ef allshn. beggja þd. störfuðu saman að afgreiðslu þess. Ég leyfi mér að lokum að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Aðalflm. hefur nú gert grein fyrir aðdraganda að samningu þessa frv., og eins og honum var háttað, er það eðlilegt, að það sé flutt með þeim hætti, sem gert er. Fyrr á þinginu hafði komið fram fsp. til ríkisstj. um það, hvort hún hyggðist flytja frv., en þar sem hér má segja, að fyrst og fremst sé um þm.-mál að ræða, og enn fremur sakir þess, að a. m. k. ég og að því er ég hygg fleiri af ráðh. erum ósamþykkir veigamestu till. frv., þótti ekki ástæða til að ríkisstj. flytti frv., heldur hitt eðlilegra, að þeir, sem hefðu átt hluta að samningu þess, gerðu það sjálfir.

Það er ljóst, að flest ákvæði í þessu frv. eru til bóta. Þau eru flest um smáatriði, sem skipta ekki ýkja miklu máli, en úr því að breyta á þingsköpum á annað borð, er eðlilegt, að þessar breytingar séu gerðar, og segja má, að þegar smáatriðin öll komi saman, sé eðlilegt, að frv. væri samþ. jafnvel þótt stærri atriðunum væri

sleppt til þess að fá þær smábreytingar fram, sem ég geri ráð fyrir, að enginn ágreiningur geti orðið um. En varðandi tvö höfuðatriði frv., um fsp. og útvarp frá þingfundum, er a. m. k. ég þeirrar skoðunar, að ekki hafi enn tekizt að finna þá lausn, sem viðhlítandi sé, og vildi ég strax við 1. umr. láta það koma fram.

Út af fyrir sig flýtir það ekkert þingstörfum, eins og ætla mátti af ummælum hv. flm. og grg. frv., þó að sérstakur þingfundur verði haldur um fsp. Það gefur auga leið, að tíminn, sem fer til þess að svara fsp. styttist ekki við það, og ef þær þykja nú taka of mikinn tíma frá öðrum þingstörfum, helzt það, þó að menn hafi sérstakan fund í þessu skyni, sem að ég efast mjög um, að sé til bóta. Það er alveg ljóst, að sú breyting, sem gerð var á sínum tíma, að því er ég hygg fyrir frumkvæði hæstv. núv. menntmrh., að breyta hinum gömlu fsp.-ákvæðum, hefur orðið til bóta. Nú eru fsp. miklu tíðari heldur en áður hafði verið, og margt hefur borið á góma og verið upplýst með fsp., sem ella hefði sennilega ekki komið fram. En það er aftur á móti alveg greinilegt, að fsp. hafi farið úr böndum. Til þeirra hefur verið varið allt of miklum tíma í almennar umr. Af frv. er svo að sjá sem semjendur þess telji, að það sé fyrst og fremst vegna þess að ráðh. hafi haft of langan ræðutíma og talað of oft. Það má vel vera, að ráðh. hafi stundum teygt heldur lengi lopann í þessu og verið óþarflega natnir við að svara því, sem fram hefur komið. Hitt vitum við, sem höfum fylgzt með umr., að þær hafa fyrst og fremst orðið óhóflega langar, vegna þess að þetta hafa oft orðið almennar umr., þar sem þm., allur fjöldinn, hefur tekið til máls, þrátt fyrir þann mjög takmarkaða tíma, sem þeim er ætlaður til ræðuhalds. Ég vil segja, að jafnvel þó að menn vildu eitthvað takmarka tíma ráðh., getur fsp. verið þess eðlis, að það sé ógerlegt að svara henni á 10 mínútum. Það mætti segja, að þá væri það frekar skýrsla, sem gefa ætti samkv. öðru ákvæði frv., en eins og ég segi, atvik geta staðið þannig til, að ekki sé hægt að svara á 10 mínútum. Ég mundi telja, að það væri miklu eðlilegra, eins og hv. flm. drap á, að ætla fyrirspyrjanda, við skulum segja 5 mínútur, ráðh. eins stuttan tíma og frekast verður talið, við skulum segja, að það væri sem almenn regla 10 mínútur eða eitthvað slíkt og síðan væri umr. um það lokið. Víðast hvar annars staðar eru fsp. með þeim hætti, að það er spurt í einni eða tveimur setningum og oft af ráðh. hálfu svarað með já eða nei, og fsp. á helzt að vera þannig, að hægt sé að svara með þeim hætti. Við vitum, að fsp. hér eru ekki í því formi, en það er auðvitað utan við allan eðlilegan fyrirspurnatíma að hafa þær almennu umr., sem við vitum, að oft hafa spunnizt í formi fsp. Við þekkjum, að þar er ekki við einn flokk að sakast frekar en annan og ekki þessa stjórn frekar en aðra, þó að úr þessu hafi dregizt. Hér er um að ræða skaplegt form á þingstörfum, sem við eigum að reyna að leitast við að koma á, því að þetta hefur farið úr böndum, og ég tel, að það sé ekki leyst með þeim till., sem hér liggja fyrir.

Þá verðum við líka að gera okkur ljóst, þegar talað er bæði um skýrslur og fsp., það, sem ekki er drepið á í grg. og enn þá síður í frv. Eftir þessa breytingu er þá ætlazt til þess, að fsp. og skýrslugjafir geti tíðkazt utan dagskrár, eins og nú er. Mér finnst eðlilegt, úr því að verið er að setja nýjar reglur um þetta, að tekið sé berum orðum fram í sjálfum þingsköpunum, hvort þennan hátt á að hafa, af því að það er vitanlega gersamlega út í bláinn að vera að setja langar reglur um skýrslugjafir og fsp., nákvæmar og ítarlegar, og svo sé það engu að síður talið ofbeldi af forseta og lítilsvirðing af ráðh. við þingheim, ef menn eru ekki reiðubúnir til þess að leyfa hvenær sem er fsp. og svara fsp., sem eru oft bornar fram fyrirvaralaust. Oft, þegar ráðh. kemur óviðbúinn á þingfund, er ætlazt til þess, að hann geti svarað hinum viðkvæmustu og vandasömustu málum. Ráðh., bæði ég og aðrir, hafa líka oft þann sið að koma með langar skýrslugjafir, ef þeim þykir það henta, þm. að óvörum utan dagskrár. Þetta er í raun og veru alveg jafnaðfinnanlegt hvort um sig. En það þarf að taka beina afstöðu til þess við setningu þingskapa, hvort jafnrótgróinni þingvenju, eins og hér er um að ræða, á að breyta eða ekki, og það er alveg unnið fyrir gýg að vera að setja um þetta nýjar og ítarlegar reglur, ef menn vikja ekki að þessu, sem er í raun og veru meginatriði málsins. Við könnumst við það, að stundum hefur allur þingfundatími farið í það að svara fsp. utan dagskrár eða ræða um skýrslur, sem ráðh. hafa komið með óforvarandis utan dagskrár. Ég tel, að þetta séu atriði, sem ekki verði hjá komizt að taka beina afstöðu til við setningu nýrra þingskapa einmitt um þessi efni.

Aðalaths. mínar við þetta frv. eru þó út af útvarpi frá Alþ. Ég hef látið það uppi áður, að ég tel, að fátt hafi orðið Alþ. til meiri álitsspjalla en það form á útvarpi frá Alþ., sem tíðkazt hefur frá því ákvæðin um þetta voru fyrst sett. Og ég hygg, að það fáist staðfesting á því í þeirri grg., sem hér liggur fyrir, og ég hef einhvern tíma áður sagt, að þessi ákvæði séu algerlega einstæð í veröldinni. Ég veit ekki til þess, að nokkurt þjóðþing hafi sett slík ákvæði, að menn búi til umr. eingöngu til þess að útvarpa þeim, búi til umr., sem eru lagaðar til þess að telja öllum, sem á umr. hlusta, trú um, að þingfundir séu ekki annað en harður kappræðufundur. Þetta er það, sem hefur tíðkazt að undanförnu. Það eru búnar til umr., og menn halda þar ræður, sem flestar eru samdar, áður en menn koma í ræðustólinn, lesnar upp oft með litlu samhengi til þess að koma sínum málstað að gagnvart hlustendum. Nú getur menn greint á um, hvílíkt gildi slíkur málflutningur almennt hafi, og við hér erum allir sammála um, að a. m. k. fyrir kosningar sé eðlilegt og e. t. v. ella, að flokkar eigi kost á því að koma sínum málstað að til sem allra flestra. Sannleikurinn er þó sá, að menn eru meir og meir að sannfærast um það, að hinir gömlu kappræðufundir með mörgum umr. og mörgum ræðumönnum frá ólíkum flokkum, er fyrirbrigði, sem fólk almennt er hætt að nenna að hlusta á og hefur ekki áhuga á. Menn eru hættir að koma á slíka fundi almennt,

nema rétt einstaka sérvitringar, ef svo má segja, ef þeir eru haldnir úti um landið, og það eru færri og færri, sem á þetta hlusta í útvarpi. Í stað þessa háttar, sem var tekinn hér upp og menn hafa smám saman verið að verða leiðari og leiðari á, hafa önnur þing tekið það upp, að hljóðritaðar eru raunverulegar umr. í þinginu og síðan hafðir sérstakir trúnaðarmenn til þess að velja úr, þannig að rétt mynd komi fram af skoðunum og þessum lifandi umr. um þau málefni, sem efst eru á baugi hverju sinni og er útvarpað. Þetta hefur skapað mjög mikinn áhuga. Stundum er það þannig, að heilum umr. er útvarpað og heilar þjóðir, nærri því allar, fylgjast með. Það var haft orð á því, þegar stjórnarkreppan varð í Noregi, þegar borgaralega stjórnin var mynduð stuttan tíma eftir miklar þingdeilur, sem höfðu verið þá um sumarið í norska Stórþinginu, að þá var þeim deilum útvarpað í heild og menn hlustuðu á þetta af lifandi áhuga, af því að það var um málefni, sem þá greip huga manna. Það voru lifandi umr. um lifandi málefni, ef svo má segja, í stað þeirra dauðu umr. og dauðfæddu, sem við erum vanir hér og hafa fært menn fleiri og fleiri til þeirrar sannfæringar, að Alþ. væri ekki annað en rifrildisstofnun, léleg útgáfa af gamaldags úreltum þingmálafundi.

Segja má að vísu, að það sé til bóta í þessu frv., að það er ætlazt til þess, að umr. af þessari tegund verði eitthvað styttri heldur en verið hefur til þessa. En sem betur fer hafa þm. sjálfir fundið, að þeim bæri að stytta þessar umr. að undanförnu, og þær eru nú orðnar miklu styttri heldur en þingsköp gera ráð fyrir. Það er samkomulag flokkanna, sem hefur leitt til þess, að menn hafa stytt umr. verulega frá því, sem þingskapaákvæðin gera ráð fyrir. Ef menn nú koma sér saman um að stytta þessar umr. enn, og það er sagt, að þetta sé samkomulag þingflokka, þá er ekkert í vegi fyrir, að það verði gert. Það rúmast innan þingskapa. Í haust eða vetur reyndist raunar ekki samkomulag um að stytta umr. og hafa vantraustsumr. styttri en tvö kvöld. Það veit enginn, hverjum það er til góðs að hafa slíkar umr. eitt eða tvö kvöld. Þetta má endalaust deila um. Þá varð ekki samkomulag um það. En ef samkomulag er, er hægt að hafa umr. eins stuttar eins og hér er ráð fyrir gert, svo að það er í raun og veru engin nýjung, þó að þessar umr. eigi að stytta. Það má segja líka, að það sé kannske til bóta, að í stað fjárlagaumr. eigi nú að taka upp umr. um stefnuyfirlýsingu forsrh. Nú er þetta, að forsrh. gefi yfirlýsingu í upphafi þings, algerlega nýtt fyrirbæri, hefur verið tíðkað tvisvar til þrisvar sinnum. Við eigum alveg eftir að sjá, hvernig það lánast í framtíðinni, og ég tel með öllu ótímabært að fara að hafa það sem þinglega skyldu að útvarpa því. Þetta verður að lagast í hendi eins og annað fleira. En út í bláinn er að fara að setja um það nú strax í upphafi ákveðin lagafyrirmæli með ákveðnum tímamörkum um það, hvernig þetta eigi að gerast o. s. frv. Ég mundi telja, að meðan menn vilja halda þessu úrelta formi að mínu viti, sé ástæðulaust að breyta þeim reglum, sem nú eru. Þá geta menn haft þetta stutt eða langt eftir því, sem samkomulag er um á hverjum tíma, en ekki halda, að við séum að gera mikilvæga endurbót, þegar ekki er verið að gera mikilvæga endurbót, heldur einungis verið að lappa upp á gamalt fat.

Það má svo segja, að það sé til bóta, að þarna sé ráðgert, að undir vissum kringumstæðum sé hægt að hafa útvarpsumr. og sjónvarpsumr. með öðrum hætti, en þá er það fyrst og fremst fyrir frumkvæði sjónvarpsins og útvarpsins, sem slíkt á að gerast. Ég tel, að þingið eigi að taka um það hreina ákvörðun að leggja niður þetta gamla, úrelta, leiða form og taka upp í staðinn frjálslegan fréttaflutning frá Alþ., þar sem útvarpi — og á það bæði við hljóðvarp og sjónvarp — sé falið undir hæfilegu eftirliti þingsins að flytja þjóðinni jafnóðum fregnir með útvarpi og sjónvarpi eftir því, sem við á, af því, sem er að gerast hér, þegar sérstök ástæða þykir til, og þá sé þetta gert jafnóðum. Það krefst þess, að menn beri traust til þeirra starfsmanna, sem þetta eiga að gera. Það krefst mikillar leikni og æfingar af þeim, en ég hygg, að eftir að menn eru orðnir ófeimnari en áður, bæði með margs konar viðtöl í útvarpi og eru farnir að reyna, að þetta er ekki eins hættulegt eins og talið var, og til er töluvert af mönnum, sem eru orðnir æfðir í að stjórna slíkri starfsemi, eftir að menn hafa séð frjálslegri umr. í gegnum sjónvarpið en við þekktum áður, geti engum blandazt hugur um, að þetta sé miklu líflegra, miklu líklegra til þess að skapa áhuga hjá hlustendum, hjá kjósendum, heldur en hið gamla form og hafi engar þær hættur í sér fólgnar, sem nokkur okkar, sem trúir á sinn málstað, þurfi að vera hræddur við. En jafnframt því, sem ég tel, að það eigi að snúa sér að þessu og koma sér saman um eitthvert fulltryggt fyrirkomulag, sem geri það að verkum, að þetta geti átt sér stað, verður að gæta þess, að menn ofbjóði ekki fólkinu, að þetta verði ekki svo tíðkanlegt, að allir verði leiðir á því. Þess vegna m. a. segi ég: Við eigum að hætta við hið gamla úrelta til þess að það verði ekki til að draga úr áhuganum fyrir hinu, sem eftir minni sannfæringu er augljóslega hið eina rétta og líklega til þess að vekja og viðhalda áhuga, enda það eina, sem aðrar þjóðir hafa upp tekið. Ef menn hafa svo endilega gaman af gamaldags kappræðum, þar sem 4—5 flokkar koma saman í kappræður öðru hverju í útvarpinu, geti þeir gert það alveg utan við veggi Alþ. Þessar kappræður, sem hér hafa tíðkazt undanfarið, eru í raun og veru venjulegum störfum Alþ. gersamlega óviðkomandi. Þær geta alveg eins átt sér stað, þótt menn séu í einhverju fundarherbergi eða uppi í útvarpi. Ef menn vilja viðhalda þessum hætti og ef einhver saknar hans, er hægt að halda honum þar.

Þetta eru þær höfuðaths., sem ég hef við frv. að gera. Það mundi vissulega gleðja mig, ef Alþ. nú gæti komið sér saman um breytingar í þessa átt. Ég efast sannast sagna um það, úr því að hin snjalla n. gat ekki komið sér saman um slíkar breytingar að þá sé hægt að ná samkomulagi um það nú í öllum þingönnum, þegar fer að líða á seinni hluta þings. Ekki skal á mér standa að leggja mitt til, að slíkt gæti orðið. Ég mundi telja hitt miklu vænlegra, að n. athugaði sitt mál

betur, kynnti sér betur, hvernig þingstörfum raunverulega er háttað hjá öðrum og hefði frv. með raunverulegri lausn á þeim höfuðvandamálum, sem við er að etja, tilbúið fyrir næsta þing. Við skulum einnig játa, að umr. hjá okkur um ýmiss konar mál, dragast oft úr hömlu, og ég tel, að við þurfum að athuga mjög vel, hvort ekki þurfi að koma þar á nýrri skipan. Nú er auðvitað hægt að benda á það, að ríkisstj. eða þingmeirihl. hafi það í hendi sér að skera niður umr. Og það er oft sagt, þegar menn leita eftir samkomulagi um greiðan framgang mála: Þið hafið í hendi ykkar að skera niður umr., þó að menn vilji ekki fallast á það fyrirfram að svipta sjálfa sig málfrelsi. Þetta er út af fyrir sig skiljanlegt, eins og okkar baráttu er háttað. En við heyrum það daglega í fréttum frá brezka þinginu, sem hefur elztu hefð í þessum efnum, að þar koma menn sér fyrirfram saman um, það er fyrst og fremst forseti í samráði við ríkisstj., þ. e. a. s. meiri hl. þings hverju sinni, hversu langur tími eigi að fara í umr., jafnvel um hin mikilvægustu mál. Það er sagt: Það eru ætlaðir tveir dagar í þessar umr., og menn verða að klára sig á þeim. Forseti hefur svo mjög í hendi sér, hverjir tala í brezka þinginu, en hér mundi vera hægt að hafa um það samráð á milli flokka, hverjir töluðu. Okkur hættir ýmsum kannske við að tala allt of lengi, þannig að umr. verði síður líflegar af þeim sökum. En það, að menn þurfi til þess að koma málum fram að vera reiðubúnir annaðhvort að beita því, sem kallað er ofbeldi til þess að þagga niður í sínum andstæðingum eða láta andstæðingana eina tala til þess að eyða ekki tíma, svo að umr. verði ekki endalausar, er ekki góður þingsiður. Þessu þarf að breyta. Og ég hygg, að við endurskoðun þingskapa verði að taka tillit til þessa. Slíku verður ekki breytt og skaplegri háttum komið á, nema með samkomulagi.

Á dögunum, meðan ég var staddur í Kaupmannahöfn á leiðinni til Osló, þá hitti ég danska ráðh. Þeir voru bundnir einn daginn, vegna þess að þá var nýja stjórnin að koma fram sinni fyrstu mikilvægu löggjöf. Þeir höfðu samið um það fyrirfram, að þeir töluðu við fulltrúa hinna stóru almannasamtaka um morguninn, kynntu þeim efni málsins, en fengu allt málið afgreitt á einum degi í þinginu. Þar þurfti engar hótanir um beitingu meirihlutavalds eða annars slíks. Menn gerðu sér grein fyrir, að hvort sem þeir voru með eða móti þessum ákvörðunum, þá þurfti að afgreiða þetta á skömmum tíma, og menn gerðu það sumir jafnvel sárir eftir ósigur í þingkosningunum, þeir féllust á þessa meðferð.

Ég hygg, að við þurfum að fá fyrirkomulag hér, sem gerir það auðveldara fyrir forseta að hafa umr. hæfilega langar og þær teygist ekki úr hófi. Til þess þarf að vera viss trúnaður á milli meiri hl. og minni hl. á þingi. Minni hl. verður ætíð að geta komið sínum sjónarmiðum að. En það er auðvitað alger misskilningur, að það eigi nokkuð skylt við nútíma þingræði, að þó að menn séu á móti máli, þá þurfi hver og einn einasti andstæðingur málsins að halda hálftíma, klukkutíma, jafnvel tveggja tíma ræðu. Slíkt er auðvitað gersamlega úrelt, enda hjálpar það ekki þeim, sem þessa aðferð hafa. Það verða allir leiðir bæði á að hlusta á þetta og lesa í frásögn. Það, sem er lagað til þess að vekja áhuga kjósendanna er, að menn geta í stuttu, hnitmiðuðu máli komið sínum sjónarmiðum fram, og einmitt þar gefur sjónvarpið okkur nú ákaflega mikil tækifæri miðað við það, sem áður var. Og ég hygg, eins og ég sagði áður, að við séum búnir að fá þá reynslu bæði af sjónvarpi og hljóðvarpi, að við þurfum ekki að vera hræddir við það, þó að við veittum þessum aðilum frjálslega — og með hæfilegu eftirliti — aðstöðu til fréttaflutnings, að það yrði ekki gert á skaplegan hátt, ef við þá sjálfir viljum vinna það til að stytta okkar mál og hafa það í því formi, að auðveldara sé frá að segja hlutlaust en oft hefur verið fram að þessu.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér umr. eða fara út í almennar umr. í sambandi við þetta lagafrv. á þskj. 277. En það er eitt atriði, sem mig langar að vekja athygli á í sambandi við frv. Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að utanrmn. Alþ. starfi allt árið. Það kom fram við fjárlagaafgreiðslu fyrir áramótin síðustu, bæði hjá hæstv. fjmrh. og eins hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar, að eðlilegt væri, að fjvn. Alþ. hefði meiri áhrif á gerð fjárl. heldur en tíðkazt hefur hjá okkur, og starfstími fjvn. væri meiri heldur en tveggja mánaða tímabilið á hausti hverju, eins og átt hefur sér stað við fjárlagaafgreiðslu. Það hefur sýnt sig, að nauðsyn ber til, að hér verði breyting á og fjvn. starfi allt árið. M. a. hefur það átt sér stað með stuttu millibili og mun eiga sér stað, eftir því sem boðað hefur verið hér á hv. Alþ., að fjárl. verði verulega breytt, eftir að þau hafa verið framkvæmd á hv. Alþ. Um þetta hefur komið fram frv. til l. hér á hv. þingi, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið, hverjar þær breytingar skuli vera. Þetta hefur svo verið venjulegt lagafrv., sem hefur gengið til fjhn. d., en fjvn. Alþ. hefur ekkert haft um það að segja, þó að fjárl. hafi verið breytt, 10 eða 20% af útgjaldalið þeirra fjárlagaliða, sem niður hafa verið skornir. Það er afar óeðlileg meðferð á afgreiðslu Alþ. á fjárl., að þannig skuli vera að þeim staðið, og það er afar óeðlilegt, að Alþ. hafi ekki áhrif á meðferð fjárl., bæði að undirbúningi og þeim breytingum, sem síðar þarf að gera, m. a., ef um umframgreiðslur er að ræða.

Ég hefði viljað vekja athygli á því, áður en þetta mál gengur til n., að ef nokkur n. þingsins ætti að vera fastanefnd, hlyti það að vera fjvn. Hennar störf eru mest hér á hv. Alþ. Um efnahagsmál snýst mest af störfum Alþ. á hverju ári, og það er óeðlilegt, að Alþ. hafi ekki áhrif á fjárl. nema tveggja mánaða tímabil, sem unnið er að því hér á hv. Alþ. Ég vildi biðja n. þá, sem fær þetta mál til meðferðar, að hugleiða þetta.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Þingsköpin eru þær reglur, sem við vinnum eftir daglega hér á Alþ. Það er því æskilegt, að um breytingar á þeim sé sem víðtækust samvinna, og ekki gerlegt að breyta þeim, án þess að þm. séu sammála um breytingarnar. Það má segja um það frv., sem

hér liggur fyrir, að í því felist ekki veigamiklar breytingar á þingsköpum, enda hefur það verið svo, a. m. k. þann tíma, sem ég hef setið hér á Alþ., að árekstrar út af þingsköpum hafa ekki verið miklir né alvarlegir.

Ég fagna yfirleitt þeim breytingum, sem fram eru bornar í frv. Þó hefði ég talið, að í einstökum atriðum væri æskilegt að ganga lengra heldur en gert er í frv., og ég vil taka undir það með hæstv. forsrh. og háttv. frsm., að varðandi fsp. í sameinuðu Alþ. væri mjög æskilegt, að annar háttur væri á hafður en sá, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tek eindregið undir það með hæstv. forsrh. að beina þeim tilmælum til n., sem frv. fær til athugunar, að hún athugi, hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um að breyta ákvæðunum um fsp. þannig, að um fsp. tali ekki aðrir en fyrirspyrjandi og ráðh. Ég vil benda á, að með þessu móti gefst þingheimi tækifæri til þess að koma á framfæri og fá til umr. hér í þinginu miklu fleiri fsp. heldur en nú er hægt að afgreiða. Þetta liggur alveg í augum uppi og þarf ekki að útskýra það frekar fyrir hv. þm., sem þekkja þetta eins vel og ég. Sömuleiðis mundi þetta hafa það í för með sér, að fsp. þyrftu ekki að taka mjög langan tíma frá öðrum málum á dagskrá sameinaðs Alþ., eins og oft hefur viljað við brenna. Ég álít, að fsp. eigi fyrst og fremst að vera til þess að veita þm. tækifæri til þess að fá lagðar á borðið eða settar fram í ræðustól hér á Alþ. sem mestar upplýsingar, upplýsingar, sem þm. geta síðan notað í sambandi við þau mál, sem hér eru til umr., og þau mál, sem hafa verið þingfest. Á þennan hátt hygg ég, að fsp. komi að mestu gagni fyrir þingið og það verði að mörgu leyti fjörugri umr. um þær heldur en er með því fyrirkomulagi, sem við nú höfum.

Ég vil einnig taka undir það með hæstv. forsrh. varðandi útvarp frá þinginu, að það er ekki æskilegt, að við höfum í því efni blandað kerfi, ef svo mætti segja, eins og lagt er til í frv. Samkv. því verða ýmist útvarpsumr. með gamla sniðinu, þó lítið eitt styttri en verið hefur, eða þá útvarp og sjónvarp fá að útvarpa beint héðan frá Alþ. Ég er í raun og veru sammála hæstv. forsrh. um það, að æskilegt væri að leggja gamla kerfið niður, en útvarpið og sjónvarpið önnuðust fréttaflutning og útsendingar frá þinginu í fjölbreyttara formi en tíðkazt hefur til þessa og gerði það á eigin vegum. En það gildir ekki enn í þessu efni það sama fyrir allt landið. Hæstv. forsrh. sagði, að menn væru búnir að fá nóg af gömlu kappræðufundunum, og ég veit, að hér í þéttbýlinu er þetta þannig. En þar sem ég þekki bezt til úti á landi, vill fólk helzt hafa gömlu kappræðufundina. Ég veit t. d., að í minu kjördæmi á Vestfjörðum vilja kjósendur miklu heldur, að frambjóðendurnir séu allir saman á ferð og haldi einn fund í hverju byggðarlagi heldur en að hver flokkurinn komi á fætur öðrum með sín fundarhöld, og þetta sýnir, að fólk í þessum byggðarlögum a. m. k., kýs gamla kappræðufundarformið enn þá, og ég veit, að víða úti um land er talsvert mikið hlustað á útvarpsumr. Svo er líka að því að gá, að sjónvarpið nær ekki enn þá til alls landsins, og meðan svo er ekki, hygg ég, að það sé erfitt að hverfa algerlega frá gamla forminu, þó að mér finnist, að það sé athugandi að gera það, eftir að sjónvarpið er komið út um allt landið. Eins og hæstv. forsrh. sagði, getur alltaf orðið samkomulag um það á milli þingflokkanna að stytta útvarpsumr., enda hefur það stundum verið gert, þótt ekki hafi alltaf tekizt að ná samkomulagi um það, og með því fyrirkomulagi, sem lagt er til í frv., er auðvitað sú leið opin eftir sem áður. Ég vildi samt sem áður taka undir það með hæstv. forsrh., að þn. sú, sem athugar frv., athugi einnig þetta, og ef hún getur fundið betri lausn en þá, sem lögð er til í frv., finnst mér, að við ættum að kanna til hlítar allar hliðar á því máli.

Hv. 3. þm. Vesturl. nefndi það, að sér fyndist, að fjvn. ætti að starfa allt árið, og ég get fyrir mitt leyti, að fenginni reynslu af störfum í fjvn., vel tekið undir þá till., a. m. k. þannig, að á milli þinga fái undirnefnd úr fjvn. tækifæri til þess að fylgjast með samningu fjárl. Það er satt að segja ansi naumur tími, sem fjvn. er ætlaður til þess að setja sig inn í öll þau umfangsmiklu mál, sem fjárl. ná til.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Í lok framsöguræðu l. flm. þessa frv. var gerð till. um, að þessu máli verði vísað til n., sem ég á sæti í. Þess vegna ætla ég ekki að ræða frv. að neinu ráði nú við 1. umr., heldur aðallega drepa á eitt atriði og þá í raun og veru til þess að beina spurningu til þeirrar n., sem fjallað hefur um þetta mál milli þinga og koma fram með ábendingu í því sambandi til umhugsunar. En spurningin er varðandi 16. gr. þingskapanna. Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort n. hefði ekki tekið til athugunar að bæta þyrfti við nefnd eða nefndum í sameinuðu Alþ. til viðbótar við þær fastanefndir, sem nú eru starfandi. Samkv. þessari gr. þingskapanna, 16. gr., er gert ráð fyrir, að slíkar fastanefndir séu þrjár, fjvn. skipuð 9 mönnum, utanrmn. skipuð 7 mönnum og 7 til vara og allshn. skipuð 7 mönnum. Þetta síðasta, sem ég las um allshn., er fremur nýlega ákveðið í þingsköpunum.

Nú veit ég, að mönnum er það kunnugt, að þegar fjárlög eru afgreidd í þingi, er fjárlagafrv. vísað til hv. fjvn. og frá henni kemur svo nál. og till. En ekki frá henni einni. Það kemur líka ævinlega í meðferð fjárl. álit frá þingsamkomu, sem nefnd er samvn. samgm. En þetta er ekki nein af n. Sþ. Það eru engin ákvæði í þingsköpum um neina slíka n., engir, sem slíka nefnd skipa þar, heldur er þessi samvn. samgm. samgmn. d., og það hefur orðið síður, að þessi háttur væri hafður á, að við meðferð máls í Sþ. kæmu saman þessar tvær n., sem eru kosnar í d. til að fjalla um deildamál, til þess að vinna nefndarstarf fyrir Sþ. Ég er nú búinn að eiga nokkurn tíma sæti hér á þingi, og ég þykist muna það, hvenær þessi síður var upp tekinn. Það mun hafa verið á þingi 1934, eftir að stjórnarskrá hafði verið breytt og þingsköpum. Það hefur tíðkazt í d., en fjárl. voru þá til meðferðar í d., að samgmn. í hvorri d. gerðu till. um vissan þátt fjárl. En með breytingunni var meðferð

fjárl. færð yfir í Sþ. Og þá var þar engin samgmn. til til þess að fjalla um þennan þátt. En mönnum virtist, að þetta þyrfti að gerast á einhvern hliðstæðan hátt, eins og gert hafði verið áður í d. Síðan hefur þetta haldist, en ekki svo að ég muni neitt verið gert ráð fyrir því í þingsköpum. Nú vildi ég spyrja hv. n., sem hefur fjallað um þetta mál milli þinga, hvort þetta hafi nokkuð komið til umr. þar, en vil jafnframt láta í ljós þá skoðun, að mér virðist, að þessari vinnutilhögun ætti að breyta á þá lund, að það ætti að bæta við einni n. í Sþ., sem kosin væri þar og starfaði þar, samgmn. Sþ. Yrði þá að sjálfsögðu að tiltaka nánar verksvið hennar. En eins og kunnugt er, eru margar af þeim till. til þál., sem bornar eru fram í Sþ., einmitt um samgöngumál, og væri þá eðlilegt, að þeim væri vísað til hennar, en einnig væri hugsanlegt, að þessi nýja samgn. Sþ. fjallaði þá um þann þátt, sem þessi samvn. samgm. hefur verið látin fjalla um, þ. e. a. s. fjárveitingar til flóabáta, eða þá um strandferðakaflann í heild eða samgöngumál í fjárl., hvernig svo sem komið væri fyrir samstarfi á milli fjvn. og hinnar nýju samgmn. Um þetta vildi ég spyrja, hvort það hafi ekki komið til umr. í n. og jafnframt benda á, að mér finnst þetta vera eðlileg breyting og eiginlega dálitið einkennilegt, að því skuli ekki hafa verið breytt fyrr eða þetta ákvæði sett, úr því að á annað borð er verið að setja ákvæði um þingsköp.

Ég vil svo aðeins segja tvennt út af þeim umr., sem hér hafa fram farið. Í fyrsta lagi vil ég staðfesta það fyrir mitt leyti, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði hér, að þar sem ég þekki til, virðist enn vera mikill áhugi fyrir þessu, sem hæstv. forsrh. kallaði úrelta kappræðufundi. Mér virðist vera mikill áhugi fyrir þeim. Og það hefur oft verið fundið okkur til foráttu í minu kjördæmi, að okkur hefur ekki tekizt að koma á slíkum fundum, og okkur hafa oft borizt áskoranir um að reyna að koma því til vegar, að þeir yrðu haldnir, og má vera, að okkur lánist það áður en lýkur. Þannig er nú þetta. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. muni einkum hafa sjónarmið síns kjördæmis í huga, þ. e. a. s. höfuðborgarinnar, en það er orðið þannig fyrir löngu vegna skorts á nægilega stóru húsnæði til fundahalda, að þessir sameiginlegu fundir hafa lagzt niður. Um skeið var það til siðs að hafa fundi úti undir beru lofti í svokölluðu barnaskólaporti hér við Miðbæjarskólann. En frá því var horfið, og sem sagt, það hefur verið skortur á húsnæði til þess að geta haldið kappræðufundi, húsnæði, sem rúmar hlutfallslega álíka mannfjölda eins og oft kemur saman af slíkum tilefnum annars staðar á landinu. Þannig hafa menn vanizt af því hér í Reykjavík að sækja slíka fundi. En í öðru lagi vil ég taka undir það, sem hæstv. forsrh. sagði eða minntist á einhvern tíma í ræðu sinni, að það útvarp, sem færi fram frá þingsölum, yrði að vera undir eftirliti Alþ. Ég vil taka undir það. Ég álít, að það eigi ekki að fara fram neitt útvarp frá ræðuhöldum í þingsölum, hvorki lengra eða skemmra, hvorki í beinni né óbeinni ræðu öðruvísi en það sé undir eftirliti Alþ. og að um það eftirlit sé samkomulag milli þeirra, sem talast við hér í þessum sölum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst segja, að ég er yfirleitt á því, að n. hafi unnið gott verk og þessar breytingar, sem hún stingur upp á á þingsköpunum, séu til bóta og spor í rétta átt.

Alþ. hefur breytzt æði mikið síðan ég kom hér fyrir nokkuð löngu síðan, og eitt af því, sem er mjög áberandi í því efni, er það, hvað umr. hafa stytzt stórkostlega frá því, sem þá var. Þá var miklu meira talað. Ég vil ekki segja margfalt meira, en miklu meira. Þá þótti það t. d. sjálfsagt, þegar eldhúsumr. voru, að þreyta þær dögum saman, og ég held, að það séu engar ýkjur, að þær hafi eitt sinn komizt upp í 9 daga samfelldar umr. Og það var afar algengt, að umr. um einstök mál tóku einnig marga daga.

Sumt af þessum ræðuhöldum var víst vegna þess, hve mikið mönnum var niðri fyrir, en sumt var af því, að sá háttur var á hafður að reyna að tefja fyrir málum með því að tala mikið um þau, og það var kallað málþóf. Ég býst við því, að smátt og smátt hafi myndazt sú skoðun hér á Alþ., að þessar umr. væru um of, og menn fóru að draga heldur úr þeim, og þó breytti það mestu, að það voru sett ákvæði inn í þingsköpin, að það mætti takmarka ræðutíma, en svo var ekki áður. Síðan það ákvæði var sett í þingsköp, hefur aldrei verið málþóf á Alþ. með gamla laginu. Það datt alveg niður og mátti missa sig.

Nú ganga þessi mál í þá stefnu, að menn vilja enn stytta umr., og ég held, að flestir hafi löngun til þess að vera fremur stuttorðir og gagnorðir og er þetta ákaflega skynsamleg stefna og æskileg, að í þessa átt verði haldið. En samt sem áður má ekki setja skorður þannig, að menn geti ekki fengið að segja það, sem þeim finnst þeir þurfa að koma á framfæri, þegar mikið er um að vera, og því held ég, að það sé farsælast, að þetta þróist nokkuð af sjálfu sér með samkomulagi. Mér sýnast allar horfur á því, að það verði þannig og það þurfti ekki að setja í þingsköp neinar frekari takmarkanir á ræðutíma en nú eru þar. Það ætti ekki að gera, a. m. k. alls ekki með ágreiningi. Reynslan er sú á síðustu árum, að löng ræðuhöld hafa, að því er ég bezt veit, aldrei valdið tjóni og aldrei neinum óeðlilegum eða verulegum vinnutöfum. Það er ekkert við því að segja, þó að menn þurfi að tala talsvert mikið, þegar um stórfelld ágreiningsmálefni er að ræða, og af og til verður að vera hægt að hafa nokkuð almennar umr. um stjórnarstefnuna og þá ávirðingar stjórnarandstæðinga o. s. frv. Slíkar umr. verða að geta átt sér stað. Mér finnst reynslan á undanförnum árum sýna það mjög glöggt, að það þurfi ekki að setja frekari ákvæði í þingsköpin til þess að takmarka ræðutíma en nú eru í þeim. Ég held, að það sé ekki rangt, að það, sem kalla mætti málþóf, hefur aldrei komið til greina, síðan ákvæðin um ræðutímann voru sett, og þau voru mjög til bóta.

Það er um tvennt að ræða í þessu efni varðandi útvarp og sjónvarp. Annars vegar þessar kappræður með gamla sniðinu, sem hæstv. forsrh. o. fl. hafa rætt hér um, og hins vegar að

taka glefsur úr umr., sem hentuðu að sumu leyti betur fyrir útvarp og sjónvarp en þessar eldri kappræður eða kappræður með eldra sniðinu. Ég held, að í þessu frv. sé farin skynsamleg leið, og hún er sú að fara bil beggja í þessu efni. Ég tel, að það sé ekki skynsamlegt að hætta alveg við kappræðurnar með gamla sniðinu, en það sé hins vegar rétt, eins og hér er stefnt að með frv., að stytta þær. Ég álít, að það sé alls ekki rétt að hætta við eldhúsumr., sem sumum hafa fundizt nokkuð langdregnar, þó að þær hafi aðeins verið tvö kvöld nú upp á síðkastið. Nú á það skv. frv. að vera klippt og skorið, að þær eigi að vera eitt kvöld í útvarpinu, og það sýnist mér raunar alveg nóg og í rétta stefnu að sleppa þeim ekki, en stytta þær.

Ég er ekki sammála hæstv. forsrh. um það, að umr. eins og eldhúsumr., kappræður, við skulum segja með gamla sniðinu með niðurröðuðum ræðutíma, séu alveg eins og þær séu slitnar út úr samhengi við störf Alþ. Það er gömul tradition á Alþ. að hafa eldhúsumræður. Þær eiga að vera eins konar almenn úttekt á stjórnarstefnunni, og stjórnin tekur þá stjórnarandstæðingana út, um leið og hún ver sig. Ég tel, að þessum lið eigi ekki að sleppa, og það sé skynsamlegt, að þjóðin fái að hlusta á þetta, en sett verði eðlileg takmörk, eins og hér er gert ráð fyrir.

Eins er það um einstök stórmál, að ég held, að það sé hyggilegt að hafa ákvæðin, eins og þau eru ráðgerð í þessu frv., stytta útvarpsræðutímann frá því, sem áður hefur verið, en að hægt sé að fá slíkar umr., ef mönnum er mikið niðri fyrir, og tryggja það þá með ákvæðum í þingsköpunum, eins og hér er gert ráð fyrir, að ræðutíminn skiptist jafnt og að menn flytji mál sitt til skiptis, en í raun og veru er það ekki annað en þetta, sem ákveðið er í þingsköpunum.

Ég er mjög fylgjandi því eins og hæstv. forsrh. að breyta til og gera þetta fjölbreytilegra en verið hefur með því að reyna útvarp frá Alþ., þar sem útvarpað er glefsum úr umr. Það er á hinn bóginn vandasamara að framkvæma það. Eins vil ég, að sjónvarpið komi hér inn á Alþ. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að svo eigi að vera, en ég álít, að það eigi einmitt að byrja á þessu án þess að sleppa því eldra öllu um leið. Mér sýnist þetta nýja frv. einmitt stefna að þessu og það sé ágætt.

Varðandi kappræður og fundi með gamla sniðinu vil ég segja, að ég tel, að almenningur hafi aldrei afbeðið þessa kappræðufundi. Almenningur hefur ekki afbeðið þá eða óskað þess, að hætt yrði við þá. Þeir hafa smálognazt út af, einkum í þéttbýlinu. Mér er eiginlega ekki alveg ljóst af hverju. Kannske að verulegu leyti vegna þess, að hér var lengi svo lítið um húsnæði í þéttbýlinu, sem hægt væri að nota fyrir stóra fundi og þess vegna hafi þeir lognazt út af. En sannleikurinn er sá, að ef fulltrúar fyrir tvo stjórnmálaflokka eða fleiri koma og boða fundi t. d. út um landið, flykkist að múgur og margmenni. Það er t. d. reynsla okkar fyrir austan, bæði með framboðsfundina og eins aðra þess konar fundi. Ef við erum samferða fyrir fleiri en einn flokk, flykkist að múgur og margmenni. Fólk þyrstir í að heyra t. d., hvað við höfum að segja um málflutning hvers annars á slíkum fundum. En ef við komum einir saman eða úr sama flokki einungis, koma margfalt færri, því að fólk hefur ekki mikinn áhuga fyrir slíkum fundum. Þá mætti kannske segja, að það væri eitthvað líkt því, sem hæstv. forsrh. sagði, þegar hann talaði um, að á fundina kæmu helzt einhverjir sérvitringar. Þá koma að sjálfsögðu helzt þeir, sem fylgja þeim flokki, sem þá og þá er á ferðinni og hafa áhuga fyrir að kynna sér þann einhliða málflutning, sem verður á slíkum fundum.

Ég tel, að það sé skaði, að kappræðufundum hefur svo mjög fækkað, og að það ætti að keppa að því að innleiða þá aftur meira en gert hefur verið, t. d. í þéttbýlinu. Við sjáum, að fólkið vill fá slíka fundi, einmitt á því, að nú er það farið að tíðkast, að stjórnmálafélög eru farin að útvega sér andstæðinga á fundi sína. Þau eru beinlínis farin að útvega sér andstæðinga á fundina, til þess að heyra þeirra málflutning. Og þetta er vegna þess, að fólkinu hundleiðist að heyra málin flutt aðeins frá einni hlið og finnur, að það hefur stórfelldan ávinning af því að fá fram andstæðinga, sem segja, hvað þeir vilja og benda á veilurnar í málflutningi á báða bóga. Þess eru orðin mýmörg dæmi hér í þéttbýlinu, þar sem þessir almennu kappræðufundir eru ekki lengur til, að menn panta sér andstæðinga á fundina til þess að heyra, hvað þeir hafa að segja og reyna í raun og veru þannig þolrifin í sjálfum sér og sínum mönnum.

Sannleikurinn er sá, að ef þessir kappræðufundir falla alveg niður, er það ákaflega mikið tjón fyrir allt pólitískt líf í landinu, vegna þess að hvað sem hægt er nú að segja um þá að öðru leyti, voru umræðurnar ákaflega þroskandi fyrir þá, sem tóku þátt í þeim. Menn æfðust í ræðumennsku miklu betur á þeim fundum en með nokkru öðru móti. Þá var ekki nóg að koma undirbúinn með eitthvað skrifað á blað. Menn urðu að vera reiðubúnir til þess að mæta andstæðingunum og flytja fyrirvaralaust vörn og sókn eftir því, sem fundurinn þróaðist og fleiri og fleiri atriði drógust inn í umr. Það er ekki nokkur vafi á því, að það urðu miklu betri þjóðmálamenn, sem ólust upp við þetta hark en menn geta orðið með því móti að mæta svo að segja aldrei andstæðingi, fyrr en þeir eru komnir á þing.

Eins og þessi mál eru farin að þróast núna, má segja, að þetta séu allt saman einhliða fundir flokksmanna í þéttbýlinu, ýmist félagsfundir eða þá fundir fyrir almenning, þar sem menn mæta aðeins af einu sauðahúsi. Menn mæta þá aldrei andstæðingi, nema þá helst einhverjum, sem gerir fsp. utan úr sal o. s. frv. Ég held, að þeir, sem alast upp við þetta, verði aldrei jafnvaskir stjórnmálamenn og hinir, sem vöndust gamla laginu í þessu, sem mér finnst, að þyrfti að koma aftur í vaxandi mæli, og sem er eiginlega að byrja að koma aftur, eins og við sjáum á því, þegar farið er að útvega sér andstæðinga á flokksfundina.

Ég tel að vísu, að útvarpið og sjónvarpið muni bæta þarna nokkuð úr, því að þar munu menn verða kallaðir til í vaxandi mæli að tala við andstæðinga sína, og það tel ég stórfellt og gott ný-

mæli, að slíkt eigi sér stað. Og þá kemur sá kostur til, eins og forsrh. tók fram, að þar verða menn að vera stuttorðir, og þar dugir ekki innihaldslaus lopi. Þegar í það er komið, verða menn að spjara sig í mátulega stuttu máli, og af því hafa menn gott. En þó að þarna sé áreiðanlega von á góðum áhrifum, álít ég, að menn ættu samt ekki að hætta við kappræðufundina, heldur taka þá upp einnig á ný í vaxandi mæli.

Þetta eru almennar hugleiðingar, en í þessu, sem ég hef nú sagt, á að koma fram, hvað ég meina. Ég tel, að það þurfi að breyta nokkuð til, en fara bil beggja og þreifa sig inn á nýjar leiðir, en halda nokkru af því eldra, eins og hér er gert ráð fyrir í þingskapafrv. Ég álít, að þótt athuga mætti, hvort ganga ætti lengra í einhverju atriði, þá sé frv. til bóta.

Ég tel það til stórbóta að skipta á fjárlagaræðu og stefnuræðu forsrh. Ég held, að þessar fjárlagaræður, sem ég var að halda hér á árunum, og þá auðvitað ekki síður þær, sem nú eru haldnar, séu ekki æskilegt útvarpsefni frá Alþ. Það sé miklu heppilegra að fá stefnuræðu forsrh. og svo umræður á eftir í frh. af henni. Það sé til stórbóta.

Eins er þetta með fyrirspurnatímann. Það er búið að eyðileggja hann. Hann er orðinn allt öðruvísi en hann átti að vera, og um það hljótum við allir að vera sammála. Það er auðvitað engin glóra í því að flytja langar ræður í fyrirspurnatímanum, eins og hæstv. ráðherrar hafa freistazt til að gera. Ég skal ekki nú fara að deila út af því, en það þarf að setja þessu skorður. Og það kemur vel til greina að mínu viti að taka upp þá till., sem hæstv. forsrh. skaut hér fram, að í fyrirspurnatíma tali aðeins sá, sem spyr, og sá, sem svarar, og aðrir skipta sér ekki af því, sem fram fer. Ef þeir vilja spyrja einhvers, geta þeir spurt sjálfir og fengið sín svör.

Ég hef áður tekið fram, að mér sýnist til bóta að stytta eldhúsumr., en alls ekki að hætta við þær. Þetta er gömul venja, sem við eigum að halda við, en reyna að samræma þær nýjum tíma með því að gera þær styttri og menn þar með gagnorðari. Einnig er til bóta, að útvarpsumr. um önnur mál séu styttar, og þá eru hér þau nýmæli, að taka inn á Alþ. hljóðvarp og sjónvarp með nýju sniði í samráði við forsetann og þingflokkana.

Ég endurtek að lokum, að yfirleitt finnst mér frv. ganga í rétta stefnu, og ég vil fyrir mitt leyti þakka þeim, sem lagt hafa vinnu í þetta, en að sjálfsögðu er ekkert verk þannig unnið, að það sé ekki hægt að bæta það. Og því finnst mér æskilegt, að þeir, sem vildu benda á einhverjar breytingar frá því, sem hér er gert ráð fyrir, komi fram með þær.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nú raunar síðan ég kvaddi mér hljóðs búið að minnast á flest þau atriði, sem ég hefði gjarnan viljað gera að umtalsefni, svo að ég get þess vegna stytt mál mitt. En ég vildi byrja á því að þakka forsrh. fyrir það, að hann lét þetta mál ekki fara til n. umræðulaust, þannig að það talaði ekki annar en frsm., því að hér er vissulega um slíkt mál að ræða, að það er eðlilegt, að það sé rætt frá ýmsum hliðum, og hann varpaði fram ýmsum aths., sem er rétt, að sé gaumur gefinn.

Í sambandi við það, sem hann sagði um fsp., vil ég benda á þá breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að leggja megi fram skriflegar fsp. Ég álít, að það ætti að geta orðið mjög til bóta, og í því formi ætti að vera hægt að leggja fram ýmsar þær fsp., sem krefjast nokkuð langra svara. Ég nefni sem dæmi, að ef þetta form hefði verið komið á nú, hefði ég t. d. getað nú á dögunum borið fram skriflega fsp. um það, hverjar húsaleigugreiðslur ríkisins væru. Það var nokkuð löng skýrsla, sem ráðh. þurfti að lesa hér upp í þinginu, vegna þess að nú er ekki nema um munnlegt svar að ræða. Það svar hefði auðveldlega mátt fá skriflega og spara okkur þann tíma, sem fór í lestur hér í þinginu.

Ég álít, að sú hugmynd ráðh. komi líka mjög til athugunar í sambandi við fsp., að það tali ekki aðrir heldur en fyrirspyrjandinn og ráðh., sem svarar. Ég held, að það sé mjög athugandi og þá verði þetta fsp.-form ekki að karpi eins og var hér á dögunum í sambandi við fsp., sem komu fram um áætlunargerð fyrir Norðurland. En þar var áreiðanlega farið út fyrir þann ramma, sem þingsköpin ætlast til í sambandi við fsp.

Ég er sammála forsrh. um það, að það eigi að gera meira af því heldur en nú er gert að segja fréttir frá Alþ. í stuttu máli, bæði í útvarpi og sjónvarpi og m. a. á þann hátt að bregða upp bæði röddum og myndum þeirra, sem þar koma fram. Ég held, að það verði allir sammála um það, að þeirri breytingu verði komið á. En hins vegar held ég ekki, að það sé rétt, a. m. k. á þessu stigi, að fella alveg niður þær umr., sem hafa farið fram hér á Alþ. og hefur verið útvarpað. Ég held, að þeirra sé sama þörf eftir sem áður, en þó í því formi, að þær verði styttri heldur en verið hefur, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Mér er kunnugt um það, að í sumum nágrannalöndum okkar fer það frekar í vöxt heldur en hitt, að það sé útvarpað umr. í heilu lagi. Forsrh. minntist t. d. á það, þegar borgaraleg stjórn komst til valda í Noregi fyrir nokkrum árum. Hún stóð aðeins stuttan tíma, fékk á sig vantraust, og þeim vantraustsumr. var öllum bæði útvarpað og sjónvarpað. Og þær stóðu miklu lengur heldur en vantraustsumr. gera hér, sem fara ekki fram nema tvö kvöld, því að þær stóðu yfir í 3 daga og það tóku allir þm. þátt í þeim, 150 talsins. Þær fóru fram með þeim hætti, að talsmenn flokkanna héldu stuttar ræður öðru hverju. Svo komu aðrir þm. inn á milli og fluttu 3—5 mín. ræður, máttu ekki tala lengur. Sami háttur var hafður á í Noregi, þegar rætt var um það á sínum tíma, að Noregur óskaði eftir aðild að Efnahagsbandalaginu. Þeim umr., sem þá fóru fram í norska Stórþinginu, var bæði sjónvarpað og útvarpað og stóðu einnig í 3 daga, frá því snemma á daginn og alveg fram á nótt alla þessa 3 daga og þótti ágætt sjónvarpsefni. En fær fóru einmitt fram með þessum hætti, eins og vantraustsumræður, þ. e. sérstakir talsmenn flokkanna héldu 10—15 mín. ræður öðru hverju, en svo komu aðrir þm. þar inn á milli og fluttu stuttar ræður. En með þessu formi tókst að láta

alla þm. koma fram. Þetta ræðuform er mjög gott, vegna þess að þarna urðu menn eiginlega að tala undirbúningslaust. Þeir, sem voru með stuttu ræðurnar, studdust ekki við skrifaðar ræður. Þess vegna urðu þessar umr. miklu fjörlegri heldur en ella. Ég álít, að það geti komið mjög til greina að breyta útvarpsumr. eitthvað í þetta form hjá okkur, ef sérstök stórmál eru á ferðinni. Þá eru það ekki eingöngu sérstakir talsmenn flokkanna, sem koma fram, heldur þm. yfirleitt, en fá mjög suttan ræðutíma. Hér var sagt, að í Noregi hafi verið fylgzt mjög mikið með báðum þessum umr., sem fóru fram í sjónvarpinu, og að mönnum hafi ekki aðeins þótt fróðlegt að fylgjast með málflutningnum, heldur að kynnast þeim mönnum, sem þarna komu fram. Annars er búið að tala svo rækilega um þetta atriði af fleirum en einum þm. hér á undan mér, að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um það. Ég hygg líka, að hæstv. forsrh. sjái það við nánari athugun, að það sé of langt gengið að ætla að fella þessar umr. alveg niður, útvarps- og sjónvarpsumr. beint frá þinginu, heldur sé það heppilegasta fyrirkomulagið að fara þá millileið, sem frv. gerir ráð fyrir í þeim efnum, þ. e. a. s., þeim verði haldið áfram en þær verði styttri heldur en þær hafa verið hingað til.

En annars var það sérstaklega eitt atriði í ræðu forsrh., sem átti mestan þátt í því, að ég kvaddi mér hljóðs. Það var það atriði, að hann teldi eiginlega, að umr. væru of langar hér á Alþ. um mál og væri það til trafala fyrir þingstörf. Ég held, að þetta sé ekki á fullum rökum reist. Umr. eru yfirleitt ekki mjög langar hér á þinginu, og þingstörf dragast af allt öðrum ástæðum en því. Og stjórnin þarf áreiðanlega ekki neitt að kvarta undan því, — a. m. k. ekki síðan ég kom á þing og hef fylgzt með þessum málum, — að það sé ekki tekið fullt tillit til hennar, ef hún þarf að koma einhverjum sérstökum málum fljótt í gegnum þingið. Ég minni t. d. á það núna á þessu þingi, að í sambandi við gengisbreytinguna var fullt samkomulag um það við ríkisstj. af hálfu stjórnarandstöðunnar að greiða fyrir, að þau mál, sem voru í sambandi við gengisfellinguna, gengju fljótt í gegnum þingið. Það var ekki haldið uppi neinum kappræðum í því sambandi, þó að ástæða hefði kannske verið til, vegna þess að hér var möguleiki til þess að ræða um gengismálið almennt. Það var ekki gert, vegna þess að stjórnin taldi af sérstökum ástæðum, að það þyrfti að fá þessi mál fljótlega afgreidd. Alveg hið sama gerðist núna, eftir að þingið kom saman að nýju, varðandi tollalækkunina. Það frv. gekk eins greiðlega gegnum þingið og ríkisstj. óskaði eftir, þó að það hefði að vísu verið ærið tilefni til þess að ræða meira um það mál. Það geta hins vegar komið fram mál af hálfu stjórnarinnar, þannig að stjórnarandstaðan telji sér ekki mögulegt að verða við þeirri beiðni að hafa litlar umr. um þau í þinginu og reyni að spyrna gegn framgangi þeirra eins og þingsköp framast leyfa. Ég minni t. d. í því sambandi á mál eins og frv. um launabindinguna, sem ríkisstj. flutti haustið 1963. Það var alveg rétt, að það var haldið uppi eins miklum umr. gegn því frv. eins og þingsköp leyfðu. Ég held, að ríkisstj. hafi nú heldur ekki gripið til þess í því sambandi að beita ákvæðum þingskapa um að takmarka ræðutíma. Þær umr. báru líka tilætlaðan árangur og góðan árangur bæði fyrir stjórnarandstöðuna og ríkisstj., því að þær urðu til þess, að ríkisstj. tók þann kost, sem beztur var, að draga frv. til baka. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða það, að umr. hér á þingi um mál almennt verði ekki til að tefja framgang mála og eru, ég held, styttri yfirleitt en hliðstæðar umr. á öðrum þjóðþingum. Ég minnist þess í þessu sambandi, að ég kynnti mér þær umr., sem fóru fram á sínum tíma í norska Stórþinginu um raforkusamninginn milli norska ríkisins og svissneska álhringsins, sem er að byggja hér álbræðslu og byggði nýlega svipaða verksmiðju í Noregi. Um þetta mál urðu mjög miklar umr. í Stórþinginu, miklu meiri heldur en þær umr., sem urðu hér í þinginu um álbræðslumálið, þó að þær væru að vísu sprottnar af öðrum ástæðum, sem ég tel ekki ástæðu til að rifja upp hér. Þetta dæmi sýnir það, að hér á Alþ. fara sízt fram meiri umr. um mál en títt er á öðrum þingum. Svo að maður vitni nú til þess þings, sem að mínum dómi er nú eiginlega þing þinganna í heiminum í dag og hið eina þing, sem heldur fyllilega á rétti sínum sem löggjafarsamkoma, en það er þing Bandaríkjanna, þar eru langar umr., ekki sízt í öldungadeildinni, sem er nokkru fjölmennari heldur Alþ. Þar fara fram miklar umr. um mál, og þm. beita miklu meira málþófi þar heldur en títt er annars staðar, þegar þeir eru að reyna að koma í veg fyrir það, að frv. nái fram að ganga. Ég er alls ekki að nefna þetta vegna þess, að ég telji það til sérstakrar fyrirmyndar, heldur til þess að sýna, hvaða háttur er hafður á þessum málum annars staðar.

Það, sem ég álít, að tefji þingstörfin langmest, er það, að stjórnarfrv., sem eiga að ná fram að ganga, koma oft og tíðum ekki fram fyrr en liðið er að þinglokum eða þá afgreiðsla þeirra í n. er dregin til þingloka án þess að nokkru málþófi sé haldið uppi. Þau koma svo öll saman til afgreiðslu í einum hnút í þinglokin. Það var aðeins minnzt á það í mþn., hvort það væri hægt að setja einhver ákvæði, sem kæmu í veg fyrir það, að slíkt ástand skapaðist alltaf í þinglokin. Það þótti ekki líklegt, að það væri hægt að finna neina sérstaka reglu til þess að fyrirbyggja þetta. Mér finnst, að það sé í þessu sambandi sérstök ástæða til þess að vekja athygli á því, að ríkisstjórnir þurfa að haga málaundirbúningi sínum þannig, að ef þær eru ekki nokkurn veginn tilbúnar með mál fyrri hluta þingsins, og sem ekki er þá sérstaklega aðkallandi, þá sé ekki endilega lagt kapp á það að afgreiða það á því þingi, er það kemur fyrst fram. Það er áreiðanlega mjög góður siður, þegar t. d. um meiri háttar lagabálka er að ræða, að þeir liggi fyrir tveimur þingum og kjósendur hafi tækifæri til þess að kynnast þeim, áður en þau eru endanlega afgreidd frá Alþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða meira um þetta mál að sinni. Ég held, að það sé óhætt að segja það, að frv. gangi í rétta átt og taki fullt tillit til þeirrar gagnrýni, sem hefur komið fram á ýmsum vinnubrögðum Alþ. að undan-

förnu, eins og í sambandi við fsp. og útvarpsumr. Það má vel vera, að seinna breytist þetta í það form, að menn vilji kannske ganga lengra í ýmsum efnum heldur en nú er gert. En þau þingsköp, sem við erum að ganga frá núna eða munum ganga frá á næstunni, eru hins vegar að sjálfsögðu ekki endanleg frekar en þau, sem hafa verið í gildi, og ég held, að það sé hyggilegast í þessum efnum að fara þá ekki of hratt í breytingarnar, heldur láta þær þróast smám saman eftir því, sem ytri aðstæður krefja.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal mjög stytta mál mitt. Það var fyrst efnisleg leiðrétting við það, sem hv. síðasti þm. sagði. Það er ekki rétt, að umr. á Alþ. um launabindinguna hafi ráðið úrslitum í því máli, heldur voru það samningar utan þings á milli forystumanna verkalýðshreyfingarinnar og þáv. forsrh., Ólafs Thors, í samráði við ríkisstj. Það er rétt, að þessi staðreynd sé sögð, af því að það er sannleikur málsins, sem mér er að fullu kunnur. Svo geta menn haft sína skoðun á efni málsins að öðru leyti. En svona gerðust þessir hlutir.

Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að oft er æskilegt, að frv. séu fyrir fleiri þingum en einu. Það er gamall siður. Honum hefur verið fylgt af þessari stjórn eins og öðrum. Þó að frv. séu lögð fram, er engan veginn ætlð ætlunin að fá þau afgreidd á því sama þingi. Ég vil segja það, að ég hef reynt að leggja áherzlu á, að sem flest frv. væru til í upphafi þings. Það hefur reynzt ógerlegt, þegar af mjög takmörkuðum starfskröftum sem hér er yfir að ráða. Það liggur í eðli okkar þjóðfélags, þeirri mannafæð, sem okkur er oft fjötur um fót. Eðlileg afleiðing af því er svo sú, að frv. dreifast yfir þingið. Það má segja, að það geri ekki svo mikið til, einkanlega ef menn hafa það í huga, sem hv. þm. nefndi, að oft er það eðlilegt, að frv. séu fyrir fleiri þingum en einu. Það er beinlínis æskileg málsmeðferð.

Ég vil taka það fram, að ég vildi ekki segja neitt um réttmæti kappræðufunda út af fyrir sig. Það er staðfest af þeim hv. þm., sem gerðu aths. við mitt mál, að það form er nú orðið úrelt víðast hvar. Það getur átt fyllilega rétt á sér, en það er orðið úrelt. Ég tek aftur undir með hv. 1. þm. Austf. um það, að það virðist e. t. v. vera að verða á því nokkur breyting aftur, að menn óski eftir að hafa, eins og sagt er, málsvara hins illa, advocatus diaboli, viðstaddan til þess að deila við, einnig í flokksfélögunum. En þetta er dálítið annað. Sitthvað er, hvort menn hafa almenna kappræðufundi með alveg takmörkuðum ræðutíma, þar sem margir flokkar koma saman, en þeir fundir verða óneitanlega alltaf mjög erfiðir til útskýringar málum. Við skulum segja það alveg eins og er, vegna þess að það verður þá meira karp en rökræður. Hitt er miklu æskilegra, að tveir flokkar komi saman og leiði saman hesta sína, svo að það séu tvær gagnstæðar skoðanir. Þetta tel ég út af fyrir sig vera æskilegt, og ungir menn hafa leiðzt inn á þetta hér í stjórnmáladeilunum á seinni árum. Mér finnst þetta vera góðs viti, eins og hv. 1. þm. Austf. sagði, að menn vilja knýja fram rök beggja vegna. Þá er eðlilegt, að þeir, sem trúa hvorir á sinn málstaðinn, komizt báðir að. En það verður skýrara með því, að það séu aðeins tveir flokkar, heldur en ef það eru margir flokkar, sem hafa mjög takmarkaðan tíma og þá jafnsundurslitið í mörgum umr. eins og er í gamaldags — ég nota það orð — kappræðufundum úti á landi og eins og enn er í útvarpsumr. frá þingi. Ég get ekki með nokkru móti talið það umræðuform heppilegt. Ég tel það vera mjög óæskilegt. Það er ekki til þess að upplýsa mál, og það er til þess að gefa mönnum ranga mynd af því, sem hér gerist.

Og ég vil segja það út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þó að það form sé lagt niður, er enginn, sem segir, að það eigi að hætta að útvarpa umr. til fulls frá Alþ., þegar það á við. Það er einmitt hægt eftir því nýja formi, eins og hann sagði, að gert hefði verið hvað eftir annað í Noregi og þótt mjög gott útvarps- og sjónvarpsefni. Nærri því öll þjóðin hefur horft á þetta með athygli. Það er vegna þess, að þetta eru lifandi umr. en ekki þær tilbúnu umr., sem við höfum vanið okkur á hér.

Mín höfuðaths. við þetta frv. er sú, að ég efast mjög um, ég segi ekki meira á þessu stigi, en ég efast mjög um, að það sé rétt að sameina þetta tvennt, vegna þess að það verði til þess, að menn fái ofnæmi fyrir því, sem hér er að gerast. Það má ekki þreyta menn um of, og það er líka ekki eðlilegt að hafa margvíslegan hátt á þeim fréttaflutningi, sem berst til fólksins frá Alþ. Ég tel, að við eigum að hafa kjark til þess að velja þarna á milli eins og aðrir hafa gert, og ég vek athygli á því, að það hefur ekkert þjóðþing, svo við vitum, tekið upp þann hátt, sem hér hefur verið tíðkaður frá 1931, að því ég hygg. Þetta er algert einsdæmi og hefur ekki gefizt vel á Íslandi.

Ég tek undir það, að menn vilja ekki missa almennar umr. eins og hæstv. forseti Sþ. sagði. En þessar almennu umr. geta komið og eiga að koma í þessu nýja formi sem lifandi umr., þar sem öll sjónarmiðin koma fram, og ef verkast vill, þá umr. heila daga. Þetta liggur allt til frekari athugunar, og ég geri mínar aths. ekki í þeirri veru, að ég segi, að þetta komi ekki til greina. Ég segi, að ég hafi miklar efasemdir um, að þetta sé heppilegt og tel, að menn verði að gera upp sinn hug um breytingu. Það má e. t. v. vera, að það sé enn ekki tímabært að breyta þessu, menn þurfi að prófa sig betur áfram m. a. í sjónvarpi og útvarpi með frjálsum viðtölum og samræðum, eins og nú er farið að tíðkast, áður en farið er að gera þetta frá þinginu. Ég er alveg til viðtals um það sjónarmið. Eins er eðlilegt, að kannske það verði beðið með breytingu, þangað til sjónvarp er komið um allt land. Það er alveg til athugunar líka. En ég vek athygli á því, að ef fyrir mönnum vakir að stytta útvarpsumr. í núv. formi, þarf enga þingskapabreytingu til þess. Um það getum við komið okkur saman um, fulltrúar flokkanna, hvaða dag, sem við viljum, að haga framkvæmdinni þannig. Þetta hefur, eins og hv. 1. þm. Austf. sagði, verið stórlega stytt, og alltaf áður en umr. fara fram hittumst við til þess að tala um, hvað þær eigi að vera langar. Yfirleitt hefur það verið svo, að ég hef lagt til, að þær yrðu sem styztar, en hv. 1. þm. Austf., að þær

yrðu sem lengstar, og ég vildi, að hann í þessu sem öðru nálgaðist minn skoðunarmáta sem mest og mundi fagna því. En látum það vera.

Ég vil svo segja út af því, hvort umr. hér séu lengri heldur en tíðkast yfirleitt annars staðar, þá er ekki til fyrirmyndar að vitna í þingsköp Senatsins í Bandaríkjunum, vegna þess að þó að það sé mjög göfug stofnun eins og við vitum, telja a. m. k. allir frjálslyndir menn, að þingsköpin þar séu ákaflega úrelt og þurfi gagngerðrar endurskoðunar við, svo að það er víti til að varast, en ekki til að vitna í.

Um lengd umræðna má endalaust deila í hverju einstöku tilfelli. En ég man það, að Hermann Jónasson sagði einu sinni við mig, þegar hann var forsrh.: Ég og stjórnarstuðningsmenn verðum mjög að stytta mál okkar, vegna þess að annars fáizt þið aldrei til þess að hætta, sagði Hermann. (Gripið fram í: Það gilti nú þá.) Það gilti nú þá, já. Nú segi ég það sama og Hermann sagði þá. Ég skal ekki segja, að ég tali svo ákaflega stutt, en a. m. k. stjórnarstuðningsmenn leggja yfirleitt ekki orð í belg, vegna þess að ef þeir svöruðu eitthvað í líkingu við það, sem hv. stjórnarandstæðingar tala, vitum við það, að umr. yrðu oft endalausar. Þetta er ekki sagt neinum til áfellis. Svona er þingið og þess vegna getur þetta stundum leitt til vandræða. Menn forðast vandræði með því að sá, sem ber ábyrgðina hverju sinni, dregur sig í hlé og lætur hinn tala. Í þessu væri betra að fara eftir fordæmi brezka þingsins heldur en ameríska Senatsins. Og ég tel, að þetta hljóti að vera mjög til athugunar. Ég játa það hins vegar, að ríkisstj. nú hefur ekki sérstaklega undan neinu að kvarta. Það er alltaf hægt að beita þingsköpum, ef menn vilja, en við höfum viljað forðast það og það er betra, að menn komi sér saman um skaplega þingþætti heldur en það sé verið að deila um form, vegna þess að það er nóg að deila um efni málsins.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að ég sleppi öllum frekari umr. um þingsköpin. Ég held, að það mál sé þannig vaxið, að við hljótum að geta komið okkur saman um það. Mér fannst hæstv. forsrh. taka þannig á málinu nú, að það sé ekki svo langt bil, sem þarf að brúa þar.

En ég ætla aðeins að segja örfá orð í sambandi við kaupbindingarfrv., sem var hér til meðferðar á þingi 1963. Ég held, að sannleikurinn um það sé sá, að það, sem við forsrh. höfum sagt um það, sé rétt hjá báðum svo langt sem það náði. Það er alveg rétt hjá honum, að málið stöðvaðist að lokum, vegna þess að það náðist samkomulag á milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar. En ég held, að það megi fullyrða það, að ef málið hefði ekki tafizt vegna umr. hér á Alþ., hefði aldrei komið til þessara samninga á milli ríkisstj. og og verkalýðshreyfingarinnar, því að þann tíma, sem verið var að ræða málið hér á Alþ., notaði verkalýðshreyfingin til þess að skipuleggja sína andstöðu, og ríkisstj. sá fram á það, að hún mundi verða svo sterk þessi andstaða, að hún tók þann kost að semja. Þannig var það, að umr. á Alþ. urðu til þess, að þetta mál stöðvaðist.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Atvinnuleysistryggingar (frv. GeirG o. fl.).

Á 61. fundi í Nd., 13. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [131. mál] (þmfrv., A. 279).

Á 64. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Með frv. því til l. á þskj. 279 um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar fylgir samþykkt Verkamannasambands Íslands um málið, og í grg. fyrir þeirri samþykkt segir m. a. á þessa leið:

„Atvinnuleysistryggingasjóðurinn, sem stofnaður var með samningum í vinnudeilunum miklu 1955, er nú orðinn öflugasti sjóður í landinu. Við stofnun hans sló verkafólkið af kaupkröfum sínum til að afla honum fjár. Það er því hluti af kaupi verkafólksins, sem geymdur er á þennan hátt sem tryggingasjóður þess gegn vágestinum mikla, atvinnuleysinu. Fyrsta skylda sjóðsins er að aðstoða hina tryggðu, og enginn á ríkari kröfu til hans en þeir.“

Jafnhliða stofnun atvinnuleysistryggingasjóðsins sömdu iðnsveinafélögin um 1% framlag í styrktarsjóð til félaga sinna og slógu einnig af kaupkröfum sínum, sem því nam. Ætti þess vegna að vera ljóst, að þær tryggingar, sem samið var um til lausnar vinnudeilunum 1955, voru af verkalýðshreyfingunni metnar og teknar í stað beinna grunnkaupshækkana og eru því hennar eign. Þegar sjóðurinn varð til, var verkalýðshreyfingunni í fersku minni böl atvinnuleysisins frá árunum eftir 1950. Stofnun sjóðs til að draga úr sárustu neyð atvinnuleysingjans var því almennt fagnað af verkafólki og talið eitt mesta réttindamál, sem hreyfingin hefði lengi náð fram. Hitt er svo annað mál, að frá stofnun sjóðsins hefur það verið hans helzta hlutverk að veita fé til atvinnuuppbyggingar víðs vegar um landið og á þann hátt víða komið í veg fyrir atvinnuleysi, þar sem það annars hefði orðið, og er það vissulega vel. Því fer þó fjarri, að ekkert atvinnuleysi hafi verið á undanförnum árum. Því miður er staðreyndin ekki sú. Sjóðurinn hefur því einnig gegnt þeirri frumskyldu, en lög

hans og reglur, eins og þær eru nú, leyfa ekki, að hann veiti þá lágmarkstryggingu, sem honum í upphafi mun hafa verið ætluð, og hann hefur fjárhagsgetu til að veita. Samkv. núgildandi l. sjóðsins um atvinnuleysisbætur eru atvinnuleysisbætur fyrir einhleypan mann 923 kr. á viku, en það eru 39.7% af lágmarkskaupi Dagsbrúnar. Fyrir kvæntan mann eru bæturnar 931 kr. á viku eða 45% af kaupi miðað við lágmarkstímakaup Dagsbrúnar. Hámark bóta getur numið 1256 kr. á viku eða 60.5% af sömu viðmiðun. Hámarkið er fyrir kvæntan mann með 3 börn. En hvað þýða þessar tölur? Hverjir skyldu nú vera afkomumöguleikar atvinnuleysingjans, sem hefur þær einar til að lifa af? Ef við tökum dæmi um kvæntan mann en barnlausan, fær hann 931 kr. á viku eða 60.5% af sömu viðmiðun. Hámarkið er kr. getur fjölskyldan keypt sér 3 l af mjólk, 1 kg af kjöti og á þá tæpar 30 kr. eftir til greiðslu á öllum öðrum lífsnauðsynjum.

Við skulum taka annað dæmi. Kvæntur maður með 3 börn fær á mánuði sem næst 5380 kr. Gerum ráð fyrir, að hann búi mjög þröngt og þurfi ekki að greiða í húsaleigu nema 4000 kr. á mánuði, sem er ákaflega varlega áætlað. Hann á þá eftir 1390 kr., þegar hann hefur greitt húsaleiguna, til allra annarra þarfa fjölskyldunnar, en það eru 46 kr. á dag eða m. ö. o., þegar hann hefur greitt tiltölulega mjög lága húsaleigu, á hann eftir fyrir rúmlega hálfu kg af súpukjöti á dag. Fleiri slík dæmi er að sjálfsögðu hægt að taka, og hv. alþm. kannast við dæmið, sem hér var tekið fyrr í vetur, um einhleypa manninn og styrk hans, sem dygði honum rétt fyrir 1½ máltíð á dag. En ég hygg þó, að þessar tölur og þau dæmi, sem ég hef hér tekið, sýni svo að ekki verði um villzt, hversu fjarri fer því, að sjóðurinn fullnægi nú þeirri frumskyldu, sem honum var í upphafi ætlað að gera.

Þær breytingar, sem frv. okkar á þskj. 279 felur í sér frá núgildandi l. um atvinnuleysistryggingasjóð, eru samkv. 1. gr. frv., að úr 15. gr. l. *verði fellt niður það ákvæði, að þeir, sem orðnir* eru 67 ára og njóta ellilífeyris, eigi ekki rétt á bótum úr sjóðnum. Þetta skerðingarákvæði í núgildandi l. er að mínu viti óréttlátt. Sá, sem missir atvinnutekjur vegna atvinnuleysis, á að eiga fullan rétt til atvinnuleysisbóta, hvort sem hann nýtur ellilífeyris eða ekki. Á sama hátt og hann heldur lífeyrisrétti, þó að hann hafi atvinnutekjur. Hafi hann hins vegar misst avinnutekjur af öðrum ástæðum en atvinnuleysi, heyrir það undir önnur ákvæði l. T. d. vil ég minna í því sambandi á það ákvæði í l., að bótaþegi verður á síðustu 12 mánuðum að hafa stundað vinnu samkv. kaup- og kjarasamningi í a. m. k. 6 mánuði.

Ákvæði 2. gr. í frv. um, að síðari mgr. 15. gr. l. falli niður, leiðir af þeirri breytingu, sem 1. gr. felur í sér.

Í 3. gr. felst sú breyting frá núgildandi l., að fellt verði niður ákvæðið um, að ekki eigi rétt til bóta þeir, sem hafa á síðustu 6 mánuðum haft tekjur, sem fara fram úr 75% af meðalárstekjum almennra verkamanna eða verkakvenna, ef um konu er að ræða. Margar ástæður liggja til þess, að þetta skerðingarákvæði núgildandi l. er óréttlátt. Í fyrsta lagi sú staðreynd, að tekjumarkið, sem í l. er nú, er allt of lágt. Sveiflur á tekjum manna geta verið mjög miklar frá einni árstíð til annarrar og sá, sem verður atvinnulaus, kann að vera með mjög takmarkaðar tekjur yfir lengra tímabil, þótt hann hafi á síðustu 6 mánuðum haft tekjur, sem fara yfir það hámark, sem sett er, og það skerðir því rétt hans til bóta. Þess utan marka tekjumöguleikar manna mjög lífshætti þeirra, svo að sá, sem hefur haft, við getum sagt góðar tekjur, getur verið jafn óbær að mæta skyndilegu atvinnuleysi og oft og tíðum verr undir það búinn, ekki sízt ef hann stendur í húsbyggingum og dragandi á eftir sér alla þá skuldabagga, sem því fylgir. Það skerðingarákvæði, sem nú er, á því ekki rétt á sér, enda eru hliðstæð ákvæði ekki skilyrði fyrir öðrum tryggingarbótum.

4. gr. frv. er um þá breytingu á 18. gr. l., að bætur verði hækkaðar frá því, sem nú er, að þær verði fyrir einhleypan mann 248 kr. á dag, fyrir kvæntan mann 284 kr. á dag og fyrir hvert barn yngra en 16 ára 24 kr. á dag og hámark bóta megi nema 356 kr. á dag. Þessar tölur allar eru grunntölur og skulu þær fylgja breytingum, sem kunna að verða á öðrum taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Þótt hér sé síður en svo um neina ofrausn að ræða um styrkveitingar, ætti sú breyting, sem hér er lagt til, að gerð verði á upphæð bótanna, að verða nokkur bót fyrir atvinnuleysingjann frá því, sem nú er. En að sjálfsögðu kann sú spurning að vakna, hvort sjóðurinn hafi möguleika til að standast þær kröfur, sem slík breyting kynni að gera til hans, ef um verulegt atvinnuleysi yrði að ræða. Í þessu sambandi vil ég vísa til ítrekaðra yfirlýsingu verkalýðshreyfingarinnar um, að atvinnuleysi sé böl, sem hún ætlar sér ekki að una, og allt verði að gera til að koma í veg fyrir áframhald slíks ástands. Undir það hefur reyndar einnig verið tekið hér innan veggja Alþ., og því til viðbótar er rétt að staldra við nokkrar *kunnar staðreyndir.*

Í árslok 1966 nam höfuðstóll atvinnuleysistryggingasjóðsins 940 millj. kr. Vaxtatekjur hans það ár námu 61.6 millj. kr. Ef við miðum við bótagreiðslur frv. til kvæntra manna, dygðu vaxtatekjurnar einar til að greiða 1450 mönnum bætur í 25 vikur á ári. Á þessu má glögglega sjá, að sjóðurinn er vel fær um að standast þær kröfur, sem samþykkt þessa frv. *mundi gera til* hans.

Eins og áður er fram komið, hefur hlutverk sjóðsins raunar verið tvíþætt. Það er að veita lán til atvinnuuppbygginga og með því að koma í veg fyrir atvinnuleysi, sem annars hefði skapazt, og það, sem er að sjálfsögðu hans fyrsta skylda, að styrkja félaga verkalýðshreyfingarinnar til lífsframfæris í atvinnuleysi. Hvoru tveggja er mikilvægt, en æskilegt væri, að hann þyrfti aldrei að sinna því síðara. En staðreyndin er hins vegar sú, að bætur úr sjóðnum eru nú eina von allt of margra launþega, og fyrst þjóðfélagið stendur ekki við þá frumskyldu, að allt vinnufært fólk búi við atvinnuöryggi, getur hið háa Alþ. ekki skotið sér undan að breyta l. um atvinnuleysistryggingasjóð á þann veg, að hann

sé fær um að greiða bætur, sem þjóni a. m. k. þeirri lágmarkskröfu atvinnuleysingjans að hafa fæði og klæði.

Herra forseti. Ég vil að lokum aðeins segja þetta. Á þingi Verkamannasambands Íslands og alls staðar annars staðar innan verkalýðshreyfingarinnar, þar sem þessi mál hafa verið til umr. og ályktunar, hafa allir verið á einu máli um nauðsyn þess, að bætur atvinnuleysistrygginga verði hækkaðar og að óréttlát og óþörf skerðingarákvæði verði felld niður úr lögum. Um málið hefur í verkalýðshreyfingunni fjallað fólk frá ólíkum starfsgreinum víðs vegar að af landinu og með ólíkar pólitískar skoðanir. Og óskir þess um breytingar hníga allar í sömu átt. Það er von okkar flm. þessa frv., að svo verði einnig hér á hinu hv. Alþ., að alþm., þrátt fyrir ólíkar pólitískar skoðanir, verði einnig sammála um nauðsyn þess að breyta l. um atvinnuleysistryggingasjóð í þá átt, sem frv. okkar gerir ráð fyrir, og að þeim breytingum verði hraðað svo sem frekast eru föng á.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. d. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 26. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Áburðarverksmiðja (frv. ÁÞ o. fl.).

Á 64. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Áburðarverksmiðju ríkisins [145]. mál] (þmfrv., A. 306).

Á 68., 69. og 70. fundi í Nd., 29. febr. og 5. og 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 11. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Frv. þetta um Áburðarverksmiðju ríkisins á þskj. 306, sem hér er nú til umr., flyt ég ásamt nokkrum öðrum þm. úr Framsfl. Frv. um sama efni var flutt af okkur flestum hinum sömu mönnum og nú á þinginu 1965—66. Það var flutt þá nokkuð síðla á því þingi og hlaut ekki afgreiðslu. En þá í þinglokin átti hæstv. landbrh. tal við mig um það, að hann vildi eiga þátt í því, að reynt yrði að ná samstöðu um þá grundvallarstefnu, sem það frv. hafði að geyma og það yrði reynt á næsta þingi.

Þegar næsta þing kom saman, áttum við hv. 3. þm. Austf. (JP) að frumkvæði hæstv. landbrh. alllangt samstarf um það að semja nýtt frv., sem hafði að geyma sömu grundvallarstefnu og þá, sem mörkuð var í frv. okkar framsóknarmanna frá árinu áður, sem sé þá að breyta Áburðarverksmiðjunni úr hlutafélagi í hreina ríkiseign með því að taka hlutabréfin, sem aðrir en ríkið áttu í fyrirtækinu, eignarnámi og láta meta þau til verðs, er eigendur þeirra fengju síðan greitt. Landbrh. hafði látið í ljós þá skoðun sína, að hann vildi fara þá leið, áður en eignarnámsheimild yrði notuð, að eigendum hlutabréfanna yrði boðið fyrir þau fimmfalt nafnverð. Staðfesti ráðh. þessa skoðun sína í verki með því að skrifa hluthöfum og spyrjast fyrir um það, hvort þeir vildu selja hlutabréf sín á fimmföldu nafnverði, eins og ráðh. sjálfur upplýsti, að hann hefði gert nú fyrir nokkrum dögum í umr. hér á Alþ. Flestir hluthafanna munu hafa svarað þessu jákvætt að því tilskildu, að salan færi fram á því ári, en þetta var á árinu 1966. Í samræmi við þetta var sett í frv. það, er við Jónas Pétursson, hv. 3. þm. Austf., sömdum, ákvæði um heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa hlutabréfin á fimmföldu nafnverði. Frv. okkar Jónasar var sýnt landbn. Nd. og mun hafa eitthvað verið athugað þar, en ekkert varð þó úr því, að það yrði flutt. Þá, þ. e. a. s. í fyrra á síðasta þingi, mun ekki hafa verið til staðar full samstaða hjá stjórnarliðum um málið. Var meðal annars í mín eyru borið við, að kosningar væru fram undan og erfitt að eiga við þetta fyrir kosningar. Í vetur hafa svo ég og fleiri þm. alltaf verið að búast við því, að hæstv. landbrh. mundi beita sér fyrir flutningi þessa máls hér á Alþ., annað hvort með samstarfi við þá menn í stjórnarandstöðunni, sem áhuga hefðu á málinu og vildu leysa það á þann hátt, sem ráð var fyrir gert í þeim frv., sem ég hef hér getið, eða þá á vegum stuðningsflokka stjórnarinnar einnar. En hvorugt hefur orðið, og er ég ekki að tala um þetta til þess að sakast hvorki við hæstv. landbrh. eða neinn annan út af þessu. Hins vegar fannst okkur, sem flytjum þetta frv., að við gætum ekki látið málið liggja niðri, því að vitað er, að bændur og fjöldi annarra manna í landinu líta svo á, að ekki megi lengi úr þessu dragast að gera þá breytingu á Áburðarverksmiðjunni, sem hér í þessu frv. er ráðgerð, nefnilega þá að breyta Áburðarverksmiðjunni úr hlutafélagseign í hreina ríkiseign.

Þó að við, sem flytjum þetta frv., séum ekki neinir sérstakir boðberar ríkisrekstrar og viljum láta einstaklinga ýmist eina eða með félagsrekstri annast sem mest framleiðslu og atvinnurekstur í landinu, þá lítum við samt þannig á, að þar sem Áburðarverksmiðjan í Gufunesi framleiðir og flytur inn allan þann áburð, sem notaður er í landinu og hefur þannig algera einkaaðstöðu á þessu sviði, þá sé mjög óeðlilegt, að slíkur rekstur og eign slíks fyrirtækis sé að einhverju leyti í höndum annarra en ríkisins sjálfs. Hér er í raun og veru um einokunaraðstöðu að ræða, sem ekki er rétt að okkar dómi að sé í höndum annarra en ríkisheildarinnar. Þannig mun líka almennt vera litið á af hálfu þeirra, sem viðskipti eiga við Áburðarverksmiðjuna, bændur landsins.

Ég held, að ekki sé of mikið sagt, að bændur

séu allverulega tortryggnir í garð Áburðarverksmiðjunnar. Þeir vita, að í öllum þeim umr., sem fóru fram á Alþ. um stofnun Áburðarverksmiðjunnar, og í hinu upphaflega frv., sem Alþ. fjallaði um, var gert ráð fyrir, að Áburðarverksmiðjan yrði sjálfseignarstofnun, en ríkið eitt legði fram eða útvegaði eitt allt það fjármagn, er þyrfti til að koma henni í gagnið. En af einhverjum ástæðum, sem aldrei hafa að fullu verið skýrðar, var á síðasta stigi málsins og öllum að óvörum lögð fram till. á Alþ. um að ríkisstj. fengi heimild til þess að leita eftir hlutafjárframlögum félaga og einstaklinga, og eins og var frá l. að síðustu gengið, var ríkissjóður skyldaður til þess að leggja fram fé, þ.e.a.s. það, sem á vantaði að hlutaféð yrði 10 millj. kr., ef framlög annarra væru ekki lægri upphæð en 4 millj. kr. Rökin fyrir þessari ráðabreytni voru þau aðallega, að fyrirtækinu mundi verða betur stjórnað, ef þeir kæmu þar til, sem ættu einkahagsmuna að gæta, og enn fremur var það á oddi haft, að verulegum fjárhagsbyrðum væri af ríkissjóði létt með þátttöku einkafjármagns, en stofnkostnaðurinn var áætlaður 40 millj. kr.

Þegar til framkvæmdanna kom, varð reynslan sú, að litlu munaði þetta fyrir ríkið, því að stofnkostnaðurinn varð, eins og kunnugt er, 130 millj. kr. Og með ýmsum síðari viðbótum, sem þarna hefur verið lagt í, mun stofnkostnaðurinn vera kominn yfir 200 millj. kr. Sér því hver maður, að litlu máli skiptu þær 4 millj., sem aðrir en ríkið lögðu fram, og með öllu er það óeðlilegt, að verksmiðjan sé hlutafélag, þar sem þeir, er aðeins lögðu fram 4 millj. af þeim rúmlega 200 millj. kr., sem verksmiðjan kostaði, séu taldir eigendur að 2/5 hlutum hennar og hafi íhlutunarrétt um stjórn hennar að 2/5 hlutum, eins og verið hefur. Af þessum ástæðum og fleirum telja flm. þessa frv. tímabært og þó að fyrr hefði verið, að ríkið leysi til sín hlutabréf annarra hluthafa í verksmiðjunni og taki rekstur hennar að öllu leyti í sínar hendur.

Flm. telja skynsamlegt það sjónarmið, sem landbrh. hæstv. setti fram á sínum tíma, að reynt yrði að semja við eigendur hlutabréfanna um, að þeir selji þau á fimmföldu nafnverði, og hafa þess vegna gert ráð fyrir, að sú leið verði reynd, áður en til eignarnáms verður gripið.

Eins og öllum er kunnugt, hefur frá byrjun verið allalmenn óánægja meðal bænda yfir því formi, sem áburðurinn er í frá verksmiðjunni, en hann er í formi mjög smárra kristalla, en ekki kornaður, eins og algengast er og þykir langhagfelldasta formið. Vill Kjarninn mjög renna saman í harða kekki við geymslu og við dreifingu vill áburðurinn allmikið rjúka og dreifast nokkuð ójafnt af þeim sökum. Það er svo enn annað, sem Kjarnanum er fundið til foráttu, að hann vilji sýra jarðveg og af þeim ástæðum rýra frjómagn jarðvegsins. Þess vegna eru bændur yfirleitt þeirrar skoðunar, að köfnunarefnisáburður þurfi yfirleitt að vera blandaður kalkefnum. Þeir eru því almennt á þeirri skoðun, að Áburðarverksmiðjunni þurfi hið fyrsta að breyta í það horf, að hún geti framleitt kornaðan og algildan áburð fyrir íslenzkan jarðveg. Sem bóndi verð ég að segja það, að ég hef allmikla áburðarnotkun, kaupi mikinn áburð og hef því talsverða reynslu af Kjarnanum. Ég verð að játa það, að ég hef ekki verulega ástæðu til þess að kvarta yfir þessum áburði. Ég hef alltaf fengið mjög mikla uppskeru, eftir að ég fór að bera kjarna á mitt tún, enda hef ég alla tíð notað mjög mikið af steinefnum með áburðinum og það tel ég, að íslenzkir bændur eigi og þurfi að gera, hvaða köfnunarefnisáburð, sem þeir nota, og er ákaflega hræddur um, að það skorti mjög á, að bændur almennt hafi enn þá meðhöndlað þennan tilbúna áburð réttilega í sambandi við þörf þess jarðvegs, sem þeir hafa ræktað. Ég verð að segja það, að ég hef ekki við annað að styðjast í þessu en reynslu mína, ég hef enga lærða þekkingu til þess að tala út frá í þessu máli og ætla mér þess vegna ekki að gerast neinn dómari um framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar, en veit, eins og ég sagði áðan, að fjöldi bænda er óánægður með kjarnaáburðinn.

Ég tel vafalaust, að það þurfi að vinda bráðan bug að því að breyta og stækka Áburðarverksmiðjuna. Mér er kunnugt um, að nú er að ryðja sér til rúms ný tækni erlendis við framleiðslu áburðarefna, og ég hygg, að sú aðferð, sem hér er notuð, sé að verða eða þegar orðin á eftir tímanum. Ekki þykir mér líklegt, að hér séu neinir þeir einstaklingar eða félög nú, hvorki þeir, sem fjórar milljónirnar lögðu fram í Áburðarverksmiðjuna á sínum tíma, né aðrir, sem nú mundu vilja eða geta lagt fram fé í þær endurbætur á Áburðarverksmiðjunni, sem nauðsynlegar eru, eða til að reisa nýja verksmiðju með nýrri og viðeigandi tækni til framleiðslu áburðarefna, sem nú er orðið aðkallandi að koma í framkvæmd, eins og ég hef lítillega vikið að. Þetta atriði út af fyrir sig knýr á um það, að ríkið taki í sínar hendur alla forustu í þessu máli, verði eitt eigandi Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi og hefji síðan hið bráðasta forgöngu um þá þróun áburðarefnaframleiðslu, sem færustu sérfræðingar í þeirri grein ráðleggja. Það er talið af kunnugustu mönnum, að nauðsynleg breyting á verksmiðjunni og sú stækkun, sem talið er að hæfa muni, muni kosta með núverandi gengi íslenzkrar krónu um 290—300 millj. kr. Er það um þriðjungi hærri krónutala en allur stofnkostnaður verksmiðjunnar var á sínum tíma. Fróðir menn telja, að endurnýjunarverð Áburðarverksmiðjunnar, eins og hún er nú, hafi fyrir síðustu gengisfellingu verið um 450 millj. kr., og mun nú mega bæta við þá upphæð um 100 millj., síðan gengisfellingin var gerð. Verksmiðjan er búin að starfa síðan 1954 eða í 14 ár. Hún átti starfsafmæli núna fyrir fáum dögum. Það var 7. marz 1954, sem hún hóf framleiðslu. Mér er sagt, að fyrningarsjóðir hennar séu ekki nema 170 millj. kr., svo að skammt mundi það fé duga henni til endurnýjunar, en nú fer óðum að nálgast endurnýjunarstig margra véla og tækja í verksmiðjunni, eins og eðlilegt er eftir svo langan starfstíma, sem kominn er.

Hlutafé einstaklinga og félaga í verksmiðjunni var, eins og ég gat um áður og fram hefur komið fyrr hér, 4 millj., eða um 2% af stofnkostnaði, sem var með viðbótum um 200 millj. kr. Nú er ráðgerð stækkun upp á 300 millj. Það auðvitað

eykur verðmæti verksmiðjunnar um þá upphæð. Ef slík framkvæmd verður gerð þannig, að ríkið leggi fram eða ábyrgist þetta fé, þá er verið að stórauka verðmæti hlutafélagsins öðrum hluthöfum að kostnaðarlausu, nema þeir leggi fram nýtt hlutafé. Jafnvel þótt þeir gerðu það, sem þó er ekki líklegt, yrði það varla stærri hundraðshluti nú en þegar verksmiðjan var reist. Allir hljóta að sjá, að slíkur félagsskapur ríkis og einstaklinga, þar sem ríkið leggur fram 98% af stofnkostnaði, en á aðeins 60% af fyrirtækinu, en einstaklingar og félög leggja fram 2% af stofnkostnaði, en eru talin eiga 40% í fyrirtækinu, það er í fyllsta máta óeðlilegt og líklega einsdæmi, ég vil segja í allri veraldarsögunni, að til stórfyrirtækis hafi verið stofnað með þeim hætti. Þessu álítum við flm. þessa frv., að þurfi að breyta hið allra fyrsta á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Áburðarnotkunin hefur aukizt mjög mikið á þeim 14 árum, sem verksmiðjan hefur starfað, var á s. l. ári 56 þús. tonn, en er áætluð núna á þessu ári 64 þús. tonn. Þar af er áætlað að flytja inn um 40 þús. tonn af áburði. Stækkun og endurbót er því bráðnauðsynleg og þyrfti að vera komin í gagnið, þegar Búrfellsvirkjunin er fullgerð, því að það má gera ráð fyrir, að næg raforka verði fyrir hendi um nokkurt skeið fyrir verksmiðjuna, en nú og að undanförnu hefur verksmiðjan, eins og allir vita, gengið á afgangsorku, og hefur orkuskortur tafið rekstur hennar og minnkað framleiðsluna.

Fyrir nokkrum árum fékk hæstv. landbrh. Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi einkasölu á öllum áburði og lagði niður þá stofnun, áburðareinkasölu ríkisins, er þetta hlutverk hafði haft. Voru eignir þessa fyrirtækis látnar renna, — ef ég man rétt, — til rannsókna í þágu landbúnaðarins. Þetta sætti nokkurri gagnrýni ýmissa á sínum tíma, og skal það ekki rifjað upp eða rakið hér. En hvort sem sú tilskipun var rétt eða ekki rétt, hefur hún nú staðið í nokkur ár, og það er ekki líklegt, að frá henni verði horfið að sinni, enda hefur framkvæmdin í höndum Áburðarverksmiðjunnar ekki sætt neinum verulegum aðfinnslum, svo að ég viti til.

Í Gufunesi hefur verið lagt í verulegar framkvæmdir vegna löndunar á innfluttum áburði og áburðarefnum og blöndunar á áburðartegundum, sem því aðeins notast, að þar verði áfram þessi starfsemi. Með því að gera Áburðarverksmiðjuna að hreinu ríkisfyrirtæki, eins og lagt er til með þessu frv., hefur okkur flm. einnig þótt rétt að fela henni með lögum allan innflutning og einkasölu áburðar, enda höfum við ekki komið auga á annan aðila, sem fremur ætti að hafa slíkt með höndum. Heyrzt hafa þær raddir, að gefa ætti innflutning áburðar frjálsan. Það lætur vel í eyrum. En er þá nú fyrir hendi nokkur sá aðili í landinu, sem mundi vilja taka þá skyldu að sér að sjá bændum fyrir áburði og koma honum á hafnir í tæka tíð og tryggja sanngjörn viðskiptakjör? Ég fyrir mitt leyti teldi ekki vogandi fyrir bændurna að minnsta kosti að hætta á slíkt, en skal ekki ræða um það frekar. Frjáls verzlun er að vísu æskileg. En ég hygg, að hún geti varla náð til þessarar vörutegundar, áburðarins, nú í næstu framtíð, enda yrði slíkur innflutningur að takmarkast við það magn, sem Áburðarverksmiðjan getur ekki framleitt ein. Með þessu frv, er því lagt til, að lög nr. 51 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, séu felld úr gildi, en meginefni þeirra er fellt inn í frv. í 9. og 10. gr. þess.

Um allmörg ár hefur það mál verið til umræðu meðal bænda og búvísindamanna, að hér þurfi víðtækar jarðvegsrannsóknir að fara fram til könnunar á því, hvaða áburðarefni jarðveginn skorti helzt og hvað stóra skammta af hverju efni fyrir sig hver flatareining ræktaðs lands þurfi að fá, svo að hún geti skilað eðlilegu uppskerumagni. Dálítið hefur verið unnið að þessum rannsóknum á síðustu árum, en það hefur skort fé til þess, að fullnægjandi hafi verið til að sinna verkefninu. Þetta starf er, eins og öll önnur vísindastörf, mjög þýðingarmikið, ekki aðeins fyrir bændurna eina, heldur þjóðina í heild og getur áreiðanlega skilað aftur margfaldlega því fé, sem til þess er kostað.

Okkur flm. þótti rétt að leggja til í frv., að litlum hluta af heildarsölu Áburðarverksmiðjunnar, ½%, yrði safnað í sjóð, er hefði það hlutverk að styrkja jarðvegsrannsóknir. Miðað við sölu áburðar og verð undanfarinna ára gætu þannig safnazt ein til ein og hálf millj. króna á ári. Þetta er að vísu ekki mikið fé, en það má þó dálítið gera fyrir þetta og vinna að þessu verkefni á næstu árum, ef þessi fjárupphæð væri fyrir hendi. Um þetta yrði auðvitað að setja reglugerð og við höfum gert ráð fyrir, að landbrh. setji hana að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar, sem hefði sjóðinn undir höndum, en Rannsóknastofnun landbúnaðarins fengi féð til jarðvegsrannsóknanna eins og hún ákvæði og skipulegði þau verkefni hverju sinni. Í samb. við þetta leggjum við til, að fulltrúar bænda fái aðild að stjórn Áburðarverksmiðjunnar. Áburðarverksmiðjan verður að vera að okkar dómi í augum bænda það, sem hún á að vera, eins konar þjónustustofnun við landbúnaðinn. Bændurnir verða að líta þannig á hana og mega ekki horfa til þessarar þýðingarmiklu stofnunar með tortryggni. Slíkt þarf að útiloka. Það er mikilvægt til að efla tengsli bændanna við þessa stofnun, að þeir eigi þar fulltrúa í stjórn. Þessir fulltrúar þeirra ættu að geta fylgzt með því og haft áhrif á það, að verksmiðjan á hverjum tíma þjóni hagsmunum bændanna sem bezt.

Það er gert ráð fyrir í frv. 7 manna stjórn og 5 þeirra séu kosnir hlutfallskosningu hér í Sþ. til 4 ára í senn og að einn verði kosinn af búnaðarþingi og einn á aðalfund Stéttarsambands bænda, en að landbrh. skipi formann verksmiðjustjórnarinnar úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Með þátttöku bændafulltrúa í stjórninni er farið inn á sams konar aðild að stjórn fyrirtækisins og gert var með breyt. á l. um Síldarverksmiðjur ríkisins á síðasta þingi, þar sem tveir af sjö stjórnarmönnum eru annar frá útvegsmannasambandinu, en hinn frá félögum eða samböndum fiskimanna og sjómanna og Alþýðusambandi Íslands.

Með þessum fáu orðum þykist ég hafa gert nokkra grein fyrir efni frv. í heild, en ég hef ekki rakið og skýrt einstakar greinar þess, enda

held ég, að þær skýri sig allar mjög einfaldlega sjálfar. Ég vil vona, að mál þetta fái vandlega athugun í nefnd og afgreiðslu á þessu þingi. Ég hygg, að flestir, sem hugsa um þetta mál, finni, að það er ekki lengur hægt fyrir Alþ. að koma sér hjá því að taka ákvörðun í þessu máli.

Í þeim umr., er fóru fram hér í þessari hv. d. nú fyrir nokkrum dögum, þegar rætt var frv. það um Áburðarverksmiðjuna, sem þeir flytja hér hv. 6. þm. Reykv. (MK) og hv. 4. þm. Austf. (LJós), gat ég ekki betur heyrt en hæstv. landbrh. lýsti áhuga sínum fyrir því, að l. um Áburðarverksmiðju ríkisins yrði breytt á þann hátt, að hún yrði gerð að ótvíræðri ríkiseign, og hann vildi láta landbn. d. vinna upp úr þeim þremur frv., sem nú eru til um þetta, svo vel útbúið lagafrv., að þm. yfirleitt gætu sameinazt um það, og hann bauðst til þess að veita sína aðstoð að þessu leyti. Mér finnst þetta fyrir mitt leyti hyggileg afstaða af hendi ráðh., og ég fagna henni. Ég held, að það beri ekki svo mikið á milli manna í þessu máli, að það bil verði ekki brúað. Það mun ekki standa á okkur flm. þessa frv. til samvinnu í málinu, ef eftir því verður leitað, og fyrir okkur er það fyrst og fremst aðalatriðið, að Áburðarverksmiðjan verði gerð að ótvíræðri ríkiseign. Með hvaða hætti því takmarki verður náð, er ekkert aðalatriði fyrir okkur, að því þó tilskildu, að ekki verði níðzt á þeim aðilum, sem hlutabréf eiga í fyrirtækinu. Það vil ég taka fram. Ég tel, að þessir hluthafar verði að fá sitt fé endurgreitt á einhvern þann hátt, að þeir verði skaðlausir af því að hafa átt það þar bundið, síðan verksmiðjan var reist. Ég tel, að með því að þeir fái fimmfalt nafnverð bréfanna, muni þeir e. t. v. verða skaðlausir, en fullyrði þó ekkert um það. Ég hef ekki gert neina útreikninga eða látið gera neina útreikninga á því, hvað þeir þurfa að fá raunverulega fyrir sín bréf til þess að verða raunverulega skaðlausir miðað við það, að þeir hefðu átt féð annaðhvort á venjulegum vöxtum eða þá í einhverjum arðbærum rekstri eða fyrirtækjum, svoleiðis að um þetta fullyrði ég ekkert, þó að við hins vegar höfum sett í frv. ákvæði um það, að reynt verði að fá hlutabréfin keypt á fimmföldu nafnverði. Hugmyndin um þá leið í þessu máli, að það verði samið um fimmfalt verð bréfanna, er frá hæstv. landbrh. komin, og eins og hann upplýsti hér, var því ekki illa tekið af eigendum þessara bréfa að láta þau af hendi á því verði. Ég vona, að það geti allir orðið sammála, bæði eigendur bréfanna og þm., um þá leið, og þá ættu önnur atriði í þessu máli að mér sýnist ekki að verða erfið í meðförum hv. Alþ.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að gera till. um það, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Sjúkrahúsalög.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 54 10. júlí 1964 [166. mál] (þmfrv., A. 390).

Á 78., 80. og 81. fundi í Nd., 21. og 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 26. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Við 3 alþm. höfum leyft okkur að flytja hér frv. á þskj. 390 um breyt. á sjúkrahúsalögum.

Það eru víst flestir samála um það, að aðall menningar- og lýðræðisþjóðfélags sé það að búa vel að þeim þegnum þjóðfélagsins, sem af einhverjum ástæðum eru ekki sjálfbjarga, hvort sem það er vegna sjúkdóma eða fátæktar eða fyrir aldurs sakir. Hér í okkar landi hafa verið unnin stórvirki á ýmsum sviðum og í ýmsum þáttum þessara mála. Ríkið og raunar fleiri aðilar hafa staðið að því að koma upp mjög myndarlegum sjúkrahúsum. Við búum við víðtækt tryggingakerfi, þar sem m. a. er mjög vel séð fjárhagslega fyrir þeim, sem sjúkir verða og þurfa á læknishjálp að halda, að minnsta kosti svo lengi, sem hægt er að veita hana innanlands. Tryggingakerfi okkar er víðtækt og að mörgu leyti ágætt, og við megum vera stoltir af því og raunar einnig af því, sem ríkið hefur unnið og aðrir opinberir aðilar í uppbyggingu stofnana fyrir þá, sem miður mega sín í þjóðfélaginu. En þó megum við sennilega vera allra stoltastir af þeim afrekum, sem unnin hafa verið í þessum efnum á vegum einstaklinga eða félagasamtaka. Þar er eitt með öðru og eitthvert stærsta átakið það, sem Samband ísl. berklasjúklinga hefur gert. En fleiri félög og einstaklingar hafa lagt þar mjög mikið af mörkum í ýmsum greinum.

Lög um sjúkrahús eru gömul. Árið 1964 var gerð á þeim breyt. og breyt. felld inn í meginmál, en upphaflegu l. eru miklu eldri. Í þessum l. um sjúkrahús segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðh. Sama gildir um breytingar á húsakynnum og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli.“ Þannig hljóðar 1. gr. sjúkrahúsalaganna. Síðar eru í þessum l. skýr ákvæði um það, hver sé hlutur ríkissjóðs í byggingu og rekstri sjúkrahúsa og læknisbústaða o. s. frv. Hins vegar eru ekki í lögunum nein ákvæði um beina þátttöku í kostnaði við byggingu né heldur rekstur dvalarheimila eða elliheimila. Það, sem felst í því frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., er það, að hér verði breytt um og tekið í l. ákvæði um vissa þátttöku ríkissjóðs einnig varðandi elliheimili.

Ég vil aðeins skýra með örfáum orðum, hvernig þetta er formað af hálfu okkar flm. Í 1. og 2. gr. frv. felst breyt. á 6. og 7. gr., sem fjalla um form samtaka um byggingu elliheimila, hvernig þau skuli byggð upp. Okkur virðist, að um það geti eftir atvikum gilt alveg sömu ákvæði og nú eru í sjúkrahúsalögunum varðandi sjúkrahús og læknisbústaði. Í 3. gr. frv. er tilsvarandi breyting á 8. gr. laganna, sem fjallar um það, hvernig með skuli fara, ef slíkar stofnanir eru lagðar niður. Í 4. gr. frv. er svo vikið að 10. gr. l., þar sem fjallað er um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði. Er lagt til að bæta við hana sérstakri mgr. um þátttöku í kostnaði við byggingu dvalar- og elliheimila. Og í 5. gr. frv. felst breyting á 12. gr. l., en þar er fjallað um þátttöku ríkissjóðs í rekstrarkostnaði. Og það er einnig hafður þar sami háttur um rekstrarkostnaðinn, eins og nú er í l. varðandi sjúkrahúsin, að það er lagt í vald ráðh. að ákveða hann í reglugerð. 6. og síðasta efnisgrein frv. okkar er um breyt. á 13. gr. l., og þar er nú nánast um eðlilegar formsbreytingar að ræða, sem leiða af því, sem áður hefði þá verið breytt.

Það má vissulega segja, að það hafi verið eðlilegar og skiljanlegar ástæður, sem til þess lágu, þegar gildandi lagaákvæði um þátttöku ríkisins í byggingu og rekstri sjúkrahúsa og læknisbústaða voru sett, að ekki var gengið lengra í að ákveða þátttöku ríkissjóðs. Þá hefur vafalaust mátt segja, að þörfin væri enn brýnni á þessum sviðum. Síðan hefur margt breytzt. Það er ekki einasta, að síðan þessi lagaákvæði voru upphaflega sett, hafi verið byggð sjúkrahús og sjúkrarúmum í landinu fjölgað mjög, heldur hefur einnig á hinn bóginn varðandi gamla fólkið orðið mjög mikil breyting. Það hafa að vísu verið gerð þar einnig mikil átök, og þau hafa leyst vandann í vissum landshlutum og á vissum stöðum, en þróunin almennt varðandi eldra fólkið hefur orðið sú, bæði vegna breyttra lífsvenja á heimilum og eins vegna bættra heilbrigðisástæðna með þjóðinni, að það eru sífellt fleiri og fleiri af hinni elztu kynslóð, sem þurfa á þeirri fyrirgreiðslu að halda, sem veitt er á dvalar- og hjúkrunarheimilum aldraðs fólks. Það held ég, að fari ekki á milli mála, að slík hefur þróunin orðið, og ég held líka, að það geti allir verið sammála um það, að þeirri þróun verður varla snúið við, hvorki með löggjöf eða á annan hátt.

Ef við virðum fyrir okkur og þó aðeins lauslega ástandið í þessum málum, málefnum aldraða fólksins, eins og þau eru núna í dag, má segja, að það blasi við þrenns konar myndir.

Á einu leitinu eru þau stórvirki, sem unnin hafa verið annars vegar af hálfu einstaklings, þar sem er uppbygging Elliheimilisins Grundar og útibús þess í Hveragerði, sem er orðið mjög myndarlegt og hefur stöðugt verið að færa út kvíarnar, og svo Dvalarheimili aldraðra sjómanna á Hrafnistu, þar sem til hafa komið voldug almannasamtök, þ. e. a. s. samtök sjómannanna, sem einnig hafa notið þeirra réttinda að reka mjög myndarlegt og ábatavænlegt landshappdrætti. Þetta er á einu leitinu. Og það er eftirtektarvert og um leið eðlilegt, að þessar stóru framkvæmdir eru einmitt hér í höfuðstaðnum og næsta nágrenni hans.

Á hinu leitinu er svo það ástand, sem er nú víðast í kaupstöðum og e. t. v. í stærri kauptúnum, að þar hafa menn komið upp nokkurri aðstöðu til þess að leysa allra mesta vandann. Þetta hefur oft verið gert af vanefnum og víða verið mjög hart á dalnum varðandi þessar framkvæmdir og varðandi rekstur þessara stofnana. Sums staðar hafa menn notið nokkurs stuðnings af því að hafa þessar stofnanir í tengslum við sjúkrahús viðkomandi staða. Annars staðar er um hrein dvalarheimili aldraðra að ræða.

Í þriðja lagi eru svo þau svæði, þar sem alger vöntun er á aðstöðu fyrir eldra fólkið, þegar veru þess á heimilum sleppir. Þannig er þetta víðast á strjálbýlli svæðunum, í sveitum og í kauptúnum, a. m. k. hinum minni. Og þetta, að þannig er ástatt, er ekki eingöngu af því, að fjárhagsleg aðstaða til framkvæmda hafi verið þetta miklu verri á hinum fámennari stöðum. Þetta stafar einnig af því, að þar segir þörfin miklu seinna til sín heldur en í kaupstöðunum. Þar er þjóðlífsbreytingin, breytingin á aðstöðu heimilanna og uppbyggingu þeirra, seinni á ferðinni en í kaupstöðunum og þar hafa menn þess vegna verið þess lengur umkomnir að leysa að verulegu leyti þetta vandamál sjálfir heima á heimilunum. Nú hins vegar standa menn á þessum slóðum og við þessar aðstæður frammi fyrir því í æ ríkara mæli, að menn verða að fara að leysa þetta mál á annan hátt. Og menn sjá fram á mjög mikla erfiðleika, eru nærri ráðþrota.

Ég ætla ekki að eyða tíma hv. þd. í það að útlista, hversu eðlilegt það sé, að aldrað fólk fái þá fyrirgreiðslu, sem það þarf. Það er svo oft í það vitnað, að það eigi ekki aðrir þegnar þjóðfélagsins meiri rétt á því að njóta fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins heldur en þeir elztu, sem búnir eru að vinna sinn langa starfsdag í þjóðfélaginu og á þann hátt að leggja sitt af mörkum til uppbyggingar þess. Ég ætla ekki að fara að eyða orðum að því að rökstyðja það.

En það er vissulega margs að gæta, þegar um þessi mál er fjallað. Mönnum er að verða það æ betur og betur ljóst, að það er ekki einhlítt og raunar ekki það æskilega að safna aldraða fólkinu saman í mjög stórar byggingar á tiltölulega fáum stöðum á landinu. Þvert á móti gera menn sér áreiðanlega æ betur grein fyrir því, að það æskilega er að stefna að því öllu í senn, að sem flestir eigi þess kost að eyða ævidögunum nálægt sínum ættmennum og helzt í átthögum sínum, að aldraða fólkið eigi þess kost eftir getu og vilja að hafa einhverja vinnuaðstöðu, sinna einhverri vinnu, og í þriðja lagi er það auðvitað æskilegt og að því hefur verið unnið og á mjög myndarlegan hátt í Hveragerði t. d., að gefa þessu fólki kost á misstórum íbúðum, þ. e. vistarverum við hæfi. Sumum hentar bezt að búa í einu herbergi einir saman, öðrum hentar vel að vera á tveggja manna stofum. Í mörgum tilfellum er um að ræða hjón, sem hentar bezt að geta búið saman, en haft alla aðhlynningu, mat og annað frá stofnuninni. Og í enn öðrum tilfellum getur það verið æskilegt, að aldraða fólkið geti um

eitthvert árabil búið alveg út af fyrir sig og séð um sig sjálft. Ég held, að um þetta séu raunar allir á einu máli, og menn geri sér glögga grein fyrir þessu, eins og nú er komið. Ég held líka, að það hljóti allir að vera ásáttir um það, að þessi mál eru mjög illa á vegi stödd víða, og menn sjá fram á vaxandi þarfir í þessu efni af þeim ástæðum, sem ég vék að áðan. Langlífi fer vaxandi með þjóðinni með bættri heilbrigðisþjónustu, þjóðfélagsaðstæður varðandi uppbyggingu heimila eru breyttar og æ fleiri búa nú í þéttbýli.

Hér í d. er frv. um byggingarsjóð aldraðra, sem hv. 10. þm. Reykv. er 1. flm. að. Það er gott, að því frv. er vel tekið, og það er vonandi, að það fái afgreiðslu á þessu þingi, því að það mundi mjög greiða fyrir lausn þessara mála. Ég vil einnig leyfa mér að vænta þess, að þetta frv. verði skoðað vandlega.

Eins og komið hefur fram í umr. um það mál, sem ég vék að núna, þá starfar n. að undirbúningi heildarlöggjafar um þessi mál. Eftir því, sem ég hef komizt næst, á málið töluvert langt í land hjá þeirri n. Málið í heild er auðvitað umfangsmikið, og mér skilst, að hún ætli sér að vinna mjög ítarlega, safna gögnum og vinna úr þeim mjög ítarlega. Það virðist því eiga langt í land, bæði að n. ljúki störfum og síðan er þá eftir að setja löggjöf í samræmi við niðurstöður hennar. En hins vegar er skjótra aðgerða þörf í þessum málum, mismunandi að vísu eftir landshlutum og stöðum. Það er hins vegar svo, eins og ég minntist á í upphafi, að sjúkrahúsalöggjöfin skapar ramma til þess að fella inn í ákvæði um beinan fjárstuðning ríkisvaldsins við dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðs fólks. Og með þessu frv. er stefnt að því, að fella slík ákvæði inn í þennan ramma og að víkka út svið þessarar löggjafar, þannig að hún nái einnig til þessara aðila. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, að þó að þetta yrði gert, er eftir að ákveða fjárveitingar, og það verður auðvitað ekki gert nema í sambandi við afgreiðslu fjárl. á hinn venjulega hátt. Og ég vil vekja athygli á því aftur, að einmitt sjúkrahúsal. fela það í sér, að stjórnarvöld hafa allan rétt til að fylgjast með og leggja endanlega samþykki sitt á allar ákvarðanir varðandi staðsetningu og fyrirkomulag dvalar- og hjúkrunarheimilanna, eftir að þeim hefur verið breytt á þann hátt, sem við leggjum til, alveg á sama hátt og þau nú hafa varðandi sjúkrahús og læknisbústaði.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Skólakostnaður.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað [167. mál] (þmfrv., A. 391).

Á 78., 80. og 81. fundi í Nd., 21. og 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 26. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Ragnar Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað, flm. Bjartmar Guðmundsson. En þar sem flm. er sjúkur, getur hann ekki mælt fyrir því.

Efni frv. er það, að við 1. mgr. 29. l. bætist: „Sama gildir um héraðsskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitar- eða sýslufélagi.“ En í grg. með frv. segir m. a., að með l. nr. 41 17. maí '55, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, að héruðum væri gefið um það valfrelsi, hvort þau afhentu ríkinu héraðsskólana þannig, að þeir yrðu séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óskuðu þess. Þessi breyt. var gerð vegna tilmæla frá aðstandendum nokkurra héraðsskóla, og nú munu allir héraðsskólarnir nema einn, vera komnir á vegu ríkisins skv. þessum lögum, en Suður-Þingeyjarsýsla hefur ekki enn þá óskað eftir að losa sig undan kostnaði þeim, sem á þeim byggðarlögum hefur hvílt, vegna nýbygginga, viðhalds og rekstrar Laugaskóla.

Með nýjum lögum um skólakostnað, sem afgr. voru frá Alþ. í fyrra, voru gerðar breytingar á kostnaðarhlutföllum varðandi skóla, sem kostaðir voru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og þyngdist þá nokkuð hlutur héraðsskólanna, að því er snertir rekstur og viðhald. Nú, eins og ég tók fram áðan, eru allir héraðsskólar utan Laugaskóli komnir á vegu ríkisins.

Það er lagt til með þessari brtt. við skólakostnaðarlögin, að forráðamenn héraðsskóla, sem ekki hefur verið afhentur ríkinu, fái sama valfrelsi og forráðamenn húsmæðraskólanna hafa nú, skv. l. frá 1967, og ef brtt. verður samþ., verður kostnaðarhluti ríkissjóðs sá sami og hann er nú, en hins vegar mun hlutur héraðs þyngjast nokkuð, að því er snertir rekstur og viðhald, þegar nýju lögin taka gildi 1. september, og gæti það valdið því, segir enn fremur í grg., að héraðið sæi sig tilneytt að afhenda ríkinu þann eina héraðsskóla, sem enn hefur ekki verið afhentur, og mundi það verða ríkissjóði mikill kostnaðarauki. Þess vegna er óskað eftir því, að þeir Þingeyingar geti komizt undir sama hatt með Laugaskóla og húsmæðraskólarnir nú.

Ég vil svo óska þess, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

39. Áfengislög.

Á 78. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954 [169. mál] (þmfrv., A. 403).

Á 80. og 81. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 26. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Alþingi kaus í maímánuði 1964 n. til þess að athuga um áfengisvarnamálin, og sú n. skilaði áliti sínu til dómsmrn. ásamt frv., sem hún samdi um breyt. á áfengisl., og það frv. lagði ríkisstj. fram á síðasta þingi, og því var vísað til allshn., sem afgreiddi þetta frv., en það var ekki útrætt á því þingi. Allshn. eða meiri hl. hennar gerði nokkrar breyt. á þessu frv. og í sínum till., og nú hefur það skeð, sem fram kemur í grg., að dómsmrn. hefur með bréfi dags. 27. nóv. s.l. óskað þess, að allshn. flytti þetta frv. að nýju og hefur n. orðið við þeirri beiðni og flutt það frv., sem hér liggur fyrir. N. var á því við samningu á þessu frv., sem hér liggur fyrir, að gera þær breytingar frá upprunalega frv., sem áfengismálan. samdi, að lækka aldursmark áfengisl. úr 21 ári í 20 ár, en það er í samræmi við breyt. á aldursmörkum, sem þegar hafa komið til framkvæmda, svo sem lögræðisaldur, hjúskaparaldur og kosningarréttur til sveitarstjórna, eða eru til meðferðar hér á Alþ. eins og stjórnarskrárbreytingin um kosningarrétt við alþingiskosningar. Hins vegar er fellt niður úr þessu frv. frá frv. því, sem áfengismálan. samdi, það skilyrði, sem var í því frv., að skylda vínveitingahús til að hafa opið án vínveitinga eitt laugardagskvöld af hverjum 4. Meiri hl. allshn. féllst ekki á þetta ákvæði og taldi það ekki vera til neinna bóta við afgreiðslu málsins í n. á s.l. ári, og n. er enn á þeirri skoðun að halda sér við það ákvæði, en þetta eru tvær meginbreytingarnar og eiginlega einu breytingarnar, sem einhverju máli skipta frá frv., sem áfengismálan. samdi á sínum tíma. Loks er tekið upp í frv. að ósk borgarstjórnar Reykjavíkur breytt fyrirkomulag áfengisvarna í Reykjavík í samræmi við samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 20. júlí s.l. árs um nýskipan félagsmála í Reykjavík, og er samþykkt borgarstjórnar prentuð sem fskj. með þessu frv. Fyrst um sinn er ætlunin, að áfengisvarnan. annist bindindis- og fræðslustarfsemi hér í höfuðborginni, en félagsmálaráð mun annast aðstoð við drykkjumenn og fjölskyldur þeirra. Þá er gert ráð fyrir því, að nánari ákvæði um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og áfengisvarnan. verði sett í reglugerð. Í sambandi við þessa beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur hafa þó ekki verið gerðar hér á Alþ., sem nú stendur, aðrar breytingar til samræmis við þessa breyttu skipan með stofnun félagsmálaráðs borgarstjórnar Reykjavíkur. Ég vil taka það fram að beiðni einstakra nefndarmanna í allshn., að þó að allshn. flytji þetta frv. að beiðni dómsmrn., er það ósk n., að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hennar að nýju, því að einstakir nm. vilja frekar fara yfir frv. og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma undir meðferð málsins hér í hv. þd. Ég legg því til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til allshn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. þessa máls tók fram áðan í ræðu sinni, er þetta frv. flutt af allshn. samkv. beiðni hæstv. ríkisstj., og er því hér raunverulega um stjórnarfrv. að ræða. Þetta er þá þriðja stjórnarfrv., um breyt. á áfengisl., sem flutt er á fáum árum. Það segir sína sögu um áhuga hv. alþm. á því að afgreiða slík mál, og í ofanálag má bæta því við og benda á, að þetta frv. kemur nú fyrst fram í lok marzmánaðar, þegar jafnvel er ráðgert að þingið eigi eftir fáar vikur, ef ekki fáa daga til að ljúka störfum. Þetta sýnir svona hér um bil alvöruna í málinu.

Á þinginu 1963 flutti hæstv. ríkisstj. frv. svipað þessu. Þar var lagt til að auka nokkuð hömlur við því að selja eða afhenda æskufólki áfengi. M. a. með því að fyrirskipa, að ungmenni skuli sanna aldur sinn með vegabréfi, þegar þau ætla sér að kaupa áfengi, og auk þess var lagt til í því frv., að óheimilt skyldi að flytja ölvuð ungmenni í leigubifreiðum og almenningsvögnum, nema þau sönnuðu það á sama hátt, að þau væru yfir aldursmarkinu, sem tilgreind eru í l. Þá var einnig lagt til í því frv. að banna dvöl ungmenna yngri en 18 ára á vínveitingahúsum eftir kl. 8 að kvöldi nema í fylgd með forráðamönnum sínum. Og loks var lagt til að þyngja nokkuð refsingar við áfengislagabrotum.

Tilefni þessa stjórnarfrv. 1963 var atburður, sem gerðist um hvítasunnu það ár, en þá hafði æskufólk úr Reykjavík fjölmennt austur í Þjórsárdal og haft með sér miklar birgðir af áfengi. Þar var síðan setzt að sumbli og þarf yfirleitt ekki að vera að lýsa frekar, hvað þar gerðist. Það ætti mönnum að vera nokkurn veginn í fersku minni. Hæstv. ríkisstj. hafði skipað þriggja manna n. til þess að gera till. út af þessum atburði, og var þetta frv. árangurinn af því nefndarstarfi.

Þetta frv. frá 1963 fór til allshn., og hún skilaði síðan áliti í tvennu lagi. Báðir n.-hlutarnir fluttu brtt. við frv., og allverulegar brtt. komu frá meiri hl. n. En þessar till. stefndu samt eiginlega sín í hverja áttina. Sérstaklega vöktu athygli sumar brtt. meiri hl. n., t. d. þær, að heimilað skyldi að selja unglingum 18 ára og eldri áfengi í stað 21 árs að aldri, það var verið að rýmka ákvæðin, svo að sem flestir gætu notið þess að kaupa sér áfengi. Þá áttu samkv. till.

meiri hl. n. unglingar að vísu að sanna aldur sinn með vegabréfi, ef þeir vildu fá áfengi, þó aðeins ef þess væri krafizt. Ef þess væri ekki krafizt, þurfti ekkert að vera að sanna neitt um aldur sinn. Fleira mætti nefna í þessum brtt. meiri hl. allshn. þá. Auk þess voru fluttar á þessu þingi ýmsar brtt. frá einstökum þm. Umr. urðu allmiklar um þetta mál og nokkrar deilur, og fór svo, að frv. varð ekki útrætt.

Næst gerist það í málinu, að á næsta þingi á eftir, 1964, er samþ. þáltill. um, að Alþ kjósi mþn. í áfengismálið og skyldi hún rannsaka allt ástand í áfengismálum þjóðarinnar og gera till. til úrbóta. N. var svo kosin og skipuð 7 alþm. Mþn. skilaði langri og ítarlegri skýrslu tveim árum seinna ásamt frv. um breyt. á áfengisl. Í því frv. voru þó engin ákvæði önnur en þau, er allir nm. urðu sammála um í mþn. Þessi háttur var á hafður í ákveðnum tilgangi, sem sé þeim, að þá væru meiri líkur til þess, að frv. fengi greiðari gang gegnum Alþ., ef ekki væru nein atriði önnur í þessu frv. en þau, sem allir nm. urðu sammála um. Þetta frv. flutti svo hæstv. ríkisstj. á síðasta þingi óbreytt, eins og það kom frá mþn.

Í þessu frv. voru nokkur ákvæði, sem ekki voru í hinu fyrra. Þar á meðal má nefna ákvæði um það að gera vínveitingahúsum það að skyldu að hafa vínveitingalaust fjórða hvert laugardagskvöld, en þó fullkomna þjónustu að öðru leyti. Var tilgangurinn auðvitað sá, að æskufólki gæfist kostur á að sækja þó einhvern tíma þessa skemmtistaði, sem það sækir svo mjög, án þess að verða fyrir barðinu á áfengishættunni. Í öðru lagi var það ákvæði í þessu frv., að ef æskufólk eða hvaða fólk, sem var, vildi kaupa áfengi, skyldi það sanna aldur sinn með nafnskírteini með mynd, og það var undantekningarlaust ákvæði. Á annan hátt töldu nm., að ekki yrði skorið til fullnustu úr um aldurinn, enda voru þá komin lög um nafnskírteini, og það er plagg, sem hver einasti maður í landinu á nú að hafa. Í þriðja lagi var það ákveðið í þessu frv., að yngri unglingar en 18 ára skyldu ekki eiga dvöl á vínveitingahúsum eftir kl. 8 að kvöldi, nema í fylgd með foreldrum sínum. Í hinu frv. var það „með forráðamönnum", sem gátu orðið margs konar. Það var til að þrengja þetta einnig, að unglingar dveldu á þessum vínveitingahúsum. Í fjórða lagi var það ákvæði tekið upp í þetta frv., að allar áfengissendingar skyldu greinilega merktar þannig, að sjá mætti á umbúðunum, hvað væri innihaldið. Í fimmta lagi var lögreglustjórum heimilað samkv. ákvæðum þessa frv. að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti, er sérstaklega stæði á. Var þetta hugsað þannig, að ef áfengisútsölu væri einhvers staðar lokað af sérstökum ástæðum, dygði ekki, að menn gætu samt sent áfengi inn í héraðið í pósti, og lögreglustjóra skyldi heimilað að loka slíkar sendingar inni, meðan á lokun áfengisútsölunnar stæði. Loks voru refsingar við áfengislagabrotum nokkuð þyngdar.

Þótt allir nm. mþn. væru sammála um þessi ákvæði í frv. eins og það var flutt af hálfu ríkisstj. í fyrra, og þess vegna ættu að vera nokkrar líkur til þess, að það kæmist í gegnum Alþ. greiðlega, varð raunin önnur. Frv. fór til hv. allshn., og það var mjög seint á ferðinni eins og fyrri daginn. Loks komu brtt. frá meiri hl. allshn. Ég ætla, að það hafi verið frá 4 nm. af 7, og þá var komið undir þinglok, og frv. dagaði uppi.

Nú er áfengislagafrv. komið í þriðja sinn og það sem stjórnarfrv., þótt það sé flutt af n. Og hv. allshn. hefur samkv. því, sem hv. frsm. sagði áðan, enga afstöðu tekið til frv. eða einstakra ákvæða í því. Það veit enginn enn þá, hvað þeir hafa að segja um þetta frv., nm., þótt þeir flytji það. Það er því alveg rétt athugað hjá hv. frsm. að leggja til, að því verði aftur vísað til þessarar n.

Munurinn á þessu frv., sem nú er hér til umr., og stjórnarfrv. í fyrra, sem samið var af mþn., er í helztu atriðum þessi: Aldurslágmark vegna áfengiskaupa er lækkað úr 21 árs aldri í 20 ára aldur. Í öðru lagi, unglingar eiga að sanna aldur sinn með nafnskírteini eða „á annan fullnægjandi hátt", segir í þessu frv., en í fyrra frv. átti nafnskírteini eitt að vera fullgilt sönnunargagn um aldur. Í þriðja lagi, ákvæði í fyrra frv., að vínveitingahús skuli halda uppi fullkominni þjónustu a. m. k. fjórða hvert laugardagskvöld án vínveitinga, er fellt niður. Það er hér ekki með. Í fjórða lagi er tekið inn í þetta frv. ákvæðið um að fela megi félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnan. Reykjavíkur að nokkru eða öllu leyti.

Um þetta síðasta atriði vil ég segja það, að ég tel það vera til bóta að gera þá breytingu, sem borgarstjórn Reykjavíkur fer fram á. Það er eðlileg ráðstöfun og meira samræmi í því.

Um lækkun aldurstakmarksins, til þess að unglingar geti fengið að kaupa sér áfengi, úr 21 árs aldri í 20 ára aldur, vil ég segja það, að út af fyrir sig tel ég þetta ekki vera til neinna bóta, en ég mundi þó sætta mig við þetta, ef svo væri um hnútana búið með lagaákvæðum og framkvæmd þeirra, að við þetta yrði staðið, að ekki væri yngri unglingum selt áfengi en 20 ára. En það er öðru nær en það verði gert með ákvæðum þessa frv. T. d. vil ég benda á, að ákvæðið í frv. mþn., að nafnskírteini eitt skyldi gilda sem aldurssönnun, var alveg afdráttarlaust. En í þessu frv. er það það ekki, heldur mega unglingar sanna aldur sinn á „annan fullnægjandi hátt". Þegar ungmenni koma nú í vínveitingahús eða vínverzlun, og vilja fá keypt áfengi, þá eiga þau skv. frv. mþn. að vera við því búin að sýna nafnskírteini. Séu nú þessi hugsanlegu lög skv. þessu frv. framkvæmd eins og maður verður að ætla, að tilgangurinn sé, ættu viðkomandi starfsmenn áfengisverzlunar eða vínveitingahúss að krefjast sönnunargagns, þ. e. a. s. nafnskírteinis. Og við skulum gera ráð fyrir því, að þeir geri þetta, en unglingurinn svari kannske, að hann hafi ekki nafnskírteini með sér, það sé heima eða hann sé búinn að týna því, eins og stundum eru dæmi til. Þá er þessum starfsmanni vínveitingahússins eða vínverzlunarinnar heimilt að láta hann sanna aldur sinn á einhvern annan hátt, fullnægjandi hátt. En hver á að meta það, hvort slík sönnun er fullnægjandi eða ekki. Brennivínssalinn sjálfur á að meta það. Það er

ekki öðrum til að dreifa. Það er vel búið um hnútana eða hitt þó heldur.

Nú er það svo, að starfsmenn vínverzlunar hafa engra sérstakra hagsmuna að gæta í því að vanrækja það eftirlit, sem þarna er ætlazt til, að sé viðhaft. En áfengissalinn hefur hagsmuna að gæta. Það er hans gróðavegur, að sem flestir komi inn, hvort sem þeir eru ungir eða gamlir, og kaupi áfengi. Og hann á að meta, hvernig unglingurinn á að sanna aldur sinn. Þannig er nú þetta ákvæði í frv.

Í grg. með þessu frv. er talað um, að þetta orðalag sé haft á gr., vegna þess að það geti komið annað jafngilt í staðinn fyrir nafnskírteinið, t. d. ökuskírteini. Ég viðurkenni þetta alveg. Ökuskírteini gæti verið alveg jafngilt og nafnskírteini. Þar er mynd af manninum, og þar er aldurinn tilgreindur. En því ekki að nefna það þá hreinlega að sanna aldur sinn með nafnskírteini eða ökuskírteini. Ég vil benda hv. allshn. á þetta, þegar hún nú athugar frv. betur.

Stærsta ágallann á þessu frv. tel ég vera þann, að niður er felld ákvæðið úr frv. mþn. að fyrirskipa vínveitingahúsum að hafa opið fjórða hvert laugardagskvöld án vínveitinga, en með fullkominni þjónustu að öðru leyti. Þetta ákvæði var ekki sett inn í frv. af hugsunarleysi. Það hafði ákveðinn tilgang, eins og ég ætla, að mönnum sé reyndar ljóst. Tilgangurinn var sá, að æskufólk gæti skemmt sér á þessum samkomustöðum án þess að verða fyrir barðinu á áfenginu. Nú er svo ástatt, fyrst og fremst hér í Reykjavík og reyndar víðar, að æskufólk á svo að segja enga samastaði við sitt hæfi, sem talizt geta til þess að skemmta sér á eðlilega. Það er að vísu til hér í Reykjavík, alveg nýtilkominn, samkomusalur í hinu nýbyggða húsi Góðtemplarareglunnar. Það mun vera haldið uppi einhverjum áfengislausum samkomum fyrir æskufólk í Breiðfirðingabúð, og Æskulýðsráð Reykjavíkur mun halda uppi samkomum að Fríkirkjuvegi 11. Ég veit ekki um fleiri staði af þessu tagi. En þessir staðir rúma ekki nema lítið brot af æskufólki Reykjavíkur.

Ákvæðið í þessu frv. mþn. var því hugsað þannig, að meðan slíkt ástand varir, að æskufólk á ekki annars úrkosti en að sækja þessa almennu veitingastaði, sem jafnframt eru vínveitingastaðir, yrði þetta gert. Og það er mín skoðun, að í ágreiningi um þetta ákvæði frv. takist á gróðasjónarmið vínsalanna annars vegar, en hagsmunir æskufólksins hins vegar, og ég sé ekkert eftir því, að það komi í ljós, hvaða afstöðu alþm. hafi til þessara ólíku hagsmuna.

Ef hér væri búið svo að æskufólki, að það gæti skemmt sér á viðunandi hátt, án þess að að því sé otað áfengi, er engin þörf á slíku ákvæði eins og er í þessu frv. um vínveitingahúsin. Þetta er aðeins hugsað, meðan þetta ástand varir eins og það er nú. Ég hef orðið þess var, að menn halda jafnvel, að það sé bannað, að æskufólk dvelji á vínveitingahúsum á kvöldin. Það sé bannað með l. Þetta er alger misskilningur. Það er ekkert ákvæði í l., sem bannar unglingum að vera á vínveitingahúsum, nema ákvæði í lögreglusamþykktum bæjarfélaga. Í Reykjavík er það svo skv. lögreglusamþykkt, að yngra fólk en 16 ára má ekki dvelja á vínveitingahúsum. En allir, sem eru orðnir 16 ára, geta dvalið hér á vínveitingahúsum á kvöldin eins og þeim sýnist, og þeir gera það líka. Þegar á það er litið, hvernig ástandið er, er það ekkert undarlegt, þó að vínveitingahúsin séu gróðrarstíur fyrir áfengisneyzlu æskufólks, eins og þau eru núna.

Ég gat þess áður, að í frv. mþn. hefðu ekki verið tekin nein ákvæði önnur en þau, sem allir nm. urðu sammála um, en þegar málið er nú komið á þetta stig, sé ég fulla þörf á því að flytja brtt. við þetta frv., sem ganga lengra eða á annan veg en þær, sem fólust í frv. mþn. Ég mun nefna t. d. refsingar við sölu áfengis til æskufólks, sem ég tel nálgast glæp. Í þessu frv., og reyndar líka hinu fyrra, á að beita smávægilegum sektum. Ég held, að það sé þó varla hægt að neita því, að sökudólgurinn þar er ekki unglingurinn fyrst og fremst, heldur sá, sem selur ungmenninu eða afhendir því áfengi, og þar eigi að koma þungar refsingar. Ég held, að sektir séu ekki sérstaklega árangursríkar. Þar að auki veit ég ekki, hversu þær eru innheimtar nú á tímum. Ég tel t. d., að ef það sannast, að unglingi innan aldursmarkanna er selt áfengi á veitingastað, eigi umsvifalaust að svipta það veitingahús veitingaleyfi um einhvern ákveðinn tíma. Ég held, að það sé það eina, sem gagnar. Það getur svo sem verið gott að hafa sektir, ef þær eru eitthvað í samræmi við brotið, en það getur líka verið hægt að borga allar þær sektir og græða samt á því að selja unglingum áfengi. Þá tel ég, að þegar slíkt brot á sér stað, að unglingar innan aldursmarkanna reynast ölvaðir, hvar sem það er, verði rannsókn þess máls tafarlaust að beinast að því, hver sé hinn brotlegi, sem seldi eða veitti unglingunum áfengi. Og þarna eigi engin vettlingatök við. Ég vil enn nefna eitt, sem er ekki óalgengt, þ. e. þegar ölvaðir menn aka bifreiðum. Ég man ekki í bili, hver refsingin er við því, mig minnir þó, að það séu aðeins sektir, þó kann að vera heimild til þess að dæma þá í varðhald. Nú vil ég spyrja hv. dómsmrh., hvort það sé rétt, sem mér hefur verið tjáð, að varðhaldsdómar séu alls ekki framkvæmdir á Íslandi og hafi ekki verið um alllangan tíma. Ekki aðeins hjá þessari ríkisstj., ég er ekkert að ásaka hana í þessum efnum frekar en aðrar, en mér er tjáð þetta, að þeir séu alls ekki framkvæmdir. Maður getur hugsað sér, hvert aðhald er í slíkum refsingum, þegar þær eru ekki framkvæmdar. Annað er mér einnig sagt, og það er það, að ríkisstj. breyti oft varðhaldsdómum í sektardóma. Ég vil spyrja, er þetta samkvæmt lögum? Er lagaheimild fyrir því, að ríkisstj. geti breytt dómum? Ég á ekki við náðanir, það er annað mál, eða eru þetta kannski náðanir?

Hvað snertir ölvun við akstur tel ég, að ekkert eigi að koma til greina annað en svipting ökuleyfis og það undireins, um einhvern tíma, og þeim mun lengri tíma sem brotið er stærra. Ég vil ekki lengja sérstaklega þessar umr., en ég verð því miður að segja það, að mér hefur oft fundizt áhugi og skilningur alþm. á áfengisvandamálum helzt til lítill, svo ekki sé dýpra tekið í árinni. Það vantar ekki að menn þykist vilja útiloka alla áfengisneyzlu meðal unglinga, en viðbrögð Alþ. í þessu máli á undanförnum árum hafa ekki borið vott um að svo sé. Nú reynir enn á það, hvað

Alþ. vill gera, og hér er nýkosið Alþ. Ætli það taki eitthvað betur á þessu máli en undanfarin þing? Það liggur við að jafnvel alþm. sé það efst í huga að láta mönnum það eftir, t. d. bindindismönnum, kennurum, sumum prestum og jafnvel samtökum kvenna, að tala um áfengismál og gera kröfur um aðgerðir í áfengismálum og láta þar við sitja. Með öðrum orðum, að þeir meini helzt til lítið af því, sem þeir eru að segja, að þeir vilji útiloka áfengið frá unglingum.

Ég legg áherzlu á það, að hv. allshn. athugi þetta frv. rækilega, þau atriði þess, sem ég hef bent á, þær till., sem fram hafa komið á undanförum þingum í þessum málum, umr. um þau frv., sem flutt hafa verið, og hún beiti sér fyrir því, að afgreiðsla þessa máls geti orðið á þessu þingi, svo að það sofni ekki í þriðja sinn. En ef það gerir það, þá er það líka vottur um, hvað alþm. meina um lausn á áfengisvandamálum æskufólks á Íslandi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna þess að hv. dómsmrh. var ekki inni, og ég sé ekki hér frsm. n., þá vil ég leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, er hann fullyrti, að þetta mál væri stjfrv. Svo er ekki. Þetta frv. er flutt af n. og samið af n. upp úr þeim frv., sem áður hafa legið fyrir. Það hefur ekki verið haft samráð við stjórnina um einstök atriði þessa frv. og það er n. sjálf, sem hefur samið þetta frv., — það er nauðsynlegt, að það sé alveg ljóst, — upp úr þeim drögum, sem fyrir hafa legið. Þetta kemur reyndar fram í grg. ótvírætt, ef hún er lesin með nákvæmni, en það hefur hv. síðasti ræðumaður auðsjáanlega ekki gert.

Þá vil ég einnig til skýringar taka það fram, að þegar hann var að tala um breytingu á varðhaldsdómum í sektardóma, sem tíðkað hefur verið í mörg ár, þá er það náðun, alveg tvímælalaust. Þetta er gert skv. þeirri heimild, sem forseti Íslands eftir till. ráðh. hefur til þess að náða, til þess að breyta refsingu. Þetta er áratuga gömul venja. Það má endalaust deila um, hvort hún sé heppileg eða ekki, en hún er óhjákvæmileg meðan við höfum ekki stærri fangelsi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég held, að ég hafi ekki misskilið neitt frsm. þessa máls, frsm. allshn., hér áðan, þegar hann gat þess, að frv. væri flutt skv. beiðni ríkisstj., ég held, að hann hafi alveg sagt það berum orðum og auk þess, að einstakir nm. hefðu ekki tekið afstöðu til einstakra atriða í frv. Ég held, að það sé hreinlega rétt skilið hjá mér. Engum blöðum er um það að fletta, að það stendur hér í grg.: „dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með bréfi dags. 27. nóv. s.l. óskað þess að Alþ. taki mál þetta að nýju til meðferðar," o. s. frv. Ef það er svo, að n. hefur samið frv. og flytur það sem sitt frv., af hverju er frsm. þá að leggja til, að því verði vísað aftur til n., þar sem hún hafi ekkert athugað frv.? Ég held, að hér hljóti að vera misskilningur hjá hv. forsrh., n. á eftir að taka afstöðu til þess frv., sem hér er til umr. Það var þess vegna, að ég tók það fram í minni ræðu, að ég teldi þetta vera stjfrv., af því að ríkisstj. hafði beðið n. að flytja það, sem er algengt. (Gripið fram í.) Ég er hræddur um, að hv. frsm. n. hafi þá eitthvað sagt skakkt.

Um hitt atriðið, að varðhaldsdómum er breytt í sektardóma, þá spurði ég í ræðu minni áðan, hvort þetta væri kannski náðun. (Gripið fram í.) Já, það var spurning, og ég hef nú fengið svar við henni og hef ekkert við það að athuga. En út af fyrir sig er það ekkert sérstakt deiluefni, hvort þetta er stjfrv. eða ekki stjfrv., það er að minnsta kosti flutt skv. beiðni ríkisstj., um það er ekkert að efast. (Gripið fram í.) Það held ég sé nú alveg ljóst mál: „Dóms- og kirkjumrn. hefur með bréfi dags. 27. nóv. s. l. óskað þess, að Alþ. taki mál þetta að nýju til meðferðar." Ég held ég hafi ekki meira við þetta að bæta að þessu sinni.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er rétt að taka af allan vafa um flutning þessa máls, og reyndar ættu þm. ekki að þurfa að vera í neinum vafa um það, þskj. ber það með sér, að frv. er flutt af allshn., þar af leiðandi er það ekki stjfrv., en hins vegar er þess getið í grg., að 27. nóv. hafi dóms- og kirkjumálaráðuneytið skrifað, og eins og þar stendur, óskað þess, að Alþ. taki mál þetta að nýju til meðferðar, og síðan er vitnað í bréfið. Það má til sanns vegar færa, að rn. hafi óskað eftir, að allshn. tæki málið til meðferðar, eins og efni bréfsins segir til um, þegar það er lesið, að það er aðeins ábending til n., hvort hún telji ástæðu til að flytja frv. En með leyfi hv. forseta segir þar, að „fyrir Alþ. 1966—67 hafi legið frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954, og kom undir þinglok til 2. umr. í Nd. frá hv. allshn., en hlaut ekki frekari meðferð í þinginu. Með því að hér er um að ræða frv., sem samið er af mþn. kosinni af Alþ. til þess að leita lausnar á þessu mikilsverða málefni, vill rn. beina því til hv. allshn., hvort hún teldi ekki rétt að taka málið nú upp til flutnings á yfirstandandi Alþ."

Forsaga málsins er sú, að þegar ég tók við embætti dómsmrh. í nóv. 1963, þá lá fyrir þinginu frv. til l. um breyt. á áfengislögum, sem fyrirrennari minn, núv. hv. forsrh. hafði lagt fyrir þingið. Um það mál varð svo ágreiningur í þinginu, sem leiddur var hins vegar til lykta með því, að kosin var mþn. til þess að taka þetta mikla vandamál til meðferðar, en tillöguflutningurinn var nokkuð bundinn við sérstök tilfelli og sérstök vandamál, þ. e. a. s. áfengisneyzlu unglinga, og þessi mþn. skilaði svo, eins og hv. þm. er kunnugt um, allviðamiklu áliti um málið og telur, að það álit feli í sér ýmsar upplýsingar um áfengisvandamálið og meðferð þess hjá öðrum þjóðum og einnig hjá okkur. Hins vegar er ekki hægt að neita því, að frv. það, sem n. lagði fyrir ríkisstj. til flutnings fyrir síðasta Alþ., þótti af mörgum nokkuð rýrt, en hv. 1. þm. Vestf. minnti á það, sem fram kom í nál., að inn í frv. var aðeins tekið það, sem allir voru sammála um í þessari mþn.

Ríkisstj. tók þá afstöðu í fyrra að taka nál. mþn. óbreytt til flutnings sem stjórnarfrv., og enn fór það svo, að frv. náði ekki fram að ganga, hafði þó komið frá n. og meiri hl. verið í öllum aðalatriðum með málinu en flutt brtt. En frekari afgreiðslu hlaut málið ekki, og fyrst tilraun

ríkisstj. til þess að koma nokkru betri skipan á áfengislögin í sambandi við unglingavandamálið mistókst og einnig tilraun Alþ. með skipun mþn., sem sat nærri tvö ár til þess að koma betri skipan á þessi mál, og þegar ríkisstj. tók till. þessarar n. óbreyttar upp í frumvarpsformi og það náði heldur ekki fram að ganga, þá leit dómsmrn., eða ég, svo á, að það væri ástæða til þess, þegar nokkuð var liðið á þing, að vekja athygli allshn., sem mundi hafa fengið málið til meðferðar, á því, að frá þinginu áður lægi frv., sem samið væri af mþn., sem ríkisstj. þá hafði flutt, en hafði þá ekki náð fram að ganga, og hvort ekki væri ástæða til þess fyrir þingnefnd að sinna máli eins og þessu, sem samið er upphaflega af mþn., sem Alþingi kaus í Sþ. til þess að reyna að leiða þetta mál til lykta.

Með þessu held ég, að skýrist alveg flutningur málsins, þ. e. að ríkisstj. fékk ekki þetta frv. til meðferðar, eins og gerist um öll stjfrv., eða til neinnar umsagnar, en það er flutt af allshn., eftir að hún væntanlega hefur athugað málið, að ég mundi álíta gaumgæfilega svo sem eðlilegur háttur væri hjá n., kannske upp úr ábendingu dómsmrn. frá 27. nóv. s. l.

Þetta skiptir nú í sjálfu sér ekki öllu máli, en menn verða að gera sér grein fyrir því, að það er n., sem flytur málið, og þess vegna stenzt það ekki, að hún eigi eftir að taka afstöðu til þess, og er það auðvitað dálítið annarlegt að sjá það, sem segir í lok grg., að einstakir nm. hafi óbundnar hendur um afstöðu til frv. Hversu viðtækt þetta er veit ég ekki, það hefur ekki enn þá komið fram í umr., en ég hygg nú, að menn ættu að reyna að sameinast um frv. á þessu þingi, enda þótt menn séu misjafnlega ánægðir með það, sumum finnist það ganga of langt og sumum of skammt, menn reyni að ljúka meðferð málsins í stórum dráttum í samræmi við það frv., sem hér liggur fyrir frá allshn., og láta það ekki henda eins og hv. 1. þm. Vestf. vék að, að í þriðja sinn skuli sú tilraun, sem gerð er til þess að fá nokkuð betri skipan á þessi mál, verða alveg árangurslaus í þinginu, og ég er sammála hv. þm. um, að það eitt út af fyrir sig er Alþ. ekki til neins sóma.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðeins til þess að fara nokkrum orðum um flutning þessa máls, og geri ég það, vegna þess að ég á sæti í allshn., og hv. frsm. málsins er hér ekki viðstaddur, en var hér fyrir skömmu.

Það, sem gerðist í sambandi við flutning þessa máls, er, eftir því sem ég man bezt, þetta: Nú fyrir fáum dögum skýrði form. n. frá því, að fyrir lægi bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um þetta mál, og ég skildi það svo, að það bréf væri venjulegs eðlis, að n. væri beðin að taka málið til flutnings, og þetta held ég, að nm. hafi yfirleitt skilið svo. Ég óskaði ekki eftir að sjá þetta bréf, taldi ekki ástæðu til þess, en ég skildi þannig efni þess. Síðan kynnti formaður n. efni þessa frv., og eftir það tók n. ákvörðun um flutning frv., og ég man greinilega eftir því, að ég sagði eitthvað á þá leið, að ég vildi að sjálfsögðu að venju verða við beiðni rn. um að flytja málið. En sem slíkt er þetta frv. ekki samið af n., enda liggur það nú nokkurn veginn í augum uppi, að það er það ekki, þar sem einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða reyndar ekki eingöngu það, heldur hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv., og engir sérstakir nm. eru þar tilgreindir. Ég sé raunar ekki, að þetta skipti ákaflega miklu máli. N. mun að sjálfsögðu taka málið aftur upp til meðferðar og taka afstöðu til þess, þar sem einstakir nm. hafa enn ekki þá afstöðu. En út frá þessu sjónarmiði greiddi ég atkv. með því, að frv. væri flutt af n. Ég taldi það ekki hafa verið þannig til meðferðar, að n. sjálf væri flutningsaðili að því. Hitt getur svo vel verið, að bréfið sé þannig orðað, að það sé ekki venjuleg beiðni til n. um flutning á málinu. Það getur vel verið. En þannig bar þetta mál að. Ég mun kynna mér það nánar síðar.

Ég vil svo aðeins segja það, að mér finnst það vera skylt, að n. geri gangskör að því að greiða fyrir því, að málið verði tilbúið til afgreiðslu af hennar hálfu og reyna að ná samstöðu um það, ef unnt er.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er með þetta frv. eins og sagt var um Aþenu forðum, að það virðist hafa stokkið út úr höfði Seifs alskapað, án þess að venjuleg fæðing hafi átt sér stað, slík, sem tíðkazt í mannheimum.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að þetta frv. er annað en það frv., sem var lagt fyrir í fyrra. Hvort það er eins og n. þá hafði flutt brtt. um eða ekki, skal ég ekki segja. En það liggur fyrir yfirlýsing dómsmrh. um það, að þær breyt., sem eru gerðar á frv. frá því, sem var í fyrra, eru ekki gerðar í dómsmrn. Þær eru ekki gerðar í dómsmrn. og fylgdu ekki með málaleitan ríkisstj. um, að málið væri tekið upp, þannig að einhver annar hlýtur að hafa samið þær, enda kemur glögglega fram í bréfi rn., að það hefur ekki gengið frá frv. í heild, vegna þess að þar er m. a. vitnað til samþykktar borgarstjórnarinnar í Reykjavík, sem einhver hefur fært í frumvarpsform, og ég get ekki skilið, að það sé annar en n. sjálf, og hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi hlotið þar eitthvað nærri að koma. Annars upplýsir form. eða frsm. n. sjálfsagt nánar þá dularfullu atburði, sem hér hafa gerzt.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Því miður þurfti ég nú að fara frá á annan fund, svo að ég gat ekki hlustað á þessar umr., en mér skilst, að það hafi orðið einhverjar deilur um það, hver það væri, sem hafi samið þetta frv. Ég heyrði, að hv. 1. þm. Vestf. sagði í upphafi sinnar ræðu, að hér væri um stjórnarfrv. að ræða. Mér finnst alveg sjálfsagt, að það verði hver að kannast við sitt barn, og ég skal fúslega játa það, að ég samdi þetta frv., en ekki ríkisstj., hún er alsaklaus af því að hafa samið þetta frv. Ég hygg, að það, sem liggi til grundvallar því, að dómsmrn. óskaði eftir því, að n. flytti frv., sé það, að ríkisstj. lagði fram frv. á síðasta þingi, sem áfengismálanefnd samdi, og hún lagði það fram alveg óbreytt. Meiri hl. allshn. breytti því frv., og það varð ekki útrætt á síðasta þingi, og þá hygg ég, að dómsmrh. hafi hugsað sem svo, að það væri rétt, að þessi n., sem hafi breytt þessu frv., flytti þá frv. á yfirstandandi þingi. Ég skal taka á mig þá

sök, sem orðið hefur á þeim drætti að flytja frv. frá því að beiðni dómsmrn. barst mér í hendur í lok nóvembermánaðar, og ég hygg, að ef áhugamenn fyrir málinu vilja fá frv. afgreitt hér á Alþ., hafi nú mörg frv., sem eru viðameiri og efnismeiri en jafnvel frv., sem áfengismálan. samdi, verið afgreidd á skemmri tíma heldur en eftir er til þingloka.

Þau nýju ákvæði, sem komu hér inn í frv. og flutt eru að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur, eru auðvitað einnig okkar mál í allshn. Ég lagði þetta frv. fyrir allshn. og skýrði frá ósk dómsmrh. um það, að n. flytti frv. og skýrði það fyrir nm., hverjar breyt. væru í þessu frv. frá upprunalegu frv. áfengismálan., sem ríkisstj. lagði fram. Hv. 1. þm. Norðurl. e. tók það fram, að hann hefði ekki kynnt sér til hlítar það frv., enda átti hann ekki sæti í allshn. í fyrra, en hann vildi veita sitt samþykki fyrir því, að frv. væri flutt af allshn. með þeim fyrirvara, að því yrði vísað til n. aftur, vegna þess að hann og fleiri nm. í allshn. eru nýir í þeirri n. og höfðu ekki fjallað um frv. á síðasta þingi. Ég vona, að þessi orð séu þó hér til skýringar og sannfæri minn ágæta vin, 1. þm. Vestf., um það, að ríkisstj. eigi þetta barn ekki, heldur við í allshn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, en ég ætla, að það sé nú með hinni skilmerkilegu ræðu formanns allshn. nokkurn veginn upplýst, hvernig þetta mál hefur borið að, til viðbótar við það, sem ég sagði hér áðan. Það er rétt, sem hann sagði, að ég átti ekki sæti í þessari n. í fyrra og var þess vegna ekki kunnugt um, hvað þá fór fram á fundum n. eða var talað þar, og það á ekki við um mig einan, því að þeir eru allmargir af núv. nm., sem ekki áttu sæti í n. í fyrra og tóku því ekki afstöðu til þeirrar till., sem þá var um að ræða. Nú held ég, að ekki sé ástæða til þess að ræða meira um þetta formsatriði að öðru leyti en því, að mér er forvitni á að fá að vita það hjá hæstv. dómsmrh., þar sem það er nú komið í ljós, að hann telur eiginlega þetta frv. ekki vera frá sér komið, hvaða afstöðu hæstv. ráðh. hefur til þessa frv. hvort hann er e. t. v. mótfallinn því að einhverju leyti, eins og það hefur komið fram hér í d. Mér skilst samkv. þeim uplýsingum, sem nú hafa komið fram frá formanninum, að það sé hugsanlegt, en það gæti haft þýðingu fyrir n., áður en hún tekur málið til meðferðar á ný, að vita, hvaða afstöðu rn. hefur í málinu, hvort það er e. t. v. andvígt frv. eins og það liggur fyrir.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram út af þessari síðustu fsp., að ég er samþykkur í öllum aðalatriðum þessu frv., sem hér er flutt, og það, að ég óskaði eftir, að n. athugaði flutning málsins, fannst mér vera vegna forsögu málsins og afskipta þingsins af því, og að það ætti að koma fram, hvort þn. vildi taka málið upp eða ekki. Ég skal ekki eyða fleiri orðum um þetta að sinni. Ef inn í afgreiðslu málsins fléttast einhver atriði, sem menn vildu breyta í einu eða öðru tilfelli, sem ekki skipta meginmáli, þá er ég auðvitað eðli málsins samkv. til viðræðu um það eða rn., en í meginatriðum fylgi ég þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 89., 93., 97. og 99. fundi í Nd., 4., 8., 16. og 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, n. 483 og 484, 449, 621).

Forseti tók málið af dagskrá og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Laun listamanna.

Á 82. fundi í Nd., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um laun listamanna, skálda og rithöfunda [172. mál] (þmfrv., A. 424).

Á 83., 84. og 85. fundi í Nd., 28. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 29. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 26 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það má vera, að það sé eins og að bera í bakkafullan lækinn að leggja fram frv. um laun listamanna, skálda og rithöfunda, á þessu þingi, sökum þess að einstakt mál var til meðferðar á seinasta þingi. Það mál var þannig til komið, að veruleg óánægja hafði ríkt um þá skipan, sem hafði verið á úthlutun listamannalauna á undanförnum árum, og því hafði verið borin fram í Sþ. og samþykkt sérstök tillaga, þar sem skorað var á ríkisstj. að hlutast til um, að sett yrði ný löggjöf um þessi mál. Hæstv. menntmrh. tók að sér að hafa forgöngu um undirbúning þessarar löggjafar, sem var ekki vandalaust, og ég hygg, að það megi mjög þakka honum það, að það tókst að ná samkomulagi við viðkomandi listamannasamtök og fleirri aðila, um það, hvernig úthlutuninni skyldi verða háttað til frambúðar.

Þær reglur, sem samkomulag náðist um, felast í þeim l. um listamannalaun, sem samþykkt voru á seinasta Alþingi. Það má að vísu segja, að það sé ekki enn komin full reynsla á, hvernig þessar reglur muni reynast, en þó hygg ég, að frekar megi segja, að þær séu líklegar til þess að verða heldur til bóta.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, eru þessar reglur teknar upp nokkurn veginn óbreyttar, því þó að einhverjir agnúar kunni að felast á þeim, er reynslan enn svo skömm af þeim, eins og ég sagði áðan, að rétt þykir, að það sjáist betur, hvort þær gefi ekki þá raun, sem búizt hefur verið við, eða að minnsta kosti, að menn geti gert sér gleggri grein fyrir því, hverjir agnúar kunni á þessu að vera.

Það hefur komið glöggt í ljós í sambandi við þær 2 úthlutanir, sem hafa farið fram skv. þessum l., að á þeim er verulegur annmarki, og hann er sá, að l. er ekki tryggt neitt ákveðið fjármagn

til listamannalauna, heldur aðeins sagt, að þar skuli farið eftir þeirri fjárveitingu, sem er ákveðin til þeirra á fjárlögum hverju sinni. Niðurstaðan hefur orðið sú, eins og reyndar var áður, að þetta *framlag hefur reynzt allt of lágt, og mikil gagnrýni* hefur orðið á úthlutunum í bæði skiptin, síðan l. voru sett. Sú gagnrýni stafar að mjög verulegu leyti af því, að fjármagn það, sem úthlutunarn. hefur haft handa á milli, hefur reynzt allt of lítið. Þess vegna er það annað meginatriði þess frv., sem hér liggur fyrir, að ráða bót á þessu, með því að ákveða fasta fjárveitingu til listamannalauna. Í fyrsta lagi er lagt til, að sú fjárveiting, *sem nú er á fjárl., haldist óbreytt*, en ekki þó, ef heildarhækkun verður á fjárl., ef hækkun verður á heildarútgjöldum fjárl. í samræmi við þá hækkun, sem á útgjöldum verður, þannig að það á að vera tryggt, að þetta tillag verði aldrei lægra miðað við fjárl. en það er nú. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þetta tillag renni eingöngu til listamanna annarra en skálda og rithöfunda. Til launa handa skáldum og rithöfundum *er gert ráð fyrir annarri fjáröflun*, sem er sú, að til þeirra renni sá söluskattur, sem nú er greiddur af bóksölu í landinu. Það mun vera áætlað, að umsetning bóksölu í landinu sé nú á milli 80—100 millj. kr., nákvæmar tölur eru ekki fyrir hendi um það efni. Söluskatturinn er, eins og kunnugt er, 7½%. Þess vegna ættu þarna að fást tekjur, sem nema nokkrum millj., sennilega alltaf 6—7 millj. kr. miðað við þá umsetningu, sem *verið hefur í bókasölunni tvö síðustu árin*, eða reiknað er með að hafi verið tvö síðustu árin. Það er ekki óeðlilegt, að þessi skattur renni til þess að styrkja skáld og rithöfunda, því að það má segja, að þeir standi raunverulega mest undir bókaútgáfunni, því að frá þeim er það komið, sem oft á tíðum er merkast í henni og hefur mest sölugildi, og með því að láta þetta fé renna til þeirra, er líka óbeint verið að styrkja bókaútgáfuna *í landinu, því að í sumum tilfellum gæti* það kannske auðveldað bókaútgefendum að greiða ekki eins hátt til listamannanna eða rithöfundanna og ella, þó að það sé að sjálfsögðu ekki tilgangurinn með þessu frv.

Í sumum löndum hefur sá háttur verið upp tekinn að hafa alls ekki söluskatt af bókum, eins og t. d. í Noregi, en varðandi það virðist ekki vera neinn vilji fyrir hendi hér á landi, og *þess vegna er eðlilegt, að sú ráðstöfun verði höfð á* þessum skatti á bókasölunni, sem hér er gert ráð fyrir.

Eins og ég áðan sagði er það annar aðaltilgangurinn með þessu frv. að tryggja fast fjármagn til að launa listamönnum, skáldum og rithöfundum í staðinn fyrir, að það er nú háð fjárveitingu í fjárl. hverju sinni og geðþótta Alþ. og þeirra manna, sem um þetta fjalla.

Hitt aðalatriðið í frv. er það, að gert er ráð fyrir, að teknir verði upp sérstakir starfsstyrkir, að af þeim fjárveitingum, sem frv. gerir ráð fyrir, sé tekinn nokkur hluti og honum ráðstafað til þess að veita listamönnum og skáldum sérstaka starfsstyrki. Það hefur lengi verið áhugamál félagsskapar þessara aðila, að slíkar styrkveitingar væru teknar upp. Nokkurt fyrirheit hefur verið gefið um það í öðrum l., sem nýlega hafa verið samþ. hér á Alþ., en hins vegar þó svo takmarkað, að það getur aldrei fullnægt þeirri þörf, sem er fyrir hendi í þessum efnum.

Þetta eru meginatriðin í frv., en hvað snertir *úthlutunarreglurnar sjálfar og kosningu úthlutunarn.* er gert ráð fyrir, að þau ákvæði haldist nokkurn veginn óbreytt frá því, sem er í núgildandi l. eða þeim, sem voru samþ. á seinasta þingi

Ég hygg, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um nauðsyn þess að aðstaða listamanna og skálda sé bætt, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., því að ég hygg, að um það séu þm. nokkurn veginn *sammála. Þó að fjárveitingar hafi ekki verið hærri* til þessara mála á undanförnum þingum en raun ber vitni, þá eru aðrar ástæður fyrir því en óvilji í garð þessara manna, sem því hefur ráðið. Ég vil aðeins benda á eina röksemd, sem ég tel vera mjög mikilvæga í þessu sambandi, og eigi að vera okkur aukin hvatning til þess að tryggja aukið fjármagn til að launa listamenn og skáld. Þessi ástæða er sú, sem öllum er kunnugt um, að sú *einangrun, sem við bjuggum við áður*, er úr sögunni, en hún var á sínum tíma viss vernd fyrir okkar þjóðerni. Nú erum við komnir í alþjóðaleið og við megum búast við því, að alls konar samskipti okkar við aðrar þjóðir fari vaxandi á komandi árum. Við komum til með að taka þátt með einum eða öðrum hætti í alls konar bandalögum, færumst á þann hátt í nánara samstarf við aðrar þjóðir. Þessu fylgja að sjálfsögðu ýmsir kostir, *því að einangrun hefur vitanlega sína galla*, en fyrir þjóðerni okkar fylgir þessu líka margvísleg hætta. Það þýðir ekki annað en horfast í augu við það, og sú vernd, sem einangrunin veitti því áður, er úr sögunni. Hitt er á að líta, að við höfum nú ýmis tæki, sem við höfðum ekki áður, tæki, sem eiga að geta styrkt okkar aðstöðu í þessum efnum, skólarnir eru orðnir fleiri og fjölbreyttari en áður var, og menn fá aðstöðu til þess að njóta *meiri skólamenntunar en áður tíðkaðist, og að* sjálfsögðu geta skólarnir haft sitt að segja eða haft sína þýðingu í þessum efnum, að styrkja okkar þjóðernismeðvitund. Sama má segja bæði um útvarp og sjónvarp, ef því er réttilega beitt. Blöðin geta einnig haft sín áhrif í þessum efnum, ef rétt er á þeim haldið, en þó hygg ég, að ef við lítum til reynslunnar, að þrátt fyrir það, að við megum treysta að meira eða minna leyti á alla þá aðila, sem ég hef hér nefnt, þá verður það samt drýgst, þegar til kemur, til þess að halda við okkar þjóðerniskennd og þjóðernismeðvitund, að við eigum góðum og þjóðlegum listamönnum á að skipa í sem flestum greinum og þá ekki síst skáldum og listamönnum, því að þó að listirnar séu mikilvægar á öllum þessum sviðum, þá hafa að sjálfsögðu skáldin og rithöfundarnir mest að segja og þá alveg sérstaklega í sambandi við varðveizlu og eflingu tungunnar. Okkar reynsla af þýðingu listamanna, og þá sérstaklega skálda og rithöfunda í þessum efnum er slík á undanförnum öldum og áratugum, að það ætti ekki að vera þörf að fara um það mörgum orðum, og hún á jafnframt að gera okkur ljóst, hvaða þýðingu þessir aðilar geta haft á komandi árum, ef rétt er að þeim búið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um

þetta mál að sinni, en leyfi mér að leggja til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Garðyrkjuskóli á Akureyri.

Á 101. fundi í Nd., 19. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um garðyrkjuskóla á Akureyri [191. mál] (þmfrv., A. 681).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

42. Búnaðarbanki Íslands.

Á 5. fundi í Ed., 18 okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands [15. mál] (þmfrv., A. 15).

Á 7. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv þetta um breyt. á l. um Búnaðarbanka Íslands er borið fram af þm. Framsfl., þeim, er sæti eiga í þessari hv. d.

Frv. miðar að því að efla að miklum mun veðdeild Búnaðarbankans og styrkja með því veikan hlekk, sem nú er í bankakerfinu. Hlutverk veðdeildar Búnaðarbankans skv. gildandi l. er það fyrst og fremst að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir eðlilegum viðskiptum á því sviði. En um langt skeið hefur veðdeildina skort tilfinnanlega fjármagn til þess að gegna þessu hlutverki svo vel sem þörf er á og löggjafinn hefur væntanlega ætlazt til að auðið væri.

Þeir, sem vilja efla aðstöðu atvinnurekstrar í sveitum, telja að vísu mikilvægt, að sem mest festa sé í sveitabyggðinni og að jarðir gangi ekki kaupum og sölum, nema fullkomin ástæða sé til. En það er eins í þeim atvinnurekstri og á öðrum sviðum, að ekki er hægt að líta fram hjá því, að óhjákvæmileg er breyting á þessu sviði þannig, að yngri kynslóðin taki við starfi af hinum eldri og geti þá fengið viðhlítandi aðstöðu til að hefja atvinnurekstur. Þróunin hefur verið sú, að búin hafa yfirleitt stækkað og mannvirki á hverju sveitabýli aukizt, en um leið og þróunin stefnir í þessa átt er að miklum mun meira verðmæti bundið í fasteignum í sveitum en áður var. Þessi þróun hefur orðið vegna framkvæmda þeirra, sem atvinnureksturinn stunda, og ríkisvaldið hefur vissulega á margan hátt örvað þessa þróun og stutt að því, að framkvæmdir gætu aukizt í sveitum landsins. Framleiðslan er yfirleitt rekin með vélaafli, svo að afköst við vinnuna verða meiri en áður var, á meðan verkfæri voru frumstæðari. Verðlagsþróunin í landinu veldur því einnig, að miklu fleiri krónur þarf fyrir hverja fasteign nú en var fyrir tiltölulega skömmum tíma. Allt þetta kallar á það, að sæmilega sé séð fyrir lánastarfsemi í sambandi við eigendaskipti á bújörðum, og ef ekki er séð fyrir því og sæmilega búið um hnútana á þessu sviði, verður það æ vaxandi vandamál, eftir því sem meira fjármagn er bundið í fasteignum í sveitum, hvernig á að búa svo í haginn, að unga kynslóðin geti tekið við af þeirri eldri, sem verður að hætta störfum fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum, og þarf að skila af sér til hinna yngri. En fari svo, að ekki sé gert kleift að styðja hina ungu til atvinnurekstrar í sveitum, virðist ekki annað liggja fyrir en sveitabýli, fleiri eða færri, fari í eyði m. a. af þessum sökum. Og ef þróunin verður á þá lund, skapast ný og vaxandi vandamál í sveitum.

Það hefur verið mjög á dagskrá hér undanfarið, hvaða ráðum eigi að beita til þess að viðhalda og auka jafnvægi í byggð landsins, og nokkur viðleitni hefur verið sýnd í þá átt af hálfu löggjafans að veita stuðning í því skyni, að jafnvægisleysið aukist ekki, að minnsta kosti ekki ört frá því, sem nú er. Ég minni á atvinnujöfnunarsjóð í þessu sambandi. En hægara er að styðja en reisa, segir máltækið, og það væri vissulega spor í þessa átt að efla veðdeildina og greiða þannig fyrir eðlilegum og óhjákvæmilegum eigendaskiptum á jörðum og styðja þannig hina ungu til þess að geta hafið sjálfstæðan atvinnurekstur í sveitum landsins. Það mundi jafnvel spara ýmis önnur útgjöld t. d. á vegum atvinnujöfnunarsjóðs og spara ríkisframlög á öðrum sviðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sökum fjárskorts hefur veðdeild Búnaðarbankans á undanförnum árum ekki getað veitt lán, nema mjög takmarkað, vegna þeirra viðskipta, sem hér um ræðir. Það eru ekki mjög mörg ár, síðan hámark veðdeildarláns vegna kaupa á jarðeign var 35 þús. kr. Fyrir nokkru var þetta mark fært upp í 100 þús. kr., og mér er það kunnugt, að Stéttarsamband bænda taldi þessa aðstoð vera alls kostar ófullnægjandi og lagði áherzlu á það í sambandi við samninga á afurðaverði, að á þessu yrði ráðin nokkur bót. Þetta leiddi til þess, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að þetta hámark yrði fært upp í 200 þús. kr., og mun það hafa komið til framkvæmda á þessu ári. Þetta sýnir, að forstöðumönnum bændasamtakanna er það vel ljóst, hvar skórinn kreppir í þessu efni, og að þeir hafa fyrir sitt leyti lagt ríka áherzlu á að fá nokkrar breytingar til bóta á þessu í samningum við hæstv. ríkisstj., og þetta sýnir enn fremur, að ríkisstj. sjálf viðurkennir þörfina í þessu efni. En þó nú sé svo komið, að hámark þessara lána er 200 þús. kr., sem út af fyrir sig er spor í rétta átt, er það að dómi okkar flm. engan veginn fullnægjandi lausn á þessu vandamáli. Það verður ljóst m. a., ef gerður er nokkur samanburður á lánum, sem veitt eru til ýmissa annarra framkvæmda og á öðrum viðskiptasviðum. Lán til íbúða í þéttbýli eru nú komin yfir 300 þús. kr., og þykir það

þó naumast fullnægjandi, og lán til íbúða í sveitum munu vera lítið eitt lægri. L. mæla svo fyrir, að stofnlán til fiskiskipa, sem keypt eru til landsins, megi nema ⅔ kaupverðs, en til fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands allt að 75% kostnaðarverðs, og þetta mun vera þannig í framkvæmd, að lán út á eitt einstakt fiskiskip nemi oft svo millj. kr. skipti. Þess eru einnig dæmi, að veitt er lán út á eina stórvirka vél, sem nemur hærri upphæð en auðið er að fá úr veðdeild Búnaðarbankans til kaupa á jarðeign uppi í sveit. Þessi samanburður sýnir það ljóst, að það er ekki ofmælt, sem ég sagði í upphafi þessara orða, að hér er um að ræða mjög veikan hlekk í bankakerfinu, og þennan hlekk þarf vissulega að styrkja, og við, sem erum flm. að þessu frv., erum að gera tilraun til þess að fá því framgengt með flutningi þessa máls.

Með þessu frv. er kveðið svo á, að lán vegna jarðakaupa megi nema allt að 70% virðingarverðs þeirrar fasteignar, sem um er að ræða. En þá er gert ráð fyrir því, að í framkvæmd verði þessu hagað þannig, að lán, sem hvíla á hlutaðeigandi fasteign og veitt hafa verið úr Búnaðarbankanum vegna bygginga og ræktunar, séu tekin til greina í þessu sambandi, þannig að lán úr veðdeild megi lækka miðað við þetta hlutfall virðingarverðs, sem áhvílandi stofnlánadeildarlánum nemur. Höfum við flm. þá það í huga, að venjulega mun kaupandi eða viðtakandi fasteignarinnar taka að sér greiðslur þeirra lána, sem á fasteigninni hvíla.

Þá eru ákvæði í frv. um það, að lánstími þessara lána skuli vera 40 ár, lánin afborgunarlaus fyrstu 2 árin, og vextir af lánum vegna jarðakaupa skulu eigi vera hærri en 4%.

Til þess að gera veðdeildinni kleift að veita þessi lánakjör er hér lagt til, að tekjur veðdeildarinnar verði auknar að miklum mun frá því, sem nú er. Þær verði, árlegt framlag ríkissjóðs 20 millj. kr., framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, eins og nú er heimilað í stofnlánadeildarlögunum, 10 millj. kr., framlag skv. l. um skatt á stóreignir og svo vaxtatekjur. Enn fremur er mælt svo fyrir í frv., að til viðbótar þessu skuli Seðlabankanum skylt, ef ríkisstj. óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar allt að 100 millj. kr. gegn 5% vöxtum, og veðdeildin endurgreiði Seðlabankanum þetta lán með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til viðbótar þessu er svo veðdeild Búnaðarbankans heimilað skv. frv. að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa í því skyni, að þessi bankavaxtabréf verði hagnýtt, eftir því sem þörf krefur, til þess að greiða fyrir viðskiptum á því sviði, sem hér um ræðir.

Frv. nálega samhljóða því, sem hér er borið fram, hafa áður verið flutt í þessari hv. d., og munu ýmsir hv. þm. segja, að hér sé á ferðinni gamall kunningi. Afdrif þeirra frv. hafa orðið þannig, að þau hafa ekki sætt andmælum hér á þingi. Það virðist vera, að menn hafi viðurkennt gildi þessa máls. Þeim hefur verið vísað til n. með shlj. atkv., en nál. hafa síðan ekki borizt, þó að nægur tími hafi gefizt til að athuga málið.

Við viljum nú vænta þess, að betur takist til í þessu efni nú en verið hefur að minnsta kosti á 2 undanförnum þingum. Og við flytjum þetta mál nú enn í trausti þess, að því verði gaumur gefinn í þn., og að hún skili áliti um málið svo tímanlega, að það af þeim sökum geti orðið lögfest á þessu þingi.

Við flytjum þetta, af því að það er sannfæring okkar, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, sem eigi megi draga lengur en orðið er að setja fullnægjandi löggjöf um. Við höfum það enn fremur í huga, að þetta þing er hið fyrsta eftir almennar kosningar, og svo hefur skipazt, að nokkuð margir menn, sem ekki áttu sæti á þingi á síðasta kjörtímabili, eru hér nú, og viljum við þá gefa þeim tækifæri til þess að athuga þetta mál og standa að framgangi þess. Og enn má minnazt þess, að aldrei er örvænt um, að það vaxi skilningur hjá þeim, sem áður hafa fjallað um þetta mál, og því sé nú tryggður greiðari gangur í gegnum þingið en reynzt hefur að undanförnu.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Síldarútvegsnefnd (frv. JÞ o. fl.).

Á 30. fundi í Ed., 7. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar [70. mál] (þmfrv., A. 112).

Á fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frá því að síldarútvegsnefnd var sett á stofn í árslok 1934, hefur aðalskrifstofa nefndarinnar verið á Siglufirði, enda segir svo í hinum fyrstu l. um síldarútvegsnefnd frá 29. des 1934, að nm. eða varamenn þeirra skuli allir dvelja á Siglufirði yfir síldveiðitímann. Í reglugerð útgefinni 8. apríl 1935, sem byggð er á þessum l., er skýrt fram tekið, að sölustarfsemi n., sem þá var rekin undir sérstöku nafni, hafi heimili og varnarþing á Siglufirði. Þessi reglugerð er felld úr gildi með nýrri reglugerð útgefinni 23. júní 1952, en í hinni nýju reglugerð stendur berum orðum, að síldarútvegsnefnd skuli eiga heimili og varnarþing á Siglufirði.

Árið 1962 eru svo sett ný l. um síldarútvegsnefnd og l. frá 1934 afnumin. Í 6. mgr. 1. gr þessara l. segir, að n. skuli hafa aðsetur sitt á Siglufirði á síldarvertíð norðanlands og nm. eða varamenn þeirra dveljast þar þann tíma, eftir því sem n. sjálf ákveður. Á síldarvertíð sunnanlands skuli n. með sama hætti hafa aðsetur í Reykjavík. Ný reglugerð hefur ekki verið sett eftir gildistöku l. frá 1962, og hefur því verið

litið svo á, að reglugerðin frá 1952 væri enn í gildi og þar með talið ákvæði um heimilisfestu síldarútvegsnefndar á Siglufirði, enda hefur n. sjálf staðfest þann skilning. En hvað felst í því, að heimili opinberrar stofnunar skuli vera á tilteknum stað? Eðlilegast er að skilja það svo, að þar skuli vera meginstarfsemi stofnunarinnar, aðalbækistöð hennar og aðalskrifstofa.

Nú hafa þau tíðindi gerzt, að síldarútvegsnefnd hefur ákveðið að flytja aðalskrifstofu sína frá Siglufirði til Reykjavíkur. Hefur n. þegar sagt upp öllu starfsfólki sínu til þess að undirbúa þessa breytingu, sem ætlunin er að hrinda í framkvæmd að vori. Það liggur nærri að álykta, að ákvörðun síldarútvegsnefndar sé brot á ákvæðum reglugerðarinnar frá 1952 um heimilisfang á Siglufirði. En hvað sem lagalegum sjónarmiðum líður, er hitt alveg augljóst, að brottflutningurinn yrði mikið áfall fyrir Siglufjörð, og á ég þar ekki einungis við hagsmuni þeirra manna, sem misstu atvinnu sína af þessum sökum, heldur einnig við dvínandi trú fólksins á Siglufirði á gildi staðarins og framtíð hans, ef fyrirætlan þessi næði fram að ganga. Ákvörðunin um flutning aðalskrifstofunnar til Reykjavíkur er nýjasta dæmið um hina ríku tilhneigingu til þess að flytja allt til Reykjavíkur, hafa allt á sama stað, þannig að landsmenn geti ekki ráðið ráðum sínum eða fengið úrlausn mála sinna nema með því að sækja til höfuðborgarinnar.

Ég vil þó taka fram, að forráðamenn Reykjavíkurborgar hafa ekki verið hvatamenn þessarar þróunar. Aðstreymi til Reykjavíkur veldur þeim margvíslegum erfiðleikum, og þeir skilja vel, að efling landsbyggðarinnar er styrkur höfuðborgarinnar.

Fyrirætlan síldarútvegsnefndar um brottflutning aðalskrifstofunnar frá Siglufirði til Reykjavíkur er í algerri mótsögn við þá stefnu, sem felst í eflingu landsbyggðarinnar og þá einkum þeirra byggðarlaga, sem eiga í vök að verjast. Skýtur nokkuð skökku við, að á sama tíma og Efnahagsstofnunin er að semja Norðurlandsáætlun til að rétta hlut byggðarlaganna í þessum landsfjórðungi og leggja drög að stofnun nýrra atvinnufyrirtækja á þessu svæði, skuli opinber stofnun ákveða án gildra ástæðna að leggja starfsemi sína að mestu niður norðanlands og flytja hana í fjölbýlið við Faxaflóa. Sérfræðingar í vandamálum dreifbýlisins, bæði innlendir og erlendir, eru yfirleitt sammála um það, að eitt öflugasta ráðið til þess að styrkja byggðarlög, þar sem fólksfækkun og samdráttur á sér stað, sé að efla opinberar stofnanir í þessum byggðarlögum og vinna að því að dreifa starfsemi ríkisstofnana út um landið.

Þetta frv., sem hér er til umr., er flutt af 4 þm. Norðurlands úr öllum stjórnmálaflokkum. Meginmarkmið frv. er að hnekkja ákvörðun síldarútvegsnefndar með því að lögfesta það ótvírætt, að aðalskrifstofa n. skuli vera á Siglufirði. Með frv. er einnig að því stefnt að ákveða það í l. í stað reglugerðar, að heimili og varnarþing síldarútvegsnefndar sé á Siglufirði. Jafnframt er í frv. fólgin niðurfelling þess ákvæðis gildandi l., að síldarútvegsnefnd hafi aðsetur á Siglufirði á síldarvertíð norðanlands, en í Reykjavík á síldarvertíð sunnanlands. Svo sem síldargöngum og veiðitímabilum hefur verið háttað síðustu árin, er hæpið að kenna síldarvertíð við tiltekinn landsfjórðung nema þá helzt Austurland. En í ákvæðum frv. um aðalskrifstofu og heimilisfang á Siglufirði felst það vitanlega, að þar verður síldarútvegsnefnd að koma saman við og við.

Frv. er af hálfu okkar flm. byggt á þeirri lágmarkskröfu, að hlutur landsbyggðarinnar haldist óskertur. Þegar dýpra er skyggnzt, er hér ekki um sérhagsmunamál Siglfirðinga eða Norðlendinga að ræða, heldur þá grundvallarhagsmuni landsbyggðarinnar að standa saman og spyrna fast gegn ásóknaröflum höfuðborgarvaldsins. Menn, sem telja það að öðru jöfnu lítt ákjósanlegt, að opinberar stofnanir flytji starfsemi sína utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur, kynnu að spyrja, hvort í þessu sérstaka tilfelli sé ekki um einhverjar veigamiklar ástæður að tefla, sem réttlæti þennan brottflutning. Þessa spurningu er rétt að athuga og kryfja til mergjar þau rök, sem síldarútvegsnefnd og málsvarar hennar hafa fram að færa málstað sínum til framdráttar. Á fundi síldarútvegsnefndar 10. ágúst s. l. var gerð svofelld samþykkt:

„Síldarútvegsnefnd samþykkir að flytja aðalskrifstofu n. frá Siglufirði til Reykjavíkur eigi síðar en í lok núverandi reikningsárs 30. apríl 1968."

Með þessari samþykkt telur n. sig verða við óskum frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, en aðalfundur þess félagsskapar hafði nú í ár gert svofellda fundarsamþykkt með samhljóða atkv.:

„Aðalfundur Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi telur nauðsynlegt, að skrifstofu síldarútvegsnefndar í Reykjavík verði falin yfirumsjón með söltun Norður- og Austurlandssíldar, en skrifstofur verði þó áfram á Siglufirði og Austurlandi."

Í þessari samþykkt felst beiðni um að svipta Siglfirðinga aðalskrifstofunni og flytja hana suður. Mér er ekki kunnugt um, hvar eða hvenær þessi aðalfundur Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi var haldinn né heldur, hversu margir síldarsaltendur voru þar mættir og hvaðan þeir voru, sem fundinn sátu. Hitt er alveg augljóst, að Reykvíkingar eiga mikil ítök í þessum félagsskap, og í ljósi þess verður að skoða fundarsamþykktina. En frómum óskum frá þessum félagsskap er ekki unnt að sinna nema þær séu á gildum rökum reistar og skaði ekki hagsmuni annarra. Enn síður er hægt að taka til greina það sjónarmið, sem formaður þessa félagsskapar hefur boðað opinberlega, að Alþ. komi þetta mál ekkert við.

Staðsetning opinberra stofnana er löggjafaratriði, sem Alþ. hefur ávallt látið til sín taka, og ég vænti þess, að á því verði engin breyting.

Síldarútvegsnefnd hefur sent frá sér grg. um þetta mál, og fulltrúi Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi í n., Sveinn Benediktsson, hefur að undanförnu ritað greinar um málið í Morgunblaðið. Helztu rökin fyrir brottflutningi aðalskrifstofunnar, sem fram komu í grg. síldarútvegsnefndar og blaðagreinum Sveins Benediktssonar eru þessi:

1. Meiri hl. nm. í síldarútvegsnefnd er búsettur í Reykjavík eða nágrenni. 2. Margir síldarsaltendur á Norður- og Austurlandi eru búsettir á Reykjavíkursvæðinu. 3. Greiðari samgöngur og betra símasamband er við Reykjavík en Siglufjörð. 4. Sölustarfsemi n. sé undirbúin í Reykjavík, og þar fari fram samningaviðræður við erlenda síldarkaupendur. 5. Skrifstofan á Siglufirði eigi erfitt með afgreiðslu mála vegna fjarveru nm. Aðalskrifstofan þurfi að vera, þar sem n. hafi aðsetur, en það sé í Reykjavík.

Þessar röksemdir hafa ekki mikið gildi, þegar betur er að gáð. Það er breytingum undirorpið, hvar einstakir nm. eru búsettir og aðsetur stjórnarnefnda getur ekki miðazt við það, hvar meiri hl. nm. er búsettur hverju sinni. Síldarsöltun hér á landi fer aðallega fram norðanlands og austan. Því er það eðlilegt, að sú stofnun, sem hefur yfirumsjón með þessari atvinnugrein, sé í alvöru en ekki upp á punt staðsett á þessu landssvæði. Eigendur fjármagnsins í þessari atvinnugrein eru að vísu margir búsettir í Reykjavík og nágrenni, en það skiptir miklu minna máli. Aðstaða Siglufjarðar til að vera miðstöð síldarútvegsnefndar hefur stórbatnað á undanförnum árum. Þar er sjálfvirkur sími, sem er opinn allan sólarhringinn. Flugvöllur hefur verið gerður þar, og kaupstaðurinn er kominn í varanlegt vegasamband við þjóðvegakerfi landsins. Að vísu hefur Siglufirði hnignað sem síldarútvegsbæ að undanförnu vegna breytinga á síldargöngum, en þrátt fyrir það eru hvergi jafn margar síldarsöltunarstöðvar eins og á Siglufirði. Hluti Siglufjarðar í síldarsöltun mundi fljótlega vaxa á ný, ef síldin gengur norður fyrir land auk þess, sem uppi eru ráðagerðir á Siglufirði um kaup á skipi til flutninga á síld til söltunar af fjarlægum miðum.

Þá er á það að líta, hvort nauðsynlegt sé að hafa aðalskrifstofuna í Reykjavík, því að þar fari fram undirbúningur sölustarfsemi n. og viðræður við erlenda síldarkaupendur. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp ákvæði reglugerðarinnar frá 1935, en þar segir í 1. gr., að síldarútvegsnefnd hafi með höndum sölu til útlanda og útflutning allrar léttverkaðrar saltsíldar, en í 2. gr reglugerðarinnar segir, að þessi starfsemi n. skuli rekin undir sérstöku nafni og hafa heimili og varnarþing á Siglufirði. M. ö. o. sagt er Siglufjörður þegar á árinu 1935 gerður að sölumiðstöð fyrir útflutta saltsíld. Hvað er því til fyrirstöðu, að Siglufjörður geti gegnt þessu hlutverki enn í dag? Ég kem ekki auga á neinar gildar ástæður. Á það má t. d. benda, að sölufélag Kísiliðjunnar við Mývatn verður staðsett á Húsavík, og þaðan verður að annast sölu á framleiðsluvörum verksmiðjunnar út um allan heim. Sú villukenning má ekki festa rætur, að eigi sé unnt að selja héðan vörur til útlanda nema í gegnum Reykjavík.

Sú röksemd brottflutningsmanna, sem fljótt á litið virðist veigamest, er, að yfirstjórn verði ekki nógu samhent, nema aðalskrifstofan og n. hafi aðsetur á sama stað, þ. e. a. s. í Reykjavík. En mætti þá ekki alveg eins snúa dæminu við og flytja n. norður? Af hverju eru ekki fyrir hendi nægjanleg tengsl milli n. og aðalskrifstofunnar á Siglufirði? Það stafar einfaldlega af því, að síldarútvegsnefnd hefur árum saman ekki haldið neina fundi á Siglufirði og þar með brotið fyrirmæli l. um aðsetur á Siglufirði yfir síldveiðitímann norðanlands. Þessi vanræksla n. á síðan að verða grundvöllur þeirra ákvörðunar að flytja suður. Þessi grundvöllur er vægast sagt veikur. Talsmenn síldarútvegsnefndar gera þó sennilega of mikið úr nauðsyn þess, að n. haldi að jafnaði fundi sína á þeim stað, þar sem aðalskrifstofan er. Til er önnur hliðstæð ríkisstofnun, þar sem þetta virðist ekki koma svo mjög að sök, en það eru Síldarverksmiðjur ríkisins, sem hafa aðalskrifstofu á Siglufirði, þótt stjórn verksmiðjanna komi yfirleitt saman til funda í Reykjavík. Engar kröfur hafa komið fram um að flytja aðalskrifstofu Síldarverksmiðja ríkisins suður og vonandi eru þær ekki á döfinni.

Síldarútvegsnefnd segir, að þótt flytja eigi aðalskrifstofuna til Reykjavíkur, eigi eftir sem áður að reka skrifstofu á Siglufirði. Ekkert hefur komið fram um það opinberlega, hvernig sá skrifstofurekstur sé fyrirhugaður. Undanfarin ár hafa unnið á skrifstofu n. á Siglufirði 6—8 starfsmenn, en starfsmenn skrifstofunnar í Reykjavík hafa verið litlu færri. Menn, sem eru kunnugir þessum málum, hafa látið það álit í ljós við mig, að meiningin sé að fækka starfsmönnum skrifstofunnar á Siglufirði niður í 1—2 og fjölga starfsliðinu í Reykjavík að sama skapi. Ekki mundi slík breyting horfa til sparnaðar, því að síldarútvegsnefnd á stórt skrifstofuhúsnæði á Siglufirði auk framkvæmdastjórabústaðar, en þessar eignir yrðu ekki nýttar til fulls, ef aðalskrifstofan yrði flutt á brott.

Þá er á Siglufirði tunnuverksmiðja, sem síldarútvegsnefnd sér um rekstur á, eins og kunnugt er, og kemur þar fram enn ein ástæða til að breyta ekki staðsetningu aðalskrifstofunnar.

Ég leyfi mér að vitna til eindreginna og vel rökstuddra mótmæla gegn tilfærslu aðalskrifstofunnar frá fjórðungsráði Norðlendinga og bæjarstjórn Siglufjarðar, sem tekin er upp í grg. með frv. þessu. Enn fremur vil ég vitna til mótmælasamþykktar 10. þings Alþýðusambands Norðurlands, sem haldið var í októbermánuði s. l., en þingið telur það háskalega öfugþróun, að þær fáu stjórnarstofnanir atvinnulífsins, sem staðsettar eru úti á landsbyggðinni, séu fluttar til Reykjavíkur.

Við flm. þessa frv. álítum það eðlilegt, að síldarútvegsnefnd hafi auk aðalskrifstofunnar á Siglufirði skrifstofu í Reykjavík og á Austurlandi, en við mótmælum fyrirhuguðum brottflutningi sem tilræði við byggðajafnvægi í landinu og sem þarflausri tilfærslu að því, er hagsmuni síldarsaltenda varðar.

Á Siglufirði ríkir nú mikill samdráttur í atvinnulífinu, og þar er margt fólk atvinnulaust. Hér er því verið að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur. Þessi áhlaupi verður að hrinda, en það verður einungis gert með því að tryggja það, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar verði áfram á Siglufirði með óbreyttum verkefnum.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. BGuðbj og ÓlJ).

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands [84. mál] (þmfrv., A. 180).

Á 41. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Ásamt hv. 3 þm. Norðurl. v. hef ég leyft mér að flytja á þskj. 180 frv. það, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr. Efni frv. er um að hækka þau lán, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir út á skip smíðuð innanlands úr 75% í 85% af kostnaðar- eða matsverði skipsins. Mismunur lána út á erlenda og innlenda smíði fiskiskipa hefur að vísu verið nokkur á undanförnum árum — 67% hefur verið lánað af mats- eða kostnaðarverði út á erlendu skipin á móti 75% út á þau innlendu. Við flm. þessa frv. teljum þann mismun of lítinn, og liggja til þess margar ástæður. Við teljum mjög óhagkvæmt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að nýta ekki það vinnuafl, sem við höfum í þessum iðnaði. Innlendir járniðnaðarmenn og þeir aðrir, sem að skipasmíðum hafa unnið, hafa sannað í verki, að þeir eru færir um að inna af höndum skipasmíðar á borð við erlenda starfsbræður sína. Við höfum á undanförnum árum vanrækt þennan mikilvæga iðnað, innlendar skipasmíðar, og í stað þess allt að því byggt upp erlendar skipasmíðastöðvar með skipakaupum okkar t. d. frá Noregi.

Það hefur verið talið, að skip keypt erlendis frá hafi verið ódýrari. Við, sem að þessu frv. stöndum, teljum þó raunverulegan hagnað af kaupum á fiskiskipum byggðum erlendis miklu minni en menn hafa viljað vera láta og alls ekki hafi alltaf verið tekið tillit til þeirra útgjaldaliða, sem raunverulega hljóta að fylgja þessum skipakaupum. Beinn og óbeinn kostnaður er miklu meiri í fjölmörgum tilfellum, og mun ég ekki rekja það nánar hérna. Skipasmíðastöðvar okkar hafa verið verkefnalitlar fram að þessu, enda þótt nú hafi nokkuð birt upp í þessum efnum hjá Akureyringum með smíði hinna nýju strandferðaskipa. Hins vegar hafa margar skipasmíðastöðvar hér á landi komið sér upp mjög góðum tækja- og húsakosti, og þar sem ég þekki til bezt, á Ísafirði, hafa bæði pólskir skipaverkfræðingar og danskir skipasmiðir látið í ljós hrifningu sína yfir þeirri aðstöðu, sem þar er búið að skapa. Samt hefur þessi skipasmíðastöð verið verkefnalaus fram að þessu.

Vinnulaunakostnaður við smíði á t. d. 200 tonna fiskiskipi var fyrir gengisbreytinguna talinn vera um 50% af heildarverði skipsins. Það hlýtur því að vera mikið hagsmunamál þeirra staða, þar sem skipasmíðastöðvar hafa verið byggðar, að verkefni séu fyrir hendi auk þess gjaldeyrissparnaðar, sem þetta hlýtur að hafa í för með sér fyrir þjóðarbúið. Á undanförnum árum hafa viðgerðir stálskipanna, sem keypt hafa verið, verið litlar. Flokkunarviðgerðir skipanna fara ekki að segja verulega til sín fyrr en eftir 7—8 ár, og fara þær viðgerðir því brátt að koma í ljós. En skipasmíðastöðvarnar eru að mörgu leyti vanbúnar að taka þessar viðgerðir að sér vegna þjálfunarleysis starfsmanna sinna.

Fyrir nokkrum árum var haldin ráðstefna í Gautaborg, að mig minnir á vegum FAO, og þar voru saman komnir tæknifróðir menn varðandi skipasmíðar. Það var einróma álit ráðstefnunnar, að skipasmíðar væru aðalforsenda þess, að þjóðirnar, bæði þróaðar og vanþróaðar, gætu innt af höndum þær viðgerðir fiskiskipa, sem nauðsynlegar væru hverri fiskveiðiþjóð. Og það er varla vansalaust okkur Íslendingum, sem eigum svo stóran fiskiskipaflota, að sinna ekki sjálfir mestum hluta nýsmíði og viðgerða skipa okkar.

Eitt af þýðingarmestu atriðum í sambandi við skipasmíðar innanlands eru lánamálin. Það getur á engan hátt talizt óeðlilegt, þótt lán til skipa byggðra innanlands séu hærri en til þeirra skipa, sem byggð eru erlendis. Hér er um að ræða að búa betur að því, sem íslenzkt er. Í rauninni ættu skipasmíðar hér að vera stóriðnaður, þungaiðnaður á okkar mælikvarða, og þessi iðnaður á fullan rétt á að þróast í þá átt í stað þess að vera í sífelldum þrengingum, eins og verið hefur á undanförnum árum. Með þessum orðum er ég ekki að gera lítið úr því, sem gert hefur verið í sambandi við uppbyggingu skipasmíðastöðvanna. En það hefur verið allt of mikið tómlæti í að láta skipasmíðastöðvarnar hafa verkefni. Okkur hefur skotizt yfir þýðingu þessa iðnaðar hér á landi, en nú er svo komið, að óhjákvæmilegt er að stuðla að mjög auknum skipasmíðum innanlands öllum til hagsbóta. Einn þáttur þess er að auka lánveitingar verulega, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Þess má og geta hér, að Danir munu t. d. lána allt að 90% af kostnaðarverði skipanna, sem byggð eru innanlands fyrir þarlenda menn. Þannig líta þeir á þessi mál.

Í þessu frv. okkar er einnig gert ráð fyrir því, að lán til eldri skipa eigi sér stað. Í vissum tilfellum hafa slík lán verið veitt, en þó af mjög skornum skammti. Hér er lagt til að taka upp ákveðna prósentu af matsverði skipa, matsverði, sem hefur verið fundið að mati trúnaðarmanna Fiskveiðasjóðs.

Það hefur margoft komið fyrir, að lagt hefur verið í að endurbyggja gömul skip og þau talin mjög vel nothæf í mörg ár einmitt í sambandi við þorskveiðarnar, sem þýðingarmestar verða að teljast til hráefnisöflunar fyrir frystihúsin. En þessi lán hafa verið af mjög skornum skammti og óhagkvæm. Ég gæti tekið eitt nýlegt dæmi, sem ég þekki. Það var skip, sem metið var á 1.100.000 kr. af trúnaðarmönnum Fiskveiðasjóðs. Það hvíldi ekkert á skipinu fyrir í Fiskveiðasjóði, en til

þess að fá lán þurfti að setja aukaveð í fasteign. Það var boðið fram fasteignaveð, sem var að brunabótamati milli 500—600 þús. kr. Samt fékkst ekki lán út á skipið og fasteignina nema 150 þús. kr. til 5 ára. Þetta eru lán, sem koma að mjög takmörkuðum notum, en skipin eru mjög vel nothæf í fjölda ára, og ættu því að eiga rétt á að fá einhver lán, enda þótt þau væru mun lægri en út á nýju skipin. Þess vegna höfum við tekið þarna til, að lánað yrði 45% af matsverði þessara eldri skipa.

Herra forseti. Ég mun nú ekki hafa fleiri orð um þetta, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tel rétt, að áður en þessu frv. er vísað til n. við 1. umr. hér, að láta þess getið, að meginefni þessa frv. hefur þegar um nokkurt skeið verið til umr. í ríkisstj. og þá jafnframt ræddar þær leiðir, sem til greina gætu komið um að efla Fiskveiðasjóð til þess að annast það hlutverk, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, sér í lagi með tilliti til innlendrar skipasmíði, og eins þá og jafnframt með hvaða hætti öðrum mætti koma til móts við þær óskir, sem uppi hafa verið, bæði meðal væntanlegra skipaeigenda og innlends skipasmíðaiðnaðar um, að lánin hækkuðu svo sem fram kemur í frv. þessu.

Hinn 4. þ. m. var samþ. í ríkisstj. að beita sér fyrir því, að þessi lán yrðu tryggð, þ. e. a. s., að hækkuð yrðu lán úr 75% frá því, sem er gert ráð fyrir í l. í dag, 85%. Yfir stendur enn þá könnun á því, hvort rétt sé eða hagkvæmara þyki, að þetta viðbótarlán komi fram í aukinni aðstoð við Fiskveiðasjóð, sem um nokkurt skeið hefur átt í miklum fjárhagslegum örðugleikum, eða hvort hagkvæmara og eðlilegra þyki, að þessi lán verði veitt eftir öðrum leiðum, og hefur þá m. a. verið hugsað um Iðnlánasjóð í því tilefni. Endanlegar niðurstöður eru eðlilega ekki komnar í þessu máli, en ég taldi eðlilegt, að hv. þd. vissi um, að þessi mál hafa um alllangt skeið verið til umr. í ríkisstj., og unnið er þar kappsamlega að því, að meginefni þessa frv. nái fram að ganga, og hefur verið unnið um alllangt skeið að því máli.

Flm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hér gaf í sambandi við það, að fyrirhugað er að auka lánveitingar út á fiskiskip, enda þótt ekki sé ráðið, í hvaða formi þessi lán verða veitt. Ég er þeirrar skoðunar, eins og raunar ætti að vera óþarfi að taka fram og kemur fram í frv., að æskilegast væri, að Fiskveiðasjóður veitti þessi lán, en ekki aðrir sjóðir, vegna þess að ég tel, að það þurfi að koma þessu í það fast form, að þetta verði til frambúðar, að stofnlán séu veitt úr einum og sama sjóði allt að 85% af kostnaðar- eða matsverði bátanna, og þá eins og ég segi eðlilegt, að það yrði gert af hálfu Fiskveiðasjóðs. Ég hef aðeins heyrt á það minnzt, að hugsanlegt væri, að Iðnlánasjóður eða einhverjir slíkir veittu þetta. Það er auðvitað góðra gjalda vert, ef Iðnlánasjóður er þess umkominn að veita lán, en svo að maður drepi nú á atriði, sem kom fram í framsögu hjá mér um skipasmíðastöðvarnar, að Iðnlánasjóður þarf að sinna þeim, þá væri mjög æskilegt, að hægt væri. T. d. hafa skipasmíðastöðvarnar enga möguleika á að fá lán út á hráefni til skipasmíðanna. M. a. þess vegna teldi ég æskilegra, að Fiskveiðasjóður veitti þetta, þannig að það yrði ekki minnkaður möguleiki Iðnlánasjóðs á að veita lán til þessa iðnaðar, sem er allfjárfrekur og þarf á miklu að halda. Hann hefur þegar veitt fyrirgreiðslu á undanförnum árum, og það ber að þakka og meta, en eigi að síður býr þessi iðnaður, sem er eins og ég segi allfjárfrekur, við nokkuð nauman fjárhag og hefur verið í nokkrum þrengingum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru nokkur orð, sem ég vildi leggja í belg á þessu stigi málsins.

Í sjálfu sér er náttúrlega minnstur vandinn að ákveða að hækka lánsmarkið úr Fiskveiðasjóði úr 75% í 85%, og eins væri það lítill vandi að segja, að Iðnlánasjóður skyldi lána 10% viðbótarlán. Vandinn er að hafa fjármunina til þessara hluta, og það er það, sem við þurfum að gera okkur grein fyrir. Auk þess kom nokkuð fram í framsöguræðu 1. flm., sem er ástæða til að leiða hugann svolítið betur að. Hann sagði t. d., að skipasmíðastöð Marsellíusar Bernharðssonar á Ísafirði hafi verið verkefnalaus, frá því að hún var tilbúin til að taka við verkefnum. Það er rétt, að þessi skipasmíðastöð hefur ekki tekið að sér neitt verkefni. En ég tel, samkvæmt þeirri þekkingu, sem ég hef á þessu máli, að það sé ofmælt, að hún hafi verið verkefnalaus, fyrr en þá kannske alveg upp á síðkastið. Spurningin var um það, hvort Marsellíus Bernharðsson teldi sig hafa aðstöðu til þess að gera föst tilboð eins og aðrar skipasmíðastöðvar, sem hafið hafa göngu sína hér, en vegna ýmiss konar fjárhagslegra örðugleika og við skulum segja eðlilegs hiks í upphafi í svona rekstri, mun hann ekki hafa talið sig reiðubúinn til þess að skapa sér verkefni með því að gera föst tilboð um ákveðna smíði tiltekinna gerða skipa. Þó er þetta einn af mestu framtaksmönnum, sem ég þekki hér í þessari grein, og hefur komið upp þessari stórmyndarlegu skipasmíðastöð með ágætistækjum, eins og réttilega var vikið að af framúrskarandi dugnaði, en líka með ákaflega góðri aðstoð peningastofnana í landinu og þá fyrst og fremst Útvegsbanka Íslands.

Ég held, að menn verði að gera sér grein fyrir því, að það fær ekki staðizt, að það hafi verið sýnt of mikið tómlæti af opinberri hálfu til þess að afla skipasmíðastöðvunum verkefna nema síður sé. Það fær engan veginn staðizt. Það hafa verið, eins og kunnugt er, byggð mjög mörg fiskiskip erlendis á undanförnum árum. Þau skip voru byggð erlendis á þeim tíma, þegar ekki var aðstaða til þess að byggja stálskip hér innanlands, og ríkisstj. eða bankarnir, fyrst og fremst Seðlabankinn, stuðluðu þá að því að útvega lán til þessara erlendu skipasmíða, meðan engir möguleikar voru til að byggja hér innanlands til þess að fullnægja eftirspurninni hjá útvegsmönnum og sjómönnum á þessu sviði.

Nú sé ég það sums staðar, að það er farið að ásaka stjórnarvöldin fyrir að hafa hjálpað of

mikið til þess að láta byggja skip erlendis. Eftir að skipasmíðastöðvar fóru að rísa hér upp á allrasíðustu árum og með þeim hætti, að þeim var kleift að byggja stálskip, var hert á öllum reglum og gert örðugra um vik viðkomandi aðilum að byggja skip erlendis miðað við það, sem áður var. Það voru gerðar strangari kröfur til þess að stuðla að skipasmíðinni hér innanlands. Samtímis áttum við sjútmrh. hlut að máli um það í viðræðum við viðskiptabankana, að jafnframt því sem innlenda smíðin gæti notið 75% lána á móti 67% lánum erlendis, væri tekið linara á því, að sá, sem smíðaði innanlands eða léti smíða fyrir sig innanlands, væri í upphafi tilbúinn að leggja fram 25% eða sinn hluta, eins og skilyrðislaust var krafizt af þeim, sem létu smíða fyrir sig erlendis, að þeir hefðu „deponerað" hér sínum hluta, þ. e. a. s. 33% af væntanlegu verði. Þetta átti einnig að stuðla að því að gera samkeppnisaðstöðu íslenzku skipasmíðastöðvanna betri.

Í byrjun s. l. árs eða fyrri hluta þessa árs var töluvert álitamál, hvort íslenzku skipasmíðastöðvarnar væru samkeppnishæfar við erlenda skipasmíði að gæðum og verði, og það hefur alltaf verið mjög mikil viðkvæmni að ætla útveginum að kaupa innanlands frá vörur, a. m. k. ef þær væru ekki algerlega samkeppnishæfar að verði og gæðum, og á ég þar ekki sízt við íslenzka veiðarfæraiðnaðinn. Á þessum tíma hófu fyrirsvarsmenn skipasmíðastöðvanna viðræður við iðnmrn. um svokallaðar seríubyggingar á skipum, þ. e. a. s., að þeir fengju aðstoð til þess eða stuðlað væri að því, að skipasmíðastöðvarnar gætu byggt svo og svo mörg skip af sömu stærð og gerð. En það hefur alltaf þótt við brenna í sambandi við þau skipakaup, sem gerð hafa verið erlendis, að næstum því hver einasti maður hefur viljað hafa sitt eigið lag á þeim skipum eða það lag, sem skipstjórarnir hafa kosið að hafa. Auðvitað hefur þetta ódrýgt alla þá fjármuni, sem hafa farið til kaupa á þessum skipum. Í sumum tilfellum hefur það að vísu orðið til góðs, því að það hefur laðað fram nýjungar í skipasmíðinni og nýjar gerðir, sem síðan aðrir hafa farið eftir í stórum dráttum.

Þetta mál var rætt, eftir að skipasmíðastöðvarnar áttu viðræður um þetta eða fyrirsvarsmenn þeirra við iðnmrn. Það var auðvitað þá þegar augljóst mál, að ef átti að koma af stað seríubyggingum skipa hér, varð að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla Fiskveiðasjóði meira fjármagns en hann hafði þá yfir að ráða, ef hleypt yrði af stokkunum 6—7 eða jafnvel 8 skipum öllum smíðuðum hér innanlands, sem öll áttu þá, eins og var verið að tala um, að fá 75% af kostnaðarverði að láni eða þeir, sem keyptu þau. Þess vegna var það svo, að í viðræðum við rn. og innan iðnþróunarráðs, tók seðlabankastjóri, dr. Jóhannes Nordal, að sér að athuga þau viðhorf fjárhagslega, sem skapast mundu af því, að slíkum seríubyggingum yrði komið í gang, en fyrirsvarsmenn skipasmíðastöðvanna tóku að sér að eiga viðræður við útgerðarmenn til þess að laða þeirra hugi saman um það að vilja kaupa skip af vissum stærðum. Það mun svo hafa verið, að fyrirsvarsmenn skipasmíðastöðvanna leituðu töluvert viðræðna og samtals um þessi mál við útgerðarmenn, en í júlímánuði á s. l. ári voru komin nokkuð ný viðhorf á þessu sviði, vegna þess að það var ekki aðeins um að ræða samkeppnina við erlenda smíði, heldur hörfði þá svo vegna þess, hversu höllum fæti útvegurinn var farinn að standa, að það mundi hvorki verða eftirspurn eftir smíðum skipa erlendis né innanlands. M. ö. o., eins og oft hefur verið áður, að í bili mundu menn halda að sér höndum við kaup á fiskiskipum, meðan þeir sæju, hvernig rættist fram úr bæði í sambandi við verðlag á erlendum mörkuðum, veiðar og annað slíkt.

Og þá var það, sem fyrirsvarsmenn skipasmíðastöðvanna leituðu enn til ríkisstj. um að aðstoða við verkefnasköpun, beinlínis við verkefnasköpun í bili, meðan svo stæði sem þá stóð. Og við sjútvmrh. áttum þá viðræður um þetta mál við stjórn Fiskveiðasjóðs, og þegar við ræddum þá um þann hugsanlega möguleika að auka lánveitingarnar upp í 85%, var tvennt, sem kom til athugunar í því sambandi. Í fyrsta lagi efuðust menn um, að það mundi nægja til þess, að eftirspurn skapaðist eftir skipunum, og í öðru lagi voru þá horfur á stöðu Fiskveiðasjóðs orðnar þær, að það voru engar líkur til þess, nema með einhverjum sérstökum ráðstöfunum, að hann hefði nokkra fjárhagslega möguleika til þess. Og nú, þegar flutt er þetta frv. hér, sem við erum að ræða um, er aðstaða Fiskveiðasjóðs svo, að honum liggur við gjaldþroti, vegna þess að það greiðast hvorki afborganir né vextir af þeim lánum, sem fyrir eru í íslenzka fiskiskipaflotanum. Það er þess vegna algerlega útilokað að gera ráðstafanir með löggjöf eða á annan hátt, nema gera sérstakar ráðstafanir í leiðinni, til þess að Fiskveiðasjóður hafi fjármagn til þess að mæta þeim viðbótarálögum, sem þarna er um að ræða, þar sem hann stendur í dag engan veginn undir þeim álögum og kröfum, sem gerðar eru til hans, fyrst og fremst vegna þess, að útgerðin hefur ekki bolmagn til þess að greiða sjóðnum. Ég skal ekki fara út í þá sálma. Það er því miður svo hryggileg mynd, að hún hefur ekki í annan tíma verri verið, en hún endurspeglar þá miklu erfiðleika, sem útgerðin hefur haft, fyrst og fremst á árinu 1967 og síðari hluta ársins 1966.

Á sama tíma, sem við ræddum þetta, var það atriði einnig rætt að skapa aðstöðu til þess, að allar stærri viðgerðir færu ekki út úr landinu, en á því vildi mjög bera og var veigamikið atriði. Enn fremur, að grandskoðaðir yrðu möguleikarnir á byggingu íslenzku strandferðaskipanna, sem þá var byrjað að tala um og voru ráðagerðir um að byggja og verið að undirbúa útboð fyrir. Rætt var um að gera sérstakar ráðstafanir, ef þyrfti, til þess að þau yrðu byggð hérlendis, og einnig þyrfti að athuga, ef við eða Alþ. og ríkisstj. ætluðu að hlutast til um byggingu skuttogara, en að athugun þess máls hefur verið unnið, eins og kunnugt er, af sérstakri n., hvort það væri þá ekki þar verkefni, sem hægt væri með jafngóðum hætti, að inna af höndum hér á landi eins og annars staðar.

Ég er að rekja þetta í framhaldi af því, sem ég sagði áðan. Það fær engan veginn staðizt, að það hafi verið sýnt tómlæti í verkefnasköpun

fyrir íslenzkar fiskiskipasmíðar og nú upp á síðkastið, bæði fyrir jól, milli jóla og nýárs og upp úr áramótum, hefur ríkisstj. eða fulltrúar hennar verið á sífelldum fundum með þeim aðilum, sem helzt gætu lagt hér hönd á plóginn að styðja íslenzku skipasmíðarnar. Og þó að ekki hafi verið veitt nema 75% lán út á íslenzku skipin, verða menn einnig að hafa það í huga, að langflestir hafa fengið sér viðbótarlán einhvers staðar annars staðar, og í því sambandi legg ég einnig áherzlu á, að viðskiptabankarnir hafa bundið stórkostlega mikið fé í þessum íslenzku skipasmíðum, þó að það hafi ekki verið þeirra verkefni. En vegna þess að bæði hafa nú smíðarnar farið fram úr áætluðu verði eins og vera vill og útgerðarmennirnir ekki haft eins mikið bolmagn eins og þeir reiknuðu með, hefur þannig feststverulega mikið fjármagn hjá viðskiptabönkunum, sem raunverulega ættu ekki að lána til skipabygginganna, heldur fjárfestingarsjóðirnir, annaðhvort einn eða fleiri. Hér hefur þess vegna, held ég, af öllum aðilum, sem aðstoð gátu veitt, síður en svo verið sýnt tómlæti, heldur hefur verulega verið unnið að því að skapa skipasmíðastöðvunum verkefni og stuðla að því, að fiskiskip væru smíðuð hér innanlands og við værum sem allra fyrst sjálfum okkur nógir á þessu sviði. Mér er heldur ekki kunnugt um, að nú upp á síðkastið hafi verið gengið frá neinum skipakaupum erlendis. Það getur verið, að menn hafi fest kaup á einu eða tveimur skipum á þessum ári, ég skal ekki segja um það, en það er eins og menn sjá alveg gagngerð breyting frá því, sem áður var.

Nú er það svo, eins og hæstv. sjútvmrh. gerði grein fyrir, að til athugunar er hjá ríkisstj. að gera ráðstafanir til aðstoðar útveginum, sem m. a. mundi felast í verulegri aðstoð við Fiskveiðasjóð til þess að mæta þeim skakkaföllum, sem hann hefur orðið fyrir. Viðfangsefnið verður að afla fjár til að greiða svo og svo mikið af opinberri hálfu og leggja það þá á allan almenning með hverjum hætti, sem það kynni að verða, til þess að útvegsmenn geti staðið undir afborgunum og vöxtum af lánum sínum, og þessi stóri sjóður, sem hefur verið einn af okkar öflugustu stofnlánasjóðum, komist hreint og beint ekki í greiðsluþrot. Honum verði sköpuð aðstaða til þess að sinna áfram verkefnum sínum, a. m. k. að því marki, er tekur til skipasmíðastöðvanna.

Eftir gengisbreytinguna reyndust alveg sambærileg tilboð frá íslenzkum skipasmíðastöðvum í ríkisskipin í öllum aðalatriðum, og þá var það ákveðið að taka upp samninga við skipasmíðastöðina á Akureyri, Slippstöðina, að smíða bæði skipin. Sáralítill mismunur var á tilboði Slippstöðvarinnar og t. d. Stálvíkur hér fyrir sunnan, við Arnarvog, og gat vel komið til álita að smíða annað skipið fyrir norðan og hitt skipið fyrir sunnan, en menn voru þó sammála um það að ákveða smíði beggja skipanna fyrir norðan. Það væri hagkvæmara að smíða bæði skipin á sama stað og sérstaklega hagkvæmara fyrir skipasmíðastöðina þar að geta fengið þannig verkefni í hendur að smíða tvö skip, og þar með væri séð fyrir verkefnum í þeirri stöð um tveggja ára skeið eða eitthvað þar um bil. Í þessu fólst auðvitað, að ríkisstj. mundi vilja beita sér fyrir því við banka og aðra aðila, að stutt væri við bakið á skipasmíðastöðvunum hinum um verkefnasköpun. Ég er nokkuð bjartsýnn um það, að fram úr því rætist, og ég hygg, að Fiskveiðasjóður hafi t. d. í gær ákveðið lánveitingu til eins fiskiskips, smíði á einu fiskiskipi í Stálvík, ekki mjög stóru, 130 tonna skipi. Mér er kunnugt um, að meira er í uppsiglingu. Mér er líka kunnugt um, að það þarf fljótlega að skapa áframhaldandi verkefni hjá skipasmíðastöðinni á Akranesi, og loksins vil ég taka það fram, að ég tel alveg höfuðnauðsyn að hefja skipasmíði í skipasmíðastöðinni á Ísafirði og mundi fyrir mitt leyti mjög vilja styðja að því og leggja hönd á plóginn, að þessum ágæta forstöðumanni og eiganda þessarar skipasmíðastöðvar, Marselliusi Bernharðssyni, með aðstoð peningastofnana og annarra, yrði gert það kleift að hefja sína fyrstu stálskipasmíði.

Ég hef oft orðað það við Fiskveiðasjóð og bankastjóra þeirra banka, sem standa að þessum málum, hvort það mætti ekki skapa þá frumreglu, að þegar ný skipasmíðastöð er að byrja fyrstu smíðina, fengi hún einhverjar meiri og sérstakar fyrirgreiðslur fram yfir það, sem ella mundi verða, eftir að hún væri komin á fót, og þarna yrði fyrir höndum aðstaða. Það dregur auðvitað svolítið úr, að það er ekki mikil eftirspurn í bili, eins og ég þarf ekki að fara fleiri orðum um. En ég tel það eitt af viðamestu verkefnunum, og ég er sannfærður um það, að í bili dugar það ekki, þó að þarna væri boðið 85% lán. Það þarf meira að koma til, og ég held, að það mál yrði að takast upp á þeim vettvangi, eins og maður segir, að koma þeirri skipasmíðastöð af stað með sitt fyrsta verkefni, og þar eru auðvitað alltaf nokkrir örðugleikar, en í sambandi við smíði fyrsta skips skapast strax töluverð reynsla og það skapast æfing við stálskipasmíði hjá iðnverkamönnum á Ísafirði eða iðnverkamönnum, sem þangað mundu leita og gæfi slíkri skipasmíðastöð betri aðstöðu um framhaldið. En þarna er gömul og gróin skipasmíðastöð, sem áður fékkst við smíði tréskipa eins og kunnugt er, og hefur getið sér mikinn heiður og sóma í sínu starfi um langan aldur.

Ég skal nú ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég hef ekkert út af fyrir sig nema gott um þetta frv. að segja. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að við erum því miður í mjög miklum erfiðleikum um þá fjáröflun, sem til þess þarf að byggja skipin hér innanlands, fjáröflun til skipasmíðastöðvanna. Eins og horfir í útveginum núna, óska fáir eftir byggingu fiskiskipa, en það eru líka aðrir möguleikar, sem ég hef vikið að, sem gætu skapað verkefni fyrir þessar stöðvar, en á öllum þessum sviðum held ég, að hafi verið haft vakandi auga og verði fylgt á eftir, a. m. k. af hálfu ríkisstj., með því afli, sem hún telur sér tiltækt í þessu sambandi.

Flm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég mun nú ekki ræða sérstaklega um skipasmíðastöðina á Ísafirði, til þess er mér málið nokkuð skylt. En þó vil ég ekki láta hjá líða að geta þess, að mér er ekki kunnugt um, að nein nýsmíði hafi átt sér stað, frá því að þar var byggð skipasmíðastöð. Og í öðru lagi, að þessi skipasmíðastöð ásamt kaupanda sendi um-

sókn á s. l. sumri til Fiskveiðasjóðs með beiðni um leyfi til að byggja 200 tonna skip, og ekkert svar hefur borizt við þeirri beiðni enn þá.

Afkoma Fiskveiðasjóðs endurspeglar aðeins þá erfiðleika, sem bátaflotinn hefur átt við að búa á undanförnum árum, þannig að það hefur ekki verið neinn grundvöllur fyrir bátana í raun og veru. Það er alveg rétt, að það þyrfti að skapa verkefni fyrir þessar skipasmíðastöðvar. Eftir því sem ég veit bezt, hefur Stálvík, eins og hæstv. ráðh. gat um, nú beiðni um smíði á einu 130 lesta skipi. Annað hefur ekki verið talað um, þannig, að að um samningaumleitanir gæti verið að ræða. Þó mun hafa verið spurt um 300 rúmlesta skip og annað 500 rúmlesta. En mér er ekki kunnugt um, að á öðrum skipasmíðastöðvum hafi verið óskað eftir byggingu skipa.

Það er líka rétt, að stöðlun fiskiskipa er nauðsynleg, því að það hæfir ekki sama stærðin alls staðar á landinu. Eftir því, sem mér er tjáð, munu Norðlendingar gjarnan vilja hafa 300 rúmlesta skip, Vestfirðingar munu fyrir landróðra gjarnan vilja hafa 200 rúmlesta skip og við Faxaflóann hefur verið talið, að landróðrabátar ættu að vera 100—150 eða 160 smál. að stærð, svoleiðis að þetta er nokkuð mismunandi. En það er auðvitað bráðnauðsynlegt að staðla þessa nýsmíði og koma henni af stað.

Það kann að orka nokkuð tvímælis, hvaða skilning menn leggja í það, þegar talað er um verkefnaleysi eða verkefnasköpun. Eins og þetta horfir við í dag, er aðeins ein stöð fyrir utan Akureyri með verkefni, sem þó er ekki endanlega búið að ganga frá, eftir því sem ég veit bezt, um þennan 130 rúmlesta bát. Kaupandinn er ekki búinn að gera sínar fjárhagsástæður klárar. En það er nauðsyn fyrir skipasmíðastöðina að geta byggt þessi skip, því að eins og hæstv. ráðh. gat um, þjálfast smiðirnir eða iðnaðarmennirnir við það. Það er t. d. talið, að það hafi verið 23% betri nýting á vinnuafli við smíði annars skipsins á Akureyri heldur en hins fyrsta. Það segir allmikla sögu. Og það er jafnframt talið, að það megi vera 12—15% dýrari smíðin innanlands heldur en erlendis til þess að innanlandssmíðin borgi sig, eftir því sem fróðir menn hafa talið. Á komandi árum munu þessar skipasmíðastöðvar, sem mest hefur nú verið um rætt, þær Stálvík og skipasmíðastöðvarnar á Akranesi, Ísafirði og Akureyri, geta byggt samtals skip, stálskip, 2300 eða upp að 2500 rúmlestum samtals. Og 1968 er Stálvík talin munu geta byggt 800 rúmlestir, 1969 1000 og sömu tölu 1970 og 1971. Á Akranesi er talið, að hægt verði að byggja 600 rúmlestir á árinu 1968 og sömu tölu á næstu þrem árum. Marsellíus á Ísafirði er talinn geta byggt um 200 smál. á árinu 1968, 400 á næstu hverju hinna þriggja ára. Á Akureyri er skipasmíðastöðin upptekin fram yfir árið 1969 eða fram á sumarið 1970, og er talin geta byggt á árinu 1970 um 300 rúml. og 1971 um 1000 rúml. Ef þessi verkefni væru fyrir hendi, væri náttúrlega geysilega stórt spor stigið í þá átt að efla þennan bráðnauðsynlega skipasmíðaiðnað okkar, sem hlýtur að verða að gerast.

Það er alveg rétt, að það þarf auðvitað að sjá fyrir því afli, sem þarf til þess, að hlutirnir verði gerðir, og það er fjármagnið, og Fiskveiðasjóði þarf auðvitað að sjá fyrir auknum tekjum, til þess að hann geti stuðlað að þessari byggingu, og enda þótt það hafi ekki verið tekið fram í þessu frv., er það auðvitað eitt af þeim mörgu atriðum og þýðingarmestu, sem þarf að koma að í sambandi við þessi mál.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Varðandi framhald af því, sem ég sagði um seríubyggingar á skipum eða stöðlun skipasmíða, vil ég bæta því við, sem ég hef áður sagt, að eftir viðræður hæstv. sjútvmrh. og mín við Fiskveiðasjóð í sumar, var það sameiginlegt ráð að skipa sérstaka n. til þess að kanna til hlítar möguleikana á stöðlun fiskiskipa. Þessi n. skyldi þannig skipuð, að þeir tilnefndu, skipasmiðirnir sjálfir, tvo menn í n., sjútvmrh. tvo menn og þessir menn ynnu svo með tækninefnd Fiskveiðasjóðs og Fiskifélags Íslands, þremur mönnum, og iðnmrh. hefði forgöngu um að koma þesari n. á laggirnar, sem og var gert, og hún hóf þegar starfsemi. Ég lagði mikla áherzlu á það, að n. lyki sem allra fyrst störfum. Þeir tjáðu mér, formaður n. og annar aðili í n., í septembermánuði, sept.—okt. held ég, að það hafi verið, að þeir treystu sér ekki til þess að skila endanlegu áliti, vegna þess að viðfangsefnið væri meira heldur en þeir hefðu búizt við, og enda vildu þeir ganga svo vel frá verkefninu og hafa rannsóknina það ítarlega, að þær niðurstöður færu ekki mjög á milli mála, sem n. gæti orðið sammála um. Þessi n. skilaði þess vegna bráðabirgðaáliti, sem hefur verið í höndum ríkisstj., og hefur svo unnið áfram að málinu. Það kemur auðvitað greinilega fram strax í bráðabirgðaálitinu, og mun koma betur fram í því endanlega áliti, að það er um mismunandi stærðir að ræða af skipum eftir því, hvaða veiðar er ætlað að stunda, og fer það nokkuð eftir því, hvar veiðarnar eru stundaðar á landinu, eins og frsm. þessa frv., flm. frv., vék að. En ég geri ráð fyrir því, að þess verði ekki mjög langt að bíða úr þessu, að fyrir liggi mjög ítarleg rannsókn og till. um stöðlun fiskiskipanna Eins liggi fyrir álit um það, hvaða stærðir sé líklegast, að mest eftirspurn sé eftir, og sem þá, eftir því sem ég fæ bezt skilið, mundi greinast í vissa tiltekna hópa, minnstu skipin, miðlungsskip og stærri fiskiskip. En síðar yrði reynt að stuðla að því, að útvegsmenn og lysthafendur sameinuðust um að byggja af sömu tegund í hverjum flokki, en ekki allt það, sem þarna liggur á milli.

En við skulum ekki láta neitt fara á milli mála í þessum umr. Þegar hv. flm. segir, að skipasmíðastöðin á Ísafirði hafi beðið um það í sumar að fá að byggja 200 tonna skip, held ég, að það hafi einmitt verið eins og ég sagði áðan, að þessi stöð hefur ekki treyst sér til þess að gera ákveðið tilboð í tiltekna gerð af skipum. Og hér hafi verið um það að ræða, að hún hafi farið þess á leit að mega hefja smíði á skipinu, án þess að það lægi fyrir neinn kaupandi að þessu skipi og þar af leiðandi heldur ekki neitt fjárframlag frá neinum væntanlegum kaupanda. Þetta er ekki í samræmi við þær reglur, sem starfað hefur verið eftir, hvorki við smíði íslenzkra né erlendra skipa hér.

Ég vék að því, að ég hefði oft rætt um það,

hvort til þess að koma af stað skipasmíði á svona stað, hjá forstöðumanni og eiganda skipasmíðastöðvarinnar, sem er hinn allra virðingar verðasti dugnaðarmaður og hefur sýnt það í verki á liðnum árum, þyrfti að setja nýjar reglur, kannske á þeim grundvelli að taka einhverjum öðrum tökum á fyrstu smíði heldur en öðrum. Það mátti líta svo út, eftir því sem fram kom hér í ræðu hv. 1. flm., að það hafi verið hafnað láni út á smíði skips í skipasmíðastöðinni á Ísafirði, sem fram hefði komið í sumar. En það er engin beiðni, sem hefur komið fram um smíði þar með venjulegum hætti, hvort hins vegar menn vilja lá Fiskveiðasjóði síðan, eins og aðstaða hans hefur verið, að láta ekki byrja að smíða skip á sinn reikning, það tel ég, að sé hæpið. Það væri þá miklu frekar að segja, að fjárveitingavaldið og ríkið yrði að láta til sín taka heldur en sjóður, sem á sama tíma er þannig staddur, að viðskiptamenn hans allir eru í þeirri aðstöðu, að þeir geta ekki greitt sínar skuldbindingar.

Ég vil aðeins vekja athygli á þessu, þannig að engir fái þá hugmynd í þessu sambandi, að þarna hafi verið staðið svo illa að verkefnasköpun, að þó að beiðni lægi fyrir um að smíða eitt skip í Ísafjarðarstöðinni, hafi því ekki verið svarað frá því í sumar. Þetta er mikill munur, sem ég hef lýst, frá því sem áður hefur verið, og það er einmitt það, sem reynt hefur verið að vinna að fram að þessu fyrir stöðvarnar hér fyrir sunnan, að skapa aðstöðu til þess, að þeim berist verkefni og eftirspurn frá aðilum, sem vilja eignast fiskiskip, og þessum aðilum verði gert auðveldara að kaupa skipin með lengri lánum eða annarri aðstoð, hvernig sem það nú verður, og jafnframt verði reynt að aðstoða skipasmíðastöðvarnar við að komast yfir þá fjárhagslegu örðugleika, sem eru jafnan fyrir hendi, þegar þessi skip eru smíðuð.

En varðandi skipasmíðina á Ísafirði, við skulum taka það mál alveg sérstaklega út úr, ekki aðeins vegna þess, að hv. flm. sé málið skylt, heldur bara af því, að það þarf alveg sérstök tök til þess að koma skipasmíðum þar í gang. Ég endurtek það, sem ég sagði um það, að það mundi vera a. m. k. mér mikið ánægjuefni, ef menn gætu, þeir sem hér eiga hlut að máli, sameinazt um að skapa aðstöðu til þess, að þessi stöð fengi sinn fyrsta möguleika til þess að smíða skip. Nú verður náttúrlega ekki svo mikill aðstöðumunur, eins og hv. 1. flm. talaði um. Varðandi kostnaðinn á Akureyri hefði hann verið eitthvað 10—20% minni við smíði síðara skips heldur en fyrra skips. Fyrsta fiskveiðiskipið á Akureyri var smíðað í vetrarhörku úti, annað fiskiskipið var smíðað inni, eftir að var búið að byggja þar hús til þess að smíða skipin í, og það segir sína sögu ekki síður. En þessi aðstaða er öll fyrir hendi á Ísafirði, og ég vil heldur ekki draga úr því, sem ég sagði sjálfur, að við æfinguna skapast auðvitað miklu betri aðstaða fyrir bæði skipasmíðastöðina og iðnverkamennina til þess að vinna að áframhaldandi verkefnum heldur en taka að sér í byrjun þau verk, sem alltaf verður nokkur óvissa um, hvernig lánast, og ég vil ekki dylja menn þess, að mér er kunnugt um það, að skipasmíðastöðvarnar hér sunnanlands hafa tapað miklum fjármunum á sínum fyrstu smíðum. Það fer heldur ekki á milli mála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Á 28. fundi í Sþ., 24. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán [97. mál] (þmfrv., A. 223).

Á 47. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 1. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem er um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, er flutt af framsóknarmönnum í þessari hv. þd.

Ég tel, að það séu fjórar höfuðorsakir, sem valda lausaskuldasöfnun í landbúnaðinum. Það er í fyrsta lagi, að fjárfesting öll í landbúnaði kostar geysimikla fjármuni. Á það bæði við vélvæðingu og byggingar allar. Í öðru lagi, að stofnlán til landbúnaðarins eru óhagstæð, lánstíminn er stuttur, vextirnir háir og þar ofan í kaupið eru bændur skattlagðir, til þess að hægt sé að veita þeim úrlausn í lánastarfsemi. Í þriðja lagi, að verðlag búsafurðanna er ekki miðað við þarfir landbúnaðarins né farið eftir neinum lögum við úrskurð þess verðlags, sem gildir fyrir yfirstandandi verðlagsár. Í fjórða lagi hefur árferði nú undanfarið verið fremur óhagstætt bændum. Það hefur verið kal í túnum og grasleysi, sem hefur orðið þess valdandi, að kaup á fóðurbæti hafa orðið mun meiri heldur en þau annars hefðu orðið.

Ég ætla til að byrja með að líta á nokkra þætti úr landbúnaðinum, sem birtir hafa verið í margs konar skýrslum frá undanförnum árum. Ég vil minna á það þegar í upphafi, að bændastéttin hefur verið stórhuga, afkastamikil og unnið sleitulaust að framfaramálum landbúnaðarins nú í áratugi. Þar hafa bændurnir notið þekkingar og vel skipulagðrar leiðbeiningarstarfsemi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og héraðsráðunauta búnaðarsambandanna. Og einnig hafa þeir notið mikillar og skeleggrar baráttu Stéttarsambands bænda svo langt, sem sú barátta hefur náð.

Í skýrslu Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1965 er gerð grein fyrir fjármunamyndun í landbúnaði frá stofnun Búnaðarbankans árið 1930 og allt til ársins 1965. Þar er fjárfestingin miðuð við það verðlag, sem gilti árið 1965, og þar kemur fram,

að fjárfesting í landbúnaði árið 1930 var 123 millj. kr., en árið 1935 er fjárfestingin komin niður í 106 millj. og 1940 í 72 millj. En aftur 1945 hefur fjárfesting hækkað nokkuð, farið upp í 140 millj. kr., 1950 í 160 millj. kr., 1955 í 361 mill., 1960 í 317 millj. og 1965 í 527 millj. kr. Það lætur nærri, að fjárfesting í landbúnaði hafi rúmlega fjórfaldazt á 35 árum. En ef maður athugar þessar tölur nánar, kemur í ljós, að fjárfestingin flest árin er um það bil ¼ hluti af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarins. T. d. árið 1930 er fjárfesting í landbúnaði 123 millj., en verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar sama ár 438 millj. kr. Þetta er með verðlagi ársins 1965. Fjárfesting er því 28% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarins fyrir það ár. Ef við tökum aftur á móti árið 1965, eru hliðstæðar tölur 527 millj. fjárfesting, en verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar 2 milljarðar, 39 þús. kr. eða 26% fjárfesting af verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar fyrir það ár eða heldur minni en hún var 1930. Minnst er fjárfestingin á þessu tímabili 1940 eða um það bil 9% af verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. En mest er fjárfesting í landbúnaði árið 1955 og er þá rúmlega 28% af verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar fyrir það ár.

Enn fremur segir í skýrslu Búnaðarbankans, að árið 1964 hafi fjármunamyndun í landbúnaði verið 439.5 millj. kr. Til þessara framkvæmda voru framlög frá ríkinu veitt á því ári 80.1 millj. kr. eða 18% af fjármunamynduninni. Stofnlán Búnaðarbankans það sama ár voru 77.8 millj. kr. eða tæp 18% af fjármunamynduninni eða m. ö. o., að stofnlánin og framlög ríkisins voru 36% Eigin vinna bænda og önnur lán, sem þeir gátu fengið, voru því 64% af heildarfjármunamynduninni árið 1964 eða samtals 282 millj. kr.

Ef við tökum til samanburðar hliðstæðar tölur fyrir árið 1958, var fjármunamyndunin 172 millj. kr. og ríkisframlög til þeirra framkvæmda 33.4 millj. kr. eða 19%. Stofnlán Búnaðarbankans það sama ár voru 44 millj. kr. eða 25.5%. Eigin vinna og önnur lán það ár var því 56.5%. Það kemur fram í skýrslu Búnaðarbankans, að bæði ríkisframlög og stofnlán eru minni árið 1964 en árið 1958. Stofnlánin hafa lækkað um 7.5% á þessu 7 ára tímabili og ríkisframlög lækka um 1%, þegar lögð er til grundvallar fjármunamyndunin í landbúnaðinum. Það er því ofur eðlilegt, að lausaskuldir hafi hækkað á þessum tíma, enda hefur dýrtíðin farið jafnt og þétt vaxandi allt þetta tímabil.

Ræktunin hefur verið nokkuð mismunandi mikil hin einstöku ár og sömuleiðis þátttaka þeirra bænda, sem hafa ræktað árlega. Árið 1954 eru það 4453 bændur, sem taka þátt í ræktun, og jarðabætur það ár eru 3600 ha. En árið 1959 er þessi tala komin niður í 3906 með jarðabótamenn, en aftur á móti hefur verið meira ræktað eða 4500 ha. Árið 1962 eru jarðabótamenn 3210 og ræktaðir 3900 ha. lands. Árið 1964 eru jarðabótamenn 3711 og rækta þá 6300 ha., og er það það mesta, sem ræktað hefur verið á einu ári. En aftur á móti árið 1965 eru jarðabótamenn ekki nema 2729 og rækta þá 1000 ha. minna en ræktað var árið 1964, og sama er þróunin árið 1966, að þá hefur enn þá minnkað ræktunin um 1000 ha. og fer niður í 4377 eða m. ö. o., að ræktaða landið hefur náð hámarki 1964 en lækkað um 2000 ha. síðan, en ég vil geta þess, að ég hef ekki tölur fyrir árið 1967, en eftir því sem fram kom í skýrslu búnaðarmálastjóra rétt eftir áramótin, telur hann, að í meginatriðum hafi jarðræktin verið svipuð og árið 1966, að því undanskildu, að framræsla lands hafi verið þá nokkru meiri en árið áður. Og framræslan hefur um mörg ár ekki verið meiri en hún var árið 1958, því að þá voru vélgrafnir skurðir 4 millj. 92 þús. 703 rúmmetrar. Og fór hún lækkandi allt til ársins 1962, en þá voru ekki grafnir nema 2 millj. 475 þús. 262 rúmmetrar, en hefur aftur á móti hækkað nokkuð hin síðari ár. Með aðrar framkvæmdir, sem tilheyra jarðræktarlögum, þá hafa þær verið mjög svipaðar frá ári til árs, þ. e. hlöðubyggingar og girðingar og annað, sem þar tilheyrir.

Fyrir nokkru síðan hefur verið birt skýrsla frá Landnámi ríkisins um stöðu landbúnaðarins á árunum 1955—1965. Þar kemur í ljós, að ræktað land alls hefur verið árið 1965 um 100 þús. ha. og töðufengur af hverjum ha. 33 kaplar eða 3300 kg. Aftur á móti, ef við lítum á árið 1960, gaf hver ha. af sér samkv. skýrslu 45 kapla eða 4500 kg, og hefur þó bætzt við ræktunina á þessu tímabili 23.000 ha. lands eða m. ö. o., að þrátt fyrir 25 þús. ha. ræktun á þessu 5 ára tímabili, hefur töðufengurinn ekki neitt vaxið. Hér eru ýmis vandamál á ferðinni, sem þurfa athugunar við, ef það reynist svo, að afrakstur ræktaða landsins minnkar eftir því, sem ræktunin eykst.

Aðalástæðan fyrir minnkandi uppskeru á ha. liggur að nokkru leyti í kali á túnum og enn fremur í of mikilli beit bæði haust og vor og e. t. v. of litlum áburði og ekki nógu réttu hlutfalli í áburðartegundum, sem völ er á hér á landi. Þessi mál þurfa því rannsóknar við, og úr verður að bæta, ef aukin ræktun á að koma að tilætluðum notum Það þykir e. t. v. ótrúlegt, en það er nú samt svo, að sumir bændur hafa ekki efni á að kaupa nógu mikinn áburð, og þetta fer versnandi með hverju ári, sem líður. Ef ræktaða landið gæfi eðlilega uppskeru, væri ekki skortur á heyi fyrir þá búfjáreign, sem til er í landinu.

Landnámsstjóri segir í sömu skýrslu, að meðalbú lögbýlis sé 16.6 kúgildi. En það hefur verið talið nægjanlegt fóður fyrir eitt kúgildi 1 ha. lands. En meðal túnstærð á býli er um 18 ha. Í sömu skýrslu segir landnámsstjóri, að 262 jarðir hafi farið í eyði á árunum 1955—1965, þar af 94 á árunum 1955—1960 og 168 frá 1960—1965. Enn fremur segir hann, að það fólk, sem vinni eða hafi framfæri sitt af landbúnaði, sé aðeins 10—11% af fólksfjölda landsins. Þessi þróun er ískyggileg, ef áfram heldur sem nú horfir.

Ég hef minnzt hér á nokkra þætti úr sögu landbúnaðarins, tekið nokkur atriði hjá þremur stofnunum, Búnaðarbanka Íslands, Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins. Samkv. skýrslu Búnaðarbankans eru ríkisframlög til framkvæmda í landbúnaði árið 1964 18% af fjármunamynduninni. Og stofnlán Búnaðarbankans til sömu framkvæmda 18% af fjármunamynduninni. Önnur lán og eigin vinna bænda í þessari fjármunamyndun er langsamlega stærsti hlutinn eða 64%.

Samkv jarðræktarskýrslum hefur ræktun lands

dregizt saman síðan 1964 um 1000 ha. hvort árið, 1965 og 1966, og jarðabótamönnum fækkað allmikið. Og þurrkun lands hefur einnig minnkað frá því 1958. Í skýrslu landnámsstjóra segir, að 168 jarðir hafi farið í eyði á árunum 1960—1965 og heyfengur landsmanna staðið í stað þrátt fyrir það, að ræktun hefur aukizt um rúma 20000 ha. á því 5 ára tímabili. Því miður er þessi þróun óæskileg, og þarna þurfa að sjálfsögðu margir að leggjast á eitt með að bæta úr, svo að betur horfi fyrir bændum í þessum efnum en nú er.

Í byrjun árs 1960 eru heildarskuldir bænda taldar vera 513 millj. 352 þús. kr. Þar af er í stofnlánum 58% en í lausaskuldum 42%. Meðalskuld á bónda fyrir það ár eru 90 þús. kr. Samkv. grg. þessa frv., sem hér liggur fyrir, er birt skýrsla frá Stéttarsambandi bænda, og er sú skýrsla samin af Hagstofu Íslands, og verð ég að ætla, að þar sé farið með réttar tölur. Og þar segir, að í árslok 1966 hafi skuldir bænda þrefaldazt frá því 1960—1966, og það, sem vekur þó meiri athygli, er það, að aðeins 40% af þessum skuldum eru í stofnlánadeild og veðdeild Búnaðarbankans, en 60% skuldanna eru annars staðar. Það eru víxlar í bönkum og sparisjóðum, skuldir í verzlunum og e. t. v. skuldir manna á milli og annars staðar, þar sem skuldasöfnun hefur orðið. Þessi breyting hefur einkum átt sér stað síðustu 3—4 árin. Þá hækka lausaskuldir hraðar en föst lán til framkvæmda. Nú er það svo, að bændur skulda mjög misjafnlega. 66% bændanna skulda undir meðaltali, þ. e. a. s. undir 266 þús. kr. En 34% bænda eru með skuldir ofan við meðaltal. En 15% bænda eru með skuldir ofan við ½ millj. kr. og allt yfir 1 millj. kr.

Sýnilegt er, að þeir bændur, sem verst eru settir, geta ekki leyst fjármál sín nema með lagalegum stuðningi. Að breyta lausaskuldum í föst lán til langs tíma með lægri vöxtum en annars er um að ræða, mun koma mörgum að notum, en þó mun vera nokkur hópur bænda, sem þarf meira til þess að leysa sín fjármál, og þurfa þau mál sérstakrar athugunar við. Það þarf að rannsaka orsakir skuldanna og haga ráðstöfun eftir eðli þeirra. Í sumum tilfellum dugar ekki neitt nema eftirgjöf skulda eða lánastofnanir falli frá innheimtu, þar til grundvöllur er fenginn fyrir búrekstri hjá hlutaðeigandi bændum. Ég get þessa hér, því að ljóst er, að nokkrir bændur eru mjög illa settir og miklu verr en almennt gerist. Orsakir lausaskuldanna eru mjög margar. Vélvæðingin og byggingar hafa kostað mikið og orðið þeim mun dýrari, sem lengur hefur verið beðið með að kaupa vélar eða að hefja byggingar. Það er t. d. talið, að íbúðarhús kosti vart undir 1 millj. kr. nú til dags. Framlag ríkis og lán stofnlánadeildar til þessa húss er 320 þús. kr. eða um það bil ⅓ hluti af byggingarkostnaði. Nær 700 þús. kr. þarf bóndinn að afla sér með öðrum hætti, og hann má þykjast góður, ef hann fær nú til dags smávíxla hér og þar, en mestur hluti skuldarinnar verður jafnan í verzlunum eða hjá þeim mönnum, sem vinna að hlutaðeigandi byggingum. Aðeins 5 ára lán eru veitt til aflvélakaupa og þá aðeins 30% af kaupverðinu. Þarna er líka erfitt að fylla í skarðið án lausaskuldasöfnunar. Bygging peningshúsa kemur betur út í fyrstu en vélvæðing og bygging íbúðarhúsa, en þó leikur sá grunur á, að mat framkvæmdanna sé ekki í samræmi við raunverulegan kostnað, og lán þessi eru til allt of skamms tíma og með of háum vöxtum. Kaupi bóndi jörð fær hann kannske eftir dúk og disk lán úr veðdeild Búnaðarbankans, 100 þús. kr. eða kannske 200 þús., ef jörðin kostar mikið og lítið hvílir á af öðrum skuldum. Þarna safnast því einnig lausaskuldir í stórum stíl. En hvernig er með bústofnskaup hjá bændum? Þar er yfirleitt engin föst lán að fá og varla víxla. Nei, það væri synd að segja, að það sé vel búið að þeim bændum, sem eru að hefja ævistarfið og standa samtímis í miklum umbótum. Það er ekki undarlegt, þótt jarðir fari í eyði eða þótt lausaskuldir safnist, þegar athugaðar eru allar þessar aðstæður.

Þess má líka geta, að árferði hefur sums staðar valdið því, að lausaskuldir hafa hlaðizt upp, og það bætir ekki úr hjá þeim, sem hafa staðið í umbótum. Verðlag á framleiðsluvörum bænda er of lágt, og er margt, sem veldur því. Þeirra kaup er ekki reiknað út samkv. neinum lögum, og nú er þeim skammtað af gerðardómi, sem sumpart hefur starfað eftir skilaboðum frá hæstv. ríkisstj., svo að það er ekki á góðu von. Verðlagið getur ekki borið uppi búrekstur þeirra, sem lítið skulda, hvað þá hinna, sem mikið skulda. Og vert er að geta þess, að í verðlagsgrundvelli er aðeins lítið brot af skuldavöxtum, sem þar eru teknir inn, og því ekki von til þess, að verðlagið beri þessar skuldir uppi. Það er yfirleitt svo, að þar er gizkað á upphæðir, en hvorki stuðzt við þau úrtök, sem hafa sýnt raunverulegar skuldir bænda, né farið eftir öðrum þeim skýrslum, sem gefið hafa nákvæmari tölur. Ofan á þetta bætist það, að hvort sem bændur eiga nokkra krónu eða ekki, verða þeir að borga 1% af framleiðsluverðmætum sínum til stofnlánadeildar landbúnaðarins og síðan er þeim skammtað, hvað þeir mega framkvæma. Ég held, að bændur séu eina stéttin í þjóðfélaginu, sem býr við fjárfestingareftirlit. Þetta er þeirra frelsi. Síðan skammtar ríkisstj. svo naumt í framkvæmdaáætlun ríkisins, að það fá ekki allir stofnlán til framkvæmda, sem hafa fengið loforð um lán, eins og t. d. sumar vinnslustöðvar landbúnaðarins nú á þessu ári.

Ég skal taka það fram, að ég er ekki á móti því, að haft sé eftirlit með fjárfestingu og framkvæmdir skipulagðar. En ég er á móti óréttlæti því, sem felst í því að skammta naumt bæði fjármagn og framkvæmdir, að því er bændastéttina varðar, á sama tíma og ekkert eftirlit er haft innan annarra stétta þessa þjóðfélags.

Eða hvernig er það með verzlunarstéttina? Er eitthvert fjárfestingareftirlit þar? Og hverjir ákveða tekjur þeirra, sem fást við þá þjónustustarfsemi? Og er það ekki þjóðin í heild, sem borgar yfirleitt alla þá þjónustustarfsemi, og þeim mun verri, sem skipulagning er á þeim málum, þeim mun dýrara verður allt, sem hlutaðeigandi aðilar þurfa að veita sér í landinu, því að það er þjóðin, sem borgar þær framkvæmdir og allt, sem þar er gert.

Frv. þetta fjallar eingöngu um það, að lausaskuldum bænda og lausaskuldum hjá fyrirtækjum þeirra sé breytt í föst lán til langs tíma á vöxtum, sem séu í hæsta lagi jafnháir stofnlánadeildar-

vöxtum og því nokkru lægri en almennir viðskiptavextir í landinu. Eins og frv. þetta ber með sér, felst í því heimild fyrir veðdeild Búnaðarbanka Íslands að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bréf þessi eru takmörkuð við lausaskuldir bænda og fyrirtækja þeirra og ná til skulda, sem safnazt hafa á árunum 1960—1967. Veð er tekið í bújörðum bænda, mannvirkjum, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins. Að lækka vexti frá því, sem almennt er á lausaskuldum, er nauðsynlegt, samhliða því að tryggja lánin til margra ára. Það hlýtur líka að hafa sína þýðingu og valda því, að skuldirnar séu viðráðanlegri hlutaðeigandi aðilum en þær ella mundu verða.

4. gr. þessa frv. mælir svo fyrir, að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin. Það er erfitt að segja að svo stöddu fyrir um það, hvað frv. þetta kann að ná til margra aðila eða hvað upphæðin kann að verða há, sem um verður að ræða. Árið 1962, þegar lausaskuldir bænda voru settar í föst lán, nam sú upphæð 60—70 millj. kr. og hefur að því er mér skilst, verið nálægt ⅓ hluti af lausaskuldum bænda á þeim tíma. Ekki er ólíklegt, að samkv. þessu frv. verði um tiltölulega hærri upphæð að ræða, þar sem fyrirtæki bænda eiga einnig að falla undir þessa löggjöf. Á það vil ég minna, að Seðlabanki Íslands er með innifryst sparifé víðs vegar að af landinu, hátt á 2. milljarð kr. Það er því engan veginn fráleitt að hugsa sér þann möguleika, að bankinn kaupi þessi bankavaxtabréf, enda mun sú hafa orðið raunin á með lausaskuldabréfin frá 1961. Það hlýtur að samrýmast hugsun og stefnu Seðlabankans, að atvinnulíf landsmanna standi traustum fótum. Einn liður í því að styrkja stöðu landbúnaðarins nú er að koma lausaskuldunum í föst lán, en þar þarf að sjálfsögðu margt fleira að gerast jafnframt, ef landbúnaðurinn á að vera jafnstyrk stoð þjóðarbúinu og hann hefur verið um aldaraðir.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir frv. því, sem hér um ræðir, og vænti ég þess, að ráðandi öfl í landinu, bæði hv. alþm. og aðrir, sjái sóma sinn í því að styðja að framgangi þessa máls. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú hlustað á ræðu hv. 1. flm., 1. þm. Vesturl., og ég var að hugsa með mér: Skyldu nú bændur, ef þeir mættu hlýða á ræðu hv. þm., vera að mestu eða öllu leyti sammála honum? Og slæmt væri nú ástandið í landbúnaðinum, ef það væri nú alveg eins og hv. þm. lýsti því. Hv. þm. skoraði á alla og þá ekki síst ráðamenn þjóðfélagsins að stuðla að því, að þetta frv. mætti verða að lögum. Út af fyrir sig er það mál, sem er sjálfsagt að taka til gaumgæfilegrar athugunar, hvort möguleiki er á því að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Þetta var gert fyrir atbeina ríkisstj. 1962, og þá voru gefin út sérstök bankavaxtabréf að upphæð 66 millj. kr., sem Seðlabankinn keypti. En því miður notuðu bændur ekki þá tækifærið eins og skyldi m. a. vegna þess, að sums staðar var þeim talin trú um það, að þessi bréf gengju ekki út, af því að í frv. var ekki kveðið svo á, að Seðlabankinn væri skyldur til þess að kaupa bréfin, heldur að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að hann tæki bréfin. Og það reyndist ekkert erfitt.

Í þessu frv. er kveðið svo á, að Seðlabankinn skuli kaupa bréfin. Út af fyrir sig má deila um það, hvort ráðalagið sé heppilegra. Það er rétt, að Seðlabankinn liggur með mikið fjármagn, en það eru fleiri, sem hafa horft í áttina til þessa fjármagns en bændur. Stjórn Stéttarsambands bænda hefur rætt um það við mig, hvort ég vildi beita mér fyrir því að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Ég hef sagt þeim, að ég vildi kynna mér möguleikana á því, og vitanlega mundi ég ekki flytja frv., fyrr en ég sæi möguleika á því að fá það fram.

Þetta mál er þess vegna ekkert nýtt, og það er rétt, sem oft hefur verið sagt, að hluti bændastéttarinnar er með of mikið af lausaskuldum. Og í því frv., sem hér er til umr. og hefur verið útbýtt, kemur það fram, þar sem vitnað er í opinberar skýrslur, að hluti bændastéttarinnar, 7%, skuldar yfir 1 millj., 13% skulda frá 500 þús. og upp að 1 millj., og 85% skulda innan við ½ millj. Og það má segja, að þetta sé talsvert, 85% af bændum skulda kannske frá 200 þús. og allt upp að ½ millj., og 13% skulda meira en ½ millj., 2% yfir millj., og hv. þm. segir, að skuldirnar hafi vaxið mikið síðan 1960. Þetta er áreiðanlega rétt. En hvort ástæðurnar eru alveg eins og hv. þm. sagði, að stofnlánin hafi verið tiltölulega minni á seinni árum en meðan hans flokkur réð, er svo annað mál. Enda passaði hv. þm. það að lesa ekki upp skýrslu frá Búnaðarbankanum um lánveitingar, og ég held, að við ættum að hafa samkomulag um það, að hv. þm. fengi að kynna sér þá skýrslu. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp tölur frá árinu 1958, þegar ekki var skammtað til útlána í lánasjóði landbúnaðarins.

Hv. þm. sagði áðan, að hann vildi ekkert óréttlæti í úthlutun fjárins. Hann vildi ekki skapa það. En hvað var lánað 1958? Það voru 917 lán, sem voru veitt úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði. Það voru 42 millj. 765 þús. og úr B-deild 9 millj. 323 þús. og úr veðdeild, það var nú ekki skammtað, það voru 646 þús. Samtals urðu þetta 1084 lán, er námu 52 millj. 734 þús. Þetta var það, sem bændum var lánað úr Búnaðarbankanum 1958. En 1965 eru veitt 1578 lán, 1966 1565 lán, 1967 1452 lán eða aðeins færri en árin áður. En 1958 urðu lánin 1084. Eins og ég sagði áðan, var heildarupphæðin 1958 52 millj. 734 þús. 1965 134 millj., 1966 145 millj. og 1967 146.7 millj. kr. Nú vita allir, að þetta er ekki sama krónan, verðlagið hefur hækkað og að því leyti mætti náttúrlega segja, að þetta væri engin skýring. Að vísu hefðu lánin þrefaldazt, þau væru þrefalt meiri 1967 en 1958. Það væri engin skýring, gæti maður sagt. En byggingarvísitalan er mælikvarðinn. Hún segir til um það, hvað fékkst fyrir krónuna 1958 og aftur 1967. Og ég hringdi í Hagstofuna, sem gefur upp réttar tölur í þessu efni. Vísitalan frá því í október 1958 og þar til í október 1967 hefur hækkað um 122%, ekki 300%. Ef vísitalan hefði hækkað um 300% væru lánin sambærileg, 1967 og 1958. En hún hækkaði um 122%. Af þessu sést, að lánveitingar frá Búnaðarbankanum 1967

eru svo miklu meiri að verðgildi en 1958, og mig undrar það, að hv. þm. skuli nú tala eins og hann gerði áðan og segja, að skuldasöfnun hjá bændum sé tilkomin vegna þess, að það hafi ekki verið lánað tiltölulega eins mikið af stofnlánum 1967 og 1958. Það segir sig náttúrlega alveg sjálft, að þessar tölur vitna alveg gegn því, sem hv. þm. sagði. Og vegna þess að hv. þm. vill gefa það í skyn, að staða landbúnaðarins sé nú miklu lélegri en áður, hefur oft verið talað um það, að bændur gætu ekki staðið í skilum við Búnaðarbankann. Hv. þm. nefndi það ekki núna, sem er eðlilegt, því að hann er í bankaráði Búnaðarbankans, og hann náttúrlega veit, að það var minna ógreitt af árgjöldum við síðustu áramót en áður, og satt að segja var ég hræddur um, að svo væri ekki. En samkv. upplýsingum bankans er það þannig, og gefur það til kynna, að bændur standa í skilum við Búnaðarbankann, eins og víðast annars staðar, því að það er það, sem þeir venja sig yfirleitt á að gera, sem betur fer.

Ástæðan til þess, að skuldir hafa hækkað að krónutölu hjá bændum, er vitanlega sú, að þeir hafa framkvæmt svo miklu meira en nokkru sinni fyrr. Fjármunamyndun í landbúnaði hefur verið ánægjulega mikil á undanförnum árum, og ég hef hér skýrslur um það, og það er rétt að taka enn til samanburðar árið 1958. Það hlýtur að hafa verið vel farið með bændur þá. Þá voru framsóknarmenn með þessi mál, og það getur ekki verið, að hv. 1. þm. Vesturl. telji, að þá hafi ekki verið vel búið að þessum málum. Það er því ekkert óeðlilegt, þegar rætt er um þessi mál núna og talað um, að illa hafi verið staðið í ístaðinu fyrir bændur nú síðustu árin, að það sé borið saman við árið 1958. En stundum hafa hv. framsóknarmenn kvartað undan því og talið það óeðlilegt. En ég held, að flestir aðrir séu sammála um, að það hljóti að vera eðlilegt, úr því að framsóknarmenn eru að finna að framkvæmdum þessara mála, að við, sem teljum, að landbúnaðurinn hafi ekki farið aftur á bak, heldur miðað nokkuð á leið síðustu árin, berum þessi ár saman.

Ef við nefnum hér tölur um fjármunamyndun í landbúnaði og miðum við verðlag ársins 1960, þá var fjármunamyndunin í landbúnaði árið 1958 288.5 millj. kr. En 1966, 1967 hef ég ekki, var fjármunamyndunin á sama verðlagi 377.1 millj. Þetta sýnir, að enda þótt bændunum hafi fækkað nokkuð, sem er alveg rétt, er fjármunamyndunin svo miklu meiri en hún var, og satt að segja veit ég ekki, hvort það er sérstök ástæða til þess að hryggjast yfir því, þó að bændunum hafi fækkað nokkuð, á meðan þeim fækkar ekki of mikið, því að þeir bændur, sem hafa hætt, hafa yfirleitt verið á jörðum, sem ekki gáfu lífvænlega afkomu, og þessar litlu jarðir hafa verið lagðar undir aðrar og kotin sameinuð og þannig hefur orðið til góð bújörð. Ég held, að við ættum að vera ánægðir með það að sjá, að þróunin stefnir í rétta átt. Fjármunamyndunin hefur stóraukizt á síðari árum, enda viðurkennt, að það hafa aldrei verið eins miklar framkvæmdir og framfarir í landbúnaði eins og í tíð núv. stjórnar. Og þegar opinberar skýrslur, sem ekki verða vefengdar, tala, ætti vitanlega ekki að þurfa mörg orð til þess að deila um það, hvað er rétt. Það held ég ekki.

Hv. þm talaði hér dálítið um ræktunina, og sagði, að hún hefði dregizt hér saman 1966 frá því, sem hún var 1964 og 1965. Það er rétt. Ræktunin er nokkru minni 1966 en hún var 1964 og 1965. 1964 mun ræktunin hafa komizt upp í 6 þús. ha. Hún var nokkru minni 1965 og minnkaði enn 1966, og skýringar, sem ráðunautarnir gáfu á því, voru þær, að vorið 1966 var mjög óhagstætt og erfitt að byrja á ræktun, fyrr en komið var langt fram í júní. Þetta dró úr framkvæmdum. En nú minnist hv. 1. þm. Vesturl. þess, að á áratugnum 1950—1960 var ræktunin að meðaltali 2500 ha. En á þeim árum, sem liðin eru af áratugnum 1960—1970, mun ræktunin vera hátt í 5 þús. ha. að meðaltali, talsvert á 5. þús. Enda sjáum við það, þegar fjármunamyndunin í ræktun er athuguð, hversu mikið hún hefur aukizt á þessum árum. Og enda þótt ræktunin hafi orðið nokkru minni 1966 en 1964 og 1965, þegar hún var mest, er hún þó miklu meiri en hún var 1958. Og þegar hv. þm. talar um, að uppþurrkun lands sé minni nú en 1958, skal ég viðurkenna, að ég hef ekki tölur um það hér, ég hef bara ræktunina í einu lagi, en mér þykir ósennilegt, að hv. þm. taki þá með í reikninginn holræsin, kílræsin, sem eru gerð til þess að þurrka landið, og ég held, að ef við förum í búnaðarskýrslurnar komumst við að raun um, að uppþurrkunin hafi aldrei verið meiri en á árinu 1966 og sennilega 1967. Ég held þetta, en vil ekki fullyrða það, vegna þess að ég hef ekki tölurnar fyrir framan mig um það.

Ég held, að útlánin úr Búnaðarbankanum og tölurnar um fjármunamyndunina segi talsverða sögu. Og þá er það framleiðslan, sem stöðugt hefur aukizt í krafti aukinnar ræktunar, vélvæðingar og tækni. Að vísu sagði hv. þm. hér áðan, að töðufengurinn væri lítið meiri 1965 en 1958, enda þótt ræktaða landið hafi stækkað um 23 þús. ha. Það mun vera rétt, að töðufengurinn hefur ekki aukizt í hlutfalli við aukna ræktun. Hv. þm. nefndi eina skýringu, það er árferðið. Það er ekki aðeins það, hvort jörðina kelur, það verður misjafnlega mikið gras eftir því, hvernig árferðið er, hvort það er sprettuvor eða hvort það er kalt vor, enda þótt jörðina kali ekki. Og það hafa komið verri ár að þessu leyti nú á þessum áratug heldur en var fyrir 1960. Að bændur hafi ekki efni á að kaupa áburð, það má vel vera, að einstakir menn hafi það ekki. En í heildinni eru áburðarnotkunin og áburðarkaupin vaxandi frá ári til árs. Ég hef því miður ekki tölur hér við höndina, en þær eru til, og ég man það, að ég hef lesið það, að þetta er stöðug aukning frá ári til árs og að mig minnir allt að 5% árleg aukning í áburðarmagni, sem bændur kaupa. En það er rétt, sem hv. þm. minnti hér á áðan líka, að ein ástæðan fyrir því, að ekki fæst eins mikill töðufengur og eðlilegt væri miðað við ræktunina og miðað við áburðarkaupin, kann að vera sú, að ræktunin sé ekki nægilega vel gerð alls staðar og ekki sé borið á eins og bezt ætti að vera, ef þekkingin væri að öllu leyti látin ráða. Og þar er mikið verkefni áreiðanlega

fyrir höndum. Það er upplýsingastarfsemi, hvað þetta snertir. En á meðan kaup á áburði fara vaxandi ár frá ári, held ég, að ástæðan fyrir minnkandi töðufeng sé ekki sú, að bændur geti ekki keypt áburðinn.

Hv. þm. talaði hér um áðan, að bændum hafi fækkað um 158 síðan 1958, en um 90 á árunum 1955—1960 og 158 frá 1960—1966. Ég var áður búinn að nefna aðalástæðuna fyrir því, hvers vegna svo hefur verið. Reyndar segir ekki í skýrslunni, sem hv. þm. las hérna upp áðan, að bændunum hafi fækkað, heldur að þetta margar jarðir hafi farið í eyði, og það er kannske dálítið annað, vegna þess að á þessum árum hafa verið stofnuð nýbýli á hverju ári, og landnámsstjóri hefur sagt mér, að nýbýlin ynnu það nokkurn veginn upp.

Nú er náttúrlega mikil spurning með þessi nýbýli, hvort það er rétt að vera að halda þeim við eða að stofna til þeirra. Og það er áreiðanlega ekki rétt, ef þeim er skammtað knappt lán, eins og oft hefur verið. Og ég býst við því, að það sé miklu eðlilegra að búa vel að þeim jörðum, sem fyrir eru, en vera að búta landið niður, og þá ekki síst vegna þess, að framleiðslan er mikil og vaxandi þrátt fyrir það, þótt fólkið, sem vinnur við þessa framleiðslu, sé færra en áður.

Hv. þm. harmar það, það má gera það á vissan hátt, að það eru ekki nema 10—11% af þjóðinni, sem vinnur við landbúnað. En þessi þróun er ekki aðeins hér. Alls staðar í menningarlöndum, þar sem tæknin er tekin í þjónustu manna, vex framleiðslan, og Íslendingar hafa sýnt það, að þeir eru ekki eftirbátar annarra að þessu leyti. Og ég spyr nú hv. þm.: Heldur hann, að það væri hollt fyrir íslenzku þjóðina, ef 20—25% hennar þyrftu að vera í sveitum til þess að framleiða það vörumagn, sem er framleitt nú? Ég held ekki. Ég held, að við getum því aðeins haldið áfram framkvæmdum og uppbyggingu um allt land, að við notum tæknina í landbúnaðinum eins og annars staðar og að það verði stöðugt aukin framleiðsla á mann, hvar sem hann vinnur, hvort sem hann vinnur á sjó eða í landi. Hitt er svo annað mál, að það má ekki koma fyrir, að fólkið flýi úr sveitunum, vegna þess að það sé verra að lifa þar, það sé verra að bjarga sér þar en annars staðar. Ég veit, að hv. þm. meinar það, sem hann var að segja, en þjóðhagslega séð og efnahagslega séð hlýtur það að vera rétt að stuðla að því, að það þurfi sem fæsta menn til þess að framleiða ákveðið magn, og landbúnaðurinn á vitanlega að framleiða meira en til innanlandsnotkunar.

Afkomu sína byggir landbúnaðurinn aðallega á innanlandsmarkaðinum, og útlendur markaður fyrir landbúnaðarvörur er ekki góður eins og við vitum. Þegar það var lögfest 1960 að veita útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, var vitanlega hlutur bænda mikið bættur frá því, sem áður var. Og bændur hafa búið að því og fengið verðlagsgrundvallarverðið síðan, en það fengu þeir ekki, á meðan þessi hv. þm. studdi ríkisstj. Þá vantaði bændur mikið á að fá fullt verð fyrir afurðirnar, af því að það, sem þeir fengu til uppbóta á útflutninginn, var sáralítið. Að vísu er þetta miðað við 10% af heildarverðmætinu, og það getur vel farið svo, að þetta hrökkvi ekki alltaf til, en sem betur fer hefur þetta nokkurn veginn náð saman, síðan þessi lög tóku gildi.

Ég veit, að hv. þm. minnist þess, að ýmsir bændafulltrúar á Búnaðarþingi vildu fá útflutningsbætur úr ríkissjóði á meðan framsóknarmenn voru við völd. Og það er sagt frá því, að formaður Búnaðarfélags Íslands o. fl. hafi gert sér ferð upp í fjmrn. þessara erinda, en þá fékkst þetta ekki. Það var ekki fyrr en sjálfstæðismenn tóku þessi mál að sér, að hlutur bænda var réttur við að þessu leyti. Og þegar hv. þm. talar um verðlag búvöru, getur það verið alveg rétt frá hans sjónarmiði, að verðlagið mætti vera hærra, — væri æskilegt, að það væri hærra. En takmörk eru þá líka fyrir því vegna þess, eins og ég sagði áðan, að bændur byggja mest á innlenda markaðinum, og hagur þeirra er undir því kominn, að vörurnar seljist.

Nú er það alveg vitað, og hv. þm. þarf ekki annað en fletta upp í Árbók landbúnaðarins til þess að sjá það, hvernig verðlagningin hefur farið fram, bæði meðan hann studdi ríkisstj. og eins síðan. Og það er nærtækt dæmi að fletta upp í skýrslu, sem er stutt. Við getum miðað við árið 1959. Þá var verðlagið eiginlega alveg eins og haustið 1958, og við skulum bara miða við töluna 100 og segja, að verðið hafi verið 100 1958, og við skulum segja, að kaup verkamannsins hafi verið 100 það ár líka og einnig kaup iðnaðarmannsins. Þá er útkoman þessi samkv. opinberum skýrslum, sem hv. þm. á aðgang að, að kaup verkamanna hefur hækkað síðan 1958 úr 100 upp í 227, iðnaðarmanna úr 100 upp í 217, en bænda úr 100 upp í 286. Og þetta verður ekki rengt, og tölur af þessu tagi hefur formaður Stéttarsambands bænda notað, þegar hann hefur viljað það viðhafa, til rökstuðnings fyrir því, að fulltrúar bænda í 6 manna n. hafi ekki staðið sig illa. Og ef það er rétt, að hlutur bænda sé nú verri en nauðsyn ber til, er það aðeins vegna þess, að þær leiðréttingar, sem þeir hafa fengið síðan 1958, eru ekki nægilega miklar. Og ég ætla ekkert að fullyrða um það, það má vel vera, að það vanti eitthvað á, til þess að hlutur bænda verði í samræmi við hlut annarra stétta. En hitt er rétt, að hlutur bænda hefur verið lagfærður eins og þessar tölur vitna um. Hlutfallið hefur lagazt. Hafi verið stórt bil á milli bænda og viðmiðunarstéttanna, áður en núv. stjórn kom til valda, hefur það bil örugglega minnkað, og ýmsir bændur halda því fram, að þeirra hlutur sé nú sambærilegur við hlut annarra stétta. En ég ætla engan dóm á það að leggja, en ég veit, að hv. þm. er mér sammála um það, þegar hann les þessar tölur, að hlutur bænda hefur verið lagfærður mikið, eins og þessar tölur vitna um, auk þess að þeir hafa fengið grundvallarverðið, eftir að útflutningsuppbæturnar komu til, en það fengu þeir ekki áður. Og þegar þetta er allt saman tekið með í reikninginn, held ég, að það verði nú fleiri en ég, sem undrast þann tón, sem þm. talaði í hér áðan.

Hv. þm. getur eðlilega óskað eftir betri kjörum bændastéttinni til handa. Hann getur bent á

lausaskuldir, sem hafi aukizt, og það væri æskilegt að breyta þeim öllum í föst lán, löng lán með lágum vöxtum. Þetta er gott og blessað, og þetta er æskilegt. En um leið og hann fullyrðir, að hlutur bænda hafi versnað og að bændastéttin sé raunverulega komin á vonarvöl, er hann ekki að gera bændum greiða, og ég held, að hann vinni bændastéttinni á engan hátt gagn með því. Hann geri ekki hægara að ná málum þeirra fram með því að draga upp svona dökkar myndir af ástandinu í landbúnaðinum, auk þess sem til þess hlyti að leiða, ef einhver maður tryði því, sem hv. þm. segir, að ungir menn myndu alls ekki láta sér detta í hug að hefja búskap í sveit, því að samkv. kenningu hv. þm. er það algerlega ómögulegt, eins og sakir standa. Og það hefur nú ekki verið það, sem okkur Íslendinga hefur vantað á umliðnum árum eða öldum, að dregið væri úr framtaki eða kjarki manna, hvorki ungra né gamalla. Ég held, að forfeður okkar hafi komizt áfram í þessu kalda landi, sem oft hefur farið hörðum höndum um fólkið, þeir hafi komizt áfram, af því að þeir trúðu því, að það væri hægt að ryðja erfiðleikunum úr vegi, og það hefur sem betur fer oftast tekizt. Og ég held, að unga fólkið í dag þurfi að tileinka sér þessa sömu skoðun og þann sama kjark, sem eldra fólkið hafði, og ég er alveg sannfærður um það, að með þeim skilyrðum, sem nú eru fyrir hendi, eru möguleikarnir miklu betri og meiri fyrir unga fólkið í dag til þess að komast áfram en var, jafnvel þegar ég og hv. 1. þm. Vesturl. vorum á æskuskeiði. Við skulum ekki draga kjarkinn úr fólki með því að draga upp dökkar myndir og segja, að það sé helzt enginn möguleiki til sjálfsbjargar, en við skulum vera raunhæfir og tala eðlilega um þá erfiðleika, sem steðja að, ekki aðeins hjá bændum, heldur einnig hjá öðrum stéttum, og hafa steðjað að okkar þjóðfélagi nú með því að komið hefur mikil aflatregða og stórkostlegt verðfall á okkar útflutningsafurðum. Og það er enginn vafi á því, að atvinnustéttirnar í landinu geta búizt við verri kjörum og verri dögum á næstunni, ef ekki breytir um frá því, sem verið hefur nú síðustu mánuðina með aflabrögð og verðlag. Við skulum vona, að úr þessu rætist.

Ég sagði hér áðan, að stjórn Stéttarsambands bænda hafi talað við mig um möguleika á því að breyta lausaskuldum landbúnaðarins í föst lán. Ég hef sagt stjórn Stéttarsambandsins, að ég væri reiðubúinn til athugunar á þessu og hef gert það talsvert, en ég hef ekki flutt frv. og geri það ekki, nema ég hafi von um að koma því fram. Og það skulu menn vita, að það er ekki hægara að koma slíku frv. fram nú, vegna þess að aðrar stéttir eru með svipaðar óskir, eins og t. d. útgerðarmenn, iðnaðarmenn og fleiri, og það er ekki meira fjármagn laust í bönkunum og Seðlabankanum til slíkra ráðstafana nú, vegna þess að okkur vantaði ⅓ partinn af útflutningsverðmætinu á s. l. ári, 2000 millj. kr., og er það skýringin á því, að nú er minna fé til ráðstöfunar í viðskiptabönkunum en áður hefur verið. Ég er reiðubúinn að leggja því máli lið að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. En út af fyrir sig, miðað við þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið á síðustu árum, blöskra mér ekki skuldirnar hjá bændum.

Einn hv. þm. Framsfl. lýsti því í stuttri blaðagrein um daginn, hvers búið þyrfti við. Bóndinn þarf að eiga bíl, og það er náttúrlega alveg sjálfsagt nú, en það var ekki nauðsynlegt eða sjálfsagt, þegar hv. 1. þm. Vesturl. studdi ríkisstj. Þá varð að skammta jeppa, og þeir fengust ekki nema frá Rússlandi. Og sá þótti mikið heppinn, sem fékk úthlutað jeppa þá. Og þegar jeppanefndin var lögð niður, minnir mig, að þessi hv. þm. segði sem svo: Ja, það er verið að ráðast á bændur. En með því að jeppanefndin var lögð niður, eins og hún var nefnd virðulegu nafni, var bændum gert mögulegt að eignast jeppa, ekki aðeins þessum, sem bjó þarna, heldur öllum í sveitinni. Og þannig er þetta komið nú, sem betur fer. Þessi sami bóndi sagði, að bændur þyrftu að eiga 2—3 traktora og allar aðrar vélar. Þeir eiga vitanlega að búa í góðum íbúðum, eins og aðrir menn, byggja útihús og rækta og annað þess konar, og einhvern tíma var það reiknað út, að fjármagnið, sem þyrfti að vera í svona búi, væri 1½—2 millj. kr.

Nú er það upplýst, að 85% bænda skulda undir ½ millj. og eignaaukningin hjá þeim síðustu árin hefur orðið svo miklu meiri heldur en skuldaaukningin, miklu meiri. Ég þekki hér í Reykjavík fjöldann af fólki, verkamenn, iðnaðarmenn og embættismenn, og þeir þykjast nú mikið lánssamir, ef þeir eiga íbúð og skulda ekki yfir 500 þús. kr.

Ég get ekki að því gert, að þessar hugleiðingar koma hér upp í huga minn, þegar við erum að ræða þessi mál, vegna þess að þó að við viljum hlut bændanna góðan og við vitum, að þeirra starf er nauðsynlegt og að landbúnaðurinn hefur verið einn af traustustu hornsteinum þjóðarbúsins og verður áfram, verðum við, þegar við eigum setu á Alþingi, að muna einnig eftir því, að það eru aðrar stéttir í landinu og að hagur bændanna er alveg samtvinnaður gengi og getu þessa fólks, sem býr í Reykjavík og kaupstöðunum. Ef sjómennirnir fá ekki kaup, verkamennirnir hafa ekki vinnu og iðnaðarmennirnir, geta bændur ekki selt sínar afurðir, og hagur þeirra hlýtur að versna. Þetta er allt samtvinnað, og við verðum að hafa yfirsýn yfir þetta.

Ég sé, að fundartíminn er búinn, en vitanlega væri ástæða til þess að rabba meira um þessi mál, en til þess gefst vitanlega tími seinna, og þar sem ég hef nú í stuttu máli vitnað í skýrslur um það, sem hefur gerzt í landbúnaðinum síðustu árin, skýrslur, sem sanna það sem betur fer, að bændastéttin er ekki á vonarvöl, tel ég, að það sé ekki nauðsynlegt að segja meira nú og sízt þegar fundartímanum er lokið. Ég endurtek það, að ég mun vilja beita mér fyrir því, að lausaskuldum bænda verði breytt í föst lán, ef möguleikar verða til þess, og það verður vitanlega kannað, og ég viðurkenni erfiðleika hjá a. m. k. hluta bændastéttarinnar, sem hefur búið við kal og harðindi, en það að gera myndina það dökka og halda því jafnvel fram, að stéttin sé í úlfakreppu, verður ekki málefnum bændanna til neins gagns, og það held ég, að hv. 1. þm. Vesturl. ætti að gera sér grein fyrir.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Ed., 6. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. landbrh. fyrir, hvað hann tók vel í það og taldi það nauðsynlegt, að lausaskuldum hjá bændum og fyrirtækjum þeirra yrði breytt í föst lán til langs tíma. En hæstv. ráðh. skildi málflutning minn á þann veg, að ég hefði málað mikið dekkri mynd af ástandinu í þessum málum heldur en sú mynd er raunverulega. En þó gat ég ekki fundið það í einu einasta atriði, að hæstv. ráðh. vefengdi eina einustu tölu eða neinar þær upplýsingar, sem ég kom með í ræðu minni, svo að ég ætla, að sú mynd, sem ég dró upp af þessu ástandi, hafi við sannindi að styðjast. Aftur á móti gat hæstv. ráðh. þess, að ástandið almennt í landinu væri nú alls ekki gott, og það væri ekki verra hjá bændunum en yfirleitt hjá verkamönnum, sjómönnum og almennt séð í landinu, að mér skildist, og verð ég að kalla þetta mikla framför, að svo háttsettur maður skuli viðurkenna þessa hluti nú eftir nokkra mánuði, eins og ástandið var gott síðast í maímánuði og í byrjun júní á s. l. ári. Þá voru ekki nein vandræði á ferðinni, en ansi hefur þetta versnað mikið síðan.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um útflutningsuppbætur og taldi, að þær hefðu m. a. orðið orsök þess, að bændur hefðu alltaf fengið fullt grundvallarverð fyrir afurðir sínar, frá því að framleiðsluráðslagabreytingin var gerð 1960 og útflutningsuppbætur voru lögfestar. Hins vegar liggur það fyrir, að bændur hafa fengið grundvallarverð fyrir afurðir frá árinu 1955 að því er mér er tjáð af framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og ég þekki hann ekki að því að fara með villandi tölur. En ég vil ræða nokkuð meira um þessar útflutningsuppbætur, vegna þess að þær hafa tíðkazt allt frá árinu 1955.

Árið 1955 voru veittar 10.2 millj. kr. í útflutningsuppbætur eða 2% af ríkisútgjöldum fyrir það ár. Og árið 1957 voru útflutningsuppbætur til landbúnaðarins 53 millj. kr. eða 6.5% af ríkisútgjöldum. Árið 1958 voru greiddar 59.1 millj. kr. í útflutningsuppbætur eða 7.3% af ríkisútgjöldum. 1959 er þessi upphæð 72.5 millj. kr. eða 7% af ríkisútgjöldunum. 1960 er þessi upphæð 26 millj. kr. eða 1.7% af ríkisútgjöldum. 1961 er upphæðin 31.5 millj. kr. eða 2% af ríkisútgjöldum. Árið 1962 er þessi upphæð 56.3 millj. kr. eða 3.2% af ríkisútgjöldum. 1963 98 millj. eða 4.5% af ríkisútgjöldum. 1964 115 millj. kr. eða 4.3% af ríkisútgjöldum og 1965 183 millj. kr. eða 5.2% af ríkisútgjöldum og 1966 214 millj. kr. eða 5.6% af ríkisútgjöldum. Ég held, að þessar tölur séu nokkuð réttar, og enda þótt það hafi ekki staðið beint í l., að það væri skylda að veita útflutningsuppbætur, vitum við það allir ákaflega vel, að það voru greiddar útflutningsuppbætur í margvíslegu formi á árunum 1955—1960. Og þá var alltaf venja, að landbúnaðurinn nyti þeirra hæstu útflutningsbóta, sem sjávarútvegurinn hlaut — þeirra hæstu útflutningsuppbóta, sem sjávarútvegurinn hlaut hverju sinni á því árabili. Eins og fram kemur í þessum tölum, sem ég las, hafa útflutningsbætur numið minni hundraðshluta af útgjöldum á fjárl. hin síðari ár heldur en þau voru á því 5 ára tímabili, sem ég gat um.

Það er alveg rétt, að útflutningsuppbætur í því formi, sem nú er, voru lögfestar með breytingu á framleiðsluráðsl. árið 1960, eftir að þá hafði staðið yfir allmikil deila út af verðlagsmálum landbúnaðarins og þeim brbl., sem ríkisstj. gaf út haustið 1959. En þess er vert að geta og minna á í þessu sambandi, að þetta lagaákvæði um 10% útflutningsuppbætur af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, kom í staðinn fyrir annað ákvæði, sem gilt hafði í l. áður. Og það var þess eðlis, að bændasamtökin eða Framleiðsluráð hafði heimild í l. til þess að hækka verðið innanlands, ef sýnilegt var, að bændur fengju ekki grundvallarverð fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir. Um þetta ákvæði var deilt, og málaferli hófust út af þessari lagagr., sem fóru á þann veg, að bændur unnu málið fyrir Hæstarétti, og þessi heimild í l. var þar með talin fullgild og að lögum farið með verðlagningu landbúnaðarafurða, en þetta ákvæði l. var numið úr lögum, þegar útflutningsbæturnar voru lögfestar.

Ég býst við, að einu árin, sem ekki næst grundvallarverð fyrir afurðir bænda, verði árin 1966 og 1967. Og það er heldur ekki sýnilegt, að það verði þægilegt að ná því lága grundvallarverði, sem ákveðið er með þeim gerðardómi, sem fjallaði um verðákvörðunina nú á s.l. vetri. Og í þeirri áætlun, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins mun hafa gert, þurfa útflutningsuppbætur að vera um 100 millj. kr. meiri til þess að líkur séu á því, að það verði hægt að ná því lága verði, sem ákveðið var með gerðardómnum. Og það væri fróðlegt að vita, hverjar ráðstafanir hæstv. landbrh. hyggst gera í því sambandi, að bændur nái grundvallarverði fyrir afurðir á verðlagsárunum 1966 og 1967 og 1967 og 1968.

Hæstv. ráðh. minntist nokkuð á hækkun kaupgjalds í landinu, og hann taldi, að ef árið 1958 er lagt til grundvallar með töluna 100, hafi breytingin orðið þessi á kaupi verkamanna, iðnaðarmanna og bænda. — Ég veit ekki, hvaða ár hann hefur átt við, en ég ætla, að það sé fremur árið 1965 en 1966. — Þá hafa laun verkamanna hækkað upp í 227, iðnaðarmanna í 217 og bænda í 286, eða þ. e. a. s., kaup bænda eftir þessu hefur hækkað meira en kaup verkamanna og iðnaðarmanna. Ég held, að það sé ótvírætt, að í þessum tölum sé miðað við tímakaup hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum. En slíkt er ekki til staðar hjá bændum, vegna þess að þeirra kaup er ekki hægt að reikna út í tímum. Og það, sem væri þá frambærileg tala í þessum efnum, er heildarkaup, árskaup eða árstekjur þessara viðmiðunarstétta, en ekki tímakaupið, og þá býst ég við, að þessi hlutföll yrðu nokkuð önnur en þarna hefur fram komið.

Árið 1966 og raunar 1967 líka eru tekjur bænda

í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins áætlaðar 198 þús. 358 kr., en á sama tíma er vitað, að kaup viðmiðunarstétta þeirra, ef farið hefði verið eftir gamla lagaákvæðinu, sem gilti, var kaup þeirra stétta 245 þús. 532 kr. eða 47 þús. kr. hærra en það kaup, sem bændur hafa samkv. lögum. Og hér er því greinilegt, að það er mikið hallað á bændastéttina miðað við aðrar stéttir og frá því, sem verið hefur.

Ég skal játa það, að það hefur margt áunnizt í verðlagsmálum landbúnaðarins, þótt það sé ekki nægjanlega mikið til þess að standa straum af þeim nauðsynlega kostnaði, sem bændur þurfa að inna af hendi á ári hverju. Og ein af ástæðunum fyrir því, að kauphækkun bóndans í verðlagsgrundvellinum kemur ekki að tilætluðum notum, er sú, að aðrir liðir í verðlagsgrundvellinum eru of lágt reiknaðir og taka það mikið af kaupi bænda til sín, að þrátt fyrir þá hækkun, sem orðið hefur á kaupi bænda, hafa þeir ekki notið þeirrar hækkunar, vegna þess að það hefur vantað á aðra kostnaðarliði í verðlagsgrundvellinum. Og þeir hafa því ekki raunverulega fengið það kaup, sem þeim hefur verið ætlað samkv. útreikningi.

Þá gat hæstv. landbrh. þess, að fjármunamyndun í landbúnaði hefði verið 90 millj. kr. hærri árið 1966 en árið 1958, og að þetta væri reiknað eftir verðlagi ársins 1960. Þessar tölur ætla ég mér alls ekki að vefengja, og ég tel, að þær brjóti ekki í bága við neinar þær tölur, sem ég nefndi í framsöguræðu minni. Það stendur því óhaggað, sem ég sagði um ríkisframlög og stofnlán til fjármunamyndunar, að þau hafa lækkað. þau hafa rýrnað frá árinu 1958 til ársins 1966. Og þar í liggur m. a. ein orsök þess, að lausaskuldasöfnun bænda hefur orðið jafn mikil og raun ber vitni um. Bændurnir verða samhliða því, að þeir verða nú að leggja meira fram af eigin fjármagni, ef þeir ættu það, þá verða þeir að safna meiri lausaskuldum en áður, ef þeir eiga að inna af hendi hliðstæðar framkvæmdir og standa undir búrekstrinum líkt og þeir hafa gert á undanförnum árum.

Það, sem ljóst er og frv. þetta er byggt á, er, að lausaskuldasöfnun bænda hefur vaxið mikið hin síðari ár og heildarskuldir þrefaldazt síðan 1960 til ársloka 1966, og lausaskuldir hafa því vaxið meira á þessu tímabili, mun meira, en föst lán. Á það vil ég minna, að árið 1967 var mjög óhagstætt bændum, og því allar horfur á, að skuldir séu nokkru meiri nú en vitað er um, og mun það koma í ljós við rannsókn síðar.

Hæstv. landbrh. gat þess, að það þætti ekki mikið að skulda ½ millj. kr. hér í Reykjavík út á eitt íbúðarhús. Og ég er honum sammála í því, að út af fyrir sig er það ekkert mikið. En þessi skuldaupphæð er ekki sambærileg við það að skulda ½ millj. til sveita, og það liggur í því, að verðmæti íbúðarhúss hérna í höfuðborginni stendur venjulega fyrir sínu. að er alltaf hægt að selja það á fullu verði, sem ekki er hægt með jarðir hér og þar út um sveitir, og því er geysilegur munur á því að skulda ½ millj. einhvers staðar og einhvers staðar úti á landi eða ½ millj. í íbúð hér í borginni, af því að verðmæti fasteignanna er svo margfalt meira hér í höfuðborginni en víðast hvar annars staðar á landinu.

Um leið og lausaskuldum bænda er breytt í föst lán, þarf jafnframt að koma í veg fyrir það, að lausaskuldir safnist áfram í stórum stíl, og þá þarf að hafa tvennt í huga, að veita öll stofnlán til lengri tíma en nú er gert og láta þau ná til alls, sem lagaheimildir eru til fyrir. En það er býsna margt, sem ekki eru veitt lán til nú, sem lög heimila. Jafnframt þessu verða bændur að fá hærra verð fyrir framleiðsluvörur sínar, svo að ekki falli strax í það sama horf og nú blasir við. Ég hygg, að hæstv. landbrh. sé þetta allt vel ljóst, og ég skora á hann að gæta vel réttar bændastéttarinnar nú, ekki síst, þegar skuldamál annarra atvinnuvega eru í athugun og endurskoðun.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Hv. þm. lauk máli sínu með því að skora á mig að gæta hagsmuna bænda í skuldamálum þeirra, um leið og skuldamál annarra atvinnuvega eru fyrir tekin, og hann þakkaði mér fyrir það að hafa tekið vel í það að beita mér fyrir því, að lausaskuldum bænda yrði breytt í föst lán. Og ég sagði það hér um daginn, að ég vildi gjarnan athuga þá möguleika og beita mér fyrir því, eftir því sem fært þykir, enda hafði stjórn Stéttarsambands bænda áður rætt þetta við mig. Hins vegar vil ég ekkert fullyrða um það, hvort þetta tekst nú, því að það er vitanlega ekki hægara að koma þessum málum í kring nú, þegar þjóðarbúið hefur tapað ⅓ af útflutningsverðmæti sínu á s. l. ári, og aðrir atvinnuvegir standa m. a. þess vegna höllum fæti.

Hv. þm. þakkaði mér fyrir það, að ég skyldi hafa viðurkennt það, að allt væri ekki í bezta lagi núna, og það væri munur að heyra nú í mér eða ýmsum stjórnarsinnum í júnímánuði s. l. Að vísu gerðu stjórnarsinnar sér alveg grein fyrir því, að ef aflabresturinn héldi áfram, ef verðfallið héldi áfram, hlyti það að skapa erfiðleika. En það dreymdi engan um það á s. l. vori, að það vantaði þriðja part af útflutningsverðmætinu í þjóðarbúið, að það vantaði 2000 millj. kr. Og ég hef nú ætlazt til þess, að hv. 1. þm. Vesturl. gerði sér grein fyrir því, að það er eðlilegt, að af þessu stafi erfiðleikar og að þetta verður ekki skrifað á reikning ríkisstj. eða stuðningsflokka hennar.

Annars hefur þessi hv. þm. og sumir flokksbræður hans ekki viljað gera mikið úr því, þó að það vantaði þriðja partinn af útflutningsverðmætinu á s. l. ári. Ja, það hefði nú fiskazt jafnmikið og s. l. 5 ár að meðaltali, og verðið væri bara ekkert lægra núna en það hefði verið fyrir nokkrum árum, og þess vegna gæti allt verið í lagi nú þrátt fyrir þetta.

En hv. þm. veit það, að það hefur verið kostað miklu til. Tækin eru miklu fleiri og afkastameiri nú en þá, miklu meira fjármagn, sem hefur verið sett í þennan atvinnuveg en áður, og tilkostnaðurinn við framleiðsluna er ekki minni, heldur aðeins meiri en hann var í árslok 1965, þegar verðlag afurðanna var hæst. Þess vegna er ekkert undarlegt, þótt sjávarútvegurinn kom-

ist í þröng, þegar það skeður hvort tveggja, að aflinn bregzt að verulegu leyti og verðfallið hefur orðið eins geigvænlegt og raun ber vitni. Og það er vitanlega þjóðarbúið, sem verður í heild fyrir halla og tapi af þessum ástæðum. Og það er alveg víst, að ef ekki hefðu verið til fyrningar frá fyrri árum, varasjóðir, varagjaldeyrissjóðir, og ef ekki hefði verið búið að endurnýja fiskiskipaflotann og byggja fiskiðjuver og annað þess konar á fyrri árum ríkisstj., hefði hér verið komið vandræðaástand við síðustu áramót. En það er vegna fyrninganna, vegna þess að búið var í haginn á góðu árunum, sem þjóðfélagið í heild og þjóðarbúið hefur fram að þessu staðið þetta af sér, og sem betur fer hafa nú flestir atvinnu enn og lifa sæmilega þrátt fyrir þessi stóru áföll, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir. Og nú er það vitanlega sameiginleg ósk allra Íslendinga, að úr þessu rætist, að við fáum nú góða vertíð og síldveiði nærri Íslandi á næsta sumri, og þá er það, að fyrningar fyrri ára hafa orðið til þess, að þjóðarbúið hefur staðið af sér þessi miklu áföll, sem komið hafa, en sem sumir hv. framsóknarmenn vilja ekkert gera úr. Og það má segja það, að slíkt tal er barnalegt og fáir taka nú mark á.

Það er dálítið leiðinlegt, þegar góðir og gegnir menn tala þannig. Það var t. d. einn maður, sem kom að máli við mig. Hann hafði hlustað á umr. hér, þegar þær byrjuðu, og hlustaði á framsöguna. Hann hafði heyrt það, að frsm. sagði eitthvað á þá leið, að það væri aðeins lánað til 5 ára út á vélar. Þessi maður, sem hefur verið í sveit, spurði mig að því, hvernig þetta hefði verið, á meðan framsóknarmenn voru í stjórn. Ég veit það ekki, sagði ég. Þá var ekkert lánað út á vélar, ekki til 5 ára. Það var ekkert lánað út á vélar. Og hann spurði enn fremur: En út á bústofninn? Hv. 1. þm. Vesturl. sagði, að það væri ekkert lánað út á bústofninn. Það var alveg eins þá. Það var ekkert lánað út á bústofninn þá, þegar þessi hv. þm. studdi ríkisstj. En út á vinnslustöðvar landbúnaðarins, þeir höfðu þó lánað ríflega út á þær? Nei, ekki heldur, sagði ég. Þeir lánuðu ekkert út á vinnslustöðvar þá. Það var fyrst núna, eftir að núv. stjórn kom til valda. Þeir eru þá bara svona, sagði maðurinn. Þeir eru þá bara svona að heimta allt af öðrum, gera svo miklu hærri kröfur til annarra en sjálfs sín. Og okkur sjálfstæðismönnum þykir það ágætt, þegar hv. framsóknarmenn gera fyrir hönd landbúnaðarins miklu hærri kröfur til okkar heldur en þeim hafði dottið í hug að gera til sinna manna, því að það er rétt, að þá var ekkert lánað út á vélar, þá var ekkert lánað út á bústofn, þá var ekki lánað út á vinnslustöðvar úr Stofnlánasjóði.

En hvernig er þetta með lánstímann, sem hv. þm. er alltaf að tala um, að hafi verið styttur? Lánstíminn hefur ekki verið styttur. Hann er sá sami og hann hefur verið, 42 ár út á íbúðarhús og 20 ár út á útihús. Það er nákvæmlega sami lánstíminn, þó að þessi hv. þm. sé alltaf að tala um, að lánstíminn hafi verið styttur. Þá segir þessi hv. þm. og endurtekur það nú, að skuldasöfnun sé vegna þess, að stofnlánin hafi minnkað, þau hafi lækkað frá því, sem þau voru 1958. En hvað segja opinberar skýrslur? Opinberar tölur, sem þessum hv. þm. dettur ekki í hug að vefengja? Þær segja, að útlán stofnlánadeildarinnar hafi aukizt um 300% síðan 1958, en byggingarvísitalan hefur hækkað á þessum tíma um 122%. Er þetta nú ekki nógu skýrt til þess, að það verði ekki oftar sagt hér í hv. Alþ. eða annars staðar, að stofnlán úr stofnlánadeildinni hafi lækkað? Ég veit ekki, hvort það væri reynandi fyrir þennan hv. þm. að segja þetta á fjöldafundi, svo að e. t. v. tryði því einhver. En það þýðir ekkert að vera að segja það hér í hv. Alþ.

Hv. þm. hefur oft talað um vextina og grundvöllinn, sem verðlag búvöru er byggt á, en á meðan þessir hv. þm., hans flokkur, fór með þessi mál, þá fengu bændur ekki reiknaða vexti af eigin fé í verðlagsgrundvellinum. Það var ekki tekið til greina, þótt þeir hefðu mikið fjármagn og eigið fé í búinu, þeir fengu enga vexti af því. En þetta var þó tekið upp 1960 eða 1961 og munar allmikið um það nú. Er þetta aðeins ein af þeim leiðréttingum, sem hafa verið gerðar á verðgrundvellinum.

Hv. þm. viðurkennir, að það hafi ýmsar leiðréttingar verið gerðar í verðlagsmálum, og hann rengdi heldur ekki þær tölur, sem ég las hér upp úr opinberum skýrslum um það, hversu kaup bænda hefði hækkað mikið umfram kaup verkamanna og iðnaðarmanna. Hann vitanlega viðurkenndi, að þær tölur væru réttar, en þá ætlar hann að snúa sig út úr því og segja; ja, þetta er tímakaupið, en á hverju byggjast árstekjurnar, ef þær byggjast ekki á tímakaupi, og hvernig var þetta fyrir 1958 og á því herrans ári? Var það ekki miðað við tímakaupið? En tímakaup bænda hefur hækkað þetta miklu meira en iðnaðarmanna og verkamanna á árunum 1959—1966, vegna þess að bændur voru, meðan hv. framsóknarm. fóru með þessi mál, svo langt á eftir í kaupi og tekjum. Og nú, þegar hv. 1. þm. Vesturl. er að tala um það, að bændur hafi lægri tekjur en aðrar stéttir, þá er hann aðeins að undirstrika það, hversu langt bændur voru áður á eftir, úr því að þessi leiðrétting, sem þeir nú hafa fengið og er viðurkennd, nægir ekki til þess, að þeir sitji nú við sama borð og aðrar stéttir.

Ég hef haldið því fram, að með þessum leiðréttingum, sem fengizt hafa, séu bændur mjög nærri því að hafa sambærilegar tekjur og aðrar stéttir. Hitt er svo rétt, að meðaltekjur bænda yfir allt landið eru nokkru lægri, og það er vegna þess, hversu margir bændur eru með lítil bú, sem ekki geta gefið nema litlar tekjur. Það sannar alls ekki það, að bændur með sæmileg bú beri ekki frá borði svipað og aðrir, sem vinna fullan vinnudag.

Þá talaði hv. þm. dálítið um útflutningsuppbætur og sagði, að þær hefðu verið greiddar síðan 1955, bændur hefðu fengið fullt grundvallarverð æ síðan, en það gæti verið vafasamt fyrir verðlagsárið 1966 til 1967 og 1967 til 1968. Hv. þm. óskar eftir svörum frá mér, hvaða aðgerðir ég vil viðhafa til að tryggja þetta, ef útflutningsuppbæturnar nægja ekki. Ég hef ekkert um það að segja í dag annað en það, að ég get ekkert

um það sagt, hvort ég hef nokkur ráð í hendinni til að bæta úr því, ef þær ekki nægja, en það er allt of snemmt að fullyrða nokkuð um það, en hitt er svo algjörlega rangt, að bændur hafi fengið fullt grundvallarverð allt frá árinu 1955. Uppbæturnar voru mjög litlar, sem bændur fengu úr útfl.sjóði á árunum 1955 til 1960, og ég get aðeins minnt á það, að á árunum 1957—1958, þegar mjólkurbúin fluttu út ost, vantaði í Flóabúinu allt að 10% á mjólkurverðið, vegna þess að osturinn var fluttur út fyrir lágt verð, en útflutningsuppbætur fengust ekki á ostinn, og þetta var ekki aðeins hjá Flóabúinu, þetta var vitanlega eins hjá öllum mjólkurbúum um allt land, en samt fullyrðir hv. 1. þm. Vesturl., sem er í stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem er í bankaráði Búnaðarbanka Íslands, sem hefur setið í fjöldamörg ár á Alþ., að bændur hafi alltaf fengið fullt grundvallarverð allt frá árinu 1955. En hvers vegna fullyrðir maðurinn þetta? Ef hann væri nú á bændafundi og talaði svona við bændur. Hvað mundu bændur segja um svona fullyrðingar, sem eru hrein mótsögn við staðreyndirnar? Ég skil það ekki, hvers vegna hv. þm. er með þessar fullyrðingar hér. Svo segir hv. þm., að það hafi verið ákvæði í framleiðsluráðsl., sem hafi tryggt bændur, áður en l. frá 1960 tóku gildi, bændur hafi haft heimild til þess að hækka verð innanlands með það fyrir augum að borga hallann af útfluttum afurðum. Þetta ákvæði var nú mikils virði. Það fékkst svo staðfest í Hæstarétti, að bændur áttu þennan rétt, en þeir gátu aldrei notað þennan rétt, vegna þess að innanlandsmarkaðurinn var alltaf takmarkaður. Og með því að hækka innanlandsverðið til þess að fá fé í útflutningsuppbætur, þá var það til þess að ræða við fjmrh. og spyrja hann að það sem flytja átti út varð meira, og þetta vann þannig hvort á móti öðru. Og þetta vissu bændur. Þess vegna var það á Búnaðarþingi 1957, að mikið af tíma þingsins fór í það að ræða um offramleiðslu og þau vandræði, sem bændastéttinni stafaði af því, ef þyrfti að fara að flytja mikið út af afurðum fyrir lágt verð, og það var þá, — og ég veit, að hv. 1. þm. Vesturl. man eftir því, — að það var send nefnd manna til þess að ræða við fjármrh. og spyrja hann að því, hvort hann vildi ekki opna ríkiskassann og láta eitthvað í útflutningsuppbætur, því að nú horfði illa fyrir bændum. En hvaða svör fengu þessir menn hjá ráðh.? Þeir fengu þau svör, að það væru engir peningar til. Þetta gat verið satt. Ég trúi því, að það hafi verið ástæðan, frekar en að ráðh. hafi ekki viljað láta peninga. En ef það hefði nú verið satt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að bændur hefðu alltaf fengið fullt grundvallarverð, útflutningsuppbætur hefðu alltaf verið greiddar, hefði þá Búnaðarþing þurft að senda nefnd manna upp í fjmrn. til þess að knýja út úr fjmrh. eitthvað af peningum í útflutningsuppbætur? Nei. Og bændur, sem eru í framleiðsluráði og í stjórn stéttarsambandsins, hafa sagt við mig, að þetta lagaákvæði um heimild til þess að mega hækka verðið innanlands hafi raunverulega verið einskis virði. Og það var þess vegna mikils virði fyrir bændur að fá það lögfest, að það mætti greiða í útflutningsuppbætur 10% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða. Það hefur nægt fram að þessu, en hvort það nægir í ár, ætla ég ekkert að fullyrða um.

Hv. þm. viðurkenndi, að það væri rétt, að fjármunamyndun í landbúnaðinum hefði verið mikil síðustu árin, og þá vitanlega leiðir það af sjálfu sér, að hann viðurkennir, að skuldaraukning af þessum ástæðum er eðlileg, og þá held ég, að hann sé farinn að nálgast ástæðuna fyrir því, að eitthvað hefur safnazt af lausaskuldum, þá réttu ástæðu, en þá ætti hann líka að fjarlægjast það, sem hann staðhæfði hér áðan, að ástæðan væri, að þau hefðu verið tiltölulega minni, þau hefðu minnkað, stofnlánin úr stofnlánadeildinni.

Ég sé nú ekki, að það sé í rauninni ástæða til að fara öllu fleiri orðum um þetta, ég hef hér aðeins að gefnu tilefni viljað sýna fram á, að málflutningur hv. þm. var að ýmsu leyti dæmalaus. Hitt er svo ekkert óvenjulegt, þótt hann flytji mál eins og þetta frv., og það er ekkert óvenjulegt, þótt dregið sé fram, það sem er eðlilegt og rétt í málefnum bændastéttarinnar, en það er hægt að reiða svo hátt til höggs, að það verði ekkert úr því, og það verður oft, sem ekkert verður úr því með þannig tilburðum, og ég held, að ef hv. þm. temdi sér það nú eftirleiðis að halda sér við staðreyndirnar og tala máli bænda á hóflegan hátt og af raunsæi, þá yrði tekið miklu meira mark á því, sem þessi þm. hefði fram að færa, en með málflutningi eins og hann hefur haft í sambandi við þetta frv.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki nema í örfáum orðum að ræða það frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, sem hér liggur fyrir til umr. Það má segja, að það sé ekki nema eðlilegt, að það sé komið fram, og það mun almennt viðurkennt, að meðal bænda hafi safnazt nokkuð af lausum skuldum, eins og gert hefur hjá fjölmörgum öðrum atvinnustéttum í landinu og viljað brenna við öðru hverju, ekki einungis hin síðari ár, heldur af og til. Það sanna ýmsar aðgerðir, sem þurft hefur að gera í þessum efnum áður.

En það, sem gefur mér tilefni til þess að segja um þetta nokkur orð, það er, að ég er ekki að öllu leyti sammála 1. flm., hv. 1. þm. Vesturl., um þær ástæður, sem hann telur fyrst og fremst til þess liggja, að til þessarar lausaskuldasöfnunar hefur komið hjá bændum. Hann taldi í sinni framsöguræðu, að fyrst og fremst lægju til þess fjórar orsakir, að til þessara skulda hefði verið stofnað. Í fyrsta lagi, að fjárfestingin í landbúnaðinum hefði kostað mikla fjármuni, í öðru lagi, að bændur væru skattlagðir til þess að fá einhverja úrlausn hjá stofnlánadeildinni, í þriðja lagi, að verðlagsákvörðun landbúnaðarvara var ekki gerð skv. l. á s. l. hausti og í fjórða lagi erfitt árferði og grasbrestur.

Þessar ástæður, sem hann taldi hér fram, álít ég, að þurfi nokkurrar endurskoðunar við. Hann gerði tilraun til þess að byggja sínar ályktanir á skýrslu, sem landnámsstjóri hefur birt, jarðaskrá Landnáms ríkisins, og ég vil taka undir það, að það er mjög eðlilegt, að þegar um slík

mál er rætt, sé hún lögð til grundvallar. Ég hygg, að hún sé þannig undirbúin, að henni megi treysta.

En það, sem fyrst vekur athygli manns, þegar rætt er um stöðu landbúnaðarins, það er það, hversu fækkað hefur þeim mönnum, sem stunda framleiðslustörfin við landbúnaðarvinnuna, en um leið og það er haft í huga, þarf líka að taka það með í reikninginn, að framleiðslan hefur vaxið, hún hefur vaxið þrátt fyrir það, að nú vinni ekki að framleiðslunni nema 10—11% af þjóðinni, hún hefur vaxið frá því sem var, þegar um 70% af þjóðinni framleiddu landbúnaðarvörur. Til þess að þessi breyting geti átt sér stað, til þess að færra fólk geti þannig framleitt meira en fleira fólk gerði áður, hefur að sjálfsögðu orðið að leggja í geysilega mikinn kostnað, enda hafa landbúnaðarmenn ekki legið á liði sínu í því að taka í sína þjónustu vélvæðinguna og tækniþróun ýmiss konar til þess að ná þessu setta marki. Fyrir það, að þetta er viðurkennt, að til þessara ráða hafi verið sjálfsagt að grípa, þá hafa verið gerðar um það öðru hverju áætlanir, hversu mikið fé þurfi að leggja í landbúnaðinn á hverjum tíma til þess að ná þeirri þróun, sem nauðsynleg er til þess að standa þarna vel í stykkinu. Meðal annars af þeim sökum gerði Stéttarsamband bænda framkvæmdaáætlun fyrir áratuginn 1961—1970, og þar sem skýrslur ná nú yfir fyrri helminginn af þeim áratug, má gera nokkurn samanburð á því, hvernig til hefur tekizt.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun Stéttarsambandsins þótti eðlilegt og nauðsynlegt, að landbúnaðurinn fjölgaði dráttarvélum hjá sér um 2000 stk. á þessum tíma, eða 4 þús. dráttarvélar var talið, að þyrfti að kaupa á einum áratug, en á 5 árum þá 2 þús. stk. Í framkvæmd hefur þetta orðið svo, að bændur hafa keypt 2.944 stk. á þessum 5 árum, þeir hafa sem sagt farið töluvert langt fram úr þeirri áætlun, sem þarna var sett upp af Stéttarsambandi bænda.

Þá gerði Stéttarsamband bænda og framkvæmdaáætlun þess ráð fyrir því, að ræktunarland þyrfti að auka á þessum hálfa áratug um 17500 hektara, en í framkvæmdinni hefur þetta orðið svo, að ræktaðir hafa verið á þessu 5 ára bili, 21300 hektarar, og er þar enn farið langt fram úr þeirri áætlun, sem gerð hafði verið. Ég vil ekki þreyta þingdeildarmenn á því að lesa þessa áætlun upp alla, en ég tel þó ástæðu til að taka einn þátt í henni enn og geta þar um íbúðarhúsabyggingarnar.

Í áætlun Stéttarsambandsins var gert ráð fyrir því, að á áratugnum yrðu byggðar 700 íbúðir eða 350 íbúðir á 5 árum. Í framkvæmd hefur þetta orðið svo, að byggð hafa verið 530 hús eða 530 íbúðir á þessu 5 ára tímabili. Það er því eðlilegt og mjög eðlilegt, að stofnlánasjóðirnir hafi ekki nægt bændum að fullu til þess að mæta allri þessari fjárþörf, þegar hún er svo hröð og fer langt fram úr þeirri áætlun, sem gerð hafði verið af þeim mönnum, sem bezt þekkja til. En það, að svona hefur verið unnið hratt að þessum málum, er einungis því að þakka, að á Alþ. hefur verið komið á þeirri landbúnaðarlöggjöf, þeirri framfarastefnu í landbúnaði, sem hefur orðið til þess að kalla og laða fram framkvæmdarvilja og framkvæmdarþrek ísl. bænda, og ég hygg, að það sé ekki annað en gott um það að segja og sérstaklega nauðsynlegt, einmitt fyrir þá sök, að það hefur fækkað þeim mönnum, sem unnið hafa að framleiðslumálum í landbúnaði.

Það er aðeins annað atriði, sem hv. 1. flm. frv. vék að, sem ég er ekki alls kostar ánægður með, hvernig hann las úr skýrslum landnámsstjóra, og það er varðandi ræktunina og það minnkandi heymagn, sem hann taldi vera mjög mikið af hverjum hektara lands. Það er alveg rétt, að þegar maður lítur á þessar skýrslur frá landnámsstjóra, má í fljótu bragði lesa út úr þeim þær tölur, sem hv. 1. þm. Vesturl. gaf hér upp í sinni ræðu. Ef ég man rétt, þá reiknaði hann með því, að ræktað land væri alls um 100 þús. hektarar og uppskerumagnið væri 3 millj. og 300 þús. hestburðir eða 33 hestburðir af hektara. Nú er það svo, að ræktað land á þessum tíma, 1965, það má jú segja, að það sé upp undir 100 þús. hektarar, það er þó ekki nema 98200 hektarar, en það er fleira, sem þarna kemur til, og það er upplýst hér einnig, að matjurtagarðar og land fyrir einærar fóðurjurtir hafa verið 1900 hektarar, og það er tekið með í þessa heildarupphæð stærðar á ræktuðu landi, sem hér er til færð, en megnið af þessu landi gefur áreiðanlega ekki framtalda töðu eða grasræktun. Það er talað þarna um matjurtir, sumt heyrir til matjurtagörðum, annað er blátt áfram notað til þess að beita á það á haustin, og það kemur aldrei í hlöðu og kemur því aldrei á tiund sem skapandi heybót. Í öðru lagi má einnig geta þess, að í landinu eru á þessum tíma tæplega 60 þús. nautgripir. Og það fer meira og meira í vöxt að beita þessum nautgripum að verulegum hluta á ræktað land að sumrinu allan útbeitartímann, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið haldbeztar, þá mun ekki veita af því að ætla hverjum grip 0,4—0,5 hektara til beitar yfir sumartímann. Ef við áætlum nú, sem væri mjög eðlilegt, að beitt væri svona helmingnum af þessum nautgripum á tún allt sumarið, þá er það um 30 þús. nautgripir, og þá mundi þurfa um 15 þús. hektara lands fyrir þessa beit, og þó að við legðum svo þar ofan á allt það gras, sem sauðfé tekur af túnunum bæði á vori og hausti, þá sjáum við, að við verðum þó komnir með grasið af hverjum hektara upp yfir 40 hesta með þessum útreikningi, og það hygg ég, að muni vera sanni nær en það, sem hv. flm. taldi hér fram. Hinu vil ég alls ekki gera lítið úr, að kal og önnur óáran hefur sitt að segja, er æði mörgum þung í skauti og verkar á sumum svæðum, en í heild yfir landið, finnst mér, að ekki megi taka tölurnar þeim tökum, sem fyrsti flm. gerði hér, og því þótti mér rétt, að þetta álit mitt kæmi hér fram.

Ég vil svo að lokum aðeins geta þess, að ég fagna því, að framsóknarmenn í þessari hv. deild skuli hafa komið fram með frv. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán, og ég vænti þess, að árangurinn af því verði sá, að ef þessum málum verði hægt að bjarga, þá verði þessi afstaða þeirra til lánamálanna til þess, að meira

gagn og almennara verði á þeirri ráðstöfun, sem gerð verður, en hún var árið 1962, þegar framsóknarmenn voru fullir af tortryggni gagnvart þessum málum og unnu þeim bændum sannarlega ekkert gagn með þeirri afstöðu sinni.

Hjalti Haraldsson: Herra forseti. Mig langar til að leggja hér örfá orð í belg í sambandi við þessar umr., sem hér hafa farið fram, og ég get þá byrjað á því, að ég er þakklátur Ásgeiri Bjarnasyni 1. þm. Vesturl. fyrir þetta frv., því að ég tel, að það sé mjög nauðsynlegt að koma bændum til aðstoðar í þeim þrengingum, sem þeir eru komnir í. Hitt má svo um deila, hverjum slíkt er að kenna, og vafalaust endalaust, en þegar maður lítur á þessar tölur, sem verið er að fara hér með, þá verð ég að segja það, að mér finnst þær blátt áfram vera hégómi, þegar litið er betur niður í kjölinn, og þegar tekin eru til athugunar viðskipti landbúnaðarins við jörðina.

Vitanlega byggist búskapurinn á viðskiptum við jörðina, og það hefur komið hér fram í þessum umr., að heyfengur hefur farið minnkandi, og það er ekki hægt að leyna því, að miðað við hvern hektara lands, þá hefur hann farið minnkandi, og hann hefur farið niður fyrir það, sem hann var um síðustu aldamót — og þetta er dálítið iskyggilegt, — þrátt fyrir stóraukna ræktun, allar rannsóknir og allan áburðinn, sem við kaupum.

Um s.l. aldamót var heyfengurinn 36 hestburðir af hektara, en hann er nú 33 hestburðir af hektara, og hefur farið stöðugt minnkandi síðan árið 1960. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir um fjármunamyndun, sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði, að færi stöðugt lækkandi frá 1958 og lausaskuldir hefðu þrefaldazt á sama tíma, þá dettur manni í hug, hvort það gæti verið eitthvert samhengi þarna á milli. Ég er ekki frá því.

Nú kannske má segja það, að bændur séu einráðir um það, hvernig viðskipti þeirra við jörðina séu, en ég tel, að þeir séu það ekki. Það er einokun eða ríkiseinkasala á áburði, og hann er eitt mikilvægasta meðalið einmitt í þessum viðskiptum við jörðina. Nú skulum við segja, að þessi minnkun á uppskeru á hverjum hektara eigi sínar eðlilegu orsakir, það megi skýra hana með slæmu veðurfari og aukinni beit á ræktað land, meiri garðrækt o. s. frv., eins og hv. 5. þm. Sunnl. talaði um, en þá skulum við snúa okkur að öðru, sem er ekki eins auðvelt að vefengja eða gera lítið úr sem orsök fyrir minnkuðum heyfeng og það eru tilraunir þær, sem Tilraunaráð jarðræktar hefur gert á undanförnum árum og birtar eru af því og Atvinnudeild Háskólans.

Við skulum aðeins staldra við og athuga þessar tölur. Það eru samanburðartilraunir um notkun kjarna og kalksaltpéturs sem köfnunarefnisáburðar, miðað við, að grunnáburður af fosfórsýru séu 70 kg og 100 kg af kali, og miðað við 100 kg af kjarna, sem er meðaláburðarnotkun bænda yfir landið. Þá kemur það í ljós, að uppskerutapið við að nota kjarna er 9½ hestburður á hektara, minna en þar sem kalksaltpéturinn er notaður. Ef við nú lítum á meðaltúnstærðina í landinu, sem er talin vera um 18 hektarar, þá eru þetta hvorki meira né minna en 162 hestburðir á meðalbýli í landinu og reiknað með því, að töðuhesturinn sé virtur á 300 kr., sem ég tel ekki ósanngjarnt, þá er tapið þarna á meðalbú á milli 50 og 60 þús. kr., og ef við tökum dæmið í heild, þá lítur það þannig út, að af 100 þús. hekturum lands, eins og ræktað land er talið vera, er uppskerutapið 900 þús. hestar eða 270 millj. ef það er reiknað í peningum. Hvað verður þá úr 145 millj., sem menn eru að stæra sig af, að hafi verið lánað úr stofnlánadeild landbúnaðarins á s. l. ári? Mér finnst þetta svo alvarlegar staðreyndir, þegar á þetta er litið, að það sé ekki hægt að loka augunum fyrir þeim.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fjölyrða meira um þetta, en mun gera það í sambandi við þáltil., sem ég hef lagt fram í Sþ. og ég fæ væntanlega tækifæri til að ræða um seinna.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það voru góð tíðindi, sem komu fram í ræðu hv. 5. þm. Sunnl., og ég verð að segja það, að eftir að hafa hlustað á þann mæta mann fannst mér hann sannarlega eiga mjög erfitt með að verja það, hvernig að landbúnaðinum er búið, og ég held, að hann hafi ekki komið með neitt atriði í sinni ræðu, sem hnekkir einu einasta orði í því, sem ég hef sagt áður. Ég tók það fram í framsöguræðu minni, að bændastéttin væri stórhuga, afkastamikil og framfarasinnuð. Að vísu staðfesti hann þetta með nokkrum tölum, en þetta var vitað mál, og við vitum manna bezt, hver þróun hefur verið í þeim málum á undanförnum árum.

Ofurlitla tilraun gerði hv. þm. til þess að draga aðrar ályktanir út úr þeirri skýrslu, sem ég ræddi um í sambandi við heyfenginn á undanförnum árum. Það, sem við verðum að gera okkur ljóst, íslenzkir bændur, er það, að ef við hverfum til þess að nota ræktaða landið meira og minna til beitar, verðum við að hafa túnin miklu stærri heldur en annars, til þess að við fáum nægilegt fóður að vetrinum. Það skiptir því ekki höfuðmáli, hvað beitt hefur verið á túnin. En hitt er það, sem skiptir máli, hvað höfum við til að fóðra búféð af á veturna, því að við gefum ekki það, sem beitt er á á sumrin.

Staðreyndin er sú, að 23 þús. ha. lands, sem er aukning á ræktuninni á tímabilinu 1960—1965, virðist annaðhvort ekki hafa gefið uppskeru, kalið eða ekki gefið næga uppskeru eða verið notuð til beitar þannig, að það fóður, sem fyrir liggur á haustnóttum, er ekki meira þrátt fyrir þessa aukningu í jarðræktinni árið 1965 en það var árið 1960. Og mér er nær að ætla, að ef við förum í stærra mæli en hingað til hefur verið að beita á ræktaða landið, sé það lágmark, að við verðum að miða ræktaða landið við a. m. k. ⅓ stærra ræktað land en við þurfum til að afla þess fóðurs, sem við verðum að hafa á veturna, auk þess sem við verðum að bera mikið meira og betur á ræktaða landið en við höfum gert. Þetta liggur ljóst

fyrir, og ég held, að hv. þm. hafi ekki í neinu hnekkt því, sem ég sagði. Hins vegar tók hv. þm. mjög undir það, þegar hann var búinn að skýra frá þeirri fjárfestingu, sem hafði orðið á árunum 1960—1965, að það sé eðlilegt, að stofnlánasjóðir landbúnaðarins hafi ekki getað fullnægt þeim lánum, sem æskilegt hefði verið, að þeir hefðu getað. Og ég verð að segja það, að uppbygging stofnlánasjóðanna er alls ekki æskileg fyrir bændur.

Skömmu fyrir kosningarnar á s. l. vori var hæstv. forsrh. svo vinsamlegur, að hann sendi smápésa heim á íslenzk bændabýli, og fyrirsögnin var „Landbúnaður í framför". Ég ætla, að það sé erfitt að vefengja sumar þær tölur, sem þarna standa, enda þótt það sé fært Sjálfstfl. í vil, þó er það nú svo, að það hafa slæðzt þarna með tölur, sem ég býst við, að sumir hverjir telji sér ekki til mikils ávinnings. Og þarna stendur á bls. 10 í þessari forsætisráðherrabók, með leyfi forseta:

„Árið 1965 hafði stofnlánadeildin rúmlega 78 millj. kr. í tekjur, og þær tekjur skiptust þannig: Vextir og lántökugjald kr. 34.9 millj., framlag ríkissjóðs 19.2 millj., framlag bænda 15.2 millj., framlag neytenda 8.3 millj., stóreignaskattur 0.6 millj. kr."

Ef við hugleiðum það, hvaðan hver upphæð fyrir sig kemur, liggur það ljóslega fyrir, að af þessum 78 millj. kr. koma 52 millj. kr. frá bændunum sjálfum og 26 millj. annars staðar að eða frá ríkinu, þannig að á móti hverri 1 kr., sem bændurnir fá til stofnlánadeildarinnar frá ríkinu, verða þeir að leggja fram 2 kr. sjálfir. Svona hefur þetta aldrei verið fyrr en eftir að stofnlánadeildarl. var breytt árið 1962.

Það er vert að minna á það, að einmitt með þeirri lagasetningu er talið, að það muni aldrei verða svo miklar framfarir í íslenzkum landbúnaði, að þessi ágætu kjör, sem stofnlánadeild landbúnaðarins veitir, muni geta staðið að verulegu leyti undir kostnaði framkvæmdanna. En því miður hefur það farið á annan veg. Það fyrsta, sem hæstv. landbrh. gerði, þegar hann tók við því starfi 1960, að mig minnir, það var að hækka vexti stofnlánadeildarinnar eða vexti byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs um 60—70% jafnframt því, sem hann fyrirskipaði, að lánstíminn yrði styttur, 15 ára lánin niður í 10 ára lán og 20 ára lánin niður í 15 ára lán. Og mér er ekki kunnugt um það, að þessum lánskjörum hjá þessum aðilum hafi verið breytt síðan. Ef það hefur verið gert, væri æskilegt, að hæstv. ráðh. upplýsti það.

Svo er hér annað vitni varðandi stofnlánadeildina, sem er ekki ómerkara, en það er hæstv. fjmrh., sem var um skeið bankastjóri Búnaðarbankans og hafði þá það hlutverk að skammta bændunum úr þeim sjóðum, sem þar voru, og almennu lánsfé bankans. Þetta er í Búnaðarblaðinu Frey, sem hann ræðir um þessi mál, að ég ætla. Það er 3. tbl. 1964. Og þar segir hæstv. ráðh., þáv. bankastjóri:

„Þótt matsgrundvöllur framkvæmda hafi verið hækkaður verulega, þarf hann enn að hækka, svo að miðað verði við raunverulegt kostnaðarverð framkvæmda. Ekki hefur enn verið talið fært að lána til bústofnskaupa. Eru slík lán ýmsum vandkvæðum bundin."

Hæstv. ráðh. er það ljóst, að það skortir mikið á, að það sé fylgt þeim rauverulega kostnaði, sem liggur í framkvæmdunum, heldur er þarna áætlaður kostnaður, sem ekki er til samræmis við raunverulegan kostnað, og þótt lánuð sé sú prósenta, sem gert er ráð fyrir úr stofnlánadeild landbúnaðarins, þá fullnægir það ekki uppbyggingunni í landinu. Það, sem því þarf að gera, er að lána sem næst eða meta framkvæmdirnar líkt og þær kosta raunverulega, og þó að nú séu liðin nokkur ár síðan, hefur þetta ekki breytzt á þann veg, að þarna sé tekið fullt tillit til framkvæmdanna, eins og þær eru.

Hæstv. landbrh. fór hér vítt og breytt, og það, sem fór nú mest í taugarnar á honum, að mér fannst, var það, að ég minntist nokkuð á málflutning hv. stjórnarsinna fyrir kosningarnar í vor. Það er þeim af eðlilegum ástæðum viðkvæmt mál, og ætla ég ekki að ræða það frekar, enda finna þeir víst fyrir ýmsum sárindum í sambandi við þessi mál nú og lausn þeirra. Og óska ég þeim til hamingju að fá að glíma við eigin vandamál.

Ein orsök lausaskuldasöfnunar hjá bændum er m. a. sú, að rekstrarlán landbúnaðarins hafa ekkert hækkað síðan 1959. Í skýrslu frá Sláturfélagi Suðurlands, sem ég ætla, að sé byggð á staðreyndum um þessi efni, hafa þessi mál staðið þannig, að lán fyrir slátraðan dilk miðað við haustið á undan í kr. var 1960 132 kr., 1961 112 kr., 1962 95 kr., 1963 110 kr., 1964 122 kr., 1965 133 kr. og 1966 í 123 kr., þannig að þau hafa ekki einungis staðið í stað, heldur hafa þau farið lækkandi.

Og svo vil ég á það benda, að það er undarlegur hlutur, þegar íslenzka þjóðin á í sparifé líklega í kringum 9 milljarða kr., að það skuli hvergi vera hægt fyrir bændastéttina að fá neitt af lánum sem heitir af þessu almenna sparifé landsmanna. En það á að heita, að það sé útilokað nú fyrir bónda að fá svo mikið sem 50 eða 100 þús. kr. víxil, hversu góða tryggingu, sem hann hefur. En þá er sá hátturinn á hafður, sem hæstv. fjmrh. kom á í Búnaðarbankanum, að það er hægt að fá svona 10—15—25 þús. kr. víxla til þriggja og sex mánaða og meira ekki. Þrátt fyrir það, að sparifé hefur nokkuð hækkað á þessu tímabili.

Ég veit ekki um það, hvort hæstv. landbrh. hefur talið það vera til tekjudrýginda fyrir bændur, þegar hann ráðlagði þeim árið 1966 að fækka verulega bústofni sínum. Ég geri ráð fyrir, að Morgunblaðið hafi rétt eftir ráðh. En í forystugrein þess þann 24. febr. 1966 segir m. a. eftir hæstv. landbrh., Ingólfi Jónssyni:

„Eðlilegt er að hafa í góðum árum allt að 10% mjólkurframleiðslu umfram það, sem notað er á innlendum markaði. Ef við það væri miðað, ætti kúnum að fækka u. þ. b. 5000, en sauðfénu að fjölga þess í stað u. þ. b. 100 þús. Sú breyting væri sem svarar því, að hver bóndi hefði einni kú færra og fjölgaði sauðfénu þess í stað í um 20 ær. Þannig hefðu bændur ekki minni tekjur, heldur talsvert meiri tekjur, þar sem útflutningsuppbæturnar mundu sennilega nægja til þess að

bæta hallann á útflutningnum með því að auka kjötútflutninginn og minnka yfirframleiðsluna á mjólk.“

Hver er svo staðreyndin í þessu, og hvernig hafa þessi mál skipazt? Það er lítið hagstæðara fyrir íslenzka bændur, að flytja út kjöt en mjólk, fyrir utan það, að slík tilfærsla í bústofnseign bænda hlýtur að hafa verulegan kostnað í för með sér. Það hlýtur að hafa talsverðan kostnað í för með sér, ef einhver bóndi t. d. hættir að hafa kýr og þarf að byggja yfir sauðfé, sem því svarar, eða öfugt. Þetta kostar aukna fjárfestingu og mikla röskun frá því, sem verið hefur, og mér er ekki grunlaust um það, að sumir þeirra, sem tekið hafa tillit til þessa, hafi orðið að taka á sig töluverða skuldabagga vegna þeirra breytinga, sem í þessu fólust. Og eitt er víst, að bústofnseign landsmanna hefur ekki aukizt hin síðari ár, heldur hið gagnstæða og verðlagið staðið nokkurn veginn í stað, þannig að þar er um mikla tekjurýrnun að ræða, svo að bændur eiga erfiðara með að mæta skuldaaukningunni en ella hefði verið.

Þá sagði hæstv. landbrh., að það hefði aldrei verið lánað út á vélar eða til vinnslustöðva í tíð framsóknarmanna. Þetta held ég, að sé algerlega rangt með farið, að það hafi aldrei verið gert, því að enda þótt stofnlánadeildin eða báv. byggingarsjóður og ræktunarsjóður Búnaðarbankans hafi ekki lánað í stórum stíl til þeirra framkvæmda, áttu fyrirtæki bændanna miklu þægilegra með að fá af almennu sparifé landsmanna til framkvæmda en nú er. Nú eru slík lán útilokuð í viðskiptabönkunum, og fyrirtæki fá heldur ekki lán úr stofnlánadeildinni, þó að það sé ákveðið með l. nema eftir dúk og disk, og það hélt ég, að hæstv. landbrh. væri ekki síður kunnugt um en öðrum. En á það má minna, að vélakaup í stærri stíl, t. d. til ræktunarsambandanna, þá væri til þeirra veitt framlag úr ríkissjóði helmingur af kostnaði vélanna, þannig að ræktunarsamböndin stóðu miklu betur að *vígi með sín vélakaup áður heldur en nú, þegar* þau fá einungis fjórða part í styrk og það einhvern tíma eftir nokkur ár, því að þau fá það ekki jafnharðan og vélarnar eru keyptar og svo gengistryggð lán í stofnlánadeild landbúnaðarins. Þetta er það, sem þau fá. En eitt er þó talandi tákn um það hvað sem því kann að valda, hvernig hagur bændanna var áður og er nú, því að ég tel, að það séu tölur, sem óhætt er að byggja á, en þær hafa verið teknar eftir framtölum bænda, birtar opinberlega og unnið úr þeim af Hagstofu Íslands. Ef við tökum árið 1957, eru veðskuldir bænda 230 millj. 814 þús. kr. og aðrar skuldir 172 millj. 146 þús. kr. Sem sagt, veðskuldirnar eru 57%, en lausaskuldir 43%. Og það lætur nærri, að þetta hafi verið hlutföllin í skuldaaukningunni, að veðskuldirnar hafi verið nær 60% allt til ársins 1964 eða á milli 55 og 63% og lausaskuldir þar af leiðandi verið í kringum 40% og farið nokkuð niður fyrir 40% það ár, sem lausaskuldir bænda eru færðar í föst lán. Ég tel þetta nokkurn mælikvarða á það, hvernig búið hefur verið að lánastarfsemi landbúnaðarins á undanförnum árum og einnig í dag, því að framfarir hafa alltaf verið miklar í landbúnaði og vélakaup mikil og framleiðslan vaxið jafnt og þétt, og ég tel þetta því nokkurn mælikvarða á það, hvernig hag bændanna hefur verið komið. En árið 1966, í árslok, eru lausaskuldirnar um 60% og föstu lánin um 40%. Það skiptir engu máli, þó að lesið sé hér upp úr skýrslum, hve mörg lán hafi verið veitt og hve margar millj. Það, sem skiptir máli, er það, hvað bændurnir búa við hagkvæm kjör í lánamálum landbúnaðarins.

Ég las úr skýrslu, sem ekki hefur verið vefengd, en hæstv. landbrh. hefur ekki minnzt á, að árið 1964 hafi stofnlánin verið minni hluti í fjármunamynduninni en árið 1958. Sama gegnir með ríkisframlög vegna fjármunamyndunarinnar. Þau eru sömuleiðis minni. Þetta sýnir þróunina í þessum málum og eru óvefengjanlegar tölur, og mér er það vel ljóst, að hér hefur ekki neinn einn hlutur valdið því, að lausaskuldasöfnun hefur orðið þetta mikil. Það eru ýmsar samverkandi ástæður fyrir því og m. a. þær, að stofnlán til landbúnaðarins eru óhagkvæm með miklu lakari kjörum en þau voru fyrir 1960, því að þá voru vextir í landbúnaðinum yfirleitt ekki nema 3½% út á íbúðarhús, 4% til annarra framkvæmda og engin stofnlánadeildarskattur. Og þó var alltaf hægt að lána úr Búnaðarbankanum út á þær framkvæmdir, sem til féllu hverju sinni. En nú er þróunin að verða allt önnur, því að stofnlánadeildinni er sniðinn svo þröngur stakkur með framkvæmdaáætlun ríkisins, að það er útilokað mál, að stofnlánadeildin geti sinnt sínu hlutverki eins og vera ber í lánastarfsemi landbúnaðarins, ef svo heldur áfram.

Það er sjálfsagt ýmislegt, sem hér mætti ræða um þessi mál. En það, sem ég vil benda á, er, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hæstv. landbrh. og hv. 5. þm. Sunnl. hafa þeir ekki vefengt eina einustu tölu af þeim, sem ég hef farið með og komið með máli mínu til sönnunar. Lýsir það bezt því, að það ástand, sem ég hef hér talað um, styðst á allan hátt við staðreyndir í þessu máli.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Hv. þm. endaði sína ræðu með því að segja, að hvorki ég né hv. 5. þm. Sunnl. hefði vefengt þær tölur, sem hann fór með. Við höfum ekki vefengt þær tölur, sem hv. þm. hefur lesið úr opinberum skýrslum, en þær tölur, sem hann hefur sjálfur búið til, höfum við vefengt og þær ályktanir, sem hann hefur dregið af ýmsu því, sem hann hefur komið fram með. Það höfum við vefengt og ekki aðeins það, heldur sýnt fram á, að það er bara ekki rétt, sem hv. þm. sagði.

Hv. þm. sagði hér áðan, að það hefði engin bústofnsaukning verið hér síðustu árin. Þetta segir maður, sem er í stjórn Búnaðarfélags Íslands, bóndi og alþm. í mörg ár. Ég hef ekki þessar skýrslur með mér, en það er hægt að fletta upp á þeim og sjá, að nautgripum hefur stórum fjölgað á síðari árum. Sauðfénu hefur líka fjölgað þó nokkuð, og framleiðsluaukningin hefur verið alveg gífurleg, sérstaklega í mjólkinni. Og það var þess vegna 1966, sem stjórn

Stéttarsambands bænda og framleiðsluráð talaði alvarlega um það að breyta til í framleiðslunni, vegna þess að mjólkurframleiðslan væri of mikil, og þegar Búnaðarþing var sett þetta ár, hafði ég orð á því og dró ályktanir af því, að ef kúnum væri fækkað sem svaraði einni kú á bónda, en sauðfénu fjölgað sem því næmi, yrðu útflutningsuppbæturnar drýgri, og forystumenn bændastéttarinnar voru þessu samþykkir þá. Að vísu kom ekki til greina að fækka kúnum, þar sem sízt skyldi í þeim sveitum, sem voru við aðalmarkaðssvæðið. En það er miklu hagstæðara enn í dag að flytja út kjöt en mjólk. Í haust fyrir gengisbreytinguna fengust ekki nema 23% af heildsöluverði mjólkurdufts, en það fengust 34% fyrir dilkakjötið. Ég geri ráð fyrir, að þessi munur hafi ekki minnkað eftir gengisbreytinguna. Og ég veit það, að stjórn Stéttarsambands bænda hefur núna nokkrar áhyggjur af því, að það þarf að flytja út mjólkurduft og mjólkurvörur, sem eru dýrari í uppbótum en kjötið, enda þótt ekki sé hagstæður markaður fyrir útflutt kjöt.

Það er rangt, að ég hafi nokkurn tíma lagt til, að bændur minnkuðu bústofninn. Ég var á sama máli og forystumenn bænda um það, að það gæti verið hagkvæmt að breyta til, að það er höfuðverkur forystumanna bænda enn í dag að finna það út, hvað hagstæðast sé að framleiða. Hv. þm. sagði, að það hefði alltaf verið lánað úr Búnaðarbankanum eftir þörfum áður, en þetta væri ekki nú. Hvað mundu nú bændur segja um það, ef þeir hlustuðu á þetta? Það var oft áður, sem það var ekki hægt að fullnægja óskum bænda í þessu efni. Á þessu ári var hægt að fullnægja öllum umsóknum um lán, sem fyrir lágu til bænda. Það hefur ekkert beðið af því, sem var tilbúið fyrir jól. Það hefur verið afgreitt. En það er fundið að því, að það skuli ekki vera lánað nema út á eina framkvæmd. Það breytir ekki því, að það hefur stórum aukizt frá því, sem var fyrir 1960, sem nú er lánað úr stofnlánadeildinni, eins og áður hefur verið vikið að.

Hv. þm. talaði um, að ríkisframlög til framkvæmda í landbúnaði hefðu lækkað. Ég vildi nú biðja hv. alþm. að fletta upp á fjárl. 1958 og þeim fjárl., sem samþ. voru núna fyrir jólin. Þá kemur í ljós, að framlög til landbúnaðarins hafa aukizt á 4. hundrað prósent frá því 1958. Ræktunarkostnaður, hvað ætli hann hafi hækkað? 1966 var það út reiknað, að það var um 99%, en það er eitthvað meira núna. Segjum 110—120%. En framlagið á fjárl. hefur hækkað á 4. hundrað prósent. Svo segir hv. þm., að ríkisframlögin hafi minnkað. Þetta getur nú ekki staðizt.

Þá talaði hv. þm. um Sláturfélag Suðurlands. Það hefur nú bara alls ekki fengið rekstrarlánin aukin frá því 1958 eða 1959. Það gleður mig að heyra, að Sláturfélag Suðurlands er orðið svona efnað, að það hefur komizt af með sömu fjárhæð í rekstrarfé til lána úr bönkunum eins og það fékk 1958 og 1959. En hvað mundi nú stjórn Sláturfélags Suðurlands segja, ef hún hlustaði á þetta? Mundi hún ekki brosa? Ég held, að Sláturfélagið eins og önnur fyrirtæki hafi nú einhvers staðar fengið fé og hvað eigum við að kalla það annað en rekstrarfé. Vitanlega hefur Sláturfélagið fengið stórum aukið rekstrarfé eins og önnur fyrirtæki á þessum árum. Annars hefði starfsemin ekki getað haldizt, og Sláturfélag Suðurlands hefur borgað bændunum út ekki seinna og ekki minni hundraðshluta að hausti til nú en það hefur áður gert. Og það gat því aðeins gert þetta, að það fékk fyrirgreiðslu í bönkunum. Það er alltaf verið að tala um það, að rekstrarféð hafi ekkert verið aukið. Þetta er vitanlega algerlega rangt. Hvað er það annað en rekstrarfé, þegar fyrirtæki fá lán í hvaða formi sem það er. Þau fá önnur lán en stofnlán út á fasteignir, og það er vitanlega einnig rekstrarfé. Hv. þm. viðurkenndi það nú, að það hefðu ekki verið veitt vélalán eða vinnslustöðvalán úr stofnlánadeildinni fyrr en nú seinni árin. En hv. þm. sagði, að það hefði verið hægara að fá þá lán úr bönkunum með öðrum hætti en núna. Ég held nú satt að segja, að það hafi ekki verið hægara. Ég held, að aukningin á vélakaupum, dráttarvélum og öðrum vélakaupum til bænda, hafi orðið núna seinni árin m. a. vegna þess, að bændur áttu kost á að fá aukin lán til þessara vélakaupa frá því, sem áður hafði verið.

Eitt var það, sem mér fannst leiðinlegt að heyra, þegar hv. þm. var að óska ríkisstj. og stjórnarflokkunum til hamingju með það, að þeir skyldu glíma við að leysa þann eigin vanda, sem nú væri við að stríða í íslenzkum efnahagsmálum. Ég hefði nú búizt við því, að þessi hv. þm. og ýmsir flokksmenn hans mundu vilja ljá því lið að glíma við þann vanda, sem hefur steðjað að íslenzkum atvinnuvegum og íslenzku þjóðarbúi við það að missa þriðja partinn af útflutningsverðmætinu á s.l. ári. En svo segir hann hér í hv. d., að hann óski ríkisstj. til hamingju með það að glíma við eigin vanda. Ætlar þessi hv. þm. að halda því fram, að það sé ríkisstj. að kenna, þótt verðfall hafi orðið á afurðunum úti í heimi eða aflabrestur á miðunum? Hv. þm. getur sagt þetta. En ég vildi nú ekki ætla þessum hv. þm. svo illt, að hann segði þetta oftar.

Hv. þm. talaði dálítið um stofnlánadeildina og var að rifja það upp, hvernig tekjur hennar verða til. Það er 1% af framleiðslunni, sem bændur greiða í stofnlánadeildina. Það er 0.75% af heildsöluverði, sem neytendurnir greiða, sem er nú víst nokkurn veginn sama og 0.9%, ef það er reiknað eins og hjá bændunum. Það er fast framlag ríkissjóðs, jafnmikið og framlag bændanna, og auk þess 4 millj. kr. úr ríkissjóði, þannig að framlag ríkisins verður 4 millj. kr. hærra en framlag bændanna. En svo segir þessi hv. þm., að það ár, sem hann vitnaði í, ég held, að það hafi verið 1965, hafi vextir og afborganir til stofnlánadeildarinnar verið 34 millj. Það kemur líka frá bændum. Og þegar hann leggur þessar 34 millj. við framlag bændanna, sem var 15 millj., verða þetta 49 millj., og þá er það meiri hlutinn af tekjum deildarinnar þetta ár, sem bændur greiða. Og svona hefur þetta aldrei verið áður, segir hv. þm. Vextir og afborganir af lánum, sem bændur hafa tekið, er framlag

frá bændum til deildarinnar, eftir því sem hann vill halda fram. En það hefur ekki verið áður. En vissulega borguðu bændur áður, 1958 og áður, vexti og afborganir af sínum lánum, sem sjálfsagt var, og þeir töldu það ekki framlag eða neinn skatt á sig. En hvers konar málflutningur er þetta og röksemdafærsla? Og sem betur fer hafa bændur tamið sér það að standa í skilum við stofnlánadeildina, og þeir gera það nú. Hv. þm. var að tala um það fyrir nokkrum dögum, að það væri miklu verra nú ástandið í stofnlánadeildinni en venjulega, en svo er nú ekki. En þegar neytendurnir borga með góðu til stofnlánadeildarinar hér um bil eins mikið og bændurnir, ættu nú bændurnir ekki að sjá eftir þessu, því að með því að borga þetta gjald til stofnlánadeildarinnar, er verið að byggja þarna upp sterka stofnun, sem mun verða lyftistöng fyrir landbúnaðinn bæði í nútíð og framtíð og er þegar orðin það og því meiri sem lengra líður. Og það er enginn vafi á því, að þetta eina prósent, sem þarna er greitt, á eftir að ávaxtast og reynast verðugt framlag bæði til nútíðar og sérstaklega til framtíðar. En þessi hv. þm. hefur nú aldrei fundið að því, þó að bændur borgi til bændahallarinnar, en það er kannske þarfara að hans áliti.

Hv. þm. talaði um, að matsgrundvöllurinn væri ekki réttur, og þess vegna væru lánin, sem bændur fengju, allt of lítil miðað við tilkostnaðinn á hverja framkvæmd. Ja, hvað segir Þórir Baldvinsson, sem fer yfir matsgjörðina og reiknar út byggingarkostnaðinn? Hv. þm. er í bankaráði Búnaðarbankans og hann ætti að vita, hvað trúnaðarmaður bankans segir um þetta. Leggur hann til, að þessu verði breytt? Eða skyldi hann segja það, að matsgjörðin og lánin væru í samræmi við kostnaðinn? Ég hef frétt það, að það sé álit Þóris Baldvinssonar, byggingarfulltrúa og trúnaðarmanns Búnaðarbankans, að það sé ekki ástæða til að breyta lánareglunum, vegna þess að eins og þær séu fái lántakandinn eðlilega út á framkvæmdina.

Ég skrifaði nú niður hér þessi atriði. Ég hef nú, held ég, svarað flestu af því, sem hv. þm. minntist á, a. m. k. því, sem ég hef skrifað niður, og tel, að ég hafi nú enn á ný fært rök fyrir því, að tilvitnanir og fullyrðingar hv. þm., þegar hann fer með tölur og þegar hann leitast við að rekja sögu, hvort sem það er saga stofnlánadeildarinnar eða saga landbúnaðarins, eigi þessi hv. þm. ákaflega erfitt með að fara rétt með — einhvern veginn, kannske óviljandi, lesi hann skakkt af þeim blöðum, sem hann er með.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það er nú þannig með hæstv. landbrh., að hann gerir öðrum upp orðin. Hann sagði m. a., að ég hefði sagt, að stofnlánadeild landbúnaðarins væri nú í miklum vandræðum. Þetta eru orð hæstv. landbrh., en ég lét þessi orð aldrei falla, og er þetta ekki einsdæmi í hans málflutningi, því að hann gerir öðrum upp orðin, en hlustar ekki á staðreyndir.

Hæstv. landbrh. gat þess, að fjárframlög þess opinbera til landbúnaðarins hefðu stórhækkað á undanförnum árum. Ég hef alls ekki neitað því, að fjárframlögin hafi hækkað í krónutölu. En hæstv. ráðh. hefur enga tilraun gert til þess, enda hygg ég, að það væri afar erfitt fyrir hann, að vefengja það, sem ég hef sagt, að bæði ríkisframlög og stofnlán stofnlánadeildar landbúnaðarins til framkvæmda í landbúnaði væru hlutfallslega minni í fjármunamyndun landbúnaðarins nú en 1958. Þetta eru staðreyndirnar. Það þýðir ekkert að vera að tala um tölur, sem ekki eru sambærilegar, því að af fjármunamynduninni 1964, sem er 440 millj. kr., þá eru veitt ríkisframlög 80.1 millj. kr. eða 18%, og stofnlán úr Búnaðarbankanum 77.8 millj. eða tæp 18% af fjármunamynduninni. Þetta eru 36%, en 64% verða bændurnir að leggja fram sjálfir, annaðhvort í lánum eða í eigin vinnu. Og þetta er um 8% lakara eða hærri hlutur, sem bændur verða að taka að sér 1964, en þeir þurftu að gera í fjármunamynduninni 1958.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að ég reiknaði með, að vextir hefðu ekki verið taldir til útgjalda hjá bændum áður, meðan þeir voru lægri. Það sagði ég aldrei. En hitt er vitað mál, að vaxtaútgjöldin til stofnlánadeildarinnar eru 60—70% lakari nú en þau voru 1959, þannig að af hverju 100 þús. kr. láni greiðir hlutaðeigandi bóndi miklu hærri vexti til stofnlánadeildarinnar nú en hann gerði á því tímabili, auk þess sem hann er sérstaklega skattlagður nú til stofnlánadeildarinnar.

Sá er munurinn á þeim sköttum, sem renna til stofnlánadeildar landbúnaðarins og bændahallarinnar, að það er engin trygging fyrir því, að bændur eignist eða eigi hluta í stofnlánadeildinni, en það eignast þeir í bændahöllinni með þeim skatti, er þangað fer. Það er þeirra eign, og þeir eru sjálfráðir að því, hvað þeir leggja til sinna eigna, hvort það er félagseign eða annað. En hitt er tekið með sérstöku lagaboði, án þess að bændur hafi um beðið eða viljað á nokkurn hátt samþykkja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. landbn., á þskj. 685, var útbýtt 19. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Smíði fiskiskipa (frv. TÁ o. fl.).

Á 46. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um nýsmíði fiskiskipa [103. mál] (þmfrv., A. 232).

Á 47. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem ég ásamt hv. 3. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. v. flytjum hér í hv. þd. um nýsmíði fiskiskipa, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að láta smíða innanlands fiskiskip með það fyrir augum, að þau yrðu seld einstaklingum, félögum eða bæjarfélögum í hendur til útgerðar. Heimild þessi nái til nýsmíði fiskiskipa samtals allt að 9 þús. rúml., og verði smíðinni dreift á árin 1968—1971.

2. gr. Til framkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstj. heimil lántaka, en lánin greiðist, er skipin hafa verið seld."

Megintilgangurinn með flutningi þessa frv. er fyrst og fremst sá, að það verði breytt um stefnu í þessum málum. Að í stað þess, að meginhluti fiskiskipanna hefur verið keyptur frá erlendum skipasmíðastöðvum á undanförnum árum og áratugum, verði skipin byggð innanlands í vaxandi mæli. Þess er tæpast að vænta, að slík stefnubreyting verði framkvæmd að nokkru ráði, nema til komi forysta af hálfu ríkisvaldsins. Sérstaklega þó eins og nú er ástatt í efnahagslífi þjóðarinnar og ríkjandi óvissu um afkomu sjávarútvegsins. Hætt er við, að fáir treysti sér til að gera samninga um smíði nýrra fiskiskipa vegna þess, hvernig ástatt er með efnahag útgerðarinnar.

Í annan stað er hér um að ræða mjög jákvæða uppbyggingu atvinnuvegar, sem tvímælalaust á fullan rétt á sér í landi okkar, þar sem eftirspurn eftir nýjum fiskiskipum hlýtur að halda áfram svo lengi, sem við Íslendingar rekum sjávarútveg. Hér er um að ræða atvinnugrein, sem mundi treysta mjög atvinnulíf víðs vegar um landið og koma í veg fyrir samdrátt og atvinnuleysi á fjölmörgum stöðum. Það athugist, að við smíði stálfiskiskips þarf atbeina margra iðngreina. Ég held, að þar komi við sögu allar hinar hefðbundnu iðngreinar, sem snerta framkvæmdir nema þá múrverkið. Ef fiskiskipasmíðar yrðu fluttar inn í landið, mundi það treysta og efla hinar mörgu iðngreinar meira og minna almennt. Þess er að vænta, að íslenzk skipasmíði gæti orðið traustur hlekkur í eflingu íslenzkra atvinnuvega. Engin skynsamleg ástæða virðist því til fyrirstöðu, að við Íslendingar gætum komið málum svo fyrir, að við yrðum samkeppnishæfir við nágrannalöndin um smíði fiskiskipa fyrir okkur sjálfa, og kem ég nánar inn á það atriði síðar. Það er einnig hægt að hugsa sér byggingu fiskiskipa til útflutnings. Það er engin goðgá í raun og veru að ætlast til þess, að við Íslendingar með þá tækniþekkingu og kunnáttu, sem við búum nú yfir, getum ekki, ef skilyrði almennt eru til staðar, keppt við þjóðir eins og t. d. Norðmenn um smíði á fiskiskipum.

Frv. gerir ráð fyrir nýsmíði fiskiskipa samtals allt að 9 þús. rúml. á 4 árum. Ráð er fyrir gert, að í framkvæmdinni yrði þetta þannig, að árið 1968 yrðu smíðuð fiskiskip allt að 1600 rúml. með þessum hætti, árið 1969 yrði rúmlestatalan allt að 2000, árið 1970 allt að 2400 og 1971 allt að 3000 rúml. Að sjálfsögðu þarf mál eins og þetta mikillar athugunar við. Það þarf að gera úttekt á hinum innlenda skipasmíðaiðnaði ásamt skipulegri áætlun um uppbyggingu stöðvanna. Mér er kunnugt um, að það mun vera n., líklega stjórnskipuð n., sem vinnur að þessum málum. Hversu langt hennar störfum er komið, er mér ekki kunnugt um. Það má benda á, að þar sem þessi starfsemi er að hefjast, væri e. t. v. skynsamlegt að styðja hana sérstaklega í byrjun. T. d. með því að veita sérstakan fjárstuðning út á fyrsta verk, minni stuðning út á næsta og leggja síðar niður slíkan stuðning, sem mundi væntanlega verða liður í skólunarkostnaði stöðvarinnar, þegar stöðin getur sjálf staðið á eigin fótum, hvað snertir kunnáttu, vélvæðingu og yfirleitt getu til að standast eðlilega samkeppni í þessum efnum. Ég hef þá skoðun, að því aðeins getum við byggt upp skipasmíðaiðnað til langframa hér í landinu, að hann verði samkeppnishæfur við slíkar smíðar hjá erlendum þjóðum, þegar til lengdar lætur. Hins vegar er enginn vafi á því, að þessi iðnaður þarf vernd í byrjun og aðstoð, meðan verið er að byggja hann upp.

Þegar við Íslendingar fórum að leggja áherzlu á smíði fiskiskipa úr stáli, sérstaklega í sambandi við síldveiðarnar, var m. a. leitað mikið til Noregs, þó að áður hafi verið leitað annað, meira og minna um alla Vestur-Evrópu. Þegar íslenzkir útgerðarmenn, sem höfðu samið um smíði á skipum, komu til Noregs í öndverðu, háttaði svo til víða, að skipasmíðastöðvarnar í Noregi, sem höfðu tekið að sér smíði jafnvel allstórra stálfiskiskipa, voru mjög svo fátæklegar, bæði hvað snerti kunnáttumenn og aðstöðu. Þær voru fáliðaðar og yfirleitt illa útbúnar. Að sjálfsögðu eru svo ýmsar aðrar stöðvar í Noregi, sem eru miklu stærri og hafa starfað að þessum smíðum um áraraðir. En Norðmennirnir höfðu eitt, sem okkur skorti e. t. v. á þessum tíma, fyrir eins og t. d. 10—13 árum, það var hreinlega bjartsýni í þessum efnum. Þeir trúðu því, að þeir mundu geta byggt upp smærri skipasmíðastöðvar, sem gætu annað þessum verkefnum. Og það var það, sem gerðist í Noregi. Við Íslendingar áttum talsverðan þátt í því, að þar hafa byggzt upp margar smærri skipasmíðastöðvar, sem hafa byggt fiskiskip úr stáli, bæði fyrir okkur Íslendinga og fleiri. Vandamálin hér hjá okkur hafa ekki verið tæknilegs eðlis. Okkar verkfræðingar og iðnaðarmenn eru fullfærir og hafa verið fullfærir um smíði stálskipa um nokkurn tíma. Það, sem hér hefur skort á, er fyrst og fremst fjármagn til fjárfestingar í þessum stöðvum og rekstrarfé til þessarar starfsemi.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað nokkur uppbygging nýrra skipasmíðastöðva innanlands, sem geta smíðað stálskip, svo og endurbætur eldri stöðva. Það munu vera 4 stöðvar, sem hafa smíðað hér stálskip og eru starfandi. Það er í fyrsta lagi Stálvík h. f. í Arnarvogi í Garðahreppi, sem hefur smíðað líklega 8 stálskip á s. l. 5 árum. Slippstöðin á Akureyri hefur smíðað tvö stálskip. Þorgeir og Ellert á Akranesi hafa smíðað eitt skip. Stálsmiðjan í Reykjavík hefur smíðað 3 stálskip, en starfsemi hennar að þessu leyti hefur legið niðri síðan árið 1963 að ég hygg. Það var Stálsmiðjan í Reykjavík, sem smíðaði fyrsta stálskipið, sem var dráttarbáturinn Magni, og það mun hafa verið árið 1955. Ein stöð í viðbót, Stálskipasmiðjan h. f. í Kópavogi, byggði bæði flóabátinn Baldur, sem er 180 rúmlesta skip, og einnig Eldinguna, sem er björgunarskip, sem Hafsteinn Jóhannsson hefur gert út, rúmlega 100 rúmlestir. Þetta fyrirtæki er nú

undir gjaldþrotaskiptum og hefur hætt starfsemi sinni. Svo eru fleiri stöðvar, sem hafa til þess tækniútbúnað og möguleika að smíða stálskip. Það er t. d. skipasmíðastöð Marselliusar Bernharðssonar á Ísafirði. Hún mun hafa allt, sem til þess þarf. Ég skal ekki segja um fjármagnið, það er annað mál. Á Seyðisfirði er verið að smíða 45 rúmlesta stálbát. Það virðast því vera 6 stöðvar í landinu, sem geta smíðað stálfiskiskip, eins og nú er háttað. Njarðvík kemur væntanlega inn í þessa starfsemi, áður en langt um líður, og Hafnarfjörður mun einnig hafa áhuga í þessu efni. Í Neskaupstað er verið að byggja dráttarbraut, og kunna að verða möguleikar á því, að þeir geti þar smíðað stálfiskiskip, áður en langt um líður. Það eru því sennilega upp undir 10 stöðvar, sem fljótlega kæmu til greina í þessu efni. Afkastageta stöðvanna, eins og hún er í dag, er talin vera 2—3 þús. rúmlestir á ári. Þær stöðvar, sem fyrir eru, þarf að efla og styrkja og stefna að því, að stöðvarnar verði færar um að valda raunverulega stálskipasmíðinni. Í smíðum eru nú innanlands 4 fiskiskip. Það er skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi, er hefur skip í smíðum, Vélsmiðja Seyðisfjarðar, eins og ég minntist á áðan, og Stálvík h. f. er að byrja á um 130 rúmlesta stálskipi.

Það er ástæða til þess að fagna ákvörðun ríkisstj. um að láta smíða tvö ný strandferðaskip fyrir Skipaútgerð ríkisins á Akureyri, og ég hygg, að Slippstöðin á Akureyri, sem annast þessa smíði, muni hafa næg verkefni fram á árið 1970, að því er mér hefur verið tjáð.

Skipaskoðun ríkisins gefur út árlega skrá yfir íslenzk skip. Þessi skrá er nú nýlega komin út og er miðuð við 1. jan. 1968. Þar er að finna mikinn fróðleik um íslenzk skip, gerð þeirra og stærð og hvenær þau hafa verið smíðuð og hvar. Það kemur í ljós, að elzta skrásett skip hefur verið smíðað árið 1894, og skrásett fiskiskip eru nú samtals 756 í landinu og þar að auki 30 togarar. En alls eru skrásett íslenzk skip 868. Það er athyglisvert, að nærri því 500 af þeim fiskiskipum, sem eru á skipaskrá, hafa verið smíðuð á tveimur síðastliðnum áratugum, eða um og eftir 1950. Auk þess er talsvert mikið af skipum, sem hafa verið smíðuð á þessu tímabili, sem hafa farizt. Ég hygg, að þau séu milli 15 og 20 talsins, og gefur þetta glöggt yfirlit um það, hversu geysilega mikinn iðnað hér er um að ræða í sambandi við fiskiskipasmíðina fyrir okkur Íslendinga eða um 500 skip á aðeins 17—20 árum. Á árinu 1967 bættust 32 fiskiskip í íslenzka skipastólinn. 8 skip voru smíðuð innanlands, samtals 1584 rúmlestir, og 24 skip erlendis, samtals 7180 rúmlestir, eða samtals 8764 rúmlestir. Tvö þessara skipa eru smíðuð úr tré, en 30 stálskip að stærð frá 196 rúmlestum upp í 415, nema síldarleitarskipið Árni Friðriksson, sem er 449 rúmlestir. Nú eru í smíðum erlendis 6 stálfiskiskip, 300—500 lestir að stærð flest, og eitt lítið eikarfiskiskip, 45 smálestir. Þessi skip verða yfirleitt afgreidd á þessu ári. Það mun láta nærri, að þessi skip, sem eru í smíðum, séu um 3000 rúmlestir samtals.

Við höfum valið þann kost í sambandi við flutning þessa lagafrv. að hafa heimildirnar dálítið rúmar og gert svo grein fyrir því nánar í stuttri grg. Það er gert ráð fyrir mismunandi stærðum og lögð áherzla á smíði systurskipa eða seríusmíði. Nú mun vera till. til þál. í Sþ. um stöðlun fiskiskipa eða seríusmíði, en Íslendingar hafa oft beitt sér fyrir seríusmíði erlendis. Þar er skemmst að minnast á t. d. nýsköpunartogaranna svonefndu, sem voru byggðir fyrir ríkið á sínum tíma og seldir einstaklingum og bæjarfélögum, en þeir voru 42 talsins. Svokölluð togarakaupanefnd vinstri stjórnarinnar undir forustu ríkisvaldsins lét byggja fjóra þúsund rúmlesta togara. Ríkisábyrgð mun hafa verið fyrir lánum til þessara skipakaupa og heildarlán tekið í því sambandi.

Mörg dæmi eru um seríusmíði fiskibáta eða minni fiskiskipa erlendis. Ég nefni hér nokkur. Á árinu 1957 eða um það leyti voru smíðaðir fimm 75 rúmlesta bátar í Stalinstadt, sem nú heitir Fürstenberg í Austur-Þýzkalandi. Það var Desa h. f., sem var stofnað með sérstökum hætti af sérstökum ástæðum til þess að sjá um þessar framkvæmdir, þannig að í raun og veru var þetta á vegum ríkisins, ekki ósvipað því, sem gert er ráð fyrir hér í þessu frv. Í öðru lagi voru smíðuð á árunum 1958 og 1959 12 togskip, 249 smálestir að stærð. Þau voru smíðuð í Straalsund í Austur-Þýzkalandi og má nefna þar skip eins og Hafþór, Reykjavík, sem nú er í síldarleitinni, Hólmanes, sem áður hét Steingrímur Trölli, Stíganda frá Ólafsfirði, sem fórst s. l. sumar, og fleiri skip. Í kringum 1960 voru smíðuð allmörg 100 rúmlesta fiskiskip, eða 15 talsins, einnig í Austur-Þýzkalandi, í Brandenburg. Það voru skip eins og t. d. Leó, Vestmannaeyjum, Eyjabergið, sem lenti á Faxaskeri hér um árið, og fleiri. Þessi skip hafa reynzt vel á línu, netum og togveiðum. Sumir hafa að vísu haldið því fram, að það væri kennske heppilegra, að þau væru svolítið stærri, e. t. v. 120—130 rúmlestir. Í Boizenborg í Austur-Þýzkalandi voru svo á árunum 1965—1967 smíðaðar tvær seríur af stálfiskiskipum að stærð frá 256 til 264 rúmlestir, eða samtals 18 skip. Það eru skip eins og Barði, Neskaupstað, Gullver og fleiri og fleiri skip. Þetta fyrirkomulag með Desa h. f. hefur, að því er mér skilst, þróazt í þá átt, að það félag hefur nú starfað meira sjálfstætt jafnhliða þessum seríukaupum, eftir því sem árin hafa liðið. Auk seríusmíðanna er geysilegur fjöldi fiskiskipa, sem hafa verið smíðuð hingað og þangað erlendis á undanförnum árum.

Það er ljóst, ef athugun er gerð á smíði þessara um 500 fiskiskipa, sem smíðuð hafa verið á s. l. tveimur áratugum eða tæplega það, að langflest hafa þau verið smíðuð erlendis. Og við viljum leggja áherzlu á það, að megintilgangurinn með flutningi þessa frv. er, eins og ég sagði áður, að ríkisvaldið hafi forustu um það, að breytt verði um stefnu í þessum efnum og Íslendingar reyni að færa skipasmíðarnar inn í landið í vaxandi mæli. Í raun og veru höfum við sofið allt of lengi í þessum málum og mál að vakna. Við höfum hjálpað grannþjóðum okkar til að byggja upp og efla skipasmíði hjá sér, en höfum minna hirt um eigin hag. Nú er svo ástatt, eins og ég sagði áður, að Slippstöðin á Akureyri hefur næg verkefni til ársins 1970. Stálvík h. f. er að byrja

á 130 rúmlesta skipi, Ísafjörður eða skipasmíðastöð Marselíusar Bernharðssonar mun vera með í undirbúningi 200 rúml. skip, skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi mun eiga að afhenda 390 rúml. skip í maímánuði n. k. og vélsmiðja Seyðisfjarðar er að smíða lítinn bát eða 45 rúml. stálfiskibát. Þetta eru þau verkefni, sem nú eru fram undan hjá þessum stöðvum. Stöðvarnar hafa verið oft og tíðum meira og minna verkefnislausar um langan tíma. En eitt aðalskilyrðið fyrir því, að hægt sé að reka sæmilega hagkvæman rekstur eins og þennan, er, að skipasmíðastöðvarnar hafi nokkurn veginn stöðug verkefni. Það leiðir af eðli málsins. Það er því nauðsynlegt, að skipulegt átak verði gert til að lyfta undir þessa starfsemi, og það þarf myndarlegt átak í þessum efnum. Endurnýjunarþörf fiskiskipastólsins er talin vera nálægt 15 skipum árlega, og þar að auki verður að gera ráð fyrir því, að þjóð eins og Íslendingar auki nokkuð við sinn fiskiskipastól, eftir því sem tímar líða, þannig að næg verkefni verði til staðar í þessum efnum á næstu árum og vonandi áratugum. Um fjárhagshlið málsins segir í 2. gr. frv. „Til framkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstj. heimil lántaka. En lánin greiðist, er skipin hafa verið seld.“ Þetta er ekkert nýtt „princip“ á neinn hátt í lögum hér á landi, því að fyrir yfir 20 árum síðan voru hér í gildi lög með svipuðu fyrirkomulagi eins og hér er gert ráð fyrir, bæði að ríkisvaldið léti smíða fiskiskip og þá náttúrlega aflaði fjár í því skyni. Vitanlega þurfum við að greiða öll þau fiskiskip, sem við látum smíða erlendis, og þar eru tekin stórlán í því skyni, þannig að það ætti að vera hægt að koma svo fyrir málum, að lántökur gætu farið fram í þessu skyni á annan hátt en í sambandi við smíðina erlendis, eins og verið hefur. Það virðist vera nokkuð almennur áhugi fyrir þessum málum, að ég hygg í öllum stjórnmálaflokkum. Hér á Alþ. hafa verið flutt frv. og þáltill., sem snerta þessi mál, og ég sé, að það hefur verið lagt fram í morgun annað frv. til l. um smíði fiskiskipa innanlands í Nd. Því vonast ég til, að þetta mál fái góðar viðtökur, og legg til, að því verði að loknum umr. vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Lax- og silungsveiði.

Á 66. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði [151. mál] (þmfrv., A. 340).

Á 67. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þeir þm. Framsóknarflokksins, sem sæti eiga í þessari deild, hafa borið fram frv. um breytingu á l. um lax- og silungsveiði, sem nú er hér til 1. umr.

Það er nokkuð almenn skoðun, að skilyrði til fiskræktar muni vera góð hér á landi, og eru þau mál nú mjög ofarlega á baugi. Meðal annars hafa þau mál verið rædd hér á hv. Alþ. í sambandi við till., sem fluttar hafa verið bæði hér í hv. þd. og Sþ. Mönnum virðist, að með því að efla fiskrækt og fiskeldi, þá muni vera hægt að koma á fót nýrri atvinnugrein, sem yrði til mikils stuðnings í atvinnulífi landsmanna. Í þjóðfélagi, þar sem fólki fjölgar ört, eins og nú er hér á landi, þá er fyllsta ástæða til þess að gefa því jafnan gaum, hvaða möguleikar eru fyrir hendi um nýjar atvinnugreinar og tryggja þannig betur en nú er atvinnulífið í landinu. Það er einnig kunnugt, að á alþjóðavettvangi er mikið um það talað, að fólksfjölgun í heiminum sé alveg gífurleg, og hjá sumum þjóðum verður greinilega vart matvælaskorts. Það getur því ekki orkað tvímælis, að fiskrækt og aukin fiskgengd og sala fiskafurða á markað er hið mesta nauðsynjamál, sem vert er að styðja svo sem kostur er á hverjum stað. Enn fremur má geta þess, að í öllum atvinnugreinum eykst tæknin, en með aukinni tækni verður rányrkjan enn hættulegri en hún áður var. Það er þess vegna fullkomin ástæða til þess að gera allt, sem kostur er, til þess að koma á ræktun í stað rányrkju á sviði sjávarútvegs eigi síður en í landbúnaði.

Þetta, sem ég hef nú nefnt, eru staðreyndir, sem yfirleitt er ekki ágreiningur um, og sé ég ekki ástæðu til þess í sambandi við þetta frv. að færa fyllri rök fyrir þessu eða ræða um þetta hagsmunamál almennt, heldur sný ég mér að því að gera grein fyrir efni frv. sjálfs.

Í þessu sambandi ber þess að geta, að l. um lax- og silungsveiði eru orðin nokkuð gömul, og af þeim er fengin talsvert mikil reynsla, og það er alveg augljóst, að með þeirri löggjöf var á sínum tíma stigið stórmerkilegt skref, sem hefur leitt til góðrar niðurstöðu, svo langt sem starfsemi á þessu sviði hefur náð, en samkvæmt gildandi l. um lax- og silungsveiði hefur að undanförnu verið keppt að því marki að auka lax- og silungastofninn með ræktun, og með löggjöfinni eru settar reglur um lax- og silungsveiði. Samkvæmt þeim l. hefur veiðimálaskrifstofan á hendi framkvæmdir og umsjón með klaki og fiskeldi, en einnig hefur verið unnið á þessu sviði merkilegt starf af ýmsum áhugamönnum hér á landi.

En þó að þessi reynsla sé góð og mikilsverð, svo langt sem hún nær, ná framkvæmdir á þessu sviði enn of skammt að dómi okkar flm. þessa frv. Við teljum, að á þessu sviði þurfi að stíga enn stærri skref heldur en gert hefur verið, og það, sem beri þá að hafa í huga, sé í fyrsta lagi, að það þurfi að stórauka tilraunir á þessu sviði, því að á aukinni tilraunastarfsemi þurfa framkvæmdir að grundvallast, svo að menn viti nokkurn veginn, hvaða möguleikar séu fyrir hendi og að ekki sé lagt í framkvæmdir, sem ekki hafi nokkurn veginn traustan grundvöll á að byggja. Í þessu frv. er það nýmæli að halda skuli uppi í auknum mæli tilraunum á þessu sviði, og með

tilraunastarfseminni skuli kosta kapps um að leiða í ljós, hvaða gerðir fiskeldisstöðva henti bezt fyrir ísl. staðhætti og hvers hagnaðar megi vænta af fiskeldi. Tilraunastarfsemin skal og miða að því að leiða í ljós, hvort firðir við strendur Íslands séu hæfir til fiskræktar og uppeldis nytjafiska. Veiðimálastjóra er ætlað skv. frv. að hafa þessar tilraunir með höndum eða veita þeim forstöðu, og honum er síðan lögð sú skylda á herðar í frv. að birta niðurstöður tilraunanna jafnóðum, þannig að sú vitneskja, sem fæst með þessari starfsemi, verði almenningi kunn.

Annað, sem þarf að gera á þessu sviði að dómi okkar flm. þessa frv., er að auka svo fljótt sem kostur er almenna þekkingu manna á þessari grein og síðar yrði þá hægt að koma á leiðbeiningarstarfsemi um fiskeldi. Í þessu frv. er ekki sérstaklega fjallað um fræðslu á þessu sviði, en ég vil í þessu sambandi minna á, að hv. landbn. þessarar d. hefur flutt till. um, að tekin skuli upp kennsla í fiskrækt við bændaskólana, og er það einn þáttur af þessu stóra máli. Væntanlega fær þessi till. afgreiðslu hér í hv. d. fyrr en seinna.

Hið þriðja, sem að dómi okkar flm. þarf að gera, er að stórauka fjármagn, sem varið er til þeirrar starfsemi, sem hér um ræðir. Til þess að góður árangur náist og að fiskrækt verði arðvænleg búgrein, þarf ekki aðeins að auka þekkingu á þessu sviði, heldur jafnframt að tryggja þeim, sem hafa áhuga á að vinna að þessari starfsemi og telja sig færa um að takast hana á hendur, að þeir eigi sæmilega greiðan aðgang að fjármagni, sem lagt sé fram, eða völ sé á, til stuðnings framkvæmdum á þessu sviði.

Við höfum hreyft þessu máli hér í frv.-formi með það fyrir augum, að við teljum, að það þurfi að setja lagaákvæði, sem leggi grundvöll að aukinni starfsemi á þessu sviði og opni einstaklingum leið til þess að hefjast handa í þessari grein, og um leið sé í löggjöf opnuð leið til þess að ná þeim markmiðum, sem yfirleitt virðist ekki vera ágreiningur um, að þurfi að keppa að. Við teljum því, að það sé fullkomlega tímabært að gera lagabreytingu, sem stefnir í þessa átt, og með þetta í huga er lagt fram þetta frv. um breytingu á l. um lax- og silungsveiði.

Ég hef drepið á, að frv. geri ráð fyrir stóraukinni tilraunastarfsemi og að till. liggur hér fyrir í hv. d. um aukna fræðslu um fiskrækt. Það eru hvort tveggja þættir í þessu máli. En í þessu frv. er það lagt til, að ríkisframlög verði veitt til framkvæmda í fiskeldi, bæði til framkvæmda á vegum ríkisins, sérstaklega veiðimálaskrifstofunnar, og einnig til þeirra framkvæmda, sem einstaklingar eða félagsskapur áhugamanna kann að hefjast handa um. Þær framkvæmdir, sem notið geta framlags af ríkisfé, sem ákveðið verður samkvæmt fjárl. hverju sinni, það eru fiskvegir og önnur meiriháttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn, það eru klakhús og það eru eldisstöðvar, bæði þær sem reistar verða af hálfu ríkisins og af hálfu annarra aðila. En til viðbótar þessu gerum við ráð fyrir, að tekin verði upp lánastarfsemi til framkvæmda í þessari atvinnugrein og að stofnaður verði sérstakur sjóður í því skyni, er beri nafnið Fiskræktarsjóður. Sjóður þessi á samkv. frv. að vera deild í Búnaðarbanka Íslands, og bankastjórar Búnaðarbankans ráða þá að sjálfsögðu lánveitingum, en gert er ráð fyrir því, að veiðimálastjóri hafi eftirlit og gefi umsögn um þær framkvæmdir, sem lán er veitt til. Sjóðnum á skv. frv. að afla fjár með útgáfu og sölu skuldabréfa, er ríkissjóður beri ábyrgð á, og Seðlabankanum er lögð sú skylda á herðar að kaupa á nafnverði skuldabréf Fiskræktarsjóðs fyrir eigi lægri fjárhæð en 30 millj. kr. árlega næstu 10 árin. Skv. frv. eiga lánakjör úr Fiskræktarsjóði að vera mjög hliðstæð þeim lánakjörum, sem gilda í stofnlánadeild landbúnaðarins til útihúsabygginga og ýmissa annarra framkvæmda á jörðum. Þau lán, sem veitt yrðu úr Fiskræktarsjóði skv. frv., yrðu fyrst og fremst veitt sem stofnlán vegna framkvæmda á því sviði, sem að fiskrækt lýtur. En í frv. er þó gert ráð fyrir, að það geti komið til greina að veita einnig rekstrarlán til fiskeldisstöðva, eftir því sem fé er fyrir hendi í Fiskræktarsjóði.

Ég hef þá gert stutta grein fyrir þeim nýju ákvæðum, sem í þessu frv. felast, og sé ég ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist, að hafa um þetta fleiri orð við þessa umr., en ég veit, að fyrir hendi er bæði hér í hv. þd. og meðal þm. almennt, góður skilningur á því máli, sem hér er reifað, og ég vænti þess, að þetta frv. verði athugað með fullum velvilja hér í hv. þd., og það verði greitt fyrir framgangi þess svo vel sem efni standa framast til. Ég legg svo til, að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. á þessu stigi. Ég vildi aðeins geta þess, svo að það lægi fyrir, þegar þetta frv. yrði rætt í n., að í sumar sem leið skipaði hæstv. landbrh. n. til að endurskoða laxveiðilöggjöfina frá árinu 1957, og þessi n. hefur starfað mikið undanfarið og farið rækilega í gegnum löggjöfina eins og hún liggur fyrir, og þetta starf heldur áfram. Ég er í þessari n., og það var einu sinni von okkar, þeirra, sem starfa að þessari endurskoðun, að við gætum komið með frv. inn á þetta þing, en sú varð niðurstaðan á síðasta nefndarfundi hjá okkur, að við mundum doka við og safna að okkur viðbótarupplýsingum, sem víðast hvar um landið, vegna þess að svo mörg erindi hafa borizt inn til n., að ekki var talið rétt annað en kanna viðhorf manna sem allra mest.

Allir, sem til þekkja, vita það, að veiðimálin eru mjög viðkvæm — viðkvæm, því að hagsmunir bænda fara misjafnlega saman. Það er ekkert leyndarmál að segja frá því, að það er samdóma álit nm., að það, sem beri að stefna að, er aukin friðun á vissum svæðum við veiðiárnar, fyrst og fremst á svokölluðum ósasvæðum. Það stafar af því, að undanfarið hefur komið í ljós, að um rányrkju er að ræða og ofveiði á vissum stöðum, í vissum ám og vissum vötnum. Breyting á löggjöfinni hlýtur því að stuðla að því, að þeim, sem eru ofar settir við veiðiárnar, sé tryggður nokkur réttur til veiða áfram og veiðimöguleiki.

Í öðru lagi mætti segja frá því, að hér í þessu frv. er tekið undir þær hugmyndir, sem þegar hafa komið fram, t. d. stofnun Fiskræktarsjóðs o. fl. Við í n. höfum rætt fleiri tekjustofna, m. a. að Rafveitum ríkisins verði gert að greiða örlítið gjald á hverju ári eða eitt stofngjald til eldisstöðva og fyrir veiðimálin í landinu, vegna þess að það hefur skeð, að góðum veiðiám hefur verið spillt vegna rafvæðingar, svo að það er ekkert óeðlilegt, að Rafveitur ríkisins beri nokkurn bagga. Vegna þessa getur það ekki verið sanngjarnt, að rafvæðingin svipti bændur veiðimöguleikum, sem þeir hafa haft gegnum árin, og n. var líka sammála um, að hugsanlegt væri, að svokölluð veiðikort yrðu seld almennt fyrir hvern mann í landinu, sem vildi veiða, og hann mætti ekki veiða eða stunda veiði öðruvísi en hann væri skráður sem veiðiréttarhafi og kæmi síðan að viðkomandi veiðifélagssvæði og sýndi þetta kort og fengi þá aðgang að veiði samkvæmt l. eða reglugerð þess veiðifélags, sem hefði yfir viðkomandi á að ráða.

Veiðimálin verða stórmál í framtíðinni, það er ekkert vafamál, og hér eigum við mjög góða aðstöðu, eins og fyrsti flm. frv. drap á, og þessi mál þurfa því mjög gagngerða athugun. Ég mundi því telja, að það væri jafnvel heppilegast til þess að ná sem beztum árangri, að dokað væri eftir hinu væntanlega frv., því að það getur ekki dregizt lengi, það veit ég, og það er öruggt mál, en það næst því miður ekki inn á þetta þing, sú var von okkar, en það næst ekki. Öll þessi mál hafa verið rædd á Búnaðarþingi og gerðar um það ákveðnar ályktanir, og við munum sennilega fá aftur tilmæli frá Búnaðarþingi um ákveðna stefnu í þessum málum, sem þarf að athuga gaumgæfilega. Eins er um þróunina í fiskræktarmálunum, það þarf að huga mjög vel að henni, það þýðir ekki að flana út í óvissu, eins og ræðumaður sagði áðan, fyrsti flm., það þarf að rannsaka allar aðstæður mjög gaumgæfilega. Við höfum fáa sérfræðinga, það eru nokkrir ungir menn í námi núna erlendis á þessu sviði, og vonandi verður löggjöfin fyrir hendi, þegar þeir koma heim, svo að þeir geti fengið starfssvið við sitt hæfi. Mér finnst sjálfsagt að vísa þessu til landbn., en ég vildi láta þetta sjónarmið koma hér fram, svo að landbn. væri kunnugt um, að í þessum málum hefur verið unnið undanfarið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Aðstoð til vatnsveitna.

Á 70. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna [161. mál] (þmfrv., A. 371).

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Magnússon): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breytingu á vatnsveitul. nr. 93 frá 1947, sem hér liggur fyrir, er flutt með hliðsjón af því, að nú á seinni árum hafa breytingar á atvinnuháttum landsmanna orðið stórfelldar og verktækni fleygt fram frá ári til árs. Aftur á móti hefur það ekki alltaf farið saman, að atvinnuvegirnir hafi skilað auknum arði á skömmum tíma í réttu hlutfalli við fjárfestingu í tæknibúnaði og öðrum ráðstöfunum til aukinna vinnuafkasta, og valda því margar ástæður, sem ég mun ekki fara út í að sinni. Í mörgum tilfellum er það svo, að fjárfrekur tæknibúnaður kallar beinlínis á annan meiri, sem ekki verður komizt hjá sem beinni afleiðingu af hinum fyrri. Í landbúnaðinum hefur þessi þróun t. d. verið sérstaklega áberandi. Í mörg undanfarin ár hafa bændurnir unnið að því af kappi að stækka búin í von um auknar tekjur og veitir ekki af, og til þess þurfti að auka ræktunina. Aukin ræktun kallar á nýjan og dýrari verkfærakost, stærri bústofn, á nýjar og hagkvæmari byggingar og svona koll af kolli. Og eftir því sem þessi þróun hefur verið örari, hefur orðið erfiðara fyrir einstaklinga og jafnvel félagssamtök að standa undir þeim fjárhagsbyrðum, sem nýjar en jafnframt óhjákvæmilegar fjárfestingar hafa lagt á þessa aðila. Undanfarin ár hefur farið fram landþurrkun í stórum stíl um allt land í beinu sambandi við stækkun búanna, og afleiðingin af því hefur orðið tilfinnanlegur vatnsskortur í sumum sveitum, jafnvel svo að til vandræða hefur horft á þurrviðraköflum að sumarlagi og langvarandi frostum á vetrum, og er því komið svo, að ekki verður hjá því komizt að hefja bráðlega framkvæmdir að vatnsveitum, þar sem ástandið er verst. Nú er það vitað, að vatnsveitur krefjast alltaf mikils fjármagns, og þeim mun frekar í strjálbýlum sveitum, og sérstaklega þar sem þarf að sækja vatnið um langan veg, eins og víðast mun vera, þar sem þörfin er mest, enda mun svona framkvæmd í flestum tilfellum fjárhagsgetu fámennra sveitarfélaga ofvaxin. Eflaust má benda á, að tæknin sé lítils virði, ef hún gefur ekki það í aðra hönd að geta staðið á eigin fótum undir nýjum og nýjum fjárfestingum. Og hvað landbúnaðinum viðvíkur, er þess geta, að mikið vantar á, að hann hafi fengið nálægt því uppborinn þann kostnað í gegnum verðlagið, sem beinlínis af tæknivæðingunni hefur orðið, fyrir utan nú það, sem á vantar í gildandi verðlagsgrundvelli af sannarlegum rekstrarkostnaði á ýmsum liðum, svo að ég nefni aðeins sem dæmi fóðurbæti og tilbúinn áburð. Í því sambandi má benda á, að á mörgum sviðum hefur verið talið hagkvæmara fyrir þjóðfélagið að styðja bæði atvinnurekstur og verklegar framkvæmdir af opinberu fé, heldur en láta aukinn kostnað, sem af verklegum framkvæmdum leiðir, fara beint inn í verðlagið.

Vík ég þá að vatnsveitul. eins og þau eru núna. Í 4. gr. er gert ráð fyrir, að styrkur úr ríkissjóði til vatnsveitna sé allt að helmingur kostnaðar, en

mér skilst þó, að í þeim felist engin skuldbinding, og gæti það þá orðið viðkomandi sveitarfélögum allerfiður baggi, ef greiðslur þær úr ríkissjóði, sem reiknað er með, dragast óeðlilega lengi. Aftur skuldbindur þetta frv., ef að l. verður, ríkissjóð til að greiða kostnaðinn að hálfu, og hafa þá sveitarstjórnir á hreinu, hvað þeir geta reitt sig á, þegar í framkvæmdir er ráðizt. Aftur á móti er það tryggt í 2. og 3. gr. þessara l., að framkvæmdir verða ekki hafnar nema samþykki ráðh. liggi fyrir, og ætti þannig að vera fyrir það byggt, að svona framkvæmdir verði ekki lagt út í, fyrr en nauðsynlegur undirbúningur hefur farið fram, og enn fremur að brýn nauðsyn sé fyrir viðkomandi sveitarfélög, að þessi verk séu unnin, og þess vegna finnst mér sanngirnismál, þar sem ráðh. getur ákveðið, hvort leyfi til slíkra fjárveitinga sé veitt, að sveitarfélögin hafi það fyrirfram tryggt, að þau fái tilskilda fjárveitingu, ef í framkvæmdir er ráðizt.

Með þessu frv. er líka miðað að þeirri breytingu, að styrkur til einstakra vatnsveitna sé ákveðinn af Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárl., svo sem til einstakra hafnargerða og skóla, en ekki ákveðinn af ráðh. í hverju einstöku tilfelli. Þar sem ákveðinni upphæð mun árlega vera varið á fjárl. til allra vatnsveitna á landinu, má gera ráð fyrir, að naumt þurfi að skammta séu víða hafnar framkvæmdir í senn, og gæti það leitt til vandræða eða óeðlilegra hárra gjalda, sem erfitt væri fyrir viðkomandi sveitarfélög og einstaklinga þeirra að rísa undir eins og þegar eru dæmi um. En með því að Alþ. fjalli sjálft um það að skipta fénu milli framkvæmdaaðila, hlýtur það að gera sér gleggri grein fyrir fjárþörfinni en ella. Í þessu sambandi má benda á, að á fjárl. yfirstandandi árs er einungis ætlað til vatnsveitna fyrir allt landið 6.5 millj. kr., en sú upphæð er eins og dropi í hafið miðað við framkvæmdir yfirstandandi árs, sem hlotið hafa samþykki ráðh. Af framkvæmdum má nefna Vestmannaeyjaveitu og Landeyjaveitu, hin síðarnefnda er rétt nýkomin í gagnið og mun hafa kostað um 5 millj. kr., en Eyjaveitan, sem upphaflega var áætlað rösklega 100 millj., hlýtur nú, eftir hina síðustu gengisbreytingu, að fara yfir 130 millj. Áætlaðar framkvæmdir á þessu ári einu við Vestmanneyjaveituna munu kosta um 50—60 millj. kr. Liggur því í augum uppi, hve órafjarri það er, að fjárl.-upphæðin komist í námunda við það að geta stutt vatnsveitumannvirki landsmanna að hálfu, eins og gildandi l. gefa þó framkvæmdaaðilum vonir um.

Nú hefur reynsla undanfarinna ára sýnt, að kostnaðaráætlanir hafa ekki alltaf staðizt í raun, og valda því hinar öru verðhækkanir, sem hafa orðið á hinum síðari árum, og tekur þá fyrst í hnúkana, þegar gengisfellingar dynja yfir jafnþétt og raun hefur á orðið síðasta áratug. Væri því eðlilegt, að regla yrði sköpuð um það, að hið áætlaða stofnverð, er á ríkissjóð félli ásamt þeim verðhækkunum, sem á verkinu kunna að verða, meðan á byggingu stendur, yrði greitt á ákveðnu árabili, t. d. á þrem árum eins og skólakostnaðarl. nýju gera ráð fyrir um þau mannvirki, sem þau taka til.

Með hliðsjón af þeim veitum, sem nú eru í byggingu eða eiga enn ógreiddar stofnskuldir, og á ég þar einkum við Eyjaveituna og Landeyjaveituna, sem er nýlokið, tel ég rétt, að l. þessi taki dálitið aftur í tímann, þar sem ekki getur hjá því farið, að þessi sveitarfélög eigi í verulegum erfiðleikum með óhjákvæmilegar greiðslur.

Herra forseti. Ég mun nú ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni, en vil leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Framleiðslusjóður landbúnaðarins.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um Framleiðslusjóð landbúnaðarins [190. mál] (þmfrv., A. 597).

Á 93. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, er ég flyt ásamt hv. 2. þm. Austf., er seint á ferðinni, eins og raunar mörg önnur frv., sem til umr. eru nú síðustu dagana. En eigi að síður vænti ég þess, að það fái skjóta og góða afgreiðslu hér á hv. Alþ., því að hér er um aðkallandi og þýðingarmikið mál að ræða fyrir bændastétt landsins.

Ástæðurnar fyrir flutningi þessa máls eru ýmsar og ekki hvað sízt þau miklu vandamál, sem nú blasa við í landbúnaðinum og þurfa mjög skjótrar úrlausnar með. Ég vil í stórum dráttum gera grein fyrir framvindu þeirra málefna, sem varða aðstöðu og kjör bændastéttarinnar og liggur að baki því, að þetta frv. er flutt, þótt seint sé.

Búvöruverð til bænda var ákveðið með úrskurði l. des. s. l. og fól aðeins í sér 0.23% hækkun frá árinu áður. Samhliða því, sem þessi úrskurður var felldur, var erlendur gjaldeyrir hækkaður í verði með gengisbreytingunni um 33%. En það er vert að geta þess, að bændasamtökin höfðu á s. l. hausti forgöngu um að útvega nokkurt lánsfé til fóðurbætiskaupa í þeim sveitum landsins, sem harðast höfðu orðið úti með heyöflun á s. l. sumri. Og þessi hækkun á búvöruverði var því ákaflega lítil, þegar litið var á þann aukna rekstrarkostnað, sem búskapurinn hafði í för með sér. En eftir gengisbreytinguna hækkaði verðlagið aðeins um 3% frá s. l. áramótum, þannig að það liggur í augum uppi, að sú hækkun, sem orðið hefur á búvöruverðinu, varð sáralítil miðað við allan þann kostnað, sem bændur höfðu orðið fyrir vegna veðráttunnar á s. l. sumri, og það, sem vitað er um tíðarfarið í

vetur, er, að það er ákaflega óhagstætt bændum.

Á s. l. sumri var ekki lokið aðalfundi Stéttarsambands bænda vegna óvissunnar, sem ríkti í verðlagsmálum landbúnaðarins. En þeim fundi, sem byrjað var á í sumar, var frestað og haldið áfram 7. og 8. febrúar s. l. Voru fjárhagsmál landbúnaðarins þá ítarlega rædd og 5 manna n. kosin á vegum fundarins til þess að mæta ásamt stjórn Stéttarsambands bænda til viðræðu við hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. til þess að vita, hvort bændasamtökin mættu ekki eiga von á því, að einhver úrlausn yrði veitt á yfirstandandi Alþ. til þess að bæta úr því brýnasta, sem á þurfti að halda.

Till., sem þessi n. fór með ásamt stjórn Stéttsambandsins á fund hæstv. ráðh., var í 9 liðum: 1. Að bændum yrði tryggt fullt grundvallarverð á framleiðslu yfirstandandi verðlagsárs. 2. Að rekstrarlán til landbúnaðarins yrðu stóraukin. 3. Að lausaskuldum bænda yrði breytt í föst lán með hóflegum vöxtum. 4. Gefinn yrði frestur á afborgun stofnlána í Búnaðarbanka Íslands. 5. Að tilbúinn áburður yrði greiddur niður á komandi vori, svo að hann hækkaði ekki í verði frá því, sem var í fyrra. 6. Að felld yrði burtu gengistrygging á stofnlánum vinnslustöðva og ræktunarsambanda. 7. Að tollar af landbúnaðarvélum og varahlutum til þeirra yrðu lækkaðir eða felldir niður með öllu. 8. Að ríkisstj. verðbætti ull og gærur af framleiðslu verðlagsársins 1966—1967. 9. Að sett verði nú þegar reglugerð skv. ákvæðum 45. gr. framleiðsluráðsl., sem kveði nánar á um framkvæmd II. kafla l.

Forsrh. kvað ríkisstj. mundu íhuga málið vandlega og lagði til, að stjórn Stéttarsambands bænda héldi áfram viðræðum við landbrh., og var það gert. Hafa nokkrir viðræðufundir átt sér stað á þessum vetri, frá því að þessu fundur var haldinn í byrjun febrúar. En 20. marz s. l. ritaði stjórn Stéttarsambands bænda forsrh. svohljóðandi bréf:

„Með tilvísun til viðtals stjórnar Stéttarsambands bænda ásamt þar til kjörinni n. við yður og landbrh. 8. febr. s. l. varðandi vandamál bændastéttarinnar og till. um aukafund Stéttarsambands bænda, sem þá stóð yfir, vil ég mælast til að fá svar ríkisstj. við því, hvort komið verði á móti bændastéttinni í einhverju þeirra atriða, sem um var rætt.“

Þetta stóð m. a. í bréfi þessu, og bréfið er undirritað af formanni Stéttarsambandsins, Gunnari Guðbjartssyni. Þessu bréfi er aftur svarað af hæstv. landbrh. 23. marz s. l. og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Um þau atriði, er greinir í 1., 5. og 8. tölul. í till. aukafundar Stéttarsambands bænda, skal tekið fram, að ríkissjóður hefur ekki fé aflögu til þess að verða við þessum óskum Stéttarsambandsins. Að því er varðar till. í 2. tölulið er þess að geta, að samkv. útreikningum Hagstofunnar er mjög óhagstætt fyrir ríkissjóð að greiða niður áburðarverð. Hins vegar er í athugun, hvort unnt sé að auka rekstrarlán til bænda til að auðvelda þeim kaup á áburði á næsta vori.

Landbrn., 23. marz 1968.
Ingólfur Jónsson.“

Þar með var komið svar við þeim umr., sem átt höfðu sér stað í vetur, og við því bréfi, sem formaður Stéttarsambandsins hafði sent ríkisstj. Eftir að þetta bréf kom til Stéttarsambandsins, sneri stjórn Stéttarsambands bænda sér til þingflokkanna og ritaði þeim eftirfarandi bréf, með leyfi forseta, og það er dags. 29. marz s. l.:

„Stjórn Stéttarsambands bænda hefur ákveðið að snúa sér til allra þingflokka á Alþ. með ósk um aðstoð þeirra til úrlausnar á fjárhagserfiðleikum bændastéttarinnar. Á aukafundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var í Bændahöllinni dagana 7. og 8. febr. 1968, var rætt um þessa erfiðleika, sem eru til komnir af eftirfarandi ástæðum:

1. Vegna óhagstæðs úrskurðar um verðlag á s. l. hausti miðað við framleiðslukostnað.
2. Vegna stóraukins tilkostnaðar við búrekstur í vetur sökum harðinda og heyskorts víða um land.
3. Vegna óhagstæðrar markaðsþróunar erlendis að undanförnu og lækkaðs verðs.
4. Vegna stórhækkaðs framleiðslukostnaðar í kjölfar nýafstaðinna gengisbreytinga.

Af þessum ástæðum öllum eru þegar miklir fjárhagsörðugleikar hjá mörgum bændum og munu þó fara vaxandi, þegar líður fram á sumarið, svo að það er augljóst nú þegar, að hætta er á, að allstór hluti bændastéttarinnar geti ekki keypt áburð á komandi vori.

Stjórn Stéttarsambandsins óskar þess, að þingflokkarnir taki höndum saman um að finna þá lausn, sem tryggir, að kjör bænda verði ekki að mun lakari en annarra stétta, t. d. með fjárstuðningi af fé úr ríkissjóði til að létta af bændum halla af byrðum útflutningsvara, sem til voru s. l. haust, og tryggja bændum úrskurðað verðlagsgrundvallarverð á þessu ári um leið og aðrar till. Stéttarsambandsins yrðu teknar til vinsamlegrar yfirvegunar. En til að reyna að draga úr óhagkvæmri framleiðslu búvara eftirleiðis verði lögbundnar heimildir til handa framleiðsluráði t. d. um að draga úr framleiðslu búvara í þéttbýli og að heimilt verði að skammta kjarnfóður og skattleggja óhóflega notkun þess eða skattleggja kjarnfóður og nota fé til verðjöfnunar eða ýmiss konar hagræðingar við búvöruframleiðsluna.“

Þingflokkarnir fengu þetta bréf til meðferðar og hafa svarað á eftirfarandi hátt:

Framsfl. ritaði hinum þingflokkunum og óskaði eftir því, að það yrði komið á viðræðunefndum, sem fjölluðu um þessi málefni, en við því var ekki orðið, og þann 9. apríl svarar hæstv. forsrh. bréfi Framsfl. og Stéttarsambandsins á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Bréf stjórnar Stéttarsambands bænda dags. 29. marz s. l. barst mér í hendur hinn 2. apríl, og var það lagt fyrir næsta fund í þingflokki sjálfstæðismanna, sem haldinn var hinn 8. apríl s. l. Fundarmenn voru sammála um, að sú málsmeðferð, sem stungið er upp á í bréfi dags. 29. marz, muni ekki auðvelda lausn þeirra vandamála bænda, sem þar um ræðir, enda er stjórn Stéttarsambands bænda í sambandi við ríkisstj. um þau mál, og ríkisstj. mun að sjálfsögðu veita þeim þá afgreiðslu, sem efni standa til og þingfylgi er fyrir.“

Alþb. tjáði formanni þingflokks Framsfl., að það væri reiðubúið til viðræðna, en stjórnarflokkarnir neituðu báðir, og Alþfl. ritar bréf þann 8. apríl, sem undirstrikar þetta:

„Þingflokkur Alþfl. hefur veitt viðtöku bréfi yðar dags. 2. apríl varðandi erindi stjórnar Stéttarsambands bænda dags. 29. marz. Þingflokkur Alþfl. telur ekki ástæðu til að tilnefna sérstakan fulltrúa til að fjalla um þetta mál, en mun athuga erindi Stéttarsambandsins með venjulegum hætti."

Mér er ekki kunnugt um, hver þessi venjulegi háttur Alþfl. er, en væntanlega kemur það fram hér í þessum umr.

Ég vildi gera grein fyrir þessum atriðum málsins, áður en ég geri grein fyrir því frv., sem hér er fram komið, vegna þess að grundvöllurinn að þessu frv. er í raun og veru lagður með því sinnuleysi, sem hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa sýnt þessum málefnum. Og mig furðar það, ef sá hraði verður hafður á þingstörfum nú í lokin, að svo aðkallandi vandamáli sem þessu verði ekki sinnt. Ég trúi því ekki fyrr en á reynir.

Það er vitað mál, að kjör bænda eru mun óhagstæðari en annarra stétta í þjóðfélaginu. Í Hagtíðindum, sem nýlega eru komin og hafa verið lögð fram hér á Alþ., hefur það sýnt sig, að meðalbrúttótekjur kvæntra bænda árið 1966 lækkuðu frá fyrra ári um 3%. Á meðan hækkuðu tekjur annarra stétta um 8.2% og allt upp í 31%. Og hækkun meðaltekna frá 1965—1966, meðaltal allra, nemur 16.5%. Það gefur því auga leið, að hér búa bændur við mikið lakari kjör en aðrar stéttir þjóðfélagsins. Viðmiðunarstéttir þær, sem áður voru og verðlag bænda var miðað við, hjá þeim hafa kjörin batnað, á sama tíma og kjör bænda og laun þeirra lækkuðu, og það var líka eina stétt þjóðfélagsins á því ári, sem launin lækkuðu verulega hjá. Af sömu heimildum í Hagtíðindum má ráða, að árið 1966 vanti kringum 50% á tekjujafnrétti kvæntra bænda og þeirra stétta, er laun þeirra skuli miðast við að lögum. En samkv. skýringum Hagstofunnar er óhægt um nákvæman samanburð í þesum efnum. En ég geri ráð fyrir, að n. hv. alþm. minnist þess, að framleiðsluráðslögunum var breytt núna fyrir tveimur árum síðan, og ein aðalbreytingin, sem átti sér stað þá í l., var sú, að það skyldi miða kaup bænda við þann vinnutíma, sem fjölskyldan leggur fram til búsins annars vegar, og það kaupgjald, sem á sér stað fyrir vinnu verkamanna, iðnaðarmanna og annarra, sem taldir eru, hins vegar.

Þá vil ég minna á það, sem undirstrikar það, að efnahagur bænda hefur farið versnandi hin síðari ár, að vangreidd árgjöld af stofnlánum landbúnaðarins hafa aldrei verið meiri en við síðustu áramót. Það er líka vitað mál, og ég gerði ítarlega grein fyrir því hér í vetur í sambandi við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, að lausaskuldir bænda hefðu farið ört vaxandi hin síðari ár, og það er vitað mál, það sem af er þessu ári, að skuldasöfnun hefur átt sér stað á s. l. ári í mun ríkara mæli en nokkurt annað undanfarið ár.

Það hefur líka borið á því, að bændur séu nú krafðir um ábyrgð sveitarsjóðs fyrir kaupum á fóðurbæti, áburði og jafnvel, að það sé til varðandi lífsnauðsynjar heimilanna. Það mun liggja fyrir bréf frá Áburðarverksmiðjunni, þar sem krafizt er hreppsábyrgðar fyrir kaupum á tilbúnum áburði í ýmsum hreppum landsins. Mér er kunnugt um það, að bændur í einstaka sveitum eru ekki betur settir en það, að þeir eygja enga möguleika til þess að fá áburð á vori komanda. Þeirra efnahagur varðandi þær verzlanir, sem þeir hafa skipt við, er þannig, að þær treysta sér ekki til að útvega þeim áburðinn. Búnaðarfélög hreppanna hafa í mörgum tilfellum annast um áburðarkaupin. Mörg þeirra skortir nú fjármagn til þess. Ég vil benda á þessi atriði, vegna þess að það gefur auga leið, að hér er um mikið vandamál að ræða og miklu meira en fjöldinn gerir sér ljóst í fljótu bragði, því að ef svo kann til að takast, að það fáist ekki áburður til að bera á túnin í vor, hvernig verður þá með heyfenginn og hvernig verður þá með ásetninginn á næsta hausti? Við getum ekki búizt við því, að fóðurbætiskaup minnki, ef bændur á annað borð treysta sér til þess að halda áfram búskap. Það má líka á það benda, ef fjöldi bænda hættir búskap, að þá þarf að sjá þeim fyrir húsnæði, vinnu og öðrum þörfum annars staðar á landinu, og það virðist heldur ekki vera svo auðvelt að sinna þeim málum nú, þar sem í fyrsta skipti í fjöldamörg ár hefur atvinnuleysi herjað á landsmenn. Mér finnst það líka gefa auga leið, að þau frv., sem rædd hafa verið hér á hv. Alþ. að undanförnu, eru á þann veg, að ríkisvaldið hyggst ekki beita sér fyrir auknum framkvæmdum á yfirstandandi ári, þannig að þar virðist ekki vera um aukna atvinnu að ræða, og mér finnst líka það gefa auga leið, að þó að margir einstaklingar hyggi á framkvæmdir muni þeir ekki fá það fjármagn til þeirra hluta, sem þeir annars þyrftu, svo að af þeim framkvæmdum geti orðið. Og óljóst er það nú, og það standa alls ekki góðar vonir til þess heldur, að sjávarútvegurinn verði sú björg í bú okkar á þessu ári eins og hann hefur oft áður verið, því að það sem af er þessu ári, hefur bæði verið gæftaleysi og aflaleysi, þannig að það virðist ekki bjart fram undan almennt hjá landsmönnum, og mér finnst, að ríkisvaldið ætti sem mest að spyrna gegn því, að þeir einstaklingar, sem geta og vilja, þurfi ekki að hverfa frá sínum búskap, heldur að þeir haldi honum áfram, svo að það valdi ekki neinum erfiðleikum varðandi aðra þegna þjóðfélagsins, sem virðast heldur ekki eiga margra kosta völ um þessar mundir, að því er varðar atvinnulíf.

Frv. þetta felur það í sér, að mynda skuli sérstakan sjóð, sem kallast Framleiðslusjóður landbúnaðarins. Hlutverk þessa sjóðs er að veita framleiðendum landbúnaðarafurða fjárhagslegan stuðning í formi lána og framlaga til lækkunar á vöruverði. Stofnfé sjóðsins er framlag úr ríkissjóði, 60 millj. kr., og er ríkisstj. heimilt að taka þetta fé að láni, ef þörf er á. Ráðstöfun á fjármagni sjóðsins á að vera á hendi þriggja manna, sem landbrh. skipar eftir tilnefningu framleiðsluráðs landbúnaðarins. Framkvæmd þessara l. skal kveða nánar á um í reglugerð, sem landbrh. setur eftir till. frá framleiðsluráði landbúnaðarins. Hér er því ekki á neinn hátt

gengið fram hjá landbrn. eða hæstv. landbrh., og hefur hann sinn rétt til þess að koma þessum málum þannig fyrir, sem hann telur hyggilegast.

Eins og ég hef getið um, er farið fram á í frv. þessu aðeins brot af því, sem raunverulega vantar til þess, að bændur fái fljótlega fjármagn til að bæta úr brýnustu þörfum sínum. Þess vegna held ég, að þeir, sem völdin hafa á hv. Alþ., megi líta á þetta mál út frá því sjónarmiði, að hér er ekki verið með neinar öfgakröfur á ferðinni, og frekar fallast á framgang þessa máls en annars væri. Hitt er svo annað mál, að það má ekki lengi bíða að sinna landbúnaðarmálunum frekar en nú hefur verið gert hér á hv. Alþ., og verður að taka þau mál til yfirvegunar á næsta sumri og reyna að greiða götur bændastéttarinnar sem bezt má verða á næsta hausti. En af því að ég hafði lofað hæstv. forseta d. að vera stuttorður nú að þessu sinni, skal ég ekki brjóta í bága við hans óskir í þeim efnum, en ég vænti þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. landbn. og hæstv. forseti stuðli að því, að þetta mál nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Ég vona, að um það verði samkomulag, að það þurfi ekki að hraða þingstörfum meira en það, að málið verði afgreitt á þessum fáu dögum, sem þingið á eftir að starfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.